ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/44**

frá 19. nóvember 2008

um ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 7294)

(2008/952/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE ([1]), einkum e-lið II. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/8/EB er kveðið á um að aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir upprunaábyrgð raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni.

2) Þessi raforka skal verða til í vinnsluferli sem tengist framleiðslu notvarma og vera reiknuð út í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 2004/8/EB.

3) Með það að markmiði að tryggja samræmda aðferð við útreikning á magni raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku er nauðsynlegt að samþykkja viðmiðunar reglur sem skýra út málsmeðferðarreglur og skilgreiningar sem settar eru fram í II. viðauka við tilskipun 2004/8/EB.

4) Enn fremur skulu þessar viðmiðunarreglur gera aðildarríkjum kleift að lögleiða að fullu mikilvæga hluta tilskipunar 2004/8/EB svo sem upprunaábyrgð og að koma á stuðningskerfum fyrir samvinnslu með góða orkunýtni. Þær skulu veita frekari réttarvissu á orkumarkaði innan Bandalagsins og stuðla þannig að því að ryðja úr vegi hindrunum við nýjar fjárfestingar. Þær skulu einnig stuðla að skýrum viðmiðunum við yfirferð umsókna um ríkisaðstoð og fjárstuðning vegna samvinnslu raf- og varmaorku úr sjóðum Bandalagsins.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2004/8/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðauka við þessa ákvörðun eru settar fram ítarlegar viðmiðunarreglur sem skýra út málsmeðferðarreglur og skilgreiningar sem nauðsynlegar eru vegna beitingar aðferðarinnar við að ákvarða magn raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2004/8/EB.

Viðmiðunarreglurnar skulu koma á samræmdri aðferð við útreikning á magni raforku.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2012 frá 30 apríl 2012 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 34.

([1]) Stjtíð. EB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann Fischer BOEL

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun 2004/8/EB


I. **Útreikningur á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku**

1. Eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem starfar með mestu tæknilega mögulegu varmaendurheimt frá sjálfri einingunni telst starfrækt með fullri samvinnslu raf- og varmaorku. Varminn skal framleiddur við þrýstings- og hitastig sem er tilskilið vegna sértækrar eftirspurnar eða markaðar fyrir notvarmann. Ef um er að ræða fulla samvinnslu raf- og varmaorku telst öll raforka vera raforka frá samþættri varma- og raforkuvinnslu (sjá mynd 1).

2. Í þeim tilfellum sem orkuverið er ekki starfrækt með fullri samvinnslu raf- og varmaorku við venjuleg notkunarskilyrði er nauðsynlegt að bera kennsl á og aðgreina raforku og varma sem ekki eru framleidd með samvinnslu raf- og varmaorku frá samþættri varma- og raforkuvinnslu. Þetta skal gert á grundvelli meginreglna sem skilgreina afmörkun samþættrar varma- og raforkuvinnslu sem lýst er í II. þætti. Orkuílag og -frálag katla sem eingöngu framleiða varma (viðbótar-, varakatlar) og sem eru í mörgum tilfellum hluti af tæknibúnaði á vettvangi, eins og sýnt er á mynd 1, skal undanskilið. Örvar í rammanum „einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“ sýna orkuflæði yfir kerfismörk.

Mynd 1

Hluti samþættrar varma- og raforkuvinnslu, hluti sem er ekki úr samþættri varma- og raforkuvinnslu og katlar sem eingöngu framleiða varma innan orkuvers



3. Vegna öreininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku þarf landsyfirvald eða þar til bær stofnun, sem tilnefnd er af hverju aðildarríki eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/8/EB, að gefa út, samþykkja og hafa eftirlit með vottuðum gildum.

4. Raforka frá samvinnslu raf- og varmaorku er reiknuð út í samræmi við eftirfarandi þrep.

5. *1. þrep*

5.1. Til að aðgreina þann hluta framleiddrar raforku sem ekki er viðurkenndur sem raforka frá samvinnslu raf- og varmaorku er fyrst nauðsynlegt að reikna út heildarnýtni einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

5.2. Heildarnýtni einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku ákvarðast með eftirfarandi hætti: orkufrálagi frá orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (raforka, vélræn (1) orka og notvarmi) í skilgreint reikningsskilatímabil skal deilt með eldsneytisílagi einingarinnar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sama tímabil, þ.e.

$$\text{heildarnýtni} = (\text{orkufrálag})/(\text{eldsneytisílag})$$

(1) Vélræn orka er meðhöndluð sem varmafræðilega jafngild raforku, með stuðlinum 1.

5.3. Útreikningur á heildarnýtni skal byggður á raunverulegum rekstrargögnum úr raun-/skráðum mæligildum viðkomandi einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem safnað er á reikningsskilatímabilinu. Ekki má nota sjálfgildi eða vottuð gildi sem framleiðandi veitir (samkvæmt sértækri tækni) ([1]).

5.4. Reikningsskilatímabil er sá starfrækslutími einingarinnar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem raforkuframleiðsla skal tilgreind fyrir. Að öðru jöfnu skulu reikningsskil fara fram árlega. Styttri tímabil eru hinsvegar leyfileg. Hámarkstímabil er eitt ár og lágmarkstímabil ein klukkustund. Reikningsskilatímabil geta verið mismunandi eftir tíðni mælinga.

5.5. Orkufrálag er heildarraforka (úr samþættri varma- og raforkuvinnslu og varma- og raforkuvinnslu sem ekki er samþætt) og notvarmi sem framleiddur er í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu yfir reikningsskilatímabilið.

5.6. Í samræmi við skilgreiningar í b- og c-lið 3. gr. tilskipunar 2004/8/EB má telja eftirvarandi varma til notvarma: varmi sem notaður er til hitunar í iðnaði eða til að hita rými og/eða vegna kælingar í kjölfarið, varmi sem veittur er til fjarhitunar-/kælingarkerfa, útblástursloft frá samvinnsluferli raf- og varmaorku sem notað er til beinnar hitunar eða þurrkunar.

5.7. Eftirfarandi eru dæmi um annan varma en notvarma: varmi sem hleypt er út í umhverfið án hagnýtra nota ([2]), varmatap frá reykháfum og útblástursrörum, varmi sem hleypt er út með búnaði eins og eimsvala eða varmalosandi ofnum, varmi til innri notkunar vegna afloftunar, upphitunar eimsvala, hitunar á vatni sem tekið er inn vegna uppgufunar og á vatni sem bætt er við katla innan einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, svo sem katla vegna varmaendurheimtar. Varmainnihald eimsvalans sem skilar sér til raf- og varmaorkuversins (t.d. eftir að hafa verið notað til fjarhitunar eða í iðnaðarferli) telst ekki notvarmi og má draga það frá varmastreymi sem tengt er við gufuframleiðslu í samræmi við venjur aðildarríkjanna.

5.8. Varmi sem fluttur er burt og notaður við orkuframleiðslu á öðru svæði telst ekki til notvarma en telst þó til innri hitaflutnings innan einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku. Í því tilfelli er raforkan sem framleidd er með varma sem fluttur hefur verið burt talin með heildarraforkuframleiðslu (sjá mynd 4).

5.9. Raforka sem ekki er úr samþættri varma- og raforkuvinnslu er raforka sem framleidd er af einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku á reikningsskilatímabili þegar önnur eftirtalinna aðstæðna kemur upp: engan tengdan varma sem framleiddur er í samvinnsluferli raf- og varmaorku, eða hluta þess varma, er hægt að telja sem notvarma.

5.10. Raforkuframleiðsla sem ekki er úr samþættri varma- og raforkuvinnslu gæti átt sér stað í eftirtöldum tilfellum:

a) í ferlum þar sem ónóg eftirspurn er eftir notvarma eða engin notvarmaorkuframleiðsla (t.d. gashverflar, brunahreyflar og efnarafalar með ónóga eða enga varmanotkun),

b) í ferlum með búnað sem hleypir út varma (t.d. í eimsvalahluta orkuvera með gufuhringrás og í orkuverum með samvinnslu með eimsvalagufuhverfli og gufuúttaki).

5.11. Eldsneytisílag er heildareldsneytisorka (úr samþættri varma- og raforkuvinnslu eða ekki) byggð á neðri mörkum þess brunagildis sem nauðsynlegt er til að framleiða raforku (úr samþættri varma- og raforkuvinnslu eða ekki) og hita frá samvinnsluferli raf- og varmaorku á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur. Dæmi um eldsneytisílag er allt brennanlegt efni, gufa og annað varmainnstreymi og frávarmi í vinnsluferli einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í raforkuframleiðslu ([3]). Þétta sem kemur úr samvinnsluferli raf- og varmaorku (ef um er að ræða gufufrálag) telst ekki til eldsneytisílags.

5.12. Eldsneytisorka úr samþættri varma- og raforkuvinnslu er eldsneytisorka byggð á neðri mörkum þess brunagildis sem nauðsynlegt er fyrir samvinnsluferli raf- og varmaorku til að stuðla að framleiðslu raforku úr samþættri varma- og raforkuvinnslu og notvarmaorku á reikningsskilatímabili (sjá mynd 1).

5.13. Eldsneytisorka sem er ekki úr samþættri varma- og raforkuvinnslu er eldsneytisorka byggð á neðri mörkum þess brunagildis sem nauðsynlegt er í einingu samþættrar varma- og raforkuvinnslu vegna varmaframleiðslu sem ekki telst til notvarma og/eða raforku sem er ekki úr samþættri varma- og raforkuvinnslu á reikningsskilatímabili (sjá mynd 1).

([1]) Að undanskildum öreiningum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sjá 2. þrep (lið 6.2).

([2]) Þar með talið óhjákvæmilegt varmaorkutap og varmi sem „óefnahagstengd eftirspurn er eftir“ og sem framleiddur er af einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

([3]) Eldsneytisílag skal mælt í jafngildum einingum í tengslum við aðaleldsneytið sem notað er til að framleiða eldsneytisílagið.

6. *2. þrep*

6.1. Taka má tillit til alls mælds raforkufrálags og notvarmafrálags þegar aðferðinni við ákvörðun á orkunýtni samvinnsluferlis raf- og varmaorku er beitt, ef heildarnýtni einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er a.m.k.

a) 80% fyrir „samvinnslu með gashverfli og varmaendurheimt“ og „eimsvalagufuhverfil með gufuúttaki“ og

b) 75% fyrir aðrar tegundir eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku,

eins og vísað er til í II. viðauka við tilskipunina,

6.2. Fyrir öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku (allt að 50 kWe), sem í reynd eru starfræktar með samvinnslu raf- og varmaorku, er leyfilegt að bera saman útreiknaða heildanýtni (skv. 1. þrepi) við vottuð gildi sem framleiðandi veitir, svo fremi sem frumorkusparnaður (PES), eins og hann er skilgreindur í b-lið III. viðauka við tilskipun 2004/8/EB, sé meiri en núll.

7. *3. þrep*

7.1. Ef heildarnýtni einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er minni en viðmiðunargildin (75%-80%) getur raforkuframleiðsla sem er ekki úr samþættri varma- og raforkuvinnslu farið fram og skipta má einingunni í tvo sýndarhluta, hluta samþættrar varma- og raforkuvinnslu og hluta varma- og raforkuvinnslu sem ekki er samþætt.

7.2. Fyrir hluta samþættrar varma- og raforkuvinnslu skal rekstraraðili versins hafa eftirlit með álagsmynstri (eftirspurn eftir notvarma) og leggja mat á hvort einingin sé starfrækt með fullri samvinnslu raf- og varmaorku á tilteknum tímabilum. Ef sú er raunin skal rekstraraðili versins mæla raunverulegt varma- og raforkufrálag frá einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku við þessu skilyrði og á þessum tímabilum. Gögnin munu gera honum kleift að ákvarða raunverulegt „hlutfall milli orku og varma“ (Cactual) ([1]).

7.3. Þetta raunverulega „hlutfall milli orku og varma“ gerir rekstraraðila kleift að reikna út hvaða hluti rafmagnsins, sem mælt er á meðan á reikningsskilatímabili stendur, er viðurkenndur sem rafmagn sem framleitt er með samþættri varma- og raforkuvinnslu samkvæmt formúlunni ECHP = HCHP × Cactual.

7.4. Fyrir einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru í þróun eða á fyrsta starfræksluári, þar sem ekki er hægt að staðfesta mæld gögn, má nota það „hlutfall milli orku og varma“ (Cdesign) sem hönnunin gerir ráð fyrir við fulla starfrækslu með samvinnslu raf- og varmaorku. Raforka úr samþættri varma- og raforkuvinnslu er reiknuð út samkvæmt formúlunni ECHP = HCHP × Cdesign.

8. *4. þrep*

8.1. Ef raunverulegt „hlutfall milli orku og varma“ í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er ekki þekkt, getur rekstraraðili versins notað sjálfgildi fyrir „hlutfall milli orku og varma“ (Cdefault), sem tilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2004/8/EB, til að reikna út raforku úr samþættri varma- og raforkuvinnslu. Raforka úr samþættri varma- og raforkuvinnslu er reiknuð út samkvæmt formúlunni ECHP = HCHP × Cdefault.

8.2. Sé það tilfellið skal rekstraraðili þó tilkynna landsyfirvaldi eða þar til bærri stofnun sem aðildarríki tilnefnir, eins og um getur í 5. gr. tilskipunarinnar, um ástæður þess að raunverulegt „hlutfall milli orku og varma“ sé óþekkt, tímabilið sem engin gögn liggja fyrir um og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta ástandið.

9. *5. þrep*

9.1. Tekið verður tillit til útreiknaðrar raforku í 3. og 4. þrepi þegar aðferðinni við að ákvarða nýtni í samvinnsluferli raf- og varmaorku er beitt, þ.m.t. útreikningur á sparnaði frumorku í samvinnsluferli raf- og varmaorku.

9.2. Til að reikna út frumorkusparnað er nauðsynlegt að ákvarða eldsneytisnotkun varma- og raforkuvinnslu sem ekki er samþætt. Eldsneytisnotkun varma- og raforkuvinnslu sem ekki er samþætt er reiknuð út sem magn „raforkuframleiðslu sem ekki er úr samþættri varma- og raforkuvinnslu“ deilt með „nýtnigildi vegna raforkuframleiðslu í tilteknu veri“.

([1]) Hlutfallið milli orku og varma sem notað er til að reikna út raforku úr samþættri varma- og raforkuvinnslu má einnig nota til að reikna út raforkugetu samþættrar varma- og raforkuvinnslu ef ekki er hægt að starfrækja eininguna að fullu með samvinnslu raf- og varmaorku, sem hér segir: PCHP = QCHP × C ef PCHP er raforkugeta samþættrar varma- og raforkuvinnslu, QCHP er varmageta samþættrar varma- og raforkuvinnslu og C er hlutfallið milli orku og varma.


II. **Mörk samvinnslukerfis raf- og varmaorku**

1. Mörk samvinnslukerfis raf- og varmaorku skulu sett í kringum samvinnsluferli raf- og varmaorku. Mælar til að skilgreinda ílag og frálag skulu vera tiltækir til vöktunar og skulu staðsettir á þessum mörkum.

2. Eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku flytur orkuvörur á neytendasvæði. Neytendasvæðið tilheyrir ekki einingunni fyrir samvinnslu raf- og varmaorku heldur notar orkufrálagið sem verður til í henni. Svæðin tvö eru ekki endilega landfræðilega aðskilin á vettvangi heldur svæði sem vísa má til með þeim hætti sem sýndur er að neðan. Neytendasvæðið getur verið iðnaðarferli, einstakur varma- og raforkuneytandi, fjarhitunar-/kælikerfi, og/eða raforkudreifikerfi. Í öllum tilfellum notar neytandasvæðið orkufrálag frá einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku (sjá mynd 2).

Mynd 2

Svæði einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku




3. Raforkuframleiðsla úr samþættri varma- og raforkuvinnslu skal mæld við úttök rafala og innri notkun vegna starfrækslu einingarinnar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal ekki dregin frá. Rafafl sem fer í innri notkun skal ekki vera til þess að draga úr vélaraflsafköstum.

4. Annar varma- eða raforkuframleiðslubúnaður, eins og katlar sem eingöngu framleiða varma og einingar sem aðeins eru til raforkuframleiðslu, sem leggur ekki fram til samvinnsluferlis raf- og varmaorku skal ekki teljast hluti af einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku eins og sýnt er á mynd 3.

Mynd 3


Val á réttum kerfismörkum ef um er að ræða aukabúnað/varakatla (GT: Gashverfill, G: Rafall, FB: Eldsneytisketill, HRB: Varmaendurnýtingarsuðuketill)



5. Aukavatnsgufuhverfill (sjá mynd 4) skal vera hluti af einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku. Raforkufrálag aukavatnsgufuhverfils myndar hluta orkufrálags frá einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku. Varmaorkan sem nauðsynleg er til að framleiða þetta viðbótarraforkufrálag skal falla utan heildarnotvarmafrálags einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

Mynd 4


Val á réttum kerfismörkum ef um er að ræða aukavatnsgufuhverfla (ST: Vatnsgufuhverfill)



6. Ef aflvélar (þ.e. vél eða hverfill) eru raðtengdar (ef varma frá einni aflvél er breytt í gufu til að knýja vatnsgufuhverfil) má ekki telja aflvélar aðskildar jafnvel þó að vatnsgufuhverfill sé staðsettur annars staðar (sjá mynd 5).

Mynd 5

Mörk einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku fyrir tengdar aflvélar



7. Þegar fyrsta aflvél er ekki að framleiða raforku eða vélræna orku eru mörk einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í kringum aðra aflvélina. Eldsneytisílag annarar aflvélar er varmafrálag frá fyrstu aflvél.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/45**

frá 16. október 2009

um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 7801)

(2009/766/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tíðnisviðin 890-915 MHz og 935-960 MHz voru tekin frá fyrir almenna, samevrópska hólfskipta, stafræna farsímafjarskiptaþjónustu eins og hún er veitt í hverju aðildarríkjanna í samræmi við sameiginlega forskrift, sem skilgreind er í tilskipun ráðsins 87/372/EBE frá 25. júní 1987 um tíðnisvið sem taka á frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins ([2]), og mælt fyrir um í tilmælum ráðsins frá 25. júní 1987 um samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins ([3]) og í ályktun ráðsins frá 14. desember 1990 um lokastig samræmdrar opnunar almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins (GSM) ([4]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/114/EB ([5]) breytir tilskipun 87/372/EBE og opnar tíðnisviðin 880-915 MHz og 925-960 MHz (900 MHz-tíðnisviðið) fyrir altæka farsímakerfinu (UMTS-kerfinu) og öðrum jarðstöðvarkerfum sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem getur verið til staðar samhliða alheimsfarsímakerfinu (GSM-kerfinu), í samræmi við tæknilegar framkvæmdarráðstafanir samþykktar samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB (hér á eftir ákvörðunin um fjarskiptatíðnirófið (áður: ákvörðunin um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar). Því ber að samþykkja tæknilegar ráðstafanir sem gera GSM-kerfinu og öðrum kerfum kleift að vera til staðar samhliða á 900 MHz-tíðnisviðinu.

3) Tíðnisviðin 1710-1785 MHz og 1805-1880 MHz (1800 MHz-tíðnisviðið) eru orðin aðgengileg fyrir starfrækslu GSM og eru nú notuð af GSM-kerfum um alla Evrópu. Einnig skal gera 1800 MHz-tíðnisviðið aðgengilegt, með sömu skilyrðum og 900 MHz-tíðnisviðið er, öðrum landstöðvakerfum sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem getur verið til staðar samhliða GSM-kerfum.

4) Núverandi notkun GSM á 1800 MHz-tíðnisviðinu skal vernduð í öllu Bandalaginu á meðan hæfileg eftirspurn er eftir þjónustunni, í samræmi við þá aðferð sem beitt er við að vernda notkun GSM á 900 MHz-tíðnisviðinu með tilskipun 87/372/EBE.

5) Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðniróf veitti framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (hér á eftir nefnd Samtök póst- og fjarskiptastjórna) umboð 5. júlí 2006 til að þróa sem minnst takmarkandi tækniskilyrði fyrir tíðnisvið sem fjallað er um í tengslum við stefnumörkun varðandi þráðlausan aðgang rafrænnar fjarskiptaþjónustu og nær umboðið yfir 900 MHz-tíðnisviðið og 1800 MHz-tíðnisviðið.

6) Tæknilegt hlutleysi og þjónustuhlutleysi eru stefnumið sem hafa verið studd af aðildarríkjunum í áliti hópsins um stefnumörkun varðandi fjarskiptatíðniróf (hér á eftir nefndur hópurinn) um stefnumörkun varðandi þráðlausan aðgang rafrænnar fjarskiptaþjónustu frá 23. nóvember 2005 til að ná fram auknum sveigjanleika í notkun tíðnirófs. Í áliti hópsins um stefnumörkun varðandi þráðlausan aðgang rafrænnar fjarskiptaþjónustu er talið að stefnumarkmiðin ætti að innleiða í áföngum fremur en í skyndingu til þess að komast hjá röskun á markaðinum. Framkvæmdastjórnin setti fram álit sitt á sveigjanlegri notkun tíðnirófsins í orðsendingu sinni „Skjótur aðgangur að tíðnirófi fyrir þráðlausa, rafræna fjarskiptaþjónustu með auknum sveigjanleika“ ([6]), þar sem m.a. er lögð áhersla á þörfina fyrir samræmda og hóflega lausn hvað varðar annarrar og þriðju kynslóðar farsímatíðnisvið í tengslum við innleiðingu sveigjanlegrar tíðninotkunar í rafrænni fjarskiptaþjónustu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2012 frá 30 apríl 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 37.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 196, 17.7.1987, bls. 85.

([3]) Stjtíð. EB L 196, 17.7.1987, bls. 81.

([4]) Stjtíð. EB C 329, 31.12.1990, bls. 25.

([5]) Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009 bls. 25.

([6]) COM(2007) 50.

7) Í samræmi við aðferðina við opnun 900 MHz-tíðnisviðsins með tilskipun 87/372/EBE skal 1800 MHz-tíðnisviðið, sem er nú notað fyrir GSM, því einnig tilgreint fyrir GSM og fyrir önnur landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem getur verið til staðar samhliða GSM-kerfum, og aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja áframhaldandi starfrækslu GSM-kerfa gegn skaðlegum truflunum.

8) Önnur kerfi sem tekin eru í notkun á 900 MHz-tíðnisviðinu og 1800 MHz-tíðnisviðinu þurfa að tryggja tæknilegt samhæfi við bæði aðliggjandi net sem starfrækt eru af öðrum rétthöfum á þessum sviðum og við notkun tíðnisviða sem liggja að 900 og 1800 MHz-tíðnisviðunum.

9) Hvað varðar samræmingarráðstafanir samkvæmt ákvörðuninni um fjarskiptatíðniróf er sýnt fram á tæknilegt samhæfi með samhæfisprófunum sem Samtök póst- og fjarskiptastjórna framkvæma samkvæmt umboði framkvæmdastjórnarinnar. Prófanirnar ættu að auðvelda skilgreiningu á tæknilegum skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til að tryggja samhliða starfsemi vaxandi fjölda landstöðvakerfa sem geta veitt rafræna fjarskiptaþjónustu. Útbúa skal skrá yfir kerfi sem sýna fram á slíkt tæknilegt samhæfi, sem framkvæmdastjórnin skal breyta, eins og við á, með aðstoð nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf í samræmi við meginreglur um stefnumörkun varðandi þráðlausan aðgang rafrænnar fjarskiptaþjónustu, og auka þannig smám saman fjölda þeirra kerfa sem hafa samhæfðan aðgang að 900 og 1800 MHz-tíðnisviðunum.

10) Samtök póst- og fjarskiptastjórna hafa komist að þeirri niðurstöðu við vinnu á grundvelli tæknilegra rannsókna, einkum skýrslna 82 og 96 frá nefnd Samtaka póst- og fjarskiptastjórna um rafræn fjarskipti, og svarsins við umboðinu frá 5. júlí 2006 í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna, að hægt er að dreifa UMTS/900/1800 kerfum í þéttbýli, úthverfum og dreifbýli samhliða GSM/900/1800 kerfum, með notkun viðeigandi gilda fyrir fjarlægð milli burðarbylgna.

11) Niðurstaða umboðs Samtaka póst- og fjarskiptastjórna skal gilda í Bandalaginu og vera framfylgt af aðildarríkjunum án tafar í samræmi við kröfur markaðarins um innleiðingu UMTS á þessum sviðum. Að auki skulu aðildarríkin tryggja að UMTS veiti kerfum sem þegar eru fyrir hendi á aðliggjandi sviðum viðeigandi vernd.

12) Til þess að auka sveigjanleika og vernda um leið nauðsynlega samevrópska dreifingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu á samhæfðum sviðum skulu aðildarríkin ennfremur geta leyft innleiðingu annarra kerfa á 900 og 1800 MHz-tíðnisviðunum meðfram GSM og öðrum skilgreindum landstöðvakerfum sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu, svo framarlega sem þau tryggja að slík landstöðvakerfi geti verið til staðar samhliða.

13) Tæknileg stjórnun á fjarskiptatíðnirófi felur í sér samhæfingu og úthlutun fjarskiptatíðnirófs. Slík samhæfing skal endurspegla þær kröfur sem koma fram í almennum meginreglum um stefnu eins og þær eru skilgreindar á vettvangi Bandalagsins. Tæknileg stjórnun fjarskiptatíðnirófs tekur hins vegar hvorki til málsmeðferðar við úthlutun og leyfisveitingu (þ.m.t. tímasetning þeirra), né ákvörðunar um hvort nota skuli valaðferðir sem byggjast á samkeppni við úthlutun fjarskiptatíðna.

14) Mismunur sem skapast vegna landsbundinna aðstæðna sem fyrir eru gæti leitt til röskunar á samkeppni. Með núverandi regluramma geta aðildarríkin brugðist við þessum vandamálum á hóflegan og hlutlægan hátt án mismununar samkvæmt lögum Bandalagsins þ.m.t. tilskipun 87/372/EBE, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([2]).

15) Notkun tíðnirófsins fellur undir kröfur í lögum Bandalagsins um lýðheilsuvernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([3]) og tilmæli ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs (0 Hz til 300 GHz). ([4]) Heilsuvernd vegna búnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti er tryggð með því að búnaðurinn uppfylli grunnkröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([5]).

16) Til þess að tryggja einnig skilvirka notkun 900 og 1800 MHz-tíðnisviðanna til lengri tíma skulu yfirvöld halda áfram prófunum sem kunna að auka skilvirkni og nýsköpun. Með það í huga að endurskoða þessa ákvörðun þannig að hún nái yfir frekari tækni, gætu þessar og aðrar prófanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna á grundvelli frekari umboða sýnt fram á að kerfi önnur en GSM og UMTS séu fær um að veita, rafræna fjarskiptaþjónustu um landstöðvar með samevrópska dreifingu og gætu tryggt tæknilegt samhæfi við GSM og UMTS á viðeigandi hátt.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.
([3]) Stjtíð. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 59.
([5]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessari ákvörðun er einkum ætlað að samhæfa tæknileg skilyrði fyrir framboði og skilvirkri notkun á 900 MHz-tíðnisviðinu í samræmi við tilskipun 87/372/EBE og 1800 MHz-tíðnisviðinu fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „GSM-kerfi“: rafrænt fjarskiptanet sem er í samræmi við GSM-staðla eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), einkum EN 301 502 og EN 301 511,

b) „900 MHz-tíðnisviðið“: 880-915 MHz-tíðnisviðið og 925-960 MHz-tíðnisviðið,

c) „1800 MHz-tíðnisviðið“: 1710-1785 MHz-tíðnisviðið og 1805-1880 MHz-tíðnisviðið.

3. gr.

Landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem getur verið til staðar samhliða GSM-kerfum á 900 MHz-tíðnisviðinu í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 87/372/EBE eru skráð í viðauka. Þau skulu háð þeim skilyrðum og framkvæmdarfrestum sem mælt er fyrir um þar.

4. gr.

1. Eigi síðar en 9. nóvember 2009 skal tilgreina 1800 MHz-tíðnisviðið fyrir GSM-kerfi og gera það aðgengilegt þeim.

2. Tilgreina skal 1800 MHz-tíðnisviðið og gera það aðgengilegt öðrum landstöðvakerfum sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu og eru skráð í viðauka, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum og framkvæmdarfrestum sem þar er mælt fyrir um.

5. gr.

1. Aðildarríki geta tilgreint og gert aðgengileg 900 og 1800 MHz-tíðnisviðin fyrir önnur landstöðvakerfi sem eru ekki skráð í viðaukanum, svo framarlega sem þau tryggja að:

a) slík kerfi geti verið til staðar samhliða GSM-kerfum,

b) slík kerfi geti verið til staðar samhliða öðrum kerfum sem skráð eru í viðaukann, bæði á þeirra eigin yfirráðasvæði og í nærliggjandi aðildarríkjum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að önnur kerfi sem vísað er til í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. þessarar greinar veiti kerfum á aðliggjandi tíðnisviðum viðeigandi vernd.

6. gr.

Aðildarríki skulu fylgjast með notkun 900 og 1800 MHz-tíðnisviðanna til að tryggja skilvirka notkun þeirra og einkum tilkynna framkvæmdastjórninni ef þörf er á endurskoðun viðaukans.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LANDSTÖÐVAKERFI SEM UM GETUR Í 3. GR. og 2. MGR. 4. GR.

Beita skal eftirfarandi tæknilegum breytum sem mikilvægum hluta af nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að aðliggjandi kerfi geti verið til staðar samhliða þar sem ekki eru til tvíhliða eða marghliða samningar, án þess að útiloka tæknilegar breytur sem ekki eru jafn strangar, ef stjórnendur slíkra kerfa samþykkja slíkt sín á milli.

Kerfi	Tæknilegar breytur	Framkvæmdarfrestur
Altæka farsímakerfið (UMTS) í samræmi við UMTS-staðla, eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, einkum EN 301 908-1, EN 301 908-2, EN 301 908-3 og EN 301 908-11.	1. Fjarlægð milli burðarbylgna sem nemur 5 MHz eða meira milli tveggja nærliggjandi UMTS-kerfa 2. Fjarlægð milli burðarbylgna sem nemur 2,8 MHz eða meira milli nærliggjandi UMTS-kerfis og GSM kerfis.	9. maí 2010

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/46**

frá 24. mars 2009

um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 1959)

(2009/292/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/177/EB frá 8. febrúar 1999 um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang ([2]) féll úr gildi 2. febrúar 2009.

2) Þegar ákvörðun 1999/177/EB féll úr gildi var umtalsvert magn plastkassa og -vörubretta sem innihalda þungmálma með styrk umfram þann sem kveðið er á um í tilskipun 94/62/EB enn á markaði. Þar sem iðnaðurinn hefur ekki getu til að skipta út öllum slíkum kössum og vörubrettum er mikil hætta á að þeim verði fargað með urðun eða brennslu. Báðar lausnir myndu hafa skaðleg áhrif á heilbrigði og umhverfi.

3) Með tilskipun 94/62/EB er leitast við að takmarka þungmálma í umbúðum sem og að tryggja mikla umhverfisvernd, þ.m.t. endurnotkun og endurvinnsla.

4) Til að veita iðnaðinum tíma til að skipta þessum plastkössum og -vörubrettum út með bestu fáanlegu tækni er viðeigandi að samþykkja skilyrði fyrir undanþágum varðandi slíka kassa og vörubretti sem eru í vöruhringferli í lokaðri og stýrðri keðju. Í vísindaskýrslum sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina er mælt með að slíkar undanþágur séu heimilaðar.

5) Þar sem framkvæmdastjórnin hyggst eftir fimm ár endurskoða virkni kerfisins sem kveðið er á um í þessari ákvörðun og þann árangur sem náðst hefur í að fækka smám saman plastkössum eða -vörubrettum sem innihalda þungmálma er nauðsynlegt að aðildarríki leggi fram viðeigandi upplýsingar. Til þess að auka ekki núverandi stjórnsýsluálag með því að leggja á aðildarríkin sérstaka kvöð um skýrslugjöf er fullnægjandi að slíkar upplýsingar sé að finna í skýrslum sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina skv. 17. gr. tilskipunar 94/62/EB.

6) Með skírskotun til réttarvissu skal þessi ákvörðun koma til framkvæmdar frá næsta degi á eftir þeim degi þegar ákvörðun 1999/177/EB fellur úr gildi, til að forðast möguleg neikvæð áhrif af því að hún falli úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „þungmálmar“: blý, kadmíum, kvikasilfur og sexgilt króm,

2. „notkun á þungmálmum af ásettu ráði“: það að efni sem inniheldur þungmálma er notað af ásettu ráði í umbúðir eða efnisþátt umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekinn eiginleika, tiltekið útlit eða tiltekin gæði,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2009, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 16.

([1]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB L 56, 4.3.1999, bls. 47.

3. „ómeðvituð notkun á þungmálmum“: það að þungmálmar eru innihaldsefni í umbúðum eða efnisþætti umbúða, en enginn ásetningur býr þar að baki.

2. gr.

Heildarstyrkur þungmálma í plastkössum og -vörubrettum má vera umfram viðeigandi mörk sem sett eru fram í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/62/EB að því tilskildu að kassarnir eða vörubrettin séu tekin í notkun og verði í notkun fyrir vöruhringferli í lokaðri og stýrðri keðju samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3., 4. og 5. gr.

3. gr.

1. Plastkassar og -vörubretti sem innihalda of mikið magn þungmálma eins og um getur í 2. gr. skal framleiða eða gera viðgerðir á í stýrðu endurvinnsluferli í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Efnið sem notað er til endurvinnslu skal eingöngu koma úr öðrum plastkössum eða -vörubrettum.

Notkun annarra efna skal vera eins lítil og tæknilega er mögulegt og skal aldrei fara yfir 20% miðað við þyngd.

3. Óheimilt er að nota af ásettu ráði þungmálma í endurvinnslunni en öðru máli gegnir um ómeðvitaða notkun þessara þungmálma.

Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunnin efni sem geta innihaldið þungmálma að hluta til eru notuð sem hráefni við viðgerðir umbúðaefna.

4. Heildarstyrkur þungmálma í plastkössum og -vörubrettum má einungis vera umfram viðeigandi mörk sem sett eru fram í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/62/EB vegna notkunar á efnum sem innihalda þungmálma í endurvinnsluferlinu.

4. gr.

1. Plastkassar og -vörubretti sem innihalda of mikið magn þungmálma eins og um getur í 2. gr. skulu auðkennd á varanlegan og greinilegan hátt.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að miðað við vistferil plastkassanna eða -vörubrettanna sé a.m.k. 90% af útsendum plastkössum og -vörubrettum sem innihalda of mikið magn þungmálma, eins og um getur í 2. gr., skilað til framleiðanda, þess sem pakkar inn/fyllir á eða viðurkennds fulltrúa.

3. Með fyrirvara um ráðstafanirnar sem gripið er til skv. 6. gr. skal öllum plastkössum og -vörubrettum, sem skilað er samkvæmt þessari grein, og henta ekki lengur til endurnýtingar eða engin áform eru um að endurnýta, annað hvort fargað í samræmi við aðferð sem lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis heimila sérstaklega eða þau endurunnin í stýrðu endurvinnsluferli í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 3. gr.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um birgðastýringar- og skráningarkerfi sem og aðferð til að hafa eftirlit með lögbundnum og fjárhagslegum skyldum svo hægt sé að færa sönnur á að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun sé fylgt.

Kerfið skal gera grein fyrir öllum plastkössum og -vörubrettum sem innihalda of mikið magn þungmálma, eins og um getur í 2. gr., sem tekin eru í eða úr notkun.

2. Nema annað sé tilgreint í frjálsum samningi skulu aðildarríkin tryggja að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans setji árlega saman skriflega samræmisyfirlýsingu og árlega skýrslu sem sýnir hvernig skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun hefur verið fylgt eftir. Skýrslan skal innihalda mögulegar breytingar á kerfinu og á viðurkenndum fulltrúum.

3. Aðildarríki skulu tryggja að vegna eftirlits geymi framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans viðeigandi tæknigögn í fjögur ár hið minnsta þannig að þau séu aðgengileg lögbærum yfirvöldum.

Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í Bandalaginu ber þeim aðila sem setur vöruna á markað í Bandalaginu skylda til að tryggja að viðeigandi tæknigögn liggi fyrir.

6. gr.

Aðildarríkin skulu grípa til ráðstafana til að hvetja framleiðendur til að rannsaka aðferðir til að ná smám saman viðeigandi mörkum um innihald þungmálma í plastkössum og -vörubrettum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/62/EB, þ.m.t. besta, fáanlega tæknin til að skilja út þungmálma.

7. gr.

Í skýrslunum sem aðildarríkin eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skv. 17. gr. tilskipunar 94/62/EB skal koma fram ítarleg skýrsla um virkni kerfisins sem kveðið er á um í þessari ákvörðun og þann árangur sem náðst hefur í að fækka smám saman plastkössum eða -vörubrettum sem ekki eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/62/EB.

8. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 10. febrúar 2009.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/47**

frá 19. júní 2010

um breytingu á ákvörðun 2004/388/EB varðandi skjal um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3666)

(2010/347/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/15/EBE frá 5 apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kerfið fyrir flutning á sprengiefnum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem komið var á með tilskipun 93/15/EBE, kveður á um samþykki mismunandi lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á upprunasvæðum, gegnumflutningssvæðum og ákvörðunarstað sprengiefnanna.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/388/EB frá 15. apríl 2004 varðandi skjal um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins var útbúin fyrirmynd að skjali til notkunar við flutning sprengiefna ([2]) þar sem koma fram allar upplýsingar sem krafist er vegna 5. og 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE, í því skyni að greiða fyrir flutningum á sprengiefni milli aðildarríkjanna en jafnframt að viðhalda nauðsynlegum öryggiskröfum við flutning þessarar vöru.

3) Breyta skal ákvörðun 2004/388/EB til að taka tillit til þess að búið er að þróa rafrænt kerfi fyrir samþykki á flutningnum sem er aðgengilegt öllum aðildarríkjunum.

4) Einkum skal lögbært yfirvald upprunaaðildarríkis geta prentað öll nauðsynleg skjöl og gefið út skjalið um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins fyrir afhendingaraðilann þegar það hefur staðfest að öll lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja hafi veitt samþykki fyrir flutningnum, þar sem það dregur úr stjórnsýsluálagi fyrir fyrirtæki og yfirvöld aðildarríkjanna.

5) Í matsrannsókn á framkvæmd tilskipunar 93/15/EBE, sem gerð var fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, var komist að þeirri niðurstöðu að stytta þarf málsmeðferðina fyrir veitingu samþykkis aðildarríkjanna fyrir flutninga. Taka skal upp sameiginlegt rafrænt kerfi til að ráða bót á þessu ástandi.

6) Með „lögum um lítil fyrirtæki“ í Evrópu ([3]) og þriðju stefnumótandi endurskoðun á áætlun um bætta reglusetningu í Evrópusambandinu ([4]) hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuldbundið sig markmiðinu um aukinn fyrirsjáanleika og því að hjálpa fyrirtækjum að undirbúa sig betur fyrir breytingar á löggjöf. Einkum hefur kerfi sameiginlegra upphafsdagsetninga, til að tryggja, þar sem það er hægt, að gildistökudagar löggjafar sem hefur áhrif á atvinnurekstur samsvari tilteknum föstum dagsetningum á árinu, verið skilgreint sem leið að þessu markmiði. Taka skal tillit til þess þegar gildistökudagur þessarar ákvörðunar er ákveðinn.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 93/15/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2004/388/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

Ef upprunaaðildarríkið, viðtökuaðildarríkið og aðildarríki sem flutt er um nota öll sameiginlegt rafrænt kerfi fyrir samþykki á flutningi sprengiefna innan Sambandsins gildir málsmeðferðin sem sett er fram í annarri til fimmtu undirgrein.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB L 121, 15.5.1993, bls. 20.

([2]) Stjtíð. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 43.

([3]) COM(2008) 394 lokagerð, 25.6.2008.

([4]) COM(2009) 15 lokagerð, 28.1.2009

Viðtakandinn skal leggja fram skjalið um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins á pappír eða með rafrænum hætti, með liði 1 til 4 útfyllta, til samþykktar hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis viðtakandans eingöngu.

Þegar viðtökuaðildarríkið hefur veitt sitt samþykki skal það senda samþykkið til upprunaaðildarríkisins og nota til þess sameiginlega rafræna kerfið.

Þegar lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins hefur veitt sitt samþykki skal það óska eftir samþykki lögbærra yfirvalda allra aðildarríkja sem flutt er um og nota til þess sameiginlega rafræna kerfið.

Þegar lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins hefur fengið samþykki allra skal það gefa út skjalið um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins, þar sem tilgreint er samþykki allra hlutaðeigandi aðildarríkja, fyrir afhendingaraðilann á pappír, sem er sanngreinanlegur með öruggum hætti, og á tungumáli/-málum upprunaaðildarríkisins, aðildarríkjanna sem flutt er um (ef við á), viðtökuaðildarríkisins og á ensku.“

2. Eftirfarandi málsliður bætist við í lok málsgreinarinnar í 2. lið skýringanna í viðaukanum: „Þessi liður gildir ekki ef notað er sameiginlegt rafrænt kerfi, eins og lýst er í 3. gr. a.“

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 29. október 2010.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio Tajani

varaforseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 290/2012 2013/EES/56/48

frá 30. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um fyrirtæki Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 6. mgr. 7. gr., 5. mgr. 8.gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur um tiltekin flugmannsskírteini og um breytingu á þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini og um skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum. Í þeirri reglugerð eru einnig settar fram reglur um heilbrigðisvottorð flugmanna, skilyrði fyrir breytingu á þjóðarheilbrigðisvottorðum og vottun fluglækna. Í reglugerð (EB) nr. 1178/2011 eru þar að auki ákvæði um heilbrigði öryggis- og þjónustuliða.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 skulu aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna (e. *pilot training organisation*) og fluglæknasetur hafa undir höndum vottorð. Vottorðið er gefið út þegar tilteknar tæknikröfur og stjórnsýslukröfur eru uppfylltar. Því skulu reglur settar um stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi hjá þessum aðilum.

3) Flughermisþjálfar, sem notaðir eru til að þjálfa, prófa og meta hæfni flugmanna, skulu vottaðir samkvæmt röð tæknilegra viðmiðana. Því skal kveðið á um þessar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferðir.

4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 skulu öryggis- og þjónustuliðar ávallt vera heilbrigðir og hæfir til að takast á við þau öryggisstörf sem þeim eru falin. Þeir sem stunda rekstur í ábataskyni skulu hafa undir höndum staðfestingu eins og upphaflega var sett fram í d-lið OPS 1.1005 í O-kafla í III. viðauka í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]). Því skal kveðið á um reglur um starfsréttindi öryggis- og þjónustuliða og tengdar staðfestingar.

5) Í reglugerð (EB) nr. 1178/2011 er ekki kveðið á um eftirlitsgetu lögbærra yfirvalda. Með þessari reglugerð er reglugerð (EB) nr. 1178/2011 því breytt þannig að hún taki til stjórnsýslu- og stjórnunarkerfis lögbærra yfirvalda og fyrirtækja. Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal reglum um upplýsinganet á milli aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar einnig bætt við í reglugerð (EB) nr. 1178/2011.

6) Nauðsynlegt er að flugiðnaðinum og aðildarríkjum sé veittur nægilegur tími til að aðlagast nýja reglurammanum og til að viðurkenna undir tilteknum skilyrðum gildi vottorða, þ.m.t. staðfestinga um öryggisþjálfun, sem gefin voru út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

7) Til að tryggja snurðulaus umskipti og samræmt öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Bandalaginu skulu framkvæmdarráðstafanir endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði þjálfunar flugáhafnar. Í samræmi við það skal taka tillit til reglugerðar (EBE) nr. 3922/91 sem og til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða, sem samþykkt eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) til 30. júní 2009, og núverandi löggjafar, sem varðar tiltekið landssvæði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 100, 5.4.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2013 frá 15 júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanir, sem tilgreindar eru í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 um staðfestingu um öryggisþjálfun öryggis- og þjónustuliða, falla brott í samræmi við 3. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Ráðstafanir sem samþykktar eru í þessari reglugerð skulu teljast samsvarandi ráðstafanir.

10) Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við 1. gr.:

„6. skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla staðfestingar öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og ábyrgð handhafa staðfestingar öryggis- og þjónustuliða,

7. skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhaldi, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð flugskóla og fluglæknasetra sem koma að starfsréttindum og mati á flugheilbrigði áhafnar í almenningsflugi,

8. kröfur um vottun flughermisþjálfa og fyrir fyrirtæki sem starfrækja eða nota þessi tæki,

9. kröfur um stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi sem aðildarríkin, Flugöryggisstofnunin og fyrirtækin skulu uppfylla í tengslum við reglurnar sem vísað er til í 1. til 8. lið.“

2) Eftirfarandi 11., 12. og 13. liður bætist við í 2. gr.:

„11) „Öryggis- og þjónustuliði“: flugverji með tilskilin starfsréttindi, annar en flugliði eða tæknimaður, sem flugrekandi felur að gegna skyldustörfum er tengjast öryggi farþega og flugöryggi á meðan á flugi stendur,

12) „Flugáhöfn“: flugliðar og öryggis- og þjónustuliðar,

13) „Vottorð, samþykki eða fyrirtæki sem uppfyllir JAR-kröfur“: vottorð eða samþykki, sem gefið er út eða viðurkennt, eða fyrirtækið, sem er vottað, samþykkt, skráð eða viðurkennt í samræmi við landslöggjöf, sem endurspeglar JAR-kröfur, og verklagsreglur aðildarríkis sem hefur hrint viðeigandi JAR-kröfum í framkvæmd og sem hefur verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfi Flugöryggissamtaka Evrópu hvað slíkar JAR-kröfur varðar.“,

3) Í 1. mgr. 4. gr.:

— í stað orðalagsins „8. apríl 2012“ komi „gildistöku þessarar reglugerðar“,

— í stað orðalagsins „8. apríl 2017“ komi „8. apríl 2018“,

4) eftirfarandi 10. gr. a, 10 gr. b og 10. gr. c bætist við:

10. gr. a

Aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna

1. Aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna skulu fara að tæknilegum kröfum og stjórnsýslumeðferðum, sem mælt er fyrir um í VI. og VII. viðauka, og skulu vera vottaðir.

2. Aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna, með vottorð sem uppfylla JAR-kröfur og gefin eru út eða viðurkennd af aðildarríki áður en þessi reglugerð tekur gildi, skulu teljast hafa vottorð sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð.

Í slíkum tilfellum skulu réttindi þessara fyrirtækja takmarkast við réttindin sem felast í samþykki sem gefið er út af aðildarríkinu.

Án þess að hafa áhrif á 2. gr. skulu aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna aðlaga stjórnunarkerfi sín, þjálfunaráætlanir, verklag og handbækur þannig að þau séu í samræmi við VII. viðauka eigi síðar en 8. apríl 2014.

3. Þjálfunarfyrirtæki, sem uppfylla JAR-kröfur, sem eru skráð í aðildarríki fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skal heimilt að veita þjálfun fyrir einkaflugmannsskírteini (PPL) sem uppfyllir JAR-kröfur.

4. Eigi síðar en 8. apríl 2017 skulu aðildarríki skipta út vottorðunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. fyrir vottorð sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í VI. viðauka

10. gr. b

Flughermisþjálfar (FSTD)

1. Flughermisþjálfar sem notaðir eru til að þjálfa, prófa og meta hæfni flugmanna, að undanskildum þjálfunartækjum fyrir flugprófanir, skulu vera í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í VI. og VII. viðauka og skulu vera viðurkenndir.

2. Viðurkenningarvottorð flughermisþjálfa (FSTD-viðurkenningarvottorð), sem uppfylla JAR-kröfur og gefin eru út eða viðurkennd áður en þessi reglugerð tekur gildi, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

3. Aðildarríki skulu skipta út vottorðunum sem um getur í 2. mgr. fyrir FSTD-viðurkenningarvottorð sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í VI. viðauka eigi síðar en 8. apríl 2017.

10. gr. c

Fluglæknasetur

1. Fluglæknasetur skulu vera í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í VI. og VII. viðauka og skulu vottuð.

2. Samþykki fluglæknasetra sem uppfylla JAR-kröfurnar og gefin voru út eða viðurkennd af aðildarríkjum áður en þessi reglugerð tók gildi skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

Fluglæknasetur skulu aðlaga stjórnunarkerfi sín, þjálfunaráætlanir, verklag og handbækur þannig að þau séu í samræmi við VII. viðauka eigi síðar en 8. apríl 2014.

3. Eigi síðar en 8. apríl 2017 skulu aðildarríki skipta út vottorðunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. fyrir vottorð sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.“

5) eftirfarandi 11. gr. a, 11 gr. b og 11. gr. c bætist við:

11. gr. a

Starfsréttindi öryggis- og þjónustuliða og tengdar staðfestingar

1. Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í starfrækslu loftfara í ábataskyni, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu hafa tilskilin starfsréttindi og hafa tilheyrandi staðfestingu í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í V. og VI. viðauka.

2. Öryggis- og þjónustuliðar, sem hafa undir höndum staðfestingu um öryggisþjálfun sem gefin er út í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 („EU-OPS“) áður en þessi reglugerð tekur gildi:

a) skulu teljast fara að þessari reglugerð ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur EU-OPS um þjálfun, mat á hæfni og nýlega reynslu, eða

b) uppfylli þeir ekki viðeigandi kröfur EU-OPS um þjálfun, mat á hæfni og nýlega reynslu, skulu þeir ljúka við alla þjálfun og öll próf sem gerð er krafa um áður en þeir teljast fara að þessari reglugerð, eða

c) hafi þeir ekki starfrækt flugvél í ábataskyni í yfir 5 ár, skulu ljúka við grunnþjálfunarnámskeiðið og standast tilheyrandi próf, eins og gerð er krafa um í V. viðauka, áður en þeir teljast fara að þessari reglugerð.

3. Staðfestingar um öryggisþjálfun sem gefnar eru út í samræmi við EU-OPS skal skipt út fyrir staðfestingar öryggis- og þjónustuliða, sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í VI. viðauka, eigi síðar en 8. apríl 2017.

4. Öryggis- og þjónustuliðar sem stunda rekstur þyrlna í ábataskyni á gildistökudegi þessarar reglugerðar:

a) skulu teljast uppfylla grunnþjálfunarkröfur í V. viðauka, ef þeir uppfylla viðeigandi ákvæði um þjálfun, mat á hæfni og nýlega reynslu samkvæmt JAR-kröfum um flutningaflug með þyrlum, eða

b) uppfylli þeir ekki viðeigandi kröfur um þjálfun, mat á hæfni og nýlega reynslu samkvæmt JAR-kröfum um flutningaflug með þyrlum, skulu þeir ljúka allri viðeigandi þjálfun og mati á hæfni, sem gerð er krafa um til að fá að starfrækja þyrlu(r), að grunnþjálfun undanskilinni, áður en þeir teljast fara að þessari reglugerð, eða

c) hafi þeir ekki starfrækt þyrlu í ábataskyni í meira en 5 ár skulu þeir ljúka við grunnþjálfunarnámskeiðið og standast tilheyrandi próf, eins og gerð er krafa um í V. viðauka, áður en þeir teljast fara að þessari reglugerð.

5. Án þess að hafa áhrif á 2. gr. skal gefa út staðfestingu, sem er í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í VI. viðauka, til handa öllum öryggis- og þjónustuliðum sem koma að starfsrækslu þyrlna í ábataskyni eigi síðar en 8. apríl 2013.

11. gr. b

Eftirlitsgeta

1. Aðildarríki skulu tilnefna einn eða fleiri aðila sem lögbært yfirvald í því aðildarríki og veita því nauðsynlegar heimildir og fela því ábyrgð á vottun og eftirliti með einstaklingum og aðilum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

2. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en einn aðila sem lögbært yfirvald:

a) skal valdsvið hvers lögbærs yfirvalds skýrt skilgreint með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegra takmarkana,

b) skal koma á samstarfi milli þessara aðila til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum aðilum og einstaklingum sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar innan viðkomandi valdsviðs.

3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu til að tryggja eftirlit með öllum einstaklingum og aðilum sem eftirlitsáætlunin nær yfir, þ.m.t. nægileg tilföng til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

4. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærs yfirvalds sinni ekki eftirlitsstarfsemi þegar eitthvað bendir til þess að það gæti valdið hagsmunaárekstrum, beint eða óbeint, sérstaklega að því er varðar hagsmuni tengda fjölskyldu eða fjárhag.

5. Starfsfólk sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna vottun og/eða eftirliti skal hafa vald til að inna af hendi a.m.k. eftirfarandi verkefni:

a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd vottunar- og/eða eftirslitsverkefnis,

b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) að fara inn á athafnasvæði, starfrækslusvæði eða í farartæki sem eru málinu viðkomandi,

e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, mat og skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir, og

f) að grípa til framfylgdarráðstafana eða hafa frumkvæði að þeim, eins og við á.

6. Verkefnin í 5. mgr. skulu innt af hendi í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis.

11. gr. c

Umbreytingarráðstafanir

Hvað varðar fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin er lögbært yfirvald fyrir í samræmi við b-lið 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, gildir eftirfarandi:

a) Aðildarríki skulu flytja allar skrár sem tengjast eftirliti með slíkum aðilum til Flugöryggisstofnunarinnar eigi síðar en 8. apríl 2013,

b) Aðildarríki skal ljúka vottunarferlum sem það hóf fyrir 8. apríl 2012 í samstarfi við Flugöryggisstofnunina. Flugöryggisstofnunin tekur á sig alla ábyrgð sem lögbært yfirvald hvað varðar slíka aðila eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur gefið út vottorðið.

6) eftirfarandi málsgrein bætist við 12. gr.:

„1. mgr. b. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum I.-IV. viðauka fyrr en 8. apríl 2013“,

7) í 7. mgr. 12. gr. komi „1. mgr. b til 6. mgr.“ í stað „2. til 6. mgr.“,

8) nýir viðaukar V, VI og VII bætast við og kemur texti þeirra fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 8. apríl 2012.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki eftirfarandi ákvæðum:

a) V. til VII. viðauka, fyrr en 8. apríl 2013,

b) 3. liðar í a-lið ORA.GEN.200 í VII. viðauka á handhafa FSTD-viðurkenningarvottorðs sem eru ekki samþykktir þjálfunaraðilar og hafa ekki flugrekandaskírteini, fyrr en 8. apríl 2014,

c) VI. og VII. viðauka á samþykkta þjálfunaraðila og fluglæknasetur sem ekki uppfylla JAR-kröfur, fyrr en 8. apríl 2014,

d) hluta CC.GEN.030 í V. viðauka, fyrr en 8. apríl 2015,

e) V. viðauka á öryggis- og þjónustuliða sem koma að starfsrækslu þyrlna í ábataskyni, fyrr en 8. apríl 2015,

f) VI. og VII. viðauka á þjálfunaraðila sem veita aðeins þjálfun fyrir flugmannaskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir loftbelgi eða sviffflugur, fyrr en 8. apríl 2015,

g) VI. og VII. viðauka á þjálfunaraðila sem veita þjálfun fyrir reynsluflugsáritun í samræmi við hluta FCL.820 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 1178/2011, fyrr en 8. apríl 2015.

3. Þegar aðildarríki nýtir sér ákvæði 2. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

STARFSRÉTTINDI ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA Í FLUTNINGAFLUGI

[CC-HLUTI]

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

CC.GEN.001 Lögbært yfirvald

Í þessum hluta telst lögbært yfirvald vera yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem einstaklingur sækir um útgáfu staðfestingar öryggis- og þjónustuliða.

CC.GEN.005 Gildissvið

Í þessum hluta eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu staðfestinga öryggis- og þjónustuliða og skilyrðin fyrir gildistíma þeirra og notkun handhafa.

CC.GEN.015 Umsókn um staðfestingu öryggis- og þjónustuliða

Umsóknin um staðfestingu öryggis- og þjónustuliða skal gerð á eyðublaði og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

CC.GEN.020 Lágmarksaldur

Umsækjandi um staðfestingu öryggis- og þjónustuliða skal vera a.m.k. 18 ára.

CC.GEN.025 Réttindi og skilyrði

a) Réttindi handhafa staðfestingar öryggis- og þjónustuliða eru að starfa sem öryggis- og þjónustuliðar í flutningaflugi eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Öryggis- og þjónustuliðar mega aðeins neyta þeirra réttinda sem tilgreind eru í a-lið ef þeir:

1) hafa gilda staðfestingu öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í hluta CC.CCA.105, og

2) fara að hlutum CC.GEN.030, CC.TRA.225 og viðeigandi kröfum heilbrigðishlutans.

CC.GEN.030 Skjöl og skráahald

Til að sýna fram á að farið sé að viðeigandi kröfum í b-lið CC.GEN.025 skal hver handhafi hafa og, þegar farið er fram á það, sýna staðfestingu öryggis- og þjónustuliða, lista og gögn yfir þjálfun og mat á hæfni með tilliti til þeirrar loftfarstegundar eða -afbrigðis sem hann/hún hefur starfsréttindi fyrir, nema rekstraraðilinn sem hann/hún vinnur hjá hafi slík gögn og séu handbær til skoðunar fyrir lögbært yfirvald eða handhafa, ef óskað er eftir því.

CCA-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR STAÐFESTINGU ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA

CC.CCA.100 Útgáfa staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

a) Einungis skal gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða til umsækjenda sem hafa staðist prófin í kjölfar þess að hafa lokið grunnþjálfunarnámskeiði í samræmi við þennan hluta.

b) Staðfestingar öryggis- og þjónustuliða skulu gefnar út:

1) af lögbæru yfirvaldi, og/eða

2) af þjálfunaraðila sem hefur til þess heimild með samþykki lögbærs yfirvalds.

CC.CCA.105 Gildistími staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

Staðfesting öryggis- og þjónustuliða skal gefin út með ótakmarkaðan gildistíma og skal haldast í gildi nema:

a) hún sé felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð af lögbæru yfirvaldi, eða

b) handhafi staðfestingar hefur ekki neytt réttindanna sem fylgja henni á a.m.k. einni tegund loftfars síðastliðna 60 mánuði.

CC.CCA.110 Tímabundin ógilding og afturköllun staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

a) Ef handhafar fara ekki að ákvæðum þessa hluta getur lögbært yfirvald fellt staðfestingu öryggis- og þjónustuliða tímabundið úr gildi eða afturkallað hana.

b) Ef lögbært yfirvald fellir staðfestingu öryggis- og þjónustuliða tímabundið úr gildi eða afturkallar hana, skal handhafi:

1) upplýstur skriflega um þessa ákvörðun og rétt hans til áfrýjunar í samræmi við landslög,

2) ekki neyta réttinda sem staðfesting öryggis- og þjónustuliða veitir honum,

3) tafarlaust upplýsa þann eða þá flugrekendur sem hann vinnur fyrir þar um, og

4) skila staðfestingu sinni í samræmi við viðeigandi verklag sem lögbært yfirvald ákveður.

TRA-KAFLI

ÞJÁLFUNARKRÖFUR FYRIR UMSÆKJENDUR UM OG HANDHAFA AÐ STAÐFESTINGU ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA

CC.TRA.215 Tilhögun þjálfunar

Þjálfun sem gerð er krafa um í þessum hluta skal:

a) vera í höndum þjálfunaraðila eða flugrekendum í flutningaflugi sem hafa heimild til þess með samþykki lögbærs yfirvalds,

b) fara fram hjá starfsfólki sem hefur fullnægjandi reynslu og tilskilin starfsréttindi fyrir þá þjálfunarþætti sem á að kenna, og

c) fara fram í samræmi við þjálfunaráætlun og námskrá, sem skráð er í samþykki þjálfunaraðilans.

CC.TRA.220 Grunnþjálfunarnámskeið og próf

a) Umsækjendur um staðfestingu öryggis- og þjónustuliða skulu ljúka grunnþjálfunarnámskeiði til að kynnast flugumhverfinu og til að öðlast nægilega almenna þekkingu og grunnhæfni sem gerð er krafa um til að inna af hendi skyldur og störf sem tengjast öryggi farþega og í flugi við starfrækslu við eðlilegar og óeðlilegar aðstæður og við neyðaraðstæður.

b) Áætlun grunnþjálfunarnámskeiðsins skal a.m.k. ná yfir þættina sem tilgreindir eru í 1. viðbæti við þennan hluta. Hún skal ná yfir bóklega og verklega þjálfun.

c) Umsækjendur um staðfestingu öryggis- og þjónustuliða skulu gangast undir próf sem nær yfir alla þætti þjálfunaráætlunarinnar sem tilgreind eru í b-lið, að undanskilinni þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, til að sýna fram á að þeir hafi öðlast þá kunnáttu og hæfni sem gerð er krafa um í a-lið.

CC.TRA.225 Starfsréttindi á loftfarstegund eða -afbrigði

a) Handhafar gildrar staðfestingar öryggis- og þjónustuliða skulu aðeins starfa á loftfari ef þeir hafa tilskilin starfsréttindi í samræmi við viðeigandi kröfur í ORO-hluta.

b) Til að hafa starfsréttindi á tegund loftfars eða -afbrigði skal handhafinn:

1) uppfylla gildandi kröfur um þjálfun, mat á hæfni og gildistíma sem eru viðeigandi fyrir það loftfar sem starfrækja á:

i. nám sem er sérstaklega hannað fyrir þessa loftfarstegund, þjálfun flugrekanda vegna flugvélaskipta og kynningar,

ii. mismunarþjálfun,

iii. reglubundna þjálfun, og

2) hafa starfað á síðustu 6 mánuðum á þeirri tegund loftfars, eða hafa lokið viðeigandi upprifjunarþjálfun og mat á hæfni áður en hann starfar aftur á þeirri tegund loftfars.

1. viðbætir við CC-hluta

Grunnþjálfunarnámskeið og próf

ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

Þjálfunaráætlun grunnþjálfunarnámskeiðsins skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

1. **Almenn bókleg þekking á sviði flugmála og á flugreglugerðum sem ná yfir alla þætti sem eru viðeigandi fyrir skyldur og ábyrgðir sem krafist er af öryggis- og þjónustuliðum:**

1.1. orðaforði á sviði flugmála, flugfræði, dreifing farþega í sæti, starfrækslusvið, veðurfræði og áhrif vegna yfirborðsmengunar á loftfari,

1.2. flugreglugerðir sem eru viðeigandi fyrir öryggis- og þjónustuliða og hlutverk lögbæra yfirvaldsins,

1.3. skyldur og ábyrgðir öryggis- og þjónustuliða við starfrækslu og nauðsyn þess að bregðast umsvifalaust og af festu við neyðarástandi,

1.4. áframhaldandi hæfni og geta til að starfa sem öryggis- og þjónustuliði, þ.m.t. hvað varðar fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma,

1.5. mikilvægi þess að tryggja að nýjustu breytingar flugrekanda séu jafnóðum færðar inn í viðeigandi skjöl og handbækur eftir því sem við á,

1.6. mikilvægi þess að öryggis- og þjónustuliðar ræki skyldustörf sín í samræmi við flugrekstrarhandbók flugrekanda,

1.7. mikilvægi fyrirflugskynningar til öryggis- og þjónustuliða og miðlun nauðsynlegra upplýsinga um öryggi með hliðsjón af störfum hvers og eins, 1.8. mikilvægi þess að gera sér grein fyrir því hvenær öryggis- og þjónustuliði hefur vald og ber skylda til að hafa frumkvæði að því að hefja rýmingu og annað neyðarverklag.

2. **Samskipti:**

Í þjálfuninni skal áhersla lögð á mikilvægi góðra samskipta milli öryggis- og þjónustuliða og flugliða, þ.m.t. samskiptatækni, sameiginlegt tungumál og orðaforði.

3. **Inngangsnámskeið um mannlega þætti í flugi og stjórnun áhafnarsamvinnu**

Þetta námskeið skal vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal ítarlega yfir þjálfunarþætti og skulu þeir a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

3.1. Almennt: mannlega þætti í flugi, almennar leiðbeiningar um meginreglur í stjórnun áhafnarsamvinnu og markmið, mannlega getu og takmarkanir,

3.2. Viðeigandi fyrir sérhvern öryggis- og þjónustuliða: Meðvitund um persónugerð, mannleg mistök og áreiðanleiki, viðhorf og hegðun, sjálfsmat, streitu og streitustjórnun, þreytu og árvekni, ákveðni, næmi á aðstæður, öflun og úrvinnslu upplýsinga.

4. **Farþegaafgreiðsla og eftirlit farþegarýmis:**

4.1. mikilvægi þess að raða rétt í sæti með tilliti til massa og jafnvægis flugvélar, sérstakra flokka farþega og nauðsyn þess að skipa fullfærum farþegum í sæti hjá útgöngum sem ekki eru nálægt sætum öryggis- og þjónustuliða,

4.2. reglur um örugga geymslu farangurs í farþegarými og hluti til þjónustu í farþegarými og líkur á að farangurinn geti orðið hættulegur þeim sem eru í farþegarýminu eða lokað aðgangi að eða skemmt neyðarbúnað eða útganga,

4.3. hvernig megi þekkja úr og hafa stjórn á þeim farþegum sem eru, eða verða, ofdrukknir af áfengi, eru undir áhrifum lyfja eða sýna ofstopa,

4.4. varúðarráðstafanir sem gera þarf þegar lifandi dýr eru flutt í farþegarými,

4.5. skyldur sem þarf að inna af hendi þegar ókyrrt er í lofti, þ.m.t. að ganga tryggilega frá farþegarýminu, og 4.6. aðferðir við hópstjórn og hvernig hvetja megi farþega til að flýta fyrir neyðarrýmingu.

5. **Fluglæknisfræðileg atriði og skyndihjálp:**

5.1. almenn kennsla í fluglæknisfræðilegum atriðum og í að lifa af,

5.2. lífeðlisfræðileg áhrif flugs, með sérstaka áherslu á vefildisskort (e. *hypoxia*), súrefniskröfur, hlutverk kokhlustar og þrýstingsáverka,

5.3. grunnskyndihjálp, þ.m.t. umönnun vegna:

a) flugveiki,

b) truflana í meltingarvegi,

c) oföndunar,

d) brunasára,

e) sára,

f) meðvitundarleysis, og

g) brota og áverka á mjúkvef,

5.4. læknisfræðileg neyðartilvik í flugi og skyndihjálp í tengslum við það, þ.m.t. a.m.k.:

a) asmi,

b) viðbrögð við streitu og ofnæmisviðbrögð,

c) lost,

d) sykursýki,

e) köfnun,

f) flogaveiki,

g) barnsfæðing,

h) slag, og

i) hjartaáfall,

5.5. notkun viðeigandi búnaðar, þ.m.t. súrefnis til skyndihjálpar, sjúkrakassa og læknataska og innihald þeirra,

5.6. verkleg þjálfun hvers öryggis- og þjónustuliða í grunnendurlífgun með hjartahnoði og aðstoð við öndun, þar sem notast er við sérhannaða brúðu og að teknu tilliti til umhverfis loftfarsins, og 5.7. heilbrigði og hreinlæti á ferðalögum, þ.m.t.:

a) hreinlæti um borð,

b) hættan á að komast í snertingu við smitsjúkdóma og aðferðir til að draga úr slíkri áhættu,

c) meðhöndlun á klínískum úrgangi,

d) sótthreinsun loftfars,

e) meðhöndlun dauðsfalls um borð, og

f) árveknistjórnun, lífeðlisfræðileg áhrif þreytu, lífeðlisfræði svefns, dægursveifla og breytingar á milli tímabelta.

6. **Hættulegur varningur í samræmi við viðeigandi tæknileg fyrirmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.**

7. **Almenn atriði um flugvernd, þ.m.t. þekking á ákvæðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 300/2008.**

8. **Þjálfun í eld- og reykvörnum:**

8.1. áhersla er lögð á að það sé á ábyrgð öryggis- og þjónustuliða að bregðast umsvifalaust við í neyðartilvikum þegar eldur og reykur koma upp og ekki síst skal leggja áherslu á hve mikilvægt er að finna eldsupptökin,

8.2. mikilvægi þess að láta flugáhöfn þegar í stað vita ef elds eða reyks verður vart og einnig hvaða sérráðstafanir eru nauðsynlegar til samræmingar og aðstoðar,

8.3. nauðsyn þess að fylgjast vel með hugsanlegum eldhættusvæðum, s.s. salernum og einnig tilheyrandi reykskynjurum,

8.4. flokkun elds og viðeigandi tegundir slökkviefna og verklag við tilteknar aðstæður við bruna,

8.5. aðferðir við notkun slökkviefna, afleiðingar rangrar notkunar og notkun í lokuðu rými, þ.m.t. verkleg þjálfun í slökkvistarfi og að setja á sig og nota reykvarnarbúnað sem notaður er í flugi, og 8.6. almennt verklag neyðarþjónustunnar á jörðu niðri á flugvöllum.

9. **Þjálfun í að lifa af:**

9.1. meginreglur til að lifa af í fjandsamlegu umhverfi (s.s. heimsskauts-, eyðimerkur-, frumskógar-, sjávarsvæði), og 9.2. þjálfun í að lifa af í vatni sem skal fela það í sér að fara í flotbúnað og nota hann í vatni og notkun rennubáta eða ámóta búnaðar og skal einnig æft í vatni.

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR TIL YFIRVALDA VARÐANDI FLUGÁHÖFN

(ARA-HLUTI)

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

I. ÞÁTTUR

Almennt

ARA.GEN.105 Skilgreiningar

Í þessum hluta og í ORA-hlutanum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: viðmið sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin kom á fót til að sýna fram á aðferðir til að staðfesta samræmi við grunnreglugerðina og framkvæmdarreglur hennar.

2. „Aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennd aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki komið á fót viðeigandi viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfurnar.

3. „Samþykkt þjálfunarfyrirtæki (ATO)“: fyrirtæki sem uppfyllir skilyrði fyrir útgáfu og endurnýjun samþykkis til þjálfunar fyrir flugmannsskírteini og tengdar áritanir og vottorð.

4. „Líkan grunnþjálfunartækis fyrir blindflug (BITD-líkan)“: ákveðin samsetning vélbúnaðar og hugbúnaðar sem er viðurkennt sem grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

5. „Vottunarforskriftir (CS)“: tæknistaðlar sem Flugöryggisstofnunin samþykkir þar sem tilgreindar eru aðferðir til að staðfesta samræmi við kröfur grunnreglugerðarinnar og framkvæmdarreglna hennar og sem fyrirtæki má nota vegna vottunar.

6. „Flugkennari (FI)“: kennari sem hefur réttindi til að veita þjálfun á loftfari í samræmi við FCL-hluta.

7. „Flughermisþjálfi (FSTD)“: þjálfunartæki sem er:

   a) ef um er að ræða flugvélar, flughermir með fullri hreyfingu (FFS), flugþjálfunartæki (FTD), flugleiðsöguþjálfi (FNPT) eða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD),

   b) ef um er að ræða þyrlur, flughermir með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfi.

8. „Viðurkenning flughermisþjálfa“: tæknileg geta flughermisþjálfa eins og skilgreint er í samræmingarskjalinu.

9. „Notandi flughermisþjálfa“: fyrirtæki eða einstaklingur sem óskar eftir því við samþykktan þjálfunaraðila að nota flughermisþjálfa við þjálfun, mat á hæfni eða prófanir.

10. „Flugbann“: formlegt bann við flugtaki loftfars og nauðsynlegar ráðstafanir til að kyrrsetja það.

11. „Leiðbeiningarefni“: efni, sem er ekki bindandi, sem þróað er af Flugöryggisstofnuninni til að útskýra merkingu kröfu eða forskriftar og er notað til að styðja við túlkun á grunnreglugerðinni, framkvæmdarreglum hennar og viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfur.

12. „ARO.RAMP“: RAMP-kaflinn í II. viðauka við reglugerðina um flugrekstur.

13. „Annar þjálfunarbúnaður (OTD)“: búnaður annar en flughermisþjálfi sem notaður er við flugþjálfun þegar fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt við þjálfun.

14. „ARA-hluti“: VI. viðauki við reglugerðina um áhöfn í almenningsflugi.

15. „ORO-hluti“: III. viðauki við reglugerðina um flugrekstur.

16. „CC-hluti“: V. viðauki við reglugerðina um áhöfn í almenningsflugi.

17. „FCL-hluti“: I. viðauki við reglugerðina um áhöfn í almenningsflugi.

18. „Heilbrigðishluti“: IV. viðauki við reglugerðina um áhöfn í almenningsflugi.

19. „ORA-hluti“: VII. viðauki við reglugerðina um áhöfn í almenningsflugi.

20. „Höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi, sem um getur í þessari reglugerð, fer fram.

21. „Handbók um viðurkenningarpróf (QTG)“: skjal sem ætlað er að sýna fram á að afkastageta og stjórnunareiginleikar flughermisþjálfa samsvari því loftfari, þeim flokki flugvélar eða tegundar þyrlu sem líkt er eftir, innan settra marka, og að allar viðeigandi kröfur hafi verið uppfylltar. Í handbókinni um viðurkenningarpróf er bæði að finna upplýsingar um loftfarið, flokk flugvélar eða tegund þyrlu og upplýsingar um flughermisþjálfann sem notaðar eru sem stuðningur við fullgildinguna.

ARA.GEN.115 Eftirlitsgögn

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

ARA.GEN.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar. Hafi viðurkenndum aðferðum verið beitt til að uppfylla kröfur teljast samsvarandi kröfur í framkvæmdarreglunum uppfylltar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við framkvæmdarreglurnar.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem aðilar og einstaklingar undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

d) Lögbært yfirvald skal meta allar tillögur þjálfunaraðila um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við ORA.GEN.120 með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá þjálfunaraðilanum.

   Þegar lögbært yfirvald telur aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur vera í samræmi við framkvæmdarreglur, skal það án ástæðulausrar tafar:

   1) tilkynna umsækjanda að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,

   2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi skjölum,

   3) tilkynna öðrum aðildarríkjum um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar voru.

e) Þegar lögbært yfirvald notast sjálft við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal það:

   1) gera þær tiltækar öllum aðilum og einstaklingum sem það hefur eftirlit með, og

   2) tilkynna Flugöryggisstofnun um þær án ástæðulausrar tafar.

   Lögbært yfirvald skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum leiðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagi sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

ARA.GEN.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar

a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnun upplýsingar sem varða öryggi, sem komnar eru til vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist.

ARA.GEN.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

a) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ([1]) skal lögbært yfirvald taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berst um öryggismál og, til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem gripa á til, sem nauðsynlegar eru til þess þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna sem um getur í a- og b-lið skal lögbært yfirvald grípa til viðunandi aðgerða til að taka á öryggisvandamálinu.

d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum einstaklingum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnun um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

II. ÞÁTTUR

Stjórnun

ARA.GEN.200 Stjórnunarkerfi

a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, þ.m.t. að lágmarki:

1) skjalfestar stefnur og verklagsreglur til að lýsa fyrirtækinu og aðferðum og leiðum til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Verklagsreglur skulu uppfærðar reglulega og notaðar sem vinnuskjal innan þessa lögbæra yfirvalds sem notað er til grundvallar allra tengdra verkefna.

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum. Starfsfólkið skal hafa starfsréttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutuð og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni. Skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,

3) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að inna af hendi úthlutuð verkefni,

4) ferli til að hafa eftirlit með því að stjórnunarkerfið sé í samræmi við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. það að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun. Samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta og

5) einstakling eða hóp einstaklinga, sem bera endanlega ábyrgð á samræmiseftirlitinu gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, einn eða fleiri einstaklinga til að bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis/verkefna.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót verklagsreglum til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. um öll frávik sem koma upp og eftirfylgniaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með einstaklingum eða fyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni.

d) Afrit af verklagsreglum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar Flugöryggisstofnunin aðgengilegar af ástæðum er varða stöðlun.

ARA.GEN.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

a) Aðildarríki skal aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með einstaklingum eða fyrirtækjum sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, til hæfra aðila. Þegar verkefnum er úthlutað skal lögbært yfirvald tryggja að aðilinn hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og stöðugt mat á því að hæfi aðilinn fari að V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

Þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfest,

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

2) komið á fót skjalfestu samkomulagi við hæfan aðila, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem er tilgreint með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja skal fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem skulu uppfyllt þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð, og

v. verndun upplýsinga sem aflað er slík verkefni eru innt af hendi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að ferlið fyrir innri úttekt og ferlið fyrir öryggistengda áhættustýringu, sem gerð er krafa um í 4. mgr. a-liðar ARA.GEN.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

ARA.GEN.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

a) Lögbæra yfirvaldið skal ráða yfir kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursrík.

b) Lögbært yfirvald skal uppfæra stjórnunarkerfi sín tímanlega til að endurspegla alla breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, til að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbært yfirvald skal tilkynna Flugöryggisstofnun um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

ARA.GEN.220 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgangi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfestar stefnur og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, menntun og hæfi og heimildum starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í ARA.GEN.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum,

5) ferli fyrir útgáfu flugstarfaskírteina, áritana, skírteina og staðfestinga og fyrir samfellt eftirlit með handhöfum þessara skírteina, áritana, vottorða og staðfestinga,

6) ferli fyrir útgáfu FSTD-viðurkenningarvottorða og fyrir samfellt eftirlit með flughermisþjálfanum og fyrirtækjunum sem starfrækja hann,

7) eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum, sem stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins, en eru undir eftirliti hjá eða vottun af lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni, eftir samkomulagi milli þessara yfirvalda,

8) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við,

9) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetning fyrir lok aðgerða,

10) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

11) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni, og

12) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, FSTD-viðurkenningarvottorð og flugstarfaskírteini, skírteini og staðfestingar sem það hefur gefið út.

c) Öll gögn skulu geymd í þann lágmarkstíma sem tilgreindur er í þessari reglugerð. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar þar að lútandi skulu gögnin geymd í a.m.k. 5 ár, með fyrirvara um gildandi lög um gagnavernd.

III. ÞÁTTUR

Eftirlit, vottun og framfylgd

ARA.GEN.300 Eftirlit

a) Lögbært yfirvald skal sannprófa:

1) samræmi við kröfur, sem gilda um fyrirtæki eða einstaklinga, fyrir útgáfu vottorðs eða leyfis fyrirtækis, FSTD-viðurkenningarvottorðs eða flugstarfaskírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar, eftir því sem við á,

2) óslitið samræmi við viðeigandi kröfur fyrir fyrirtæki sem það hefur vottað, fyrir einstaklinga og fyrir handhafa FSTD-viðurkenningarvottorða,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í ARA.GEN.135.

b) Þessi sannprófun skal:

1) studd gögnum sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi einstaklingum og fyrirtækjum niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t. skoðunum á hlaði og fyrirvaralausum skoðunum, og

4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafanirnar sem fyrirséðar eru í ARA.GEN.350 og ARA.GEN.355.

c) Ákvarða skal umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til öryggisforgangs.

d) Án þess að hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna og skyldur þeirra, eins og þær eru settar fram í ARO.RAMP, skal umfang eftirlits með starfsemi, sem fram fer á yfirráðasvæði aðildarríkis af hálfu einstaklinga eða fyrirtækja, sem hafa staðfestu eða búsetu í öðru aðildarríki, ákvarðast á grundvelli öryggisforgangs, auk fyrri eftirlitsstarfsemi.

e) Ef starfsemi einstaklings eða fyrirtækis varðar fleiri en eitt aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina getur lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirlitinu samkvæmt a-lið, samþykkt að eftirlitsverkefni verði í höndum lögbæra yfirvaldsins eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu eða -ríkjunum þar sem starfsemin á sér stað, eða í höndum Flugöryggisstofnunarinnar. Allir einstaklingar eða fyrirtæki sem falla undir slíkt samkomulag skulu upplýstir um tilvist þess og umfang.

f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. við skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir.

ARA.GEN.305 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í ARA.GEN.300 og í ARO.RAMP.

b) Fyrir fyrirtæki, sem eru vottuð af lögbæra yfirvaldinu, og handhafa FSTD-viðurkenningarvottorða skal eftirlitsáætlunin mótuð að teknu tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunum og/eða eftirlitsstarfsemi og skal byggð á mati á tengdri áhættu. Innan hvers skipulagstímabils fyrir eftirlitið skal hún ná yfir:

1) úttektir og skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir, og

2) fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.

c) Fyrir fyrirtæki, sem eru vottuð af lögbæra yfirvaldinu, og handhafa FSTD-viðurkenningarvottorða skal nota skipulagstímabil fyrir eftirlit sem er ekki lengra en 24 mánuðir.

Stytta má skipulagstímabil fyrir eftirlit ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins eða handhafa FSTD-viðurkenningarvottorðs hafi versnað.

Skipulagstímabil eftirlits má framlengja um hámark 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á síðastliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum.

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á það, samkvæmt ORA.GEN.130, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út, og

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 2. mgr. d-liðar í ARA.GEN.350, hefur samþykkt eða framlengt.

Skipulagstímabil eftirlits má framlengja aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við framangreind atriði, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.

d) Fyrir handhafa skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar sem gefin er út af lögbæru yfirvaldi felur eftirlitáætlunin í sér skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eftir því sem við á.

e) Í eftirlitsáætluninni skal vera skrá yfir dagsetningar þegar úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram og hvenær úttektirnar, skoðanirnar og fundirnir áttu sér stað.

ARA.GEN.310 Upphafsferli vegna vottunar – fyrirtæki

a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu á vottorði fyrir fyrirtæki skal lögbæra yfirvaldið sannprófa að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út vottorðið/vottorðin sem tilgreind eru í III. og V. viðbæti við þennan hluta. Vottorðið/vottorðin skulu gefin út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu/vottorðunum.

c) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við ORA.GEN.130 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagið sem fyrirtækið leggur fram þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verði meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

ARA.GEN.315 Verklagsreglur við útgáfu, framlengingu, endurnýjun eða breytingu á skírteinum, áritunum, vottorðum eða staðfestingum – einstaklingar

a) Við móttöku umsóknar um útgáfu, framlengingu, endurnýjun eða breytingu á skírteini, áritun, vottorði eða staðfestingu og öðrum fylgiskjölum einstaklings skal lögbært yfirvald sannprófa að umsækjandinn uppfylli viðeigandi kröfur.

b) Þegar lögbært yfirvald er sannfært um að umsækjandi uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út, framlengja, endurnýja eða breyta skírteini, vottorði, áritun eða staðfestingu.

ARA.GEN.330 Breytingar – fyrirtæki

a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið sannprófa að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.

Lögbæra yfirvaldið skal mæla fyrir um með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa á meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.

Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

b) Án þess að það hafi áhrif á aðrar framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins eins og skilgreint í a-lið.

c) Hvað varðar breytingar sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar sem fram koma í tilkynningunni sem fyrirtækið sendir í samræmi við ORA.GEN.130 til að sannprófa að viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Séu einhverjar kröfur ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið:

1) tilkynna fyrirtækinu um þær kröfur sem ekki eru uppfylltar og fara fram á frekari breytingar, og

2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum ARA.GEN.350.

ARA.GEN.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta – fyrirtæki

a) Lögbært yfirvald vegna eftirlits í samræmi við a-lið ARA.GEN.300 skal hafa kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.

b) Lögbært yfirvald gefur út 1. flokks frávik þegar veruleg frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, frá verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða frá skilmálum samþykkis eða vottorðs, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í hættu.

Fyrsta stigs frávik tekur m.a. til eftirfarandi:

1) lögbæru yfirvaldið er ekki veittur aðgangur að húsnæði fyrirtækisins, eins og skilgreint er í ORA.GEN.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins, og

4) það er enginn ábyrgðarmaður.

c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, frá verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða frá ákvæðum samþykkis eða vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að takast á við frávik sem kom/komu í ljós. Þar sem við á skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til þess ríkis þar sem loftfarið er skráð.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða sérstaka samþykkið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að ráða bót á frávikinu.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir til að byrja með. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok þessa tímabils, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og

ii. meta aðgerðina til úrbóta og framkvæmdaáætlunina sem fyrirtækið leggur fram og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á annmörkunum.

3) Ef fyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

4) Lögbært yfirvald skal skrá öll frávik sem það vekur máls á eða sem því hefur borist tilkynning um og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.

e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir skal yfirvald í aðildarríki, sem starfar eftir ákvæðum d-liðar ARA.GEN.300, sem vekur máls á að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnun, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar skal það upplýsa hlutaðeigandi lögbært yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávikið er.

ARA.GEN.355 Frávik og framfylgdarráðstafanir – einstaklingar

a) Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við a-lið ARA.GEN.300, finnur vísbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar, sem gefið er út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, fari ekki að viðeigandi kröfum skal það vekja máls á fráviki, skrá það og gera handhafa skírteinisins, vottorðsins, áritunarinnar eða staðfestingarinnar kunnugt um það með skriflegum hætti.

b) Þegar vakið er máls á slíku fráviki skal lögbæra yfirvaldið láta fara fram rannsókn. Ef frávikið er staðfest, skal yfirvaldið:

1) takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinið, vottorðið, áritunina eða staðfestinguna, eftir því sem við á, ef það hefur greint öryggisvanda, og

2) grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.

c) Þar sem við á skal lögbæra yfirvaldið upplýsa þann einstakling eða fyrirtæki sem gaf út heilbrigðisvottorðið eða staðfestinguna.

d) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir skal yfirvald í aðildarríki, sem starfar eftir ákvæðum d-liðar ARA.GEN.300, vekur máls á að handhafi skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar, sem lögbæra yfirvaldið annars aðildarríkis hefur gefið út, fer ekki að viðeigandi kröfum skal það tilkynna hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi þar um.

e) Komi fram vísbendingar við eftirlit eða með öðrum hætti um að ekki sé farið að einstaklingur, sem fellur undir kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og hefur ekki skírteini, vottorð, áritun eða staðfestingu sem gefin er út í samræmi við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, fari ekki að viðeigandi kröfum skal lögbæra yfirvaldið sem vakti máls á vanefndunum gera hvers konar framfylgdarráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.

FCL-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU FLUGLIÐASKÍRTEINA

I. ÞÁTTUR

Almennt

ARA.FCL.120 Skráahald

Til viðbótar við þær skrár sem gerð er krafa um í a-lið ARA.GEN.220 skal lögbæra yfirvaldið geyma niðurstöður úr bóklegum prófum og úr mati á hæfni flugmanna í kerfisbundnu skráahaldi sínu.

II. ÞÁTTUR

Skírteini, áritanir og vottorð

ARA.FCL.200 Verklagsregla við útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteina, áritana eða vottorða

a) Útgáfa skírteina og áritana. Lögbært yfirvald skal gefa út flugmannsskírteini og tengdar áritanir með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðbæti við þennan hluta.

b) Útgáfa kennara- og prófdómaravottorða. Lögbæra yfirvaldið skal gefa út kennara- og prófdómaravottorð:

1) sem áritun yfir viðeigandi réttindi í flugmannsskírteininu, eins og sett er fram í I. viðbæti við þennan hluta, og

2) sem sérstakt skjal, á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

c) Áritun prófdómara í skírteini. Áður en tilteknum prófdómurum er veitt sérstök heimild til að framlengja eða endurnýja áritanir eða vottorð skal lögbæra yfirvaldið þróa viðeigandi verklag.

ARA.FCL.205 Eftirlit með prófdómurum

a) Lögbæra yfirvaldið skal þróa eftirlitskerfi til að fylgjast með framferði og frammistöðu prófdómara að teknu tilliti til:

1) fjölda prófdómara sem það hefur vottað, og

2) fjölda prófdómara sem vottaðir eru af öðrum lögbærum yfirvöldum, sem neyta réttinda sinna innan yfirráðasvæðisins sem lögbæra yfirvaldið hefur eftirlit með.

b) Lögbæra yfirvaldið skal geyma skrá yfir þá prófdómara sem það hefur vottað og yfir þá prófdómara sem vottaðir eru af öðrum lögbærum yfirvöldum, sem neyta réttinda sinna á yfirráðasvæði sínu, og hafa hlotið kynningu frá lögbæra yfirvaldið í samræmi við 2. lið c-liðar FCL.1015. Réttindi prófdómara skulu tilgreind skránni og lögbæra yfirvaldið skal birta hana og uppfæra.

c) Lögbæra yfirvaldið skal koma sér upp verklagsreglum til að tilnefna prófdómara til að framkvæma færnipróf.

ARA.FCL.210 Upplýsingar fyrir prófdómara

Lögbæra yfirvaldið getur látið prófdómurum, sem það hefur vottað, og prófdómurum, sem vottaðir eru af öðrum lögbærum yfirvöldum sem neyta réttinda sinna á yfirráðasvæði þeirra, í té öryggisviðmiðanir sem hafa ber í huga þegar færni- og hæfnipróf eru tekin um borð í loftfari.

ARA.FCL.215 Gildistími

a) Við útgáfu eða endurnýjun áritunar eða vottorðs skal lögbæra yfirvaldið, eða ef um er að ræða endurnýjun, prófdómari sem hefur sérstakt leyfi frá lögbærum yfirvöldum, lengja gildistímann til loka hlutaðeigandi mánaðar.

b) Við framlengingu áritunar eða kennara- eða prófdómaravottorðs skal lögbæra yfirvaldið, eða prófdómari, sem hefur sérstakt leyfi lögbæra yfirvaldsins, lengja gildistíma áritunarinnar eða vottorðsins til loka hlutaðeigandi mánaðar.

c) Lögbæra yfirvaldið eða prófdómari, sem hefur sérstakt leyfi lögbæra yfirvaldsins í þessu skyni, skal tilgreina lok gildistíma á skírteininu eða vottorðinu.

d) Lögbæra yfirvaldið má koma sér upp verklagsreglum til að leyfa handhafa skírteinisins eða vottorðsins að neyta réttinda sinna í að hámarki 8 vikur eftir að hafa lokið viðeigandi prófi/prófum með fullnægjandi árangri á meðan beðið er eftir áritun í skírteinið eða vottorðið.

ARA.FCL.220 Verklagsreglur við endurútgáfu flugmannsskírteinis

a) Lögbært yfirvald skal endurútgefa skírteini þegar það er nauðsynlegt af stjórnsýslulegum ástæðum og:

1) eftir fyrstu útgáfu áritunar, eða

2) þegar ákvæði XII. mgr. skírteinisins, sem kveðið er á um í I. viðbæti við þennan hluta, eru uppfyllt og engir auðir reitir eru eftir.

b) Aðeins gildar áritanir og vottorð skulu flutt yfir á nýja skírteinið.

ARA.FCL.250 Takmörkun, tímabundin svipting eða afturköllun skírteina, áritana og vottorða

a) Lögbært yfirvald skal takmarka, svipta tímabundið eða afturkalla, eftir því sem við á, flugmannsskírteini og tengdar áritanir eða vottorð í samræmi við ARA.GEN.355, m.a. við eftirfarandi kringumstæður:

1) ef flugmannsskírteinið, áritunin eða vottorðið er fengið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

2) ef leiðarflugbók og skrár yfir skírteini eða vottorð eru fölsuð,

3) ef handhafi skírteinisins uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur FCL-hluta,

4) ef réttinda skírteinis, áritunar eða vottorðs eru neytt undir áhrifum áfengis eða lyfja,

5) ef ekki er farið að ákvæðum viðeigandi flugrekstrarkrafna,

6) ef til eru sannanir um misferli eða sviksamlega notkun vottorðsins, eða

7) ef prófdómarinn sinnir störfum sínum eða skyldum með óviðunandi hætti.

b) Lögbæra yfirvaldið getur einnig takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað skírteini, áritun eða vottorð við skriflega beiðni handhafa skírteinisins eða vottorðsins.

c) Færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat sem fram fer þegar prófdómaravottorð hefur verið ógilt tímabundið eða þegar það hefur verið afturkallað eru ógild.

III. ÞÁTTUR

Próf í bóklegri þekkingu

ARA.FCL.300 Prófreglur

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á nauðsynlegum ráðstöfunum og verklagsreglum til að gera umsækjendum kleift að gangast undir próf í bóklegri þekkingu í samræmi við viðeigandi kröfur FCL-hluta.

b) Ef um er að ræða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL), fjölstjórnarskírteini (MPL), atvinnuflugmannsskírteini (CPL) og blindflugsréttindi skulu þessar prófreglur vera í samræmi við öll eftirtalin skilyrði:

1) Próf skulu fara fram skriflega eða í tölvu.

2) Lögbæra yfirvaldið skal velja prófspurningarnar úr evrópska miðlæga spurningabankanum (e. *European Central Question Bank* (ECQB)) í samræmi við sameiginlega aðferð þannig að spurningarnar dreifist á alla námskrá hverrar námsgreinar. Evrópski miðlægi spurningabankinn er gagnasafn fjölvalsspurninga sem Flugöryggisstofnunin heldur utan um.

3) Próf í fjarskiptum má halda aðskildu frá prófum í öðrum námsgreinum. Umsækjandi sem áður hefur staðist annaðhvort eða bæði prófin í fjarskiptum eftir sjónflugsreglum (VFR) eða blindflugsreglum (IFR) skal ekki endurtaka viðeigandi prófhluta.

c) Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa umsækjendur um þau tungumál sem til boða stendur að þreyta próf á.

d) Lögbært yfirvald skal koma á fót viðeigandi prófreglum til að tryggja áreiðanleika prófanna.

e) Telji lögbæra yfirvaldið að umsækjandinn fari ekki að prófreglum meðan á prófi stendur, skal það metið með það tilliti til þess hvort fella eigi umsækjandann annaðhvort í einstakri námsgrein eða á prófinu í heild.

f) Lögbæra yfirvaldið skal banna þeim umsækjendum sem verða uppvísir að svindli að taka fleiri próf í a.m.k. 12 mánuði frá þeim prófdegi sem þeir urðu uppvísir að svindli.

CC-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA

I. ÞÁTTUR

Staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

ARA.CC.100 Verklagsreglur við staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

a) Lögbært yfirvald skal koma á fót verklagsreglum við útgáfu, skráningu og eftirlit með staðfestingum öryggis- og þjónustuliða í samræmi við ARA.GEN.315, ARA.GEN.220 og ARA.GEN.300, eftir því sem við á.

b) Staðfestingar öryggis- og þjónustuliða skulu gefnar út á því sniði og samkvæmt þeim forskriftum sem sett eru fram í II. viðbæti við þennan hluta,

annaðhvort

1) af lögbæru yfirvaldi,

og/eða, ef aðildarríki ákveður það

2) af fyrirtæki, sem hefur til þess heimild, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.

c) Lögbæra yfirvaldið skal gera aðgengilegt öllum:

1) hvaða aðili/aðilar gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða á þeirra yfirráðasvæði, og

2) ef stofnanir hafa heimild til þess, skrá yfir slík fyrirtæki.

ARA.CC.105 Tímabundin ógilding eða afturköllun staðfestinga öryggis- og þjónustuliða

Lögbæra yfirvaldið skal gera ráðstafanir í samræmi við ARA.GEN.355, þ.m.t. að ógilda tímabundið eða afturkalla staðfestingu öryggis- og þjónustuliða, a.m.k. í eftirfarandi tilfellum:

a) ákvæðum CC-hluta eða viðeigandi kröfum ORO-hluta og CAT-hluta er ekki fylgt þegar öryggisvandi greinist,

b) staðfesting öryggis- og þjónustuliða er fengin eða gildi hennar viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

c) réttinda staðfestingar öryggis- og þjónustuliða er neytt undir áhrifum áfengis eða lyfja, og

d) sannanir um misferli eða sviksamleg notkun staðfestingar öryggis- og þjónustuliða.

II. ÞÁTTUR

Fyrirtæki sem veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða eða gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

ARA.CC.200 Samþykki fyrir fyrirtæki sem veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða eða gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða

a) Áður en veitt er samþykki til þjálfunarfyrirtækis eða flugrekanda í flutningaflugi til að veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða, skal lögbæra yfirvaldið sannprófa:

1) að framferði, námskrár og tengdar áætlanir þeirra þjálfunarnámskeiða sem fyrirtækið veitir séu í samræmi við viðeigandi kröfur CC-hluta,

2) að þjálfunartækin, sem fyrirtækið notar, líkist raunverulega farþegarýminu í þeirri/þeim tegundum loftfara og tæknilegum eiginleikum búnaðarins sem öryggis- og þjónustuliðarnir munu starfrækja og

3) að leiðbeinendur og kennarar, sem halda þjálfunarnámskeiðin, séu með viðeigandi reynslu og menntun fyrir það viðfangsefni sem þjálfunin tekur til.

b) Ef aðildarríki velur að veita fyrirtækjum samþykki til að gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða skal lögbæra yfirvaldið aðeins veita fyrirtækjum, sem uppfylla kröfur a-liðar, slík samþykki. Áður en slíkt samþykki er veitt skal lögbæra yfirvaldið:

1) meta getu og ábyrgð fyrirtækisins til að inna af hendi viðeigandi verkefni,

2) tryggja að fyrirtækið hafi komið á fót skjalfestum verklagsreglum fyrir framkvæmd viðeigandi verkefna, þ.m.t. að próf/prófin séu í höndum starfsfólks sem hefur menntun og hæfi þar að lútandi og er laust við hagsmunaárekstra, og fyrir útgáfu staðfestinga öryggis- og þjónustuliða í samræmi við ARA.GEN.315 og b-lið ARA.CC.100, og

3) geri kröfu á fyrirtækið að það leggi fram upplýsingar og gögn tengd staðfestingum öryggis- og þjónustuliða, sem það hefur sjálft gefið út, og handhöfum þeirra, í því umfangi sem þarf til að lögbært yfirvald geti annast skráningar-, eftirlits- og framfylgdarverkefni sín.

ATO-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR TENGDAR SAMÞYKKTUM ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKJUM

I. ÞÁTTUR

Almennt

ARA.ATO.105 Eftirlitsáætlun

Eftirlitsáætlunin fyrir samþykkt þjálfunarfyrirtæki skal fela í sér að fylgst er með gæðum námskeiða, þ.m.t. úrtakskönnun á þjálfunarflugi með nemendur, ef það á við um loftfarið sem notast er við.

ARA.ATO.120 Skráahald

Til viðbótar við skrárnar sem gerð er krafa um í ARA.GEN.220 skal lögbæra yfirvaldið geyma upplýsingar um námskeið, sem samþykkta þjálfunarfyrirtækið veitir, og ef við á, skrár varðandi flughermisþjálfa, sem notaðir eru við þjálfun, í kerfisbundnu skráahaldi sínu.

FSTD-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VIÐURKENNINGU FLUGHERMISÞJÁLFA

I. ÞÁTTUR

Almennt

ARA.FSTD.100 Verklagsreglur við upphaflegt mat

a) Við móttöku umsóknar um FSTD-viðurkenningarvottorð skal lögbæra yfirvaldið:

1) meta flughermisþjálfann sem lagður er fram til upphaflegs mats eða endurnýjunar með hliðsjón af viðeigandi grundvelli viðurkenningar,

2) meta flughermisþjálfann á þeim sviðum sem eru nauðsynleg til að ljúka við ferlin í tengslum við þjálfun, hæfnimat og próf flugliða, eftir því sem við á,

3) framkvæma hlutlæg og huglæg próf sem og virknipróf í samræmi við grundvöll viðurkenningar og endurskoða niðurstöður úr slíkum prófum til að koma á fót handbók um viðurkenningarpróf, og

4) sannprófa að fyrirtækið, sem starfrækir flughermisþjálfann, uppfylli viðeigandi kröfur. Þetta á ekki við um upphaflegt mat á grunnþjálfunartækjum fyrir blindflug.

b) Lögbæra yfirvaldið skal aðeins samþykkja handbókina um viðurkenningarpróf eftir að upphaflega matinu á flughermisþjálfanum er lokið og þegar lögbæra yfirvaldið hefur metið það svo að tekið hafi verið á öllu ósamræmi í handbókinni með fullnægjandi hætti. Handbókin um viðurkenningarpróf, sem er samin á grundvelli verklagsreglna við upphaflega matið, skal vera aðalhandbókin (MQTG) sem er til grundvallar fyrir viðurkenningu flughermisþjálfa og síðari, reglubundinna mata á flughermisþjálfa.

c) Grundvöllur viðurkenningar og sérstök skilyrði.

1) Lögbæra yfirvaldið má mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir grundvöll viðurkenningar flughermisþjálfa þegar kröfur a-liðar ORA.FSTD.210 eru uppfylltar og þegar sýnt þykir að sérstök skilyrði tryggi sambærilegt öryggisstig og það sem mælt er fyrir um í viðeigandi vottunarforskrift.

2) Þegar lögbæra yfirvaldið, ef það er annað en Flugöryggisstofnunin, hefur komið á fót sérstökum skilyrðum um grundvöll viðurkenningar flughermisþjálfa skal það án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnun um það. Tilkynningunni skal fylgja ítarleg lýsing á þeim sérstöku skilyrðum sem mælt er fyrir um og öryggismat sem sýnir fram á að öryggisstigi er náð sem samsvarar því sem mælt er fyrir um í viðeigandi vottunarforskrift.

ARA.FSTD.110 Útgáfa FSTD-viðurkenningarvottorðs

a) Eftir að lokið hefur verið við mat á flughermisþjálfanum og þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að flughermisþjálfinn samræmist viðeigandi grundvelli viðurkenningar í samræmi við ORA.GEN.210 og að fyrirtækið sem starfrækir hann uppfylli viðeigandi kröfur til að viðhalda viðurkenningu flughermisþjálfans í samræmi við ORA.GEN.100 skal það gefa út FSTD-viðurkenningarvottorð með ótímabundnum gildistíma, og nota til þess eyðublað í IV. viðbæti við þennan hluta.

ARA.FSTD.115 Bráðabirgðaviðurkenning flughermisþjálfa

a) Þegar nýjar áætlanir loftfars hafa verið teknar upp og ekki er hægt að uppfylla kröfurnar sem kveðið var á um í þessum kafla um viðurkenningu flughermisþjálfa þá getur lögbæra yfirvaldið gefið út bráðabirgðaviðurkenningu fyrir flughermisþjálfa.

b) Fyrir flughermi með fullri hreyfingu er bráðabirgðaviðurkenning aðeins veitt á A-, B- eða C-stigi.

c) Þessi bráðabirgðaviðurkenning gildir þar til hægt er að gefa út endanlega viðurkenningu og skal aldrei gilda lengur en í 3 ár.

ARA.FSTD.120 Framlenging á viðurkenningu flughermisþjálfa

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa stöðugt eftirlit með fyrirtækinu sem starfrækir flughermisþjálfann til að sannprófa:

1) að öll prófin í aðalhandbókinni um viðurkenningarpróf séu endurtekin stig af stigi á 12 mánaða tímabili,

2) að niðurstöðurnar úr reglubundnu mati uppfylli enn viðurkenningarstaðla og séu dagsettar og þeim viðhaldið, og

3) að kerfi til að stjórna flugham sé til staðar til að tryggja að vélbúnaður og hugbúnaður í viðurkenndum flughermisþjálfa verði áfram áreiðanlegur.

b) Lögbæra yfirvaldið skal meta flughermisþjálfann með reglubundnum hætti í samræmi við verklagsreglurnar í ARA.FSTD.100. Þetta mat skal fara fram:

1) á hverju ári, ef um er að ræða flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfa og hefst hvert 12 mánaða tímabil með dagsetningu upphaflegrar viðurkenningar. Reglubundið mat á flughermisþjálfa skal eiga sér stað innan 60 daga fyrir lok þessa 12 mánaða tímabils,

2) á þriggja ára fresti, ef um er að ræða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

ARA.FSTD.130 Breytingar

a) Við móttöku umsóknar um hvers kyns breytingu á FSTD-viðurkenningarvottorði skal lögbæra yfirvaldið fara að öllum viðeigandi þáttum í verklagsreglum við upphaflegt mat eins og lýst er í a- og b-lið ARA.FSTD.100.

b) Lögbæra yfirvaldið getur framkvæmt sérstakt mat í kjölfar stærri breytinga eða þegar virkni flughermisþjálfa virðist ekki vera í samræmi við upphaflegt viðurkenningarstig.

c) Lögbæra yfirvaldið framkvæmir alltaf sérstakt mat áður en flughermisþjálfa er veitt hærra stig viðurkenningar.

ARA.FSTD.135 Frávik og aðgerðir til úrbóta – FSTD-viðurkenningarvottorð

Lögbæra yfirvaldið skal takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla, eftir því sem við á, FSTD-viðurkenningarvottorð í samræmi við ARA.GEN.350, m.a. við eftirfarandi kringumstæður:

a) ef FSTD-viðurkenningarvottorð er fengið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

b) ef fyrirtækið sem starfrækir flughermisþjálfann getur ekki lengur sýnt fram á að flughermisþjálfinn samræmist grundvelli viðurkenningarinnar, eða

c) ef fyrirtækið sem starfrækir flughermisþjálfann fer ekki lengur að viðeigandi kröfum ORA-hluta.

ARA.FSTD.140 Skráahald

Til viðbótar við gögn sem gerð er krafa um í ARA.GEN.220 skal lögbæra yfirvaldið hafa og uppfæra skrá yfir viðurkennda flughermisþjálfa, sem það hefur eftirlit með, dagsetningar sem mat á að fara fram og hvernær slíkt mat fór fram.

AeMC-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGLÆKNASETUR

I. ÞÁTTUR

Almenn atriði

ARA.AeMC.110 Verklagsreglur við upphaflega vottun

Verklagsreglurnar við vottun fyrir fluglæknasetur skulu vera í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í ARA.GEN.310.

ARA.AeMC.150 Frávik og aðgerðir til úrbóta – fluglæknasetur

Án þess að hafa áhrif á ARA.GEN.350 fela fyrsta stigs frávik í sér eftirfarandi atriði en einskorðast ekki við þau:

a) vanræksla að tilnefna yfirmann fluglæknaseturs,

b) brot á þagnarskyldu heilbrigðisstétta varðandi gögn fluglæknaseturs, og

c) vanræksla að útvega lögbæra yfirvaldinu gögn um heilbrigði og tölfræði vegna eftirlits.

MED-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGHEILBRIGÐISVOTTORÐ

I. ÞÁTTUR

Almennt

ARA.MED.120 Læknisfræðilegir sérfræðingar

Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna einn læknisfræðilegan sérfræðing eða fleiri til að sinna þeim verkefnum sem lýst er í þessum þætti. Læknisfræðilegi sérfræðingurinn skal hafa leyfi og starfsréttindi til að stunda læknisstörf og hafa:

a) a.m.k. 5 ára starfsreynslu sem læknir eftir útskrift,

b) sérhæfða þekkingu og reynslu í fluglæknisfræði, og

c) sérstaka þjálfun á sviði heilbrigðisvottorða.

ARA.MED.125 Vísun til leyfisyfirvalds

Þegar fluglæknasetur eða fluglæknir hefur vísað ákvörðun um heilbrigði umsækjanda til leyfisyfirvalds:

a) skal læknisfræðilegur sérfræðingur eða heilbrigðisstarfsfólk, sem lögbæra yfirvaldið hefur tilnefnt, meta viðeigandi heilsufarsgögn og fara fram á frekari gögn, skoðanir og prófanir ef nauðsyn krefur, og

b) skal læknisfræðilegur sérfræðingur skera úr um heilbrigði umsækjanda vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs með einni eða fleiri takmörkunum, ef nauðsyn krefur.

ARA.MED.130 Snið heilbrigðisvottorðs

Snið heilbrigðisvottorðsins skal vera í samræmi við VI. viðbæti við þennan hluta.

ARA.MED.135 Eyðublöð á sviði fluglæknisfræði

Lögbæra yfirvaldið skal nota eyðublöð fyrir:

a) umsókn um heilbrigðisvottorð,

b) skoðunarskýrslu fyrir 1. og 2. flokks umsækjendur, og

c) skoðunarskýrslu fyrir umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL).

ARA.MED.145 Tilkynningar heimilislæknis til lögbæra yfirvaldsins

Þegar við á skal lögbæra yfirvaldið koma á fót tilkynningarferli fyrir heimilislækna til að tryggja að þeir þekki heilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í MED.B.095.

ARA.MED.150 Skráahald

a) Til viðbótar við skrárnar sem gerð er krafa um í ARA.GEN.220 skal lögbæra yfirvaldið geyma upplýsingar um flugheilbrigðiskoðanir og um mat á flugheilbrigði, sem lögð eru fram af fluglæknum, fluglæknasetrum eða heimilislæknum, í kerfisbundnu skjalahaldi sínu.

b) Geyma skal allar heilbrigðisskýrslur skírteinishafa í að lágmarki 10 ár eftir að síðasta heilbrigðisvottorð þeirra rennur út.

c) Að því er varðar mat á flugheilbrigði og stöðlun skulu heilbrigðisskýrslur gerðar tiltækar, með skriflegu samþykki umsækjanda/skírteinishafa, eftirfarandi:

1) fluglæknasetri, fluglækni eða heimilislækni í þeim tilgangi að ljúka mati á flugheilbrigði,

2) læknisfræðilegri endurskoðunarnefnd sem lögbæra yfirvaldið getur komið á til að fá aðra endurskoðun á jaðartilvikum,

3) viðkomandi sérfræðilæknum í þeim tilgangi að ljúka mati á flugheilbrigði,

4) heilbrigðismatsaðila lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki vegna sameiginlegs eftirlits.

5) hlutaðeigandi umsækjanda/skírteinishafa við skriflega beiðni þeirra, og

6) Flugöryggisstofnun vegna stöðlunar eftir að nafn umsækjanda/skírteinishafa hefur verið fjarlægt.

d) Lögbæra yfirvaldið getur gert heilbrigðisskýrslur tiltækar í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í c-lið í samræmi við tilskipun 95/46/EB, eins og hún kemur til framkvæmda í landslögum.

e) Lögbæra yfirvaldið skal viðhalda skrár:

1) yfir alla fluglækna sem hafa gild vottorð gefin út af því yfirvaldi, og

2) þar sem við á, yfir alla heimilislækna sem starfa sem fluglæknar á þeirra yfirráðasvæði.

Þessar skrár skulu látnar öðrum aðildarríkjum og Flugöryggisstofnun í té, ef um það er beðið.

II. ÞÁTTUR

Fluglæknar (AME)

ARA.MED.200 Verklagsreglur vegna útgáfu, framlengingar, endurnýjunar eða breytingar á vottorði fluglæknis

a) Verklagsreglur við vottun fyrir fluglækna skulu vera í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í ARA.GEN.315. Áður en vottorð er gefið út skal lögbæra yfirvaldið hafa sannanir fyrir því að starfstöð fluglæknisins sé búin fullnægjandi búnaði til að framkvæma fluglæknisskoðanir innan gildissviðs þess fluglæknisvottorðs sem sótt er um.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fluglæknirinn uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út, framlengja, endurnýja eða breyta fluglæknisvottorðinu til þriggja ára og skal nota til þess eyðublaðið, sem fastsett er í VII. viðbæti við þennan hluta.

ARA.MED.240 Heimilislæknar sem starfa sem fluglæknar

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal tilkynna Flugöryggisstofnun og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef heimilislæknir má annast flugheilbrigðiskoðanir vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför á yfirráðasvæði þeirra.

ARA.MED.245 Samfellt eftirlit með fluglæknum og heimilislæknum

Þegar lögbæra yfirvaldið þróar áætlunina um samfellt eftirlit sem um getur í ARA.GEN.305 skal tillit tekið til fjölda fluglækna og heimilislækna, sem neyta réttinda sinna innan þess yfirráðasvæðis þar sem lögbæra yfirvaldið sér um eftirlit.

ARA.MED.250 Takmörkun, tímabundin ógilding eða afturköllun á vottorði fluglæknis

a) Lögbæra yfirvaldið skal takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð fluglæknis þegar:

1) fluglæknir uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur,

2) viðmiðanir fyrir vottun eða áframhaldandi vottun eru ekki uppfylltar,

3) skráahald um flugheilbrigði er ófullnægjandi eða röng gögn eða upplýsingar eru lagðar fram,

4) heilsufarsskrá, vottorð eða skjöl eru fölsuð,

5) upplýsingum sem varða umsókn um heilbrigðisvottorð eða handhafa heilbrigðisvottorðs er leynt eða gefnar eru rangar eða sviksamlegar yfirlýsingar eða staðhæfingar til lögbæra yfirvaldsins,

6) ekki er ráðið bót á frávikum sem komu í ljós við úttekt á starfsstöð fluglæknis og

7) vottaður fluglæknir óskar eftir því.

b) Vottorð fluglæknis skal afturkallað sjálfkrafa við eftirfarandi kringumstæður:

1) við afturköllun á starfsleyfi læknis, eða

2) við afskráningu af læknaskrá.

ARA.MED.255 Framfylgdarráðstafanir

Komi fram vísbendingar við eftirlit eða með öðrum hætti um að fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir uppfylli ekki kröfur skal leyfisyfirvaldið hafa ferli til að endurskoða þau heilbrigðisvottorð sem þetta fluglæknasetur, þessi fluglæknir eða heimilislæknir hefur verið út og getur ógilt þau, gerist þess þörf, til að tryggja flugöryggi.

III. ÞÁTTUR

Heilbrigðisvottorð

ARA.MED.315 Endurskoðun skoðunarskýrsla

Leyfisyfirvald skal hafa til staðar ferli til að:

a) endurskoða skoðunar- og matsskýrslur sem því berst frá fluglæknasetrum, fluglæknum og heimilislæknum og tilkynna þeim um ósamræmi, mistök eða skekkjur í matsferlinu, og

b) aðstoða fluglækna og fluglæknasetur, að þeirra beiðni, við að ákveða flugheilbrigði í umdeildum málum.

ARA.MED.325 Verklagsreglur við aðra endurskoðun

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur vegna endurskoðunar á jaðartilvikum og umdeildum málum með óháðum læknisfræðilegum ráðgjöfum, sem hafa reynslu á sviði fluglækninga, í því skyni að meta heilbrigði umsækjanda vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs og gefa ráð þar að lútandi.

I. viðbætir við ARA-HLUTA í VI. VIÐAUKA

Flugliðaskírteini

Flugliðaskírteini, sem aðildarríki gefur út í samræmi við FCL-hluta, skulu vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Efni. Það atriðisnúmer sem sýnt er skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. Atriði I til XI eru „föst " atriði og atriði XII til XIV eru „breytileg " atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjanlegir sem hluti af skírteininu.

1) Föst atriði:

I. Útgáfuríki skírteinis.

II. Titill skírteinis.

III. Raðnúmer skírteinisins sem hefst með landakóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL" og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.

IV. Nafn skírteinishafa (með latnesku letri, þótt letur þjóðtungunnar sé annað).

IVa. Fæðingardagur og -ár.

V. Heimilisfang skírteinishafa.

VI. Ríkisfang skírteinishafa.

VII. Undirskrift skírteinishafa.

VIII. Lögbært yfirvald og, ef nauðsyn krefur, skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.

IX. Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru.

X. Undirritun yfirmannsins, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur.

XI. Innsigli eða stimpill lögbæra yfirvaldsins.

2) Breytileg atriði

XII. Áritanir og vottorð: flokkur, tegund, kennaravottorð, o.s.frv., ásamt síðasta gildisdegi. Talstöðvaréttindi (R/T) mega koma fram á skírteiniseyðublaðinu eða á sérstöku skírteini.

XIII. Athugasemdir: þ.e. sérstakar áritanir er varða takmarkanir og áritanir réttinda, þ.m.t. skráning tungumálakunnáttu og áritanir fyrir loftför í II. viðauka sem notuð eru í flutningaflug.

XIV. Aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um (t.d. fæðingarstaður/upprunastaður).

b) Efni. Pappírinn, eða annað efni sem notað er, á að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað er afmáð. Allt sem fært er inn eða afmáð skal greinilega leyft af lögbæra yfirvaldinu.

c) Tungumál. Skírteini skulu rituð á þjóðtungunni og á ensku og öðrum tungumálum sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi.

Forsíða

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EVRÓPUSAMBANDIÐ (Aðeins enska) FLUGLIÐASKÍRTEINI (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) Gefið út í samræmi við FCL-hluta Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EASA-eyðublað nr. 141, 1. útgáfa		Kröfur „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB Stærð hverrar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4

Bls. 2

I	**Útgáfuríki**		Kröfur
III	**Skírteinisnúmer**		Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „.FCL.“.
IV	**Eftirnafn og fornafn handhafa.**		
IVa	**Fæðingardagur og -ár (sjá leiðbeiningar)**		Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 21.01.1995).
XIV	**Fæðingarstaður**		
V	**Heimilisfang handhafa:** Gata, borg, svæði, póstnúmer		
VI	**Ríkisfang**		
VII	**Undirskrift skírteinishafa**		
VIII	**Útgáfuyfirvöld** t.d.: Þetta atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar er gefið út á grundvelli atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks sem gefið er út af …… (þriðja land)		
X	**Undirskrift útgefanda og dagsetning**		
XI	**Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalda**		

Bls. 3

II	**Titill skírteinis, fyrsti útgáfudagur og landskóði**		Skammstafanir sem notaðar eru skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A), o.s.frv.) Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 21.01.1995).
IX	**Gildistími:** Réttinda skírteinisins skal aðeins neyta ef handhafi hefur gilt heilbrigðisvottorð fyrir viðkomandi réttindi. …… Persónuskilríki með ljósmynd skulu höfð meðferðis til þess að bera megi kennsl á skírteinishafa.		Þetta er ekki tiltekið skjal, en utan útgáfuríkis skírteinis nægir vegabréf.
XII	**Talfjarskiptaréttindi:** Handhafi þessa skírteinis hefur sýnt fram á hæfni til að nota talfjarskiptabúnað um borð í loftfari á ... (tilgreina tungumál).		
XIII	**Athugasemdir:** Tungumálakunnátta: (tungumál/stig/gildisdagur)		Allar viðbótarupplýsingar er varða skírteini og réttindi, sem mælt er fyrir um af Alþjóðaflugmálastofnun eða í tilskipunum/reglugerðum EB eða ESB, skulu skráðar hér. Áritun/áritanir um tungumálakunnáttu, stig og gildisdagur skulu einnig tilgreind. Ef um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létt loftför: Flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem er ekki gefið út í samræmi við staðal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Bls. 4

XII Áritanir, vottorð og réttindi **Áritanir sem þarf að framlengja**	
Flokkur/tegund/-blindflugsréttindi	**Athugasemdir og takmarkanir**
…… …… …… …… …… …… …… …… …… ……	…… …… …… …… …… …… …… …… …… ……
Kennarar	
……	……
Prófdómarar	
…… ……	…… ……

Kröfur

Þessar blaðsíður eru ætlaðar lögbæru yfirvaldi eða prófdómara sem hefur sérstakt leyfi í þessu skyni til að tilgreina kröfur í tengslum við fyrstu útgáfu áritana eða endurnýjun áritana sem fallnar eru úr gildi.

Fyrsta útgáfa áritana eða réttinda kennara og prófdómara skal alltaf færð inn af lögbæru yfirvaldi. Framlenging eða endurnýjun áritana eða vottorða skal færð inn af lögbæru yfirvaldi eða af prófdómurum með sérstakt leyfi.

Starfrækslutakmarkanir skulu færðar inn í Athugasemdir og takmarkanir hjá viðeigandi takmörkuðum réttindum, t.d. færnipróf vegna blindflugsáritunar sem tekið er með aðstoðarflugmanni, kennsluréttindi takmörkuð við eina tegund loftfars.

Bls. 5, 6 og 7:

Lögbæra yfirvaldið mun fjarlægja áritanir sem eru ekki í gildi úr skírteininu eigi síðar en 5 árum eftir síðustu framlengingu.

XII/XIII

Viðbótaráritun við skírteinið	**Dagsetning áritunarprófs**	**Dagsetning blindflugsprófs**	**Gildir til**	**Númer prófdómara-vottorðs**	**Undirskrift prófdómara**	

Bls. 8

Skammstafanir notaðar í þessu skírteini			
			t.d. ATPL (atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks), CPL (atvinnuflugmannsskírteini), IR (blindflugsáritun), R/T (talfjarskipti), MEP (fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli), FI (flugkennari), TRE (tegundarprófdómari), o.s.frv.

EASA-EYÐUBLAÐ nr. 141, 1. útgáfa.

II. viðbætir við ARA-HLUTA í VI. VIÐAUKA

Staðlað snið EASA-eyðublaðs vegna staðfestinga öryggis- og þjónustuliða

Staðfestingar öryggis- og þjónustuliða, sem gefnar eru út í samræmi við CC-hluta í aðildarríki, skulu vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

1. **STAÐFESTING ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA**

Gefin út í samræmi við CC-hluta

2. **Tilvísunarnúmer:**
3. **Útgáfuríki:**
4. **Fullt nafn handhafa:**
5. **Fæðingardagur- og ár og fæðingarstaður:**
6. **Ríkisfang:**
7. **Undirskrift handhafa:**
8. **Lögbært yfirvald:**
9. **Útgáfuaðili:** *Opinbert innsigli, stimpill eða kennimerki*
10. **Undirskrift útgefanda:**
11. **Útgáfudagur:**
12. Handhafi má aðeins neyta réttinda til að gegna hlutverki öryggis- og þjónustuliða á loftfari í flutningaflugi að því tilskildu að hann/hún uppfylli kröfurnar í CC-hluta um áframhaldandi hæfni og gildandi tegundarréttindi fyrir loftfar.

EASA-eyðublað nr. 142, 1. útgáfa

Leiðbeiningar:

a) Staðfesting öryggis- og þjónustuliða skal innihalda öll atriðin sem tilgreind eru í EASA-eyðublaði nr. 142, í samræmi við atriði 1-12 hér að neðan.

b) Stærðin skal vera einn áttundi af A4 og efnið sem notað er á að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað er afmáð.

c) Skjalið skal prentað á ensku og öðrum tungumálum sem lögbært yfirvald telur viðeigandi.

d) Skjalið skal útgefið af lögbæru yfirvaldi eða af fyrirtæki sem hefur hlotið samþykki til að gefa út staðfestingar öryggis- og þjónustuliða. Í síðara tilfellinu skal koma fram tilvísun í samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins.

e) Staðfesting öryggis- og þjónustuliða er viðurkennd í öllum aðildarríkjunum og er ekki nauðsynlegt að skipta henni ef unnið er í öðru aðildarríki.

Atriði 1: Fyrirsögnin „STAÐFESTING ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA“ og tilvísun í CC-hluta.

Atriði 2: Tilvísunarnúmer staðfestingar skal byrja á landskóða SÞ fyrir aðildarríkið og þar á eftir koma a.m.k. tvær síðustu tölur útgáfuársins og einstök tilvísun/einstakt númer í samræmi við kóða, sem lögbæra yfirvaldið kemur á fót (t.d. BE-08-xxxx).

Atriði 3: Aðildarríkið þar sem staðfestingin er gefin út.

Atriði 4: Fullt nafn (kenninafn og eiginnafn) eins og það kemur fram í opinberu persónuskilríki handhafa.

Atriði 5 og 6: Fæðingardagur - og ár og fæðingarstaður, sem og ríkisfang eins og það kemur fram í opinberu persónuskilríki handhafa.

Atriði 7: Undirskrift handhafa.

Atriði 8: Færa skal inn upplýsingar um auðkenni lögbærs yfirvalds í aðildarríki þar sem staðfestingin er gefin út og skulu þær veita fullt heiti lögbæra yfirvaldsins, póstfang, opinbert innsigli og kennimerki, ef það er til staðar.

Atriði 9: Sé lögbæra yfirvaldið útgáfuaðili skal færa inn heitið „lögbært yfirvald“ og opinbert innsigli eða stimpil.

Ef um er að ræða samþykkt fyrirtæki skulu upplýsingar um auðkenni færðar inn og skulu a.m.k. veita fullt heiti fyrirtækisins, póstfang og, ef við á, kennimerki og:

a) ef um er að ræða flugrekanda í flutningaflugi: númer flugrekandaskírteinis og ítarlega tilvísun í samþykki lögbæra yfirvaldsins til að sjá um þjálfun öryggis- og þjónustuliða og til að gefa út staðfestingar, eða

b) ef um er að ræða samþykkt þjálfunarfyrirtæki: tilvísunarnúmer viðeigandi samþykkis lögbærs yfirvalds.

Atriði 10: Undirskrift yfirmanns sem starfar fyrir hönd útgáfuaðila.

Atriði 11: Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 22.02.2008).

Atriði 12: Sama setning á ensku og ítarleg og nákvæm þýðing yfir á þau tungumál sem lögbært yfirvald telur viðeigandi.

III. viðbætir við ARA-HLUTA í VI. VIÐAUKA

VOTTORÐ SAMÞYKKTRA ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKJA (ATO)

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ SAMÞYKKTS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS

(NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS)

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan staðfestir (lögbært yfirvald) hér með að

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

(HEIMILISFANG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

er þjálfunarfyrirtæki sem er vottað í samræmi við ORA-hluta og hefur réttindi til að halda þjálfunarnámskeið í samræmi við FCL-hluta, þ.m.t. notkun flughermisþjálfa, eins og skráð er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs.

SKILYRÐI:

Réttindi og umfang þessa vottorðs takmarkast við það að veita þjálfunarnámskeið, þ.m.t. notkun flughermisþjálfa, eins og tilgreint er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs.

Þetta vottorð er í gildi á meðan samþykkt fyrirtæki uppfyllir ákvæði ORA-hluta, FCL-hluta og annarra viðeigandi reglugerða.

Með fyrirvara um að framangreind skilyrði eru uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

(Lögbært stjórnvald)

(*) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

VOTTORÐ SAMÞYKKTS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS

SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐS

Viðhengi við vottorð viðurkennds þjálfunarfyrirtækis nr.:

(NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS)

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

hefur öðlast réttindi til að veita og stýra eftirfarandi þjálfunarnámskeiðum í samræmi við FCL-hluta og til að nota eftirfarandi flughermisþjálfa:

Þjálfunarnámskeið	Flughermisþjálfi eða -þjálfar sem notaðir eru, þ.m.t. bókstafskóði (1)

([1]) Eins og tilgreint er í FSTD-viðurkenningarvottorðinu.

Þetta samþykki þjálfunarnámskeiðs er í gildi svo lengi sem:

a) vottorð samþykkta þjálfunarfyrirtækisins hefur ekki verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið, takmarkað eða afturkallað, og

b) öll starfræksla sé í samræmi við ORA-hluta, FCL-hluta, aðrar viðeigandi reglugerðir og, þegar við á, við verklagsreglur í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.

Útgáfudagur:

Undirskrift: (Lögbært stjórnvald)

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA)

EASA-EYÐUBLAÐ nr. 143 1. útgáfa – bls. 2/2

IV. viðbætir við ARA-hluta í VI. viðauka

FSTD-VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Inngangur

EASA-eyðublað nr. 145 skal notað fyrir FSTD-viðurkenningarvottorðið. Þetta skjal skal innihalda forskriftir fyrir flughermisþjálfann, þ.m.t. hvers kyns takmörkun/takmarkanir og sérstakt/sérstök leyfi eða samþykki eins og við á fyrir viðkomandi flughermisþjálfa. FSTD-viðurkenningarvottorðið skal prentað á ensku og á hverju öðru tungumáli sem lögbært yfirvald ákveður.

Breytanlegir flughermisþjálfar (e. *convertible FSTDs*) skulu hafa sérstakt FSTD-viðurkenningarvottorð fyrir hverja tegund loftfars. Ekki skal gerð krafa um sérstök FSTD-viðurkenningarvottorð fyrir aðrar vélar eða annan búnað sem tengdur er við flughermisþjálfa. Öll FSTD-viðurkenningarvottorð skulu hafa raðnúmer með bókstafskóða sem forskeyti sem skal eiga sérstaklega við þann flughermisþjálfa. Bókstafskóðinn skal eiga sérstaklega við útgáfuyfirvaldið.

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

FSTD-VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

TILVÍSUN:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan staðfestir (lögbæra yfirvaldið) hér með að

FLUGHERMISÞJÁLFI (TEGUND OG BÓKSTAFSKÓÐI)

sem staðsettur er hjá (HEITI og HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS)

hefur uppfyllt þær kröfur um viðurkenningu sem lýst er í OR-hluta, með fyrirvara um skilyrðin í meðfylgjandi forskriftum fyrir flughermisþjálfann

Þetta FSTD-viðurkenningarvottorð skal vera í gildi með fyrirvara um að flughermisþjálfinn og handhafi vottorðsins uppfylli áfram viðeigandi kröfur í OR-hluta, nema vottorðið hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað eða afturkallað.

Útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

(*) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

(lögbært yfirvald)

FSTD-VIÐURKENNINGARVOTTORÐ: (Tilvísun)

FORSKRIFTIR FYRIR FLUGHERMISÞJÁLFA

A. Tegund eða afbrigði loftfars:

B. Stig viðurkenningar flughermisþjálfa:

C. Aðal tilvísunarskjal:

D. Sjónkerfi:

E. Hreyfikerfi:

F. Uppsetning vélar:

G. Uppsetning mælitækja:

H. Uppsetning árekstrarvarakerfis (ACAS):

I. Vindhvörf:

J. Viðbótargeta:

K. Takmarkanir:

L. Leiðbeiningar um þjálfun, prófanir og mat á hæfni

CAT I	Flugbrautarskyggni (RVR)	m	Ákvörðunarhæð (DH)	fet	
CAT II	RVR	m	DH	fet	
CAT III	RVR	m	DH	fet	
(lægsta lágmark)					
Flugtak í lélegu skyggni (LVTO)	RVR	m			
Nýleg reynsla					
blindflugsþjálfun/-próf					/
Tegundaráritun					
Hæfnipróf					
Sjálfstýrt aðflug					
Sjálflending/leiðbeiningarkerfi fyrir lendingarbrun					/
Árekstrarvarakerfi I/II					/
Viðvörunarkerfi um vindhvörf/vindhvarfaspá					/
Veðurratsjá					
HUD/HUGS					/
Viftur					
Jarðvarakerfi (GPWS)/endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS)					/
Fjarflugsgeta (ETOPS)					
GPS-staðsetningarkerfi					
Annað					

Útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA)

V. viðbætir við ARA-hluta í VI. viðauka

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETURS

TILVÍSUN:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan staðfestir (lögbæra yfirvaldið) hér með að

(HEITI FYRIRTÆKISINS)

(HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS)

er fluglæknasetur með vottorð í samræmi við OR-hluta með réttindi og starfsemi sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við það sem tilgreint er í hlutanum um umfang samþykkisins í handbók samþykkta fyrirtækisins.
2. Í þessu vottorði er þess krafist að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ORA-hluta, sé fylgt.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu með fyrirvara um að kröfunum í OR-hluta sé fylgt, nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað eða ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

(*) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

VI. viðbætir við ARA-hluta í VI. viðauka

STAÐLAÐ SNIÐ EASA-HEILBRIGÐISVOTTORÐS

Þetta heilbrigðisvottorð skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Efni

1) Ríki þar sem flugmannsskírteinið var gefið út eða um það sótt (I),

2) Flokkur heilbrigðisvottorðs (II),

3) Númer vottorðs byrjar á landskóða SÞ fyrir það ríki þar sem flugmannsskírteinið var gefið út eða um það sótt og þar á eftir kemur kóði með tölum og/eða bókstöfum með arabískum tölustöfum og latnesku letri (III),

4) Nafn handhafa (IV),

5) Ríkisfang handhafa (VI),

6) Fæðingardagur- og ár handhafa: (dd/mm/áááá) (XIV),

7) Undirskrift handhafa (VII)

8) Takmörkun/takmarkanir (XIII)

9) Dagsetning þegar heilbrigðisvottorð fellur úr gildi (IX) fyrir:

flutningaflug með farþega í einstjórnarloftförum í 1. flokki,

annað en flutningaflug í 1. flokki,

2. flokk,

flugmannsskírteini fyrir létt loftför

10) Dagsetning heilbrigðisskoðunar

11) Dagsetning síðasta hjartalínurits

12) Dagsetning síðustu heyrnarmælingar

13) Útgáfudagur og undirritun fluglæknis eða læknisfræðilegs sérfræðings sem gaf út vottorðið (X). Bæta má heimilislæknum við þennan reit hafi þeir hæfni til að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt landslögum aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út.

14) Innsigli eða stimpill (XI)

b) Efni: Að undanskildum flugmannsskírteinum fyrir létt loftför sem gefin eru út af heimilislæknum skal pappírinn, eða annað efni sem notað er, koma í veg fyrir eða sýna greinilega allar breytingar eða ef eitthvað er afmáð. Allt sem fært er inn eða afmáð skal greinilega leyft af leyfisyfirvaldinu.

c) Tungumál: Skírteini skulu skrifuð á þjóðtungu(m) og á ensku og öðrum tungumálum sem leyfisyfirvaldið telur viðeigandi.

d) Allar dagsetningar á heilbrigðisvottorðinu skulu skrifaðar með sniðinu dd/mm/áááá.

e) Staðlað snið heilbrigðisvottorðs er sýnt í þessum viðbæti.

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EVRÓPUSAMBANDIÐ (Aðeins enska) Flokkur 1/2/LAPL HEILBRIGÐISVOTTORÐ er varða skírteini samkvæmt FCL-hluta (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) Gefið út í samræmi við FCL-hluta Þetta heilbrigðisvottorð uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að heilbrigðisvottorði vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför undanskildu (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EASA-eyðublað nr. 147, 1. útgáfa		Kröfur „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB Stærð hverrar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4

I	Þjóðtunga eða- tungur/*Yfirvald sem gaf út eða mun gefa út flugmannsskírteinið*
III	Þjóðtunga eða -tungur:/Vottorðsnúmer
IV	Þjóðtunga eða -tungur:/
	Eftirnafn og fornafn handhafa.
XIV	Þjóðtunga eða -tungur:/*Fæðingardagur og -ár: (dd/mm/áááá)*
VI	Þjóðtunga eða -tungur/*Ríkisfang*:
VII	Þjóðtunga eða -tungur/
	Undirskrift handhafa:
	2

XIII	Þjóðtunga eða -tungur/*Takmarkanir*:
	Kóði.
	Lýsing:
X	Þjóðtunga eða -tungur/ (*) *Útgáfudagur*:
	(dd/mm/áááá)
	Undirskrift fluglæknis/læknisfræðilegs sérfræðings/(heimilislæknis) sem gefur vottorðið út:
XI	Þjóðtunga eða -tungur/*Stimpill::*
	3

(*) Útgáfudagur er sá dagur sem vottorðið er gefið út og undirritað

	IX Þjóðtunga eða -tungur/ Síðasti gildisdagur vottorðsins	flutningaflug með farþega í einstjórnarloftförum í 1. flokki, (dd/mm/áááá)		
		1. flokkur (dd/mm/áááá)		
		2. flokkur (dd/mm/áááá)		
		LAPL (dd/mm/áááá)		
	Þjóðtunga eða -tungur/Dagsetning skoðunar: (dd/mm/áááá)			

MED.A.020 Skert heilbrigði

a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða vottorða ef:

1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,

2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti,

3) þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að hafa áhrif á flugöryggi.

b) Að auki skulu handhafar skírteina, án ástæðulausrar tafar, leita ráða fluglæknis ef þeir:

1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

3) hafa orðið fyrir verulegum líkamsmeiðslum sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði

4) hafa glímt við hvers kyns alvarleg veikindi sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

5) eru barnshafandi,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu, eða

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

VII. viðbætir við ARA-HLUTA í VI. VIÐAUKA

VOTTORÐ FLUGLÆKNA

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FLUGLÆKNIS

NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan vottar (lögbæra yfirvaldið) hér með

(NAFN FLUGLÆKNIS)

(HEIMILISFANG FLUGLÆKNIS)

sem fluglækni

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við réttindin sem tilgreind eru í viðhenginu við þetta vottorð fluglæknis.
2. Í þessu vottorði eru þess krafist að framkvæmdarreglum og verklagsreglum sem tilgreindar eru í MED-hlutanum, sé fylgt.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu í 3 ár, til (xx/yy/zzzz (**)), með fyrirvara um að kröfurnar í MED-hlutanum séu uppfylltar nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað eða ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur: xx/yy/zzzz Undirskrift: Lögbært yfirvald

(*) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB
(**) Síðasti gildisdagur: dagur/mánuður/ár

VOTTORÐ FLUGLÆKNIS

Viðhengi við fluglæknavottorð númer:

RÉTTINDI OG UMFANG

(Nafn og námstitill fluglæknis) hefur hlotið réttindi til að annast heilbrigðisskoðun og -mat vegna útgáfu heilbrigðisvottorða eins og fram kemur í töflunni hér á eftir og til að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir:

LAPL	(já/dagsetning)
2. flokk	(já/dagsetning)
framlengingu/endurnýjun 1. flokks	(já/dagsetning)/(nei)

Útgáfudagur: xx/yy/zzzz

Undirskrift: Lögbært yfirvald

VII. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA VARÐANDI FLUGÁHÖFN

(ORA-HLUTI)

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

I. ÞÁTTUR

Almenn atriði

ORA.GEN.105 Lögbært yfirvald

a) Að því er þennan hluta varðar skal lögbæra yfirvaldið, sem sér um eftirlit með:

1) fyrirtækjum sem hafa skyldur varðandi vottun, vera:

i. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, yfirvaldið sem það aðildarríki tilnefnir,

ii. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi, Flugöryggisstofnunin,

2) flughermisþjálfum, vera:

i. Flugöryggisstofnunin, fyrir flughermisþjálfa:

— sem staðsettir eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, eða

— sem staðsettir eru innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og starfræktir af fyrirtækjum sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi,

ii. fyrir flughermisþjálfa, sem staðsettir eru innan yfirráðasvæðis aðildarríkja og starfræktir af fyrirtæki sem er með höfuðstöðvar í aðildarríki, yfirvaldið sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem fyrirtækið, sem starfrækir flughermisþjálfann, hefur höfuðstöðvar sínar eða Flugöryggisstofnunin, ef hlutaðeigandi aðildarríki fer fram á það.

b) Þegar flughermisþjálfi, sem er staðsettur utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, er starfræktur af fyrirtæki sem vottað er af aðildarríki, skal Flugöryggisstofnun viðurkenna þennan flughermisþjálfa í samvinnu við aðildarríkið sem vottaði fyrirtækið sem starfrækir slíkan flughermisþjálfa.

ORA.GEN.115 Umsókn um fyrirtækjavottorð

a) Umsókn um fyrirtækjavottorð eða breytingu á fyrirliggjandi vottorði skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn skulu umsækjendur láta lögbæru yfirvaldi í té gögn sem sýna hvernig þeir ætla að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Slík gögn skulu innihalda verklagsreglur sem lýsa hvernig breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, verða meðhöndlaðar og tilkynntar til lögbæra yfirvaldsins.

ORA.GEN.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókinni eða verklagsreglur sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

Fyrirtækið má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ARA.GEN.120.

ORA.GEN.125 Skilmálar samþykkis og réttindi fyrirtækis

Vottað fyrirtæki skal virða gildissvið og réttindi sem skilgreind eru í skilmálum samþykkis, sem fylgir með vottorði fyrirtækisins.

ORA.GEN.130 Breytingar á fyrirtækjum

a) Allar breytingar sem hafa áhrif á:

1) gildissvið vottorðsins eða skilmála samþykkis fyrirtækis, eða

2) einhverja þætti í stjórnunarkerfi fyrirtækisins sem gerð er krafa um í 1. og 2. lið a-liðar í ORA.GEN.200,

krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

b) Fyrir allar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en nokkrar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ARA.GEN.330.

Fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um á meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og það er skilgreint í verklaginu, sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi í samræmi við c-lið ARA.GEN.310.

ORA.GEN.135 Áframhaldandi gildi

a) Vottorð fyrirtækisins skal áfram vera í gildi með fyrirvara um:

1) að fyrirtækið fullnægi áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í ORA.GEN.150,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtækinu, eins og skilgreint er í ORA.GEN.140, til að staðfesta að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar sé áfram fullnægt, og

3) að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar vottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

ORA.GEN.140 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar er fullnægt skal fyrirtæki veita aðgang að öllum búnaði, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum og öðru efni sem viðkemur starfseminni, sem á að votta, hvort sem það er bundið í samning eða ekki, öllum einstaklingum sem hafa heimild:

a) lögbæra yfirvaldsins, sem skilgreint er í ORA.GEN.105, eða

b) yfirvaldsins, sem starfar í samræmi við ákvæði d- eða e-lið ARA.GEN.300 eða ARO.RAMP.

ORA.GEN.150 Frávik

Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik skal fyrirtæki:

a) greina frumorsök þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum,

b) semja leiðréttingaráætlun, og

c) sýna fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta þannig að lögbæru yfirvaldi þyki fullnægjandi innan tímabils sem samið er um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í d-lið ARA.GEN.350.

ORA.GEN.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Fyrirtækið skal framkvæma:

a) allar öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ARA.GEN.135, og

b) allar viðeigandi skyldubundnar upplýsingar um öryggismál sem Flugöryggisstofnun gefur út, þ.m.t. lofthæfifyrirmæli.

ORA.GEN.160 Tilkynning atvika

a) Fyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, og öðrum fyrirtækjum sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 (1) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB (2).

b) Án þess að hafa áhrif á a-lið skal fyrirtækið tilkynna lögbæra yfirvaldinu og fyrirtækinu sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins um öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar sem er að finna í gögnum, í samræmi við 21. hluta, eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa eða kunna hafa áhrif á örugga starfrækslu loftfars, en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.

c) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 996/2010, tilskipun 2003/42/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 (3) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 (4), skulu skýrslurnar sem vísað er til í a- og b-lið gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.

d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

e) Þar sem við á skal fyrirtækið gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

II. ÞÁTTUR

Stjórnun

ORA.GEN.200 Stjórnunarkerfi

a) Fyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

1) að skilgreina skýrt skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á öryggginu,

2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnan,

3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,

4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,

(1) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.
(2) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.
(3) Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.
(4) Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

5) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

6) aðgerð til að hafa eftirlit með því að fyrirtækið fari að viðeigandi kröfum. Í eftirliti með því að verklagsreglum sé fylgt skal vera fólgið kerfi upplýsingastreymis til baka til ábyrgðarmannsins til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta, og

7) allar viðbótar kröfur sem lýst er í viðeigandi kafla þessa hluta eða öðrum viðeigandi hlutum.

b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi hennar og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hætta og tilheyrandi áhætta, sem eðlilega fylgja þessari starfsemi.

ORA.GEN.205 Útvistuð starfsemi

a) Útvistuð starfsemi felur í sér alla starfsemi, innan gildissviðs samþykkis fyrirtækisins, sem fer fram hjá öðru fyrirtæki sem er annaðhvort sjálft vottað fyrir slíka starfsemi eða, er ekki vottað en starfar innan ramma samþykkis fyrirtækisins sem stendur að samningnum. Fyrirtækið skal tryggja að sú þjónusta eða vara sem er útvistuð eða aðkeypt uppfylli viðeigandi kröfur þegar einhver hluti starfseminnar er útvistaður eða aðkeyptur.

b) Þegar vottaða fyrirtækið útvistar hluta af starfsemi sinni til annars fyrirtækis, sem er ekki vottað í samræmi við þennan hluta til að sinna slíkri starfsemi, skal fyrirtækið, sem samið er við, starfa innan ramma samþykkis fyrirtækisins sem stendur að samningnum. Fyrirtækið sem stendur að samningnum skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

ORA.GEN.210 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á fót og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.

b) Fyrirtækið skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að tryggja að fyrirtækið uppfylli ávallt viðeigandi kröfur. Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

c) Fyrirtækið skal hafa nógu fjölmennt hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.

d) Fyrirtækið skal halda viðeigandi skrár yfir reynslu, menntun og hæfni og þjálfun til að uppfylla ákvæði c-liðar.

e) Fyrirtækið skal tryggja að öllu starfsfólki verði kynntar þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli þegar skyldustörf þeirra eru innt af hendi.

ORA.GEN.215 Kröfur um aðstöðu

Fyrirtækið skal hafa aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stjórna öllum fyrirhuguðum verkefnum og starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur.

ORA.GEN.220 Skráahald

a) Fyrirtækið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir mögulega viðunandi geymslu og áreiðanlegan rekjanleika hvað varðar alla starfsemi sem hefur verið þróuð, sem tekur sérstaklega til allra þeirra þátta sem taldir eru upp í ORA.GEN.200.

b) Snið skýrslna skal tilgreint í verklagsreglum fyrirtækisins.

c) Geyma skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

ATO-KAFLI

SAMÞYKKT ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKI

I. ÞÁTTUR

Almennt

ORA.ATO.100 Gildissvið

Með þessum kafla er komið á fót kröfum sem fyrirtæki, sem veita þjálfun í tengslum við flugmannsskírteini og tengdar áritanir og vottorð, þurfa að uppfylla.

ORA.ATO.105 Umsókn

a) Þeir sem sækja um útgáfu vottorðs sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki skulu afhenda lögbæru yfirvaldi:

1) eftirtaldar upplýsingar:

i. heiti og heimilisfang þjálfunarfyrirtækisins,

ii. dagsetning sem áætlað er að hefja starfsemi,

iii. persónulegar upplýsingar og starfsréttindi skólastjóra (HT), flugkennara, flugkennara sem kennir í flughermisþjálfa og kennara í bóklegum greinum,

iv. nafn/nöfn og heimilisfang/-föng flugvallar eða flugvalla og/eða starfrækslusvæða þar sem þjálfun á að fara fram,

v. skrá yfir loftför sem nota á við þjálfun, þ.m.t. hópur, flokkur eða tegund, skráning, eigendur og flokkur lofthæfivottorðs, ef við á,

vi. skrá yfir flughermisþjálfa sem þjálfunarfyrirtækið hyggst nota, ef við á,

vii. tegund þjálfunar sem þjálfunarfyrirtækið hyggst veita og samsvarandi þjálfunaráætlun, og

2) rekstrar- og þjálfunarhandbækurnar.

b) Þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugþjálfun. Þrátt fyrir iv. og v. lið í 1. lið a-liðar þurfa þjálfunarfyrirtæki, sem veita reynsluflugþjálfun, aðeins að gefa upp:

1) nafn/nöfn og heimilisfang/föng helstu flugvalla og/eða starfrækslusvæða þar sem þjálfun á að fara fram, og

2) skrá yfir tegundir og flokka loftfara sem nota á við reynsluflugsþjálfunina.

c) Ef breyta á vottorðinu skulu umsækjendur afhenda lögbæru yfirvaldi viðeigandi hluta af þeim upplýsingum og gögnum sem vísað er til í a-lið.

ORA.ATO.110 Kröfur til starfsfólks

a) Tilnefna skal skólastjóra. Skólastjóri skal hafa umfangsmikla reynslu sem kennari á þeim sviðum sem viðeigandi eru fyrir þá þjálfun sem samþykkta þjálfunarfyrirtækið veitir og skal hafa góða stjórnunarhæfileika.

b) Skyldur skólastjóra skulu m.a. vera:

1) að tryggja að þjálfunin, sem veitt er, uppfylli kröfur FCL-hluta og, ef um er að ræða reynsluflugsþjálfun, að koma á fót viðeigandi kröfum í 21. hluta og þjálfunaráætlun,

2) að tryggja fullnægjandi samþættingu milli flugkennslu í loftfari eða flughermisþjálfa og kennslu í bóklegri þekkingu, og

3) að hafa eftirlit með framvindu hvers nemanda.

c) Kennarar í bóklegri þekkingu skulu hafa:

1) starfsreynslu í flugi á sviðum sem máli skipta fyrir þá þjálfun sem veitt er og hafa tekið námskeið í kennslutækni, eða

2) reynslu af kennslu í bóklegum greinum og hafa viðeigandi fræðilegan bakgrunn í þeirri námsgrein sem þeir munu veita kennslu í.

d) Flugkennarar og kennarar sem kenna í flughermisþjálfa skulu hafa réttindi og hæfi sem gerð er krafa um í FCL-hluta fyrir þá tegund kennslu sem þeir veita.

ORA.ATO.120 Skráahald

Eftirtaldar skýrslur skal geyma í a.m.k. 3 ár eftir að þjálfun er lokið:

a) upplýsingar um kennslu í bóklegum greinum, í flugi og í flugþjálfa sem hver nemandi fær,

b) ítarlegar og reglubundnar skýrslur um framfarir frá kennara, þ.m.t. mat og reglubundin flugpróf og próf í bóklegri þekkingu til að meta framfarir, og

c) upplýsingar um skírteini og tengdar áritanir og vottorð nemenda, þ.m.t. þær dagsetningar þegar heilbrigðisvottorð eða áritanir falla úr gildi.

ORA.ATO.125 Þjálfunaráætlun

a) Þjálfunaráætlun skal gerð fyrir hverja tegund námskeiðs sem halda skal.

b) Þjálfunaráætlunin skal uppfylla kröfur í FCL-hluta og, ef um er að ræða reynsluflugsþjálfun, viðeigandi kröfur í 21. hluta.

ORA.ATO.130 Þjálfunarhandbók og flugrekstrarhandbók

a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal koma á fót og viðhalda þjálfunarhandbók og flugrekstrarhandbók með upplýsingum og fyrirmælum sem gera starfsliðinu kleift að gegna skyldum sínum og vera nemendum til leiðbeiningar um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra í náminu.

b) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal veita starfsliði og, þegar við á, nemendum aðgang að þeim upplýsingum sem eru í þjálfunarhandbókinni, flugrekstrarhandbókinni og skjölum er varða samþykki samþykkta þjálfunarfyrirtækisins.

c) Ef um er að ræða samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugsþjálfun skal flugrekstrarhandbókin uppfylla kröfur um flugrekstrarhandbækur fyrir reynsluflug, sem komið er á fót í 21. hluta.

d) Í flugrekstrarhandbókinni skal kveðið á um áætlun um fartímamörk fyrir flugkennara, þ.m.t. hámarksflugtímar, hámarkstímar á flugvakt og lágmarkshvíldartímar milli kennsluskyldu í samræmi við ORO-hluta.

ORA.ATO.135 Loftför til þjálfunar og flughermisþjálfar

a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem hæfa þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru.

b) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal aðeins veita kennslu á flughermisþjálfa þegar það er að sýna lögbæru yfirvaldi:

1) að forskriftir flughermisþjálfans séu fullnægjandi fyrir hlutaðeigandi þjálfunaráætlun,

2) að flughermisþjálfar, sem notaðir eru, uppfylli viðeigandi kröfur FCL-hluta,

3) ef um er að ræða flugherma með fullri hreyfingu (FFS), að þeir líki með fullnægjandi hætti eftir viðeigandi tegund loftfars, og

4) að það hafi komið á kerfi til að hafa fullnægjandi eftirlit með breytingum á flughermisþjálfanum og til að tryggja að þessar breytingar hafi ekki áhrif á hentugleika þjálfunaráætlunarinnar.

c) Sé loftfarið, sem notað er í færniprófinu, af annarri tegund en flughermirinn með fullri hreyfingu, sem notaður er við þjálfun í sjónflugi, skal hámarksviðurkenning takmarkast við það sem veitt er fyrir flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II) fyrir flugvélar og flugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III) fyrir þyrlur í hlutaðeigandi flugþjálfunaráætlun.

d) Þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugsþjálfun. Loftför sem notuð eru við reynsluflugsþjálfun skal búin viðeigandi tækjabúnaði til reynsluflugs, allt eftir tilgangi þjálfunarinnar.

ORA.ATO.140 Flugvellir og starfrækslusvæði

Þegar flugþjálfun er veitt í loftfari skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið nota flugvelli eða starfrækslusvæði, sem hafa viðeigandi aðstöðu og einkenni til að þjálfa viðeigandi flugbrögð að teknu tilliti til þeirrar þjálfunar sem boðið er upp á og þess flokks og þeirrar tegundar loftfars sem notast er við.

ORA.ATO.145 Skilyrði fyrir þjálfun

a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að nemendur uppfylli öll skilyrði fyrir þjálfun, sem komið er á fót í MED-hluta, FCL-hluta og, ef við á, eins og skilgreint er í gögnunum, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

b) Ef um er að ræða samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugsþjálfun skulu nemendur uppfylla öll skilyrði fyrir þjálfun sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

ORA.ATO.150 Þjálfun í þriðju löndum

Þegar samþykkt þjálfunarfyrirtæki hefur samþykki til að veita blindflugsþjálfun í þriðju löndum:

a) skal þjálfunaráætlunin innihalda æfingarflug til aðlögunar (e. *acclimatisation flying*) í einu aðildarríkjanna áður en tekið er færnipróf til blindflugsáritunar, og

b) skal færniprófið til blindflugsáritunar tekið í einu aðildarríkjanna.

II. ÞÁTTUR

Viðbótarkröfur til samþykktra þjálfunarfyrirtækja sem veita þjálfun vegna atvinnuflugmannsskírteinis, fjölstjórnar-skírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks og tengdar áritanir og vottorð

ORA.ATO.210 Kröfur til starfsfólks

a) Skólastjóri. Nema ef um er að ræða samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugsþjálfun skal tilnefndur skólastjóri hafa víðtæka reynslu í þjálfun sem kennari til atvinnuflugmannsskírteina og tengdra áritana eða vottorða.

b) Yfirflugkennari (CFI). Samþykkta þjálfunarfyrirtækið sem veitir flugkennslu skal tilnefna yfirflugkennara sem ber ábyrgð á eftirliti með flugkennurum og flugþjálfakennurum og á stöðlun allrar flugkennslu og kennslu í flughermi. Yfirflugkennari skal hafa hæsta skírteini flugmanns í atvinnuflugi og tilheyrandi áritanir sem tengist þeim flugnámskeiðum sem hann stjórnar og hafa kennaravottorð með réttindi til að kenna á a.m.k. einu af þeim þjálfunarnámskeiðum sem eru í boði.

c) Yfirkennari í bóklegum greinum (CTKI). Samþykkta þjálfunarfyrirtækið sem veitir bóklega kennslu skal tilnefna yfirkennara í bóklegum greinum sem ber ábyrgð á eftirliti með öllum kennurum bóklegra greina og á stöðlun allrar kennslu í bóklegum greinum. Yfirkennarinn í bóklegum greinum skal hafa víðtæka reynslu sem kennari í bóklegum greinum á þeim sviðum sem viðeigandi eru fyrir þá þjálfun sem samþykkta þjálfunarfyrirtækið veitir.

ORA.ATO.225 Þjálfunaráætlun

a) Í áætluninni skal vera sundurliðun kennslu í flugi og bóklegum greinum, annaðhvort eftir vikum eða áföngum, skrá yfir staðlaðar æfingar og námskrá.

b) Efni og uppröðun þjálfunaráætlunarinnar skal tilgreint í þjálfunarhandbókinni.

ORA.ATO.230 Þjálfunarhandbók og flugrekstrarhandbók

a) Í þjálfunarhandbókinni skulu skráðir staðlar, markmið og lokatakmark þjálfunar í hverjum áfanga hennar, sem krafist er að nemendur fari eftir, og skal innihalda eftirfarandi:

— Þjálfunaráætlun

— Kynning og flugæfingar

— Flugkennsla í flughermisþjálfa, ef við á

— Kennsla í bóklegum greinum.

b) Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera upplýsingar sem eiga við hvern einstakan hóp starfsliðs, t.d. flugkennara, kennara sem kenna í flugþjálfa, kennara bóklegra greina, starfsfólk við flugrekstur og viðhald og skal innihalda upplýsingar um almenn atriði, tæknileg atriði, flugleið og þjálfun starfsliðs.

III. ÞÁTTUR

Viðbótarkröfur fyrir samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem veita sérstaka þjálfun

1. kafli

F j a r n á m s k e i ð

ORA.ATO.300 Almennt

Samþykkta þjálfunarfyrirtækið getur fengið samþykki til að halda áfangaskipt námskeið með fjarnámstækni í eftirfarandi tilfellum:

a) áfangaskipt námskeið í kennslu í bóklegum fræðum,

b) viðbótarnámskeið í bóklegri þekkingu fyrir flokks- eða tegundaráritun, eða

c) viðurkennd aðgangsnámskeið í bóklegum fræðum til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla þyrlu.

ORA.ATO.305 Kennsla í skóla

a) Kennsla í kennslustofu skal innifalin í öllum námsgreinum á áfangaskiptum fjarnámskeiðum.

b) Tími sem notaður er til kennslu í kennslustofu skal ekki vera minna en 10% af heildartíma námskeiðsins.

c) Í þessu skyni skulu kennslustofur vera til staðar annaðhvort þar sem meginstarfsemi þjálfunarfyrirtækisins er skráð eða í viðeigandi aðstöðu annars staðar.

ORA.ATO.310 Kennarar

Allir kennarar skulu vera vel kunnugir kröfum námskeiðanna sem kennd eru í fjarnámi.

2. kafli

Þ j á l f u n s e m f e r e i n g ö n g u f r a m í f l u g h e r m i (e. Z e r o F l i g h t - T i m e T r a i n i n g)

ORA.ATO.330 Almenn atriði

a) Samþykki fyrir þjálfun sem fer eingöngu fram í flughermi, eins og tilgreint er í FCL-hluta, skal aðeins veitt samþykktum þjálfunarfyrirtækjum sem einnig hafa réttindi til að stunda flutningaflug eða samþykktum þjálfunarfyrirtækjum sem hafa gert sérstaka samninga við flugrekendur sem stunda flutningaflug.

b) Samþykki fyrir þjálfun sem fer eingöngu fram í flughermi skal aðeins veitt ef flugrekandinn hefur a.m.k. 90 daga reynslu í starfrækslu viðkomandi tegundar flugvélar.

c) Ef um er að ræða þjálfun sem eingöngu fer fram í flughermi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem hefur sérstaka samninga við flugrekanda, þarf ekki að uppfylla kröfuna um 90 daga starfsreynslu ef tegundarkennarinn (TRI(A)) sem tekur þátt í viðbótarflugtökunum og lendingum, sem gerð er krafa um í ORO-hluta, hefur reynslu í starfrækslu viðkomandi tegundar flugvélar.

ORA.ATO.335 Flughermir með fullri hreyfingu (FFS)

a) Flughermirinn með fullri hreyfingu sem nota á fyrir þjálfun eingöngu í flughermi skal vera nothæfur í samræmi við viðmiðanir stjórnunarkerfis samþykkta þjálfunarfyrirtækisins.

b) Hreyfi- og sjónkerfi flughermisins með fullri hreyfingu skulu vera í fullkomnu lagi í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir flughermi með fullri hreyfingu, eins og um getur í ORA.FSTD.205.

3. kafli

Námskeið vegna fjölstjórnarskírteina (MPL)

ORA.ATO.350 Almennt

Réttindin til að halda samtvinnuð þjálfunarnámskeið vegna fjölstjórnarskírteina og kennaranámskeið vegna fjölstjórnarskírteina skulu aðeins veitt samþykktu þjálfunarfyrirtæki ef það hefur einnig réttindi til að stunda flutningaflug eða hefur sérstakan samning við flugrekanda í flutningaflugi.

4. kafli

Reynsluflugsþjálfun

ORA.ATO.355 Þjálfunarfyrirtæki sem veita reynsluflugþjálfun

a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið sem hefur verið samþykkt til að veita reynsluflugsþjálfun vegna útgáfu reynsluflugsáritana í flokki 1 eða 2 í samræmi við FCL-hluta getur fengið viðbótarréttindi til að veita þjálfun fyrir aðra flokka reynsluflugs og aðra flokka starfsfólks í reynsluflugi, að því tilskildu að:

1) viðeigandi kröfur 21. hluta séu uppfylltar, og

2) að sérstakt fyrirkomulag sé til staðar milli samþykkta þjálfunarfyrirtækisins og fyrirtækis skv. 21. hluta, sem hefur ráðið, eða hyggst ráða, slíkt starfsfólk.

b) Í þjálfunarskrám skulu vera skriflegar skýrslur nemandans, eins og farið er fram á í þjálfunaráætluninni, þ.m.t., eftir atvikum, gagnavinnsla og greining á skráðum breytum sem skipta máli fyrir þá tegund reynsluflugs.

FSTD-KAFLI

KRÖFUR VEGNA FYRIRTÆKJA SEM STARFRÆKJA FLUGHERMISÞJÁLFA (FSTD) OG VIÐURKENNINGU FLUGHERMISÞJÁLFA

I. ÞÁTTUR

Kröfur til fyrirtækja sem starfrækja flughermisþjálfa

ORA.FSTD.100 Almennt

a) Umsækjandi um FSTD-viðurkenningarvottorð skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á að hann hafi komið á stjórnunarkerfi í samræmi við II. þátt ORA.GEN. Þetta á að tryggja að umsækjandinn hafi, beint eða í gegnum samning, getu til að viðhalda afköstum, virkni og öðrum eiginleikum sem tilgreindir eru fyrir stig viðurkenningar flughermisþjálfans og til að stjórna uppsetningu hans.

b) Ef umsækjandinn er handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs sem gefið er út í samræmi við þennan hluta skulu forskriftir flughermisþjálfans tilgreindar:

1) í skilmálum í vottorði samþykkta þjálfunarfyrirtækisins, eða

2) ef um er að ræða handhafa flugrekandaskírteinis, í þjálfunarhandbókinni.

ORA.FSTD.105 Viðurkenningu flughermisþjálfa viðhaldið

a) Til að viðhalda viðurkenningu flughermisþjálfa skal handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs framkvæma öll prófin sem eru í aðalhandbókinni (MQTG) sem og virknipróf og huglæg próf stig af stigi á 12 mánaða tímabili.

b) Niðurstöður skulu dagsettar, merktar sem greindar og metnar, og þeim viðhaldið í samræmi við ORA.FSTD.240, til að sýna fram á að stöðlum flughermisþjálfans sé viðhaldið.

c) Kerfi til að stjórna flugham skal komið á til að tryggja að vélbúnaður og hugbúnaður í viðurkenndum flughermisþjálfa verði áfram áreiðanlegur.

ORA.FSTD.110 Breytingar

a) Handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs skal koma á og viðhalda kerfi til að skilgreina, meta og koma öllum mikilvægum breytingum á í þeim flughermisþjálfum sem hann starfrækir, sérstaklega:

1) öllum breytingum á loftfari sem eru nauðsynlegar fyrir þjálfun, prófun og mat á hæfni, óháð því hvort mælt er fyrir um þær í lofthæfifyrirmælum, og

2) öllum breytingum á flughermisþjálfa, þ.m.t. hreyfi- og sjónkerfi, þegar þær eru nauðsynlegar fyrir þjálfun, prófun og mat á hæfni, t.d. við endurskoðun gagna.

b) Breytingar á vélbúnaði og hugbúnaði flughermisþjálfans sem hafa áhrif á stjórnun, afkastagetu og starfsemi kerfis eða umtalsverðar breytingar á hreyfi- eða sjónkerfi skulu metnar til að ákvarða áhrif þeirra á upphaflegu viðmiðanirnar fyrir viðurkenningu. Fyrirtækið skal undirbúa breytingar vegna allra fullgildingarprófana sem orðið hafa fyrir áhrifum. Fyrirtækið skal prófa flughermisþjálfann samkvæmt nýjum viðmiðunum.

c) Fyrirtækið skal upplýsa lögbæra yfirvaldið fyrir fram um allar meiriháttar breytingar til að ákvarða hvort prófin sem gerð eru séu fullnægjandi. Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða hvort sérstakt mat á flughermisþjálfanum sé nauðsynlegt áður en þjálfun er haldið áfram eftir breytingu.

ORA.FSTD.115 Búnaður

a) Handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs skal tryggja:

1) að flughermisþjálfinn sé hýstur í viðeigandi umhverfi sem gefur möguleika á öruggri og áreiðanlegri starfrækslu,

2) að allir notendur flughermisþjálfa og viðhaldsstarfsfólk fái upplýsingar um öryggi flughermisþjálfa til að tryggja að þau þekki allan öryggisbúnað og allar öryggisreglur í flughermisþjálfanum í neyðarástandi, og

3) að flughermisþjálfinn og búnaður hans uppfylli staðbundnar reglur varðandi heilbrigði og öryggi.

b) Öryggisbúnað flughermisþjálfa, svo sem neyðarstöðvun og neyðarlýsingu, skal athuga og skrá a.m.k. árlega.

ORA.FSTD.120 Viðbótarbúnaður

Ef viðbótarbúnaði hefur verið bætt við í flughermisþjálfann, jafnvel þó þess sé ekki krafist vegna viðurkenningar, skal búnaðurinn metinn af lögbæru yfirvaldi til að tryggja að hann hafi ekki neikvæð áhrif á gæði þjálfunar.

II. ÞÁTTUR

Kröfur um viðurkenningu flughermisþjálfa

ORA.FSTD.200 Umsókn um viðurkenningu flughermisþjálfa

a) Umsóknin um FSTD-viðurkenningarvottorð skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður:

1) hvað varðar grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD) skal það vera í höndum framleiðanda tækisins,

2) hvað varðar öll önnur tilvik skal það vera í höndum fyrirtækisins sem hyggst starfrækja flughermisþjálfann.

b) Umsækjendur um fyrstu viðurkenningu skulu veita lögbæra yfirvaldinu gögn sem sýna fram á hvernig þeir muni uppfylla kröfurnar sem settar eru í þessari reglugerð. Slík gögn skulu innihalda verklagið sem komið er á til að tryggja að farið sé að ákvæðum ORA.GEN.130 og ORA.FSTD.230.

ORA.FSTD.205 Vottunarforskriftir fyrir flughermisþjálfa

a) Í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skal Flugöryggisstofnunin gefa út vottunarforskriftir sem staðlaða leið til að sýna fram á að flughermisþjálfi uppfylli grunnkröfur III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

b) Slíkar votturnarforskriftir skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að greina umsækjendum frá hvaða skilyrði gilda fyrir útgáfu viðurkenningar.

ORA.FSTD.210 Grundvöllur viðurkenningar

a) Grundvöllur viðurkenningar vegna útgáfu FSTD-viðurkenningarvottorðs skal fela í sér:

1) viðeigandi vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin hefur komið á, og sem voru í gildi á þeim degi sem sótt var um fyrstu viðurkenningu,

2) fullgildingargögn loftfars sem skilgreind eru í gögnunum sem samþykkt eru skv. 21. hluta, ef við á, og

3) öll viðeigandi skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um ef tengdar vottunarforskriftir innihalda ekki viðunandi eða viðeigandi staðla fyrir flughermisþjálfann vegna þess að hann hefur nýja eða öðruvísi eiginleika en þeir sem gildandi vottunarforskriftir eru byggðar á.

b) Grundvöllur viðurkenningar skal vera viðeigandi fyrir síðari, endurteknar viðurkenningar flughermisþjálfa, nema hann verði endurflokkaður.

ORA.FSTD.225 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu, flugþjálfunartækis eða flugleiðsöguþjálfa skal vera í gildi með fyrirvara um:

1) að flughermisþjálfinn og fyrirtækið, sem starfrækir hann, uppfylli áfram viðeigandi kröfur,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtækinu, eins og skilgreint er í ORA.GEN.140, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar séu áfram uppfylltar, og

3) að FSTD-viðurkenningarvottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Tólf mánaða tímabilið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. b-liðar ARA.FSTD.120, má framlengja í allt að 36 mánuði að hámarki, við eftirfarandi aðstæður:

1) flughermisþjálfinn hefur farið í gegnum upphaflegt mat og a.m.k. eitt endurtekið mat sem hefur staðfest að hann samræmist grundvelli viðurkenningar,

2) handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs hefur staðist reglubundið mat á flughermisþjálfa með fullnægjandi hætti síðastliðna 36 mánuði,

3) lögbæra yfirvaldið framkvæmir formlega úttekt á samræmiseftirlitskerfi fyrirtækisins, sem skilgreint er í 6. mgr. a-liðar ORA.GEN.200, á 12 mánaða fresti, og

4) tilnefndur einstaklingur í fyrirtækinu með fullnægjandi reynslu fer yfir reglulegar endurtekningar á handbókinni um viðurkenningarpróf (QTG) og framkvæmir viðeigandi virknipróf og huglæg próf á 12 mánaða fresti og sendir lögbæru yfirvaldi skýrslu með niðurstöðunum.

c) Viðurkenning grunnþjálfunartækis fyrir blindflug heldur gildi sínu með því skilyrði að lögbæra yfirvaldið meti reglulega hvort tækið samræmist gildandi grundvelli viðurkenningar, í samræmi við ARA.FSTD.120.

d) Þegar FSTD-viðurkenningarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

ORA.FSTD.230 Breytingar á viðurkenndum flughermisþjálfa

a) Handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs skal gera lögbæru yfirvaldi viðvart um allar fyrirhugaðar breytingar á flugþjálfanum, svo sem:

1) meiri háttar lagfæringar,

2) flutningur á flughermisþjálfa, og

3) flughermisþjálfi gerður óvirkur.

b) Ef um er að ræða uppfærslu á stigi viðurkenningar flughermisþjálfa skal fyrirtækið sækja um uppfærslumat hjá lögbæru yfirvaldi. Fyrirtækið skal gera öll fullgildingarpróf fyrir það stig viðurkenningar sem sótt er um. Niðurstöður mats sem áður hefur farið fram skulu ekki notaðar til að fullgilda afkastagetu flughermisþjálfa hvað varðar núverandi uppfærslu.

c) Þegar flughermisþjálfi er fluttur á nýjan stað skal fyrirtækið tilkynna lögbæru yfirvaldi fyrir fram þar um og leggja fram áætlun um atburði sem tengjast því.

Áður en flughermisþjálfi er aftur tekinn í notkun á nýjum stað skal fyrirtækið framkvæma a.m.k. einn þriðja af fullgildingarprófunum og virkniprófunum og huglægu prófunum til að tryggja að afkastageta flughermisþjálfans uppfylli upprunalegan viðurkenningarstaðal. Geyma skal afrit af prófunargögnum ásamt skýrslum um flughermisþjálfann til að lögbæra yfirvaldið geti farið yfir þau.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framkvæma mat á flughermisþjálfanum eftir flutninginn. Matið skal vera í samræmi við upprunalegan grundvöll viðurkenningar flughermisþjálfans.

d) Ef fyrirtæki áætlar að gera flughermisþjálfa óvirkan í lengri tíma skal það tilkynna lögbæra yfirvaldinu þar um og viðeigandi eftirliti komið á fyrir tímabilið á meðan flughermisþjálfinn er óvirkur.

Fyrirtækið og lögbæra yfirvaldið skulu koma sér saman um áætlun í tengslum við að gera flughermisþjálfa óvirkan, geymslu hans og endurvirkjun til að tryggja að hægt sé að endurvirkja hann á upprunalegu stigi viðurkenningar.

ORA.FSTD.235 Framsalshæfi viðurkenningar flughermisþjálfa

a) Þegar skipt er um fyrirtæki, sem starfrækir flughermisþjálfa, skal nýja fyrirtækið upplýsa lögbært yfirvald um það fyrir fram til að þau geti komið sér saman um áætlun um flutning flughermisþjálfans.

b) Lögbæra yfirvaldið má framkvæma mat í samræmi við upprunalegan grundvöll viðurkenningar flughermisþjálfans.

c) Þegar flughermisþjálfinn samræmist ekki lengur upprunalegum grundvelli viðurkenningar skal fyrirtækið sækja um nýtt FSTD-viðurkenningarvottorð.

ORA.FSTD.240 Skráahald

Handhafi FSTD-viðurkenningarvottorðs skal halda skýrslu um:

a) öll gögn, sem lýsa og sanna upprunalegan grundvöll og stig viðurkenningar flughermisþjálfans, á öllum endingartíma flughermisþjálfans, og

b) öll önnur gögn og skýrslur, sem tengjast hverjum flughermisþjálfa og samræmiseftirliti, í a.m.k. fimm ár.

AeMC-KAFLI

FLUGLÆKNASETUR

I. ÞÁTTUR

Almennt

ORA.AeMC.105Gildissvið

Með þessum kafla er komið á fót viðbótarkröfum sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að fá útgefið eða framlengt samþykki fluglæknaseturs til að gefa út heilbrigðisvottorð, þ.m.t. fyrstu heilbrigðisvottorð 1. flokks.

ORA.AeMC.115Umsókn

Umsækjendur um vottorð fyrir fluglæknasetur skulu:

a) uppfylla kröfur MED.D.005, og

b) til viðbótar við skjölin sem krafist er vegna samþykkis fyrirtækis samkvæmt ORA.GEN.115, leggja fram upplýsingar um klínísk tengsl eða samstarf við tilnefnd sjúkrahús eða heilbrigðisstofnanir að því er varðar heilbrigðisskoðun hjá sérfræðingi.

ORA.AeMC.135Áframhaldandi gildi

Vottorð fluglæknaseturs skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Það skal halda gildi sínu að því tilskildu að handhafi og fluglæknar fyrirtækisins:

a) uppfylli kröfur MED.D.030, og

b) tryggi að þeir haldi reynslu sinni við með því að framkvæma nægilega margar 1. flokks heilbrigðisskoðanir á hverju ári.

II. ÞÁTTUR

Stjórnun

ORA.AeMC.200Stjórnunarkerfi

Fluglæknasetur skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem tekur til atriða sem tekin eru fyrir í ORA.GEN.200 sem og til ferla:

a) fyrir heilbrigðisvottorð í samræmi við MED-kaflann, og

b) til að tryggja að þagnarskylda heilbrigðisstétta sé ávallt virt.

ORA.AeMC.210Kröfur til starfsfólks

a) Fluglæknasetur skal:

1) tilnefna fluglækni sem yfirmann fluglæknaseturs sem hefur réttindi til að gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð og nægilega reynslu á sviði fluglækninga til að inna af hendi skyldum sínum, og

2) hafa nægilega marga fluglækna með fulla menntun og hæfi og annað tæknimenntað starfsfólk og sérfræðinga.

b) Yfirmaður fluglæknaseturs ber ábyrgð á að samræma mat á niðurstöðum rannsókna og undirrita skýrslur, vottorð og fyrstu 1. flokks heilbrigðisvottorðin.

ORA.AeMC.215Kröfur um aðstöðu

Fluglæknasetur skal hafa læknisfræðilegan tæknibúnað (e. *medico-technical facilities*) sem er fullnægjandi til að framkvæma flugheilbrigðiskoðanir sem nauðsynlegar eru til að neyta þeirra réttinda sem falla undir gildissvið samþykkisins.

ORA.AeMC.220Skráahald

Til viðbótar við þær skrár sem krafist er í ORA.GEN.220 skal fluglæknasetur:

a) viðhalda skrár með upplýsingum um heilbrigðisskoðanir og -mat, sem framkvæmd eru vegna útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar heilbrigðisvottorða og niðurstaðna þeirra, í a.m.k. 10 ár eftir dagsetningu síðustu skoðunar, og

b) geyma allar heilsufarsskrár með þeim hætti að þagnarskylda heilbrigðisstétta sé ávallt virt.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/84/ESB 2013/EES/56/49

frá 15. desember 2010

um breytingu, að því er varðar lyfjagát, á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ([3]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([5]) er mælt fyrir um samræmdar reglur í Sambandinu varðandi leyfisveitingu, eftirlit og lyfjagát vegna mannalyfja.

2) Nauðsynlegt er að hafa reglur um lyfjagát í því skyni að standa vörð um lýðheilsu svo að koma megi í veg fyrir, greina og meta aukaverkanir af lyfjum sem sett hafa verið á markað Sambandsins þar eð heildstæðar upplýsingar um öryggi lyfja liggja ekki fyrir fyrr en eftir að þau hafa verið sett á markað.

3) Að fenginni reynslu og að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar á lyfjagátarkerfi Sambandsins hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að auka skilvirkni löggjafar Sambandsins að því er varðar lyfjagát.

4) Enda þótt grundvallarmarkmiðið með reglusetningu um lyf sé að tryggja lýðheilsu verður samt sem áður að ná þessu markmiði með aðferðum sem hefta ekki frjálsa dreifingu á öruggum lyfjum í Sambandinu. Matið á lyfjagátarkerfi Sambandsins hefur leitt í ljós að ósamræmdar aðgerðir aðildarríkja í tengslum við öryggismál sem varða lyf skapa hindranir í vegi frjálsrar dreifingar á lyfjum. Í því skyni að fyrirbyggja þessar hindranir eða ryðja þeim úr vegi er rétt að efla og skýra þau ákvæði um lyfjagát á vettvangi Evrópusambandsins sem fyrir eru.

5) Fyrir skýrleika sakir er rétt að breyta skilgreiningunni á hugtakinu „aukaverkun“ til að tryggja að það nái yfir skaðleg og ótilætluð áhrif sem eru ekki eingöngu afleiðing af viðurkenndri notkun lyfs í eðlilegum skömmtum heldur einnig af mistökum við lyfjagjöf og notkun sem samræmist ekki markaðsleyfinu, þ.m.t. rangnotkun og misnotkun viðkomandi lyfs. Grunsemd um að notkun lyfs geti valdið aukaverkun, í þeirri merkingu að fyrir hendi sé a.m.k. raunhæfur möguleiki á að orsakasamband sé milli lyfs og meintilviks, ætti að vera nægilegt tilefni til tilkynningar. Því ber að nota hugtakið „aukaverkun sem grunur er um“ þegar vísað er til tilkynningarskyldu. Með fyrirvara um gildandi ákvæði í Sambandinu og í hverju aðildarríki og venjur viðvíkjandi þagnarskyldu heilbrigðisstétta skulu aðildarríkin sjá til þess að farið sé með tilkynningar og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við aukaverkanir, sem grunur er um, sem trúnaðarmál, þ.m.t. aukaverkanir sem kunna að stafa af mistökum við lyfjagjöf. Þetta hefur engin áhrif á skyldur aðildarríkjanna viðvíkjandi gagnkvæmum skiptum á upplýsingum um álitaefni, sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 306, 16.12.2009, bls. 28.

([2]) Stjtíð. ESB C 79, 27.3.2010, bls. 50.

([3]) Stjtíð. ESB C 229, 23.9.2009, bls. 19.

([4]) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 29. nóvember 2010.

([5]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

varða lyfjagát, eða skyldur þeirra um að gera mikilvægar upplýsingar varðandi áhyggjuefni í tengslum við lyfjagát aðgengilegar almenningi. Enn fremur hefur meginreglan um þagnarskyldu ekki áhrif á upplýsingarskyldur hlutaðeigandi aðila samkvæmt hegningarlögum.

6) Vatns- og jarðvegsmengun af völdum lyfjaleifa verður að umhverfisvandamáli ef svo fer sem horfir. Aðildarríkin skulu taka til athugunar að gera ráðstafanir til að vakta og meta hættuna á umhverfisáhrifum sem slík lyf geta haft, þ.m.t. þau sem kunna að hafa áhrif á lýðheilsu. Framkvæmdastjórnin skal, m.a. á grundvelli gagna frá Lyfjastofnun Evrópu, frá Umhverfisstofnun Evrópu og frá aðildarríkjunum, gera skýrslu um umfang vandans ásamt því að meta hvort gera þurfi breytingar á lyfjalöggjöf Sambandsins eða annarri löggjöf Sambandsins sem skiptir máli í þessu samhengi.

7) Markaðsleyfishafi skal koma á fót lyfjagátarkerfi til að tryggja vöktun og eftirlit með einu eða fleiri af lyfjum sínum, sem eru með markaðsleyfi, og skjalfesta það í grunnskjali lyfjagátarkerfisins sem skal ávallt vera aðgengilegt til eftirlits. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum lyfjagátarkerfum. Umsóknum um markaðsleyfi skal þess vegna fylgja stutt lýsing á tilheyrandi lyfjagátarkerfi þar sem tekið er fram hvar grunnskjalið fyrir viðkomandi lyf er varðveitt og aðgengilegt til eftirlits fyrir lögbær yfirvöld.

8) Markaðsleyfishafar skulu gera áætlanir um ráðstafanir varðandi lyfjagát fyrir hvert lyf um sig innan ramma áhættustjórnunarkerfis. Þessar ráðstafanir skulu samsvara áhættunni sem greind hefur verið, hugsanlegri áhættu og þörfinni fyrir viðbótarupplýsingar um viðkomandi lyf. Einnig skal tryggja að allar meginráðstafanir, sem eru hluti af áhættustjórnunarkerfi, séu settar sem skilyrði í markaðsleyfinu.

9) Með tilliti til lýðheilsu er nauðsynlegt að auka við þau gögn, sem voru tiltæk þegar leyfið var veitt, með viðbótargögnum um öryggi lyfja með markaðsleyfi og, í sumum tilvikum, um verkun þeirra. Lögbær yfirvöld skulu því hafa vald til að leggja markaðsleyfishafa þá skyldu á herðar að gera rannsóknir á öryggi og verkun eftir veitingu markaðsleyfis. Þessa skyldu skal vera unnt að leggja á samtímis því að markaðsleyfið er veitt eða síðar og hún skal sett sem skilyrði í markaðsleyfinu. Markmiðið með slíkum rannsóknum getur verið að safna gögnum sem gera kleift að meta öryggi eða verkun lyfja við dagleg læknisstörf.

10) Mjög mikilvægt er að efling lyfjagátarkerfis leiði ekki til ótímabærrar veitingar markaðsleyfa. Þó er veitt leyfi fyrir sumum lyfjum með fyrirvara um að þau verði undir viðbótareftirliti. Þetta á við um öll lyf sem innihalda nýtt, virkt efni og líffræðileg lyf, þ.m.t. samheitalíftæknilyf, sem eru í forgangi að því er varðar lyfjagát. Lögbær yfirvöld geta einnig krafist viðbótareftirlits með tilteknum lyfjum sem eru bundin skyldu um öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis eða skilyrðum eða takmörkunum er varða öryggi og verkun við notkun lyfsins. Lyf, sem skulu vera undir viðbótareftirliti, skulu merkt sem slík með svörtu tákni og viðeigandi, staðlaðri setningu því til skýringar í samantektinni á eiginleikum viðkomandi lyfs og í fylgiseðli þess. Lyfjastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Lyfjastofnunin“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ([1]), skal sjá um að viðhalda skrá, sem er aðgengileg öllum, yfir lyf sem skulu vera undir viðbótareftirliti.

11) Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Lyfjastofnunina og lögbær landsyfirvöld og að höfðu samráði við samtök sem tala máli sjúklinga, neytenda, lækna og lyfjafræðinga, opinberra sjúkratryggingafélaga auk annarra hagsmunaaðila, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið matsskýrslu um læsileika samantekta á eiginleikum lyfja og fylgiseðla og gildi þeirra fyrir bæði faglærða heilbrigðisstarfsmenn og almenning. Að loknu mati á þeim gögnum skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögur að umbótum á hönnun og inntaki samantekta á eiginleikum lyfja og fylgiseðla til að tryggja að þar sé að finna mikilvægar upplýsingar fyrir bæði faglærða heilbrigðisstarfsmenn og almenning.

12) Reynslan hefur leitt í ljós að gera þarf skýrari grein fyrir skyldum markaðsleyfishafa að því er varðar lyfjagát á lyfjum með markaðsleyfi. Markaðsleyfishafinn skal bera ábyrgð á því að lyf hans séu undir stöðugu eftirliti með tilliti til öryggis þeirra, að yfirvöldum sé gert viðvart um allar breytingar sem kynnu að hafa áhrif á markaðsleyfið, og að tryggja að lyfjaupplýsingarnar séu uppfærðar reglulega. Í ljósi þess að lyf kynnu að vera notuð með einhverjum þeim hætti sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins skal það heyra undir skyldur markaðsleyfishafans að veita allar tiltækar upplýsingar, þ.m.t. um niðurstöður klínískra rannsókna eða annarra rannsókna, auk þess að tilkynna um hvers kyns notkun viðkomandi lyfs sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins. Einnig er rétt að ganga úr skugga um að tekið sé tillit til allra viðeigandi upplýs-

([1]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

inga, sem aflað hefur verið um öryggi viðkomandi lyfs, þegar kemur að því að endurnýja markaðsleyfið.

13) Í þeim tilgangi að tryggja náið samstarf milli aðildarríkjanna á sviði lyfjagátar skal rýmka umboð samræmingarhópsins, sem komið var á fót með 27. gr. tilskipunar 2001/83/EB, svo að það nái yfir athuganir á úrlausnarefnum sem snúa að lyfjagát á öllum lyfjum sem aðildarríkin hafa veitt leyfi fyrir. Til að samræmingarhópurinn geti leyst ný verkefni sín af hendi skal efla hann enn frekar með því að samþykkja skýrar reglur að því er varðar nauðsynlega sérþekkingu, málsmeðferð við að ná samkomulagi eða móta afstöðu, gagnsæi, óhæði og þagnarskyldu meðlima hans og þörfina á samvinnu milli Sambandsins og landsbundinna aðila.

14) Með það fyrir augum að tryggja sama stig vísindalegrar sérþekkingar á sviði ákvarðanatöku um lyfjagát, bæði á vettvangi Sambandsins og í einstökum ríkjum, skal samræmingarhópurinn reiða sig á tilmæli nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar þegar hann leysir af hendi verkefni sín á sviði lyfjagátar.

15) Til að komast hjá tvíverknaði skal samræmingarhópurinn mynda sér samræmda afstöðu til lyfjagátarmats á lyfjum sem eru með markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki. Náist samkomulag innan samræmingarhópsins nægir það til að unnt sé að framfylgja ráðstöfunum, sem varða lyfjagát, í öllu Sambandinu. Náist ekki samkomulag innan samræmingarhópsins skal framkvæmdastjórninni veitt heimild til að samþykkja ákvörðun, sem beint er til aðildarríkjanna, um nauðsynlegar stjórnsýsluaðgerðir að því er varðar markaðsleyfið.

16) Einnig er rétt að vinna aðeins eitt mat þegar um er að ræða álitamál um lyfjagát varðandi lyf, sem aðildarríkin hafa veitt markaðsleyfi fyrir, og lyf sem hafa verið leyfð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja samhæfðar ráðstafanir, að því er varðar öll lyfin sem um er að ræða, á grundvelli mats sem unnið hefur verið á vettvangi Evrópusambandsins.

17) Aðildarríkin skulu reka lyfjagátarkerfi í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem koma að gagni við eftirlit með lyfjum, þ.m.t. upplýsingar um aukaverkanir, sem grunur er um og sem vart verður í kjölfar þess að lyf er notað í samræmi við skilmála markaðsleyfisins, sem og í kjölfar notkunar sem samræmist ekki markaðsleyfinu, þ.m.t. ofskömmtun, rangnotkun, misnotkun og mistök við lyfjagjöf, og upplýsingar um aukaverkanir sem grunur er um og tengjast váhrifum í starfi. Aðildarríkin skulu tryggja gæði lyfjagátarkerfisins með því að fylgja eftir tilvikum um aukaverkanir sem grunur er um. Til að leysa af hendi þau verkefni skulu aðildarríkin koma á fót varanlegu lyfjagátarkerfi, efldu með viðeigandi sérþekkingu, svo unnt sé að fullnægja þeim skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

18) Í þágu aukinnar samræmingar gagna milli aðildarríkjanna skulu aðildarríki hafa heimild til að fela öðru aðildarríki tiltekin verkefni á sviði lyfjagátar.

19) Til að einfalda tilkynningar um aukaverkanir, sem grunur er um, skulu markaðsleyfishafar og aðildarríkin eingöngu tilkynna þessar aukaverkanir til gagnagrunns og gagnavinnslunets Evrópusambandsins á sviði lyfjagátar sem um getur í d-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 („Eudravigilance-gagnagrunnurinn“). Eudravigilance-gagnagrunnurinn skal vera í stakk búinn til að framsenda tafarlaust tilkynningar, sem berast frá markaðsleyfishöfum um aukaverkanir, sem grunur er um, til þeirra aðildarríkja þar sem aukaverkunin kom fram.

20) Aðildarríkin skulu stofna og viðhalda vefgáttum um lyf í því augnamiði að gera lyfjagátarferlin gagnsærri. Í sama tilgangi skulu markaðsleyfishafar gera lögbærum yfirvöldum viðvart áður en eða samtímis því sem þeir senda frá sér tilkynningar um öryggismál og lögbær yfirvöld skulu einnig gera hvert öðru viðvart um tilkynningar um öryggismál fyrir fram.

21) Í reglum Sambandsins varðandi lyfjagát skulu faglærðir heilbrigðisstarfsmenn eftir sem áður gegna veigamiklu hlutverki við eftirlit með öryggi lyfja og skal tekið tillit til þess í reglunum að sjúklingar eru einnig í góðri aðstöðu til að tilkynna um aukaverkanir sem grunur er um af völdum lyfja. Því er rétt að gera bæði faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum og sjúklingum auðveldara um vik að tilkynna um aukaverkanir, sem grunur er um af völdum lyfja, og hafa aðferðir við slíkar tilkynningar tiltækar fyrir þá.

22) Þar eð öll gögn um aukaverkanir, sem grunur er um, eru send til Eudravigilance-gagnagrunnsins er rétt að breyta gildissviði öryggisskýrslna sem eru uppfærðar reglulega svo að þær sýni fremur greiningu á sambandi áhættu og ávinnings af lyfi en að þær séu nákvæm skrá yfir tilkynningar um einstök tilfelli sem þegar hafa verið sendar til Eudravigilance-gagnagrunnsins.

23) Þær skyldur, sem eru lagðar á með öryggisskýrslum sem eru uppfærðar reglulega, skulu vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af viðkomandi lyfjum. Vinnsla öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, skal því tengd áhættustjórnunarkerfinu fyrir lyf með nýlegt markaðsleyfi og ekki skal gera kröfu um venjubundna skýrslugjöf fyrir samheitalyf, fyrir lyf, sem innihalda virkt efni, sem sýnt hefur verið fram á að hefð er fyrir að nota til lækninga, fyrir smáskammtalyf eða fyrir skráð jurtalyf sem hefð er fyrir. Í þágu lýðheilsu skulu lögbær yfirvöld þó gera kröfu um öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, um slík lyf ef áhyggjur vakna í tengslum við lyfjagátarupplýsingar, eða vegna skorts á tiltækum öryggisupplýsingum þegar notkun virka efnisins, sem um er að ræða, einskorðast við lyf sem útheimta að öllu jöfnu ekki að um þau séu gerðar öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega.

24) Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld skiptist í auknum mæli á gögnum að því er varðar mat á öryggisskýrslum sem eru uppfærðar reglulega. Kveða skal á um að aðeins eitt mat fari fram á öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, um lyf með markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki. Ennfremur skal fastsetja málsmeðferð til að ákvarða sömu skilatíðni og skiladagsetningar fyrir allar öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega og fjalla um lyf sem innihalda sama virka efnið eða sömu samsetningu virkra efna.

25) Þegar unnið er aðeins eitt mat á öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, skulu allar ráðstafanir í kjölfar þess, sem varða viðhald, breytingu, ógildingu eða afturköllun viðkomandi markaðsleyfa, samþykktar með málsmeðferð Sambandsins svo af hljótist samræmd niðurstaða.

26) Aðildarríkin skulu leggja tiltekin öryggismál, sem varða lyf, fyrir Lyfjastofnunina að eigin frumkvæði og þar með hrinda af stað mati á viðkomandi álitamáli í öllu Sambandinu. Því þykir rétt að setja reglur um málsmeðferð við áhættumatið, sem nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal vinna, og um síðari eftirfylgni, að því er varðar viðkomandi markaðsleyfi, með það fyrir augum að samræmdar ráðstafanir verði samþykktar í öllu Sambandinu.

27) Í tengslum við nánari útlistun og herðingu ákvæðanna, sem lúta að lyfjagátarstarfsemi í tilskipun 2001/83/EB, er einnig við hæfi að útlista nánar málsmeðferð við allt mat á vettvangi Sambandsins sem varðar öryggi lyfja og er unnið eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt fyrir lyfjunum. Í því augnamiði skal málsmeðferð við mat á vettvangi Sambandsins aðeins vera tvenns konar, þar af málsmeðferð sem gerir kleift að framkvæma snöggt mat og sem ber að fylgja þegar talið er að brýnna aðgerða sé þörf. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal ávallt setja fram tilmæli sín þegar ástæðuna fyrir því að gripið er til aðgerða er að finna í lyfjagátarupplýsingum, hvort sem beitt er flýtimeðferð eða venjulegri málsmeðferð og hvort sem viðkomandi lyf hlaut markaðsleyfi með miðlægri málsmeðferð eða málsmeðferð sem er ekki miðlæg. Rétt þykir að samræmingarhópurinn og mannalyfjanefndin fari eftir þessum tilmælum þegar þessir aðilar vinna mat sitt á málefninu sem um er að ræða.

28) Nauðsynlegt er að innleiða samræmdar, leiðbeinandi meginreglur og opinbert eftirlit varðandi öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis sem lögbær yfirvöld fara fram á og eru án inngrips, sem markaðsleyfishafi á frumkvæði að, hefur umsjón með og fjármagnar og sem fela í sér söfnun gagna frá sjúklingum og faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum og falla þar af leiðandi utan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum ([1]). Eftirlit með slíkum rannsóknum skal vera í höndum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar. Eftirlit með rannsóknum, sem einungis eitt lögbært yfirvald hefur farið fram á eftir veitingu markaðsleyfis og verða aðeins gerðar í einu aðildarríki, skal vera í höndum lögbærs landsyfirvalds aðildarríkisins þar sem gera á rannsóknina. Einnig skal kveðið á um síðari eftirfylgni, ef við á, að því er varðar markaðsleyfin sem um er að ræða, með það fyrir augum að samræmdar ráðstafanir verði samþykktar í öllu Sambandinu.

29) Í því skyni að framfylgja ákvæðum varðandi lyfjagát skulu aðildarríkin sjá til þess að beitt sé viðurlögum gegn markaðsleyfishöfum, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, ef þeir fullnægja ekki skyldum sínum varðandi lyfjagát. Ef skilyrðin, sem kveðið er á um í markaðsleyfinu, eru ekki uppfyllt innan tilskilins tíma skulu lögbær landsyfirvöld hafa heimild til að endurskoða markaðsleyfið.

([1]) Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34.

30) Til að unnt sé að vernda lýðheilsu skal fjármagna lyfjagátarstarfsemi lögbærra landsyfirvalda með fullnægjandi hætti. Tryggja skal að fullnægjandi fjármögnun fyrir lyfjagátarstarfsemi standi til boða með því að veita lögbærum landsyfirvöldum heimild til að taka gjald af markaðsleyfishöfum. Stjórnun þessara sjóða skal þó vera undir stöðugu eftirliti lögbærra landsyfirvalda til að óhæði sjóðanna sé tryggt þegar kemur að því að sinna áðurnefndri lyfjagátarstarfsemi.

31) Gera skal aðildarríkjum kleift að leyfa hlutaðeigandi aðilum að víkja við vissar kringumstæður frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2001/83/EB, sem varða kröfur um merkingu og pakkningar, til að geta brugðist við alvarlegum vandamálum, sem lúta að tiltækileika, vegna skorts eða hugsanlegs skorts á lyfjum með markaðsleyfi eða á lyfjum sem hafa verið sett á markað.

32) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að auka öryggi lyfja, sem sett eru á markað í Sambandinu, með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum, og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

33) Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) og um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]). Til að unnt sé að greina, meta, skilja og fyrirbyggja aukaverkanir, auk þess að greina áhættu vegna lyfja og grípa til aðgerða til að draga úr henni og auka ávinning af lyfjum með það fyrir augum að standa vörð um lýðheilsu, skal vera unnt að vinna úr persónuupplýsingum innan Eudravigilance-kerfisins en virða jafnframt löggjöf Sambandsins um gagnavernd. Markmiðið að standa vörð um lýðheilsu telst vera mikilvægt hagsmunamál fyrir almenning og af þeim sökum er vinnsla persónuupplýsinga réttlætanleg, svo framarlega sem persónugreinanlegar heilbrigðisupplýsingar eru eingöngu unnar þegar nauðsyn krefur og eingöngu þegar hlutaðeigandi aðilar meta þessa nauðsyn á hverju stigi lyfjagátarferlisins.

34) Ákvæði tilskipunar 2001/83/EB um eftirlit með lyfjum teljast til sértækra ákvæða í skilningi 2. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([3]).

35) Lyfjagátarstarfsemin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, útheimtir að sett verði samræmd skilyrði um inntak og viðhald grunnskjals lyfjagátarkerfisins og einnig lágmarkskröfur varðandi gæðakerfið fyrir lyfjagátarstarfsemi lögbærra landsyfirvalda og markaðsleyfishafa og varðandi notkun alþjóðlega viðurkennds íðorðaforða, sniða og staðla fyrir lyfjagátarstarfsemi sem og lágmarkskröfur varðandi vöktun gagna í Eudravigilance-gagnagrunninum, í þeim tilgangi að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst. Einnig skal setja reglur um snið og inntak rafrænna sendinga aðildarríkja og markaðsleyfishafa um aukaverkanir, sem grunur er um, um snið og inntak rafrænna öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, og um áætlanir vegna áhættustjórnunar, auk reglna um snið rannsóknaráætlana, útdrátta og lokaskýrslna rannsókna á öryggi eftir veitingu markaðsleyfis. Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal með reglugerð, sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja reglur og almennar meginreglur fyrir fram um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]) áfram, að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun sem gildir ekki.

36) Framkvæmdastjórninni skal veitt heimild til að samþykkja afleiddar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem komi til viðbótar ákvæðum 21. gr. a og 22. gr. a í tilskipun 2001/83/EB. Framkvæmdastjórninni skal veitt heimild til að samþykkja viðbótarráðstafanir þar sem tilgreindar eru þær kringumstæður sem gætu kallað á verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

37) Í samræmi við 34. lið samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu ([5]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

38) Breyta ber tilskipun 2001/83/EB til samræmis við það.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([5]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/83/EB

Tilskipun 2001/83/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breyting er gerð á 1. gr.:

a) Í stað 11. liðar komi eftirfarandi:

„11. Aukaverkun: viðbrögð við lyfi sem eru skaðleg og ótilætluð.“,

b) ákvæði 14. liðar falli brott,

c) í stað 15. liðar komi eftirfarandi:

„15. Öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis: hver sú rannsókn sem tengist lyfi með markaðsleyfi og er gerð í þeim tilgangi að greina hættu, sem varðar öryggi, og lýsa eiginleikum hennar og umfangi, að staðfesta upplýsingar um öryggi viðkomandi lyfs eða að mæla skilvirkni ráðstafana sem gripið hefur verið til í tengslum við áhættustjórnun.“,

d) eftirfarandi liðir bætist við:

„28b. Áhættustjórnunarkerfi: röð verkþátta og aðgerða á sviði lyfjagátar þar sem markmiðið er að skilgreina, lýsa, koma í veg fyrir eða draga úr áhættu í tengslum við tiltekið lyf, þ.m.t. að meta skilvirkni þessara verkþátta og aðgerða.

28c. Áætlun um áhættustjórnun: nákvæm lýsing á áhættustjórnunarkerfinu.

28d. Lyfjagátarkerfi: kerfi sem markaðsleyfishafi og aðildarríki nota til að leysa af hendi verkefnin og ábyrgðarstörfin, sem eru tilgreind í IX. bálki, og sem er til þess gert að fylgjast með öryggi lyfja með markaðsleyfi og greina allar breytingar á sambandinu milli áhættu og ávinnings í þeirra tilviki.

28e. Grunnskjal lyfjagátarkerfis: nákvæm lýsing á lyfjagátarkerfinu, sem markaðsleyfishafinn notar, með tilliti til eins eða fleiri lyfja með markaðsleyfi.“

2. Ákvæðum 3. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað ia-liðar komi eftirfarandi:

„ia) Samantekt um lyfjagátarkerfi umsækjandans þar sem eftirfarandi atriði skulu koma fram:

— sönnun þess að umsækjandinn hafi á sínum vegum einstakling með viðeigandi menntun og hæfi sem ber ábyrgð á lyfjagát,

— aðildarríkið þar sem menntaði og hæfi einstaklingurinn býr og sinnir störfum sínum,

— samskiptaupplýsingar um menntaða og hæfa einstaklinginn,

— yfirlýsing, undirrituð af umsækjandanum, um að umsækjandinn sé til þess bær að leysa af hendi þau verkefni og ábyrgðarstörf sem eru tilgreind í IX. bálki,

— tilvísun til þess staðar þar sem grunnskjal lyfjagátarkerfisins fyrir viðkomandi lyf er geymt.“,

b) eftirfarandi liður bætist við á eftir ia-lið:

„iaa) Áætlun um áhættustjórnun, þar sem lýst er áhættustjórnunarkerfinu sem umsækjandinn hyggst innleiða fyrir viðkomandi lyf, ásamt samantekt um hana.“,

c) í stað l-liðar komi eftirfarandi:

„l) Afrit af eftirfarandi gögnum:

— hvers konar leyfi, sem fengist hefur í öðru aðildarríki eða í þriðja landi, til að setja viðkomandi lyf á markað, samantekt á öryggisgögnum, þ.m.t. upplýsingar úr öryggisskýrslunum, sem eru uppfærðar reglulega, ef þær eru fyrir hendi, og tilkynningar um aukaverkanir, sem grunur er um, ásamt skrá yfir aðildarríki þar sem verið er að fjalla um leyfisumsókn sem lögð er fram í samræmi við þessa tilskipun,

— samantekt á eiginleikum lyfsins, sem umsækjandi leggur til í samræmi við 11. gr. eða lögbær yfirvöld aðildarríkisins samþykkja í samræmi við 21. gr., og fylgiseðill sem gerð er tillaga að í samræmi við 59. gr. eða sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins samþykkja í samræmi við 61. gr.,

— nánari upplýsingar um ákvarðanir um leyfissynjun, hvort sem það er í Sambandinu eða þriðja landi, og ástæðurnar fyrir slíkri ákvörðun.“,

d) n-liður falli brott,

e) eftirfarandi undirgreinar bætist við á eftir annarri undirgrein:

„Áhættustjórnunarkerfið, sem um getur í iaa-lið í fyrstu undirgrein, skal samsvara bæði greindri áhættu og hugsanlegri áhættu af lyfinu ásamt þörfinni fyrir gögn um öryggi lyfsins eftir veitingu markaðsleyfis fyrir því.

Uppfæra skal upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein ef og þegar það á við.“

3. Eftirfarandi undirgreinar bætast við 11. gr.:

„Ef um er að ræða lyf sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal samantektin á eiginleikum lyfsins innihalda eftirfarandi yfirlýsingu: „Þetta lyf er undir viðbótareftirliti“. Á undan

þessari yfirlýsingu skal koma svarta táknið, sem um getur í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, og á eftir henni skal koma viðeigandi, stöðluð setning til skýringar.

Staðlaður texti skal fylgja öllum lyfjum þar sem sérstaklega er mælst til þess við faglærða heilbrigðisstarfsmenn að þeir tilkynni um hvers kyns aukaverkanir, sem grunur er um, í samræmi við fyrirkomulagið í viðkomandi landi á tilkynningum beint til yfirvalda sem um getur í 1. mgr. 107. gr. a. Mismunandi aðferðir til að leggja fram tilkynningar, þ.m.t. rafrænar tilkynningar, skulu standa til boða í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 107. gr. a.“.

4. Í stað 1. mgr. 16. gr. g komi eftirfarandi:

„1. Ákvæði 3. gr. (1. og 2. mgr.), 4. gr. (4. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 12. gr., 17. gr. (1. mgr.), 19., 20., 23., 24. og 25. gr., 40.–52. gr., 70.–85. gr. 101.–108. gr. b, 111. gr. (1. og 3. mgr.), 112., 116., 117., 118., 122., 123. og 125. gr., 126. gr. (annarrar málsgreinar) og 127. gr. þessarar tilskipunar, sem og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/94/EB frá 8. október 2003 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti að því er varðar lyf og prófunarlyf sem ætluð eru mönnum (*), skulu gilda á hliðstæðan hátt um skráningu lyfja, sem hefð er fyrir, sem er samþykkt samkvæmt þessum kafla.

(*) Stjtíð. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 22.“

5. Eftirfarandi breyting er gerð á 17. gr.:

a) Í annarri undirgrein 1. mgr. komi orðin „28. gr.“ í stað „27. gr.“,

b) í 2. mgr. komi orðin „28. gr.“ í stað „27. gr.“,

6. í 18. gr. komi orðin „28. gr.“ í stað „27. gr.“,

7. í stað 3. og 4. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbær landsyfirvöld skulu án tafar gera markaðsleyfið aðgengilegt öllum ásamt fylgiseðlinum, samantektinni á eiginleikum lyfsins og öllum skilyrðum, sem sett eru í samræmi við 21. gr. a, 22. gr. og 22. gr. a, og eindögum til að uppfylla þessi skilyrði fyrir hvert lyf sem þau hafa veitt leyfi fyrir.

4. Lögbær landsyfirvöld skulu semja matsskýrslu og gefa umsögn um málsskjölin að því er varðar niðurstöður úr lyfjagerðarfræðilegum og forklínískum prófunum og klínískum prófunum, áhættustjórnunarkerfið og lyfjagátarkerfið fyrir viðkomandi lyf. Matsskýrsluna skal ávallt uppfæra um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir sem hafa þýðingu fyrir mat á gæðum, öryggi eða verkun viðkomandi lyfs.

Lögbær landsyfirvöld skulu tafarlaust gera matsskýrsluna aðgengilega öllum, svo og rökstuðning fyrir áliti sínu, eftir að hvers kyns upplýsingar, sem viðskiptaleynd hvílir á, hafa verið fjarlægðar. Rökstuðningurinn skal lagður fram fyrir hverja ábendingu sem sótt er um leyfi fyrir.

Opinbera matsskýrslan skal innihalda samantekt sem er rituð á þann hátt að almenningur geti skilið hana. Samantektin skal m.a. innihalda lið sem tengist skilyrðum fyrir notkun lyfsins.“

8. Eftirfarandi grein er felld inn:

„12. gr. a

Til viðbótar við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 19. gr., er heimilt að veita markaðsleyfi fyrir lyfi svo fremi að eitt eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum séu uppfyllt:

a) að tilteknar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja örugga notkun lyfsins sem til stendur að taka inn í áhættustjórnunarkerfið,

b) að gerðar séu öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis,

c) að skyldur, sem eru strangari en þær sem um getur í IX. bálki og varða skráningu og tilkynningu aukaverkana, sem grunur er um, séu uppfylltar,

d) að öll önnur skilyrði eða takmarkanir, sem varða örugga og árangursríka notkun lyfsins, séu virt,

e) að fullnægjandi lyfjagátarkerfi sé fyrir hendi,

f) að gerðar séu verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis ef greinst hafa þættir í verkun lyfsins sem eru áhyggjuefni og sem ekki er hægt að komast fyrir fyrr en eftir að viðkomandi lyf hefur verið sett á markað. Skyldan til að framkvæma slíkar rannsóknir skal vera með stoð í afleiddum gerðum sem samþykktar hafa verið skv. 22. gr. b, að teknu tilliti til þeirra vísindalegu leiðbeininga sem um getur í 108. gr. a.

Í markaðsleyfinu skal mælt fyrir um eindaga til að uppfylla þessi skilyrði ef nauðsyn krefur.“

9. Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„*22. gr.*

Í undantekningartilvikum og að höfðu samráði við umsækjandann er heimilt að veita markaðsleyfið með vissum skilyrðum, einkum um öryggi lyfsins og þá skyldu að tilkynna lögbærum landsyfirvöldum um öll atvik, sem tengjast notkun þess, og þær aðgerðir sem gripið skal til.

Einungis má veita markaðsleyfið ef umsækjandinn getur sýnt fram á, með hlutlægum og sannanlegum rökum og á grundvelli einnar af ástæðunum, sem settar eru fram í I. viðauka, að honum er ókleift að leggja fram tæmandi upplýsingar um verkun og öryggi lyfsins við venjuleg notkunarskilyrði.

Hvort leyfið helst í gildi er háð árlegu endurmati á þessum skilyrðum.“

10. Eftirfarandi greinar bætast við:

„*22. gr. a*

1. Eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt getur lögbært landsyfirvald skyldað markaðsleyfishafann:

a) til að framkvæma öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis ef uppi eru áhyggjur af að áhætta stafi af lyfi með markaðsleyfi. Ef fleiri en eitt lyf valda þessum sömu áhyggjum skal lögbæra landsyfirvaldið, að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, hvetja hlutaðeigandi markaðsleyfishafa til að láta fara fram sameiginlega öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis,

b) til að gera rannsókn á verkun lyfs eftir veitingu markaðsleyfis ef skilningur á sjúkdómnum eða klínísk aðferðafræði benda til þess að umtalsverð endurskoðun þurfi að fara fram á öllu fyrra mati á verkun. Skyldan til að framkvæma rannsókn á verkun lyfs eftir veitingu markaðsleyfis skal vera með stoð í afleiddum gerðum sem samþykktar hafa verið skv. 22. gr. b, að teknu tilliti til þeirra vísindalegu leiðbeininga sem um getur í 108. gr. a.

Með álagningu slíkrar skyldu skal fylgja viðeigandi, skriflegur rökstuðningur og í honum skal einnig tilgreina markmið og tímamörk að því er varðar framlagningu og framkvæmd rannsóknarinnar.

2. Lögbæra landsyfirvaldið skal veita markaðsleyfishafanum færi á að bregðast við álagningu áðurnefndrar skyldu með því að leggja fram skrifleg andmæli, innan tímamarka sem yfirvaldið tilgreinir, ef markaðsleyfishafinn fer þess á leit innan 30 daga frá því að honum berst skrifleg tilkynning um skylduna.

3. Lögbæra landsyfirvaldið skal aflétta skyldunni eða staðfesta hana á grundvelli skriflegu andmælanna sem markaðsleyfishafinn lagði fram. Staðfesti lögbæra landsyfirvaldið skylduna skal breyta markaðsleyfinu svo að skyldan verði gerð að skilyrði í markaðsleyfinu og uppfæra skal áhættustjórnunarkerfið til samræmis við þetta.

22. gr. b

1. Til að hægt sé að ákvarða við hvaða kringumstæður getur verið þörf á verkunarrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis skv. 21. gr. a og 22. gr. a þessarar tilskipunar er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja, með afleiddum gerðum í samræmi við 121. gr. a og með fyrirvara um 121. gr. b og 121. gr. c, ráðstafanir sem koma til viðbótar ákvæðum 21. gr. a og 22. gr. a.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

22. gr. c

1. Markaðsleyfishafinn skal fella öll skilyrði, sem um getur í 21. gr. a, 22. gr. eða 22. gr. a, inn í áhættustjórnunarkerfi sitt.

2. Aðildarríkin skulu gera Lyfjastofnuninni viðvart um markaðsleyfi sem þau hafa veitt með skilyrðum skv. 21. gr. a, 22. gr. eða 22. gr. a.“

11. Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„*23. gr.*

1. Þegar markaðsleyfi hefur verið veitt skal viðkomandi markaðsleyfishafi taka mið af framförum á sviði tækni og vísinda, að því er varðar framleiðslu- og eftirlitsaðferðirnar, sem kveðið er á um í d- og h-liðum 3. mgr. 8. gr., og gera allar þær breytingar sem þörf er á til að hægt sé að framleiða viðkomandi lyf og hafa eftirlit með því með viðurkenndum vísindaaðferðum.

Samþykki lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki þarf fyrir þessum breytingum.

2. Markaðsleyfishafi skal þegar í stað veita lögbærum landsyfirvöldum allar nýjar upplýsingar sem kunna að leiða til breytinga á þeim atriðum eða skjölum sem um getur í 8. gr. (3. mgr.), 10. gr., 10. gr. a, 10. gr. b og 11. gr. eða í 32. gr. (5. mgr.) eða í I. viðauka.

Einkum skal markaðsleyfishafinn tilkynna lögbærum landsyfirvöldum þegar í stað um hvers kyns bönn eða takmarkanir af hálfu lögbærra yfirvalda í löndum, þar sem lyfið er sett á markað, og um aðrar, nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á mat á ávinningi og áhættu af viðkomandi lyfi. Í þessum upplýsingum skulu bæði vera jákvæðar og neikvæðar niðurstöður úr klínískum rannsóknum eða öðrum rannsóknum fyrir allar ábendingar og þýði, hvort sem þau eru innifalin í markaðsleyfinu eða ekki, auk gagna um notkun lyfsins í þeim tilvikum þegar slík notkun samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins.

3. Markaðsleyfishafi skal sjá til þess að lyfjaupplýsingar séu uppfærðar reglulega í samræmi við fyrirliggjandi vísindaþekkingu, þ.m.t. niðurstöður matsins og tilmæli sem hafa verið birt opinberlega á evrópsku vefgáttinni fyrir lyf sem var stofnuð í samræmi við 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

4. Lögbært landsyfirvald getur hvenær sem er beðið markaðsleyfishafa um að afhenda gögn, sem sýna fram á að sambandið milli áhættu og ávinnings sé enn hagstætt, til þess að stöðugt sé unnt að meta þetta samband. Markaðsleyfishafinn skal umsvifalaust og að fullu verða við slíkum beiðnum.

Lögbært landsyfirvald getur hvenær sem er beðið markaðsleyfishafa um að leggja fram afrit af grunnskjali lyfjagátarkerfisins. Markaðsleyfishafinn skal leggja fram afritið eigi síðar en sjö dögum eftir viðtöku beiðninnar.“

12. Eftirfarandi breyting er gerð á 24. gr.:

a) eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 2. gr.:

„Með tilliti til þessa skal handhafi markaðsleyfisins leggja fyrir lögbæra landsyfirvaldið samsteypta útgáfu málsskjalanna sem varða gæði, öryggi og verkun, þ.m.t. mat á gögnum sem er að finna í tilkynningum um aukaverkanir, sem grunur er um, og í öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega og lagðar fram í samræmi við ákvæði IX. bálks, auk upplýsinga um allar breytingar sem gerðar hafa verið frá því að markaðsleyfið var veitt, a.m.k. níu mánuðum áður en markaðsleyfið fellur úr gildi skv. 1. mgr.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þegar markaðsleyfið hefur verið endurnýjað skal það gilda í ótakmarkaðan tíma nema lögbært landsyfirvald ákveði að endurnýja það einu sinni enn til fimm ára, í samræmi við 2. mgr., með gildum rökum sem varða lyfjagát, þ.m.t. þeim rökum að ekki hafi nægilega margir sjúklingar notað viðkomandi lyf.“

13. Fyrirsögnin „4. kafli Málsmeðferð um gagnkvæma viðurkenningu og sjálfstæð málsmeðferð“ falli brott.

14. Eftirfarandi breyting er gerð á 27. gr.:

a) í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Koma skal á fót samræmingarhópi sem skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) fjalla um hvers kyns álitamál, sem varða markaðsleyfi lyfs í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. kafla,

b) fjalla um álitamál, sem varða lyfjagát á lyfjum, sem aðildarríkin hafa veitt markaðsleyfi fyrir, í samræmi við ákvæði 107. gr. c, 107. gr. e, 107. gr. g, 107. gr. k og 107. gr. q,

c) fjalla um álitamál, sem varða breytingar á markaðsleyfum sem aðildarríkin hafa veitt, í samræmi við 1. mgr. 35. gr.

Lyfjastofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir samræmingarhópinn.

Til þess að geta leyst af hendi störf sín á sviði lyfjagátar, þ.m.t. að samþykkja áhættustjórnunarkerfi og hafa eftirlit með skilvirkni þeirra, skal samræmingarhópurinn reiða sig á vísindalegt mat og tilmæli nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar sem kveðið er á um í aa-lið 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

2. Í samræmingarhópnum skal vera einn fulltrúi frá hverju aðildarríki og skal tilnefning hans vera til þriggja ára og unnt að framlengja hana um önnur þrjú ár. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna varafulltrúa til þriggja ára í senn og framlengja tilnefninguna um önnur þrjú ár. Fulltrúum í samræmingarhópnum er heimilt að hafa sérfræðinga í fylgd með sér.

Til þess að geta leyst af hendi verkefni sín skulu fulltrúar í samræmingarhópnum og sérfræðingar reiða sig á þau vísinda- og stjórnvaldsúrræði sem lögbærum landsyfirvöldum standa til boða. Hvert lögbært landsyfirvald skal hafa eftirlit með faglegum gæðum matsgerða og stuðla að starfsemi tilnefndra fulltrúa samræmingarhópsins og sérfræðinga.

Ákvæði 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 gilda um samræmingarhópinn að því er varðar gagnsæi og óhæði fulltrúa hans.“,

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Framkvæmdastjóra Lyfjastofnunarinnar eða fulltrúa hans og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar skal vera heimilt að sitja alla fundi samræmingarhópsins.

5. Fulltrúar samræmingarhópsins skulu sjá til þess að það sé viðeigandi samræming á milli verkefna þess hóps og vinnu lögbærra landsyfirvalda, þ.m.t. ráðgjafarstofnanir sem fjalla um markaðsleyfi.

6. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu aðildarríki, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, reyna af fremsta megni að taka samhljóða afstöðu til þeirra aðgerða sem gripið skal til. Ef ekki er unnt að taka samhljóða afstöðu gildir afstaða meirihluta aðildarríkjanna sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum.

7. Þeir sem sæti eiga í samræmingarhópnum skulu, jafnvel þótt skyldum þeirra sé lokið, ekki láta af hendi upplýsingar sem þagnarskylda gildir um.“

15. Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 27. gr.:

„4. KAFLI

Málsmeðferð um gagnkvæma viðurkenningu og sjálfstæð málsmeðferð“.

16. Ákvæðum 1. mgr. 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin, umsækjandi eða handhafi markaðsleyfis geta, í sérstökum tilvikum þar sem Sambandið hefur hagsmuna að gæta, vísað málinu til nefndarinnar til umfjöllunar, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 32., 33. og 34. gr., áður en tekin er ákvörðun um umsókn um markaðsleyfi, tímabundna niðurfellingu markaðsleyfis eða afturköllun markaðsleyfis eða aðrar þær breytingar á markaðsleyfi sem nauðsynlegar kunna að virðast.“,

b) eftirfarandi undirgreinar bætist aftan við fyrstu undirgrein:

„Í þeim tilvikum þegar málskot leiðir af mati á gögnum sem varða lyfjagát á lyfi með markaðsleyfi skal vísa málinu til nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar og skal þá heimilt að beita 2. mgr. 107. gr. j. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal gefa út tilmæli samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 32. gr. Lokatilmælin skulu send til mannalyfjanefndar eða til samræmingarhópsins, eftir því sem við á, og málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 107. gr. k gildir.

Sé hins vegar talið að brýnna aðgerða sé þörf gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 107. gr. i til 107. gr. k.“

17. 36. gr. falli brott.

18. Eftirfarandi breyting er gerð á 59. gr.:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr.:

i. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) lýsing á aukaverkunum, sem geta komið fram við venjulega notkun lyfsins, og, ef þurfa þykir, ráðstafanir sem grípa skal til.“,

ii. eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„Eftirfarandi viðbótaryfirlýsing, „Þetta lyf er undir viðbótareftirliti“, skal fylgja með lyfjum sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Á undan þessari yfirlýsingu skal koma svarta táknið, sem um getur í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, og á eftir henni skal koma viðeigandi, stöðluð setning til skýringar.

Staðlaður texti skal fylgja öllum lyfjum, þar sem sérstaklega er mælst til þess við sjúklinga að þeir tilkynni allar aukaverkanir, sem grunur er um, til læknis síns, til lyfjafræðinga, til faglærðra heilbrigðisstarfsmanna eða samkvæmt fyrirkomulaginu í viðkomandi landi á tilkynningum beint til yfirvalda, sem um getur í 1. mgr. 107. gr. a, og skal í textanum tilgreina mismunandi leiðir við tilkynningar, sem standa til boða (rafræn tilkynning, tilkynning sem sendist á póstfang og/eða tilkynning eftir öðrum leiðum), í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 107. gr. a.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Eigi síðar en 1. janúar 2013 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið matsskýrslu um þá annmarka, sem nú eru á samantektum um eiginleika lyfja og fylgiseðlum, og hvernig megi bæta úr þeim í því skyni að mæta betur þörfum sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna. Ef við á skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli skýrslunnar og að höfðu samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, leggja fram tillögur sem er ætlað að bæta læsileika, hönnun og inntak þessara skjala. “

19. Í stað 3. mgr. 63. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld geta, með fyrirvara um ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, veitt undanþágu frá þeirri skyldu að láta tilteknar upplýsingar koma fram á merkimiða og í fylgiseðli þegar um er að ræða lyf sem ekki eru ætluð til afhendingar beint til sjúklinga, eða ef fyrir hendi er alvarlegur skortur á lyfinu. Einnig geta þau veitt undanþágu, að einhverju eða öllu leyti, frá þeirri skyldu að merkimiðinn og fylgiseðillinn skuli vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem lyfið er sett á markað.“

20. Í stað IX. bálks komi eftirfarandi:

„IX. bálkur

LYFJAGÁT

1. KAFLI

Almenn ákvæði

101. gr.

1. Aðildarríkin skulu reka lyfjagátarkerfi í því skyni að leysa af hendi verkefni sín á sviði lyfjagátar og taka þátt í lyfjagátarstarfsemi Sambandsins.

Nota skal lyfjagátarkerfið til að safna upplýsingum um áhættu sem lyf geta skapað fyrir heilbrigði sjúklinga eða lýðheilsu. Þessar upplýsingar skulu einkum snúa að aukaverkunum hjá mönnum, sem til eru komnar vegna notkunar lyfs sem samræmist skilmálum markaðsleyfisins, svo og notkunar sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins, og að aukaverkunum sem tengjast váhrifum í starfi.

2. Aðildarríki skulu nota lyfjagátarkerfið, sem um getur í 1. mgr., til að meta allar upplýsingar með vísindalegum aðferðum, skoða möguleika á að lágmarka og fyrirbyggja áhættu og grípa til stjórnsýsluaðgerða, að því er varðar markaðsleyfið, ef nauðsyn krefur. Þau skulu gera reglulega úttekt á lyfjagátarkerfi sínu og tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar eigi síðar en 21. september 2013 og síðan á tveggja ára fresti upp frá því.

3. Hvert aðildarríki skal útnefna lögbært yfirvald til að sinna verkefnum á sviði lyfjagátar.

4. Framkvæmdastjórnin getur farið þess á leit við aðildarríkin að þau taki þátt, undir samræmingarstjórn Lyfjastofnunarinnar, í alþjóðlegri samhæfingu og stöðlun tæknilegra ráðstafana í tengslum við lyfjagát.

102. gr.

Aðildarríkin skulu:

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja sjúklinga og lækna, lyfjafræðinga og aðra faglærða heilbrigðisstarfsmenn til að skýra lögbærum landsyfirvöldum frá aukaverkunum sem grunur er um; að þeim verkefnum geta samtök, sem tala máli neytenda, sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna, haft aðkomu eftir því sem við á,

b) auðvelda sjúklingum að senda inn tilkynningar með því að bjóða upp á önnur snið fyrir tilkynningar til viðbótar við þau snið sem eru á Netinu,

c) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afla nákvæmra og sannprófanlegra gagna fyrir vísindalegt mat á tilkynningum um aukaverkanir sem grunur er um,

d) sjá til þess að almenningi séu tímanlega veittar mikilvægar upplýsingar um áhyggjuefni, sem hafa komið í ljós við lyfjagát og tengjast notkun tiltekins lyfs, með því að birta upplýsingarnar á vefgáttinni og með öðrum aðferðum við að gera upplýsingar aðgengilegar almenningi, eftir því sem nauðsyn krefur,

e) sjá til þess, með aðferðunum sem þau beita við að afla upplýsinga og, gerist þess þörf, með því að fylgja eftir tilkynningum um aukaverkanir, sem grunur er um, að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að auðkenna með skýrum hætti öll líffræðileg lyf sem er ávísað eða eru afhent eða seld á yfirráðasvæði þeirra og hafa orðið tilefni tilkynningar um aukaverkun sem grunur er um, að teknu tilhlýðilegu tilliti til heitis viðkomandi lyfs, í samræmi við 20. mgr. 1. gr., auk númers framleiðslulotu þess,

f) gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að markaðsleyfishafi, sem lætur hjá líða að rækja þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessum bálki, sæti viðurlögum sem eru í senn skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Að því er varðar a- og e-lið fyrstu málsgreinar er aðildarríkjum heimilt að leggja læknum, lyfjafræðingum og öðrum faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum sértækar skyldur á herðar.

103. gr.

Aðildarríki er heimilt að fela öðru aðildarríki verkefni sem því sjálfu er falið samkvæmt þessum bálki, svo fremi að skriflegt samþykki þess aðildarríkis liggi fyrir. Hvert aðildarríki má ekki vera í forsvari fyrir fleiri en eitt annað aðildarríki.

Aðildarríki, sem felur öðru aðildarríki verkefni, skal tilkynna framkvæmdastjórninni, Lyfjastofnuninni og öllum hinum aðildarríkjunum um það skriflega. Aðildarríki, sem felur öðru aðildarríki verkefni, og Lyfjastofnunin skulu birta þessar upplýsingar.

104. gr.

1. Markaðsleyfishafinn skal reka lyfjagátarkerfi, sem er sambærilegt við lyfjagátarkerfi viðkomandi aðildarríkis, sem kveðið er á um í 1. mgr. 101. gr., í þeim tilgangi að leysa af hendi verkefni sín á sviði lyfjagátar.

2. Markaðsleyfishafinn skal nota lyfjagátarkerfið, sem um getur í 1. mgr., til að meta allar upplýsingar með vísindalegum aðferðum, skoða möguleika á að lágmarka og fyrirbyggja áhættu og grípa til viðeigandi ráðstafana, eftir því sem nauðsyn krefur.

Markaðsleyfishafinn skal gera reglulega úttekt á lyfjagátarkerfi sínu. Hann skal setja athugasemd um helstu niðurstöður úttektarinnar í grunnskjal lyfjagátarkerfisins og gefi niðurstöður úttektarinnar tilefni til þess skal hann sjá til þess að viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta sé undirbúin og henni hrint í framkvæmd. Þegar viðkomandi aðgerðir til úrbóta eru að fullu komnar til framkvæmda er heimilt að fjarlægja athugasemdina.

3. Þar sem eftirtalin atriði eru hluti af lyfjagátarkerfinu skal markaðsleyfishafinn:

a) ávallt hafa í þjónustu sinni einstakling með viðeigandi menntun og hæfi til að annast lyfjagát.

b) viðhalda grunnskjali lyfjagátarkerfisins og gera það aðgengilegt samkvæmt beiðni,

c) reka áhættustjórnunarkerfi fyrir hvert lyf,

d) fylgjast með afleiðingum af ráðstöfunum til að lágmarka áhættu sem eru hluti af áætluninni um áhættustjórnun eða sem mælt er fyrir um sem skilyrði í markaðsleyfinu skv. 21. gr. a, 22. gr. eða 22. gr. a,

e) uppfæra áhættustjórnunarkerfið og fylgjast með lyfjagátarupplýsingum í því skyni að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst, eða hvort breytingar hafi orðið á sambandinu milli ávinnings og áhættu af lyfjum.

Hæfi einstaklingurinn, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal búa og starfa í Sambandinu og hann skal bera ábyrgð á að lyfjagátarkerfinu sé komið á fót og haldið við. Markaðsleyfishafinn skal tilkynna nafn menntaða og hæfa einstaklingsins og samskiptaupplýsingar um hann til lögbæra yfirvaldsins og Lyfjastofnunarinnar.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta lögbær landsyfirvöld farið þess á leit að útnefndur verði tengiliður fyrir lyfjagátartengd málefni á landsvísu sem gefur skýrslu til menntaða og hæfa einstaklingsins sem ber ábyrgð á lyfjagátarstarfsemi.

104. gr. a

1. Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu handhafar markaðsleyfa, sem veitt eru fyrir 21. júlí 2012, ekki vera skuldbundnir til að reka áhættustjórnunarkerfi fyrir hvert og eitt lyf þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. mgr. 104. gr.

2. Lögbært landsyfirvald getur lagt á markaðsleyfishafa þá skyldu að reka áhættustjórnunarkerfi, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 104. gr., ef uppi eru áhyggjur af áhættu sem kann að hafa áhrif á samband áhættu og ávinnings af tilteknu lyfi með markaðsleyfi. Í því sambandi skal lögbæra landsyfirvaldið einnig skuldbinda markaðsleyfishafann til að leggja fram ítarlega lýsingu á áhættustjórnunarkerfinu sem hann hyggst innleiða fyrir viðkomandi lyf.

Með álagningu slíkrar skyldu skal fylgja viðeigandi, skriflegur rökstuðningur og í honum skal tilgreina frestinn til að leggja fram ítarlega lýsingu á áhættustjórnunarkerfinu.

3. Lögbæra landsyfirvaldið skal veita markaðsleyfishafanum færi á að bregðast við álagningu áðurnefndrar skyldu með því að leggja fram skrifleg andmæli, innan tímamarka sem yfirvaldið tilgreinir, ef markaðsleyfishafinn fer þess á leit innan 30 daga frá því að honum berst skrifleg tilkynning um skylduna.

4. Lögbæra landsyfirvaldið skal aflétta skyldunni eða staðfesta hana á grundvelli skriflegu andmælanna sem markaðsleyfishafinn lagði fram. Staðfesti lögbæra landsyfirvaldið skylduna skal markaðsleyfinu breytt til samræmis við það svo að þær ráðstafanir, sem grípa skal til innan ramma áhættustjórnunarkerfisins, verði gerðar að skilyrðum í markaðsleyfinu sem um getur í a-lið 21. gr. a.

105. gr.

Stjórnun sjóða, sem nýta á til starfsemi í tengslum við lyfjagát, og rekstur samskiptaneta og markaðseftirlit skal vera undir stöðugu eftirliti lögbærra landsyfirvalda til að óhæði sjóðanna sé tryggt þegar kemur að því að sinna áðurnefndri lyfjagátarstarfsemi.

Fyrsta málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að lögbær landsyfirvöld geti tekið gjald af markaðsleyfishöfum fyrir að sinna þessari starfsemi, með því skilyrði að óhæði lögbærra landsyfirvalda, þegar kemur að því að sinna þessari lyfjagátarstarfsemi, sé vandlega tryggt.

2. KAFLI

Gagnsæi og upplýsingaskipti

106. gr.

Hvert aðildarríki skal stofna og viðhalda landsbundinni lyfjavefgátt sem skal vera tengd evrópsku lyfjavefgáttinni sem var stofnuð í samræmi við 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Aðildarríkin skulu gera a.m.k. eftirfarandi gögn aðgengileg öllum á landsbundnu lyfjavefgáttinni:

a) opinberar matsskýrslur ásamt samantekt á efni þeirra,

b) samantektir á eiginleikum lyfja og fylgiseðlum lyfja,

c) samantektir á áætlunum um áhættustjórnun fyrir lyf sem hljóta markaðsleyfi í samræmi við þessa tilskipun,

d) skrána yfir lyf sem um getur í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004,

e) upplýsingar um mismunandi leiðir fyrir faglærða heilbrigðisstarfsmenn og sjúklinga til að tilkynna aukaverkanir lyfja, sem grunur er um, til lögbærra landsyfirvalda, þ.m.t. sérhönnuð eyðublöð á vefnum sem um getur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

106. gr. a

1. Jafnskjótt og markaðsleyfishafi hyggst senda frá sér opinbera tilkynningu varðandi áhyggjuefni sem hafa komið í ljós við lyfjagát í tengslum við notkun lyfs, og í öllu tilvikum á sama tíma og opinbera tilkynningin er birt eða fyrr, er honum skylt að gera lögbærum landsyfirvöldum, Lyfjastofnuninni og framkvæmdastjórninni viðvart.

Markaðsleyfishafi skal sjá til þess að upplýsingar fyrir almenning séu settar fram á hlutlægan hátt og að þær séu ekki villandi.

2. Aðildarríkin, Lyfjastofnunin og framkvæmdastjórnin skulu gera hver öðrum viðvart eigi síðar en 24 klukkustundum áður en gefin er út opinber tilkynning um áhyggjuefni sem hafa komið í ljós við lyfjagát nema brýnt sé að birta strax opinbera tilkynningu í því skyni að vernda lýðheilsu.

3. Þegar um er að ræða virk efni í lyfjum sem hlotið hafa markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki er það Lyfjastofnunin sem ber ábyrgð á samræmingu tilkynninga um öryggismál milli lögbærra landsyfirvalda og skal hún leggja fram tímaáætlanir fyrir opinbera birtingu upplýsinganna.

Aðildarríkin skulu kappkosta, undir samræmingarstjórn Lyfjastofnunarinnar, að koma sér saman um sameiginleg skilaboð að því er varðar öryggi viðkomandi lyfja og tímaáætlanir fyrir dreifingu þeirra. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal veita ráðgjöf um þessar öryggistilkynningar óski Lyfjastofnunin eftir því.

4. Þegar Lyfjastofnunin eða lögbær landsyfirvöld birta opinberlega upplýsingar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal eyða út öllum upplýsingum sem eru af persónulegum toga eða sem viðskiptaleynd hvílir á nema verndun lýðheilsu krefjist þess að þær komi fyrir almennings sjónir.

3. KAFLI

Skráning og tilkynning lyfjagátarupplýsinga og mat á þeim

1. þáttur

Skráning og tilkynning aukaverkana sem grunur er um

107. gr.

1. Markaðsleyfishafar skulu skrá allar aukaverkanir sem grunur er um í Sambandinu eða í þriðju löndum og þeir fá vitneskju um, hvort sem sjúklingar eða faglærðir heilbrigðisstarfsmenn tilkynna þær beint eða þær koma fram við rannsókn sem er gerð eftir veitingu markaðsleyfis.

Markaðsleyfishafar skulu sjá til þess að þessar tilkynningar séu aðgengilegar á einum stað í Sambandinu.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar skal haga skráningu og tilkynningu aukaverkana, sem grunur er um og koma fram við klíníska rannsókn, í samræmi við tilskipun 2001/20/EB.

2. Markaðsleyfishafar skulu ekki víkjast undan því að fjalla um tilkynningar um aukaverkanir, sem grunur er um, sem sjúklingar og faglærðir heilbrigðisstarfsmenn miðla til þeirra með rafrænum hætti eða hverjum þeim hætti sem telst viðeigandi.

3. Markaðsleyfishafar skulu senda upplýsingar í rafrænu formi um allar alvarlegar aukaverkanir, sem grunur er um og koma fram í Sambandinu og í þriðju löndum, til gagnagrunnsins og gagnavinnslunetsins, sem um getur í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 (hér á eftir nefnt „Eudravigilance-gagnagrunnurinn“), innan fimmtán daga frá því að hlutaðeigandi markaðsleyfishafi fær vitneskju um viðkomandi tilvik.

Markaðsleyfishafar skulu senda upplýsingar í rafrænu formi um allar aukaverkanir, sem grunur er um, eru ekki alvarlegar og koma fram í Sambandinu, til Eudravigilance-gagnagrunnsins innan 90 daga frá því að hlutaðeigandi markaðsleyfishafi fær vitneskju um viðkomandi tilvik.

Þegar um er að ræða lyf sem innihalda virk efni sem um getur í skránni yfir útgefið efni sem Lyfjastofnunin hefur eftirlit með skv. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 er markaðsleyfishöfum ekki skylt að senda tilkynningu til Eudravigilance-gagnagrunnsins um aukaverkanir sem grunur er um og sem getið er um í skráðu læknisfræðiritunum en þeir skulu fylgjast með öllum öðrum læknisfræðiritum og tilkynna um allar aukaverkanir sem grunur er um.

4. Markaðsleyfishafar skulu setja verklagsreglur í því augnamiði að afla nákvæmra og sannprófanlegra gagna fyrir vísindalegt mat á tilkynningum um aukaverkanir sem grunur er um. Einnig skulu þeir afla framhaldsupplýsinga um þessar tilkynningar og senda uppfærðu gögnin í Eudravigilance-gagnagrunninn.

5. Markaðsleyfishafar skulu starfa með Lyfjastofnuninni og aðildarríkjunum að því að til að finna þau tilvik þar sem sama tilkynningin er send inn oftar en einu sinni.

107. gr. a

1. Hvert aðildarríki skal skrá allar aukaverkanir sem grunur er um og koma fram á yfirráðasvæði þess og sem faglærðir heilbrigðisstarfsmenn og sjúklingar tilkynna því um. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sjúklingar og faglærðir heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á, komi að eftirfylgni með öllum tilkynningum sem þeim berast svo farið sé að ákvæðum c- og e-liðar 102. gr.

Aðildarríki skulu sjá til þess að hægt sé að senda inn tilkynningar um slíkar aukaverkanir í gegnum landsbundnar lyfjavefgáttir eða eftir öðrum leiðum.

2. Þegar markaðsleyfishafi hefur sent inn tilkynningu er aðildarríkjum heimilt, komi aukaverkanir, sem grunur er um, fram á yfirráðasvæði þeirra, að láta markaðsleyfishafann koma að eftirfylgni með tilkynningunum.

3. Aðildarríkin skulu starfa með Lyfjastofnuninni og markaðsleyfishöfum að því að finna þau tilvik þar sem sama tilkynningin er send inn oftar en einu sinni.

4. Innan 15 daga frá því að aðildarríkjunum berast tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og um getur í 1. mgr. skulu þau senda tilkynningarnar í rafrænu formi til Eudravigilance-gagnagrunnsins.

Innan 90 daga frá því að aðildarríkjunum berast tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. skulu þau senda tilkynningar um aukaverkanir, sem grunur er um en eru ekki alvarlegar, í rafrænu formi til Eudravigilance-gagnagrunnsins.

Markaðsleyfishafar skulu hafa aðgang að þessum tilkynningum í gegnum Eudravigilance-gagnagrunninn.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tilkynningar, sem þau fá vitneskju um og varða aukaverkanir, sem grunur er um, vegna rangrar notkunar lyfs, séu gerðar aðgengilegar fyrir Eudravigilance-gagnagrunninn og öll yfirvöld, aðila, samtök og/eða stofnanir sem bera ábyrgð á öryggi sjúklinga í viðkomandi aðildarríki. Einnig skulu þau sjá til þess að yfirvöld, sem bera ábyrgð á lyfjum í viðkomandi aðildarríki, séu upplýst um hvers kyns aukaverkanir sem grunur er um og annað yfirvald í því aðildarríki hefur fengið vitneskju um. Þessar tilkynningar skulu auðkenndar á viðeigandi hátt á þeim eyðublöðum sem um getur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

6. Einstök aðildarríki skulu ekki leggja neinar viðbótarskyldur á markaðsleyfishafa, að því er varðar tilkynningar um aukaverkanir sem grunur er um, nema lyfjagátarstarfsemi leiði í ljós að gildar ástæður séu til þess.

2. þáttur

Öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega

107. gr. b

1. Markaðsleyfishafar skulu senda Lyfjastofnuninni öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega þar sem finna má eftirfarandi:

a) samantektir gagna sem varða ávinning og áhættu af viðkomandi lyfi, þ.m.t. niðurstöður allra rannsókna með tilliti til hugsanlegra áhrifa þeirra á markaðsleyfi,

b) vísindalegt mat á sambandi áhættu og ávinnings af lyfinu,

c) öll gögn um sölumagn lyfsins og öll gögn sem markaðsleyfishafi hefur undir höndum um fjölda ávísaðra lyfseðla, þ.m.t. mat á því hve margt fólk kann að hafa notað lyfið.

Matið, sem um getur í b-lið, skal byggjast á öllum tiltækum gögnum, þ.m.t. gögn úr klínískum rannsóknum fyrir ábendingar og þýði sem eru ekki tilgreind í markaðsleyfinu.

Öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, skulu lagðar fram í rafrænu formi.

2. Lyfjastofnunin skal gera skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar lögbærum landsyfirvöldum og þeim sem eiga sæti í nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, mannalyfjanefnd og samræmingarhópnum, með því að nota gagnasafnið sem um getur í 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 726/2004.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu handhafar markaðsleyfa fyrir lyf, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. eða í 10. gr. a, og handhafar skráninga fyrir lyf, sem um getur í 14. gr. eða 16. gr. a, leggja fram öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, fyrir slík lyf í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar mælt hefur verið fyrir um slíkar skyldur sem skilyrði í markaðsleyfinu í samræmi við 21. gr. a eða 22. gr. eða

b) þegar lögbært yfirvald fer fram á það í tilefni af áhyggjuefnum, sem tengjast lyfjagátarupplýsingum, eða vegna þess að ekki liggur fyrir nógu mikið af öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, þar sem fjallað er um virkt efni eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt. Matsskýrslur um öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, skulu sendar til nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar sem skal meta hvort þörf sé á aðeins einni matsskýrslu fyrir öll markaðsleyfi fyrir lyf sem innihalda sama virka efnið og tilkynna síðan samræmingarhópnum eða mannalyfjanefndinni hvort svo sé í því skyni að beita málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 107. gr. c og í 107. gr. e.

107. gr. c

1. Í markaðsleyfinu skal tilgreina skilatíðni öryggisskýrslna sem eru uppfærðar reglulega.

Skiladagsetningar samkvæmt tilgreindri skilatíðni skulu reiknaðar frá dagsetningu markaðsleyfisins.

2. Handhafar markaðsleyfa, sem eru veitt fyrir 21. júlí 2012 og sem eru ekki bundin því skilyrði að kveðið sé á UM skilatíðni og skiladagsetningar öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, skulu skila þessum öryggisskýrslum inn í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar uns kveðið verður á um aðra skilatíðni eða skiladaga fyrir skýrslurnar, ýmist í markaðsleyfinu eða samkvæmt með ákvörðun í samræmi við 4., 5. eða 6. mgr.

Öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, skulu lagðar fyrir lögbær yfirvöld um leið og beiðni þar að lútandi er lögð fram eða í samræmi við eftirfarandi:

a) hafi lyf ekki enn verið sett á markað, þá á a.m.k. sex mánaða fresti frá því að markaðsleyfi er veitt og þar til lyfið er sett á markað,

b) hafi lyf verið sett á markað, þá á a.m.k. sex mánaða fresti fyrstu tvö árin eftir að lyfið var fyrst sett á markað, einu sinni á ári næstu tvö ár þar á eftir og þaðan í frá á þriggja ára fresti.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um lyf sem hafa einungis hlotið markaðsleyfi í einu aðildarríki og sem 4. mgr. gildir ekki um.

4. Í þeim tilvikum þegar lyf, sem mismunandi markaðsleyfi gilda um, innihalda sama virka efnið eða sömu blöndu virkra efna er heimilt að breyta og samræma skilatíðni og skiladagsetningar reglulega uppfærðra öryggisskýrslna, sem leiðir af beitingu 1. og 2. mgr., svo að unnt sé að gera eitt mat innan ramma málsmeðferðar með verkdeilingu, að því er varðar öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega, og ákvarða viðmiðunardagsetningu fyrir Sambandið allt sem skiladagsetningar skulu reiknaðar út frá.

Hvorum tveggja eftirfarandi aðila er heimilt að ákvarða þessa samræmdu tíðni skila á skýrslum og viðmiðunardagsetninguna fyrir Sambandið allt, að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar:

a) mannalyfjanefnd, svo framarlega sem a.m.k. eitt af markaðsleyfunum fyrir lyfin, sem innihalda virka efnið sem um er að ræða, hefur verið veitt í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem um getur í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004,

b) samræmingarhópnum, í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið.

Lyfjastofnunin skal birta opinberlega þá samræmdu tíðni fyrir skil á skýrslum sem er ákvörðuð samkvæmt fyrstu og annarri undirgrein. Markaðsleyfishafar skulu leggja fram umsókn um breytingu á markaðsleyfinu til samræmis við það.

5. Að því er varðar 4. mgr. skal önnur eftirfarandi dagsetninga gilda sem viðmiðunardagsetning fyrir Sambandið allt þegar um er að ræða lyf sem innihalda sama virka efnið eða sömu blöndu virkra efna:

a) dagsetning fyrsta markaðsleyfisins í Sambandinu fyrir lyf sem inniheldur það virka efni eða þá blöndu virkra efna,

b) ef dagsetningin, sem um getur í a-lið, verður ekki vituð með vissu gildir fyrsta dagsetningin sem vitað er um á markaðsleyfi fyrir lyf sem inniheldur það virka efni eða þá blöndu virkra efna sem um er að ræða.

6. Markaðsleyfishöfum er heimilt að leggja beiðnir fyrir mannalyfjanefnd eða samræmingarhópinn, eftir því sem við á, um ákvörðun viðmiðunardagsetninga fyrir Sambandið eða um breytingu á skilatíðni öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, af einni af eftirfarandi ástæðum:

a) af ástæðum sem varða lýðheilsu,

b) í þeim tilgangi að komast hjá endurtekningu á matinu,

c) í þeim tilgangi að ná fram samræmingu á alþjóðlegum vettvangi.

Slíkar beiðnir skulu lagðar fram skriflega og skal þeim fylgja tilhlýðilegur rökstuðningur. Mannalyfjanefnd eða samræmingarhópurinn skal, að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, annaðhvort samþykkja slíkar beiðnir eða hafna þeim. Lyfjastofnunin skal birta opinberlega allar breytingar á dagsetningum eða tíðni skila á öryggisskýrslum sem eru uppfærðar reglulega. Markaðsleyfishafar skulu leggja fram umsókn um breytingu á markaðsleyfinu til samræmis við það.

7. Lyfjastofnunin skal birta opinberlega skrá yfir viðmiðunardagsetningar og skilatíðni reglulega uppfærðra öryggisskýrslna, sem gilda fyrir Sambandið allt, og nota til þess evrópsku lyfjavefgáttina.

Allar breytingar á skiladagsetningum og tíðni reglulega uppfærðra öryggisskýrslna, sem eru tilgreindar í markaðsleyfinu og leiðir af beitingu 4., 5. og 6. mgr., skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir áðurnefnda birtingu.

107. gr. d

Lögbær landsyfirvöld skulu meta öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, í því skyni að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst eða hvort breytingar hafi orðið á sambandinu milli ávinnings og áhættu af lyfjum.

107. gr. e

1. Gera skal eitt mat á öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, fyrir lyf með markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki og, í þeim tilvikum sem um getur í 4.–6. mgr. 107. gr. c, fyrir öll lyf sem innihalda sama virka efnið eða sömu blöndu virkra efna og sem viðmiðunardagsetning og skilatíðni öryggisskýrslnanna hefur verið ákveðin fyrir í Sambandinu öllu.

Annar hvor eftirtalinna aðila skal annast sameiginlega matið:

a) aðildarríki, sem samræmingarhópurinn tilnefnir þegar ekkert viðkomandi markaðsleyfa hefur verið veitt í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004, eða

b) skýrslugjafi, sem nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar tilnefnir þegar a.m.k. eitt viðkomandi markaðsleyfa hefur verið veitt í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

Við val á aðildarríki, í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar, skal samræmingarhópurinn taka tillit til þess hvort eitthvert aðildarríkjanna gegni hlutverki tilvísunaraðildarríkis í samræmi við 1. mgr. 28. gr.

2. Aðildarríkið eða skýrslugjafinn, eftir því sem við á, skal semja matsskýrslu innan 60 daga frá viðtöku öryggisskýrslunnar, sem er uppfærð reglulega, og senda hana til Lyfjastofnunarinnar og til hlutaðeigandi aðildarríkis. Lyfjastofnunin skal senda markaðsleyfishafanum skýrsluna.

Aðildarríkjunum og markaðsleyfishafanum er heimilt að koma athugasemdum á framfæri við Lyfjastofnunina og við skýrslugjafann eða aðildarríkið innan 30 daga frá viðtöku matsskýrslunnar.

3. Í kjölfar viðtöku athugasemdanna, sem um getur í 2. mgr., skal skýrslugjafinn eða aðildarríkið uppfæra matsskýrsluna með hliðsjón af öllum athugasemdum, sem komið var á framfæri, og framsenda hana nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar innan 15 daga. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar samþykkir matsskýrsluna með eða án frekari breytinga á næsta fundi sínum og gefur út tilmæli. Í tilmælunum skal getið um mismunandi afstöðu ásamt ástæðunum fyrir hverri afstöðu. Lyfjastofnunin skal færa samþykktu matsskýrsluna og tilmælin inn í gagnasafnið, sem komið var á fót með 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 726/2004, og framsenda hvort tveggja til markaðsleyfishafans.

107. gr. f

Að loknu mati á öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, skulu lögbær landsyfirvöld íhuga hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða viðvíkjandi markaðsleyfinu fyrir viðkomandi lyf.

Þau skulu viðhalda markaðsleyfinu, breyta því, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það eftir því sem við á.

107. gr. g

1. Ef um er að ræða eitt mat á öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, þar sem sett eru fram tilmæli um aðgerðir sem varða fleiri en eitt markaðsleyfi í samræmi við 1. mgr. 107. gr. e, að undanskildu hverju því markaðsleyfi sem veitt hefur verið í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004, skal samræmingarhópurinn, innan 30 daga frá því að honum berst skýrslan frá nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, taka skýrsluna til athugunar og koma sér saman um afstöðu til þess hvort viðhalda skuli markaðsleyfinu, sem um er að ræða, breyta því, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það, ásamt því að gera tímaáætlun varðandi framkvæmd sameiginlegu afstöðunnar.

2. Nái aðildarríkin, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, almennu samkomulagi um þær aðgerðir sem grípa skal til skal formaðurinn skrá samkomulagið og senda það til markaðsleyfishafans og aðildarríkjanna. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda markaðsleyfunum, sem um er að ræða, breyta þeim, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau í samræmi við tímaáætlunina fyrir framkvæmdina sem ákveðin var í samkomulaginu.

Ef um breytingu er að ræða skal markaðsleyfishafinn leggja viðeigandi beiðni um breytingu fyrir lögbær landsyfirvöld og láta fylgja uppfærða samantekt á eiginleikum viðkomandi lyfs og uppfærðan fylgiseðil, innan marka þeirrar tímaáætlunar fyrir framkvæmdina sem ákveðin var.

Ef ekki er hægt að ná samhljóða samkomulagi skal framsenda afstöðu meirihluta þeirra aðildarríkja, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, til framkvæmdastjórnarinnar sem skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 33. og 34. gr.

Ef samkomulagið, sem fulltrúar aðildarríkjanna í samræmingarhópnum ná, eða afstaða meirihluta aðildarríkjanna samræmist ekki tilmælum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal samræmingarhópurinn bæta við samkomulagið eða við afstöðu meirihlutans ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt tilmælunum.

3. Ef um er að ræða eitt mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum þar sem sett eru fram tilmæli um aðgerðir sem varða fleiri en eitt markaðsleyfi í samræmi við 1. mgr. 107. gr. e, þ.m.t. a.m.k. eitt markaðsleyfi sem veitt hefur verið í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004, skal mannalyfjanefndin, innan 30 daga frá því að henni berst skýrslan frá nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, taka skýrsluna til athugunar og samþykkja álit um hvort viðhalda skuli markaðsleyfinu, sem um er að ræða, breyta því, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það, ásamt því að gera tímaáætlun varðandi framkvæmd álitsins.

Ef álit mannalyfjanefndar samræmist ekki tilmælum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal mannalyfjanefnd bæta við álitið ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt tilmælunum.

4. Á grundvelli álits mannalyfjanefndar, sem um getur í 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin:

a) samþykkja ákvörðun, sem beint er til aðildarríkjanna, varðandi ráðstafanir sem grípa þarf til vegna markaðsleyfa sem aðildarríkin hafa veitt og sem málsmeðferð sú, sem kveðið er á um í þessum þætti, hefur áhrif á, og

b) ef tekið er fram í álitinu að nauðsynlegt sé að grípa til stjórnsýsluaðgerða varðandi markaðsleyfið: samþykkja ákvörðun um að breyta markaðsleyfum, sem veitt voru í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 726/2004 og sem málsmeðferð sú, sem kveðið er á um í þessum þætti hefur áhrif á, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau.

Ákvæði 33. og 34. gr. þessarar tilskipunar gilda um samþykkt ákvörðunarinnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, og um framkvæmd hennar af hálfu aðildarríkjanna.

Ákvæði 10. gr. reglugerðar 726/2004 gilda um ákvörðunina sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir slíka ákvörðun er henni einnig heimilt að samþykkja ákvörðun sem beint er til aðildarríkjanna, skv. 127. gr. a í þessari tilskipun.

3. þáttur

Greining vísbendinga

107. gr. h

1. Þegar um er að ræða lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við þessa tilskipun skulu lögbær landsyfirvöld gera eftirfarandi ráðstafanir í samstarfi við Lyfjastofnunina:

a) fylgjast með árangri af þeim ráðstöfunum til að lágmarka áhættu sem eru hluti af áætlunum um áhættustjórnun, svo og skilyrðunum sem um getur í 21. gr. a, 22. gr. eða 22. gr. a,

b) meta uppfærslur á áhættustjórnunarkerfinu,

c) vakta gögnin í Eudravigilance-gagnagrunninum til að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst og hvort sú áhætta hafi áhrif á sambandið milli áhættu og ávinnings.

2. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal gera frumgreiningu og skilgreina forgangsröðun að því er varðar vísbendingar um nýja áhættu eða áhættu sem hefur breyst eða breytingar á sambandi áhættu og ávinnings. Telji nefndin að framhaldsaðgerðir gætu reynst nauðsynlegar skal fara fram mat á þessum vísbendingum og ná samkomulagi um allar síðari aðgerðir varðandi markaðsleyfið innan tímamarka sem eru í réttu hlutfalli við umfang og alvarleika málsins.

3. Lyfjastofnunin og lögbær landsyfirvöld og markaðsleyfishafi skulu tilkynna hver öðrum um það ef vart verður við nýja áhættu eða áhættu sem hefur breyst eða breytingar á sambandi áhættu og ávinnings.

Aðildarríki skulu sjá til þess að markaðsleyfishafar tilkynni Lyfjastofnuninni og lögbærum landsyfirvöldum ef vart verður við nýja áhættu eða áhættu sem hefur breyst eða breytingar á sambandi áhættu og ávinnings.

4. þáttur

Flýtimeðferð Sambandsins

107 gr. i

1. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, skal hefja málsmeðferðina, sem kveðið er á um í þessum þætti, með því að tilkynna hinum aðildarríkjunum, Lyfjastofnuninni og framkvæmdastjórninni um það þegar mat á gögnum um lyfjagátarstarfsemi gefur til kynna að brýnna aðgerða sé þörf, þ.e. í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar til álita kemur að fella markaðsleyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla það,

b) þegar til álita kemur að banna afgreiðslu lyfs,

c) þegar til álita kemur að hafna endurnýjun markaðsleyfis,

d) þegar markaðsleyfishafi tilkynnir að vegna öryggisvanda hafi hann hætt að setja tiltekið lyf á markað eða gripið til aðgerða í því augnamiði að fá markaðsleyfi afturkallað eða hyggist gera það,

e) þegar talið er nauðsynlegt að bæta við frábendingu, minnka ráðlagðan skammt eða takmarka ábendingar.

Lyfjastofnunin skal ganga úr skugga um hvort öryggisvandinn tengist öðrum lyfjum en því sem upplýsingarnar taka til eða hvort hann sé sameiginlegur öllum lyfjum á sama sviði eða í sama lyfjaflokki.

Ef lyfið, sem um er að ræða, hefur hlotið markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki skal Lyfjastofnunin, án ástæðulausrar tafar, tilkynna þeim aðila, sem hóf málsmeðferðina, um niðurstöðu þessarar sannprófunar og gilda þá málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í 107. gr. j og 107. gr. k. Að öðrum kosti skal hlutaðeigandi aðildarríki bregðast við öryggisvandanum. Lyfjastofnunin eða aðildarríkið, eftir því sem við á, upplýsir markaðsleyfishafa um að málsmeðferðin sé hafin.

2. Ef brýnna aðgerða er þörf til að vernda lýðheilsu er aðildarríki heimilt, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. þessarar greinar auk 107. gr. j og 107. gr. k., að fella markaðsleyfið tímabundið úr gildi og banna notkun viðkomandi lyfs á yfirráðasvæði sínu þar til endanleg ákvörðun er tekin. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni, Lyfjastofnuninni og hinum aðildarríkjunum eigi síðar en næsta virka dag um ástæðurnar fyrir aðgerðunum.

3. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er í málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 107. gr. j til 107. gr. k, farið þess á leit við aðildarríkin, þar sem viðkomandi lyf er með markaðsleyfi, að þau grípi þegar í stað til tímabundinna ráðstafana.

Ef málsmeðferðin, eins og hún er skilgreind í samræmi við 1. mgr., nær yfir lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 getur framkvæmdastjórnin hvenær sem er í málsmeðferðinni, sem hafin er samkvæmt þessum þætti, gripið tafarlaust til tímabundinna ráðstafana í tengslum við þessi markaðsleyfi.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í þessari grein, kunna að varða einstök lyf eða lyf á tilteknu sviði eða í tilteknum lyfjaflokki.

Uppgötvi Lyfjastofnunin að öryggisvandinn varðar fleiri lyf en þau sem upplýsingarnar taka til eða að hann er sameiginlegur öllum lyfjum á sama sviði eða í sama lyfjaflokki skal hún víkka gildissvið málsmeðferðarinnar til samræmis við það.

Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, sem hafin er samkvæmt þessari grein, tekur til lyfja á tilteknum sviði eða til lyfjaflokks skulu lyf, sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 og eru á þessu sviði eða í þessum lyfjaflokki, einnig heyra undir málsmeðferðina.

5. Þegar aðildarríkinu hafa borist upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal það láta Lyfjastofnuninni í té allar vísindalegar upplýsingar sem málið varða og það hefur undir höndum, auk hvers kyns mats sem aðildarríkið hefur unnið.

107. gr. j

1. Þegar Lyfjastofnuninni hafa borist upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 107. gr. i skal hún birta opinbera tilkynningu á evrópsku lyfjavefgáttinni um að málsmeðferðin sé hafin. Samtímis því er aðildarríkjunum heimilt að birta opinbera tilkynningu á sínum landsbundnu vefgáttum að málsmeðferðin sé hafin.

í tilkynningunni skal tilgreina málið, sem lagt er fyrir Lyfjastofnunina í samræmi við 107. gr. i, og, eftir atvikum, lyfin og virku efnin. Í tilkynninguni skulu koma fram upplýsingar um rétt markaðsleyfishafa, faglærðra heilbrigðisstarfsmanna og almennings til að leggja fyrir Lyfjastofnunina upplýsingar sem skipta máli fyrir málsmeðferðina, auk þess sem þar skal tilgreint hvernig megi leggja fram slíkar upplýsingar.

2. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal leggja mat sitt á málið sem lagt hefur verið fyrir Lyfjastofnunina í samræmi við 107. gr. i. Skýrslugjafinn skal vinna náið með skýrslugjafanum sem mannalyfjanefndin og tilvísunaraðildarríkið fyrir viðkomandi lyf hafa tilnefnt. Að því er varðar áðurnefnt mat er markaðsleyfishafa heimilt að koma athugasemdum á framfæri skriflega.

Ef málið er brýnt getur nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar haldið opna áheyrnarfundi telji hún, með gildum rökum, að slíkt sé við hæfi, einkum að því er varðar umfang og alvarleika viðkomandi öryggisvanda. Áheyrnarfundirnir skulu haldnir í samræmi við það fyrirkomulag sem Lyfjastofnunin tilgreinir og tilkynnt skal um þá opinberlega á evrópsku lyfjavefgáttinni. Í tilkynningunni skal kveðið nánar á um fyrirkomulag þátttöku.

Á opnum áheyrnarfundum skal taka tilhlýðilegt tillit til lækningaverkunar viðkomandi lyfs.

Lyfjastofnunin skal, í samráði við hlutaðeigandi aðila, setja sér starfsreglur um skipulag og framkvæmd opinna áheyrnarfunda í samræmi við 78. gr. reglugerðar 726/2004.

Ef markaðsleyfishafi eða annar aðili, sem hyggst leggja fram upplýsingar, býr yfir trúnaðargögnum sem skipta máli fyrir efni málsmeðferðarinnar getur hann óskað eftir leyfi til að leggja þau gögn fyrir nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar fyrir luktum dyrum.

3. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal, innan 60 daga frá því að upplýsingarnar eru lagðar fram, senda frá sér rökstudd tilmæli, að teknu tilhlýðilegu tilliti til lækningaverkunar viðkomandi lyfs. Í tilmælunum skal getið um mismunandi afstöðu ásamt ástæðunum fyrir hverri afstöðu. Ef málið er brýnt getur nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar samþykkt styttri frest, að tillögu formannsins. Í tilmælunum skal kveðið á um einhverja af eftirfarandi ályktunum eða sambland af þeim:

a) nánara mats eða frekari aðgerða á vettvangi Evrópusambandsins gerist ekki þörf,

b) markaðsleyfishafi skal vinna frekara mat á gögnum ásamt því að fylgja eftir niðurstöðum þess mats,

c) markaðsleyfishafi skal standa straum af öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis ásamt því að fylgja eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar,

d) aðildarríkin eða markaðsleyfishafi skulu hrinda í framkvæmd ráðstöfunum til að lágmarka áhættu,

e) fella skal markaðsleyfið niður um tíma, afturkalla það eða láta ógert að endurnýja það,

f) gera skal breytingar á markaðsleyfinu.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal í tilmælunum tilgreina þær ráðstafanir til að lágmarka áhættu sem mælt er með, auk allra skilyrða og takmarkana sem gilda skulu um markaðsleyfið.

Ef mælt er með því, í þeim tilvikum sem um getur í f-lið fyrstu undirgreinar, að breyta samantekt á eiginleikum lyfs eða merkingum eða fylgiseðli eða bæta þar við upplýsingum skulu tilmælin innihalda tillögur að orðalagi slíkra breytinga eða viðbótarupplýsinga og því hvar í samantektinni á eiginleikum lyfs, merkingum eða fylgiseðli skuli finna slíku orðalagi stað.

107 gr. k

1. Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, eins og það er skilgreint í samræmi við 4. mgr. 107. gr. i, nær ekki til neins markaðsleyfis sem er veitt í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal samræmingarhópurinn, innan 30 daga frá því að honum berast tilmæli nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, taka tilmælin til athugunar og koma sér saman um afstöðu til þess hvort viðhalda skuli viðkomandi markaðsleyfi, breyta því, fella það tímabundið úr gildi, afturkalla það eða synja um endurnýjun þess, ásamt því að gera tímaáætlun fyrir framkvæmd afstöðunnar sem samkomulag varð um. Ef aðkallandi er að samþykkja afstöðu getur samræmingarhópurinn samþykkt styttri frest á grundvelli tillögu formanns síns.

2. Nái aðildarríkin, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, almennu samkomulagi um þær aðgerðir sem grípa skal til skal formaðurinn skrá samkomulagið og senda það til markaðsleyfishafans og aðildarríkjanna. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda markaðsleyfunum, sem um er að ræða, breyta þeim, fella þau tímabundið úr gildi, afturkalla þau eða synja um endurnýjun þeirra, í samræmi við tímaáætlunina fyrir framkvæmdina sem ákveðin var í samkomulaginu.

Ef samþykkt er að gera breytingu skal markaðsleyfishafi leggja viðeigandi beiðni um breytingu fyrir lögbær landsyfirvöld og láta fylgja uppfærða samantekt á eiginleikum lyfsins og uppfærðan fylgiseðil, innan marka þeirrar tímaáætlunar fyrir framkvæmdina sem ákveðin var.

Ef ekki er hægt að ná samhljóða samkomulagi skal framsenda afstöðu meirihluta þeirra aðildarríkja, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, til framkvæmdastjórnarinnar sem skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 33. og 34. gr. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 34. gr. gildir málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 121. gr.

Ef samkomulagið, sem fulltrúar aðildarríkjanna í samræmingarhópnum ná, eða afstaða meirihluta aðildarríkjanna, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, samræmist ekki tilmælum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal samræmingarhópurinn bæta við samkomulagið eða við afstöðu meirihlutans ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis ásamt tilmælunum.

3. Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, eins og það er skilgreint í samræmi við 4. mgr. 107. gr. i, nær til a.m.k. eins markaðsleyfis sem er veitt í samræmi við miðlægu málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal mannalyfjanefnd, innan 30 daga frá því að henni berast tilmæli nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, taka tilmælin til athugunar og samþykkja álit þess efnis að viðhalda markaðsleyfunum, sem um er að ræða, breyta þeim, fella þau tímabundið úr gildi, afturkalla þau eða synja um endurnýjun þeirra. Ef aðkallandi er að samþykkja álit getur mannalyfjanefnd samþykkt styttri frest á grundvelli tillögu formanns síns.

Ef álit mannalyfjanefndar samræmist ekki tilmælum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal mannalyfjanefnd bæta við álit sitt ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt tilmælunum.

4. Á grundvelli álits mannalyfjanefndar, sem um getur í 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin:

a) samþykkja ákvörðun, sem beint er til aðildarríkjanna, varðandi ráðstafanir sem grípa þarf til vegna markaðsleyfa sem aðildarríkin hafa veitt og heyra undir málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum þætti, og

b) ef álitið hljóðar á þá leið að nauðsynlegt sé að grípa til stjórnsýsluaðgerða: samþykkja ákvörðun um að breyta markaðsleyfunum, sem veitt hafa verið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 og heyra undir málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum þætti, fella þau tímabundið úr gildi, afturkalla þau eða synja um endurnýjun þeirra.

Ákvæði 33. og 34. gr. þessarar tilskipunar gilda um samþykkt ákvörðunarinnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, og um framkvæmd hennar af hálfu aðildarríkjanna. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 34. gr. þessarar tilskipunar gildir málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 121. gr. hennar.

Ákvæði 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 gilda um ákvörðunina sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar gildir málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 87. gr. hennar. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir slíka ákvörðun er henni einnig heimilt að samþykkja ákvörðun sem beint er til aðildarríkjanna skv. 127. gr. a í þessari tilskipun.

5. þáttur

Matsbirtingar

107. gr. l

Lyfjastofnunin skal birta opinberlega á evrópsku lyfjavefgáttinni endanlegar niðurstöður úr því mati, tilmælum, álitum og ákvörðunum sem um getur í 107. gr. b. til 107. gr. k.

4. KAFLI

Eftirlit með rannsóknum á öryggi lyfja sem eru gerðar eftir veitingu markaðsleyfis

107. gr. m

1. Þessi kafli tekur til öryggisrannsókna eftir veitingu markaðsleyfis sem fela ekki í sér inngrip og sem markaðsleyfishafi á frumkvæði að, hefur umsjón með eða fjármagnar sjálfviljugur eða samkvæmt skyldum sem eru lagðar á í samræmi við 21. gr. a og 22. gr. a og fela í sér öflun öryggisgagna frá sjúklingum og faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum.

2. Þessi kafli er með fyrirvara um landsbundnar kröfur og kröfur Sambandsins sem er ætlað að tryggja velferð og réttindi þátttakenda í öryggisrannsóknum sem eru gerðar eftir veitingu markaðsleyfis og fela ekki í sér inngrip.

3. Ekki skal gera rannsóknirnar ef stuðlað er að notkun lyfs með því að láta þær fara fram.

4. Greiðslur til faglærðra heilbrigðisstarfsmanna, fyrir að taka þátt í öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis sem fela ekki í sér inngrip, skulu takmarkast við tíma þeirra og útgjöld.

5. Lögbært landsyfirvald getur krafist þess að markaðsleyfishafi leggi rannsóknaráætlunina og framvinduskýrslurnar fyrir lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem rannsóknin fer fram.

6. Markaðsleyfishafi skal senda lokaskýrsluna til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, þar sem rannsóknin fór fram, innan 12 mánaða frá því að gagnaöflun lýkur.

7. Á meðan rannsókn fer fram skal markaðsleyfishafi fylgjast með gögnum, sem verða til í henni, og vega og meta áhrif þeirra á samband áhættu og ávinnings af viðkomandi lyfi.

Allar nýjar upplýsingar, sem kynnu að hafa áhrif á matið á sambandi áhættu og ávinnings af viðkomandi lyfi, skulu sendar lögbærum landsyfirvöldum í þeim aðildarríkjum, þar sem lyfið hefur hlotið markaðsleyfi, í samræmi við 23. gr.

Sú skylda, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein, er með fyrirvara um þær upplýsingar um niðurstöður rannsókna sem markaðsleyfishafinn skal koma á framfæri í öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega, eins og mælt er fyrir um í 107. gr. b.

8. Ákvæði 107. gr. n til 107. gr. q gilda eingöngu um rannsóknirnar sem vísað er til í 1. mgr. og fara fram samkvæmt skyldu sem lögð er á í samræmi við 21. gr. a eða 22. gr. a.

107. gr. n

1. Áður en rannsókn fer fram skal markaðsleyfishafi leggja drög að rannsóknaráætlun fyrir nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar nema þegar um er að ræða rannsóknir sem ekki er ætlað að fara fram nema í einu aðildarríki sem óskar eftir að rannsóknin verði gerð í samræmi við 22. gr. a. Í tilviki slíkra rannsókna skal markaðsleyfishafi leggja drög að rannsóknaráætlun fyrir lögbært landsyfirvald í aðildarríkinu þar sem rannsóknin fer fram.

2. Innan 60 daga frá því að drögin að rannsóknaráætluninni eru lögð fram skal lögbært landsyfirvald eða nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar, eftir því sem við á, senda frá sér eftirfarandi:

a) viljayfirlýsingu fyrir drögin að rannsóknaráætluninni,

b) skriflegar athugasemdir, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir ástæðum athugasemdanna, í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

   i. þegar yfirvaldið eða nefndin telur að framkvæmd rannsóknarinnar stuðli að notkun lyfs,

   ii. þegar yfirvaldið eða nefndin telur að útfærsla rannsóknarinnar uppfylli ekki markmiðin með rannsókninni, eða

c) bréf til að tilkynna markaðsleyfishafanum að rannsóknin sé klínísk rannsókn sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2001/20/EB.

3. Rannsóknin má ekki hefjast fyrr en lögbært landsyfirvald eða nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar, eftir því sem við á, hefur gefið út viljayfirlýsingu fyrir hana.

Ef viljayfirlýsing, eins og um getur í a-lið 2. mgr., hefur verið gefin út skal markaðsleyfishafi framsenda rannsóknaráætlunina til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem rannsóknin á að fara fram og upp frá því er honum heimilt að hefja rannsóknina samkvæmt viðurkenndu rannsóknaráætluninni.

107. gr. o

Eftir að rannsókn er hafin skal leggja allar umtalsverðar breytingar á rannsóknaráætluninni fyrir lögbæra landsyfirvaldið eða nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, eftir því sem við á, áður en þær eru innleiddar. Lögbært landsyfirvald eða nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar, eftir því sem við á, skal leggja mat á breytingarnar og að því búnu tilkynna markaðsleyfishafanum að þær verði viðurkenndar eða gerðar athugasemdir við þær. Markaðsleyfishafi skal gera viðvart þeim aðildarríkjum þar sem rannsóknin fer fram, eftir því sem við á.

107. gr. p

1. Þegar rannsókninni er lokið skal leggja lokaskýrslu rannsóknarinnar fyrir lögbæra landsyfirvaldið eða nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar innan 12 mánaða frá því að gagnaöflun lýkur nema lögbæra landsyfirvaldið eða nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar, eftir því sem við á, hafi veitt frá því skriflega undanþágu.

2. Markaðsleyfishafinn skal leggja mat á hvort niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að hafa áhrif á markaðsleyfið og ef nauðsyn krefur skal hann leggja umsókn um að breyta markaðsleyfinu fyrir lögbæru landsyfirvöldin.

3. Markaðsleyfishafi skal leggja útdrátt úr niðurstöðum rannsóknarinnar ásamt lokaskýrslu rannsóknarinnar, hvort tveggja í rafrænu formi, fyrir lögbæra landsyfirvaldið eða nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar .

107. gr. q

1. Á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar og að höfðu samráði við markaðsleyfishafa er nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar heimilt að leggja fram rökstudd tilmæli varðandi markaðsleyfið. Í tilmælunum skal getið um mismunandi afstöðu ásamt ástæðunum fyrir hverri afstöðu.

2. Ef tilmæli um að breyta markaðsleyfi, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það eru lögð fram, að því er varðar lyf sem aðildarríkin hafa veitt markaðsleyfi fyrir samkvæmt þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, koma sér saman um afstöðu til málsins, með hliðsjón af tilmælunum sem um getur í 1. mgr., ásamt því að gera tímaáætlun fyrir framkvæmd afstöðunnar sem samkomulag varð um.

Nái aðildarríkin, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, almennu samkomulagi um þær aðgerðir sem grípa skal til, skal formaðurinn skrá samkomulagið og senda það til markaðsleyfishafans og aðildarríkjanna. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að breyta markaðsleyfinu sem um er að ræða, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það í samræmi við tímaáætlunina fyrir framkvæmdina sem ákveðin var í samkomulaginu.

Ef samþykkt er að gera breytingu skal markaðsleyfishafi leggja fyrir lögbær landsyfirvöld viðeigandi beiðni um breytingu og láta fylgja uppfærða samantekt á eiginleikum lyfsins og uppfærðan fylgiseðil, innan marka þeirrar tímaáætlunar fyrir framkvæmdina sem ákveðin var.

Birta skal samkomulagið á evrópsku lyfjavefgáttinni sem var stofnuð í samræmi við 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

Ef ekki er hægt að ná samhljóða samkomulagi skal framsenda afstöðu meirihluta þeirra aðildarríkja, sem eiga fulltrúa í samræmingarhópnum, til framkvæmdastjórnarinnar sem skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 33. og 34. gr.

Ef samkomulagið, sem fulltrúar aðildarríkjanna í samræmingarhópnum ná, eða afstaða meirihluta aðildarríkjanna samræmist ekki tilmælum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal samræmingarhópurinn bæta við samkomulagið eða við afstöðu meirihlutans ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt tilmælunum.

5. KAFLI

Framkvæmd, framsal valds og leiðbeiningar

108. gr.

Í því augnamiði að samræma framkvæmd lyfjagátarstarfseminnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir eftirfarandi þætti sem falla undir ákvæði um lyfjagátarstarfsemi í 8. gr. (3. mgr.) ásamt 101. gr., 104. gr., 104. gr. a, 107. gr., 107. gr. a, 107. gr. b, 107. gr. h, 107. gr. n og 107. gr. p:

a) inntak og viðhald grunnskjals lyfjagátarkerfisins, sem markaðsleyfishafi hefur í sinni vörslu,

b) lágmarkskröfur varðandi gæðakerfið fyrir lyfjagátarstarfsemi lögbærra landsyfirvalda og markaðsleyfishafa,

c) notkun alþjóðlega viðurkennds íðorðaforða, sniða og staðla fyrir lyfjagátarstarfsemi,

d) lágmarkskröfur varðandi vöktun gagna í Eudravigilance-gagnagrunninum í því skyni að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst,

e) snið og inntak rafrænna sendinga frá aðildarríkjum og markaðsleyfishafa um aukaverkanir sem grunur er um,

f) snið og inntak rafrænna öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, og áætlana um áhættustjórnun,

g) snið rannsóknaráætlana, útdrátta og lokaskýrslur öryggisrannsókna eftir veitingu markaðsleyfis.

Þessar ráðstafanir skulu taka mið af alþjóðlegri samræmingarvinnu sem farið hefur fram á sviði lyfjagátar og ef nauðsyn krefur ber að endurskoða þær með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni. Þessar ráðstafanir skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 121. gr.

108. gr. a

Til að auðvelda lyfjagátarstarfsemi innan Sambandsins skal Lyfjastofnunin, í samstarfi við lögbær yfirvöld og aðra hagsmunaaðila, semja:

a) leiðbeiningar um góðar starfsvenjur við lyfjagát fyrir bæði lögbær yfirvöld og markaðsleyfishafa,

b) vísindalegar leiðbeiningar um verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis.

108. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um framkvæmd aðildarríkjanna á verkefnum á sviði lyfjagátar í síðasta lagi þann 21. júlí 2015 og síðan á þriggja ára fresti upp frá því.“

21. Eftirfarandi breyting er gerð á 111. gr.:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr.:

i. Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal, í samstarfi við Lyfjastofnunina, ganga úr skugga um að farið sé að gildandi lagaskilyrðum um lyf með eftirliti, fyrirvaralausu ef nauðsyn krefur, og, eftir því sem við á, með því að fela opinberri rannsóknarstofu á sviði lyfjaeftirlits eða rannsóknarstofu, sem tilnefnd hefur verið til þess verks, að annast prófanir á sýnum. Í þessu samstarfi felst að skiptast á upplýsingum við Lyfjastofnunina um hvort tveggja eftirlit sem er ráðgert og eftirlit sem hefur verið framkvæmt. Aðildarríkin og Lyfjastofnunin skulu starfa saman að samræmingu eftirlits í þriðju löndum.“

ii. eftirfarandi komi í stað d-liðar fimmtu undirgreinar:

„d) að hafa eftirlit með athafnasvæði, skrám, skjölum og grunnskjali lyfjagátarkerfis markaðsleyfishafa eða fyrirtækja sem markaðsleyfishafi hefur ráðið til að framkvæma þær aðgerðir sem lýst er í IX. bálki.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbært yfirvald skal skila skýrslu, að lokinni hverri eftirlitsferð, sem um getur í 1. mgr., um það hvort aðilinn, sem eftirlit var framkvæmt hjá, hafi farið að meginreglum og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti og góðar starfsvenjur við dreifingu, sem mælt er fyrir um í 47. og 84. gr., eða hvort markaðsleyfishafi uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í IX. bálki.

Lögbæra yfirvaldið, sem framkvæmdi eftirlitið, skal kynna aðilanum, sem eftirlit var framkvæmt hjá, um efni þessara skýrslna.

Áður en lögbæra yfirvaldið samþykkir skýrsluna skal það gefa aðilanum, sem eftirlit var framkvæmt hjá, færi á að koma athugasemdum á framfæri.“,

c) í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Ef niðurstaða eftirlitsins, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., eða niðurstaða eftirlits dreifingaraðila lyfja eða virkra efna, eða framleiðanda hjálparefna, sem notuð eru sem upphafsefni, er sú að aðilinn, sem eftirlit var framkvæmt hjá, hafi ekki farið að lagaskilyrðum og/eða meginreglum og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti eða góðar starfsvenjur við dreifingu sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins skulu upplýsingarnar færðar inn í gagnagrunn Sambandsins sem um getur í 6. mgr.“,

d) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Ef niðurstaða eftirlitsins, sem um getur í d-lið 1. mgr., er sú að markaðsleyfishafi hafi ekki farið eftir lyfjagátarkerfinu eins og því er lýst í grunnskjali lyfjagátarkerfisins og í IX. bálki skal lögbæra yfirvaldið í hlutaðeigandi aðildarríki vekja athygli markaðsleyfishafans á þessum annmörkum og gefa honum færi á að koma athugasemdum á framfæri.

Þegar svo háttar til skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna það hinum aðildarríkjunum, Lyfjastofnuninni og framkvæmdastjórninni.

Eftir því sem við á skal hlutaðeigandi aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að markaðsleyfishafi sæti viðurlögum sem eru í senn skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.“

22. Í stað 116. gr. komi eftirfarandi:

„116. gr.

Lögbær yfirvöld skulu fella niður um tíma, afturkalla eða breyta markaðsleyfi ef talið er að lyfið sé skaðlegt eða búi ekki yfir lækningaverkun eða að sambandið milli áhættu og ávinnings sé ekki hagstætt eða að eigindleg og megindleg samsetning lyfsins sé ekki sú sem var tilgreind. Lyf telst ekki hafa lækningaverkun þegar staðfest hefur verið að meðferð með því ber ekki árangur.

Enn fremur skal fella markaðsleyfi niður um tíma, afturkalla það eða breyta því þegar upplýsingar, sem fylgja umsókninni til stuðnings eins og kveðið er á um í 8. gr., 10. gr. og 11. gr., reynast rangar eða þeim hefur ekki verið breytt í samræmi við 23. gr., eða þegar einhverjum skilyrðum, sem um getur í 21. gr. a, 22. gr. eða 22. gr a, hefur ekki verið fullnægt, eða þegar eftirlitsprófanirnar, sem um getur í 112. gr., hafa ekki farið fram.“

23. Eftirfarandi breyting er gerð á 117. gr.:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr.:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) að lyfið sé skaðlegt, eða“,

ii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) að sambandið milli áhættu og ávinnings er ekki hagstætt, eða“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Þegar um er að ræða lyf sem er bannað að afgreiða eða hefur verið tekið af markaði í samræmi við 1. og 2. mgr. getur lögbært yfirvald leyft, við sérstakar aðstæður meðan á umbreytingartímabili stendur, að viðkomandi lyf sé afgreitt til sjúklinga sem eru nú þegar í meðferð með því lyfi.“

24. Eftirfarandi greinar bætist við:

„121. gr. a

1. Framkvæmdastjórninni skulu veittar heimildir til að samþykkja afleiddar gerðir, sem um getur í 22. gr. b, á 5 ára tímabili sem hefst 20. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 121. gr. b.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir afleidda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja afleiddar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 121. gr b og 121. gr. c.

121. gr. b

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 22. gr. b.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi afleiddra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

121. gr. c

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt afleiddri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt afleiddri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta afleiddu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef Evrópuþingið og ráðið hafa bæði upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið andmæla afleiddri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir afleiddu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.“

25. Í stað 2. mgr. 122. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu senda lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki skýrslurnar, sem um getur í 3. mgr. 111. gr., í rafrænu formi berist þeim rökstudd beiðni þess efnis.“

26. Í stað 4. mgr. 123. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lyfjastofnunin skal birta árlega skrá yfir lyf sem hefur verið synjað um markaðsleyfi fyrir, sem markaðsleyfið fyrir hefur verið afturkallað eða fellt tímabundið úr gildi, sem bannað hefur verið að afgreiða eða sem hafa verið tekin af markaði.“

27. Í stað 2. og 3. mgr. 126. gr. a komi eftirfarandi:

„2. Ef aðildarríki færir sér þennan kost í nyt skal það samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kröfum í þessari tilskipun sé fullnægt, einkum þeim sem um getur í V., VI., VIII, IX. og XI. bálki. Aðildarríki geta ákveðið að 1. og 2. mgr. 63. gr. gildi ekki um lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi skv. 1. mgr.

3. Áður en aðildarríki veitir slíkt markaðsleyfi er því:

a) skylt að tilkynna handhafa markaðsleyfisins í aðildarríkinu, þar sem viðkomandi lyf er með markaðsleyfi, um þá tillögu að veita markaðsleyfi samkvæmt þessari grein fyrir viðkomandi lyfi,

b) heimilt að fara þess á leit við lögbært yfirvald í því aðildarríki að það afhendi afrit af matsskýrslunni, sem um getur í 4. mgr. 21. gr., og af gildandi markaðsleyfi fyrir viðkomandi lyfi. Ef þess er óskað skal lögbært yfirvald í því aðildarríki útvega afrit af matsskýrslunni og markaðsleyfinu fyrir viðkomandi lyf innan 30 daga frá viðtöku beiðni þess efnis.“

28. Í stað 127. gr. a komi eftirfarandi:

„*127. gr. a*

Ef veita á leyfi fyrir lyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 og mannalyfjanefnd vísar í áliti sínu til skilyrða eða takmarkana sem mælt er með að verði sett, eins og kveðið er á um í c-, ca-, cb- eða cc-lið 4. mgr. 9. gr. hennar, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja ákvörðun sem er beint til aðildarríkjanna, í samræmi við 33. og 34. gr. þessarar tilskipunar, um innleiðingu þessara skilyrða eða takmarkana.“

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Að því er varðar þá skyldu sem hvílir á markaðsleyfishafanum að viðhalda og veita aðgang samkvæmt beiðni að grunnskjali lyfjagátarkerfis, sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. 104. gr. tilskipunar 2001/83/EB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, fyrir eitt eða fleiri lyf skulu aðildarríkin sjá til þess að áðurnefnd skylda gildi um markaðsleyfi sem voru veitt fyrir 21. júlí 2011, annaðhvort frá og með:

a) deginum þegar markaðsleyfin eru endurnýjuð eða

b) lokum þriggja ára tímabils sem hefst 21. júlí 2011,

hvort heldur ber fyrr að.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 107. gr. m til 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, gildi eingöngu um rannsóknir sem hófust eftir 21. júlí 2011.

3. Að því er varðar þá skyldu markaðsleyfishafans að senda upplýsingar um aukaverkanir, sem grunur er um, í rafrænu formi til Eudravigilance-gagnagrunnsins, sem kveðið er á um í 3. mgr. 107. gr. tilskipunar 2001/83/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin sjá til þess að áðurnefnd skylda gildi frá og með sex mánuðum eftir að virkni gagnagrunnsins hefur verið ákvörðuð og Lyfjastofnunin hefur tilkynnt um hana.

4. Þar til Lyfjastofnunin getur tryggt að virkni Eudravigilance-gagnagrunnsins sé eins og hún er tilgreind í 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1235/2010 ([14]), skulu markaðsleyfishafar tilkynna, innan 15 daga frá því að markaðsleyfishafi fær vitneskju um viðkomandi tilvik, allar alvarlegar aukaverkanir, sem grunur er um og koma fram í Sambandinu, til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem þær áttu sér stað og tilkynna allar alvarlegar aukaverkanir, sem grunur er um og sem koma fram á yfirráðasvæði þriðja lands, til Lyfjastofnunarinnar og, sé þess óskað, til lögbærra landsyfirvalda aðildarríkjanna þar sem viðkomandi lyf er með markaðsleyfi.

5. Þar til Lyfjastofnunin getur tryggt að virkni Eudravigilance-gagnagrunnsins sé eins og hún er tilgreind í 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1235/2010, getur lögbært yfirvald aðildarríkis krafist þess að markaðsleyfishafar tilkynni því um allar aukaverkanir, sem grunur er um og koma fram á yfirráðasvæði þess aðildarríkis en eru ekki alvarlegar, innan 90 daga frá því að markaðsleyfishafi fékk vitneskju um viðkomandi tilvik.

6. Á þessu tímabili skulu aðildarríkin sjá til þess að skýrslurnar, sem um getur í 4. mgr. og varða tilvik sem komu fram á yfirráðasvæði þeirra, séu strax gerðar aðgengilegar fyrir Eudravigilance-gagnagrunninn og eigi síðar en 15 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um.

7. Að því er varðar þá skyldu markaðsleyfishafa að senda öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, til Lyfjastofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 107. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu lögbær landsyfirvöld sjá til þess að áðurnefnd skylda gildi frá og með tólf mánuðum eftir að gagnagrunnurinn hefur verið tekinn í notkun og Lyfjastofnunin hefur tilkynnt um það.

Uns Lyfjastofnunin getur tryggt þá virkni, sem samþykkt var fyrir gagnasafnið undir öryggisskýrslurnar sem eru uppfærðar reglulega, skulu markaðsleyfishafar leggja öryggisskýrslurnar fyrir öll aðildarríki þar sem viðkomandi lyf er með markaðsleyfi.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. júlí 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 21. júlí 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. desember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Buzek	O. Chastel
forseti.	*forseti.*

([14]) Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 1.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/7/ESB **2013/EES/56/50**

frá 21. febrúar 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríði við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C_{12-16}-alkýldímetýl, klóríð sem eru samheiti við alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

3) Ítalía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 14. ágúst 2007 í samræmi við 5. og 7. mgr. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1896/2000([3]).

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 21. september 2012.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem viðarvarnarefni og innihalda alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð, til notkunar í vöruflokki 8, á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar og sviðsmynda af váhrifum á vettvangi Evrópusambandsins. Til dæmis hefur hvorki notkun þeirra sem nota efnið ekki í atvinnuskyni né váhrif á matvæli eða fóður verið metin. Það er því viðeigandi að krefjast þess að aðildarríkin meti þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir vörum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr þeirri áhættu sem greinst hefur svo að viðunandi teljist.

7) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem greinst hefur er rétt að krefjast þess að settar séu öruggar verklagsreglur, að notaðar séu viðeigandi persónuhlífarvið notkun þessara vara og að vörurnar séu ekki notaðar á við, sem börn gætu komist í beina snertingu við, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

8) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir umhverfið er rétt að krefjast þess að notkun í iðnaði eða notkun í atvinnuskyni fari fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun á ógegndræpu, hörðu undirlagi til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu sem fer til spillis við notkun vara sem eru notaðar sem viðarvarnarefni og sem innihalda alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2013, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1.

9) Í ljós kom óviðunandi áhætta fyrir umhverfið við aðstæður þar sem viður, sem var meðhöndlaður með alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríði, var alltaf óvarinn fyrir veðrun eða blotnaði oft (notkunarflokkur 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni ([1])), var notaður í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni („bryggju“ aðstæður í notkunarflokki 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni ([2])) eða var í snertingu við ferskvatn (notkunarflokkur 4b eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni ([3])). Því er rétt að krefjast þess að ekki skuli leyfa vörur til að meðhöndla við, sem ætlaður er til slíkrar notkunar, nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að varan uppfylli kröfur bæði 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

10) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur úr vöruflokki 8, sem innihalda virka efnið alkýl(C_{12-16})-dímetýlbensýlammóníumklóríð, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.

11) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

12) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

13) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

14) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([4]) hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2014.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2015.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

([1]) OECD series on emission scenario documents, Number 2, Emission Scenario Document for Wood Preservatives (röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi losunarsviðsmyndir, nr. 2, losunarsviðsmynd fyrir viðarvarnarefni), 2. hluti, bls. 64.

([2]) Sama heimild.

([3]) Sama heimild.

([4]) Stjtíð. ESB L 369, 17.12.2011, bls. 14.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshre inleiki virka efnisins(*),	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr., nema þegar ein af undanþágunum, sem tilgreindar eru í neðanmálsgrein við þessa fyrirsögn, gildir(**)	Færsla á skrá gildir til og með	Vöru¬fl okkur	Sértæk ákvæði (***)
„64	Alkýl (C_{12-16}) dímetýlbensýlam móníumklóríð; C_{12-16}-ADBAC	IUPAC heiti: Á ekki við EB nr.: 270-325-2 CAS nr.: 68424-85-1	Þurrvigt: 940 g/kg	1. febrúar 2015	31. janúar 2017	31. janúar 2025	8	Áhættumatið á vettvangi Sambandsins náði ekki til allrar hugsanlegrar notkunar og sviðsmynda af váhrifum; tiltekin notkun og sviðsmyndir af váhrifum, s.s. notkun sem er ekki í atvinnuskyni og váhrif á matvæli eða fóður, voru undanskilin. Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir vöru í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekna vöru, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: (1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur fyrir notendur í iðnaði eða vegna notkunar í atvinnuskyni og við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókninni um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. (2) Vöruna skal ekki nota til að meðhöndla við sem börn gætu komist í beina snertingu við nema hægt sé að sýna fram á það í umsókninni um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. (3) Á merkimiðum og öryggisblöðum fyrir vörur sem leyfðar hafa verið til notkunar, ef þau eru í boði, skal koma fram að notkun í iðnaði eða notkun í atvinnuskyni skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði og að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun á ógegndræpu, hörðu undirlagi til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu sem fer til spillis við notkun vörunnar.

Nr.	Almennt heiti	IUPAC heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins(*),	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr., nema þegar ein af undanþágunum, sem tilgreindar eru í neðanmálsgrein við þessa fyrirsögn, gildir(**)	Færsla á skrá gildir til og með	Vöru¬flokkur	Sértæk ákvæði (***)
								(4) Ekki skal leyfa vörur til að meðhöndla við, sem verður í snertingu við ferskvatn eða sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, sem verður alltaf óvarinn fyrir veðrun eða blotnar oft, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að varan uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.“

(*) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 11. gr. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt efninu sem var metið.

(**) Varðandi vörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni sem fellur undir 2. mgr. 16. gr., er frestur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur þegar síðasta virka efnið í vörunni er fært á skrá í þessum viðauka. Varðandi vörur sem voru fyrst leyfðar innan við 120 dögum fyrir lokadaginn til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr., og lögð var fram fullgerð umsókn um gagnkvæma viðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. innan 60 daga frá veitingu fyrsta leyfisins, skal framlengja frestinn til að uppfylla 3. mgr. 16. gr. í tengslum við þá umsókn í 120 daga frá móttöku fullgerðrar umsóknar um gagnkvæma viðurkenningu. Varðandi vörur sem aðildarríki hefur óskað eftir að fá undanþágu fyrir frá gagnkvæmri viðurkenningu í samræmi við 4. mgr. 4. gr., er fresturinn til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. framlengdur í 30 daga frá samþykki ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við aðra undirgrein 4. mgr. 4. gr.

(***) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/47/ESB **2013/EES/56/51**

frá 14. desember 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/43/EB er fjallað um allar varnartengdar vörur sem samsvara þeim sem skráðar eru í sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 19. mars 2007.

2) Hinn 27. febrúar 2012 samþykkti ráðið sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins ([2]) í nýrri uppfærslu.

3) Því ber að breyta tilskipun 2009/43/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í tilskipun þessari, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilfærslu á varnartengdum vörum innan ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi viðaukinn við tilskipun þessa.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. mars 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun til tilskipunar þessarar eða slík tilvísun fylgi þeim þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 31.1.2013, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. L 146, 10.6.2009, bls. 1, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/80/ESB frá 22. nóvember 2010, og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/10/ESB frá 22. mars 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur, Stjtíð. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 11 and Stjtíð. ESB L 85, 24.3.2012, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB C 85, 22.3.2012, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VARNARTENGDAR VÖRUR

1. athugasemd *Hugtök innan „gæsalappa“ eru skilgreind hugtök. Vísað er til „Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá“ sem í viðauka við þessa skrá.*

2. athugasemd: *Í sumum tilvikum eru íðefni skráð eftir heiti og CAS-númeri. Skráin gildir um íðefni sem hafa sömu byggingarformúlu (þ.m.t. hýdröt) án tillits til heitis eða CAS-númers. CAS-númer fylgja til að auðveldara sé að greina tiltekið íðefni eða efnablöndu, án tillits til nafnakerfis. Ekki er unnt að nota CAS-númer sem sértákn vegna þess að nokkur form hinna skráðu íðefna hafa mismunandi CAS-númer og efnablanda, sem inniheldur skráð íðefni, getur einnig haft annað CAS-númer.*

ML1 **Vopn með óriffluðu hlaupi með minni hlaupvídd en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með hlaupvídd 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur) eða minni, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

a. Rifflar, karabínur, marghleypur, skammbyssur, vélskammbyssur og vélbyssur:

Athugasemd ML1.a. gildir ekki um eftirfarandi:

a. Framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938.

b. Eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.

c. Marghleypur, skammbyssur og vélbyssur sem framleiddar eru fyrir 1890 og eftirlíkingar þeirra,

b. Vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

1. Vopn með óriffluðu hlaupi, sérhönnuð til hernaðarnota;

2. Önnur vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

a. Alsjálfvirk vopn.

b. Hálfsjálfvirk vopn eða með pumpu.

c. Vopn fyrir skotfæri án skothylkja.

d. Hljóðdeyfar, byssustæði, skothylkjaklemmur, vopnamið og blossadeyfar fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1.a., ML1.b. eða ML1.c.

1. athugasemd ML1 gildir ekki um vopn með óriffluðu hlaupi sem notuð eru til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða alsjálfvirk.

2. athugasemd ML1 gildir ekki um skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir gerviskotfæri og ekki er unnt að nota til að hleypa af skotfærum sem tilgreind eru í ML3.

3. athugasemd ML1 gildir ekki um vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. *non-centre fire*) og eru ekki alsjálfvirk.

4. athugasemd ML1.d. gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með fjórfaldri stækkun eða minna, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða þeim hafi verið breytt til hernaðarnota.

ML2 **Vopn með óriffluðu hlaupi með 20 mm hlaupvídd eða meiri, önnur vopn eða vopnabúnaður með meiri hlaupvídd en 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

a. Byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með óriffluðu hlaupi og tæki til að hylja ummerki um þessi vopn.

1. athugasemd *ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir allan búnað sem tilgreindur er í ML2.a.*

2. athugasemd *ML2.a. gildir ekki um eftirfarandi vopn:*

a. Framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938.

b. Eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.

c. Byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur og sprengjuvörpur sem eru framleiddar fyrir 1890.

3. athugasemd *ML2.a. gildir ekki um beranleg skotkerfi, sem sérhönnuð eru til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni.*

b. Vörpur til að varpa reyk-, gas- eða flugeldahylkjum eða tæki til að mynda þess háttar efni, sérhönnuð eða umbreytt til hernaðarnota.

Athugasemd *ML2.b. gildir ekki um merkjabyssur.*

c. Vopnamið og festingar fyrir vopnamið þegar eftirfarandi á við:

1. Sérhönnuð til hernaðarnota og

2. sérhönnuð fyrir vopn sem tilgreind eru í ML2.a.

d. Festingar sem eru sérhannaðar fyrir vopnin sem tilgreind eru í ML2.a.

ML3 **Skotfæri og kveikjustillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þann búnað:**

a. Skotfæri fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML12.

b. Kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem tilgreind eru í ML3.a.

1. athugasemd *Sérhannaðir íhlutir, sem tilgreindir eru í ML3, eru m.a.:*

a. Málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri.

b. Öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,

c. Aflgjafar með hárri einnotavirkni.

d. Brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur.

e. Dreifisprengjur (e. submunitions), þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og lítil tundurdufl og markstýrð skeyti.

2. athugasemd *ML3.a. gildir ekki um skotfæri án skeytis (blank star) og gerviskotfæri með götuðu púðurhólfi.*

ML3 b. *(frh.)*

3. athugasemd ML3.a. gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð fyrir eitthvert eftirfarandi:

a. merkjasendingar,

b. fuglafælingu eða

c. kveikingu gasloga á olíubrunnum.

ML4 **Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, aðrar sprengjur og hleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir fyrir þetta:**

Ath.1: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

Ath. 2: Um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS), sjá ML4.c.

a. Sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður, eyðingarsamstæður, búnaður fyrir „flugeldavörur“, skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum þessara hluta), einkum til hernaðarnota.

Athugasemd *Í ML4.a. eru m.a.:*

a. Reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnaður.

b. Útblásturrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.

b. Búnaður þar sem allt eftirfarandi á við:

1. sérhannaður til hernaðarnota og

2. sérhannaður fyrir „starfsemi“ í tengslum við annaðhvort eftirfarandi:

a. Hluti sem tilgreindir eru í ML4.a. eða

b. heimatilbúinn sprengjubúnað (IED).

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML4.b.2. felur „starfsemi“ í sér meðhöndlun, skot, lagningu, stjórnun, afhleypingu, sprengingu, virkjun, straumgjöf með hárri einnotavirkni, afvegaleiðslu, truflun, slæðing, að bera kennsl á, splundrun eða förgun.

1. athugasemd *Í ML4.b. er m.a.:*

a. Færanlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1000 kg eða meira á dag af gasi í fljótandi formi.

b. Flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða segulduf.

2. athugasemd *ML4.b. gildir ekki um beranleg tæki sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli tundurdufla og annarra málmhluta.*

c. Varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS).

Athugasemd *ML4.c. gildir ekki um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum sem eru með allt eftirfarandi:*

a. Einhvern af eftirfarandi viðvörunarskynjurum gegn flugskeytum:

1. Hlutlausa skynjara með hámarkssvörun milli 100-400 nm eða

2. virka Doppler-púlsskynjara til varnar gegn flugskeytum.

ML4 *c.* *Athugasemd* *(frh.)*

b. dreifingarkerfi fyrir gagnaðgerðir til blekkingar,

c. blys sem eru bæði með sýnilegum og innrauðum ummerkjum til að villa um fyrir flaugum sem skotið er frá jörðu og

d. uppsettir í „almenningsloftförum“ og allt eftirfarandi á við:

1. Varnarkerfið (AMPS) er aðeins virkt í tilteknum „almenningsloftförum“ þar sem hið sértæka varnarkerfi er sett upp og vegna þess hefur verið gefið út annað af eftirfarandi:

a. tegundarvottorð fyrir almenningsflug eða

b. jafngilt skjal sem viðurkennt er af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

2. Varnarkerfið (AMPS) notar vörn til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að „hugbúnaði“ og

3. Í varnarkerfinu (AMPS) er virkur búnaður sem gerir kerfið óstarfhæft þegar það er fjarlægt úr „almenningsloftfarinu“ sem það var sett upp í.

ML5 **Brunavarnarkerfi ásamt tilheyrandi viðvörunar- og kvaðningarbúnaði og tengd kerfi, prófunar- og stillikerfi og gagnaðgerðakerfi, sem hér segir, sérhönnuð til nota fyrir heri ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum fyrir þau:**

a. Vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi.

b. Markbendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður; samþættingarbúnaður fyrir nema.

c. Gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a. eða ML5.b.

Athugasemd Að því er varðar ML5.c. felur gagnaðgerðabúnaður í sér greiningarbúnað.

d. Vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a., ML5.b. eða ML5.c.

ML6 **Landökutæki og íhlutir sem hér segir:**

Ath. Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

a. Landökutæki og íhlutir í þau, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota.

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML6.a. falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

b. Önnur landökutæki og íhlutir sem hér segir:

1. Öll aldrifsökutæki sem hægt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

2. Íhlutir með öllu eftirfarandi:

a. Sérhannaðir fyrir ökutæki sem tilgreind eru í ML6.b.1. og

b. veita skothelda vörn að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, að sambærilegum, landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

ML6 *(frh.)*

Ath. Sjá einnig ML13.a

1. athugasemd *Í ML6.a. eru m.a.:*

a. Skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjalagningar eða til að skjóta hergögnum sem tilgreind eru í ML4.

b. Brynvarin ökutæki.

c. Ökutæki fyrir láð og lög og haffær ökutæki.

d. Björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

2. athugasemd *Breytingar á landökutæki til hernaðarnota, sem tilgreindar eru í ML6.a., fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Meðal þessara íhluta eru:*

a. Sérhannaðar, skotheldar hjólbarðahlífar.

b. brynvörn fyrir mikilvægustu hlutana (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa ökumanns),

c. sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn,

d. myrkvunarljósker.

3. athugasemd *ML6 gildir ekki um borgaralegar bifreiðar eða flutningabíla sem gerðir eru eða hefur verið breytt til að flytja peninga eða verðmæti og eru með brynvörn eða eru skotheldir.*

4. athugasemd *ML6 gildir ekki um varnarkerfi ökutækja gegn flugskeytum sem allt eftirfarandi á við um:*

a. voru framleidd fyrir 1946;

b. eru ekki með hluti sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, nema að því er varðar eftirlíkingar af upprunalegum íhlutum eða fylgihlutum fyrir ökutækið, og

c. eru ekki búin vopnum, sem tilgreind eru í ML1., ML2. eða ML4, nema þau séu óvirk og ómögulegt sé að hleypa af skoti með þeim.

ML7 **Íðefnaleg eða líffræn eiturefni, „óeirðastjórnunarefni“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni, sem hér segir:**

a. Líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, „aðlöguð að notkun í stríði“ til að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

b. Efni til efnahernaðar (CW), m.a.:

1. Taugaefni til efnahernaðar:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfónflúoríðöt, s.s.:

Sarín (GB):O-ísóprópýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 107-44-8) og

Sóman (GD):O-pínakólýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 96-64-0).

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) N,N-l-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfóramíðflúoríðöt, s.s.:

Tabún (GA):O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýanídat (CAS 77-81-6).

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónþíólöt og samsvarandi alkýleruð and róteinduð sölt, s.s.:

VX: O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9).

ML7 b. *(frh.)*

2. Efni til efnahernaðar sem valda bruna og blöðrum:

a. Brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfíð (CAS 2625-76-5).

2. Bis(2-klóretýl)súlfíð (CAS 505-60-2).

3. Bis(2-klóretýlþíó)metan (CAS 63869-13-6).

4. 1,2-bis(2-klóretýlþíó)etan (CAS 3563-36-8).

5. 1,3-bis(2-klóretýlþíó)-n-própan (CAS 63905-10-2).

6. 1,4-bis(2-klóretýlþíó)-n-bútan (CAS 142868-93-7).

7. 1,5-bis(2-klóretýlþíó)-n-pentan (CAS 142868-94-8).

8. Bis(2-klóretýlþíómetýl)eter (CAS 63918-90-1).

9. Bis(2-klóretýlþíóetýl)eter (CAS 63918-89-8).

b. Eiturgös (e. *Lewisites*), s.s.:

1. 2-klórvínyldíklórarsín (CAS 541-25-3).

2. Tris(2-klórvínyl)arsín (CAS 40334-70-1).

3. Bis(2-klórvínyl)klórarsín (CAS 40334-69-8).

c. Köfnunarefnissinnep, s.s.:

1. HN1: Bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8).

2. HN1: Bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2).

3. HN3: Tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1).

3. Efni til efnahernaðar sem gera menn óvíga, s.s.:

a. 3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2).

4. Laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:

a. Bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF).

b. 2,4,5-tríklórfenoxýediksýra (CAS 93-76-5) blönduð með 2,4-díklórfenoxýediksýru (CAS 94-75-7) (Agent Orange (CAS 39277-47-9)).

c. Tvígild forefni og lykilforefni til efnahernaðar, sem hér segir:

1. Alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:

DF (spillistuðull): Metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3).

2. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónít og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

QL: O-etýl-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónít (CAS 57856-11-8).

3. Klórsarín: O-ísóprópýlmetýlfosfónklórídat (CAS 1445-76-7).

4. Klórsóman: O-pínakólýlmetýlfosfónklórídat (CAS 7040-57-5).

ML7 *(frh.)*

d. „Óeirðastjórnunarefni“, virk íðefni og blöndur þeirra efna, m.a.:

1. α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8).

2. ((2-klórfenýl)metýlen)própandínítríl, (o-klórbensýlídenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1).

3. 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4).

4. Díbens-(b,F)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8).

5. 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (Adamsite), (DM) (CAS 578-94-9).

6. N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9).

1. athugasemd ML7.d. gildir ekki um „óeirðastjórnunarefni“ sem eru sérpökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.

2. athugasemd ML7.d. gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra efna sem er pakkað til matvælaframleiðslu eða lækninga og auðkennd sem slík.

e. Búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir fyrir hann:

1. Efni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. eða

2. efni til hernaðarnota úr forefnum sem tilgreind eru í ML7.c.

f. Hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, íhlutir og efnablöndur, sem hér segir:

1. Búnaður, sem er hannaður eða breyttur til varnar gegn efnum, sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d., og sérhannaðir íhlutir í hann.

2. Búnaður, sem er hannaður eða breyttur til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum, sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b., og sérhannaðir íhlutir í hann.

3. Efnablöndur, sem eru þróaðar sérstaklega eða settar saman til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum, sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b.

Athugasemd *Í ML7.f.1. eru m.a.:*

a. Loftræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar.

b. Hlífðarfatnaður.

Ath. *Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

g. Búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til að finna eða greina efni, sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d., og sérhannaðir íhlutir í hann.

Athugasemd ML7.g. gildir ekki um skammtamæla geislunarvaktara fyrir einstaklinga.

Ath. Sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

ML7 *(frh.)*

h. „Líffjölliður“, sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem tilgreind eru í ML7.b. og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær,

i. „Lífhvatar“ til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess, sem hér segir:

1. „Lífhvatar“, sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna, sem tilgreind eru í ML7.b., og framleiddir með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingum á lífrænum kerfum,

2. Lífræn kerfi er innihalda sérstakar erfðaupplýsingar til framleiðslu þeirra „lífhvata“ sem tilgreindir eru í ML7.i.1., sem hér segir:

a. „Tjáningarferjur“,

b. veirur,

c. frumuræktun.

1. athugasemd *ML7.b. og ML7.d. gilda ekki um eftirfarandi:*

a. Sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4). Sjá 1C450.a.5. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

b. Blásýra (CAS 74-90-8).

c. Klór (CAS 7782-50-5).

d. Karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5), Sjá 1C450.a.4. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

e. Dífosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8).

f. Ekki notað síðan 2004.

g. Xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: (CAS 104-81-4).

h. Bensýlbrómíð (CAS 100-39-0).

i. Bensýljoðíð (CAS 620-05-3).

j. Brómaseton (CAS 598-31-2).

k. Sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3).

l. Brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0).

m. Klóraseton (CAS 78-95-5).

n. Etýljoðasetat (CAS 623-48-3).

o. Joðaseton (CAS 3019-04-3).

p. Klórpíkrín (CAS 76-06-2). Sjá 1C450.a.7. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

2. athugasemd *Frumuræktun og lífræn kerfi, sem tilgreind eru í ML7.h. og ML7.i.2., eru einangruð fyrirbæri og þessir undirliðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til almennra nota, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaiðnaði.*

ML8 **„Orkuefni“ og skyld efni, sem hér segir:**

Ath. 1. *Sjá einnig 1C011 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Ath. 2. *Um sprengjuhleðslur og -búnað, sjá ML4 og 1A008 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Tæknilegar athugasemdir

1. Að því er varðar ML8 merkir blanda samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirliðum ML8.

2. Hvers kyns efni sem skráð er í undirliðum ML8 fellur undir þessa skrá, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en tilgreindur er. (t.d. er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari.)

a. „Sprengiefni“, sem hér segir, og í blöndum með því:

1. ADNBF (amínódínítróbensófúroxan eða 7-amínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1).

2. BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 117412-28-9),

3. CL-14 (díamínódínítróbensófúroxan eða 5,7-díamínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1).

4. CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 135285-90-4); klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um „forefni“ þess).

5. CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 70247-32-4).

6. DADE (1,1-díamínó-2,2-dínítróetýlen, FOX7) (CAS 145250-81-3).

7. DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6).

8. DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín).

9. DDPO (2,6-díamínó-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6).

10. DIPAM (3,3’-díamínó-2,2’,4,4’,6,6’-hexanítróbífenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0).

11. DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8).

12. Fúrasön, sem hér segir:

a. DAAOF (díamínóasoxýfúrasan).

b. DAAzF (díamínóasófúrasan) (CAS 78644-90-3).

13. HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5. að því er varðar „forefni“), sem hér segir:

a. HMX (Sýklótetrametýlentetranítramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasasýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0).

b. Díflúoraminerаðar hliðstæður HMX.

c. K-55 (2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-(3,3,0)-oktanón-3, tetranítrósemíglýkóúríl eða ketó-bísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3).

14. HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9).

15. HNS (hexanítróstílben) (CAS 20062-22-0).

ML8 a. *(frh.)*

16. Imídasól sem hér segir:

    a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)imídasó (4,5-d)ímídasól).

    b. DNI (2,4-dínítróimídasól) (CAS 5213-49-0).

    c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróimídasól).

    d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróimídasól).

    e. PTIA (1-píkrýl-2,4,5-trínítróimídasól).

17. NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín).

18. ADNBF (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón)) (CAS 932-64-9).

19. Fjölnítrókúbön með meira en fjórum nítróhópum,

20. PYX (2,6-bis(píkrýlamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2).

21. RDX og afleiður, sem hér segir:

    a. RDX (sýklótrímetýlentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4).

    b. Ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasasýklóhexanón) (CAS 115029-35-1).

22. TAGN (tríamínógúanídínenítrat) (CAS 4000-16-2).

23. TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7 að því er varðar „forefni“).

24. TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díasósín).

25. Tetrasól, sem hér segir:

    a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól).

    b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól).

26. Tetrýl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8).

27. TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6. að því er varðar „forefni“).

28. TNAZ (1,3,3-trínítróasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2. að því er varðar „forefni“).

29. TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7).

30. TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýridasínó(4,5-d)pýridasín) (CAS 229176-04-9).

31. Tríasín, sem hér segir:

    a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0).

    b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4).

ML8 a. *(frh.)*

32. Tríasól, sem hér segir:

a. 5-asídó-2-nítrótríasól;

b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasóldínítramíð) (CAS 1614-08-0).

c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól).

d. BDNTA ((bis-dínítrótríasól)amín).

e. DBT (3,3′-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4).

f. DNBT (dínítróbístríasól) (CAS 70890-46-9).

g. Ekki notað eftir 2010,

h. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)3,5-dínítrótríasól).

i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríasól).

j. TACOT (tetranítróbensótríasólóbensótríasól) (CAS 25243-36-1).

33. Sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa eftirfarandi eiginleika:

a. meiri sprengihraða en 8700 m/s við hámarksþéttleika eða

b. meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar).

34. Lífræn sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa alla eftirfarandi eiginleika:

a. Hafa sprengiþrýsting sem er 25 GPa (250 kbar) eða hærri og b. eru stöðug við 523 K (250 °C) eða hærra hitastig í fimm mínútur eða lengur.

b. „Drifefni“, sem hér segir:

1. Hvers kyns föst „drifefni“ í flokki 1.1 í flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 250 sekúndur fyrir efnablöndur sem ekki eru málmgerðar eða lengur en 270 sekúndur fyrir álgerðar blöndur.

2. Hvers kyns föst „drifefni“ í flokki 1.3 í flokkunarkerfi SÞ með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 230 sekúndur fyrir efnablöndur, sem ekki eru halógengerðar, 250 sekúndur fyrir blöndur sem ekki eru málmgerðar og 266 sekúndur fyrir málmgerðar blöndur.

3. „Drifefni“ með aflfasta yfir 1200 kJ/kg;

4. „Drifefni“ sem geta þolað stöðugan línulegan brunahraða sem er yfir 38 mm/s við staðalaðstæður (mælt með lötum einþráðungi) við 6,89 MPa (68,9 bar) þrýstingi og 294 K (21 °C).

5. Teygjuefnisbreytt, steypt, tvíbotna (EMCDB) „drifefni“ með hámarksteygjanleika sem er yfir 5% við 233 K (- 40 °C) við hámarksálag.

6. „Drifefni“ sem innihalda efni sem tilgreind eru í ML8.a.

7. „Drifefni“ sem ekki eru skilgreind annars staðar í hergagnalista ESB, sérhönnuð til hernaðarnota.

ML8 *(frh.)*

c. „Flugeldavörur“, eldsneyti og skyld efni, sem hér segir, einnig í blöndum:

1. Loftfarseldsneyti sem er sérstaklega samsett til hernaðarnota;

2. Alan (álhýdríð) (CAS 7784-21-6).

3. Karbórön; dekabóran (CAS 17702-41-9); pentabórön (CAS 19624-22-7 og 18433-84-6) og afleiður;

4. Hýdrasín og afleiður, sem hér segir (sjá einnig ML8.d.8. og d.9. um oxandi hýdrasínafleiður):

a. Hýdrasín (CAS 302-01-2), 70 % að styrk eða meira;

b. Mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4).

c. Samhverft dímetýlhýdrasín (CAS 540-73-8).

d. Ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7).

5. Málmeldsneyti í eindaformi, hvort sem það er kúlulaga, ýrað, sporvölulaga, í flögum eða malað, framleitt úr efni sem er 99% eða þar yfir úr eftirfarandi:

a. Málmum, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

1. Beryllíum (CAS 7440-41-7) með eindastærð undir 60 μm,

2. járndufti (CAS 7439-89-6) með eindastærð 3 μm eða minni, framleitt með afoxun járnoxíðs með vetni.

b. efnablöndum sem innhalda eftirfarandi:

1. Sirkon (CAS 7440-67-7), magnesíum (CAS 7439-95-4) eða málmblendi af þeim í eindastærð undir 60 μm eða

2. eldsneyti úr bór (CAS 7440-42-8) eða bórkarbíði (CAS 12069-32-8), 85% hreint eða þar yfir og með eindastærð undir 60 μm;

6. Efni til hernaðar sem innihalda þykkingarefni fyrir eldsneyti úr vetniskolefni, sérstaklega blandað til að nota í eldvörpur eða íkveikjuskotfæri, s.s. málmsteröt eða -palmöt (t.d. oktal (CAS 637-12-7)) og þykkingarefni í M1, M2 og M3.

7. Perkólöt, klóröt og krómöt í samsetningum með málmdufti eða öðrum íblöndunarefnum háorkueldsneytis.

8. Álkúluduft (CAS 7429-90-5) með 60 μm eða minni eindastærð, framleitt úr efni sem inniheldur 99% eða þar yfir af áli.

9. Títanundirhýdríð (TiHn) með efnahlutfalli að jafngildi n = 0,65 til 1,68.

1. athugasemd Loftfarseldsneyti, sem tilgreint er í ML8.c.1., á við um fullunnar vörur, ekki innihaldsefni þeirra.

2. athugasemd ML8.c.4.a. gildir ekki um hýdrasínblöndur sem eru sérstaklega samsettar til að vinna gegn tæringu.

3. athugasemd ML8.c.5. gildir um sprengiefni og eldsneyti, hvort sem málmarnir eða málmblöndurnar eru hjúpaðar áli, magnesíum, sirkoni eða beryllíum.

4. athugasemd ML8.c.5.b.2. gildir ekki um bór og bórkarbíð sem er auðgað með bór-10 (20% eða meira af heildarinnihaldi bór-10).

5. athugasemd ML8.c.5.b. gildir einungis um málmeldsneyti á eindaformi þegar það er blandað öðrum efnum til að mynda efnablöndu sem er sérstaklega til hernaðarnota, s.s. fljótandi drifefnishrærur, föst drifefni eða flugeldablöndur.

ML8 *(frh.)*

d. „Oxarar“, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

1. ADN (ammóníumdínítramíð eða SR 12) (CAS 140456-78-6).

2. AP (ammóníumperklórat) (CAS 7790-98-9).

3. Flúorefnasambönd með einhverju af eftirfarandi:

a. öðrum halógenum,

b. súrefni eða

c. köfnunarefni.

1. athugasemd ML8.d.3 gildir ekki um klórtríflúoríð (CAS 7790-91-2).

2. athugasemd ML8.d.3 gildir ekki um köfnunarefnistríflúoríð (CAS 7783-54-2) í loftkenndu formi þess.

4. DNAD (1,3-dínítró-1,3-diasetidín) (CAS 78246-06-7).

5. HAN (hýdroxýlammóníumnítrat) (CAS 13465-08-2).

6. HAN (hýdroxýlammóníumperklórat) (CAS 15588-62-2).

7. HNF (hýdrasínnítróformat) (CAS 20773-28-8).

8. Hýdrasínnítrat (CAS 37836-27-4).

9. Hýdrasínperklórat (CAS 27978-54-7).

10. Fljótandi oxarar sem eru úr eða innihalda letjandi, rauða, rjúkandi saltpéturssýru (IRFNA) (CAS 8007-58-7).

Athugasemd ML8.d.10 gildir ekki um rjúkandi saltpéturssýru sem er ekki letjandi.

e. Bindiefni, mýkiefni, einliður og fjölliður, sem hér segir:

1. AMMO (asídómetýlmetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 90683-29-7) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“).

2. BAMO (bísasídómetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 17607-20-4) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“).

3. BDNPA (bis(2,2-dínítróprópýl)asetal (CAS 5108-69-0).

4. BDNPF (bis(2,2-dínítróprópýl)formal (CAS 5917-61-3).

5. BTTN (bútanetríóltrínítrat) (CAS 6659-60-5) (sjá einnig ML8.g.8 að því er varðar „forefni“).

6. Orkuríkar einliður, mýkiefni eða fjölliður sem eru sértaklega samsettar til hernaðarnota og innihalda eitthvað af eftirfarandi.

a. Nítrósamstæður.

b. Asíðsamstæður.

c. Nítratsamstæður.

d. Nítratasasamstæður eða

e. díflúoramínósamstæður.

ML8 e. *(frh.)*

7. FAMAO (3-díflúoramínómetýl-3-asídómetýloxetan) og fjölliður þess.

8. FEFO (bis-(2-flúor-2,2-dínítróetýl)formal (CAS 17003-79-1).

9. FPF-1 (pólý-2,2,3,3,4,4-hexaflúorpentan-1,5-díólformal) (CAS 376-90-9).

10. FPF-3 (pólý-2,4,4,5,5,6,6-heptaflúor-2-trí-flúormetýl-3-oxaheptan-1,7-díólformal).

11. GAP (glýsídýlasíðfjölliða) (CAS 143178-24-9) og afleiður hennar.

12. HTPB (pólýbútadíen með hýdroxýlhópi á hvorum enda) með hýdroxýlvirkni sem er jöfn eða stærri en 2,2 og minni en eða jöfn 2,4, hýdroxýlgildi sem er undir 0,77 meq/g og seigju við 30 °C undir 47 poise (CAS 69102-90-5).

13. Alkóhólvirkt pólý(epíklórhýdrín) með mólþyngd minni en 10000, sem hér segir:

a. Pólý(epíklórhýdríndíól).

b. Pólý(epíklórhýdríntríól).

14. NENAs (nítratetýlnítramínefnasambönd) (CAS 17096-47-8, 85068-73-1, 82486-83-7, 82486-82-6 og 85954-06-9).

15. PGN (pólý-GLYN, pólýglýsídýlnítrat eða pólý(nítratmetýloxíran) (CAS 27814-48-8).

16. Pólý-NIMMO (pólýnítratmetýlmetýloxetan) eða pólý-NMMO (pólý3-nítratmetýl-3-metýloxetan) (CAS 84051-81-0).

17. Pólýnítróortókarbonöt;

18. TVOPA (1,2,3-tris(1,2-bis(díflúoramínó)etoxý)própan eða samsett vínoxýprópan) (CAS 53159-39-0).

f. „Aukefni“, sem hér segir:

1. Basískt koparsalisýlat (CAS-nr. 62320-94-9)

2. FEFO (bis-(2-hýdroxýetýl)glýkólamíð) (CAS 17409-41-5).

3. BNO (bútadíenenítríloxíð).

4. Afleiður ferrósen, sem hér segir:

a. Bútasen (CAS 125856-62-4).

b. Katósen (2,2-bis-etýlferrósenýlprópan) (CAS 37206-42-1).

c. Ferrósenkarbóxýlsýrur, þ.m.t.:

Ferrósenkarbóxýlsýra (CAS 1271-42-7)

1,1’-ferrósendíkarboxýlsýra (CAS 1293-87-4).

d. n-bútýl-ferrósen (CAS 31904-29-7).

e. Aðrar samsettar, fjölliða ferrósenafleiður.

5. Blý-beta-resorsýlat (CAS 20936-32-7).

6. Blýsítrat (CAS 14450-60-3).

7. Blý-koparklósamband af beta-resorsýlati eða salisýlötum (CAS 68411-07-4).

ML8 f. *(frh.)*

8. Blýmaleat (CAS 19136-34-6).

9. Blýsalisýlat (CAS 15748-73-9).

10. Blýstannat (CAS 12036-31-6).

11. MAPO (tris-1-(2-metýl)asírídínýlfosfínoxíð) (CAS 57-39-6). BOBBA 8 (bis(2-metýlasírídínýl)2-(2-hýdroxýprópanoxý)própýlamínófosfínoxíð); og aðrar MAPO-afleiður.

12. Metýl BAPO (bis(2-metýlasírídínýl)metýlamínófosfínoxíð) (CAS 85068-72-0).

13. N-metýl-p-nítróanilín (CAS 100-15-2).

14. 3-nítrasa-1,5-pentandíísósýanat (CAS 7406-61-9).

15. Málmlífræn bindiefni, sem hér segir:

a. Neópentýl(díallýl)oxý, trí(díoktýl)fostat-títanat (CAS 103850-22-2); einnig þekkt sem títan IV, 2,2(bis-2-própenólatmetýl, bútanólat, tris (díoktýl)fosfat) (CAS 110438-25-0); eða LICA 12 (CAS 103850-22-2).

b. Títan IV, ((2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl) bútanólat-1, tris(díoktýl) pýrófosfat eða KR3538.

c. Títan IV, ((2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl) bútanólat-1, tris(díoktýl)fosfat.

16. Pólýsýandíflúoramínóetýlenoxíð.

17. Pólý-virk asírídínamíð með ísóþalískri, trímesískri (BITA eða bútýlenímíntrímesamíð), ísósýanúrískri eða trímetýladípískri grunnbyggingu og 2-metýl- eða 2-etýl-skiptihvörfum við asírídín-hringinn.

18. Própýlenímín (2-metýlasírídín) (CAS 75-55-8).

19. Superfine járnoxíð (Fe2O3) (CAS 1317-60-8) með sérstökum yfirborðsfleti sem er yfir 250 m2/g og meðaleindastærð er 3,0 nm eða minni.

20. TEPAN (tetraetýlenpentaamínakrýlnítríl) (CAS 68412-45-3). sýanetýleruð pólýamín og sölt þeirra.

21. TEPANOL (tetraetýlenpentaamínakrýlnítrílglýsídól) (CAS 68412-46-4); sýanóetýleruð pólýamín í samsetningum með glýsídóli og söltum þeirra.

22. TPB (trífenýlbismút) (CAS 603-33-8).

g. „Forefni“, sem hér segir:

Ath. Í ML8.g. er getið um sérstök „orkurík efni“ sem framleidd eru úr þessum efnum.

1. BCMO (bisklórmetýloxetan) (CAS 142173-26-0) (sjá einnig ML8.e.1. og e.2.).

2. Dínítróasetídín-t-bútýlsalt (CAS 125735-38-8) (sjá einnig ML8.a.28.).

3. HBIW (hexabensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 124782-15-6) (sjá einnig ML8.a.4.).

4. TAIW (tetraasetýldíbensýlhexaasaísóvúrtsítan) (sjá einnig ML8.a.4.) (CAS 182763-60-6),

5. TAT (1,3,5,7 tetraasetýl-1,3,5,7,-tetraasasýklóoktan) (CAS 41378-98-7) (sjá einnig ML8.a.13.).

6. 1,4,5,8-tetraasadekalín (CAS 5409-42-7) (sjá einnig ML8.a.27.).

ML8 g. *(frh.)*

7. 1,3,5-tríklórbensen (CAS 108-70-3) (sjá einnig ML8.a.23.).

8. 1,2,4-tríhýdroxýbútan (1,2,4-bútantríól) (CAS 3068-00-6) (sjá einnig ML8.e.5.).

5. athugasemd Ekki notað eftir 2009

6. athugasemd ML8 gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu efnasambönd eða blönduð þeim „orkuríku efnum“ sem tilgreind eru í ML8.a. eða málmduft sem tilgreint er í ML8.c.:

a. Ammóníumpíkrat (CAS 131-74-8).

b. Svart púður;

c. Hexanítródífenýlamín (CAS 131-73-7).

d. Díflúoramín (CAS 10405-27-3).

e. Nítrósterkja (CAS9056-38-6).

f. Kalíumnítrat (CAS 7757-79-1).

g. Tetranítrónaftalen;

h. Trínítróanísól;

i. Trínítrónaftalen;

j. Trínítróxýlen;

k. N-pýrrólídínón; 1-metýl-2-pýrrólídínón (CAS 872-50-4).

l. Díoktýlmaleat (CAS 142-16-5).

m. Etýlhexýlakrýlat (CAS 103-11-7).

n. Tríetýlál (TEA) (CAS 97-93-8), trímetýlál (TMA) (CAS 75-24-1) og önnur loftkveikjandi málmalkýl og aryl af litíum, natríum, magnesíum, sinki eða bóri;

o. Nítrósellulósi (CAS 9004-70-0).

p. Nítróglýserín (eða glýseróltrínítarat, trínítróglýserín) (NG) (CAS 55-63-0).

q. 2,4,6-trínítrótólúen (TNT) (CAS 118-96-7).

r. Etýlendíamíndínítrat (EDDN) (CAS 20829-66-7).

s. Pentaerýtrítóltetranítrat (PETN) (CAS 78-11-5).

t. Blýasíð (CAS 13424-46-9), venjulegt blýstýfnat (CAS 15245-44-0) og basískt blýstýfnat (CAS 12403-82-6) og eingreind sprengiefni eða kveikjuhleðslublöndur sem innihalda asíð eða asíðflóka;

u. Tríetýlenglýkóldínítrat (TEGDN)(CAS 111-22-8).

v. 2,4,6-trínítróresorsínól (stypnínsýra) (CAS 82-71-3).

w. Díetýldífenýlúrea (CAS 85-98-3); dímetýldífenýlúrea (CAS 611-92-7); metýletýldífenýlúrea (Centralites);

x. N,N-difenýlúrea (ósamhverf difenýlúrea) (CAS 603-54-3).

y. Metýl-N,N-difenýlúrea (ósamhverf metýldífenýlúrea)(CAS 13114-72-2).

z. Etýl-N,N-difenýlúrea (ósamhverf etýldífenýlúrea) (CAS 64544-71-4).

aa. 2-nítródífenýlamín (2-NDPA)(CAS 119-75-5).

bb. 4-nítródífenýlamín (4-NDPA)(CAS 836-30-6).

ML8 *Athugasemd (frh.)*

cc. 2,2-dínítrópropanól (CAS 918-52-5).

dd. Nítrógúanídín (CAS 556-88-7) (sjá 1C011.d. á lista yfir vörur sem þjóna tvenns konar tilgangi).

7. athugasemd ML8. gildir ekki um ammóníum perklóröt (ML8.d.2.) og NTO (ML8.a.18.) sem eru að lögun og samsetningu sérstaklega ætluð fyrir gasúðunartæki til nota fyrir almennra borgara og uppfylla allt eftirfarandi:

a. Innihalda efnasambönd eða -blöndur með óvirkum hitaherðandi efnum eða mýkingarefnum,

b. eru að hámarki 80% ammóníumperklórat (ML8.d.2.) af massa virks efnis,

c. eru með minna en 4 g eða jafnt og 4 g af NTO (ML8.a.18.) og

d. hvert tæki vegur minna en 250 g.

ML9 **Herskip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérstakur búnaður fyrir skip, fylgihlutir, íhlutir og önnur yfirborðsskip, sem hér segir:**

Ath. Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

a. Skip og íhlutir, sem hér segir:

1. Skip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, án tillits til stöðu yfirstandandi viðgerðar eða rekstrarástands og þess hvort þau eru með skotbúnað eða brynvörn eða ekki, og skipsskrokkar eða skrokkhlutar þess háttar skipa og íhlutir í þá, sérhannaðir til hernaðarnota.

2. Yfirborðsskip, af öðru tagi en skip sem tilgreind eru í ML9.a.1., með einhverju af eftirfarandi, áföstu eða innbyggðu í skipið:

a. Sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd eða meiri, sem tilgreind eru í ML1., vopn, sem tilgreind eru í ML2., ML4., ML12. eða ML19., „undirstaða“ eða styrktir festipunktar fyrir þess háttar vopn.

Tæknileg aths.:

„Undirstaða“ vísar til vopnastæðis eða burðarstyrkingar sem gerð er í þeim tilgangi að setja upp vopn.

b. Brunavarnakerfi sem tilgreind eru í ML5.;

c. Með öllum eftirfarandi búnaði:

1. „Vörn gegn íðefnum og lífrænum efnum og geisla- og kjarnamengun (CBRN)“; og „Forbleyti- eða þvottakerfi“ til afmengunar eða

Tæknilegar athugasemdir

1. „Vörn gegn CBRN“ er afmarkað innra rými, m.a. með búnaði til mynda yfirþrýsting og einangra loftræstikerfi og með því að setja CBRN-síur í loftræstiop og slúsur á aðkomuleiðir starfsfólks.

2. „Bleyti- eða þvottakerfi“ er sjóúðunarkerfi sem nota má til að bleyta yfirbyggingu og þilför skips.

d. Virk gagnaðgerðavopnakerfi sem tilgreind eru í ML4.b., ML5.c. eða ML11.a. og með eitthvert eitt af eftirfarandi:

1. „Vörn gegn CBRN“;

2. Skrokkur og yfirbygging, sérhönnuð til að draga úr ratsjárþversniði;

3. Búnaður til að draga úr ummerkjum um hitauppgufun (t.d. kælikerfi fyrir útblástur), þó ekki þau sem eru sérhönnuð til að auka heildarskilvirkni aðalvélar eða til að draga úr umhverfisáhrifum, eða

4. afseglunarkerfi sem hannað er til að draga úr segulummerkjum alls skipsins.

ML9 *(frh.)*

b. Véla- og knúningskerfi, sem hér segir, sérhönnuð til hernaðarnota og íhlutir í þau, sérhannaðir til hernaðarnota:

1. Dísilvélar sérhannaðar fyrir kafbáta með eftirfarandi:

a. Vélaraflsafköst eru 1,12 MW (1500 hp) eða þar yfir og

b. snúningshraði er 700 rpm eða meiri.

2. Rafvélar sérhannaðar fyrir kafbáta og allt eftirfarandi á við:

a. Vélaraflsafköst eru meira en 0,75 MW (1000 hp).

b. Snögg stefnuskipting fram og aftur.

c. Vökvakæling og

d. alveg lokaðar.

3. Óseglanlegar dísilvélar og allt eftirfarandi á við:

a. Vélaraflsafköst eru 37,3 MW (50 hp) eða meiri og

b. óseglanlegur hluti er yfir 75% af heildarmassa.

4. Kerfi með „knúningsafl óháð lofti“ (AIP), sérhönnuð fyrir kafbáta.

Tæknileg aths.:

„Knúningsafl óháð lofti“ (AIP) gerir kleift að starfrækja knúningsaflskerfi kafbáts án aðgangs að súrefni andrúmsloftsins lengur en annars væri unnt með rafhlöðunum. Að því er varðar ML9.b.4. tekur AIP ekki til kjarnorku.

c. Leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar, sérhönnuð til hernaðarnota, stjórntæki fyrir þau og íhlutir í þau, sérhönnuð til hernaðarnota.

d. Varnarnet gegn kafbátum og tundurskeytum, sérhönnuð til hernaðarnota.

e. Ekki notað eftir 2003,

f. Gegnumtök á bol og tengibúnaður, sérhannað til hernaðarnota, til tengingar á tækjum á ytra byrði skipa, og íhlutir í þau, sérhönnuð til hernaðarnota.

Athugasemd *Í ML9.f. er m.a. gerð tengibúnaðar fyrir skip með einleiðara, fjölleiðara, samásaleiðara eða ölduleiðara og gegnumtök á bol fyrir skip, en hvert tveggja er með rakaþétt ytra byrði og heldur nauðsynlegum eiginleikum á dýpi yfir 100 m og með ljósleiðaratengi og sjóntæknileg gegnumtök á bol, sérhönnuð fyrir „leysi“-geislasendingar, án tillits til dýptar. ML9.f. gildir ekki um venjuleg drifsköft og vökvastýrðan stýripinna í gegnumtökum á bol.*

g. Hljóðlausar legur með eitthvað af eftirfarandi, íhlutir fyrir þær og búnað með þeim legum, sérhannað til hernaðarnota:

1. Gas- eða segulhöggdeyfing og -fjöðrun;

2. Virk ummerkjastjórn eða

3. titringsbælingarstjórn.

ML10 **„Loftför“, „farartæki léttari en andrúmsloftið“, ómönnuð loftfarartæki, flughreyflar og búnaður fyrir „loftför“, skyldur búnaður og íhlutir í hann, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, sem hér segir:**

Ath. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. mönnuð „loftför“ og „farartæki léttari en andrúmsloftið“ og sérhannaðir íhlutir í þau,

ML10 *(frh.)*

b. Ekki notað eftir 2011,

c. Ómönnuð loftför og skyldur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:

1. Ómönnuð loftfarartæki (UAV), þ.m.t. fjarstýrð loftfarartæki (RPV), sjálfstýrð, forritanleg farartæki og ómönnuð „farartæki léttari en andrúmslofið“.

2. Skotbúnaður, endurheimtubúnaður og stuðningsbúnaður á jörðu niðri.

3. Tengdur skipana- og stjórnbúnaður.

d. Flughreyflar og sérhannaðir íhlutir í þá.

e. Tækjabúnaður í loftfari, þ.m.t. búnaður til eldsneytistöku á flugi, sérhannaður til nota í þeim „loftförum“ sem tilgreind eru í ML10. eða fyrir þá flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d. og sérhannaðir íhlutir í þá.

f. Þrýstingsáfyllingarvagnar, þrýstingsáfyllingarbúnaður, búnaður sem er sérhannaður til að auðvelda aðgerðir í lokuðu rými og tæki á jörðu niðri, sérhannaðir fyrir „loftför“, sem tilgreind eru ML10.a., eða fyrir flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d.

g. Brotlendingarhjálmar og hlífðargrímur fyrir hermenn og sérhannaðir íhlutir í þau, þrýstijafnaður öndunarbúnaður og samfestingar að hluta þrýstijafnaðir til nota í „loftförum“, samfestingar til að verjast þyngdaraflinu, breytar fyrir fljótandi súrefni, sem notaðir eru í loftför eða flugskeyti, og slöngvibúnaður og hylkisdrifinn neyðarbúnaður sem gerir mönnum kleift að sleppa út úr „loftfari“.

h. Fallhlífar, svifvængir og skyldur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

1. Fallhlífar sem ekki eru tilgreindar annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

2. Svifvængir

3. Búnaður, sérhannaður fyrir fallhlífastökkvara í háloftunum (t.d. samfestingar, sérstakir hjálmar, öndunarkerfi, leiðsögutæki).

i. Stýrður opnunarbúnaður eða sjálfvirk leiðsögukerfi sem eru hönnuð fyrir farm sem varpað er niður í fallhlíf.

1. athugasemd *ML10.a. gildir ekki um „loftför“ og „farartæki léttari en andrúmsloftið“ sem sérhönnuð eru til hernaðarnota og allt eftirfarandi á við um:*

a. er ekki orrustuflugvél,

b. er ekki miðað við hernaðarnot og ekki búið tækjum eða aukabúnaði, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, og

c. er vottað til almenningsnota af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í aðildarríki eða í ríki sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu.

2. athugasemd *ML10.d. gildir ekki um:*

a. flughreyfla, sem eru hannaðir eða breyttir til hernaðarnota, sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í aðildarríki eða í ríki, sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu, hafa vottað til nota í „almenningsloftfari“, eða sérhannaða íhluti í þá,

b. strokkhreyfla eða sérhannaðir íhluti í þá, nema þá sem eru sérhannaðir í ómönnuð loftfarartæki.

ML10 *(frh.)*

3. athugasemd *ML10.b. og ML10.d. að því er varðar sérhannaða íhluti og tengdan búnað fyrir almenn „loftför“ eða flughreyfla, sem breyttir eru til hernaðarnota, gilda aðeins um þá íhluti til hernaðarnota og hertengdan búnað sem nauðsynlegur er fyrir breytingar til hernaðarnota.*

4. athugasemd *Að því er varðar ML10.a. eru felst í hernaðarnot m.a.: bardagi, könnun í hernaðarlegum tilgangi, árás, herþjálfun, birgðastuðningur og -flutningur og herlið eða airdropping troops or military equipment.*

5. athugasemd *ML10.a. gildir ekki um „loftfar“ sem allt eftirfarandi á við um:*

a. Var fyrst framleidd fyrir 1946;

b. Er ekki búið hlutum sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, að undanskildum þeim hlutum sem krafist til að uppfylla öryggis- eða lofthæfisstaðla aðildarríkis eða ríkis, sem er aðili að Wassenar-fyrirkomulaginu, og

c. er ekki búið vopnum sem tilgreind eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, nema þau séu óvirk og ógerlegt sé að gera þau starfhæf að nýju.

ML11 **Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í hann:**

a. Rafeindabúnaður, sérhannður til hernaðarnota:

Athugasemd *ML11.a. gildir meðal annars um:*

a. Gagnaðgerða- og gagn-gagnaðgerðarafeindabúnað (þ.e. tæki sem hönnuð eru til að framkalla framandi eða villandi merki í ratsjám eða þráðlausum fjarskiptatækjum eða til að hindra á annan hátt viðtöku, starfrækslu eða virkni rafeindaviðtökubúnaðar andstæðinga, þ.m.t. gagnaðgerðabúnaður þeirra), þ.m.t. búnaður til truflunarsendinga og gagntruflunarsendinga.

b. Tíðnisnarpa myndlampa (e. frequency agile tubes).

c. Rafeindakerfi eða -búnað sem er annaðhvort hannaður til eftirlits og vöktunar á rafeindasegulsviðinu til að afla hernaðarlegra upplýsinga eða í öryggisskyni eða til að sporna gegn þess háttar eftirliti eða vöktun.

d. Gagnaðgerðir undir yfirborði vatns/sjávar, m.a. blekkingaraðgerðir með hljóð- og segultruflunum, og búnað til að kalla fram framandi og röng merki í hljóðsjám.

e. Öryggisbúnaður fyrir gagnavinnslu, gagnaöryggisbúnaður og öryggisbúnaður á útsendingar- og merkjalínu, með dulkóðun.

f. Kennsla- og staðfestingarbúnaður og lykilhleðslubúnaður og lykilstjórnun, framleiðslu- og dreifibúnaður.

g. Leiðsögu- og siglingabúnaður.

h. Stafrænn búnaður fyrir fjarskipti með tvístrun rafsegulbylgna í veðrahvolfinu.

i. Stafrænir afmótarar, sérhannaðir fyrir leynilegar merkjasendingar.

j. „Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi“.

Ath. *Um „hugbúnað“, sem tengist „hugbúnaðar“-skilgreindu útvarpi og viðtöku (SDR), sjá ML21.*

b. Truflunarbúnaður fyrir hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS).

ML12 **Háhraðavopnakerfi og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir til þeirra:**

a. Hreyfiorkuvopnakerfi, sérhönnuð til eyða skotmarki eða bægja frá árás þess.

b. Sérhannaður prófunar- og matsbúnaður og prófunarlíkön, þ.m.t. greiningartæki og skotmörk, fyrir virka prófun á hreyfiorkuskeytum og -kerfum.

Ath. Um vopnakerfi, sem nota undirhlaupviddarskotfæri eða nýta einvörðungu kemískt knúningsafl, og skotfæri fyrir þau, sjá ML1 til ML4.

ML12 *(frh.)*

1. athugasemd *Í ML12 er m.a. eftirfarandi búnaður þegar hann er sérhannaður fyrir hreyfiorkuvopnakerfi:*

a. Skotknúningskerfi með meiri massahröðun en 0,1 g að hraða umfram 1,6 km/s, í einvirkum eða hraðvirkum skotham.

b. Aðalorkuframleiðsla, rafbrynja, orkugeymsla, hitastýring, meðferð, skipti- eða meðferðarbúnaður eldsneytis; og raftengibúnaður milli aflgjafa, byssu og annarrar starfsemi rafdrifinna byssustæða;

c. Marköflun, markfylgni, skotstýring eða tjónamatskerfi;

d. Kerfi með sjálfstýrðri skotmarksleit, stýranlegu eða stefnubreytanlegu (hliðarhröðun) knúningsafli fyrir flugskeyti.

2. athugasemd *ML12 gildir um vopnakerfi sem eru knúinn af einhverri eftirtalinna aðferða:*

a. Rafsegulknúinn.

b. Rafhitaknúin.

c. Rafgasknúin.

d. Léttgasknúin eða

e. knúin íðefnum (þegar þau eru notuð í samsetningum með einhverju af ofangreindu).

ML13 **Brynvarnar- eða hlífðarbúnaður, sem heild og sem íhlutir, sem hér segir:**

a. Brynvarnarplata sem eitthvert eitt af eftirtöldu á við um:

1. Framleidd samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum eða

2. hentar til hernaðarnota.

Ath. *Um plötur í brynklæðum, sjá ML13.d.2.*

b. Smíði úr málmi eða málmlausu efni, eða samsetningar þeirra, sérhönnuð til að veita hernaðarkerfum skothelda vörn, ásamt sérhönnuðum íhlutum í hana.

c. Hjálmar, sem framleiddir eru samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða sambærilegum landsstöðlum, og sérhannaðir íhlutir til þeirra (þ.e. hjálmskel, fóður og stuðningspúðar).

d. Brynklæði eða hlífðarfatnaður og viðeigandi íhlutir, sem hér segir:

1. Mjúk brynklæði og hlífðarfatnaður, framleitt samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða jafngildi þeirra, og sérhannaðir íhlutir í þau.

Athugasemd *Að því er varðar ML13.d.1. fela herstaðlar eða hertækniforskriftir í sér, hið minnsta, tækniforskriftir um vörn gegn sprengibrotum.*

2. Harðar plötur í brynklæði sem veita skothelda vörn sem er jöfn eða meiri en III. stig (NIJ 0101.06, í júlí 2008) eða landsbundið jafngildi hennar.

1. athugasemd *Í ML13.b. er efni sem er sérhannað til að búa til sprengjuviðnámsvörn eða til að byggja herskýli.*

2. athugasemd *ML13.c. gildir ekki um venjulega stálhjálma, hvorki breytta eða hannaða fyrir einhvers konar viðbótarbúnað né með þannig búnaði.*

3. athugasemd *ML13.c. og d. gilda ekki um hjálma, brynklæði eða hlífðarfatnað, þegar notandi hefur hann með sér til persónulegrar varnar fyrir sjálfan sig.*

4. athugasemd *Einu hjálmarnir, sem eru sérhannaðir fyrir sprengjueyðingarliða og tilgreindir eru í ML13., eru þeir sem sérhannaðir eru til hernaðarnota.*

Aths. 1 *Sjá einnig færslu 1A005 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Aths. 2 *Um „trefja- eða þráðefni“, sem notað er í framleiðslu brynklæða fyrir einstaklinga og hjálma, sjá færslu 1C010 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

ML14 **„Sérhæfður búnaður til herþjálfunar“ eða fyrir hernaðarlegar hermisviðsmyndir, hermar sérhannaðir til þjálfunar í notkun skotvopna eða vopn tilgreind í ML1 eða ML2 og sérhannaðir íhlutir og aukabúnaður þeirra.**

Tæknileg ath.:

Hugtakið „sérhæfður búnaður til herþjálfunar“ tekur til herárásarþjálfa, aðgerðaflugsþjálfa, ratsjárskotmarksþjálfa, tækja til skotmarkagerðar fyrir ratsjá, skyttuþjálfunarbúnaðar, herþjálfa gegn kafbátum, flugherma (þ.m.t. miðflóttaaflsbómur til þjálfunar flugmanna/geimfara), ratsjárþjálfa, blindflugsþjálfa, leiðsögutækjaþjálfa, flaugaskotþjálfa, miðunarbúnaðs, fjarstýrðra dróna-„loftfara“, vígbúnaðarþjálfa, þjálfa fyrir flugmannslaus „loftför“, færanlegra þjálfunareininga og þjálfunarbúnaðar fyrir hernaðaraðgerðir á landi.

1. athugasemd *Í ML14 eru myndgerðarkerfi og gagnvirk umhverfiskerfi fyrir herma ef þau eru sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota.*

2. athugasemd *ML14 gildir ekki um búnað sem er sérhannaður til þjálfunar í notkun veiðivopna eða vopna sem notuð eru í íþróttum.*

ML15 **Mynd- eða gagnaðgerðabúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum í hann:**

a. Upptöku- og myndvinnslubúnaður.

b. Myndavélar, ljósmyndabúnaður og filmuvinnslubúnaður.

c. Búnaður til myndmögnunar.

d. Myndbúnaður fyrir innrauðar myndir eða hitamyndir.

e. Ratsjármyndnemabúnaður.

f. Gagnaðgerða- eða gagn-gagnaðgerðatæki fyrir þann búnað sem tilgreindur er í ML15.a. til ML15.e.

Athugasemd *Í ML15.f. er m.a. fjallað um tæki sem hönnuð eru til að hamla starfsemi eða virkni hernaðarlegra myndkerfa eða draga sem mest úr þess háttar hömlunaráhrifum.*

1. athugasemd *Í ML15 tekur hugtakið „sérhannaðir íhlutir“ til eftirfarandi þegar þeir eru sérhannaðir til hernaðarnota:*

a. Myndbreytilampar fyrir innrauðar myndir.

b. Myndmögnunarlampar (þó ekki af fyrstu kynslóð).

c. Örrásaplötur.

d. Sjónvarpsmyndavélalampar til að nota við lágt birtustig.

e. Skynjarakerfi (þ.m.t. rafeindatæknileg samtengingar- eða aflestrarkerfi).

f. Hitanæmir (e. pyroelectric) sjónvarpsmyndavélalampar.

g. Kælikerfi fyrir myndkerfi.

h. Rafstýrðir lokar, gerðir sem byggjast á birtustigi (e. photochromic) eða rafsegulsviði (e. electro-optical), með lokunarhraða sem er undir 100 µs, nema um sé að ræða loka sem eru mikilvægur hluti háhraðamyndavélar.

i. Myndsnúningstæki með ljósleiðurum.

j. Samsett hálfleiðaraljósskaut.

2. athugasemd *ML15 gildir ekki um „myndmögnunarlampa af fyrstu kynslóð“ eða búnað sem er sérhannaður fyrir „myndmögnunarlampa af fyrstu kynslóð“.*

Ath. *Um flokkun vopnamiða með „myndmögnunarlampa af fyrstu kynslóð“, sjá ML1., ML2. og ML5.a.*

Ath. *Sjá einnig 6A002.a.2. og 6A002.b. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

ML16 **Málmsmíðisgripir og steyptar og ófullunnar vörur, sérhannaðar fyrir íhluti sem tilgreindir eru í ML1 til ML4, ML6, ML9, ML10, ML12 eða ML19.**

Athugasemd *ML16. gildir um ófullunnar vörur þegar þær eru auðkennanlegar af efnissamsetningu, útliti eða hlutverki.*

ML17 **Ýmis búnaður, efni og „gagnasöfn", sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir til þeirra:**

a. Tækjabúnaður til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar, sem hér segir:

1. Búnaður með lokaðri eða hálflokaðri hringrás (enduröndun), sérhannaður til hernaðarnota (þ.e. sérhönnuð, ósegluð gerð).

2. Sérhannaðir íhlutir til nota við breytingu á tækjum með opinni hringrás til hernaðarnota.

3. Vörur sem eru einvörðungu hannaðar til hernaðarnota fyrir búnað til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar.

b. Vinnuvélar og -tæki, sérhönnuð til hernaðarnota:

c. Útbúnaður, þekjandi lög og meðferð til ummerkjaleyndar, sérhannað til hernaðarnota.

d. Tækjabúnaður mannvirkjadeildar hers á vettvangi, sérhannaður til nota þar sem bardagar eru háðir.

e. „Þjarkar", „þjarka"-stjórnbúnaður og „þjarka"-„snertlar" (e. robot end-effectors) sem hafa einhverja eftirfarandi eiginleika:

1. Sérhannað til hernaðarnota.

2. Með búnaði til að verja vökvaleiðslur gegn utanaðkomandi götunarskemmdum af völdum skotflaugabrota (t.d. með sjálfvirkri þéttingu á leiðslunum) og hannað fyrir vökvakerfisvökva með blossamarki yfir 839 K (566 °C) eða

3. sérhannað eða miðað við vinnu í nánd við rafsegulhögg (EMP).

Tæknileg aths.:

Með „rafsegulhöggi" er ekki átt við óvísvitandi truflun af völdum rafsegulgeislunar frá nærliggjandi tækjabúnaði (t.d. vélum, tækjum eða rafeindabúnaði) eða eldingum.

f. „Gagnasöfn" (stikaðir tæknigagnagrunnar), sérhönnuð til hernaðarnota með hliðsjón af þeim búnaði sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB;

g. Búnaður til kjarnorkuframleiðslu eða knúningsbúnaður, þ.m.t. „kjarnakljúfar", sérhannaður til hernaðarnota og íhlutir til hans, sérhannaðir eða „breyttir" til hernaðarnota.

h. Búnaður og efni, húðuð eða meðhöndluð til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

i. Hermar, sérhannaðir fyrir „kjarnakljúfa" til hernaðarnota.

j. Færanleg viðgerðarverkstæði, sérhönnuð eða „breytt" til að þjónusta herbúnað.

k. Rafalar til nota á vettvangi, sérhannaðir eða „breyttir" til hernaðarnota.

l. Gámar, sérhannaðir eða „breyttir" til hernaðarnota.

m. Ferjur, sem ekki eru skilgreindar annars staðar í hergagnalista ESB, brýr og dýpkunarprammar, sérhönnuð til hernaðarnota.

n. Prófunarlíkön, sérhönnuð til „þróunar" sem tilgreindir eru í ML4, ML6, ML9 eða ML10.

o. Leysivarnarbúnaður (t.d. augn- og skynjarahlífar), sérhannaður til hernaðarnota.

ML17 *(frh.)*

p. „Efnarafalar“, sem ekki eru skilgreindir annars staðar í hergagnalista ESB, sérhannaðir eða „breyttir“ til hernaðarnota.

Tæknilegar athugasemdir

1. Að því er varðar ML17 merkir hugtakið „gagnasafn“ (stikaður tæknigagnagrunnur) safn tækniupplýsinga hernaðarlegs eðlis og hagnýting þess getur aukið afköst herbúnaðar eða hernaðarkerfa.

2. Að því er varðar ML17 merkir „breyttur“ hvers kyns byggingarfræðilegar, raffræðilegar og vélfræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gera hlut, sem er ekki til notkunar í hernaði, að hlut sem er sérhannaður til hernaðarnota.

ML18 **Búnaður til framleiðslu og íhlutir, sem hér segir:**

a. Sérhannaður eða breyttur „framleiðslu“-búnaður fyrir „framleiðslu“ vara, sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum í hann.

b. Sérhönnuð aðstaða til umhverfisprófunar og sérhannaður búnaður til hennar, fyrir vottun, gæðamat eða prófun á vörum sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML18, felur hugtakið „framleiðsla“ í sér hönnun, rannsókn, framleiðslu, prófun og eftirlit.

Athugasemd *Í ML18.a. og ML18.b. er m.a. fjallað um eftirfarandi búnað:*

a. Sívirk tæki til köfnunarefnissýringar.

b. Skilvinduprófunartæki eða -búnað með einhvern eftirfarandi eiginleika:

1. Knúinn vél eða vélum með skráðum heildarhestaflafjölda yfir 298 kW (400 hp).

2. Með getu til að bera farmþunga sem er 113 kg eða þar yfir eða

3. með getu til 8 g skilvinduhröðunar, eða þar yfir, með 91 kg farmþunga eða þar yfir;

c. Vatnssneyðingarpressur;

d. Skrúfuútþrýstingspressur, sérhannaðar eða breyttar fyrir sprengiútþrýsting til hernaðarnota;

e. Skurðarvélar til að flokka útþrýstingsdrifefni eftir stærð.

f. „Sælgætistunnur“ (tromlur) sem eru 1,85 m í þvermál eða þar yfir og með 227 kg innihaldsrými.

g. Sívirkir blandarar fyrir föst drifefni;

h. Kvarnir, knúnar fljótandi eldsneyti, til að mylja eða mala innihaldsefni í sprengiefni til hernaðarnota.

i. Búnaður til fá fram bæði kúlulögun og jafna eindastærð í málmpúðri sem skráð er í ML8.c.8.

j. Burðarstraumsbreytar fyrir breytingu efna sem skráð eru í ML8.c.3.

ML19 **Vopnakerfi sem nota stefnuvirka orku (DEW), tengdur búnaður eða gagnaðgerðabúnaður og prófunarlíkön, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir til þeirra:**

a. „Leysi“-kerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því.

b. Eindageislakerfi sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því.

c. Háorkuútvarpstíðnikerfi (RF) sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því.

d. Búnaður sem er sérhannaður til að finna eða bera kennsl á eða til varnar gegn kerfum sem tilgreind eru í ML19.a. til ML19.c.

ML19 *(frh.)*

e. Hlutkennd prófunarlíkön fyrir þau kerfi, þann búnað og þá íhluti sem tilgreind eru í ML19.

f. „Leysi“-kerfi sem eru sérhönnuð til að valda varanlegri blindu á óvörðum augum, þ.e. berum augum eða augum með leiðréttandi sjóntækjum.

1. athugasemd *Í DEW-kerfum, sem tilgreind eru í ML19, eru kerfi sem byggja getu sína á stýrðri notkun:*

a. „Leysar“ sem hafa nægilegt afl til að valda sambærilegri eyðingu og hefðbundin skotfæri;

b. Eindahraðlar sem skjóta hlöðnum eða óhlöðnum eindageislum sem hafa eyðingarmátt.

c. Hátíðnisendar með öflugum eða meðalöflugum útsendingargeisla sem myndar orkusvið sem eru nægilega öflug til að gera rafeindabúnað í fjarlægu skotmarki óvirkan.

2. athugasemd *Í ML19 er m.a. fjallað um eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir DEW-kerfi:*

a. Búnaður til aðalaflsframleiðslu, orkugeymslu, umskiptingar, orkumeðferðar eða meðhöndlunar eldsneytis.

b. Markábendingar- eða markfylgnikerfi.

c. Kerfi sem unnt er að nota til að meta tjón á skotmarki, eyðingu þess eða bægingu árásar frá því.

d. Búnaður til að stýra, útbreiða eða beina geislum.

e. Búnaður með hraðvirkum geislasnúningi fyrir hraðvirkar aðgerðir gegn mörgum skotmörkum.

f. Aðlögunarhæf ljóstæknileg kerfi og fasasameiningartæki.

g. Rafstuðsgjafar fyrir neikvæða vetnisjónageisla.

h. „Geimhæfir“ hröðunaríhlutir.

i. Útstreymisbúnaður fyrir neikvæða jónageisla.

j. Búnaður til að stjórna og snúa háorkujónageisla.

k. „Geimhæfar“ þynnur til að afhlaða neikvæða vetnissamsætugeisla.

ML20 **Lághitabúnaður og „ofurleiðandi“ búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir þess háttar búnaðar:**

a. Sérhannaður eða samstilltur búnaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum, sem getur starfað á hreyfingu og framleit eða viðhaldið hitastigi undir 103 K (– 170 °C).

Athugasemd *Í ML20.a. er m.a. fjallað um farkerfi sem eru búin eða nýta fylgihluti eða íhluti sem framleiddir eru úr efnum sem eru ekki úr málmi eða leiða ekki rafmagn, s.s. plasti eða efnum sem eru gegndreypt epoxý.*

b. „Ofurleiðandi“ rafbúnaður (snúningsvélar og spennar), sérhannaður eða samstilltur til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum og getur starfað á hreyfingu.

Athugasemd *ML20.b. gildir ekki um einpóla jafnstraumsrafala af blendingsgerð sem eru með einpóla snúða úr venjulegum málmi sem snúast í segulsviði sem ofurleiðaraspólur framleiða, að því tilskildu að þessar spólur séu einu ofurleiðaraíhlutirnir í rafalnum.*

ML21 **„Hugbúnaður“ sem hér segir:**

a. „Hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir „þróun“, „framleiðslu“ eða „notkun“ tækjabúnaðar, efna eða „hugbúnaðar“ sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. Sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem er tilgreindur í ML21.a., sem hér segir:

1. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum.

2. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar eða hermunar á sviðsmyndum hernaðaraðgerða.

3. „Hugbúnaður“ til að ákvarða áhrif hefðbundinna vopna, kjarnorkuvopna, efnavopna eða lífefnavopna.

4. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir yfirstjórn, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C3I) eða yfirstjórn, fjarskipti, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C4I).

c. „Hugbúnaður“, ekki tilgreindur í ML21.a., eða b., sérhannaður eða breyttur til að unnt sé að nota búnað, sem ekki er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB til að gegna hernaðarlegu hlutverki búnaðar sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB.

ML22 **„Tækni“ sem hér segir:**

a. „Tækni“, önnur en sú sem er tilgreind í ML22.b., sem er „nauðsynleg“ vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ hluta sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. „Tækni“, sem hér segir:

1. „Tækni” sem er „nauðsynleg“ fyrir hönnun, öflun íhluta í og rekstur, viðhald og viðgerðir heilla framleiðslukerfa til að framleiða hluti, sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB, jafnvel þótt íhlutir í þess háttar framleiðslukerfi séu ekki tilgreindir.

2. „Tækni”, sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“ og „framleiðslu“ handvopna, jafnvel þótt hún sé notuð til að framleiða eftirlíkingar af fornum handvopnum.

3. „Tækni”, sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ á eiturefnum, skyldum búnaði eða íhlutum sem tilgreindir eru í ML7.a. til ML7.g.

4. „Tækni”, sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ á „líffjölliðum“ eða ræktun tiltekinna frumna sem tilgreindar eru í ML7.h.

5. „Tækni”, sem einungis er „nauðsynleg“ til ísetningar „lífefnahvata“, sem tilgreindir eru í ML7.i.1., í burðarefni eða efni til hernaðar.

1. athugasemd *„Tækni” sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ hluta, sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, eru áfram undir eftirliti, jafnvel þegar um er að ræða hvers kyns hluti sem ekki eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB.*

2. athugasemd *ML22 gildir ekki um:*

a. „Tækni”, sem er hvað minnst nauðsynleg vegna uppsetningar, reksturs, viðhalds (eftirlits) og viðgerðar þeirra hluta sem eru ekki undir eftirliti eða hefur verið heimilað að flytja út.

b. „Tækni” sem er „almenningseign“, notuð í þágu „vísindalegra grunnrannsókna“ eða er hvað minnst nauðsynleg sem upplýsingar vegna einkaleyfisumsókna.

c. „Tækni” til að nýta segulspan fyrir samfelldan knúning almenningsfarartækja.

SKILGREINING HUGTAKA SEM NOTUÐ ERU Í ÞESSARI SKRÁ

Q-ATHUGA, RAÐA ÞARF TÖLUSETTU (ML+tala) HUGTÖKUNUM HÉR Á EFTIR UPP Í STARRÓFSRÖÐ Á ÍSLENSKU Í AFURÐINNI

Eftirfarandi eru skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá í stafrófsröð.

1. athugasemd Skilgreiningarnar gilda í allri skránni. Tilvísanirnar eru aðeins til leiðbeiningar og hafa engin áhrif á almenna beitingu skilgreindra hugtaka í allri skránni.

2. athugasemd Orð og hugtök í þessari skilgreiningaskrá hafa aðeins skilgreinda merkingu þegar þau eru tilgreind innan „tvöfaldra gæsalappa“. Skilgreiningar hugtaka, sem eru innan ‘einfaldra gæsalappa’, koma fram í tæknilegri athugasemd um viðkomandi hlut. Að öðru leyti hafa orð og hugtök almennt viðurkennda merkingu (orðabókarmerkingu).

ML7 **„Aðlagað að notkun í stríði“**

Allar breytingar eða val (s.s. breyting á hreinleika, geymsluþoli, meinvirkni, dreifingareinkennum eða viðnámsþoli gegn útfjólubláu ljósi) sem er ætlað að auka afköst með tilliti til þess að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

ML8 **„Íblöndunarefni“**

Efni sem notuð eru í sprengiefnaformúlur til að bæta eiginleika þeirra.

ML8, ML10 og ML14 **„Loftfar“**

Loftfarartæki með föstum vængjum, snúanlegum vængjum, þyrilvængjum (þyrla), hallanlegum þyrli eða hallanlegum vængjum.

ML11 **„Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi“**

Rafræn kerfi sem notuð eru til að færa inn, vinna úr og senda upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir virka aðgerð viðkomandi hóps, stórrar fylkingar, fylkingar á vettvangi átaka, einingar, skips, undireiningar eða vopna sem stjórnað er. Þetta er gert með notkun tölva og annars sérhæfðs vélbúnaðar sem hannaður er til að styðja við starfsemi yfirstjórnar og stjórnstöðvar. Meginhlutverk sjálfvirks skipana- og stjórnkerfis eru: skilvirk, sjálfvirk öflun, uppsöfnun, geymsla og úrvinnsla upplýsinga; að sýna þá stöðu og þær aðstæður sem hafa áhrif á og stýra undirbúningi og stjórnun aðgerða í bardaga; útreikningar vegna aðgerða og úrræða í tengslum við úthlutun tilfanga meðal hersveita eða grunnþátta aðgerðaáætlunar orrustu eða útfærslu orrustunnar samkvæmt verkefninu eða stöðu aðgerða; gerð gagna svo að unnt sé að meta stöðuna og taka ákvörðun hvenær sem er meðan aðgerð eða orrusta stendur yfir: tölvuhermun aðgerða.

ML22 **„Vísindalegar grunnrannsóknir“**

Tilraunastarfsemi eða fræðileg vinna sem aðallega er unnin til að afla nýrrar þekkingar á grundvallarlögmálum eða kannanlegum staðreyndum og þjónar ekki eða beinist fyrst og fremst að sérstökum, hagnýtum tilgangi eða markmiði.

ML7, 22 **„Lífefnahvatar“**

Efnahvatar fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf eða önnur lífefnafræðileg efnasambönd sem bindast og hraða niðurbroti efna í efnahernaði.

Tæknileg aths.:

„Ensím“ merkir „lífhvati“ fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

ML7, 22 „**Líffjölliður“**

Lífrænar stórsameindir, sem hér segir:

a. Ensím fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

b. Mótefni, einklóna eða fjölklóna, eða and-kjarngerðarmótefni (e. *anti-idiotypic*).

c. Sérhannaðir eða sérunnir viðtakar.

Tæknilegar athugasemdir

1. *„And-kjarngerðarmótefni“: mótefni sem bindast sérstökum bindisætum ónæmisvaka annarra mótefna.*

2. *„Einklónamótefni“: prótín sem bindast einu sæti ónæmisvaka og er myndað af einu frumuklóni.*

3. *„Fjölklónamótefni“: blanda prótína sem binst sérstökum ónæmisvaka og er framleidd af fleiri en einu frumuklóni.*

4. *„Viðtakar“: líffrænar stórsameindabyggingar sem geta bundist bindlum, en binding þeirra hefur áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi.*

ML4,

10 **„Almenningsloftför“**

Þau „loftför“ sem skráð eru eftir gerð í lofthæfivottunarskrár, sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs gefa út, til almenningsflugs á flugleiðum innan lands og utan eða til lögmæts, almenns flug, einkaflugs eða í flugs viðskiptaskyni.

ML21, 22 **„Þróun“**

Tengist öllum stigum fjöldaframleiðslu, svo sem: hönnun, hönnunarrannsóknum, hönnunargreiningu, hönnunarhugtökum, samsetningu og prófun frumgerða, reynsluframleiðsluáætlunum, hönnunargögnum, umbreytingarferlinu frá hönnunargögnum til framleiðsluvöru, formhönnun, samþættingarhönnun, uppdráttum.

ML17 **„Snertlar“**

Griplur, virkar verkfæraeiningar og hvers kyns önnur verkfæri sem fest eru á grunnplötuna framan á hreyfiarmi „þjarka“.

Tæknileg aths.:

„Virkar verkfæraeiningar“ eru tæki til að beita hreyfiafli, virkja orku eða beita skynjara á hlut í vinnslu.

ML8 **„Orkuefni“**

Efni eða efnablöndur sem við efnahvörf losa þá orku, sem þörf er á, til þeirra nota sem til er ætlast. „Sprengiefni“, „flugeldavörur“ og „drifefni“ eru undirflokkar orkuefna.

ML8, 18 **„Sprengiefni“**

Föst, fljótandi eða loftkennd efni eða efnablöndur sem þarf að sprengja til að þær komi að notum sem forhleðsla, forsprengja eða aðalhleðsla í sprengjuoddum, til niðurrifs og annarrar notkunar.

ML7 **„Tjáningarferjur“**

Burðarefni (t.d. plasmíð eða veira), notað til að koma erfðaefni inn í hýsilfrumur.

ML 17 **„Efnarafall“**

Rafefnafræðilegt tæki sem breytir efnaorku beint í jafnstraumsrafmagn (DC) með því að eyða utanaðkomandi eldsneyti.

ML13 **„Trefja- eða þráðefni“**

M.a.:

a. Óslitnir einþáttungar.

b. Óslitið garn og óslitnir vafningar.

c. Borðar, vefnaður, mottur með ýmsum vefnaði og fléttuð bönd.

d. Klipptir þræðir og skornir og samhangandi þráðateppi.

e. Steinefnaþræðir (e. *whiskers*), annaðhvort einkristalla eða fjölkristalla, í hvaða lengd sem er.

f. Arómatískt pólýamíðmauk.

ML15 **„Myndmögnunarlampar fyrir fyrstu kynslóð“**

Myndlampar með elektróstatískri skerpustillingu sem nýta ljósleiðara í inntaki og úttaki eða glerskjá, fjölbasa ljósbakskaut (S-20 eða S-25), en ekki örrásamagnara.

ML22 **„Í almenningseign“**

Það merkir að „tækni“ eða „hugbúnaður“ hafi verið gerður aðgengilegur án takmarkana á frekari dreifingu.

Athugasemd: *Takmarkanir vegna höfundaréttar geta ekki breytt því að „tækni“ eða „hugbúnaður“ sé „í almenningseign“.*

ML9, 19 **„Leysir“**

Samstæða íhluta sem gefur frá sér, bæði í rúmi og tíma, samfellt ljós sem magnað er upp með örvaðri geislun.

ML10 **„Farartæki léttari en andrúmsloftið“**

Loftbelgir og loftskip sem nýta heitt loft eða lofttegundir, sem eru léttari en andrúmsloftið, s.s. helíum eða vetni, sem lyftikraft.

ML17 **„Kjarnakljúfur“**

Tekur til þeirra hluta sem eru í kjarnakljúfnum eða festir á tankinn, sem hann er í, búnaðarins, sem stýrir aflinu í kjarnanum, og þeirra íhluta sem venjulega innihalda, eru í beinni snertingu við eða stjórna aðalkælimiðli ofnkjarnans.

ML8 **„Forefni“**

Sérstök íðefni sem notuð eru í framleiðslu sprengiefna.

ML18, 21, 22 **„Framleiðsla“**

Merkir öll framleiðslustig, s..s: framleiðsluundirbúning, framleiðslu, samþættingu, samsetningu (uppsetningu), eftirlit, prófun, gæðavottun.

ML8 **„Drifefni“**

Efni eða efnablöndur sem hvarfast efnafræðilega og mynda mikið magn heitra gastegunda með stýrðum hraða til að vinna vélrænt starf.

ML4, 8 **„Flugeldavörur“**

Blöndur fasts eða fljótandi eldsneytis og oxara, sem verða fyrir kröftugum, stýrðum efnahvörfum, þegar þær eru glæddar, í þeim tilgangi að mynda í tilteknum mæli seinkun, hita, hávaða, reyk, sýnilegt ljós eða innrauða geislun. Loftkveikjandi vörur eru undirflokkur flugeldavara, án oxara en glæðast sjálfkrafa við snertingu við loft.

ML22 **„nauðsynleg“**

Í tengslum við „tækni“ er orðið aðeins notað um þann hluta „tækninnar“ sem einkum er nauðsynlegur til að ná eða fara fram úr afkastastigi, eiginleikum eða virkni sem stýrt er. Þess háttar „tækni“, sem „nauðsynleg“ er, getur átt við um mismunandi vörur.

ML7 **„Óeirðastjórnunarefni“**

Efni, sem við ætluð notkunarskilyrði til óeirðastjórnunar, hafa fljótt ertandi áhrif á skynfæri manna eða valda líkamlegri vanhæfni sem hverfur á skömmum tíma eftir að hætt er að beita efnunum. (Táragastegundir teljast til „óeirðastjórnunarefna“.)

ML17 **„Þjarki“**

Hreyfitæknilegur vélbúnaður sem ýmist er á samfelldri braut (e. *continuous path*) eða á föstum stað (e. *point-to-point*), stundum með skynjurum, og hefur alla eftirfarandi eiginleika:

a. Er fjölnota.

b. Getur staðsett eða stillt af efni, hluta, verkfæri eða sérstök tæki með breytilegum hreyfingum í þrívídd.

c. Felur í sér þrjú eða fleiri sjálfstýritæki (e. *servo*-device), í opnu eða lokuðu ferli (e. *loop*), sem geta verið með stigdrifnar vélar (e. *stepping motor*), og

d. er „forritanlegur fyrir notanda“ með aðferð til að kenna og endurtaka (e. *teach/playback*) eða með tölvu sem getur verið iðntölva (e. *programmable logic controller*), þ.e. án vélræns milliliðar.

Athugasemd *Framangreind skilgreining tekur ekki til eftirfarandi búnaðar:*

1. Hreyfitæknilegs vélbúnaðar sem aðeins er unnt að stjórna handvirkt eða með fjarstýribúnaði.

2. Hreyfitæknilegs vélbúnaðar í fastri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum og vinnur í vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru ekki breytileg eða breytanleg á vél-, rafeinda- eða rafmagnstæknilegan hátt.

3. Vélstjórnaðs, hreyfitæknilegs vélbúnaðar í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum, en stillanlegum, skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfing og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru breytileg innan fasts forritsmynsturs. Frávik frá eða breytingar á forritunarmynstri (t.d. breytingar á stiftum eða skipti á knastásum) eins eða fleiri hreyfiása er aðeins unnt að fá fram með vélrænum aðgerðum.

4. Hreyfitæknilegs vélbúnaðar, án sjálfstýringar, í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er breytilegt en runan heldur því aðeins áfram að tvíundamerki komi frá vélrænt föstum, rafrænum tvíundatækjum eða stillanlegum skorðum.

5. Stöflunarkrana sem skilgreindir eru sem hreyfikerfi, sem byggjast á kartesíusarhnitum, framleiddir sem óaðskiljanlegur hluti lóðréttra geymsluhólfastæða og hannaðir fyrir aðgang að innihaldi hólfanna til að setja hluti í eða taka úr geymslu.

ML21 **„Hugbúnaður“**

Safn með einu eða fleiri „forritum“ eða „örforritum“ sem eru vistuð í hvers kyns áþreifanlegum tjáningarmiðlum.

ML19 **„Geimhæfur“**

Vörur sem hannaðar eru, framleiddar og prófaðar til að standast sérstakar kröfur, m.t.t. rafmagns, vélvirkni eða umhverfis, til notkunar við að skjóta upp og nýta gervihnetti eða háloftaflugkerfi sem starfrækt eru í 100 km hæð eða ofar.

ML 20 **„Ofurleiðni“**

Vísar til efna (þ.e. málma, málmblandna eða efnasambanda) sem geta misst alla rafmótstöðu (þ.e. sem geta náð óendanlegri rafleiðni og leitt afar sterkan rafstraum án Joul-hitunar).

„Markhiti“ (stundum er talað um «hitastigið sem fasahvarfið á sér stað við», e. *transition temperature*) tiltekins „ofurleiðni“-efnis er það hitastig þegar efnið missir allt viðnám gegn streymi jafnstraums.

Tæknileg aths.:

„Ofurleiðni“-ástand efnis einkennist í hverju tilviki af „markhita“, „marksegulsviði“, sem er fall af hita, og markstraumi, sem er þó fall af hvoru tveggja, segulsviði og hita.

ML22 **„Tækni“**

Sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ vöru. Þessar upplýsingar eru á formi „tæknigagna“ eða „tækniaðstoðar“.

Tæknilegar athugasemdir

1. *„Tæknigögn“ geta verið með ýmsu sniði svo sem verkteikningar, áætlanir, skýringarmyndir, líkön, formúlur, töflur, verkfræðihönnun og -forskriftir, handbækur og leiðbeiningar, skrifaðar eða skráðar á aðra miðla eða tæki, svo sem diska, segulband eða lesminni.*

2. *„Tækniaðstoð“ getur verið fyrirmæli, fagkunnátta, þjálfun, verkkunnátta, ráðgjafarþjónusta. „Tækniþjónusta“ getur falið í sér flutning á „tæknigögnum“.*

ML 10 **„Ómannað loftfar“ („UAV“)**

Hvers kyns loftfar sem getur hafið flug og stýrt flugi og notað flugleiðsögu án þess að maður sé um borð.

ML21, 22 **„Notkun“**

Rekstur, uppsetning (þ.m.t. uppsetning á staðnum), viðhald (athuganir), viðgerð, grannskoðun og endurnýjun.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/33/EB 2013/EES/56/52

frá 23. apríl 2009

um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til náttúruauðlinda, sem nýta skal af varúð og skynsemi skv. 1. mgr. 174. gr. sáttmálans, telst olía, sem er helsti orkugjafi Evrópusambandsins en er einnig helsta uppspretta losunar mengandi efna.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber yfirskriftina „Sjálfbær Evrópa fyrir betri heim: skipulagsáætlun Evrópusambandsins á sviði sjálfbærrar þróunar“ og lögð var fyrir leiðtogaráðið í Gautaborg 15. og 16. júní 2001, telst losun gróðurhúsalofttegunda og mengun af völdum flutninga vera meðal helstu hindrana í vegi sjálfbærrar þróunar.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([4]) er viðurkennd þörfin á sértækum ráðstöfunum til að auka orkunýtni og orkusparnað og þörfin á að flétta markmið um loftslagsbreytingar inn í stefnuna í flutninga- og orkumálum, auk þarfarinnar á sérstökum ráðstöfunum í flutningageiranum til að bregðast við orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 2007 sem ber yfirskriftina „Stefna í orkumálum fyrir Evrópu“ var lagt til að Evrópusambandið skuldbindi sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20% fyrir árið 2020 miðað við árið 1990. Auk þess hefur verið lögð fram tillaga um bindandi markmið í Bandalaginu fyrir árið 2020 sem fela í sér að orkunýtni verði bætt um 20% til viðbótar, að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði 20% og að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í flutningum verði 10%, m.a. til að tryggja öryggi í orkuafhendingu með því að auka fjölbreytni í samsetningu eldsneytis.

5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2006 sem ber yfirskriftina „Aðgerðaáætlun um orkunýtni – möguleikarnir nýttir“ var tilkynnt að framkvæmdastjórnin myndi halda áfram þeirri viðleitni sinni að þróa markaði fyrir hreinni, snjallari, öruggari og orkunýtnari ökutæki með opinberum innkaupum og vitundarvakningu.

6) Í endurskoðun á hvítbók framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2001, sem ber yfirskriftina „Höldum Evrópu gangandi – sjálfbær hreyfanleiki í álfunni okkar“, sem fram fór á miðju tímabili 22. júní 2006, var tilkynnt að Sambandið myndi ýta undir umhverfisvæna nýsköpun, einkum með fleiri evrópskum losunarstöðlum (Evrópustöðlum) og með því að stuðla að notkun á vistvænum ökutækjum með opinberum innkaupum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 195, 18.8.2006, bls. 26.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 18.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2009.

([4]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

7) Í orðsendingu sinni frá 7. febrúar 2007 sem ber yfirskriftina „Niðurstöður endurskoðunar á áætlun Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“ kynnti framkvæmdastjórnin nýja heildstæða áætlun sem gerir Sambandinu kleift að ná því markmiði sínu að losun koltvísýrings frá nýjum fólksbifreiðum verði 120 g/km árið 2012. Þar var lagður fram lagarammi til að tryggja tækniframfarir í ökutækjum. Viðbótarráðstafanir ættu að stuðla að innkaupum á eldsneytisnýtnum ökutækjum.

8) Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um flutninga í þéttbýli frá 25. september 2007 sem ber yfirskriftina „Í átt að nýrri menningu fyrir hreyfanleika í þéttbýli“ er áréttað að hagsmunaaðilar stuðli að innleiðingu á hreinum og orkunýtnum ökutækjum á markaðinum með umhverfisvænum opinberum innkaupum. Þar er lagt til að hugsanleg aðferð gæti byggt á innfellingu ytri kostnaðar með því að nota rekstrarkostnað á endingartíma ökutækis vegna orkunotkunar, losunar koltvísýrings og losunar mengandi efna sem úthlutunarviðmiðun vegna þeirra ökutækja sem kaupa á inn, til viðbótar við verð ökutækisins. Auk þess gætu nýir Evrópustaðlar gengið fyrir við opinber innkaup. Skjót innleiðing á notkun hreinni ökutækja gæti einnig bætt loftgæði á þéttbýlissvæðum.

9) Skýrsla nefndar háttsettra embættismanna, CARS 21, frá 12. desember 2005, studdi frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum, með því skilyrði að það yrði gert með samþættri aðferð sem væri árangurstengd og hlutlaus í tæknilegu tilliti og fæli í sér aðkomu ökutækjaframleiðenda, olíu- eða eldsneytisbirgja, viðgerðarverkstæða, viðskiptavina eða ökumanna og opinberra yfirvalda.

10) Í skýrslu sinni frá 27. febrúar 2007 mælti nefnd háttsettra embættismanna um samkeppnishæfni, orku- og umhverfismál með því að við innkaup, bæði opinber og til einkanota, sé tekið tillit til heildarkostnaðar á endingartíma, með áherslu á orkunýtni. Aðildarríki og Bandalagið skulu þróa og birta opinberar innkaupaleiðbeiningar um það hvernig unnt er að hverfa frá útboðum sem byggjast á lægsta verðinu yfir í innkaup á sjálfbærari og hálfunnum vörum, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga og þjónustusamninga ([2]).

11) Markmiðið með þessari tilskipun er að örva markaðinn fyrir hrein og orkunýtin ökutæki til flutninga á vegum og einkum – þar sem þetta hefði veruleg umhverfisáhrif – að hafa áhrif á markaðinn með stöðluð ökutæki sem framleidd eru í miklu magni, s.s. fólksbifreiðar, hópbifreiðar, langferðabifreiðar og vörubifreiðar, með því að tryggja eftirspurn eftir hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum sem er nægilega mikil til að hvetja framleiðendur og iðnaðinn sjálfan til að fjárfesta í og þróa enn frekar ökutæki með litla orkunotkun, losun koltvísýrings og losun mengandi efna.

12) Aðildarríki skulu upplýsa þau samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðila á lands-, svæðis- og staðarvísu sem bjóða upp á almenna farþegaflutninga um þau ákvæði sem hafa að gera með kaup á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum.

13) Til að byrja með eru hrein og orkunýtin ökutæki dýrari en hefðbundin ökutæki. Með því að skapa nægilega eftirspurn eftir slíkum ökutækjum er hægt að tryggja að stærðarhagkvæmni leiði til lækkunar á kostnaði.

14) Í þessari tilskipun er fjallað um þörfina á að styðja við aðildarríki með því að auðvelda og skipuleggja upplýsingaskipti um þekkingu og bestu starfsvenjur þegar kemur að því að stuðla að kaupum á hreinum og orkunýtnum ökutækjum.

15) Innkaup á ökutækjum fyrir almenna flutningaþjónustu geta haft veruleg áhrif á markaðinn ef samræmdum viðmiðunum er beitt á vettvangi Bandalagsins.

16) Mestu áhrifin á markaðinn og besta kostnaðar- og ábatahlutfallið næst með því að gera það skylt að nota kostnað á endingartíma ökutækis vegna orkunotkunar, losunar koltvísýrings og losunar mengandi efna sem úthlutunarviðmiðun við innkaup á ökutækjum fyrir almenna farþegaflutninga.

17) Í samræmi við gildissvið tilskipunar 2004/17/EB og tilskipunar 2004/18/EB og að teknu fullu tilliti til framkvæmdar þessara tilskipana í landslögum skal þessi tilskipun ná yfir ökutæki til flutninga á vegum, sem keypt eru af samningsyfirvöldum og samningsstofnunum, án tillits til þess hvort slík yfirvöld og stofnanir eru opinberar eða einkareknar. Auk þess skal þessi tilskipun ná yfir kaup á vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum sem notuð eru við almenna farþegaflutninga samkvæmt opinberum þjónustusamningi sem gefur aðildarríkjum frelsi til að undanskilja minni háttar innkaup, með það fyrir augum að forðast óþarfa stjórnsýslubyrði.

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

18) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tækieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([1]), og með það fyrir augum að forðast óþarfa stjórnsýslubyrði, skulu aðildarríki eiga kost á að veita yfirvöldum og rekstraraðilum undanþágu frá þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun við kaup á ökutækjum sem eru hönnuð og framleidd til sérstakra nota.

19) Í þessari tilskipun skal kveðið á um ólíka valkosti um það hvernig hægt er að taka tillit til orku- og umhverfisáhrifa. Þetta gerir þeim yfirvöldum og rekstraraðilum, sem þegar hafa þróað aðferðir sem eru sérsniðnar að staðbundnum þörfum og skilyrðum, kleift að halda áfram að beita þessum aðferðum.

20) Það hefur ekki í för með sér hærri heildarkostnað að taka orkunotkun, losun koltvísýrings og losun mengandi efna inn í úthlutunarviðmiðunina heldur gerir það frekar kleift að áætla rekstrarkostnaðinn á endingartímanum þegar ákvörðun er tekin um innkaup. Þessi aðferð, sem er viðbót við löggjöfina um Evrópustaðla þar sem sett eru fram hámarkslosunarmörk, gefur raunverulegri losun mengandi efna peningalegt gildi og krefst ekki frekari staðlasetningar.

21) Þegar samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðilar hafa uppfyllt kröfuna um að taka tillit til orku- og umhverfisáhrifa með því að ákvarða tæknilegar forskriftir eru þau hvött til að hafa forskriftir sínar strangari hvað varðar árangur í orku- og umhverfismálum en mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, með tilliti t.d. til Evrópustaðla sem þegar hafa verið samþykktir en eru enn ekki skyldubundnir.

22) Í ExternE-rannsókninni ([2]), áætlun framkvæmdastjórnarinnar um hreint loft í Evrópu (e. *Clean Air for Europe,* CAFE)) ([3]) og HEATCO-rannsókninni ([4]) komu fram upplýsingar um kostnaðinn við losun koltvísýrings, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), vetniskolefna, annarra en metans (NMHC) og efnisagna. Til að einfalda útboðsferlið er kostnaður reiknaður á núvirði.

23) Í þessari tilskipun skal skilgreina kostnaðarbil fyrir losun koltvísýrings og losun mengandi efna sem annars vegar veitir samningsyfirvöldum, samningsstofnunum og rekstraraðilum svigrúm til að taka tillit til staðbundinna aðstæðna sinna og tryggir hins vegar viðeigandi samræmingarstig.

24) Skyldubundin beiting viðmiðana vegna innkaupa á hreinum og orkunýtnum ökutækjum útilokar ekki beitingu á öðrum viðeigandi úthlutunarviðmiðunum. Hún kemur heldur ekki í veg fyrir að valin verði ökutæki sem hafa verið endurbætt og uppfærð til að betri árangur náist í umhverfismálum. Einnig má styðjast við aðrar viðeigandi úthlutunarviðmiðanir í innkaupum sem falla undir tilskipun 2004/17/EB eða 2004/18/EB, að því gefnu að þær tengist viðfangsefni samningsins, að þær veiti samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni ekki ótakmarkað valfrelsi, að kveðið sé sérstaklega á um þær og að þær séu í samræmi við grundvallarreglur sáttmálans.

25) Aðferðin við að reikna út rekstrarkostnað á endingartíma vegna losunar mengandi efna við ákvarðanatöku um innkaup á ökutækjum, þ.m.t. þau tölugildi sem skilgreind eru í þessari tilskipun, hefur ekki áhrif á aðra löggjöf Bandalagsins sem hefur með ytri kostnað að gera.

26) Við endurskoðun og leiðréttingu á þeirri reikniaðferð sem skilgreind er í þessari tilskipun skal hafa viðeigandi og tengdar lagaráðstafanir Bandalagsins í huga og leitast við að samrýmast þeim.

27) Úthlutunarviðmiðanir sem tengjast orku- og umhverfisáhrifum ættu að vera á meðal þeirra sem tillit er tekið til þegar samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum er gert að taka ákvarðanir um innkaup á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum.

28) Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að samningsyfirvöld og samningsstofnanir láti nýjustu Evrópustaðlana ganga fyrir við kaup á ökutækjum til nota í almennri flutningaþjónustu, jafnvel áður en þessir staðlar verða skyldubundnir. Hún skal ekki heldur koma í veg fyrir að samningsyfirvöld og samningsstofnanir láti annars konar eldsneyti ganga fyrir, t.d. vetni, fljótandi jarðolíugas (LPG), þjappað jarðgas (CNG) og lífeldsneyti, að því gefnu að tekið sé tillit til orku- og umhverfisáhrifa á öllum endingartímanum.

29) Þróa skal staðlaðar prófunaraðferðir Bandalagsins fyrir aðra ökutækjaflokka til að bæta samanburðarhæfi og gagnsæi í upplýsingum framleiðenda. Framleiðendur skulu hvattir til að veita upplýsingar um heildarkostnað við orkunotkun, losun koltvísýrings og losun mengandi efna á endingartímanum.

([1]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([2]) Bickel, P., Friedrich, R., ExternE. Externalities of Energy. Methodology 2005 update, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, útgáfuskrifstofa, Lúxemborg, 2005.

([3]) Holland, M., et al., (2005a). Methodology for the Cost-Benefit Analysis for CAFE: Volume 1: Overview of Methodology. AEA Technology Environment, Didcot, 2005.

([4]) Bickel, P., et al., HEATCO Deliverable 5. Proposal for Harmonised Guidelines, Stuttgart, 2006.

30) Möguleikinn á opinberum stuðningi vegna kaupa á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum, þ.m.t með ísetningu hreyfla og varahluta í ökutæki, sem ganga lengra en skyldubundnar umhverfiskröfur, er viðurkenndur í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ([1]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu) ([2]). Í þessu samhengi skipta einnig máli viðmiðunarreglurnar sem finna má í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð til járnbrautarfyrirtækja“ ([3]), einkum 1. nmgr. við 34. lið og 3. nmgr. við 36. lið. Ákvæði sáttmálans, einkum 87. og 88. gr., munu þó gilda áfram um slíkan opinberan stuðning.

31) Möguleikinn á opinberum stuðningi við eflingu á þróun þeirra grunnvirkja sem nauðsynleg eru vegna dreifingar á annars konar eldsneyti er viðurkenndur í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Ákvæði sáttmálans, einkum 87. og 88. gr., munu þó gilda áfram um slíkan opinberan stuðning.

32) Kaup á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum fela í sér tækifæri fyrir borgir sem vilja markaðssetja sig sem umhverfismeðvitaðar. Í því samhengi er mikilvægt að upplýsingar um opinber innkaup samkvæmt þessari tilskipun verði birtar á Netinu.

33) Hvetja skal til þess að á Netinu séu birtar viðeigandi upplýsingar um þá fjármálagerninga sem eru fyrir hendi í aðildarríkjunum vegna hreyfanleika í þéttbýli og vegna stuðnings við notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum.

34) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

35) Einkum ber að veita framkvæmdastjórninni umboð til að laga gögn, sem notuð eru til að reikna út rekstrarkostnað á öllum endingartíma ökutækja til flutninga á vegum, að verðbólgu og tækniframförum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar verður að samþykkja þær í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að og hvetja til notkunar á hreinum og orkunýtnum ökutækjum á markaðinum til að bæta framlag flutningageirans til umhverfis-, loftslags- og orkustefnu Bandalagsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins svo að hægt sé að framleiða nauðsynlegt magn ökutækja til að þróunarstarf í evrópskum iðnaði sé kostnaðarhagkvæmt, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

37) Aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ber áfram að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum. Í þessu samhengi geta aðgerðaáætlanir, bæði á landsbundnum og svæðisbundnum vettvangi, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1083/2006 frá 11. júlí 2006 um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn ([5]), gegnt mikilvægu hlutverki. Auk þess geta áætlanir Bandalagins á borð við „Civitas “og „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ stuðlað að bættum hreyfanleika í þéttbýli og dregið úr skaðlegum áhrifum hans á sama tíma.

38) Í samræmi við 34. lið samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu ([6]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingaráðstafana.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

Í þessari tilskipun er þess krafist að samningsyfirvöld, samningsstofnanir og tilteknir rekstraraðilar taki tillit til orku- og umhverfisáhrifa á endingartímanum, þ.m.t. orkunotkunar, losunar koltvísýrings og losunar tiltekinna mengunarefna við innkaup á ökutækjum til flutninga á vegum með það að markmiði að stuðla að og hvetja til notkunar á hreinum og orkunýtnum ökutækjum á markaðinum og til að bæta framlag flutningageirans til umhverfis-, loftslags- og orkustefnu Bandalagsins.

2. gr.

Undanþágur

Aðildarríki geta undanþegið samninga um kaup á ökutækjum, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB og eru ekki háð gerðarviðurkenningu eða einstakri viðurkenningu á yfirráðasvæði þeirra, frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

([1]) Stjtíð. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3.
([3]) Stjtíð. ESB C 184, 22.7.2008, bls. 13.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([5]) Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 25.
([6]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

3. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um samninga um kaup á ökutækjum til flutninga á vegum af hálfu:

a) samningsyfirvalda eða samningsstofnana, að svo miklu leyti sem þeim er skylt að fara eftir innkaupaferlinu sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB,

b) rekstraraðila, sem eru skyldugir til að veita opinbera þjónustu samkvæmt opinberum þjónustusamningi í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum ([1]), sem er yfir tiltekinni viðmiðunarfjárhæð, sem aðildarríkjunum ber að skilgreina og sem er ekki hærri en þær viðmiðunarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Samningsyfirvöld“: samningsyfirvöld eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/17/EB og í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

2. „Samningsstofnanir“: samningsstofnanir eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

3. „Ökutæki til flutninga á vegum“: ökutæki sem fellur undir ökutækjaflokka sem skráðir eru í töflu 3 í viðaukanum.

5. gr.

Kaup á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að frá og með 4. desember 2010 taki öll samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðilar, sem um getur í 3. gr., tillit til orku- og umhverfisáhrifa á endingartímanum, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr., og beiti a.m.k. einum þeirra valkosta sem mælt er fyrir um í 3. mgr. þegar keypt eru ökutæki til flutninga á vegum.

2. Orku- og umhverfisáhrif, sem tengjast rekstri ökutækisins, sem taka skal tillit til skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) orkunotkun,

b) losun koltvísýrings og

c) losun köfnunarefnisoxíða, vetniskolefna, annarra en metans og efnisagna.

Auk þeirra orku- og umhverfisáhrifa, sem tengjast rekstri ökutækisins, sem um getur í fyrstu undirgrein geta samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðilar einnig haft önnur umhverfisáhrif í huga.

3. Kröfurnar sem fram koma í 1. og 2. mgr. skal uppfylla í samræmi við eftirfarandi valkosti:

a) með því að setja tækniforskriftir, sem snúa að árangri í orku- og umhverfismálum, í gögnin, sem liggja til grundvallar kaupa á vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum, fyrir hverja tegund áhrifa sem um ræðir, auk allra annarra umhverfisáhrifa eða

b) með því að hafa orku- og umhverfisáhrif í huga þegar ákvörðun um kaup er tekin, þar sem:

— þessu er náð fram með því að hafa fyrrgreind áhrif sem úthlutunarviðmiðun þegar notast er við innkaupaferli og í þeim tilvikum þar sem þessum áhrifum er gefið peningalegt gildi svo að hægt sé að taka tillit til þeirra þegar ákvörðun um kaup er tekin, með því að notast við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í 6. gr.

6. gr.

Aðferðafræði vegna útreiknings á rekstrarkostnaði á endingartíma

1. Að því er varðar annan undirlið b-liðar 3. mgr. 5. gr. skal rekstrarkostnaði á endingartíma vegna orkunotkunar, losunar koltvísýrings og losunar mengandi efna, eins og sett er fram í töflu 2 í viðaukanum, sem tengist rekstri ökutækjanna sem kaupa skal, gefið peningalegt gildi og hann reiknaður út samkvæmt aðferðafræðinni sem sett er fram í neðangreindum liðum:

a) reikna skal út rekstrarkostnað á endingartíma vegna orkunotkunar ökutækis með því að nota eftirfarandi aðferðafræði:

— eldsneytisnotkun ökutækis á hvern kílómetra skv. 2. mgr. skal reiknast í einingum orkunotkunar á hvern kílómetra, hvort sem þessi tala er gefin upp með beinum hætti, eins og t.a.m. hvað varðar rafmagnsbíla, eða ekki. Þegar eldsneytisnotkunin er gefin upp í ólíkum einingum skal umbreyta henni yfir í einingar orkunotkunar á hvern kílómetra með því að nota þá breytistuðla sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum, þar sem tilgreint er orkuinnihald mismunandi eldsneytistegunda.

— við útreikninginn skal notast við eitt peningalegt gildi á hverja orkueiningu. Þetta staka gildi skal vera sá kostnaður á hverja orkueiningu af bensíni eða dísilolíu sem er lægstur fyrir skatt, þegar eldsneytið er notað til flutninga.

([1]) Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1.

— reikna skal rekstrarkostnað vegna orkunotkunar á endingartíma ökutækis út með því að margfalda fjölda kílómetra sem ökutæki getur ekið á öllum endingartímanum, að teknu tilliti til, þar sem þörf krefur, þeirra kílómetra sem þegar hafa verið eknir skv. 3. mgr., með orkunotkun á hvern kílómetra samkvæmt fyrsta undirlið þessa liðar og með kostnaði á hverja orkueiningu samkvæmt öðrum undirlið þessa liðar,

b) reikna skal rekstrarkostnað vegna losunar koltvísýrings á endingartíma ökutækis út með því að margfalda fjölda kílómetra sem ökutæki getur ekið á öllum endingartímanum, að teknu tilliti til, þar sem þörf krefur, þeirra kílómetra sem þegar hafa verið eknir skv. 3. mgr., með losun koltvísýrings í kílógrömmum á hvern kílómetra skv. 2. mgr. og með kostnaði á hvert kílógramm samkvæmt flokkun í töflu 2 í viðaukanum.

c) reikna skal rekstrarkostnað á endingartímanum vegna losunar mengandi efna á endingartíma ökutækis út með því að leggja saman rekstrarkostnað á endingartímanum vegna losunar köfnunarefnisoxíða, vetniskolefna, annarra en metans og efnisagna. Reikna skal rekstrarkostnað vegna hvers mengunarefnis á endingartíma ökutækis út með því að margfalda fjölda kílómetra sem ökutæki getur ekið á öllum endingartímanum skv. 3. mgr., og þegar þess er þörf skal tillit tekið til þeirra kílómetra sem þegar hafa verið eknir, með losun í grömmum á hvern kílómetra skv. 2. mgr. og með tilheyrandi kostnaði á hvert gramm. Kostnaðurinn skal miðast við þau meðalgildi Bandalagsins sem sett eru fram í töflu 2 í viðaukanum.

Samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðilar sem um getur í 3. gr. mega tilgreina hærri kostnað, að því að gefnu að hann sé ekki meiri en viðkomandi gildi sem sett eru fram í töflu 2 í viðaukanum, margfölduð með stuðlinum 2.

2. Byggja skal gildi fyrir eldsneytisnotkun, sem og fyrir losun koltvísýrings og losun mengandi efna á hvern kílómetra í tengslum við rekstur ökutækis eins og sett er fram í töflu 2 í viðaukanum, á stöðluðum prófunaraðferðum Bandalagsins fyrir þau ökutæki þar sem löggjöf Bandalagsins um gerðarviðurkenningar inniheldur slíkar prófunaraðferðir. Hvað varðar ökutæki sem falla ekki undir staðlaðar prófunaraðferðir Bandalagsins skal nota almennt viðurkenndar prófunaraðferðir, prófunarniðurstöður frá yfirvöldum eða upplýsingar frá framleiðanda til að tryggja samanburðarhæfi á milli ólíkra tilboða.

3. Sá fjöldi kílómetra sem ökutæki getur ekið á öllum endingartímanum skal fenginn úr töflu 3 í viðaukanum, nema annað sé tekið fram.

7. gr.

Aðlaganir að tækniframförum

Framkvæmdastjórnin skal laga gögn, sem notuð eru til að reikna út rekstrarkostnað á endingartíma ökutækja til flutninga á vegum, að verðbólgu og tækniframförum eins og mælt er fyrir um í viðaukanum. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

8. gr.

Miðlun bestu starfsvenja

Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir og skipuleggja miðlun á þekkingu og bestu starfsvenjum á milli aðildarríkjanna með tilliti til þess hvernig samningsyfirvöld, samningsstofnanir og rekstraraðilar, sem um getur í 3. gr., geti stutt við kaup á hreinum og orkunýtnum vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. í ákvörðun 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

10. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Annað hvert ár, frá og með 4. desember 2010, á framkvæmdastjórnin að taka saman skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og þær aðgerðir sem einstaka aðildarríki hafa gripið til í því skyni að styðja við kaup á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum.

2. Í þessum skýrslum skal meta áhrif þessarar tilskipunar, einkum þeirra valkosta sem um getur í 3. mgr. 5. gr., og þörfina á frekari aðgerðum og setja fram tillögur, eftir því sem við á.

Í þessum skýrslum skal framkvæmdastjórnin bera saman uppgefinn fjölda og hlutfallslegan fjölda keyptra ökutækja, sem samsvöruðu bestu valkostunum á markaði hvað varðar orku- og umhverfisáhrif á endingartímanum, innan hvers ökutækjaflokks sem skráður er í töflu 3 í viðaukanum, við heildarmarkaðinn fyrir þessi tilteknu ökutæki og meta hvernig valkostirnir sem um getur í 3. mgr. 5. gr. hafa haft áhrif á markaðinn. Framkvæmdastjórnin skal meta þörfina á frekari aðgerðum og leggja fram tillögur, ef það á við.

3. Eigi síðar en á útgáfudegi fyrstu skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin skoða valkostina sem um getur í 3. mgr. 5. gr., leggja fram mat á aðferðafræðinni sem sett er fram í 6. gr. og leggja til viðeigandi breytingar, ef þörf krefur.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. desember 2010. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Gögn vegna útreiknings á rekstrarkostnaði ökutækja til flutninga á vegum á endingartíma

Tafla 1: Orkuinnihald vélaeldsneytis

Eldsneyti	Orkuinnihald
Dísilolía	36 MJ/lítra
Bensín	32 MJ/lítra
Jarðgas/lífgas	33-38 MJ/Nm^3
Fljótandi jarðolíugas (LPG)	24 MJ/lítra
Etanól	21 MJ/lítra
Lífdísilolía	33 MJ/lítra
Ýrueldsneyti	32 MJ/lítra
Vetni	11 MJ/Nm^3

Tafla 2: Kostnaður vegna losunar frá flutningum á vegum (miðað við verðlag ársins 2007)

CO_2	NO_x	NMHC	Efnisagnir
0,03-0,04 evrur/kg	0,0044 evrur/g	0,001 evrur/g	0,087 evrur/g

Tafla 3: Fjöldi kílómetra sem ökutæki til flutninga á vegum geta ekið á öllum endingartímanum

Ökutækjaflokkur (flokkur M og flokkur N eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2007/46/EB)	Fjöldi kílómetra sem ökutæki getur ekið á öllum endingartímanum
Fólksbifreiðar (M_1)	200 000 km
Léttar vöruflutningabifreiðar	250 000 km
Þungaflutningabifreiðar (N_2, N_3)	1 000 000 km
Hópbifreiðar (M_2, M_3)	800 000 km

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1179/2012 2013/EES/56/53

frá 10. desember 2012

um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mat á ólíkum straumum úrgangs sýnir að það yrði endurvinnslumörkuðum fyrir glerbrot til bóta ef ákveðnar væru sérstakar viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot úr úrgangi hætta að vera úrgangur. Þessar viðmiðanir skulu tryggja öfluga umhverfisvernd. Þær skulu ekki hafa áhrif á flokkun glerbrota sem úrgangur í þriðju löndum.

2) Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar sýna að markaður og eftirspurn eru fyrir hendi að því er varðar glerbrot til notkunar sem hráefni í glerframleiðsluiðnaðinum. Glerbrot skulu því vera nægilega hrein og í samræmi við viðkomandi staðla og forskriftir glerframleiðsluiðnaðarins.

3) Í viðmiðununum, sem notaðar eru til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur, skal tryggja að glerbrot úr endurnýtingu uppfylli tæknilegar kröfur glerframleiðsluiðnaðarins, samræmist gildandi löggjöf og stöðlum um afurðir og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna í heild. Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að fyrirhugaðar viðmiðanir varðandi úrgang, sem notaður er sem hráefni í endurnýtingu, aðferðir og tækni til meðhöndlunar og glerbrotin sem fást með endurnýtingunni, uppfylla þessi markmið þar sem þau ættu að leiða til framleiðslu á glerbrotum sem eru án hættulegra eiginleika og nægilega laus við glerlausa efnisþætti.

4) Til að tryggja samræmi við viðmiðanirnar er rétt að kveða á um að veittar séu upplýsingar um glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur og að stjórnunarkerfi sé komið á.

5) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest þar til þessi reglugerð tekur gildi til að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að viðmiðunum sem gilda um hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er komið á fót viðmiðunum til að ákvarða hvenær glerbrot, sem eru ætluð til framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri með endurbræðsluferlum, hætta að vera úrgangur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2008/98/EB.

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „glerbrot“: glerbrot sem verða til við endurnýtingu á úrgangsgleri,

2) „eigandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur glerbrot í vörslu sinni,

3) „framleiðandi“: eigandi sem flytur glerbrot til annars eiganda í fyrsta skipti sem glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur,

4) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem flytur glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur inn á tollsvæði Sambandsins,

5) „sérmenntað starfsfólk“: starfsfólk sem sökum reynslu eða þjálfunar hefur réttindi og hæfi til að vakta og leggja mat á eiginleika glerbrota,

6) „sjónræn skoðun“: skoðun á öllum hlutum sendingar af glerbrotum með mannlegum skynfærum eða ósérhæfðum búnaði,

7) „sending“: lota glerbrota sem ætluð er til afhendingar frá framleiðanda til annars eiganda og kann að vera geymd í einni eða fleiri flutningseiningum, t.d. gámum.

3. gr.

Viðmiðanir varðandi glerbrot

Glerbrot skulu teljast hætt að vera úrgangur þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt við afhendingu frá framleiðanda til annars eiganda:

1) glerbrotin, sem fást með endurnýtingunni, eru í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. þætti I. viðauka,

2) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 337, 11.12.2012, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

3) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, hefur verið meðhöndlaður í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. þætti I. viðauka,

4) framleiðandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr.,

5) glerbrotin eru ætluð til framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri með endurbræðsluferlum.

4. gr.

Samræmisyfirlýsing

1. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal gefa út samræmisyfirlýsingu, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka, fyrir hverja sendingu af glerbrotum.

2. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal senda samræmisyfirlýsinguna til næsta eiganda sendingarinnar af glerbrotum. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal halda eintaki af samræmisyfirlýsingunni í a.m.k. eitt ár eftir útgáfudag hennar og gera það aðgengilegt lögbærum yfirvöldum samkvæmt beiðni.

3. Samræmisyfirlýsingin má vera á rafrænu formi.

5. gr.

Stjórnunarkerfi

1. Framleiðandinn skal koma á stjórnunarkerfi þar sem hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 3. gr.

2. Stjórnunarkerfið skal fela í sér skjalfestar verklagsreglur varðandi hvern eftirfarandi þátta:

a) vöktun á gæðum glerbrota sem fást með endurnýtingunni, eins og sett er fram í 1. þætti I. viðauka (þ.m.t. sýnataka og greining),

b) eftirlit við viðtöku úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, eins og sett er fram í 2. þætti I. viðauka,

c) vöktun aðferða og tækni til meðhöndlunar, eins og lýst er í 3. þætti I. viðauka,

d) svörun frá viðskiptamönnum varðandi gæði glerbrota,

e) skráningu niðurstaðna vöktunar sem fer fram í samræmi við a- til c-lið,

f) endurskoðun og endurbætur á stjórnunarkerfinu,

g) þjálfun starfsfólks.

3. Í stjórnunarkerfinu skal einnig mæla fyrir um sértæku kröfurnar um vöktun sem settar eru fram í I. viðauka fyrir hverja viðmiðun.

4. Samræmismatsstofa, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([1]) sem hefur hlotið faggildingu í samræmi við þá reglugerð, eða umhverfissannprófandi, eins og skilgreint er í b-lið 20. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([2]), sem er faggiltur eða með leyfi í samræmi við þá reglugerð, skal sannprófa að stjórnunarkerfið uppfylli kröfur þessarar greinar. Sannprófun skal fara fram á þriggja ára fresti. Eingöngu sannprófendur með eftirfarandi gildissvið faggildingar eða leyfi, sem er byggt á kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([3]), teljast hafa nægilega sértæka reynslu til að inna af hendi þá sannprófun sem um getur í þessari reglugerð:

— * Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 38 (Starfsemi á sviði sorphirðu, meðhöndlunar og förgunar sorps, endurnýting efnis), eða

— * kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 23.1 (Framleiðsla á gleri og glervörum).

5. Innflytjandinn skal krefja afhendingaraðila sína um að þeir komi á stjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem er sannprófað af óháðum utanaðkomandi sannprófanda.

Stjórnunarkerfi afhendingaraðilans skal vottað af samræmismatsstofu, sem er faggilt af faggildingarstofu sem hefur staðist jafningjamat fyrir þá starfsemi hjá stofnuninni sem er viðurkennd í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða af umhverfissannprófanda sem er fullgildur eða sem hefur verið veitt leyfi af faggildingar- eða leyfisveitingarstofu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009, sem einnig skal gangast undir jafningjamat skv. 31. gr. þeirrar reglugerðar.

Sannprófendur, sem vilja starfa í þriðju löndum, verða að fá til þess sérstaka faggildingu eða leyfi, í samræmi við þær forskriftir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2008 eða reglugerð (EB) nr. 1221/2009 ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB ([4]).

6. Framleiðandinn skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að stjórnunarkerfinu samkvæmt beiðni.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. júní 2013.

([1]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([2]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir varðandi glerbrot

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1. þáttur. Gæði glerbrota sem fást með endurnýtingunni	
1.1. Glerbrotin skulu vera í samræmi við forskrift viðskiptamanns, iðnaðarforskrift eða staðal fyrir beina notkun í framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri með endurbræðslu í glerframleiðslustöðvum.	Sérmenntað starfsfólk skal sannreyna að hver sending sé í samræmi við viðeigandi forskrift.
1.2. Innihald eftirtalinna glerlausra efnisþátta skal vera sem hér segir: Járnríkir málmar: ≤ 50 milljónarhlutar, Járnlausir málmar: ≤ 60 milljónarhlutar, Málm- og glerlaus ólífræn efni: < 100 milljónarhlutar fyrir glerbrot af stærð > 1 mm, < 1500 milljónarhlutar fyrir glerbrot af stærð ≤ 1 mm, Lífræn efni: ≤ 2000 milljónarhlutar. Sem dæmi um málm- og glerlaus ólífræn efni má nefna: leir, steina, postulín, eldfastan leir (e. *pyro-ceramics*. Sem dæmi um lífræn efni má nefna: pappír, gúmmí, plast, vefnaður, timbur.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Greina skal dæmigerð úrtök úr glerbrotum með viðeigandi millibili (a.m.k. á 6 mánaða fresti), sem ber að endurskoða ef umtalsverðar breytingar eru gerðar á vinnsluferlinu, með þyngdarmælingu til að mæla heildarmagn glerlausra efnisþátta. Greina skal innihald glerlausu efnisþáttanna með vigtun eftir að efnin hafa verið skilin að á vélrænan eða handvirkan hátt (eins og við á) við vandlega sjónræna skoðun. Ákvarða skal viðeigandi tíðni vöktunar með skoðun úrtaka með tilliti til eftirfarandi þátta: — mynstri breytileika sem búast má við (t.d. út frá fyrri niðurstöðum), — eðlislægri áhættu á breytileika í gæðum úrgangsglers sem notað er sem upphafsefni í endurnýtingu og allri vinnslu sem kann að fara fram síðar. Úrgangsgler, sem fellur til við glerframleiðslu og sem er með mjög fyrirsjáanlega samsetningu, þarf líklega ekki að vakta jafn reglulega. Úrgangsgler úr söfnun fjölda efna þarf e.t.v. að vakta enn reglulegar, — nákvæmni sjálfrar vöktunaraðferðarinnar, — hversu nálægt niðurstöður varðandi innihald glerlausu efnisþáttanna eru fyrrgreindum mörkum. Ferlið til að ákvarða tíðni vöktunar skal skjalfest sem hluti af stjórnunarkerfinu og hægt skal vera að endurskoða það.
1.3. Glerbrotin skulu ekki hafa neina þá hættulegu eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Glerbrotin skulu vera í samræmi við styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([1]) og ekki fara yfir styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004/EB ([2]).	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Ef sjónræn skoðun gefur tilefni til gruns um að hættulegir eiginleikar kunni að vera til staðar skal grípa til frekari viðeigandi ráðstafana varðandi vöktun, t.d. sýnatöku og prófunar þegar við á. Starfsfólk skal fá þjálfun varðandi hugsanlega hættulega eiginleika sem kunna að tengjast glerbrotum og varðandi efnisþætti eða einkenni sem leitt geta í ljós hættulega eiginleika. Aðferðin til greiningar á hættulegum efnum skal skjalfest í stjórnunarkerfinu.

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
2. þáttur. Úrgangur sem er notaður sem upphafsefni í endurnýtingunni	
2.1. Aðeins má nota úrgang úr endurheimtanlegu ílátagleri, sléttu gleri eða blýlausum borðbúnaði sem upphafsefni. Úrgangsglerið, sem safnað hefur verið, gæti innihaldið aðrar glertegundir í litlu magni þótt það sé ekki ætlunin.	Sérmenntað starfsfólk, sem hefur verið þjálfað til að bera kennsl á úrgang sem inniheldur gler og sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessum þætti, skal annast eftirlit með öllum úrgangi við viðtöku (með sjónrænni skoðun) og meðfylgjandi skjölum.
2.2. Ekki skal nota úrgang, sem inniheldur gler, úr blönduðu húsasorpi í föstu formi eða úr heilbrigðisþjónustusorpi sem upphafsefni.	
2.3. Ekki skal nota hættulegan úrgang sem upphafsefni.	
3. þáttur. Aðferðir og tækni til meðhöndlunar	
3.1. Úrganginum sem inniheldur gler skal hafa verið safnað, hann aðskilinn og unninn og þaðan í frá skal honum hafa verið haldið varanlega aðskildum frá öllum öðrum tegundum úrgangs. 3.2. Allri meðhöndlun, svo sem mulningi, flokkun, skiljun eða hreinsun, sem nauðsynleg er til að undirbúa glerbrotin til beinnar notkunar (með endurbræðslu) í framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri, skal vera lokið.	

([1]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([2]) Stjtíð. ESB L 229, 30.4.2004, bls. 1.

II. VIÐAUKI

Yfirlýsing um samræmi við viðmiðanirnar um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, eins og um getur í 1. mgr. 4. gr.

1.	Framleiðandi/innflytjandi glerbrota: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
2.	a) Heiti eða kóði flokks glerbrota, í samræmi við iðnaðarforskrift eða staðal: b) Helstu tæknilegu ákvæði iðnaðarforskriftar eða staðals, þ.m.t. að farið sé eftir gæðakröfum fyrir vörur þegar úrgangur hættir að vera úrgangur að því er varðar glerlausa efnisþætti, þ.e. innihald járnríkra málma, járnlausra málma, málmlausra/glerlausra ólífrænna og lífrænna efna:
3.	Sending glerbrota er í samræmi við iðnaðarforskriftina eða staðalinn sem um getur í 2. lið.
4.	Þyngd sendingar í kílóum:
5.	Framleiðandi glerbrota beitir stjórnunarkerfi sem er í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1179/2012 og sem hefur verið sannprófað af viðurkenndri samræmismatsstofu eða af umhverfissannprófanda eða, þegar glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur eru flutt inn á tollsvæði Sambandsins, af óháðum utanaðkomandi sannprófanda:
6.	Sending glerbrota uppfyllir viðmiðanirnar sem um getur í 1.–3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1179/2012.
7.	Efnið í þessari sendingu er eingöngu ætlað til beinnar notkunar við framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri í endurbræðsluferlum.
8.	Yfirlýsing framleiðanda/innflytjanda glerbrota: Ég staðfesti að framangreindar upplýsingar eru fullnægjandi og réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund: Nafn: Dagsetning: Undirskrift:

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/43/EB 2013/EES/56/54

frá 6. maí 2009

um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar, m.a. um afnám hindrana í vegi frjálsra vöruflutninga og frjálsrar þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna, ennfremur um að koma á fyrirkomulagi sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum sé ekki raskað.

2) Ákvæði sáttmálans um stofnun innri markaðarins gilda um allar vörur og þjónustu, sem eru afhentar gegn greiðslu, þ.m.t. varnartengdar vörur, en útiloka ekki að aðildarríki geti, við vissar aðstæður, gert aðrar ráðstafanir í einstökum tilvikum telji þau það nauðsynlegt til að verja brýna öryggishagsmuni sína.

3) Í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum, sem fjalla um tilflutning varnartengdra vara innan Bandalagsins, er misræmi sem kann að hindra flutning slíkra vara og raska samkeppni á innri markaðinum og þannig hamla á móti nýsköpun, samvinnu á sviði iðnaðar og samkeppnishæfni iðnaðar á sviði varna innan Evrópusambandsins.

4) Meðal þeirra markmiða sem lög og reglugerðir aðildarríkjanna þjóna í almennu tilliti er að varðveita mannréttindi, frið, öryggi og stöðugleika með ströngu fyrirkomulagi eftirlits og takmarkana á útflutningi og útbreiðslu varnartengdra vara til þriðju landa sem og til annarra aðildarríkja.

5) Almennt er ekki unnt að afnema þessar takmarkanir á flutningi varnartengdra vara innan Bandalagsins með því beita grunnreglum um frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi, sem sáttmálinn mælir fyrir um, þar eð umræddar takmarkanir geta helgast, í hverju tilviki fyrir sig, af ákvæðum 30. eða 296. gr. sáttmálans, sem halda gildi sínu gagnvart aðildarríkjunum, að því gefnu að skilyrðum þeirra sé fullnægt.

6) Því ber nauðsyn til að samræma viðkomandi lög og reglugerðir aðildarríkjanna þannig að tilflutningur varnartengdra vara innan Bandalagsins sé einfaldaður til þessað tryggt sé að starfsemi innri markaðarins sé með eðlilegum hætti. Tilskipun þessi tekur aðeins til reglna og tilhögunar varðandi varnartengdar vörur og hefur, þar af leiðandi, engin áhrif á stefnumál aðildarríkjanna um tilflutning varnartengdra vara. Tilskipun þessi tekur aðeins til reglna og tilhögunar varðandi varnartengdar vörur og hefur, þar af leiðandi, engin áhrif á stefnumál aðildarríkjanna um tilflutning varnartengdra vara.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 146, 10.06.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Áliti var skilað 23. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 16. desember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 23. apríl 2009.

7) Samræming viðkomandi laga og reglugerða aðildarríkja ætti hvorki að hafa áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar og skyldur aðildarríkjanna né ákvörðunarrétt þeirra að því er varðar stefnu þeirra varðandi útflutning varnartengdra vara.

8) Aðildarríkjum ber, eftir sem áður, réttur til að leggja sig eftir milliríkjasamstarfi og þróa það enn frekar, jafnframt því að fara að ákvæðum tilskipunar þessarar.

9) Tilskipun þessi ætti ekki að gilda um varnartengdar vörur, sem einungis fara um yfirráðasvæði Bandalagsins, þ.e. um þær vörur sem ekki fá lögmæta tollmeðferð eða önnur not en afgreiðslu vegna viðkomu utanlands frá eða sem komið er fyrir á frísvæði eða í tollfrjálsri vörugeymslu eingöngu og ekki þarf að færa í viðurkennda birgðaskrá.

10) Tilskipun þessi ætti að taka til allra varnartengdra vara sem svara til þeirra sem eru á Sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins ([1]), þ.m.t. íhlutir þeirra og tækni.

11) Tilskipun þessi ætti hvorki að hafa áhrif á framkvæmd sameiginlegrar aðgerðar 97/817/SSUÖ (sameiginleg stefna í utanríkis- og öryggismálum) frá 28. nóvember1997, sem ráðið samþykkti á grunni greinar J.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið, um jarðsprengjur gegn liðsafla ([2]) né spilla fyrir því að aðildarríkin fullgildi samninginn um klasasprengjur, sem var undirritaður í Ósló 3. desember2008, og framkvæmi ákvæði hans.

12) Til að ná þeim markmiðum að varðveita mannréttindi, frið, öryggi og stöðugleika, sem lög og reglugerðir aðildarríkjanna þjóna í almennu tilliti, sem aftur takmarka tilflutning varnartengdra vara, er nauðsynlegt að tilflutningur þeirra vara innan bandalagsins verði áfram háður leyfi af hálfu viðkomandi uppruna aðildarríkja og að viðtökuaðildarríkin ábyrgist hann.

13) Í ljósi þeirra ráðstafana sem tilskipun þessi mælir fyrir um til verndar þessum markmiðum þurfa aðildarríkin ekki lengur að innleiða eða viðhalda öðrum takmörkunum með tilliti til þeirra, sbr. þó 30. og 296. gr. sáttmálans.

14) Tilskipun þessi ætti ekki að raska beitingu ákvæða sem eru nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða almannaöryggis. Hliðsjón af allsherjarreglu, t.d. öryggi flutninga, geymsluöryggi, hætta á að hlutir komist í hendur rangra aðila og það að sporna við glæpum er, í ljósi eðlis og gerðar varnartengdra vara, sérstaklega mikilvæg með tilliti til tilskipunar þessarar.

15) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar ráðsins 91/477/EBE frá 18. júní1991 um eftirlit með öflun og eign vopna ([3]), einkum formsatriði í tengslum við flutning vopna innan Bandalagsins. Tilskipun þessi hefur ekki heldur áhrif ábeitingu tilskipunar ráðsins 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota ([4]), einkum ákvæðanna um tilflutning skotfæra.

16) Allur tilflutningur varnartengdra vara innan Bandalagsins ætti að vera háður leyfi fyrirfram í formi almennra, heildar- eða einstakra tilflutningsleyfa sem aðildarríkið, sem það yfirráðasvæði tilheyrir þaðan sem viðkomandi birgir vill flytja varnartengdar vörur, veitir eða birtir. Aðildarríkjunum ætti að vera kleift að undanskilja tilflutning varnartengdra vara leyfisskyldunni fyrirfram í sérstökum tilfellum sem talin eru upp í tilskipun þessari.

17) Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að neita um eða veita leyfi fyrirfram. Slíkt leyfi ætti að gilda alls staðar í Bandalaginu, í samræmi við meginreglurnar um stofnun innri markaðarins, og frekari leyfi fyrir gegnumferð í öðrum aðildarríkjum eða komu inn á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja ættu ekki að vera nauðsynleg.

18) Aðildarríkin ættu að ákvarða þá gerð tilflutningsleyfis fyrir varnartengdar vörur eða flokka varnartengdra vara sem hæfir hverri tegund tilflutnings og hvaða skilmálar og skilyrði ætti að fylgja hverju og einu tilflutningsleyfi, að teknu tilliti til þess hversu viðkvæmur tilflutningurinn er.

19) Aðildarríkin skulu, að því er varðar íhluti, forðast að setja útflutningstakmarkanir en samþykkja þess í stað yfirlýsingu viðtakanda um notkun, um leið og tekið er tillit til þess í hve ríkum mæli íhlutirnir eru felldir inn í eigin vörur viðtakandans.

20) Aðildarríkjum ber að tilgreina viðtakendur tilflutningsleyfa án mismununar, nema annað sé þeim nauðsynlegt til verndar grundvallaröryggishagsmuna hvers og eins.

21) Aðildarríkjum ber, til að greiða fyrir tilflutningi varnartengdra vara, að birta almenn tilflutningsleyfi sem heimila öllum fyrirtækjum, sem uppfylla þá skilmála og skilyrði sem eru útlistuð í hverju og einu almennu tilflutningsleyfi, tilflutning varnartengdra vara.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 2.3.2007, bls. 58.
([2]) Stjtíð. ESB L 338, 2.3.2007, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 256, 2.3.2007, bls. 51.
([4]) Stjtíð. ESB L 121, 27.7.1993, bls. 20.

22) Birta ber almennt tilflutningsleyfi vegna tilflutnings varnartengdra vara til ríkisherja í því skyni að stórauka afhendingaröryggi fyrir öll aðildarríki sem velja að kaupa inn þess háttar vörur í Bandalaginu.

23) Birta ber almennt tilflutningsleyfi vegna flutnings íhluta til vottaðra evrópskra fyrirtækja á sviði varna, í því skyni að hlúa að samvinnu milli, og samlögun, þeirra fyrirtækja, einkum með því að greiða fyrir kjörnýtingu aðfangakeðja og stærðarhagkvæmni.

24) Aðildarríki, sem taka þátt í milliríkjasamstarfi, ættu að eiga þess kost að birta almennt tilflutningsleyfi vegna tilflutnings varnartengdra vara til viðtakenda í öðrum þátttökuaðildarríkjum, eftir því sem nauðsynlegt er vegna samstarfsins. Slíkt myndi bæta skilyrði til þátttöku fyrirtækja með staðfestu í þátttökuaðildarríkjum í milliríkjasamstarfi.

25) Aðildarríkjunum ætti að vera kleift að birta frekari almenn tilflutningsleyfi sem gilda um tilflutning sem, með tilliti til eðlis viðkomandi vara og viðtakenda, felur í sér mjög litla áhættu með tilliti til þess að varðveita mannréttindi, frið, öryggi og stöðugleika.

26) Ef ekki reynist unnt að birta almennt tilflutningsleyfi ber aðildarríkjum, að framkominni beiðni þar um, að veita einstökumfyrirtækjum heildartilflutningsleyfi, nema í þeim tilvikum er um getur í tilskipun þessari. Aðildarríkjum ætti að vera kleift að veita endurnýjanleg heildartilflutningsleyfi.

27) Fyrirtækjum ber að tilkynna lögbærum stjórnvöldum um notkun almennra tilflutningsleyfa í því skyni að vernda mannréttindi, frið, öryggi og stöðugleika og til að gefa kost á gagnsærri upplýsingagjöf um tilflutning varnartengdravara í því skyni að lýðræðislegt eftirlit sé tryggt.

28) Svigrúm aðildarríkja til að ákvarða skilmála og skilyrði almennra, heildar- og einstakra tilflutningsleyfa ætti að vera nægilega mikið til að yfirstandandi alþjóðasamstarf um útflutningseftirlit geti haldið áfram. Þar eð ákvörðun um að heimila eða neita um útflutning er, og ber áfram að vera, ákvörðunarefni hvers og eins aðildarríkis, ætti fyrrnefnt samstarf að vera einungis uppbyggt á vilja frjálsri samþættingu útflutningsstefnumála.

29) Til að vega á móti því að skipta einstöku fyrirfram eftirliti út í áföngum fyrir almennt eftirlit eftir á í aðildarríkinu þar sem viðkomandi varnartengdar vörur eru upprunnar, ber að skapa skilyrði fyrir gagnkvæman trúnað og traust með því að gera ráð fyrir tryggingum fyrir því að umræddar varnartengdar vörur verði ekki fluttar út til þriðju landa í trássi við útflutningstakmarkanir. Þá ber einnig að fylgja þessari grunnreglu þegar varnartengdar vörur eru tilfluttar nokkrum sinnum milli aðildarríkja áður en þær eru fluttar út til þriðja lands.

30) Aðildarríkin vinna saman innan ramma sameiginlegrar afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutningi á hernaðarlegri tækni og búnaði ([1]) með því að beita sameiginlegum viðmiðunum ásamt fyrirkomulagi synjunartilkynninga og samráðs í því skyni að auka samleitni að því er varðar framkvæmd stefnumála þeirra varðandi útflutning varnartengdra vara til þriðju landa. Tilskipun þessi ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki ákveði skilmála og skilyrði tilflutningsleyfa vegna varnartengdra vara, þ.m.t. hugsanlegar útflutningstakmarkanir, einkum þegar það er nauðsynlegt vegna samstarfs innan ramma fyrrnefndrar sameiginlegrar afstöðu.

31) Birgjum ber að upplýsa viðtakendur um allar takmarkanir, sem fylgja tilflutningsleyfum, til þess að unnt sé að byggja upp gagnkvæmt traust að því er varðar getu viðtakenda til að virða slíkar takmarkanir að tilflutningi loknum, einkum komi fram beiðni um útflutning til þriðju landa.

32) Fyrirtækjanna er að ákveða hvort ávinningur af hugsanlegri viðtöku varnartengdravara samkvæmt almennu tilflutningsleyfi réttlæti beiðni um vottun. Tilflutningur innan fyrirtækjahóps ætti að vera ábatasamur í krafti almenns tilflutningsleyfis, þegar meðlimir hópsins eru vottaðir í því aðildarríki þar sem hver og einn þeirra hefur staðfestu.

33) Sameiginlegar viðmiðanir um vottun eru nauðsynlegar til að byggja upp gagnkvæmt traust, einkum að því er varðar getu viðtakenda til að virða takmarkanir á útflutningi varnartengdra vara sem er veitt viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi frá öðru aðildarríki.

34) Viðtakendur tilfluttra varnartengdra vara skulu forðast að flytja slíkar vörur út þegar kveðið er á um útflutningstakmarkanir í viðkomandi tilflutningsleyfi.

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 19.12.2008, bls. 99.

35) Fyrirtækjum ber, þegar þau sækja um útflutningsleyfi til þriðju landa, að upplýsa viðkomandi lögbær stjórnvöld um hvort þau hafi virt útflutningstakmarkanir sem aðildarríkið, sem gaf út tilflutningsleyfið, lét fylgja tilflutningi á viðkomandi varnartengdri vöru. Minnt er á, í þessu sambandi, að samráðsfyrirkomulag milli aðildarríkja, sbr. ákvæði sameiginlegrar afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ, hefur sérstaka þýðingu.

36) Fyrirtækjum ber að færa sönnur á útflutningsleyfið hjá lögbærum tollyfirvöldum á sameiginlegum ytri landamærum Bandalagsins, þegar útflutningur til þriðja lands á varnartengdri vöru, sem veitt er viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi, á sér stað.

37) Uppfæra ber listann yfir varnartengdar vörur, sem er settur fram í viðaukanum við tilskipun þessa, í fullu samræmi við hinn sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins.

38) Til þess að unnt sé að byggja upp gagnkvæmt traust og trúnað í áföngum er nauðsynlegt að aðildarríkin ákveði skilvirkar ráðstafanir, þ.m.t. viðurlög, sem duga til að framfylgja ákvæðum tilskipunar þessarar, einkum þeim þar sem mælt er fyrir um að fyrirtækin skuli fylgja sameiginlegum viðmiðunum um vottun og virða takmarkanir á frekari notkun varnartengdra vara að tilflutningi loknum.

39) Hafi upprunaaðildarríki rökstuddar efasemdir um að vottaður viðtakandi muni uppfylla skilyrði, sem er tengt almennu tilflutningsleyfi þess, eða telji aðildarríki, sem er leyfisveitandi, að allsherjarreglu, almannaöryggi eða mikilvægum öryggishagsmunum þess kunni að verða ógnað, ber því ekki aðeins að tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um, heldur ætti og að eiga þess kost að fella til bráðabirgða og tímabundið úr gildi tilflutningsleyfi, að því er fyrrnefndan viðtakanda varðar, með hliðsjón af þeirri ábyrgð þess að standa vörð um mannréttindi, frið, öryggi og stöðugleika.

40) Í því augnamiði að skapa gagnkvæmt traust ber að fresta því að beita lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt til að tryggja að ákvæðum tilskipunar þessarar sé fylgt. Þetta gerir kleift, áður en fyrrnefndum ákvæðum er beitt, að meta framvindu mála á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar sem er byggð á upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

41) Framkvæmdastjórninni ber að birta reglulega skýrslu um framkvæmd tilskipunar þessarar og láta fylgja tillögur um lagasetningu, eftir því sem við á.

42) Tilskipun þessi hefur engin áhrif á tilvist eða efndir svæðisbandalaga milli Belgíu og Lúxemborgar eða milli Belgíu, Lúxemborgar og Hollands, sbr. ákvæði 306. gr. sáttmálans.

43) Þar eð aðildarríkin geta ekki, í ljósi ólíkra reglna um leyfi sem nú gilda og þess að tilflutningur fer fram yfir landamæri, fyllilega náð markmiðum tilskipunar þessarar, einkum einföldun reglna og málsmeðferðar sem gilda um tilflutning varnartengdra vara innan Bandalagsins í því skyni að innri markaðurinn geti starfað með eðlilegum hætti, og þar eð þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna skv. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í tilskipun þessari til að ná fyrrnefndu markmiði.

44) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar tilskipun þessari skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

45) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt umboð til að gera breytingar á viðaukanum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar verður að samþykkja þær í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

46) Í samræmi við 34. lið Samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli tilskipunar þessarar og lögleiðingarráðstafana,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni.

1. Með tilskipun þessari er stefnt að því að einfalda reglur og málsmeðferð, sem gilda um tilflutning varnartengdra vara innan Bandalagsins, í því skyni að innri markaðurinn geti starfað með eðlilegum hætti.

([1]) Stjtíð. ESB L 184, 14.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

2. Tilskipun þessi hefur engin áhrif á eigin ákvarðanir aðildarríkja um stefnu varðandi útflutning varnartengdra vara.

3. Beiting tilskipunar þessarar er með fyrirvara um ákvæði 30. og 296. gr. sáttmálans.

4. Tilskipun þessi hefur engin áhrif á tækifæri aðildarríkjanna til að leggja sig eftir milliríkjasamstarfi og þróa það enn frekar, jafnframt því að fara að ákvæðum tilskipunar þessarar.

2. gr.

Gildissvið.

Tilskipun þessi gildir um varnartengdar vörur sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. ‚varnartengd vara' merkir hverja þá vöru sem er tilgreind í viðaukanum,

2. ‚tilflutningur' merkir hvers kyns sendingu eða flutning varnartengdrar vöru frá birgi til viðtakanda í öðru aðildarríki,

3. ‚birgir' merkir lögaðila eða einstakling sem er með staðfestu í Bandalaginu og ber lagalega ábyrgð á tilflutningi,

4. ‚viðtakandi' merkir lögaðila eða einstakling sem er með staðfestu í Bandalaginu og ber lagalega ábyrgð á viðtöku tilflutnings,

5. ‚tilflutningsleyfi' merkir heimild, sem innlent yfirvald aðildarríkis veitir birgjum, til að flytja varnartengdar vörur til viðtakanda í öðru aðildarríki,

6. ‚útflutningsleyfi' merkir heimild til að afhenda lögaðila eða einstaklingi í þriðja landi varnartengdar vörur,

7. ‚gegnumferð' merkir flutning varnartengdra vara um eitt aðildarríki eða fleiri, önnur en upprunaríkið eða viðtökuríkið.

II. KAFLI

TILFLUTNINGSLEYFI

4. gr.

Almenn ákvæði.

1. Tilflutningur varnartengdra vara milli aðildarríkja er háður leyfi fyrirfram. Eigi er krafist frekari leyfa af hálfu annarra aðildarríkja fyrir ferð gegnum aðildarríki eða fyrir komu inn á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar semviðtakandi varnartengdu varanna er staðsettur, sbr. þó beitingu ákvæða sem eru nauðsynleg vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu eins og flutningsöryggis.

2. Aðildarríkin geta, þrátt fyrir ákvæði 1.mgr., veitt undanþágu frá þeirri skyldu að afla leyfis fyrirfram vegna tilflutnings varnartengdra vara, sem sett er fram í þeirri málsgrein, þegar:

a) birgirinn eða viðtakandinn er opinber stofnun eða hluti hersins,

b) aðdrættir eru af hálfu Evrópusambandsins, Atlantshafsbandalagsins, Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða annarra milliríkjastofnana í því skyni að leysa verkefni þeirra,

c) tilflutningurinn er nauðsynlegur til þess að hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun aðildarríkjanna um hergögn,

d) tilflutningurinn tengist hjálparstarfi í hamförum eða framlagi vegna neyðarástands eða

e) tilflutningurinn er nauðsynlegur vegna eða að aflokinni viðgerð, viðhaldi, sýningu eða kynningu.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að framkominni beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, breytt 2. mgr. til þess að ákvæði hennar taki til tilfella þar sem:

a) tilflutningurinn á sér stað við skilyrði sem engin áhrif hafa á allsherjarreglu eða almannaöryggi,

b) sú skylda að afla leyfis fyrirfram stríðir gegn alþjóðlegum skuldbindingum aðildarríkjanna eftir að tilskipun þessi er samþykkt eða

c) nauðsyn krefur vegna milliríkjasamvinnu, eins og um getur í 4. mgr. 1. gr.

Þær ráðstafanir sem eru sniðnar til að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar með viðbótum við hana skal samþykkja í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með skoðun skv. 2. mgr. 14. gr.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að birgjar, sem vilja flytja varnartengdar vörur frá yfirráðasvæði þeirra, geti notað almenn tilflutningsleyfi eða sótt um heildar- eða einstakt tilflutningsleyfi skv. 5.,6. og 7. gr.

5. Aðildarríkin skulu ákveða gerð tilflutningsleyfa fyrir viðkomandi varnartengdar vörur eða flokka varnartengdra vara í samræmi við ákvæði þessarar greinar og 5., 6. og 7. gr.

6. Aðildarríkin skulu ákveða alla skilmála og skilyrði tilflutningsleyfa, þ.m.t. allar takmarkanir á útflutningi varnartengdra vara til lögaðila eða einstaklinga í þriðju löndum, m.a. með hliðsjón af þeirri hættu sem kann að steðja að verndun mannréttinda, friðar, öryggis og stöðugleika vegna viðkomandi tilflutnings. Aðildarríkin geta, jafnframt því að fara að lögum Bandalagsins, notfært sér þann kost að fara fram á tryggingu vegna endanlegrar notkunar, þ.m.t. vottorð um endanlega notendur.

7. Aðildarríkin skulu ákveða alla skilmála og skilyrði tilflutningsleyfa vegna íhluta á grundvelli mats á því hversu viðkvæmur tilflutningurinn er, m.a. að teknu tilliti til eftirfarandi viðmiðana:

a) eiginleikar íhlutanna með tilliti til þeirra vara sem setja á þá í og hvers kyns lokanotkun hinna frágengnu vara sem gæti valdið áhyggjum,

b) þýðing íhlutanna með tilliti til þeirra vara sem setja á þá í.

8. Aðildarríkin skulu forðast, nema þau telji tilflutning íhluta viðkvæman, að setja takmarkanir á útflutning íhluta, framvísi viðtakandinn yfirlýsingu um notkun, þar sem hann skýrir frá því að þeir íhlutir sem tilflutningsleyfið tekur til séu eða verði settir í hans eigin vörur og að ekki sé hægt, síðar meir, að flytja þá til eða út sem slíka, nema til viðhalds eða viðgerða.

9. Aðildarríkin geta hvenær sem er afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað notkun tilflutningsleyfa, sem þau hafa gefið út, til að verja brýna öryggishagsmuni sína, vegna allsherjarreglu eða almannaöryggis eða sakir þess að þeir skilmálar og þau skilyrði sem fylgja tilflutningsleyfinu eru ekki uppfyllt.

5. gr.

Almenn tilflutningsleyfi.

1. Aðildarríkin skulu birta almenn tilflutningsleyfi sem veita birgjum, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæðum þeirra og uppfylla skilmála og skilyrði sem fylgja hinu almenna tilflutningsleyfi, beina heimild til að koma í framkvæmd flutningi varnartengdra vara, sem tilgreind eru í hinu almenna tilflutningsleyfi, til flokks eða flokka viðtakenda sem eru staðsettir í öðru aðildarríki.

2. Almenn tilflutningsleyfi skal birta, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., að minnsta kosti í þeim tilvikum þegar:

a) viðtakandinn er hluti af her aðildarríkis eða innkaupastofnun á sviði varna sem gerir innkaup vegna einkanota hers aðildarríkis,

b) viðtakandinn er vottað fyrirtæki skv. 9. gr.,

c) tilflutningurinn á sér stað vegna kynningar, mats eða sýningar,

d) tilflutningurinn á sér stað vegna viðhalds og viðgerðar, að því gefnu að viðtakandinn sé hinn upphaflegi birgir viðkomandi varnartengdra vara.

3. Aðildarríki sem taka þátt í áætlun um milliríkjasamstarfum þróun, framleiðslu og notkun varnartengdrar vöru, einnar eða fleiri, geta birt almennt tilflutningsleyfi vegna flutninga til annarra aðildarríkja, sem taka þátt í áætluninni, eftir því sem nauðsyn krefur til að unnt sé að hrinda áætluninni í framkvæmd.

4. Aðildarríkin geta, með fyrirvara um önnur ákvæði tilskipunar þessarar, mælt fyrir um þau skilyrði sem gilda vegna skráningar áður en til notkunar almenns tilflutningsleyfis kemur í fyrsta sinn.

6. gr.

Heildartilflutningsleyfi.

1. Aðildarríkin skulu ákveða að veita einstökum birgi heildartilflutningsleyfi, að framkominni beiðni hans, sem heimila flutningvarnartengdra vara til viðtakenda í öðru aðildarríki, einu eða fleiri.

2. Með sérhverju heildartilflutningsleyfi ákveða aðildarríkin þær varnartengdar vörur eða þá flokka vara sem heildartilflutningsleyfið tekur til og þá viðtakendur eða flokka viðtakenda semviðurkenndir eru.

Veita skal heildartilflutningsleyfi til þriggja ára og er viðkomandi aðildarríki heimilt að endurnýja það tímabil.

7. gr.

Einstök tilflutningsleyfi.

Aðildarríkin skulu ákveða að veita einstökum birgi einstök tilflutningsleyfi, að fram kominni beiðni hans, sem heimila einn flutning varnartengdra vara í tilteknu magni, sem skal senda í einu eða mörgu lagi, til eins viðtakenda, þegar:

a) beiðnin um tilflutning er takmörkuð við einn tilflutning,

b) það er nauðsynlegt til að vernda grundvallaröryggishagsmuni viðkomandi aðildarríkis eða vegna allsherjarreglu,

c) það er nauðsynlegt til að aðildarríki geti uppfyllt alþjóðlegar skyldur sínar og skuldbindingar eða

d) aðildarríki hefur ærna ástæðu til að halda að viðkomandi birgir muni ekki geta staðið við nauðsynlega skilmála og skilyrði til að hægt sé að veita honum heildar-tilflutningsleyfi.

III. KAFLI

UPPLÝSINGASKYLDA, VOTTUN OG ÚTFLUTNINGUR AÐ TILFLUTNINGI LOKNUM

8. gr.

Upplýsingar sem birgjum ber að veita.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birgjar varnartengdra vara upplýsi viðtakendur um skilmála og skilyrði sem fylgja viðkomandi tilflutningsleyfi, þ.m.t. takmarkanir, og varða endanlega notkun eða útflutning þeirrar varnartengdu vöru sem um ræðir.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birgjar upplýsi lögbær stjórnvöld, í því aðildarríki þaðan sem þeir hyggjast flytja varnartengdar vörur, innan hæfilegs frests um þá fyrirætlun sína að nota almennt tilflutningsleyfi í fyrsta sinn. Aðildarríkin geta ákveðið hvaða viðbótarupplýsinga má krefjast vegna varnartengdra vara sem vísað er til í almennu tilflutningsleyfi.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að, og kanna reglulega hvort, birgjar haldi ítarlegar og fullgerðar skrár um tilflutning sinn samkvæmt gildandi löggjöf í viðkomandi aðildarríki og ákveða kvaðir um skýrslugjöf sem tengjast notkun almenns, heildar- eða einstaks tilflutningsleyfis. Skrárnar skulu innihalda viðskiptaskjöl þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) lýsing viðkomandi varnartengdrar vöru ásamt tilvísunar samkvæmt viðaukanum,

b) magn og virði viðkomandi varnartengdrar vöru,

c) dagsetningar tilflutnings,

d) nafn og heimilisfang birgis og viðtakanda,

e) endanleg notkun og endanlegur notandi viðkomandi varnartengdrar vöru, ef vitað er,

f) staðfesting þess að upplýsingar um útflutningstakmarkanir, sem fylgja tilflutningsleyfi, hafi verið sendar viðtakanda viðkomandi varnartengdra vara.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birgjar haldi þær skrár er um getur í 3. mgr., a.m.k. eins lengi og kveðið er á um í viðeigandi innlendri löggjöf um kröfur sem eru gerðar til rekstraraðila vegna skýrsluhalds og er í gildi í viðkomandi aðildarríki, en aldrei skemur en þrjú ár frá lokum þess almanaksárs þegar tilflutningurinn átti sér stað. Skrárnar skulu lagðar fram að beiðni lögbærra stjórnvalda þess aðildarríkis sem á yfirráðasvæði þaðan sem viðkomandi birgir flutti umræddar varnartengdar vörur.

9. gr.

Vottun.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær stjórnvöld sem annast vottun viðtakenda varnartengdra vara, þ.e. vara sem tilflutningsleyfi, sem önnur aðildarríki birta skv. b-lið 2. mgr. 5. gr., taka til, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra.

2. Vottun skal staðfesta áreiðanleika þess fyrirtækis sem er viðtakandi, einkum að því er varðar hæfni þess til að virða útflutningstakmarkanir á þeim varnartengdu vörum sem veitt er viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi frá öðru aðildarríki. Meta ber áreiðanleika samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

a) reynsla af störfum á sviði varna sem unnt er að sýna fram á, einkum með tilliti til hvernig fyrirtækinu hefur tekist að virða útflutningstakmarkanir, til dómsniðurstaðna hvað það varðar, til heimilda til að framleiða eða markaðsetja varnartengdarvörur og til ráðninga reyndra stjórnenda,

b) atvinnustarfsemi sem máli skiptir varðandi varnartengdar vörur í Bandalaginu, einkum geta til samþættingar kerfa og undirkerfa,

c) tilnefning háttsetts framkvæmdastjóra sem er sá starfsmaður sem gefur sig að og ber ábyrgð sem slíkur á tilflutningi og útflutningi,

d) skrifleg skuldbinding fyrirtækisins, undirrituð af þeim háttsetta framkvæmdastjóra er um getur í c-lið, þess efnis að það muni gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla og efna öll tiltekin skilyrði er varða endanlega notkun og útflutning sérhvers tiltekins íhlutar eða vöru sem veitt er viðtaka,

e) skrifleg skuldbinding fyrirtækisins, undirrituð af þeim háttsetta framkvæmdastjóra er um getur í c-lið, þess efnis að veita lögbærum stjórnvöldum, af tilhlýðilegri skyldurækni, ítarlegar upplýsingar í svari við beiðnum og fyrirspurnum um endanlega notendur eða endanlega notkun allravara sem eru fluttar út eða til eða veitt er viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi frá öðru aðildarríki og

f) lýsing, meðáritуð af þeim háttsetta framkvæmdastjóra er um getur í c-lið, þeirrar áætlunar um innra eftirlit eða þess innra stjórnunarkerfis tilflutnings og útflutnings sem er framkvæmt í fyrirtækinu. Lýsingin skal geyma ítarlegar upplýsingar um tiltækan viðbúnað á sviði skipulags, mannauðs og tækni, sem veitt er til þess að stýra tilflutningi og útflutningi, um hvernig ábyrgð er háttað innan fyrirtækisins, um innri úttekt, um vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks, um efnislegar og tæknilegar öryggisráðstafanir, um skýrsluhald og um rekjanleika tilflutnings og útflutnings.

3. Eftirfarandi upplýsingar komi fram í vottorðum:

a) það lögbæra stjórnvald sem gefur út vottorðið,

b) nafn og heimilisfang viðtakanda,

c) yfirlýsing um með hvaða hætti viðtakandinn hefur fullnægt þeim viðmiðunum er um getur í 2. mgr. og

d) útgáfudagur og gildistími vottorðsins.

Gildistími vottorðsins, er um getur í d-lið, skal í öllu falli ekki vera lengri en fimm ár.

4. Vottorð kunna að innihalda frekari skilyrði um eftirfarandi:

a) að láta í té nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að sannreyna hvort þeim viðmiðum er um getur í 2. mgr. sé fullnægt,

b) tímabundna ógildingu eða afturköllun vottorðsins.

5. Lögbær stjórnvöld skulu gera úttekt á því hvort viðtakendur fullnægi þeim viðmiðunum er um getur í 2. mgr. a.m.k. þriðja hvert ár, ennfremur þeim skilyrðum sem fylgja þeim vottorðum er um getur í 4. mgr.

6. Aðildarríkin skulu viðurkenna öll vottorð sem eru gefin út í samræmi við tilskipun þessa í öðru aðildarríki.

7. Lögbært stjórnvald skal grípa til viðeigandi ráðstafana komist það að því að handhafi vottorðs, sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis þess, fullnægi ekki lengur þeim viðmiðunum er um getur í 2. mgr. eða öðrum skilyrðum er um getur í 4. mgr. Afturköllun vottorðsins getur verið meðal fyrrnefndra ráðstafana. Viðkomandi lögbært stjórnvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína.

8. Aðildarríkin skulu birta og uppfæra reglulega lista yfir vottaða viðtakendur og tilkynna framkvæmdastjórninni, Evrópuþinginu og hinum aðildarríkjunum um það.

Framkvæmdastjórnin skal gera miðlæga skrá um viðtakendur, sem aðildarríkin hafa vottað, aðgengilega almenningi á vefsíðu sinni.

10. gr.

Útflutningstakmarkanir.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðtakendur varnartengdra vara lýsi því yfir við lögbær stjórnvöld sín, þegar þeir sækja um útflutningsleyfi og í tilvikum þegar þeim vörum sem er veitt viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi frá öðru aðildarríki fylgja útflutningstakmarkanir, að þeir hafi uppfyllt skilmála fyrrnefndra takmarkana, m.a. og eftir atvikum, með því að hafa aflað sér nauðsynlegs samþykkis upprunaaðildarríkisins.

IV. KAFLI

REGLUR UM TOLLMEÐFERÐ OGSAMVINNA STJÓRNVALDA

11. gr.

Reglur um tollmeðferð.

1. Þegar útflytjandi gengur frá formsatriðum vegna útflutnings varnartengdra vara á þeirri tollskrifstofu sem annast meðferð útflutningsskýrslunnar, skulu aðildarríkin sjá til þess að hann færi sönnur á að nauðsynlegra útflutningsleyfa hafiverið aflað.

2. Aðildarríki getur einnig, með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/93 frá 12. október um setningu tollareglna Bandalagsins ([1]), og lengst í 30 virka daga, fellt niður tímabundið útflutning frá yfirráðasvæði sínu á varnartengdum vörum, sem er veitt viðtaka frá öðru aðildarríki samkvæmt tilflutningsleyfi og er innfellt í aðra varnartengda vöru, eða komið, ef nauðsyn krefur, með öðrum hætti í veg fyrir að slíkar vörur fari út úr Bandalaginu frá yfirráðasvæði sínu, ef það telur:

a) að ekki hafi verið tekið tillit til viðeigandi upplýsinga þegar útflutningsleyfið var veitt eða

b) að aðstæður hafi breyst verulega síðan útflutningsleyfið var veitt.

3. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að einungis sé heimilt að ganga frá formsatriðum vegna útflutnings á varnartengdum vörum á tilteknum tollstöðvum.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 5.9.2006, bls. 1.

4. Aðildarríki þau sem nýta sér þann kost sem settur er fram í 3. mgr. skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær tollstöðvar sem um ræðir. Framkvæmdastjórnin skal birta fyrrnefndar upplýsingar í C-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.

12. gr.

Upplýsingaskipti.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samráði við framkvæmdastjórnina, til þess að koma á beinni samvinnu og upplýsingaskiptum milli lögbærra stjórnvalda hvers um sig.

V. KAFLI

UPPFÆRSLA LISTANS YFIR VARNARTENGDAR VÖRUR

13. gr.

Aðlögun viðaukans.

1. Framkvæmdastjórnin skal uppfæra listann yfir varnartengdar vörur sem settur er fram í viðaukanum þannig að hann sé í fullu samræmi við sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins.

2. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar, skal samþykkja í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með skoðun skv. 2. mgr. 14. gr.

14. gr.

Nefndin.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr., grein 5a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Verndarráðstafanir.

1. Telji leyfisveitandi aðildarríki að alvarleg hætta sé á að viðtakandi, sem er vottaður skv. 9.gr. í öðru aðildarríki, muni ekki fullnægja skilyrði sem fylgir almennu tilflutningsleyfi eða telji aðildarríki, sem veitir leyfi, að allsherjarreglu eða grundvallaröryggishagsmunum þess kunni að verða raskað, ber því að upplýsa hitt aðildarríkið og óska eftir að aðstæður verði kannaðar.

2. Ef þær efasemdir er um getur í 1. mgr. haldast getur hið leyfisveitandi aðildarríki frestað áhrifum almenns tilflutningsleyfis síns til bráðabirgða þegar um fyrrnefnda viðtakendur er að ræða. Það skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um og ástæður fyrrnefndrar verndarráðstöfunar. Aðildarríkið, sem samþykkti fyrrnefnda ráðstöfun, getur ákveðið að nema hana úr gildi, telji það forsendur hennar brostnar.

16. gr.

Viðurlög.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur umviðurlög við brotum á ákvæðum, sem eru samþykkt tilskipun þessari til framkvæmdar, einkum þegar þær upplýsingar sem eru lagðar fram skv. 1. mgr. 8. gr. eða 10. gr., um hvort útflutningstakmarkanir sem fylgja tilflutningsleyfi séu virtar, eru rangar eða ófullnægjandi. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyrrnefndum reglum sé framfylgt. Þau viðurlög sem mælt er fyrir um skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.

17. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf.

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2012, leggja fram skýrslu um ráðstafanir sem aðildarríki gera með það í huga að lögleiða þessa tilskipun, einkum 9. til 12. gr. og 15. gr. hennar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2016, taka framkvæmd tilskipunar þessarar til endurskoðunar og skila skýrslu um hana til Evrópuþingsins og ráðsins. Hún skal einkum meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum með tilskipun þessari hefur verið náð, m.a. með tilliti til starfsemi innri markaðarins. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin endurskoða beitingu 9. til 12. gr. og 15. gr. tilskipunar þessarar og meta áhrif hennar á þróun evrópsks markaðar fyrir tækjabúnað til varna og grundvöll evrópskrar tækni- og iðnaðar á sviði varna, m.a. með tilliti til hags lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ef nauðsyn krefur skal skýrslunni fylgja tillaga að löggjöf.

18. gr.

Innleiðing.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þeirra ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 30. júní 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim vísun til tilskipunar þessarar eða þeim fylgi slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um hvernig gera skal slíka tilvísun úr garði.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða landslaga sem þau samþykkja um þau málefni sem tilskipun þessi tekur til.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

20. gr.

Viðtakendur.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. maí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. KOHOUT
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

LISTI YFIR VARNARTENGDAR VÖRUR

ML1 **Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er minni en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd (0,5 tommu hlaupvídd) eða minni og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. rifflar, karabínur, marghleypur, skammbyssur, vélskammbyssur og vélbyssur:

Athugasemd *ML1.a gildir ekki um eftirfarandi:*

1. framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938,

2. eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,

3. marghleypur, skammbyssur og vélbyssur sem framleiddar eru fyrir 1890 og eftirlíkingar þeirra,

b. vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

1. vopn með óriffluðu hlaupi, sérhönnuð til hernaðarnota,

2. önnur vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

a. alsjálfvirk vopn,

b. hálfsjálfvirk vopn eða með pumpu,

c. vopn fyrir skotfæri án skothylkja,

d. hljóðdeyfar, byssustæði, skothylkjaklemmur, vopnamið og blossadeyfar fyrir vopn sem undirliður ML1.a, ML1.b eða ML1.c gildir um.

Athugasemd 1 *ML1 gildir ekki um vopn með óriffluðu hlaupi sem notuð eru til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða alsjálfvirk.*

Athugasemd 2 *ML1 gildir ekki um skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir gerviskotfæri og ekki er unnt að nota til að hleypa af skotfærum sem ML3 gildir um.*

Athugasemd 3 *ML1 gildir ekki um vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. non-centre fire) og eru ekki alsjálfvirk.*

Athugasemd 4 *ML1.d gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með fjórfaldri stækkun eða minna, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða þeim hafi verið breytt til hernaðarnota.*

ML2 **Vopn með óriffluðu hlaupi með 20 mm hlaupvídd eða meiri, önnur vopn eða vopnabúnaður með meiri hlaupvídd en 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með óriffluðu hlaupi og tæki til að hylja ummerki um þessi vopn,

Athugasemd 1 *ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir allan búnað sem tilgreindur er í ML2.a.*

ML2 a.*(frh.)*

Athugasemd 2 *ML2.a gildir ekki um eftirfarandi:*

1. *framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938,*
2. *eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.*

b. vörpur til að varpa reyk-, gas- eða flugeldahylkjum eða tæki til að mynda þess háttar efni til hernaðarnota,

Athugasemd *ML2.b gildir ekki um merkjabyssur.*

c. vopnamið.

ML3 **Skotfæri og kveikjustillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. skotfæri fyrir vopn sem ML1, ML2 eða ML12 gildir um,

b. kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem undirliður ML3.a gildir um.

Athugasemd 1 *Sérhannaðir íhlutir eru m.a.:*

a. málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri,

b. öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,

c. aflgjafar með hárri einnotavirkni,

d. brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur,

e. dreifisprengjur (e. submunitions), þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og lítil tundurdufl og markstýrð skeyti.

Athugasemd 2 *ML3.a gildir ekki um skotfæri án skeytis (blank star) og gerviskotfæri með götuðu púðurhólfi.*

Athugasemd 3 *ML3.a gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð í hverjum þeim tilgangi sem hér segir:*

a. merkjasendingu,

b. fuglafælingu eða

c. kveikingu gasloga á olíubrunnum.

ML4 **Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, aðrar sprengjur og hleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

Ath.: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11, Athugasemd 7.

a. sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður og eyðingarsamstæður, búnaður fyrir ‚flugeldavörur', skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum þessara hluta), einkum til hernaðarnota,

Athugasemd *Í ML4.a. eru m.a.:*

1. *reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnaður,*
2. *útblástursrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.*

ML4 *(frh.)*

b. sérhannaður til að meðhöndla, stjórna, virkja, gefa afl með hárri einnotavirkni, skjóta, leggja niður, slæða, sleppa, ginna, trufla, sprengja eða greina hluti sem ML4.a gildir um.

Athugasemd *Í ML4.b.kemur eftirfarandi fram m.a.:*

1. *færanlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1000 kg eða meira á dag af gasi í fljótandi formi,*

2. *flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða seguldufl.*

Tæknileg athugasemd

Ekki er litið svo á að beranleg tæki, sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli tundurdufla og annarra málmhluta, séu sérhönnuð til að greina hluti sem ML4.a gildir um.

ML5 **Skotstýringarbúnaður og tengdur viðbragðs- og viðvörunarbúnaður, ásamt tengdum kerfum, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir:**

a. vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi,

b. markábendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður; samþættingarbúnaður fyrir nema,

c. gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem undirliður ML5.a eða ML5.b gildir um,

d. vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem undirliður ML5.a, ML5.b eða ML5.c gildir um.

ML6 **Landfarartæki og íhlutir sem hér segir:**

Ath.: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11, Athugasemd 7.

a. landökutæki og íhlutir í þau, sérhannað eða breytt til hernaðarnota,

Tæknileg athugasemd:

Að því er varðar ML6.a falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

b. öll aldrifsökutæki sem hægt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

Ath.: Sjá einnig ML13.a.

Athugasemd 1 *Í ML6.a kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjalagningar eða til að skjóta hergögnum sem ML4 gildir um,

b. brynvarin ökutæki,

c. ökutæki fyrir láð og lög og haffær ökutæki,

ML6 *Athugasemd 1(frh.)*

d. björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

Athugasemd 2 *Breytingar á landökutæki til hernaðarnota, sem ML6.a gildir um, fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Meðal þessara íhluta eru:*

a. hlífar fyrir loftfyllta hjólbarða, sérhannaðar til að gera þær skotheldar eða til að dekkin geti gagnast þó loftið tæmist,

b. stjórnbúnaður fyrir loftþrýsting í dekkjum, stýrt innan úr ökutæki á hreyfingu,

c. brynvörn fyrir mikilvægustu hlutana (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa ökumanns),

d. sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn,

e. myrkvunarljósker.

Athugasemd 3 *ML6 gildir ekki um borgaralegar bifreiðar eða flutningabíla sem gerðir eru, eða hefur verið breytt, til að flytja peninga eða verðmæti og eru með brynvörn eða eru skotheldir.*

ML7 **Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, ‚óeirðastjórnunarefni', geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni, sem hér segir:**

a. líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, ‚aðlöguð að notkun í stríði' til að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu,

b. efni til efnahernaðar (CW), m.a.:

1. taugaefni til efnahernaðar:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfónflúoríðöt, s.s.:

– sarín (GB):O-ísóprópýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 107-44-8) og

– sóman (GD):O-pínakólýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 96-64-0),

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) N,N-l-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfóramíðflúoríðöt, s.s.:

tabún (GA):O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýanídat (CAS 77-81-6),

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfó-nóþíólöt og samsvarandi alkýleruð and róteinduð sölt, s.s.:

VX: O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9),

2. efni til efnahernaðar sem valda bruna og blöðrum:

a. brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfíð (CAS 2625-76-5),

2. Bis(2-klóretýl)súlfíð (CAS 505-60-2),

ML7 b. 2. a.*(frh.)*

3. Bis(2-klóretýlþió)metan (CAS 63869-13-6),

4. 1,2-bis(2-klóretýlþió)etan (CAS 3563-36-8),

5. 1,3-bis(2-klóretýlþió)-n-própan (CAS 63905-10-2),

6. 1,4-bis(2-klóretýlþió)-n-bútan (CAS 142868-93-7),

7. 1,5-bis(2-klóretýlþió)-n-pentan (CAS 142868-94-8),

8. Bis(2-klóretýlþiómetýl)eter (CAS 63918-90-1),

9. Bis(2-klóretýlþióetýl)eter (CAS 63918-89-8),

b. eiturgös (e. Lewisites), s.s.:

1. 2-klórvínyldíklórarsín (CAS 541-25-3),

2. Tris(2-klórvínyl)arsín (CAS 40334-70-1),

3. Bis(2-klórvínyl)klórarsín (CAS 40334-69-8),

c. köfnunarefnissinnep, s.s.:

1. HN1: Bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8),

2. HN1: Bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2),

3. HN3: Tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1),

3. efni til efnahernaðar sem gera menn óvíga, s.s.:

a. 3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2),

4. laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:

a. bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF),

b. 2,4,5-tríklórfenoxýediksýra blönduð með 2,4-díklórfenoxýediksýru (Agent Orange),

c. tvígild forefni og lykilforefni til efnahernaðar sem hér segir:

1. alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:

DF (spillistuðull): metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3),

2. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónít og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

QL: O-etýl-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónít (CAS 57856-11-8),

3. klórsarín: O-ísóprópýlmetýlfosfónklóríðat (CAS 1445-76-7),

4. klórsóman: O-pínakólýlmetýlfosfónklóríðat (CAS 7040-57-5),

ML7 *(frh.)*

d. ‚óeirðastjórnunarefni', virk íðefni og blöndur þeirra efna, m.a.:

1. α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8),

2. [(2-klórfenýl)metýlen]própandínítríl, (o-klórbensýlídenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1),

3. 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4),

4. díbens-(b,F)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8),

5. 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (Adamsite), (DM) (CAS 578-94-9),

6. N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9),

Athugasemd 1 *ML7.d gildir ekki um ‚óeirðastjórnunarefni' sem eru sérpökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.*

Athhugasemd 2 *ML7.d gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra efna sem er pakkað til matvælaframleiðslu eða lækninga og auðkennd sem slík,*

e. búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir hans:

1. efni sem undirliður ML7.a, ML7.b eða ML7.d gildir um eða

2. efnavopn úr forefnum sem undirliður ML7.c gildir um,

f. hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaðir íhlutir hans og sérsamsettar efnablöndur sem hér segir:

1. búnaður sem er sérhannaður eða -breyttur til hernaðarnota, varnar gegn efnum, sem undirliður ML7.a, ML7.b eða ML7.d gilda um, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

2. búnaður, sem er sérhannaður eða -breyttur eða breyttur til hernaðarnota, til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum sem undirliður ML7.a eða ML7.b gildir um, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

3. Efnablöndur, sem eru þróaðar/samsettar sérstaklega til afmengunar hluta sem mengast hafa af efnum sem undirliður ML7.a eða ML7.b gildir um,

Athugasemd *Í ML7.f.1.kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. loftræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar,

b. hlífðarfatnaður.

Ath.: Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

g. búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota eða til að finna eða greina efni sem undirliður ML7.a, ML7.b eða ML7.d gildir um, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

Athugasemd *ML7.g. gildir ekki um skammtamæla geislunarvaktara fyrir einstaklinga.*

Ath.: Sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

ML7 *(frh.)*

h. ‚líffjölliður', sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem undirliður ML7.b gildir um og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær,

i. ‚lífhvatar' til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess, sem hér segir:

1. ‚lífhvatar', sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna, sem undirliður ML7.b gildir um, og framleiddir með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingum á lífrænum kerfum,

2. lífræn kerfi sem hér segir: tjáningarferjur', veirur eða frumuræktun sem innihalda erfðafræðilegar upplýsingar sem varða sérstaklega framleiðslu ‚lífhvata' sem undirliður ML7.i.1 gildir um.

Athugasemd 1 *Undirliðir ML7.b og ML7.d gilda ekki um:*

a. sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4), Sjá 1C450.a.5. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

b. blásýru (CAS 74-90-8),

c. klór (CAS 7782-50-5),

d. karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5), Sjá 1C450.a.4. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

e. difosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8),

f. fellt niður,

g. xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: (CAS 104-81-4),

h. bensýlbrómíð (CAS 100-39-0),

i. bensýljoðíð (CAS 620-05-3),

j. brómaseton (CAS 598-31-2),

k. sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3),

l. brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0),

m. klóraseton (CAS 78-95-5),

n. etýljoðasetat (CAS 623-48-3),

o. joðaseton (CAS 3019-04-3),

p. klórpíkrín (CAS 76-06-2). Sjá 1C450.a.7. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

Athugasemd 2 *Frumuræktun og lífræn kerfi, sem eru talin upp í ML7.h. og ML7.i.2., eru einangruð fyrirbæri og þessir undirliðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til almennra nota, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaiðnaði.*

ML8 **‚Orkuefni' og skyld efni, sem hér segir:**

Ath.: Sjá einnig 1C011 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Tæknilegar athugasemdir.

1. Að því er varðar ML8 merkir blanda samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirliðum ML8.

2. Hvers kyns efni sem talin eru upp í undirliðum ML8 fellur undir þennan lista, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en tilgreindur er, (t.d. er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari.)

a. ‚sprengiefni' sem hér segir og í blöndum með því:

1. ADNBF (amínódínítróbensófúroxan eða 7-amínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1),

2. BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 117412-28-9),

3. CL-14 (díamínódínítróbensófúroxan eða 5,7-díamínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1),

4. CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 135285-90-4); klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um ‚forefni' þess),

5. CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 70247-32-4),

6. DADE (1,1-díamínó-2,2-dínítróetýlen, FOX7),

7. DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6),

8. DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín),

9. DDPO (2,6-díamínó-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6),

10. DIPAM (3,3'-díamínó-2,2',4,4',6,6'-hexanítróbífenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0),

11. DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8),

12. fúrasön, sem hér segir:

a. DAAOF (díamínóasoxýfúrasan),

b. DAAzF (díamínóasófúrasan) (CAS 78644-90-3),

13. HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5. að því er varðar ‚forefni' þess), sem hér segir:

a. HMX (Sýklótetrametýlentetranítramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasa-sýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0),

b. díflúoramineraðar hliðstæður HMX,

c. K-55 (2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-(3,3,0)-oktanón-3, tetranítrósemíglýkóúríl eða ketó-bísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3),

14. HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9),

15. HNS (hexanítróstílben) (CAS 20062-22-0),

ML8 a.*(frh.)*

16. imídasól sem hér segir:

    a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)imídasó [4,5-d]ímídasól),

    b. DNI (2,4-dínítróimídasól) (CAS 5213-49-0),

    c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróimídasól),

    d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróimídasól),

    e. PTIA (1-píkrýl-2,4,5-trínítróimídasól),

17. NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín),

18. NTO (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón)) (CAS 932-64-9),

19. fjölnítrókúbön með meira en fjórum nítróhópum,

20. PYX (2,6-bis(píkrýlamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2),

21. RDX og afleiður, sem hér segir:

    a. RDX (sýklótrímetýlentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4),

    b. ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasasýklóhexanón) (CAS 115029-35-1),

22. TAGN (tríamínógúanídínenítrat) (CAS 4000-16-2),

23. TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7 að því er varðar ‚forefni'),

24. TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díasósín),

25. tetrasól, sem hér segir:

    a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól),

    b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól),

26. tetrýl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8),

27. TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6 að því er varðar ‚forefni' þess),

28. TNAZ (1,3,3-trínítróasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2. að því er varðar ‚forefni' þess),

29. TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7),

30. TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýrídasínó[4,5-d]pýrídasín) (CAS 229176-04-9),

31. tríasín, sem hér segir:

    a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0),

    b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4),

ML8 b.*(frh.)*

32. tríasól, sem hér segir:

a. 5-asídó-2-nítrótríasól,

b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasól dínítramíð) (CAS 1614-08-0),

c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól),

d. BDNTA ([bis-dínítrótríasól]amín),

e. DBT (3,3′-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4),

f. DNBT (dínítróbístríasól) (CAS 70890-46-9),

g. NTDNA (2-nítrótríasól 5-dínítramíð) (CAS 75393-84-9),

h. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)3,5-dínítrótríasól),

i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríasól),

j. TACOT (tetranítróbensótríasólóbensótríasól) (CAS 25243-36-1),

33. sprengiefni sem ekki eru annars staðar á lista í ML8.a með meiri sprengihraða en 8700 m/s við hámarksþéttleika eða meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar),

34. önnur lífræn sprengiefni sem ekki eru annars staðar á lista í ML8.a og hafa sprengiþrýsting sem er 25 GPa (250 kbar) eða hærri og halda stöðugleika við 523 K (250 °C) eða hærra hitastig í fimm mínútur eða lengur,

b. ‚drifefni' sem hér segir:

1. Hvers kyns föst ‚drifefni' í flokki 1.1 í flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 250 sekúndur fyrir efnablöndur sem ekki eru málmgerðar eða lengur en 270 sekúndur fyrir álgerðar blöndur,

2. hvers kyns föst ‚drifefni' í flokki 1.3 í flokkunarkerfi SÞ með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 230 sekúndur fyrir efnablöndur, sem ekki eru halógengerðar, 250 sekúndur fyrir blöndur sem ekki eru málmgerðar og 266 sekúndur fyrir málmgerðar blöndur,

3. ‚drifefni' með aflfasta yfir 1200 kJ/kg,

4. ‚drifefni' sem geta þolað stöðugan línulegan brunahraða sem er yfir 38 mm/s við staðalaðstæður (mælt með lötum einþráðungi) við 6,89 MPa (68,9 bar) þrýstingi og 294 K (21 °C),

5. teygjuefnisbreytt, steypt, tvíbotna (EMCDB) ‚drifefni' með hámarksteygjanleika sem er yfir 5 % við 233 K (- 40 °C) við hámarksálag,

6. ‚drifefni' sem innihalda efni sem eru talin upp í ML8.a,

c. ‚flugeldavörur', eldsneyti og skyld efni, sem hér segir, einnig í blöndum:

1. loftfarseldsneyti sem er sérstaklega samsett til hernaðarnota,

2. álan (álhýdríð) (CAS 7784-21-6),

3. karbórön. dekabóran (CAS 17702-41-9). pentabórön (CAS 19624-22-7 og 18433-84-6) og afleiður,

ML8 c.*(frh.)*

4. hýdrasín og afleiður, sem hér segir (sjá einnig ML8.d.8. og d.9. um oxandi hýdrasínafleiður):

   a. hýdrasín (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða meira,

   b. mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4),

   c. samhverft dímetýlhýdrasín (CAS 540-73-8),

   d. ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7),

5. málmeldsneyti í eindaformi, hvort sem það er kúlulaga, ýrað, sporvölulaga, í flögum eða malað, framleitt úr efni sem er 99% eða þar yfir úr eftirfarandi:

   a. málmum, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

      1. beryllíum (CAS 7440-41-7) með eindastærð undir 60 μm,

      2. járndufti (CAS 7439-89-6) með eindastærð 3 μm eða minni, framleitt með afoxun járnoxíðs með vetni,

   b. blöndum sem innhalda eitthvað af eftirfarandi:

      1. sirkon (CAS 7440-67-7), magnesíum (CAS 7439-95-4) eða málmblendi af þeim í eindastærð undir 60 μm,

      2. eldsneyti úr bór (CAS 7440-42-8) eða bórkarbíði (CAS 12069-32-8), 85 % hreint eða þar yfir og með eindastærð undir 60 μm,

6. efni til hernaðar sem innihalda þykkingarefni fyrir eldsneyti úr vetniskolefni, sérstaklega blandað til að nota í eldvörpur eða íkveikjuskotfæri, s.s. málmsteröt eða -palmöt (t.d. oktal (CAS 637-12-7)) og þykkingarefni í M1, M2 og M3,

7. perkólöt, klóröt og krómöt í samsetningum með málmdufti eða öðrum íblöndunarefnum háorkueldsneytis,

8. álkúluduft (CAS 7429-90-5) með 60 μm eða minni eindastærð, framleitt úr efni sem inniheldur 99% eða þar yfir af áli,

9. títanundirhýdríð (TiHn) með efnahlutfalli að jafngildi n = 0,65 til 1,68,

Athugasemd 1 *Loftfarseldsneyti, sem undirliður ML8.c.1 gildir um, á við um fullunnar vörur, ekki innihaldsefni þeirra.*

Athugasemd 2 *ML8.c.4.a. gildir ekki um hýdrasínblöndur sem eru sérstaklega samsettar til að vinna gegn tæringu.*

Athugasemd 3 *ML8.c.5 gildir um sprengiefni og eldsneyti, hvort sem málmarnir eða málmblöndurnar eru hjúpaðar áli, magnesíum, sirkoni eða beryllíum eða ekki.*

Athugasemd 4 *ML8.c.5.b.2. gildir ekki um bór og bórkarbíð sem er auðgað með bór-10 (20 % eða meira af heildarinnihaldi bór-10).*

d. oxarar, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

   1. ADN (ammóníumdínítramíð eða SR 12) (CAS 140456-78-6),

   2. AP (ammóníumperklórat) (CAS 7790-98-9),

ML8 d.*(frh.)*

3. flúorefnasambönd með einhverju af eftirfarandi:

   a. öðrum halógenum,

   b. súrefni eða

   c. köfnunarefni,

   Athugasemd 1 *ML8.d.3 gildir ekki um klórtríflúoríð Sjá 1C238 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

   Athugasemd 2 *ML8.d.3 gildir ekki um köfnunarefnistríflúoríð í loftkenndu formi þess.*

4. DNAD (1,3-dínítró-1,3-diasetidín) (CAS 78246-06-7),

5. HAN (hýdroxýlammóníumnítrat) (CAS 13465-08-2),

6. HAN (hýdroxýlammóníumperklórat) (CAS 15588-62-2),

7. HNF (hýdrasínnítróformat) (CAS 20773-28-8),

8. hýdrasínnítrat (CAS 37836-27-4),

9. hýdrasínperklórat (CAS 27978-54-7),

10. fljótandi oxarar sem eru úr eða innihalda letjandi, rauða, rjúkandi saltpéturssýru (IRFNA) (CAS 8007-58-7),

    Athugasemd *ML8.d.10 gildir ekki um rjúkandi saltpéturssýru sem er ekki letjandi.*

e. bindiefni, mýkiefni, einliður og fjölliður sem hér segir:

1. AMMO (asídómetýlmetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 90683-29-7) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar ‚forefni' þess),

2. BAMO (bísasídómetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 17607-20-4) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar ‚forefni' þess),

3. BDNPA (bis(2,2-dínítrópropýl)asetal (CAS 5108-69-0),

4. BDNPF (bis(2,2-dínítrópropýl)formal (CAS 5917-61-3),

5. BTTN (bútanetríóltrínítrat) (CAS 6659-60-5) (sjá einnig ML8.g.8 að því er varðar ‚forefni' þess),

6. orkuríkar einliður, mýkiefni og fjölliður sem eru sértaklega samsettar til hernaðarnota og innihalda nítró-, asíð-, nítrat-, nítrasa- eða díflúoramínósamstæður,

7. FAMAO (3-díflúoramínómetýl-3-asídómetýloxetan) og fjölliður þess,

8. FEFO (bis-(2-flúor-2,2-dínítróetýl)formal (CAS 17003-79-1),

9. FPF-1 (pólý-2,2,3,3,4,4-hexaflúorpentan-1,5-díólformal) (CAS 376-90-9),

10. FPF-3 (pólý-2,4,4,5,5,6,6-heptaflúor-2-trí-flúormetýl-3-oxaheptan-1,7-díólformal),

11. GAP (glýsídýlasíðfjölliða) (CAS 143178-24-9) og afleiður hennar,

ML8 e.*(frh.)*

12. HTPB (pólýbútadíen með hýdroxýlhópi á hvorum enda) með hýdroxýlvirkni sem er jöfn eða stærri en 2,2 og minni en eða jöfn 2,4, hýdroxýlgildi sem er undir 0,77 meq/g og seigju við 30 °C minni en 47 poise (CAS 69102-90-5),

13. alkóhólvirkt pólý(epíklórhýdrín), pólý(epíklórhýdríntríól) og tríól með lága mólþyngd (undir 10000),

14. NENAs (nítratetýlnítramínefnasambönd) (CAS 17096-47-8, 85068-73-1, 82486-83-7, 82486-82-6 og 85954-06-9),

15. PGN (pólý-GLYN, pólýglýsídýlnítrat eða pólý(nítratmetýloxíran) (CAS 27814-48-8),

16. pólý-NIMMO (pólýnítratmetýlmetýloxetan) eða pólý-NMMO (pólý[3-nítratmetýl-3-metýloxetan]) (CAS 84051-81-0),

17. pólýnítróortókarbónöt,

18. TVOPA (1,2,3-tris[1,2-bis(díflúoramínó)etoxý]própan eða samsett vínoxýprópan) (CAS 53159-39-0),

f. aukefni sem hér segir:

1. basískt koparsalisýlat (CAS-nr. 62320-94-9),

2. FEFO (bis-(2-hýdroxýetýl)glýkólamíð) (CAS 17409-41-5),

3. BNO (bútadíennítríloxíð) (CAS 9003-18-3),

4. afleiður ferrósen, sem hér segir:

a. bútasen (CAS 125856-62-4),

b. katósen (2,2-bis-etýlferrósenýlprópan) (CAS 37206-42-1),

c. ferrósenkarbóxýlsýrur,

d. n-bútýl-ferrósen (CAS 31904-29-7),

e. aðrar samsettar, fjölliða ferrósenafleiður,

5. blý-beta-resorsýlat (CAS 20936-32-7),

6. blýsítrat (CAS 14450-60-3),

7. blý-koparklósamband af beta-resorsýlati eða salisýlötum (CAS 68411-07-4),

8. blýmaleat (CAS 19136-34-6),

9. blýsalisýlat (CAS 15748-73-9),

10. blýstannat (CAS 12036-31-6),

11. MAPO (tris-1-(2-metýl)asírídínýlfosfínoxíð) (CAS 57-39-6). BOBBA 8 (bis(2-metýlasírídínýl)2-(2-hýdroxýprópanoxý)própýlamínófosfínoxíð); og aðrar MAPO-afleiður,

12. metýl BAPO (bis(2-metýlasírídínýl)metýlamínófosfínoxíð) (CAS 85068-72-0),

ML8 f.*(frh.)*

13. N-metýl-p-nítróanilín (CAS 100-15-2),

14. 3-nítrasa-1,5-pentandíísósýanat (CAS 7406-61-9),

15. málmlífræn bindiefni sem hér segir:

    a. neópentýl[díallýl]oxý, trí[díoktýl]fostat-títanat (CAS 103850-22-2). einnig þekkt sem títan IV, 2,2[bis-2-própenólatmetýl, bútanólat, tris (díoktýl)fosfat] (CAS 110438-25-0). eða LICA 12 (CAS 103850-22-2),

    b. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris[díoktýl] pýrófosfat eða KR3538,

    c. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris(díoktýl)fosfat,

16. pólýsýandíflúoramínóetýlenoxíð,

17. pólý-virk asírídínamíð með ísóþalískri, trímesískri (BITA eða bútýlenímíntrí-mesamíð), ísósýanúrískri eða trímetýladípískri grunnbyggingu og 2-metýl- eða 2-etýl-skiptihvörfum við asírídín-hringinn,

18. própýlenímín (2-metýlasírídín) (CAS 75-55-8),

19. mjög fíngert járnoxíð (Fe2O3) með sérstökum yfirborðsfleti sem er yfir 250 m2/g og meðaleindastærð er 3,0 nm eða minni,

20. TEPAN (tetraetýlenpentaamínakrýlnítríl) (CAS 68412-45-3). sýanetýleruð pólýamín og sölt þeirra,

21. TEPANOL (tetraetýlenpentaamínakrýlnítrílglýsídól) (CAS 68412-46-4); sýanóetýleruð pólýamín í samsetningum með glýsídóli og söltum þeirra,

22. TPB (trífenýlbismút) (CAS 603-33-8),

g. ‚forefni' sem hér segir:

Ath.: Tilvísanir í ML8.g varða ‚orkuefni' sem framleidd eru úr þessum efnum.

1. BCMO (bisklórmetýloxetan) (CAS 142173-26-0) (sjá einnig ML8.e.1. og e.2.),

2. Dínítróasetídín-t-bútýlsalt (CAS 125735-38-8) (sjá einnig ML8.a.28.),

3. HBIW (hexabensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 124782-15-6) (sjá einnig ML8.a.4.),

4. TAIW (tetraasetýldíbensýlhexaasaísóvúrtsítan) (sjá einnig ML8.a.4.),

5. TAT (1,3,5,7 tetraasetýl-1,3,5,7,-tetraasasýklóoktan) (CAS 41378-98-7) (sjá einnig ML8.a.13),

6. 1,4,5,8-tetraasadekalín (CAS 5409-42-7) (sjá einnig ML8.a.27.),

7. 1,3,5-tríklórbensen (CAS 108-70-3) (sjá einnig ML8.a.23.),

8. 1,2,4-tríhýdroxýbútan (1,2,4-bútantríól) (CAS 3068-00-6) (sjá einnig ML8.e.5.),

Athugasemd 5 *Vegna hleðslna og búnaðar sjá ML4.*

ML8 *(frh.)*

Athugasemd 6 *ML8 gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu efnasambönd eða blönduð því ‚orkuefni' sem er tilgreint í ML8.a eða málmdufti sem er tilgreint í ML8.c:*

a. ammóníumpíkrat,

b. svart púður,

c. hexanítródífenýlamín,

d. cf díflúoramín,

e. nítrósterkja,

f. kalíumnítrat,

g. tetranítrónaftalen,

h. trínítróanísól,

i. trínítrónaftalen,

j. trínítróxýlen,

k. n-pýrrólídínón, 1-metýl-2-pýrrólídínón,

l. díoktýlmaleat,

m. etýlhexýlakrýlat,

n. tríetýlál (TEA), trímetýlál (TMA) og önnur loftkveikjandi málmalkýl og arýl af litíum, natríum, magnesíum, sinki eða bóri,

o. nítrósellulósi,

p. nítróglýserín (eða glýseróltrínítrat, trínítróglýserín) (NG),

q. 2,4,6-trínítrótólúen (TNT),

r. etýlendíamíndínítrat (EDDN),

s. pentaerýtrítóltetranítrat (PETN),

t. blýasíð, venjulegt blýstýfnat og basískt blýstýfnat og eingreind sprengiefni eða kveikjuhleðslublöndur sem innihalda asíð eða asíð cf flóka,

u. tríetýlenglýkóldínítrat (TEGDN),

v. 2,4,6-trínítróresorsínól (stypnínsýra),

w. díetýldífenýlúrea, dímetýldífenýlúrea, metýletýldífenýlúrea (Centralites),

x. N,N-difenýlúrea (ósamhverf difenýlúrea),

y. metýl-N,N-difenýlúrea (metýl-ósamhverf difenýlúrea),

z. etýl-N,N-difenýlúrea (etýl-ósamhverf difenýlúrea),

aa. 2-nítródífenýlamín (2-NDPA),

bb. 4-nítródífenýlamín (4-NDPA),

cc. 2,2-dínítrópropanól,

dd. nítrógúanídín (sjá 1C011.d á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi).

ML9 **Herskip, sérstakur búnaður fyrir skip og fylgihlutir, sem hér segir, ásamt íhlutum þeirra, sérhannað til hernaðarnota:**

Ath.: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11, Athugasemd 7.

a. stríðsskip og skip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérhönnuð eða breytt til árása eða varna, hvort sem þeim hefur verið breytt til annarra nota en hernota eða ekki, án tillits til stöðu yfirstandandi viðgerðar eða rekstrarástands og þess hvort þau eru með skotbúnað eða brynvörn eða ekki, og skipsskrokkar eða skrokkhlutar þess háttar skipa,

b. vélar og knúningskerfi, sem hér segir:

1. dísilvélar sérhannaðar fyrir kafbáta með hvort tveggja eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru 1,12 MW (1500 hp) eða þar yfir og

b. snúningshraða sem er 700 rpm eða meiri,

2. rafvélar, sérhannaðar fyrir kafbáta sem hafa allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru yfir 0,75 MW (1000 hp),

b. snögga stefnuskiptingu fram og aftur,

c. vökvakælingu og

d. eru alveg lokaðar,

3. óseglanlegar dísilvélar, sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, með vélaraflsafköst sem eru 37,3 MW (50 hp) eða meiri og óseglanlegt innihald sem er yfir 75% af heildarmassa,

4. kerfi með knúningsafli sem er óháð lofti, sérhönnuð fyrir kafbáta,

Tæknileg athugasemd

„knúningsafl óháð lofti“ gerir kleift að starfrækja knúningsaflskerfi kafbáts án aðgangs að súrefni andrúmsloftsins lengur en annars hefði verið unnt með rafhlöðunum. Þetta tekur ekki til kjarnorku.

c. leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar, sérhönnuð til hernaðarnota og stjórntæki fyrir þau,

d. kafbáta- og tundurskeytanet,

e. ekki notað,

f. gegnumtök á bol og tengibúnaður, sérhannað til hernaðarnota, sem gera milliverkun mögulega við búnað utan skips,

Athugasemd *Í ML9.f. er m.a. gerð tengibúnaðar fyrir skip með einleiðara, fjölleiðara, samásaleiðara eða ölduleiðara og gegnumtök á bol fyrir skip, en hvert tveggja er með rakaþétt ytra byrði og heldur nauðsynlegum eiginleikum á dýpi yfir 100 m og með ljósleiðaratengi og sjóntæknileg gegnumtök á bol, sérhönnuð fyrir ‚leysi'-geislasendingar, án tillits til dýptar. Tekur ekki til venjulegra drifskafta og vökvastýrðra stýripinna í gegnumtökum á bol.*

g. hljóðlausar legur með gashengsli eða segulhengsli, virka ummerkjastýringu eða titringsbælingarstýringu, ásamt búnaði sem hefur fyrrnefndar legur, sérhannað til hernaðarnota.

ML10 **‚Loftför', ‚farartæki léttari en andrúmsloftið', ómönnuð loftfarartæki, flughreyflar og búnaður fyrir ‚loftför', skyldur búnaður og íhlutir í hann, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, sem hér segir:**

Ath.: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11, Athugasemd 7.

a. orrustu-‚loftför' og sérhannaðir íhlutir í þau,

b. önnur ‚loftför' og ‚farartæki léttari en andrúmsloftið', sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, þ.m.t. til könnunar í hernaðarlegum tilgangi, árása, herþjálfunar, flutninga og niðursendingar fallhlífahermanna eða hergagna með og úr loftfari, til stuðnings birgðaflutninga, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

c. ómönnuð loftfarartæki og skyldur búnaður, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

1. ómönnuð loftfarartæki, þ.m.t. fjarstýrð loftfarartæki (RPV), sjálfstýrð, forritanleg farartæki og ‚farartæki léttari en andrúmsloftið',

2. tilheyrandi skotkerfi og stoðbúnaður á jörðu niðri,

3. tengdur skipana- og stjórnbúnaður,

d. flughreyflar, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

e. tækjabúnaður í loftfari, þ.m.t. búnaður til eldsneytistöku á flugi, sérhannaður til nota í tengslum við þau ‚loftför' sem undirliður ML10.a eða ML10.b gildir um eða þá flughreyfla sem undirliður ML10.d gildir um, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

f. þrýstingsáfyllarar, þrýstingsáfyllingarbúnaður, búnaður sem er sérhannaður til að auðvelda aðgerðir í lokuðum rýmum og tæki á jörðu niðri, sérhannað fyrir ‚loftför' sem undirliður ML10.a eða ML10.b gildir um eða fyrir flughreyfla sem undirliður ML10.d gildir um,

g. brotlendingarhjálmar og hlífðargrímur fyrir hermenn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, þrýstijafnaður öndunarbúnaður og fatnaður að hluta þrýstijafnaðir til nota í ‚loftförum', fatnaður til að verjast þyngdaraflinu, breytar fyrir fljótandi súrefni sem notaðir eru í ‚loftför' eða flugskeyti og slöngvibúnaður og skothylkisdrifinn neyðarbúnaður sem gerir mönnum kleift að sleppa út úr ‚loftfari',

h. fallhlífar og tengdur búnaður til nota fyrir bardagaliða, til að senda niður farm eða til að draga úr hraða ‚loftfars', sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra:

1. fallhlífar til:

a. nákvæmrar niðursendingar sérsveita,

b. niðursendingar fallhlífarhermanna,

2. farmfallhlífar,

3. svifvængir, hemlunarfallhlífar, hraðajöfnunarfallhlífar til að halda stöðugum og stýra hæð niðursendra hluta (t.d. björgunarhylkja, slöngvisæta, sprengna),

4. hraðajöfnunarfallhlífar (*drogue parachutes*) til nota með slöngvisætakerfum til að stýra útbreiðslu- og útþenslusfylgd neyðarfallhlífa,

5. björgunarfallhlífar fyrir stýriflaugar, dróna eða geimfarartæki,

6. innflugsfallhlífar og hemlunarfallhlífar í lendingu,

ML10 h.*(frh)*

7. aðrar herfallhlífar,

8. búnaður, sérhannaður fyrir fallhlífastökkvara í háloftunum (t.d. samfestingar, sérstakir hjálmar, öndunarkerfi, leiðsögutæki),

i. sjálfvirk stýrikerfi fyrir farm, sem varpað er niður í fallhlíf, búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota fyrir stökk með opnunarstýringu úr hvaða hæð sem er, þ.m.t. súrefnistæki.

Athugasemd 1 *ML10.b gildir ekki um ‚loftför' eða afbrigði af þeim ‚loftförum' sem sérhönnuð eru til hernaðarnota og*

a. eru ekki löguð til hernaðarnota og ekki búin tækjum eða aukabúnaði sem eru eða er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota og

b. eru vottuð til almenningsnota af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í ríki sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu.

Athugasemd 2 *ML10.d gildir ekki um:*

a. flughreyfla sem eru hannaðir eða breyttir til hernaðarnota og flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í ríki, sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu, hafa vottað til nota í ‚almenningsloftfari', eða sérhannaða íhluti þeirra,

b. strokkhreyfla eða sérhannaða íhluti þeirra, nema þá sem eru sérhannaðir í ómönnuð loftfarartæki.

Athugasemd 3 *Viðeiganleiki ML10.b. og ML10.d. að því er varðar sérhannaða íhluti og tengdan búnað fyrir almenn ‚loftför' eða flughreyfla, sem breyttir eru til hernaðarnota, gildir aðeins um þá íhluti til hernaðarnota og hertengdan búnað sem nauðsynlegur er fyrir breytingar til hernaðarnota.*

ML11 **Rafeindabúnaður sem ekki lýtur útflutningseftirliti samkvæmt öðrum liðum sameiginlegs hergagnalista ESB, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans:**

a. rafeindabúnaður, sérhannaður til hernaðarnota,

Athugasemd *ML11 gildir um eftirfarandi:*

1. gagnaðgerða- og gagn-gagnaðgerðarafeindabúnað (þ.e. tæki sem hönnuð eru til að framkalla framandi eða villandi merki í ratsjám eða þráðlausum fjarskiptatækjum eða til að hindra á annan hátt viðtöku, starfrækslu eða virkni rafeindaviðtökubúnaðar andstæðinga, þ.m.t. gagnaðgerðabúnaður þeirra), þ.m.t. búnaður til truflunarsendinga og gagntruflunarsendinga,

2. tíðnisnarpa myndlampa,

3. rafeindakerfi eða -búnað sem er annaðhvort hannaður til eftirlits og vöktunar á rafeindasegulsviðinu til að afla hernaðarlegra upplýsinga eða í öryggisskyni eða til að sporna gegn þess háttar eftirliti eða vöktun,

4. gagnaðgerðir undir yfirborði vatns/sjávar, m.a. blekkingaraðgerðir með hljóð- og segultruflunum, og búnað til að kalla fram framandi og röng merki í hljóðsjám,

5. öryggisbúnað fyrir gagnavinnslu, gagnaöryggisbúnað og öryggisbúnað á útsendingar- og merkjalínu, með dulkóðun,

6. kennslu- og staðfestingarbúnað og lykilhleðslubúnað og lykilstjórnun, framleiðslu- og dreifibúnað,

ML11 a.*Athugasemd(frh.)*

7. leiðsögu- og siglingabúnað,

8. stafrænan búnað fyrir fjarskipti með tvístrun rafsegulbylgna í veðrahvolfinu,

9. stafræna afmótara, sérhannaðir fyrir leynilegar merkjasendingar.

b. truflunarbúnaður fyrir hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS).

ML12 **Háhraðavopnakerfi og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. hreyfiorkuvopnakerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því,

b. sérhannaður prófunar- og matsbúnaður og prófunarlíkön, þ.m.t. greiningartæki og skotmörk, fyrir virka prófun á hreyfiorkuskeytum og -kerfum,

Ath.: Um vopnakerfi, sem nota undirhlaupvíddarskotfæri eða nýta einvörðungu kemískt knúningsafl, og skotfæri fyrir þau, sjá ML1 til ML4.

Athugasemd 1 Í ML12 er m.a. eftirfarandi búnaður þegar hann er sérhannaður fyrir hreyfiorkuvopnakerfi:

a. skotknúningskerfi með meiri massahröðun en 0,1 g að hraða umfram 1,6 km/s, í einvirkum eða hraðvirkum skotham,

b. aðalorkuframleiðsla, rafbrynja, orkugeymsla, hitastýring, meðferð, skipti- eða meðferðarbúnaður eldsneytis; og raftengibúnaður milli aflgjafa, byssu og annarrar starfsemi rafdrifinna byssustæða,

c. markábending, markfylgni, skotstýring eða tjónamatskerfi,

d. kerfi með sjálfstýrðri skotmarksleit, stýranlegu eða stefnubreytanlegu (hliðarhröðun) knúningsafli fyrir flugskeyti.

Athugasemd 2 ML12 gildir um vopnakerfi knúin með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

a. rafsegulknúin,

b. rafhitaknúin,

c. rafgasknúin,

d. léttgasknúin eða

e. knúin íðefnum (þegar þau eru notuð í samsetningum með einhverju af ofangreindu).

ML13 **Búnaður, mannvirki og íhlutir með brynvörn eða til hlífðar sem hér segir:**

a. brynvarnarplötur sem hér segir:

1. framleiddar samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum eða

2. henta til hernaðarnota,

ML13 (frh.)

b. mannvirki úr málmi eða málmlausu efni, eða samsetningar þeirra, sérhönnuð til að veita hernaðarkerfum skothelda vörn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

c. hjálmar, sem framleiddir eru samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða sambærilegum landsstöðlum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, þ.e. hjálmskel, fóður og stuðningspúðar,

d. brynklæði og hlífðarfatnaður, framleidd eftir herstöðlum eða -tæknilýsingum, eða samsvarandi, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

Athugasemd 1 *ML13.b tekur til efna sem eru sérhönnuð til að mynda sprengjuviðnámsvörn eða til að smíða herskýli.*

Athugasemd 2 *ML13.c. gildir ekki um venjulega stálhjálma, hvorki breytta eða hannaða fyrir einhvers konar viðbótarbúnað né með þannig búnaði.*

Athugasemd 3 *ML13.c. og d. gilda ekki um hjálma, brynklæði eða hlífðarfatnað, þegar notandi hefur hann með sér til persónulegrar varnar fyrir sjálfan sig.*

Athugasemd 4 *Einu hjálmarnir, sem eru sérhannaðir fyrir sprengjueyðingarliða og ML13 gildir um, eru þeir sem sérhannaðir eru til hernaðarnota.*

Athugasemd 1 *Sjá einnig færslu 1A005 í á lista ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Athugasemd 2 *Um ‚trefja- eða þráðefni', sem notað er í framleiðslu brynklæða og hjálma, sjá færslu 1C010 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

ML14 **Sérhæfður búnaður til herþjálfunar eða fyrir hernaðarlegar hermisviðsmyndir, hermar sérhannaðir til þjálfunar í notkun skotvopna eða vopn sem ML1 eða ML2 gildir um, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra.**

Tæknileg athugasemd

Hugtakið ‚sérhæfður búnaður til herþjálfunar' tekur til eftirfarandi af þeirri gerð sem herir nota: herárásarþjálfa, aðgerðaflugsþjálfa, ratsjárskotmarksþjálfa, ratsjárskotmarksgjafa, skyttuþjálfunarbúnaðar, þjálfa fyrir hernað gegn kafbátum, flugherma (þ.m.t. miðflóttaaflsbómur til þjálfunar flugmanna/geimfara), ratsjárþjálfa, blindflugsþjálfa, leiðsögutækjaþjálfa, flugskeytaskotþjálfa, miðunarbúnaðs, dróna-,loftfara', vopnabúnaðarþjálfa, þjálfa fyrir flugmannslaus ‚loftför', færanlegra þjálfunareininga og þjálfunarbúnaðar fyrir hernaðaraðgerðir á landi.

Athugasemd 1 *ML14 tekur til myndgerðarkerfa og gagnvirkra umhverfiskerfa fyrir herma þegar þau eru sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota.*

Athugasemd 2 *ML14 gildir ekki um búnað sem er sérhannaður til þjálfunar í notkun veiðivopna eða vopna sem notuð eru í íþróttum.*

ML15 **Myndbúnaður eða búnaður til gagnaðgerða, sem hér segir, sérhannaður til nota í hernaði, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. upptöku- og myndvinnslubúnaður,

b. myndavélar, ljósmyndabúnaður og filmuvinnslubúnaður,

ML15 *(frh.)*

c. búnaður til myndskerpingar,

d. innrauður búnaður eða hitabúnaður til skoðunar,

e. ratsjárnemar með myndbúnaði,

f. gagnaðgerða- eða gagn-gagnaðgerðabúnaður fyrir þann búnað sem tilgreindur er í ML15.a til ML15.e,

Athugasemd *Í ML15.f. er m.a. fjallað um tæki sem hönnuð eru til að hamla starfsemi eða virkni hernaðarlegra myndkerfa eða draga sem mest úr þess háttar hömlunaráhrifum.*

Athugasemd 1 *hugtakið ‚sérhannaðir íhlutir‘ tekur til eftirfarandi þegar þeir eru sérhannaðir til hernaðarnota:*

a. innrauðir myndbreytilampar,

b. myndskerpingarlampar (þó ekki af fyrstu kynslóð),

c. örrásaplötur,

d. sjónvarpsmyndavélalampar fyrir litla lýsingu,

e. skynjarakerfi (þ.m.t. rafeindatæknileg samtengingar- eða aflestrarkerfi),

f. fúrrafeindasjónvarpsmyndavélalampar (pyroelectric television camera tubes),

g. kælikerfi fyrir myndkerfi,

h. rafstýrðir lokar til dekkingar eða litbreytingar (photochromic) eða sem byggjast á samspili rafsegulsviðs og rafeinda (electro-optical) og hafa lokunarhraða sem er undir 100 µs, nema um sé að ræða loka sem eru mikilvægur hluti háhraðamyndavélar,

i. ljósleiðaratæknileg myndsnúningstæki,

j. samsett hálfleiðaraljósskaut.

Athugasemd 2 *ML15 gildir ekki um ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð‘ eða búnað sem er sérhannaður fyrir ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð‘.*

Ath.: *Um flokkun vopnamiða sem innihalda ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð‘, sjá ML1, ML2 og ML5.a .*

Ath.: *Sjá einnig 6A002.a.2 og 6A002.b á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

ML16 **Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur sem hægt er að þekkja af efnasamsetningu, lögun eða virkni þegar þær eru notaðar í vörum sem lúta útflutningseftirliti og eru sérhannaðar fyrir allar vörur sem liðir ML1 til ML4, ML6, ML9, ML10, ML12 eða ML19 gilda um.**

ML17 **Ýmis konar búnaður, efni og ‚gagnasöfn‘, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. tækjabúnaður til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar, sem hér segir:

1. búnaður með lokaðri eða hálflokaðri hringrás (enduröndun), sérhannaður til hernaðarnota (þ.e. sérhönnuð, ósegluð gerð),

ML17 a.*(frh.)*

2. sérhannaðir íhlutir til nota við breytingu á tækjum með opinni hringrás til hernaðarnota,

3. hlutir einvörðungu hannaðir til hernaðarnota með tækjabúnað til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar,

b. vinnuvélar og -tæki, sérhönnuð til hernaðarnota,

c. tengihlutir, þekjuefni og meðhöndlun til ummerkjaleyndar, sérhannað til hernaðarnota,

d. tækjabúnaður mannvirkjadeildar hers á vettvangi, sérhannaður til nota þar sem bardagar eru háðir,

e. ‚þjarkar', ‚þjarka'-stjórnbúnaður og ‚þjarka'-‚snertlar' sem hafa einhverja eftirfarandi eiginleika:

1. sérhannað til hernaðarnota,

2. með búnað til að verja vökvaleiðslur gegn utanaðkomandi götun af völdum skotbrota (t.d. með sjálfvirkri þéttingu á leiðslunum) sem er hannaður fyrir vökvakerfisvökva með blossamarki yfir 839 K (566 °C) eða

3. sérhannað eða flokkað til að virka í umhverfi með rafsegulhöggum (EMP),

f. ‚gagnasöfn' (stikaðir tæknigagnagrunnar), sérhönnuð til hernaðarnota með búnað sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB,

g. búnaður til kjarnorkuframleiðslu eða knúningsbúnaður, þ.m.t. ‚kjarnakljúfar', sérhannaður til hernaðarnota og íhlutir til hans, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota,

h. búnaður og efni, húðuð eða meðhöndluð til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota, þó ekki þau sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt öðrum liðum sameiginlegs hergagnalista ESB,

i. hermar, sérhannaðir fyrir ‚kjarnakljúfa' til hernaðarnota,

j. færanleg viðgerðarverkstæði, sérhönnuð eða breytt til að þjónusta herbúnað,

k. rafalar til nota á vettvangi, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota,

l. gámar, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota,

m. ferjur, sem ekki lúta útflutningseftirliti samkvæmt öðrum liðum sameiginlegs hergagnalista ESB, brýr og dýpkunarprammar, sérhönnuð til hernaðarnota,

n. prófunarlíkön, sérhönnuð til ‚þróunar' hluta sem tilgreindir eru í ML4, ML6, ML9 eða ML10,

o. leysivarnarbúnaður (t.d. augn- og skynjarahlífar), sérhannaður til hernaðarnota.

Tæknileg athugasemd

1. Að því er varðar ML17 merkir hugtakið 'gagnasafn' (stikaður tæknigagnagrunnur) safn tækniupplýsinga hernaðarlegs eðlis og hagnýting þess getur aukið afköst herbúnaðar eða hernaðarkerfa.

2. Að því er varðar ML17 merkir 'breyttur' hvers kyns byggingarfræðilegar, raffræðilegar og vélfræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gera hlut, sem er ekki til notkunar í hernaði, að hlut sem er sérhannaður til hernaðarnota.

ML18 **Búnaður til framleiðslu vara sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt öðrum liðum sameiginlegs hergagnalista ESB, sem hér segir:**

a. sérhannaður eða breyttur ‚framleiðslu'-búnaður fyrir ‚framleiðslu' vara sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

b. sérhönnuð aðstaða til umhverfisprófunar og sérhannaður búnaður til hennar vegna vottunar, hæfismats eða prófunarvara sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB.

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML18 felur hugtakið 'framleiðsla' í sér hönnun, rannsókn, framleiðslu, prófun og eftirlit.

Athugasemd *ML18.a og ML18.b taka til eftirfarandi búnaðar:*

a. sívirkra tækja til köfnunarefnissýringar,

b. skilvinduprófunartækja eða -búnaðar sem hefur einhvern eftirfarandi eiginleika:

1. knúinn vél eða vélum með flokkaðan heildarhestaflafjölda yfir 298 kW (400 hp),

2. með getu til að bera farmþunga sem er 113 kg eða þar yfir eða

3. með getu til 8 g skilvinduhröðunar, eða þar yfir, með 91 kg farmþunga eða þar yfir,

c. vatnssneyðingarpressa,

d. skrúfuútþrýstingspressa sem eru sérhannaðar eða breyttar fyrir sprengiútþrýsting til hernaðarnota,

e. skurðarvéla til að flokka útþrýstingsdrifefni eftir stærð,

f. sælgætistunna (tromla) sem eru 1,85 m í þvermál eða þar yfir og með yfir 227 kg innihaldsrými,

g. sívirkra blandara fyrir föst drifefni,

h. kvarna, sem eru knúnar fljótandi eldsneyti, til að mylja eða mala innihaldsefni sprengiefna til hernaðarnota,

i. búnaðar til fá fram bæði kúlulögun og jafna eindastærð í málmpúðri sem er skráð í ML8.c.8,

j. varmaburðarstraumsbreyta fyrir breytingu efna sem skráð eru á lista í ML8.c.3.

ML19 **Vopn sem nota stefnuvirka orku (DEW) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön cf , sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra:**

a. ‚leysi'-kerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því,

b. eindageislakerfi sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því,

c. háorkuútvarpstíðnikerfi (RF) sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því,

ML19 *(frh.)*

d. búnaður sem er sérhannaður til að finna eða bera kennsl á eða til varnar gegn kerfum sem tilgreind eru í ML19.a til ML19.c,

e. hlutkennd prófunarlíkön fyrir þau kerfi, þann búnað og þá íhluti sem þessi liður gildir um,

f. ‚leysi'-kerfi með samfelldri bylgju- eða höggvirkni, sérhönnuð til að valda varanlegri blindu á óvörðum augum, þ.e. berum augum eða augum með leiðréttandi sjóntækjum.

Athugasemd 1 *Í DEW-kerfum, sem liður ML19 gildir um, eru kerfi sem byggja getu sína á stýrðri notkun:*

a. ‚leysigeisla' sem hafa nægilegt, samfellt bylgju- eða höggafl til að valda sambærilegri eyðingu og hefðbundin skotfæri,

b. eindahraðla sem skjóta hlöðnum eða óhlöðnum eindageislum sem hafa eyðingarmátt,

c. hátíðnisendar með öflugum eða meðalöflugum útsendingargeisla sem myndar orkusvið sem eru nægilega öflug til að gera rafeindabúnað í fjarlægu skotmarki óvirkan.

Athugasemd 2 *ML19 tekur til eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir vopnakerfi sem nota stefnuvirka orku:*

a. búnaður til aðalaflsframleiðslu, orkugeymslu, umskiptingar, orkumeðferðar eða meðhöndlunar eldsneytis,

b. markábendingar- eða markfylgnikerfi,

c. kerfi sem geta metið tjón á skotmarki, eyðingu þess eða bægingu árásar frá því,

d. búnaður til að stýra, útbreiða eða beina geislum,

e. búnaður með hraðvirkum geislasnúningi fyrir hraðvirkar aðgerðir gegn mörgum skotmörkum,

f. aðlögunarhæf ljóstæknileg kerfi og fasasameiningartæki,

g. strauminnspýtar fyrir neikvæða vetnisjónageisla,

h. ‚geimhæfir' hröðunaríhlutir,

i. útstreymisbúnaður fyrir neikvæða jónageisla,

j. búnaður til að stjórna og snúa háorkujónageisla,

k. ‚geimhæfar' þynnur til að afhlaða neikvæða vetnissamsætugeisla.

ML20 **Lághitabúnaður og ‚ofurleiðara'-búnaður, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. sérhannaður eða samstilltur búnaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum, sem getur starfað á hreyfingu og framleit eða viðhaldið hitastigi undir 103 K (– 170 °C),

Athugasemd *Í ML20.a. er m.a. fjallað um farkerfi sem eru búin eða nýta fylgihluti eða íhluti sem framleiddir eru úr efnum sem eru ekki úr málmi eða leiða ekki rafmagn, s.s. plasti eða efnum sem eru gegndreypt epoxý.*

ML20 *(frh.)*

b. ‚ofurleiðandi' rafbúnaður (snúningsvélar og spennubreytar), sérhannaður eða lagaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, legi, í lofti eða í geimnum og getur starfað á hreyfingu.

Athugasemd *ML20.b. gildir ekki um einpóla jafnstraumsrafala af blendingsgerð sem eru með einpóla snúða úr venjulegum málmi sem snúast í segulsviði sem ofurleiðaraspólur framleiða, að því tilskildu að þessar spólur séu eini ofurleiðaraíhluturinn í rafalnum.*

ML21 **‚Hugbúnaður' sem hér segir:**

a. ‚hugbúnaður' sem er sérhannaður eða breyttur fyrir ‚þróun', ‚framleiðslu' eða ‚notkun' búnaðar, efna eða ‚hugbúnaðar' sem sem lýtur útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB,

b. sérstakur ‚hugbúnaður', sem hér segir:

1. ‚hugbúnaður', sérhannaður:

a. til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,

b. til ‚þróunar', vöktunar, viðhalds eða uppfærslu ‚hugbúnaðar' sem er innfelldur í vopnakerfi herja,

c. til líkanagerðar eða hermunar með tilliti til atburðarásar í hernaði,

d. fyrir yfirstjórn, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C 3I) eða yfirstjórn, fjarskipti, stjórn, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C^4I),

2. ‚hugbúnaður' til að ákvarða áhrif hefðbundinna vopna, kjarnavopna eða vopna í sýklahernaði,

3. ‚hugbúnaður', sem undirliður ML21.a, b.1 eða b.2 gildir um, sérhannaður eða breyttur til að unnt sé að nota búnað, sem lýtur ekki útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB, til að gegna hernaðarlegu hlutverki tækjabúnaðar sem lýtur útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB.

ML22 **‚Tækni' sem hér segir:**

a. ‚tækni', önnur en sú sem er tilgreind í ML22.b, sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' hluta sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB,

b. ‚tækni' sem hér segir:

1. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' fyrir hönnun, samsetningu íhluta í og rekstur, viðhald og viðgerðir fullbúinna framleiðslukerfa fyrir hluti, sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB, jafnvel þótt íhlutir þess háttar framleiðslukerfa lúti ekki því útflutningseftirliti,

2. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar' og ‚framleiðslu' handvopna, jafnvel þótt hún sé notuð til að framleiða eftirlíkingar af fornum handvopnum,

ML22 b.*(frh.)*

3. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' eiturefna, tengds búnaðar eða íhluta sem undirliðir ML7.a til ML7.g gilda um,

4. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' ‚líffjölliða' eða ræktunar tiltekinna frumna sem undirliður ML7.h gildir um,

5. ‚tækni' sem einungis er ‚nauðsynleg' til ísetningar ‚lífefnahvata', sem undirliður ML7.i.1 gildir um, í burðarefni eða efni til hernaðar.

Athugasemd 1 *‚Tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' hluta, sem lúta útflutningseftirliti samkvæmt sameiginlegum hergagnalista ESB, er áfram undir eftirliti, jafnvel þegar hún á við um hvers kyns hluti sem lúta ekki fyrrnefndu útflutningseftirliti.*

Athugasemd 2 *Liður ML22 gildir ekki um ‚tækni' sbr. eftirfarandi:*

a. ‚tækni', sem er hvað minnst nauðsynleg vegna uppsetningar, reksturs, viðhalds (eftirlits) og viðgerðar þeirra hluta sem eru ekki undir eftirliti eða hefur verið heimilað að flytja út,

b. cf ‚tækni' sem er ‚almenningseign', notuð í þágu ‚vísindalegra grunnrannsókna' eða er hvað minnst nauðsynleg sem upplýsingar vegna einkaleyfisumsókna,

c. ‚tækni' til að nýta segulspan fyrir samfelldan knúning almenningsfarartækja.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/80/ESB **2013/EES/56/55**

frá 22. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ([1]), einkum 13. gr. hennar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2009/43 tekur til allra varnartengdra vara sem svara til þeirra sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 19. mars 2007.

2) Hinn 15. febrúar 2010 samþykkti ráðið uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins ([2]).

3) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB með listanum yfir varnartengdar vörur.

4) Með skírskotun til samræmis ber aðildarríkjunum að beita þeim ákvæðum sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari frá sama degi og þeim ákvæðum sem nauðsynleg eru til að fylgja tilskipun 2009/43/EB.

5) Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit nefndarinnar er um getur í 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi viðaukinn við tilskipun þessa.

2. gr.

Lögleiðing.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þeirra laga og fyrirmæla.

Fyrrnefnd ákvæði gilda frá 30. júní 2012.

Þegar aðildarríki samþykkja fyrrnefnd ákvæði skal vera í þeim vísun til tilskipunar þessarar eða þeim fylgi slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu ákveða með hvaða hætti fyrrnefnd tilvísun er sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 69, 18.3.2010, bls. 19.

VIÐAUKI

LISTI YFIR VARNARTENGDAR VÖRUR

Athugasemd 1: *Hugtök innan ‚gæsalappa' eru skilgreind hugtök. Vísað er til ‚Skilgreiningar hugtaka' sem fylgir í viðauka við þennan lista.*

Athugasemd 2: *Í sumum tilvikum eru íðefni skráð eftir heiti og CAS-númeri. Listinn gildir um íðefni sem hafa sömu byggingarformúlu (þ.m.t. hýdröt) án tillits til heitis eða CAS-númers. CAS-númer fylgja til að auðveldara sé að bera kennsl á tiltekið íðefni eða efnablöndu, án tillits til nafnakerfis. Ekki er unnt að nota CAS-númer sem sérauðkenni vegna þess að sumar myndir hinna skráðu íðefna hafa mismunandi CAS-númer og efnablöndur, sem innihalda skráð íðefni, geta einnig haft mismunandi CAS-númer.*

ML1 **Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er minni en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd (0,5 tommu hlaupvídd) eða minni og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. rifflar, karabínur, marghleypur, skammbyssur, vélskammbyssur og vélbyssur:

Athugasemd: *ML1.a gildir ekki um eftirfarandi:*

a. framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938,

b. eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,

c. marghleypur, skammbyssur og vélbyssur sem framleiddar eru fyrir 1890 og eftirlíkingar þeirra,

b. vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

1. vopn með óriffluðu hlaupi, sérhönnuð til hernaðarnota,

2. önnur vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

a. alsjálfvirk vopn,

b. hálfsjálfvirk vopn eða vopn með pumpu,

c. vopn fyrir skotfæri án skothylkja,

d. hljóðdeyfar, byssustæði, skothylkjaklemmur, vopnamið og blossadeyfar fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1.a, ML1.b eða ML1.c.

Athugasemd 1: *ML1 gildir ekki um vopn með óriffluðu hlaupi sem notuð eru til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða vera alsjálfvirk.*

Athugasemd 2: *ML1 gildir ekki um skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir gerviskotfæri og ekki er unnt að nota til að hleypa af skotfærum sem tilgreind eru í ML3.*

Athugasemd 3: *ML1 gildir ekki um vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. non-centre fire) og eru ekki alsjálfvirk.*

Athugasemd 4: *ML1.d gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með fjórfaldri stækkun eða minni, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða að þeim hafi verið breytt til hernaðarnota.*

ML2 **Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er meiri en 20 mm, önnur vopn og vopnabúnaður með meiri en 12,7 mm (0,5 tommu hlaupvídd), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með óriffluðu hlaupi og tæki til að hylja ummerki um þessi vopn,

Athugasemd 1: *ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir hvern þann búnað sem tilgreindur er í ML2.a.*

Athugasemd 2: *ML2.a gildir ekki um eftirtalin vopn:*

1. Framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938.

2. Eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.

Athugasemd 3: *ML2.a gildir ekki um beranleg skotkerfi, sem sérhönnuð eru til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni.*

b. vörpur til að varpa reyk-, gas- eða flugeldahylkjum eða tæki til að mynda þess háttar efni, sérhönnuð eða umbreytt til hernaðarnota,

Athugasemd: *ML2.b gildir ekki um merkjabyssur,*

c. vopnamið,

d. festingar sem eru sérhannaðar fyrir vopnin sem tilgreind eru í ML2.a.

ML3 **Skotfæri og kveikistillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. skotfæri fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML12,

b. kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem tilgreind eru í ML3.a.

Athugasemd 1: *Sérhannaðir íhlutir, sem tilgreindir eru í ML3, eru m.a.:*

a. Málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri,

b. öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,

c. aflgjafar með hárri einnotavirkni,

d. Brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur,

e. dreifisprengjur (e. submunitions), þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og lítil tundurdufl og markstýrð skeyti.

Athugasemd 2: *ML3.a gildir ekki um skotfæri án skeytis (blank star) og gerviskotfæri með götuðu púðurhólfi.*

ML3 b (framhald)

Athugasemd 3: *ML3.a gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð í hverjum þeim tilgangi sem hér segir:*

a. til merkjasendinga,

b. til fuglafælingar eða

c. til að kveikja gasloga á olíubrunnum.

ML4 **Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengibúnaður og sprengihleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

Ath.1: *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

Ath. 2: *Um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS), sjá ML4.c.*

a. sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður, eyðingarsamstæður, búnaður fyrir ‚flugeldavörur', skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum hverja þessara hluta sem er), einkum til hernaðarnota,

Athugasemd: *Í ML4.a kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnaður,

b. útblásturrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.

b. búnaður þar sem allt eftirfarandi á við:

1. sérhannaður til hernaðarnota og

2. sérhannaður til að meðhöndla, stjórna, virkja, gefa afl með hárri einnotavirkni, skjóta, leggja niður, slæða, sleppa, ginna, trufla, sprengja, tvístra, eyða eða greina eitthvað af eftirfarandi:

a. hluti sem tilgreindir eru í ML4.a eða

b. heimatilbúinn sprengjubúnað (IED),

Athugasemd 1: *Í ML4.b. kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. færanlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1000 kg eða meira á dag af gasi í fljótandi formi,

b. flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða seguldufl.

Athugasemd 2: *ML4.b gildir ekki um beranleg tæki sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli tundurdufla og annarra málmhluta.*

c. varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS).

Athugasemd: *ML4.c gildir ekki um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum sem eru með allt eftirfarandi:*

a. einhvern af eftirfarandi viðvörunarskynjurum gegn flugskeytum:

1. hlutlausa skynjara með hámarkssvörun milli 100-400 nm eða

2. virka Doppler-púlsskynjara til varnar gegn flugskeytum,

ML4 **c.** *Athugasemd: (framhald)*

b. dreifingarkerfi fyrir gagnaðgerðir til blekkingar,

c. blys sem eru bæði með sýnilegum og innrauðum ummerkjum til að ginna flaugar sem skotið er frá jörðu og

d. uppsett í ‚almenningsloftförum' og með allt eftirfarandi:

1. varnarkerfið (AMPS) er aðeins virkjanlegt í tilteknum ‚almenningsloftförum' þar sem hið sértæka varnarkerfi er upp sett og vegna þess hefur annað af eftirfarandi verið gefið út:

a. tegundarvottorð fyrir almenningsflug eða

b. jafngilt skjal sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur viðurkennt,

2. varnarkerfið (AMPS) notar vörn til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að ‚hugbúnaði' og

3. í varnarkerfinu (AMPS) er virkur búnaður sem gerir kerfið óstarfhæft þegar það er fjarlægt úr ‚almenningsloftfarinu' sem það var sett upp í.

ML5 **Skotstýringarbúnaður og tengdur viðbragðs- og viðvörunarbúnaður, ásamt tengdum kerfum, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir:**

a. vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi,

b. markbendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður, ásamt samþættingarbúnaði fyrir nema,

c. gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a eða ML5.b,

Athugasemd: *Að því er varðar ML5.c felur gagnaðgerðabúnaður í sér greiningarbúnað.*

d. vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a, ML5.b eða ML5.c.

ML6 **Landfarartæki og íhlutir sem hér segir:**

Ath. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. *landökutæki og íhlutir þeirra, sérhannað eða breytt til hernaðarnota,*

Tæknileg athugasemd.

Að því er varðar ML6.a falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

b. öll aldrifsökutæki sem hægt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

Ath. Sjá einnig ML13.a

Athugasemd 1: *Í ML6.a kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjalagningar eða til að skjóta hergögnum sem tilgreind eru í ML4,

b. brynvarin ökutæki,

ML6 *Athugasemd 1:* (framhald)

c. ökutæki fyrir láð og lög og haffær farartæki,

d. björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga, ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

Athugasemd 2: *Breytingar á landökutæki til hernaðarnota, sem tilgreindar eru í ML6.a, fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Slíkir íhlutir eru m.a. fólgnir í eftirfarandi:*

a. hlífar fyrir loftfyllta hjólbarða, sérhannaðar til að gera þær skotheldar eða til að dekkin geti gagnast þó loftið tæmist,

b. brynvörn fyrir mikilvæga hluta (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa ökutækis),

c. sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn,

d. myrkvunarljósker.

Athugasemd 3: *ML6 gildir ekki um borgaralegar bifreiðar eða flutningabíla sem gerðir eru eða hefur verið breytt til að flytja peninga eða verðmæti og eru með brynvörn eða skothelda vörn.*

ML7 **Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, ‚óeirðastjórnunarefni', geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni sem hér segir:**

a. líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, ‚aðlöguð að notkun í stríði' til að skaða menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu,

b. efni til efnahernaðar, m.a.:

1. taugaefni til notkunar í efnahernaði:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfónflúoríðöt, s.s.:

sarín (GB):O-ísóprópýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 107-44-8) og

sóman (GD):O-pínakólýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 96-64-0),

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl)-N,N-díalkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfóramídósýaníðöt, s.s.:

tabún (GA):O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýaníðat (CAS 77-81-6),

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónþíólöt og samsvarandi alkýleruð and róteinduð sölt, s.s.:

O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9),

2. efni til efnahernaðar sem brenna og éta:

a. brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfíð (CAS 2625-76-5),

2. bis(2-klóretýl)súlfíð (CAS 505-60-2),

ML7 b. 2. a. *(framhald)*

3. bis(2-klóretýlþió)metan (CAS 63869-13-6),

4. 1,2-bis(2-klóretýlþió)etan (CAS 3563-36-8),

5. 1,3-bis(2-klóretýlþió)-n-própan (CAS 63905-10-2),

6. 1,4-bis(2-klóretýlþió)-n-bútan (CAS 142868-93-7),

7. 1,5-bis(2-klóretýlþió)-n-pentan (CAS 142868-94-8),

8. bis(2-klóretýlþiómetýl)eter (CAS 63918-90-1),

9. bis(2-klóretýlþióetýl)eter (CAS 63918-89-8),

b. eiturgös (e. Lewisites), s.s.:

1. 2-klórvínyldíklórarsín (CAS 541-25-3),

2. tris(2-klórvínyl)arsín (CAS 40334-70-1),

3. bis(2-klórvínyl)klórarsín (CAS 40334-69-8),

c. köfnunarefnissinnep, s.s.:

1. HN1: bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8),

2. HN2: bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2),

3. HN3: tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1),

3. efni til efnahernaðar sem gera menn óvíga, s.s.:

a. 3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2),

4. laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:

a. bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF),

b. 2,4,5-tríklórfenoxýediksýra (CAS 93-76-5) blönduð með 2,4-díklórfenoxýediksýru (CAS 94-75-7) (Agent Orange (CAS 39277-47-9)),

c. tvígild forefni og lykilforefni til efnahernaðar sem hér segir:

1. alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:

spillistuðull (DF): metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3),

2. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C10, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl-(metýl, ethýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónít og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

QL: O-etýl-2-díísóprópýlamínóetýl-metýlfosfónít (CAS 57856-11-8),

ML7 c. *(framhald)*

3. klórsarín: O-ísóprópýl-metýlfosfónklórídat (CAS 1445-76-7),

4. klórsóman: O-pínakólýl-metýlfosfónklórídat (CAS 7040-57-5),

d. ‚óeirðastjórnunarefni', virk íðefni og blöndur þeirra, m.a.:

1. α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8),

2. [(2-klórfenýl) metýlen] própandínítríl, (o-klórbensýlídenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1),

3. 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4),

4. díbens-(b,f)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8),

5. 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (adamsít), (DM) (CAS 578-94-9),

6. N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9).

Athugasemd 1: *ML7.d gildir ekki um ‚óeirðastjórnunarefni' sem eru sérpökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.*

Athugasemd 2: *ML7.d gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra, sem eru auðkennd og pökkuð til matvælaframleiðslu eða lækninga.*

e. búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir hans:

1. efni eða áhrifavaldar sem tilgreindir eru í ML7.a, ML7.b eða ML7.d eða

2. efni til hernaðarnota úr forefnum sem tilgreind eru í ML7.c,

f. hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, íhlutir og efnablöndur sem hér segir:

1. búnaður sem er hannaður eða breyttur til varnar gegn efnum, sem tilgreind eru í ML7.a, ML7.b eða ML7.d, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

2. búnaður sem er hannaður eða breyttur til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum sem tilgreind eru í ML7.a eða ML7.b, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

3. efnablöndur sem eru þróaðar sérstaklega eða settar saman til afmengunar hluta sem mengast hafa af efnum sem tilgreind eru í ML7.a eða ML7.b,

Athugasemd: *Í ML7.f.1 kemur eftirfarandi fram m.a.:*

a. loftræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar,

b. hlífðarfatnaður.

Ath. Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu 1A004 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.

ML7 *(framhald)*

g. búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til að finna eða greina efni sem tilgreind eru í ML7.a, ML7.b eða ML7.d, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

Athugasemd: *ML7.g. gildir ekki um skammtamæla geislunarvaktara fyrir einstaklinga.*

Ath. Sjá einnig færslu 1A004 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.

h. ‚líffjölliður', sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem tilgreind eru í ML7.b og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær,

i. ‚lífhvatar' til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess sem hér segir:

1. ‚lífhvatar', sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna sem tilgreind eru í ML7.b, tilkomnir með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingu á lífrænum kerfum,

2. lífræn kerfi sem hér segir: ‚tjáningarferjur', veirur eða frumuræktun sem innihalda erfðafræðilegar upplýsingar sem varða sérstaklega framleiðslu ‚lífhvata' sem tilgreindir eru í ML7.i.1.

Athugasemd 1: *ML7.b og ML7.d gilda ekki um eftirfarandi:*

a. sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4), sjá 1C450.a.5 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi,

b. blásýra (CAS 74-90-8),

c. klór (CAS 7782-50-5),

d. karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5), sjá 1C450.a.4 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi,

e. difosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8),

f. ekki notað síðan 2004,

g. xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: CAS 104-81-4),

h. bensýlbrómíð (CAS 100-39-0),

i. bensýljoðíð (CAS 620-05-3),

j. brómaseton (CAS 598-31-2),

k. sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3),

l. brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0),

m. klóraseton (CAS 78-95-5),

ML7 *Athugasemd 1:* *(framhald)*

n. etýljoðasetat (CAS 623-48-3),

o. joðaseton (CAS 3019-04-3),

p. nítrógúanídín (CAS 76-06-2). Sjá 1C011.d. á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.

Athugasemd 2: *Frumuræktun og lífræn kerfi, sem tilgreind eru í ML7.h og ML7.i.2, eru einangruð fyrirbæri og þessir undirliðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til nota í almennum borgaralegum tilgangi, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaiðnaði.*

ML8 **‚Orkuefni' og skyld efni sem hér segir:**

Ath. 1. Sjá einnig 1C011 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.

Ath. 2. Um sprengjuhleðslur og búnað, sjá ML4 og 1A008 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.

Tæknilegar athugasemdir.

1. Að því er varðar ML8 merkir blanda samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirliðum ML8.

2. Hvers kyns efni sem skráð er í undirliðum ML8 fellur undir þennan lista, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en tilgreindur er (t.d. er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari).

a. ‚sprengiefni' sem hér segir og í blöndum með því:

1. ADNBF (amínódínítróbensófúroxan eða 7-amíno-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1),

2. BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínkóbalt (III) perklórat) (CAS 117412-28-9),

3. CL-14 (díamínódínítróbensófúroxan eða 5,7-díamíno-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1),

4. CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 135285-90-4); klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um ‚forefni' þess),

5. CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamín-kóbalt (III) perklórat) (CAS 70247-32-4),

6. DADE (1,1-díamíno-2,2-dínítróetýlen, FOX7) (CAS 145250-81-3),

7. DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6),

8. DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín),

9. DDPO (2,6-díamíno-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6),

10. DIPAM (3,3'-díamíno-2,2',4,4',6,6'-hexanítróbífenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0),

ML8 a. *(framhald)*

11. DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8),

12. fúrasön sem hér segir:

    a. DAAOF (díamínóasoxýfúrasan),

    b. DAAzF (díamínóasófúrasan) (CAS 78644-90-3),

13. HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5 að því er varðar ‚forefni') sem hér segir:

    a. HMX (Sýklótetrametýlentetranítramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasasýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0),

    b. díflúoraminerаðar hliðstæður HMX,

    c. K-55 (2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-[3,3,0]-oktanón-3, tetranítrósemíglýkóúríl eða ketó-bísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3),

14. HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9),

15. HNS (hexanítróstílben) (CAS 20062-22-0),

16. imídasól sem hér segir:

    a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)imídasó [4,5-d]ímídasól),

    b. DNI (2,4-dínítróimídasól) (CAS 5213-49-0),

    c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróimídasól),

    d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróimídasól),

    e. PTIA (1-píkrýl-2,4,5-trínítróimídasól),

17. NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín),

18. ADNBF (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón)) (CAS 932-64-9),

19. fjölnítrókúbön með fleiri en fjóra nítróhópa,

20. PYX (2,6-bis(píkrýlamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2),

21. RDX og afleiður sem hér segir:

    a. RDX (sýklótrímetýlentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4),

    b. ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasasýklóhexanón) (CAS 115029-35-1),

22. TAGN (tríamínógúanídínenítrat) (CAS 4000-16-2),

23. TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7 að því er varðar ‚forefni'),

24. TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díasósín),

ML8 a. *(framhald)*

25. tetrasól sem hér segir:

    a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól),

    b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól),

26. tetrýl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8),

27. TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6 að því er varðar ‚forefni'),

28. TNAZ (1,3,3-trínítróasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2 að því er varðar ‚forefni'),

29. TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7),

30. TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýrídasínó[4,5-d]pýrídasín) (CAS 229176-04-9),

31. tríasín sem hér segir:

    a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0),

    b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4),

32. tríasól sem hér segir:

    a. 5-asídó-2-nítrótríasól,

    b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasól-dínítramíð) (CAS 1614-08-0),

    c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól),

    d. BDNTA ([bis-dínítrótríasól]amín),

    e. DBT (3,3′-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4),

    f. DNBT (dínítróbístríasól) (CAS 70890-46-9),

    g. NTDNA (2-nítrótríasól 5-dínítramíð) (CAS 75393-84-9),

    h. NTDNT (1-N-(2-nítrótríasóló) 3,5-dínítrótríasól),

    i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríasól),

    j. TACOT (tetranítróbensótríasólóbensótríasól) (CAS 25243-36-1),

33. sprengiefni sem ekki eru annars staðar á lista í ML8.a og hafa eitthvað af eftirfarandi:

    a. meiri sprengihraða en 8700 m/s við hámarksþéttleika eða

    b. meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar),

34. lífræn sprengiefni sem ekki eru annars staðar á lista í ML8.a og hafa allt af eftirfarandi:

    a. hafa sprengiþrýsting sem er 25 GPa (250 kbar) eða hærri og

    b. halda stöðugleika við 523 K (250 °C) eða hærra hitastig í fimm mínútur eða lengur,

ML8 *(framhald)*

b. ‚drifefni' sem hér segir:

1. hvers kyns föst ‚drifefni' í flokki 1.1 í flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 250 sekúndur fyrir efnablöndur sem ekki eru málmgerðar eða lengur en 270 sekúndur fyrir álgerðar blöndur,

2. hvers kyns föst ‚drifefni' í flokki 1.3 í flokkunarkerfi SÞ með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 230 sekúndur fyrir efnablöndur, sem ekki eru halógengerðar, 250 sekúndur fyrir blöndur sem ekki eru málmgerðar og 266 sekúndur fyrir málmgerðar blöndur,

3. ‚drifefni' með aflfasta yfir 1200 kJ/kg,

4. ‚drifefni' sem geta þolað stöðugan, línulegan brunahraða sem er yfir 38 mm/s við staðalaðstæður (mælt með lötum einþráðungi) sem eru hvað þrýsting varðar 6,89 MPa (68,9 bör) og hvað hita varðar 294 K (21 °C),

5. teygjuefnisbreytt, steypt, tvíbotna (EMCDB) ‚drifefni' með hámarksteygjanleika sem er yfir 5 % við 233 K (- 40 °C) við hámarksálag,

6. ‚drifefni' sem innihalda efni sem tilgreind eru í ML8.a,

7. ‚drifefni' sem ekki eru skilgreind annars staðar í hergagnalista ESB, sérhönnuð til hernaðarnota,

c. ‚flugeldavörur', eldsneyti og skyld efni, sem hér segir, einnig í blöndum:

1. loftfarseldsneyti sem er sérstaklega samsett til hernaðarnota,

2. álan (álhýdríð) (CAS 7784-21-6),

3. karbórön. dekabóran (CAS 17702-41-9), pentabórön (CAS 19624-22-7 og 18433-84-6) og afleiður þeirra,

4. hýdrasín og afleiður, sem hér segir (sjá einnig ML8.d.8 og d.9 um oxandi hýdrasínafleiður):

a. hýdrasín (CAS 302-01-2) 70% að styrk eða þar yfir,

b. mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4),

c. samhverft dímetýlhýdrasín (CAS 540-73-8),

d. ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7),

5. málmeldsneyti í eindaformi, hvort sem það er kúlulaga, uppskipt í frumeindir (ýrað), sporvölulaga, í flögum eða malað, framleitt úr efni sem er 99% eða þar yfir af einhverju af eftirfarandi:

a. málmum, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

1. beryllíum (CAS 7440-41-7) með eindastærðum undir 60 μm,

2. járndufti (CAS 7439-89-6) með eindastærð 3 μm eða minni, framleitt með afoxun járnoxíðs með vetni,

ML8 c. 5. *(framhald)*

b. blöndum sem innhalda eitthvað af eftirfarandi:

1. sirkon (CAS 7440-67-7), magnesíum (CAS 7439-95-4) eða málmblendi af þeim í eindastærð undir 60 µm eða

2. eldsneyti úr bór (CAS 7440-42-8) eða bórkarbíði (CAS 12069-32-8), 85 % hreint eða þar yfir og með eindastærð undir 60 µm,

6. efni til hernaðar sem innihalda þykkingarefni fyrir eldsneyti úr vetniskolefni, sérstaklega gerð til að nota í eldvörpur eða íkveikjuskotfæri, s.s. málmsteröt eða -palmöt (t.d. oktal (CAS 637-12-7)) og þykkingarefni í M1, M2 og M3,

7. perkólöt, klóröt og krómöt í samsetningum með málmdufti eða öðrum íblöndunarefnum háorkueldsneytis,

8. álkúluduft (CAS 7429-90-5) með 60 µm eða minni eindastærð, framleitt úr efni sem inniheldur 99% eða þar yfir af áli,

9. títanundirhýdríð (TiHn) með efnahlutfalli að jafngildi n = 0,65 til 1,68,

Athugasemd 1: *Loftfarseldsneyti, sem tilgreint er í ML8.c.1, á við um fullunnar vörur, ekki innihaldsefni þeirra.*

Athugasemd 2: *ML8.c.4.a gildir ekki um hýdrasínblöndur sérstaklega samsettar til að vinna gegn tæringu.*

Athugasemd 3: *ML8.c.5 gildir um sprengiefni og eldsneyti, hvort sem málmarnir eða málmblöndurnar eru hjúpaðar áli, magnesíum, sirkoni eða beryllíum eða ekki.*

Athugasemd 4: *ML8.c.5.b.2 gildir ekki um bór og bórkarbíð sem er auðgað með bór-10 (20 % eða meira af heildarinnihaldi bór-10).*

d. ‚oxarar', sem hér segir, og blöndur með þeim:

1. ADN (ammóníumdínítramíð eða SR 12) (CAS 140456-78-6),

2. AP (ammóníumperklórat) (CAS 7790-98-9),

3. flúorefnasambönd með einhverju af eftirfarandi:

a. öðrum halógenum,

b. súrefni eða

c. köfnunarefni,

Athugasemd 1: *ML8.d.3 gildir ekki um klórtríflúoríð (CAS 7790-91-2). Sjá 1C238 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

Athugasemd 2: *ML8.d.3 gildir ekki um köfnunarefnistríflúoríð (CAS 7783-54-2) í loftkenndu formi þess.*

4. DNAD (1,3-dínítró-1,3-diasetidín) (CAS 78246-06-7),

5. HAN (hýdroxýlammóníumnítrat) (CAS 13465-08-2),

6. HAN (hýdroxýlammóníumperklórat) (CAS 15588-62-2),

7. HNF (hýdrasínnítróformat) (CAS 20773-28-8),

ML8 d. *(framhald)*

8. hýdrasínnítrat (CAS 37836-27-4),

9. hýdrasínperklórat (CAS 27978-54-7),

10. fljótandi oxarar sem eru úr eða innihalda letjandi, rauða, rjúkandi saltpéturssýru (IRFNA) (CAS 8007-58-7),

Athugasemd: ML8.d.10 gildir ekki um rjúkandi saltpéturssýru sem er ekki letjandi.

e. bindiefni, mýkiefni, einliður og fjölliður sem hér segir:

1. AMMO (asídómetýlmetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 90683-29-7) (sjá einnig ML8.g.1 að því er varðar ‚forefni'),

2. BAMO (bísasídómetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 17607-20-4) (sjá einnig ML8.g.1 að því er varðar ‚forefni'),

3. BDNPA (bis-(2,2-dínítrópropýl)-asetal (CAS 5108-69-0),

4. BDNPF (bis-(2,2-dínítrópropýl)-formal (CAS 5917-61-3),

5. BTTN (bútanetríóltrínítrat) (CAS 6659-60-5) (sjá einnig ML8.g.8 að því er varðar ‚forefni'),

6. orkuríkar einliður, mýkiefni eða fjölliður sem eru sértaklega samsettar til hernaðarnota og innihalda eitthvað af eftirfarandi:

a. nítrósamstæður,

b. asíðsamstæður,

c. nítratsamstæður,

d. nítratasasamstæður eða

e. díflúoramínósamstæður,

7. FAMAO (3-díflúoramínómetýl-3-asídómetýloxetan) og fjölliður þess,

8. FEFO (bis-(2-flúor-2,2-dínítróetýl)formal (CAS 17003-79-1),

9. FPF-1 (pólý-2,2,3,3,4,4-hexaflúorpentan-1,5-díólformal) (CAS 376-90-9),

10. FPF-3 (pólý-2,4,4,5,5,6,6-heptaflúor-2-trí-flúormetýl-3-oxaheptan-1,7-díólformal),

11. GAP (glýsídýlasíðfjölliða) (CAS 143178-24-9) og afleiður hennar,

12. HTPB (pólýbútadíen með hýdroxýl á endum) með hýdroxýlvirkni sem er jöfn eða meiri en 2,2 og minni en eða jöfn 2,4, hýdroxýlgildi sem er undir 0,77 meq/g og seigju við 30 °C sem er minni en 47 poise (CAS 69102-90-5),

13. alkóhólvirkt pólý(epíklórhýdrín) með mólþyngd undir 10000 sem hér segir:

a. pólý(epíklórhýdríndíól),

b. pólý(epíklórhýdríntríól),

ML8 e. *(framhald)*

14. NENAs (nítratetýlnítramínefnasambönd) (CAS 17096-47-8, 85068-73-1, 82486-83-7, 82486-82-6 og 85954-06-9),

15. PGN (pólý-GLYN, pólýglýsídýlnítrat eða pólý(nítratmetýloxíran) (CAS 27814-48-8),

16. pólý-NIMMO (pólýnítratmetýlmetýloxetan) eða pólý-NMMO (pólý[3-nítratmetýl-3-metýloxetan]) (CAS 84051-81-0),

17. pólýnítróortókarbónöt,

18. TVOPA (1,2,3-tris[1,2-bis(díflúoramínó)etoxý]própan eða samsett vínoxýprópan) (CAS 53159-39-0),

f. ‚aukefni' sem hér segir:

1. basískt koparsalisýlat (CAS 62320-94-9),

2. BHEGA (bis-(2-hýdroxýetýl)glýkólamíð) (CAS 17409-41-5),

3. BNO (bútadíenenítríloxíð) (CAS 9003-18-3),

4. afleiður ferrósens sem hér segir:

a. bútasen (CAS 125856-62-4),

b. katósen (2,2-bis-etýlferrósenýlprópan) (CAS 37206-42-1),

c. ferrósenkarbóxýlsýrur,

d. n-bútýl-ferrósen (CAS 31904-29-7),

e. aðrar samsettar, fjölliða ferrósenafleiður,

5. blý-beta-resorsýlat (CAS 20936-32-7),

6. blýsítrat (CAS 14450-60-3),

7. blý-koparklósambönd af beta-resorsýlati eða salisýlötum (CAS 68411-07-4),

8. blýmaleat (CAS 19136-34-6),

9. blýsalisýlat (CAS 15748-73-9),

10. blýstannat (CAS 12036-31-6),

11. MAPO (tris-1-(2-metýl)asírídínýlfosfínoxíð) (CAS 57-39-6), BOBBA 8 (bis(2-metýlasírídínýl)2-(2-hýdroxýprópanoxý)própýlamínófosfínoxíð) og aðrar MAPO-afleiður,

12. metýl BAPO (bis(2-metýlasírídínýl)metýlamínófosfínoxíð) (CAS 85068-72-0),

ML8 f. *(framhald)*

13. n-metýl-p-nítróanilín (CAS 100-15-2),

14. 3-nítrasa-1,5-pentandíísósýanat (CAS 7406-61-9),

15. málmlífræn bindiefni sem hér segir:

a. neópentýl[díallýl]oxý, trí[díoktýl]fostat-títanat (CAS 103850-22-2), einnig þekkt sem títan IV, 2,2[bis-2-própenólat-metýl, bútanólat, tris (díoktýl)fosfat] (CAS 110438-25-0) eða LICA 12 (CAS 103850-22-2),

b. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris[díoktýl] pýrófosfat eða KR3538,

c. títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris(díoktýl)fosfat,

16. pólýsýandíflúoramínóetýlenoxíð,

17. pólý-virk asírídínamíð með ísóþalískri, trímesískri (BITA eða bútýlenímíntrímesamíð), ísósýanúrískri eða trímetýladípískri grunnbyggingu og 2-metýl- eða 2-etýl-skiptihvörfum á asírídín-hringnum,

18. própýlenímín (2-metýlasírídín) (CAS 75-55-8),

19. mjög fíngert járnoxíð (Fe2O3) (CAS 1317-60-8) með sérstökum yfirborðsfleti sem er yfir 250 m2/g og meðaleindastærð sem er 3,0 nm eða minni,

20. TEPAN (tetraetýlenpentaamínakrýlnítríl) (CAS 68412-45-3), sýanetýleruð pólýamín og sölt þeirra,

21. TEPANOL (tetraetýlenpentaamínakrýlnítrílglýsídól) (CAS 68412-46-4), sýanóetýleruð pólýamín í samsetningum með glýsídóli og söltum þeirra,

22. TPB (trífenýlbismút) (CAS 603-33-8),

g. ‚forefni' sem hér segir:

Ath. Í ML8.g er getið um sérstök ‚orkuefni' sem framleidd eru úr þessum efnum.

1. BCMO (bisklórmetýloxetan) (CAS 142173-26-0) (sjá einnig ML8.e.1 og e.2),

2. dínítróasetídín-t-bútýlsalt (CAS 125735-38-8) (sjá einnig ML8.a.28),

3. HBIW (hexabensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 124782-15-6) (sjá einnig ML8.a.4),

4. TAIW (tetraasetýldíbensýlhexaasaísóvúrtsítan) (sjá einnig ML8.a.4) (CAS 182763-60-6),

5. TAT (1,3,5,7 tetraasetýl-1,3,5,7,-tetraasasýklóoktan) (CAS 41378-98-7) (sjá einnig ML8.a.13),

6. 1,4,5,8-tetraasadekalín (CAS 5409-42-7) (sjá einnig ML8.a.27),

ML8 g. *(framhald)*

7. 1,3,5-tríklórbensen (CAS 108-70-3) (sjá einnig ML8.a.23),

8. 1,2,4-tríhýdroxýbútan (1,2,4-bútantríól) (CAS 3068-00-6) (sjá einnig ML8.e.5).

Athugasemd 5: *Ekki notað síðan 2009.*

Athugasemd 6: *ML8 gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu efnasambönd eða blönduð því ‚orkuefni' sem er tilgreint í ML8.a eða málmdufti sem er tilgreint í ML8.c:*

a. *ammóníumpíkrat (CAS 131-74-8),*

b. *svart púður,*

c. *hexanítródífenýlamín (CAS 131-73-7),*

d. *díflúoramín (CAS 10405-27-3),*

e. *nítrósterkja (CAS 9056-38-6),*

f. *kalíumnítrat (Cas 7757-79-1),*

g. *tetranítrónaftalen,*

h. *trínítróanísól,*

i. *trínítrónaftalen,*

j. *trínítróxýlen,*

k. *n-pýrrólídínón, 1-metýl-2-pýrrólídínón (CAS 872-50-4),*

l. *díoktýlmaleat (CAS 142-16-5),*

m. *etýlhexýlakrýlat (CAS 103-11-7),*

n. *tríetýlál (TEA) (CAS 97-93-8), trímetýlál (TMA) (CAS 75-24-1) og önnur loftkveikjandi málmalkýl og arýl af litíum, natríum, magnesíum, sinki eða bóri,*

o. *nítrósellulósi (CAS 9004-70-0),*

p. *nítróglýserín (eða glýseróltrínítrat, trínítróglýserín) (NG) (CAS 55-63-0),*

q. *2,4,6-trínítrótólúen (TNT) (CAS 118-96-7),*

r. *etýlendíamíndínítrat (EDDN) (CAS 20829-66-7),*

s. *pentaerýtrítóltetranítrat (PETN) (CAS 78-11-5),*

t. *blýasíð (CAS 13424-46-9), venjulegt blýstýfnat (CAS 15245-44-0) og basískt blýstýfnat (CAS 12403-82-6) og eingreind sprengiefni eða kveikjuhleðslublöndur sem innihalda asíð eða asíðflóka,*

u. *tríetýlenglýkóldínítrat (TEGDN)(CAS 111-22-8),*

v. *2,4,6-trínítróresorsínól (stypnínsýra) (CAS 82-71-3),*

w. *díetýldífenýlúrea (CAS 85-98-3), dímetýldífenýlúrea (CAS 611-92-7), metýletýldífenýlúrea (Centralites),*

x. *N,N-difenýlúrea (ósamhverf difenýlúrea) (CAS 603-54-3),*

y. *metýl-N,N-difenýlúrea (metýl-ósamhverf difenýlúrea)(CAS 13114-72-2),*

ML8 *Athugasemd 6:* *(framhald)*

z. *etýl-N,N-dífenýlúrea (etýl-ósamhverf dífenýlúrea) (CAS 64544-71-4),*

aa. *2-nítródífenýlamín (2-NDPA) (CAS 119-75-5),*

bb. *4-nítródífenýlamín (4-NDPA) (CAS 836-30-6),*

cc. *2,2-dínítróprópanól (CAS 918-52-5),*

dd. *nítrógúanídín (CAS 556-88-7) (sjá 1C011.d á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi).*

ML9 **Herskip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérstakur búnaður fyrir skip, fylgihlutir, íhlutir og önnur yfirborðsskip sem hér segir:**

Ath. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. skip og íhlutir sem hér segir:

1. skip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, án tillits til stöðu yfirstandandi viðgerðar eða rekstrarástands og þess hvort þau eru með skotbúnað eða brynvörn eða ekki, og skipsskrokkar eða skrokkhlutar þess háttar skipa og íhlutir þeirra, sérhannaðir til hernaðarnota,

2. yfirborðsskip, önnur en þau sem tilgreind eru í ML9.a.1, með eitthvert af eftirfarandi sem er áfast eða innbyggt í skipið:

a. sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd eða meiri, tilgreind í ML1, eða vopn, tilgreind í ML2, ML4, ML12 eða ML19, eða ‚undirstöður' eða styrktir festipunktar fyrir þess háttar vopn,

Tæknileg athugasemd.

1. ‚Undirstöður' vísar til vopnastæðis eða burðarstyrkingar sem gerð er í þeim tilgangi að setja upp vopn.

b. skotstýringarkerfi tilgreind í ML5,

c. með allt eftirfarandi:

1. vörn gegn íðefnum, lífrænum efnum og geislunar- og kjarnaefnum (CBRN)' og

2. ‚forbleyti- eða þvottakerfi' til afmengunar eða

Tæknilegar athugasemdir.

1. Vörn gegn CBRN' er afmarkað innra rými með búnaði, t.d. til að mynda yfirþrýsting, einangra loftræstikerfi, takmarka loftræstiop með CBRN-síum og takmarka aðkomuleiðir fyrir starfsfólk sem hafa innfelldar slúsur.

2. ‚Forbleyti- eða þvottakerfi' er sjóúðunarkerfi sem nota má til að bleyta samtímis yfirbyggingu og þilför skips.

d. virk gagnaðgerðavopnakerfi sem tilgreind eru í ML4.b, ML5.c eða ML11.a og með eitthvert eitt af eftirfarandi:

1. ‚vörn gegn CBRN',

2. skrokkur og yfirbygging, sérhönnuð til að draga úr ratsjárþversniði,

ML9 a. 2. d. (framhald)

3. búnaður til að draga úr ummerkjum um hitauppgufun (t.d. kælikerfi fyrir útblástur), þó ekki þau sem eru sérhönnuð til að auka heildarskilvirkni aðalvélar eða til að draga úr umhverfisáhrifum eða

4. afseglunarkerfi sem er hannað til að draga úr segulummerkjum alls skipsins,

b. véla- og knúningskerfi, sem hér segir, sérhönnuð til hernaðarnota og íhlutir þeirra, sérhannaðir til hernaðarnota:

1. dísilvélar sérhannaðar fyrir kafbáta með allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru 1,12 MW (1500 hp) eða þar yfir og

b. snúningshraða sem er 700 rpm eða meiri,

2. rafvélar, sérhannaðar fyrir kafbáta sem hafa allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru yfir 0,75 MW (1000 hp),

b. snögga stefnuskiptingu fram og aftur,

c. vökvakælingu og

d. eru alveg lokaðar,

3. óseglanlegar dísilvélar sem hafa allt eftirfarandi:

a. vélaraflsafköst sem eru 37,3 MW (50 hp) eða meiri og

b. óseglanlegt innihald sem er yfir 75% af heildarmassa,

4. kerfi með ‚knúningsafli sem er óháð lofti' (AIP), sérhönnuð fyrir kafbáta,

Tæknileg athugasemd.

‚Knúningsafl óháð lofti' (AIP) gerir kleift að starfrækja knúningsaflskerfi kafbáts án aðgangs að súrefni andrúmsloftsins lengur en annars hefði verið unnt með rafhlöðunum. Að því er varðar ML9.b.4 tekur AIP ekki til kjarnorku.

c. leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar, sérhönnuð til hernaðarnota, stjórntæki fyrir þau og íhlutir þeirra, sérhönnuð til hernaðarnota,

d. varnarnet gegn kafbátum og tundurskeytum, sérhönnuð til hernaðarnota,

e. ekki notað síðan 2003,

f. gegnumtök á bol og tengibúnaður, sérhannað til hernaðarnota, sem gera milliverkun mögulega við búnað utan skips, ásamt íhlutum þeirra, sérhannað til hernaðarnota,

Athugasemd: *ML9.f inniheldur gerð tengibúnaðar fyrir skip með einleiðara, fjölleiðara, samásaleiðara eða ölduleiðara og gegnumtök á bol fyrir skip, en hvort tveggja getur haldið þéttleika fyrir leka að utan og heldur nauðsynlegum eiginleikum á dýpi sem er meira en 100 m, og inniheldur ljósleiðaratengi og ljóstæknileg gegnumtök á bol, sérhannað fyrir ‚leysi'-geislasendingar, án tillits til dýptar. ML9.f gildir ekki um venjuleg drifsköft og vökvastýrðan stýripinna í gegnumtökum á bol.*

ML9 (framhald)

g. hljóðlausar legur sem hafa eitthvað af eftirfarandi, íhluti fyrir þær og búnað með þeim legum, sérhannað til hernaðarnota:

1. gashengsli eða segulhengsli,

2. virk ummerkjastýringu eða

3. titringsbælingarstýringu.

ML10 **‚Loftför', sem eru ‚farartæki léttari en andrúmsloftið', ómönnuð loftför, flughreyflar og búnaður í ‚loftför', tengdur búnaður og íhlutir sérhannaðir eða breyttir til nota í hernaði, sem hér segir:**

Ath. Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

a. orrustu-‚loftför' og sérhannaðir íhlutir þeirra,

b. önnur ‚loftför' og ‚farartæki léttari en andrúmsloftið', sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, þ.m.t. til könnunar í hernaðarlegum tilgangi, árása, herþjálfunar, flutninga og niðursendingar fallhlífahermanna eða hergagna úr loftfari, til stuðnings birgðaflutninga, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

c. ómönnuð loftför og tengdur búnaður, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

1. ómönnuð loftför, þ.m.t. fjarstýrð loftför (RPV), sjálfstýrð, forritanleg loftför og ‚farartæki léttari en andrúmsloftið',

2. tilheyrandi skotkerfi og stoðbúnaður á jörðu niðri,

3. tengdur skipana- og stjórnbúnaður,

d. flughreyflar, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

e. tækjabúnaður í loftfari, þ.m.t. búnaður til eldsneytistöku á flugi, sérhannaður til nota í tengslum við þau ‚loftför' sem tilgreind eru í ML10.a eða ML10.b eða þá flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d., ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

f. þrýstingsáfyllarar, þrýstingsáfyllingarbúnaður, búnaður sem er sérhannaður til að auðvelda aðgerðir í lokuðum rýmum og tæki á jörðu niðri, sérhannað fyrir ‚loftför' sem tilgreind eru ML10.a eða ML10.b eða fyrir flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d,

g. brotlendingarhjálmar og hlífðargrímur fyrir hermenn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, þrýstijafnaður öndunarbúnaður og fatnaður að hluta þrýstijafnaðir til nota í ‚loftförum', fatnaður til að verjast þyngdaraflinu, breytar fyrir fljótandi súrefni sem notaðir eru í ‚loftför' eða flugskeyti og slöngvibúnaður og skothylkisdrifinn neyðarbúnaður sem gerir mönnum kleift að sleppa út úr ‚loftfari',

h. fallhlífar, svifvængir og tengdur búnaður, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

1. fallhlífar sem ekki eru tilgreindar annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB,

2. svifvængir,

3. búnaður, sérhannaður fyrir fallhlífastökkvara í háloftunum (t.d. fatnaður, sérstakir hjálmar, öndunarkerfi, leiðsögutæki),

ML10 *(framhald)*

i. sjálfvirk stýrikerfi fyrir farm sem varpað er niður í fallhlíf, búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota fyrir stökk með opnunarstýringu úr hvaða hæð sem er, þ.m.t. súrefnistæki.

Athugasemd 1: ML10.b gildir ekki um ‚loftför' eða afbrigði af þeim ‚loftförum' sem sérhönnuð eru til hernaðarnota og allt eftirfarandi á við um:

a. eru ekki löguð til hernaðarnota og ekki búin tækjum eða aukabúnaði sem eru eða er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota og

b. eru vottuð til almenningsnota af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í aðildarríki eða í ríki sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu.

Athugasemd 2: *ML10.d gildir ekki um:*

a. flughreyfla sem eru hannaðir eða breyttir til hernaðarnota og flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í aðildarríki eða í ríki, sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu, hafa vottað til nota í ‚almenningsloftfari', eða sérhannaða íhluti þeirra,

b. strokkhreyfla eða sérhannaða íhluti þeirra, nema þá sem eru sérhannaðir í ómönnuð loftför.

Athugasemd 3: ML10.b og ML10.d gilda að því er varðar sérhannaða íhluti og tengdan búnað fyrir almenn ‚loftför' eða flughreyfla sem breyttir eru til hernaðarnota, aðeins um þá íhluti til hernaðarnota og hertengdan búnað sem nauðsynlegur er fyrir breytingar til hernaðarnota.

ML11 **Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans:**

a. Rafeindabúnaður, sérhannaður til hernaðarnota,

Athugasemd: ML11.a gildir um eftirfarandi:

a. *gagnaðgerða- og gagn-gagnaðgerðarafeindabúnað (þ.e. búnað sem er hannaður til að framkalla framandi eða röng merki í ratsjám eða þráðlausum fjarskiptaviðtækjum eða til að hindra á annan hátt viðtöku, starfrækslu eða virkni rafeindaviðtökubúnaðar andstæðinga, m.a. gagnaðgerðabúnaðar þeirra), þ.m.t. búnaður til truflunarsendinga og gagntruflunarsendinga,*

b. *tíðnisnarpa myndlampa (e. frequency agile tubes),*

c. *rafeindakerfi eða -búnað sem er annaðhvort hannaður til eftirlits og vöktunar á rafeindasegulsviðinu til að afla hernaðarlegra upplýsinga eða í öryggisskyni eða til að sporna gegn þess háttar eftirliti eða vöktun*

d. *gagnaðgerðir undir yfirborði vatns/sjávar, m.a. til að trufla og ginna með hljóð- og segultækni og búnað til að kalla fram framandi og röng merki í hljóðsjám,*

e. *öryggisbúnað fyrir gagnavinnslu, gagnaöryggisbúnað og öryggisbúnað á útsendingar- og merkjalínu, með dulkóðun,*

f. *kennslu-, staðfestingar- og lykilhleðslubúnað og lykilstjórnun, framleiðslu- og dreifibúnað,*

ML11 a. *Athugasemd: (framhald)*

g. *stýri- og leiðsögubúnað,*

h. *stafrænan búnað fyrir fjarskipti með tvístrun rafsegulbylgna í veðrahvolfinu,*

i. *stafræna afmótara, sérhannaðir fyrir leynilegar merkjasendingar,*

j. *‚sjálfvirk skipana- og stýrikerfi‘.*

Ath. *Um ‚hugbúnað‘ sem tengist ‚hugbúnaðar‘-skilgreindu útvarpi og viðtöku (SDR) hers, sjá ML21.*

b. truflunarbúnaður fyrir hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS).

ML12 **Háhraðahreyfiorkuvopnakerfi og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. hreyfiorkuvopnakerfi, sérhönnuð til eyða skotmarki eða bægja frá árás frá því,

b. sérhannaður prófunar- og matsbúnaður og prófunarlíkön, þ.m.t. greiningartæki og skotmörk, fyrir hreyfifræðilega prófun á hreyfiorkuskeytum og -kerfum.

Ath. Um vopnakerfi sem nota undirhlaupviddarskotfæri eða nýta einvörðungu kemískt knúningsafl og skotfæri fyrir þau, sjá ML1 til ML4.

Athugasemd 1: *ML12 tekur m.a. til eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir hreyfiorkuvopnakerfi:*

a. *skotknúningskerfa með meiri massahröðun en 0,1 g að hraða umfram 1,6 km/s, í einvirkum eða hraðvirkum skotham,*

b. *aðalorkuframleiðslu, rafbrynju, orkugeymslu, hitastýringar, aðlögunar, umskipta eða meðferðar eldsneytis og rafrænna skilflata milli aflgjafa og rafdrifs sem hreyfir byssur og skotturna,*

c. *markbendingar-, leitar-, skotstýringar- eða tjónamatskerfa,*

d. *kerfi fyrir flugskeyti með sjálfstýrðri skotmarksleit, stýranlegu eða stefnubreytanlegu (hliðarhröðun) knúningsafli .*

Athugasemd 2: *ML12 gildir um vopnakerfi knúin með einhverjum þeim hætti sem hér segir:*

a. rafsegulknúin,

b. rafhitaknúin,

c. rafgasknúin,

d. léttgasknúin eða

e. knúin íðefnum (þegar þau eru notuð í samsetningum með einhverju af ofangreindu).

ML13 **Búnaður, mannvirki og íhlutir með brynvörn eða til hlífðar sem hér segir:**

a. brynvarnarplata sem eitthvert eitt af eftirtöldu á við um:

1. framleidd samkvæmt herstaðli eða -tækniforskrift eða

2. hæf til hernota,

b. mannvirki úr málmi eða málmlausu efni, eða samsetningar þeirra, sérhönnuð til að veita hernaðarkerfum skothelda vörn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra,

c. hjálmar, framleiddir samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum eða sambærilegum landsstöðlum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra (þ.e. hjálmskel, fóður og stuðningspúðar),

d. brynklæði og hlífðarfatnaður, framleidd eftir herstöðlum eða -tæknilýsingum, eða samsvarandi, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

Athugasemd 1: *ML13.b tekur til efna sem eru sérhönnuð til að mynda sprengjuviðnámsvörn eða til að smíða herskýli.*

Athugasemd 2: *ML13.c gildir ekki um venjulega stálhjálma, hvorki breytta eða hannaða fyrir einhvers konar viðbótarbúnað né sem hafa þannig búnað af hvaða gerð sem er.*

Athugasemd 3: *ML13.c og d gilda ekki um hjálma, brynklæði eða hlífðarfatnað, þegar notandi hefur hann með sér til persónulegrar varnar fyrir sjálfan sig.*

Athugasemd 4: *Einu hjálmarnir, sem eru sérhannaðir fyrir sprengjueyðingarliða og tilgreindir eru í ML13, eru þeir sem sérhannaðir eru til hernaðarnota.*

Ath. *Sjá einnig færslu 1A005 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

Ath. *Um ‚trefja- eða þráðefni', sem notað er í framleiðslu brynklæða og hjálma, sjá færslu 1C010 á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

ML14 **‚Sérhæfður búnaður til herþjálfunar' eða til að herma eftir aðstæðum í hernaði, hermar sem eru sérhannaðir til þjálfunar í notkun allra skotvopna eða vopna sem eru tilgreind í ML1 eða ML2, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra.**

Tæknileg athugasemd:

Hugtakið ‚sérhæfður búnaður til herþjálfunar' tekur til eftirfarandi af þeirri gerð sem herir nota: herárásarþjálfa, aðgerðaflugsþjálfa, ratsjárskotmarksþjálfa, ratsjárskotmarksgjafa, skyttuþjálfunarbúnaðar, þjálfa fyrir hernað gegn kafbátum, flugherma (þ.m.t. miðflóttaaflsbómur til þjálfunar flugmanna/geimfara), ratsjárþjálfa, blindflugsþjálfa, leiðsögutækjaþjálfa, flugskeytaskotþjálfa, miðunarbúnaðs, dróna-,loftfara', vopnabúnaðarþjálfa, þjálfa fyrir flugmannslaus ‚loftför', færanlegra þjálfunareininga og þjálfunarbúnaðar fyrir hernaðaraðgerðir á landi.

Athugasemd 1: *ML14 tekur til myndgerðarkerfa og gagnvirkra umhverfiskerfa fyrir herma þegar þau eru sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota.*

Athugasemd 2: *ML14 gildir ekki um búnað sem er sérhannaður til þjálfunar í notkun veiðivopna eða vopna sem notuð eru í íþróttum.*

ML15 **Myndbúnaður eða búnaður til gagnaðgerða, sem hér segir, sérhannaður til nota í hernaði, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. upptöku- og myndvinnslubúnaður,

b. myndavélar, ljósmyndabúnaður og filmuvinnslubúnaður,

c. búnaður til myndskerpingar,

d. innrauður búnaður eða hitabúnaður til skoðunar,

e. ratsjárnemar með myndbúnaði,

f. gagnaðgerða- eða gagn-gagnaðgerðabúnaður fyrir þann búnað sem tilgreindur er í ML15.a til ML15.e.

Athugasemd: *ML15.f tekur til búnaðar sem er hannaður til að brjóta niður beitingu eða virkni hernaðarlegra myndkerfa eða draga sem mest úr þess háttar niðurbrotsáhrifum.*

Athugasemd 1: *Í ML15 tekur hugtakið sérhannaðir íhlutir til eftirfarandi þegar þeir eru sérhannaðir til hernaðarnota:*

a. Innrauðir myndbreytilampar,

b. myndskerpingarlampar (þó ekki af fyrstu kynslóð),

c. örrásaplötur,

d. sjónvarpsmyndavélalampar fyrir litla lýsingu,

e. skynjarakerfi (þ.m.t. rafeindatæknileg samtengingar- eða aflestrarkerfi),

f. pýró-rafeindasjónvarpsmyndavélalampar,

g. kælikerfi fyrir myndkerfi,

h. rafstýrðir lokar til dekkingar eða litbreytingar (photochromic) eða sem byggjast á samspili rafsegulsviðs og rafeinda (electro-optical) og hafa lokunarhraða sem er undir 100 μs, nema um sé að ræða loka sem eru mikilvægur hluti háhraðamyndavélar,

i. ljósleiðaratæknileg myndsnúningstæki,

j. samsett hálfleiðaraljósskaut.

Athugasemd 2: *ML15 gildir ekki um ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð' eða búnað sem er sérhannaður fyrir ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð'.*

Ath. *Um flokkun vopnamiða sem innihalda ‚myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð', sjá ML1, ML2 og ML5.a.*

Ath. *Sjá einnig 6A002.a.2 og 6A002.b á lista ESB yfir vörur með tvíþætt notagildi.*

ML16 **Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur sem hægt er að þekkja af efnasamsetningu, lögun eða virkni þegar þær eru notaðar í vörum sem lúta útflutningseftirliti og eru sérhannaðar fyrir allar vörur sem eru tilgreindar í liðum ML1 til ML4, ML6, ML9, ML10, ML12 eða ML19.**

ML17 **Ýmis konar búnaður, efni og ‚gagnasöfn', sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:**

a. sjálfstæður búnaður til köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar sem hér segir:

1. búnaður með lokaðri eða hálflokaðri hringrás (enduröndun), sérhannaður til hernaðarnota (þ.e. sérhönnuð, ósegluð gerð),

2. sérhannaðir íhlutir til nota við breytingu á tækjum með opinni hringrás til hernaðarnota,

3. hlutir einvörðungu hannaðir til hernaðarnota með sjálfstæðum búnaði til köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar,

b. vinnuvélar og -tæki, sérhönnuð til hernaðarnota,

c. tengihlutir, þekjuefni og meðhöndlun til ummerkjaleyndar, sérhannað til hernaðarnota,

d. tækjabúnaður mannvirkjadeildar hers á vettvangi, sérhannaður til nota þar sem bardagar eru háðir,

e. ‚þjarkar', ‚þjarka'-stjórnbúnaður og ‚þjarka'-‚snertlar' sem hafa einhverja eftirfarandi eiginleika:

1. sérhannað til hernaðarnota,

2. með búnað til að verja vökvaleiðslur gegn utanaðkomandi götun af völdum skotbrota (t.d. með sjálfvirkri þéttingu á leiðslunum) sem er hannaður fyrir vökvakerfisvökva með blossamarki yfir 839 K (566 °C) eða

3. sérhannað eða flokkað til að virka í umhverfi með rafsegulhöggum (EMP),

Tæknileg athugasemd:

Með rafsegulhöggi er ekki átt við óvísvitandi truflun af völdum rafsegulgeislunar frá nærliggjandi tækjabúnaði (t.d. vélum, tækjum eða rafeindabúnaði) eða eldingum.

f. ‚gagnasöfn' (stikaðir tæknigagnagrunnar), sérhönnuð til hernaðarnota með búnað sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB,

g. búnaður til kjarnorkuframleiðslu eða knúningsbúnaður, þ.m.t. ‚kjarnakljúfar', sérhannaður til hernaðarnota og íhlutir hans, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota,

h. búnaður og efni, þakin eða meðhöndluð til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB,

i. hermar, sérhannaðir fyrir ‚kjarnakljúfa' til hernaðarnota,

j. færanleg viðgerðarverkstæði, sérhönnuð eða ‚breytt' til að þjónusta herbúnað,

k. rafalar til nota á vettvangi, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota,

l. gámar, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota,

m. ferjur, sem ekki eru skilgreindar annars staðar í hergagnalista ESB, brýr og dýpkunarprammar, sérhönnuð til hernaðarnota,

ML17 (framhald)

n. prófunarlíkön, sérhönnuð til ‚þróunar' hluta sem tilgreindir eru í ML4, ML6, ML9 eða ML10,

o. leysivarnarbúnaður (t.d. augn- og skynjarahlífar), sérhannaður til hernaðarnota,

p. ‚efnarafalar', sem ekki eru skilgreindir annars staðar í hergagnalista ESB, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

Tæknilegar athugasemdir

1. *Að því er varðar ML17 merkir hugtakið ‚gagnasafn' (stikaður tæknigagnagrunnur) safn tækniupplýsinga hernaðarlegs eðlis, en hagnýting þess getur aukið afköst herbúnaðar eða -kerfa.*

2. *Að því er varðar ML17 merkir ‚breyttur' hvers kyns byggingarfræðilegar, raffræðilegar og vélfræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gera hlut, sem er ekki til hernaðarnota, að hlut sem er sérhannaður til hernaðarnota.*

ML18 **Búnaður til framleiðslu og íhlutir sem hér segir:**

a. sérhannaður eða breyttur ‚framleiðslu'-búnaður fyrir ‚framleiðslu' vara sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans,

b. sérhönnuð aðstaða til umhverfisprófunar og sérhannaður búnaður til hennar vegna vottunar, hæfismats eða prófunar vara sem eru tilgreindar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML18 felur hugtakið ‚framleiðsla' í sér hönnun, rannsókn, tilbúning, prófun og eftirlit.

Athugasemd: *ML18.a og ML18.b taka til eftirfarandi búnaðar:*

a. Sívirkra tækja til köfnunarefnissýringar,

b. skilvinduprófunartækja eða -búnaðar sem hefur einhvern eftirfarandi eiginleika:

1. knúinn vél eða vélum með flokkaðan heildarhestaflafjölda yfir 298 kW (400 hp),

2. getu til að bera farmþunga sem er 113 kg eða þar yfir eða

3. getu til 8 g skilvinduhröðunar, eða þar yfir, með 91 kg farmþunga eða þar yfir,

c. vatnssneyðingarpressa,

d. skrúfuútþrýstingspressa sem eru sérhannaðar eða breyttar fyrir sprengiútþrýsting til hernaðarnota,

e. skurðarvéla til að flokka útþrýstingsdrifefni eftir stærð,

f. sælgætistunna (tromla) sem eru 1,85 m í þvermál eða þar yfir og með yfir 227 kg innihaldsrými,

g. sívirkra blandara fyrir föst drifefni,

h. kvarna, sem eru knúnar fljótandi eldsneyti, til að mylja eða mala innihaldsefni sprengiefna til hernaðarnota,

i. búnaðar til fá fram bæði kúlulögun og jafna eindastærð í málmpúðri sem er skráð í ML8.c.8,

j. varmaburðarstraumbreyta fyrir breytingu efna sem eru á lista í ML8.c.3.

ML19 **Vopn sem nota stefnuvirka orku (DEW) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra:**

a. ‚leysi'-kerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því,

b. eindageislakerfi sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því,

c. háorkuútvarpstíðnikerfi (RF) sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því,

d. búnaður sem er sérhannaður til að finna eða bera kennsl á eða til varnar gegn kerfum sem tilgreind eru í ML19.a til ML19.c,

e. hlutkennd prófunarlíkön fyrir þau kerfi, þann búnað og þá íhluti sem tilgreind eru í ML19,

f. ‚leysi'-kerfi með samfelldri bylgju- eða höggvirkni, sérhönnuð til að valda varanlegri blindu á óvörðum augum, þ.e. berum augum eða augum með leiðréttandi sjóntækjum.

Athugasemd 1: Í DEW-kerfum, sem tilgreind eru í ML19, eru kerfi sem byggja getu sína á stýrðri notkun:

a. *‚leysigeisla' sem hafa nægilegt, samfellt bylgju- eða höggafl til að valda sambærilegri eyðingu og hefðbundin skotfæri,*

b. *eindahraðla sem skjóta hlöðnum eða óhlöðnum eindageislum sem hafa eyðingarmátt,*

c. *fjarskiptatíðnigeislasenda með öflugum eða meðalöflugum útsendingargeisla sem myndar orkusvið sem eru nægilega öflug til að gera rafeindabúnað í fjarlægu skotmarki óvirkan.*

Athugasemd 2: ML19 tekur til eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir vopnakerfi sem nota stefnuvirka orku:

a. *búnaður til aðalaflsframleiðslu, orkugeymslu, umskiptingar, orkumeðferðar eða meðhöndlunar eldsneytis,*

b. *markbendingar- eða leitarkerfi,*

c. *kerfi sem geta metið tjón á skotmarki, eyðingu þess eða bægingu árásar frá því,*

d. *búnaður til að stýra, útbreiða eða beina geislum,*

e. *búnaður með hraðvirkum geislasnúningi fyrir hraðvirkar aðgerðir gegn mörgum skotmörkum,*

f. *aðlögunarhæf ljóskerfi og fasasamtengingartæki,*

g. *strauminnspýtar fyrir neikvæða vetnisjónageisla,*

h. *‚geimhæfir' hröðunaríhlutir,*

i. *útstreymisbúnaður fyrir neikvæða jónageisla,*

j. *búnaður til að stjórna og snúa háorkujónageisla,*

k. *‚geimhæfar' þynnur til að afhlaða neikvæða vetnissamsætugeisla.*

ML20 **Lághitabúnaður og ‚ofurleiðara'-búnaður, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. sérhannaður eða lagaður búnaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, legi, í lofti eða í geimnum, sem getur starfað á hreyfingu og framleitt eða viðhaldið hitastigi undir 103 K (– 170 °C),

Athugasemd: *ML20.a tekur til farkerfa sem eru búin eða nýta fylgihluti eða íhluti sem eru framleiddir úr efnum sem eru ekki úr málmi eða leiða ekki rafmagn, s.s. plasti eða efnum sem eru gegndreypt með epoxý.*

b. *‚ofurleiðandi' rafbúnaður (snúningsvélar og spennubreytar), sérhannaður eða lagaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, legi, í lofti eða í geimnum og getur starfað á hreyfingu.*

Athugasemd: *ML20.b. gildir ekki um einpóla jafnstraumsrafala af blendingsgerð sem eru með einpóla snúða úr venjulegum málmi sem snúast í segulsviði sem ofurleiðaraspólur framleiða, að því tilskildu að þessar spólur séu einu ofurleiðaraíhlutirnir í rafalnum.*

ML21 **‚Hugbúnaður' sem hér segir:**

a. ‚hugbúnaður' sem er sérhannaður eða breyttur fyrir ‚þróun', ‚framleiðslu' eða ‚notkun' búnaðar, efna eða ‚hugbúnaðar' sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB,

b. sérstakur ‚hugbúnaður', annar en sá sem er tilgreindur í ML21.a, sem hér segir:

1. ‚hugbúnaður', sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,

2. ‚hugbúnaður', sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar eða hermunar á sviðsmyndum hernaðaraðgerða,

3. ‚hugbúnaður' til að ákvarða áhrif hefðbundinna vopna, kjarnavopna, efnavopna eða lífefnavopna,

4. ‚hugbúnaður', sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir yfirstjórn, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C3I) eða yfirstjórn, fjarskipti, stjórn, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C4I),

c. ‚hugbúnaður', ekki tilgreindur í ML21.a eða b, sérhannaður eða breyttur til að gera búnaði, sem ekki er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB, kleift að gegna hernaðarlegu hlutverki búnaðar sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB.

ML22 **‚Tækni' sem hér segir:**

a. ‚tækni', önnur en sú sem er tilgreind í ML22.b, sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' hluta sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB,

b. ‚tækni' sem hér segir:

1. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' fyrir hönnun, samsetningu íhluta í og rekstur, viðhald og viðgerðir fullbúinna framleiðslukerfa fyrir hluti, sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB, jafnvel þótt íhlutir þess háttar framleiðslukerfa séu ekki tilgreindir,

2. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar' og ‚framleiðslu' handvopna, jafnvel þótt hún sé notuð til að framleiða eftirlíkingar af fornum handvopnum,

ML22 b (framhald)

3. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' eiturefna, tengds búnaðar eða íhluta sem tilgreindir eru í ML7.a til ML7.g,

4. ‚tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' ‚líffjölliða' eða ræktunar tiltekinna frumna, sbr. ML7.h,

5. ‚tækni' sem einungis er ‚nauðsynleg' til ísetningar ‚lífefnahvata', sem tilgreindir eru í ML7.i.1, í burðarefni eða efni til hernaðar.

Athugasemd 1: *‚Tækni' sem er ‚nauðsynleg' til ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' hluta, sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB, er áfram undir eftirliti, jafnvel þegar hún á við um hvers kyns hluti sem eru ekki tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB.*

Athugasemd 2: *ML22 gildir ekki um:*

a. ‚tækni', sem er hvað minnst nauðsynleg vegna uppsetningar, reksturs, viðhalds (eftirlits) og viðgerðar þeirra hluta sem eru ekki undir eftirliti eða hefur verið heimilað að flytja út,

b. ‚tækni' sem er ‚almenningseign', notuð í þágu ‚vísindalegra grunnrannsókna' eða er hvað minnst nauðsynleg sem upplýsingar vegna einkaleyfisumsókna,

c. ‚tækni' til að nýta segulspan fyrir samfelldan knúning almenningsfarartækja.

SKILGREININGAR HUGTAKA SEM ERU NOTUÐ Í ÞESSUM LISTA

Eftirfarandi eru skilgreiningar hugtaka, sem eru notuð í þessum lista, í stafrófsröðröð.

Athugasemd 1: *Skilgreiningarnar gilda í öllum listanum. Tilvísanirnar eru aðeins til leiðbeiningar og hafa engin áhrif á almenna notkun skilgreindra hugtaka í öllum listanum.*

Athugasemd 2: *Orð og hugtök í þessum lista yfir skilgreiningar hafa aðeins hina skilgreindu merkingu þegar þau eru innan „tvöfaldra gæsalappa". Skilgreiningar hugtaka, sem eru innan ‚einfaldra gæsalappa' koma fram í tæknilegri athugasemd um viðkomandi hlut. Annars staðar hafa orð og hugtök almennt viðurkennda merkingu (orðabókarmerkingu).*

ML7 **‚Aðlagað að notkun í stríði'**

Allar breytingar eða val (s.s. breyting á hreinleika, geymsluþoli, meinvirkni, dreifingareinkennum eða viðnámsþoli gegn útfjólublá ljósi) sem er ætlað að auka afköst með tilliti til þess að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

ML8 **‚Aukefni'**

Efni sem notuð eru í sprengiefnaformúlur til að bæta eiginleika þeirra.

ML8, ML9 og ML10 **‚Loftfar'**

Loftfarartæki með föstum vængjum, snúanlegum vængjum, þyrilvængjum (þyrla), hallanlegum þyrli eða hallanlegum vængjum.

ML11 **‚Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi‘**

Rafræn kerfi sem notuð eru til að færa inn, vinna úr og senda upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir virka aðgerð viðkomandi hóps, stórrar fylkingar, fylkingar á vettvangi átaka, einingar, skips, undireiningar eða vopna sem stjórnað er samkvæmt skipunum. Þetta er gert með notkun tölva og annars sérhæfðs vélbúnaðar sem hannaður er til að styðja við starfsemi yfirstjórnar og stjórnstöðvar. Meginhlutverk sjálfvirks skipana- og stjórnkerfis eru: skilvirk, sjálfvirk öflun, uppsöfnun, geymsla og úrvinnsla upplýsinga; að sýna þá stöðu og þær aðstæður sem hafa áhrif á og stýra undirbúningi og stjórnun aðgerða í bardaga; útreikningar vegna aðgerða og úrræða í tengslum við úthlutun tilfanga meðal hersveita eða grunnþátta aðgerðaáætlunar orrustu eða útfærslu orrustunnar samkvæmt verkefninu eða stöðu aðgerða; gerð gagna svo að unnt sé að meta stöðuna og taka ákvörðun hvenær sem er meðan aðgerð eða orrusta stendur yfir: tölvuhermun aðgerða.

ML22 **‚Grunnrannsóknir í vísindum‘**

Tilraunastarf eða fræðileg vinna sem unnin er fyrst og fremst til að afla nýrrar þekkingar á grunnlögmálum fyrirbæra eða til að fylgjast með þeim og beinist ekki fyrst og fremst að tilteknum tilgangi eða markmiði.

ML7, 22 **‚Lífefnahvatar‘**

Efnahvatar fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf eða önnur lífefnafræðileg efnasambönd sem bindast og hraða niðurbroti efna í efnahernaði.

Tæknileg athugasemd

‚Ensím‘ merkir ‚lífhvata‘ fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

ML7, 22 **‚Líffjölliður‘**

Lífrænar stórsameindir sem hér segir:

a. ensím fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf,

b. mótefni, einklóna eða fjölklóna, eða and-kjarngerðarmótefni (anti-idiotypic),

c. sérhannaðir eða sérunnir viðtakar.

Tæknilegar athugasemdir

1. *‚And-kjarngerðarmótefni‘ merkir mótefni sem bindast sérstökum bindisætum ónæmisvaka annarra mótefna.*

2. *‚Einklónamótefni‘ merkir prótín sem bindast einu sæti ónæmisvaka og er myndað af einu frumuklóni.*

3. *‚Fjölklónamótefni‘ merkir blöndu prótína sem binst sérstökum ónæmisvaka og er framleidd af fleiri en einu frumuklóni.*

4. *‚Viðtakar‘ merkir lífrænar stórsameindabyggingar sem geta bundist bindlum, en binding þeirra hefur áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi.*

ML10 **‚Almenningsloftför‘**

Þau ‚loftför‘ sem skráð eru eftir gerð í lofthæfivottunarskrár sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs gefa út til almenningsflugs á flugleiðum innan lands og utan eða til lögmæts, almenns flugs, einkaflugs eða flugs í viðskiptaskyni.

ML21, 22 **‚Þróun‘**

Tengist öllum stigum fjöldaframleiðslu, svo sem: hönnun, hönnunarrannsóknum, hönnunargreiningu, hönnunarhugtökum, samsetningu og prófun frumgerða, reynsluframleiðsluáætlunum, hönnunargögnum, umbreytingarferlinu frá hönnunargögnum til framleiðsluvöru, formhönnun, samþættingarhönnun, uppdráttum.

ML17 **‚Snertlar‘**

Griplur, virkar verkfæraeiningar og hvers kyns önnur verkfæri sem fest eru á grunnplötuna framan á hreyfiarmi ‚þjarka‘.

Tæknileg athugasemd

‚Virkar verkfæraeiningar‘ eru tæki til að beita hreyfiafli, virkja orku eða beita skynjara á hlut í vinnslu.

ML4, 8 **‚Orkuefni‘**

Efni eða efnablöndur sem við efnahvörf losa þá orku sem þörf er á til þeirra nota sem til er ætlast. ‚Sprengiefni‘, ‚flugeldavörur‘ og ‚drifefni‘ eru undirflokkar orkuefna.

ML8, 18 **‚Sprengiefni‘**

Föst, fljótandi eða loftkennd efni eða efnablöndur sem þarf að sprengja til að þær komi að notum sem forhleðsla, forsprengja eða aðalhleðsla í sprengjuoddum, til niðurrifs og annarrar notkunar.

ML7 **‚Tjáningarferjur‘**

Burðarefni (t.d. plasmíð eða veira), notað til að koma erfðaefni inn í hýsilfrumur.

ML17 **‚Efnarafalar‘**

Rafefnafræðilegt tæki sem breytir efnaorku beint í jafnstraumsrafmagn (DC) með því að nota utanaðkomandi eldsneyti.

ML13 **‚Trefja- eða þráðefni‘**

eru m.a.:

a. óslitnir einþáttungar,

b. óslitið garn og óslitnir vafningar,

c. borðar, vefnaður, mottur með ýmsum vefnaði og fléttuð bönd,

d. klipptir þræðir og skornir og samhangandi þráðateppi,

e. steinefnaþræðir (e. whiskers), annaðhvort einkristalla eða fjölkristalla, í hvaða lengd sem er,

f. arómatískt pólýamíðmauk.

ML15 **‚Myndskerpingarlampar af fyrstu kynslóð‘**

Myndlampar með elektróstatískri skerpustillingu sem nýta ljósleiðara í inntaki og úttaki eða glerskjá, fjölbasa ljósbakskaut (S-20 eða S-25), en ekki örrásamagnara.

ML22 **‚Almenningseign‘**

Það merkir að ‚tækni‘ eða ‚hugbúnaður‘ hafi verið gerður aðgengilegur án takmarkana á frekari dreifingu.

Athugasemd: *Takmarkanir vegna höfundaréttar koma ekki í veg fyrir að ‚tækni‘ eða ‚hugbúnaður‘ sé ‚almenningseign‘.*

ML5, 19 **‚Leysir‘**

Samstæða íhluta sem gefur frá sér, bæði í rúmi og tíma, samfellt ljós sem magnað er upp með örvaðri geislun.

ML10 **‚Farartæki léttari en andrúmsloftið‘**

Loftbelgir og loftskip sem nota heitt loft eða lofttegundir, sem eru léttari en andrúmsloftið, s.s. helíum eða vetni, til að haldast á lofti.

ML17 **‚Kjarnakljúfur‘**

Tekur til þeirra hluta sem eru í kjarnakljúfnum eða festir á tankinn sem hann er í, búnaðarins sem stýrir aflinu í kjarnanum og þeirra íhluta sem venjulega innihalda, eru í beinni snertingu við eða stjórna aðalkælimiðli ofnkjarnans.

ML8 **‚Forefni‘**

Sérstök íðefni sem notuð eru í framleiðslu sprengiefna.

ML21, 22 **‚Framleiðsla‘**

Merkir öll framleiðslustig, s..s: framleiðsluundirbúning, framleiðslu, samþættingu, samsetningu (uppsetningu), eftirlit, prófun, gæðavottun.

ML8 **‚Drifefni‘**

Efni eða efnablöndur sem hvarfast efnafræðilega og mynda mikið magn heitra gastegunda með stýrðum hraða til að vinna vélrænt starf.

ML4, 8 **‚Flugeldavörur‘**

Blöndur fasts eða fljótandi eldsneytis og oxara, sem verða fyrir kröftugum, stýrðum efnahvörfum, þegar þær eru glæddar, í þeim tilgangi að mynda í tilteknum mæli seinkun, hita, hávaða, reyk, sýnilegt ljós eða innrauða geislun. Loftkveikjandi vörur eru undirflokkur flugeldavara, án oxara en glæðast sjálfkrafa við snertingu við loft.

ML22 **‚Nauðsynleg‘**

Í tengslum við ‚tækni‘ er orðið aðeins notað um þann hluta .tækninnar‘ sem einkum er nauðsynlegur til að ná eða fara fram úr afkastastigi, eiginleikum eða virkni sem stýrt er. Þess háttar ‚nauðsynleg‘ ‚tækni‘ getur átt við um mismunandi vörur.

ML7 **‚Óeirðastjórnunarefni‘**

Efni, sem við ætluð notkunarskilyrði til óeirðastjórnunar, hafa fljótt ertandi áhrif á skynfæri manna eða valda líkamlegri vanhæfni sem hverfur á skömmum tíma eftir að hætt er að beita efnunum. (Táragastegundir teljast til ‚óeirðastjórnunarefna‘.)

ML17 **‚Þjarki‘**

Hreyfitæknilegur vélbúnaður sem ýmist er á samfelldri braut (e. continuous path) eða á föstum stað (e. point-to-point), stundum með skynjurum, og hefur alla eftirfarandi eiginleika:

a. er fjölnota,

b. getur staðsett eða stillt af efni, hluta, verkfæri eða sérstök tæki með breytilegum hreyfingum í þrívídd,

c. felur í sér þrjú eða fleiri sjálfstýritæki (e. servo-device), í opnu eða lokuðu ferli (e. loop), sem geta verið með stiggengisvélar (e. stepping motor) og

d. er ‚forritanlegur fyrir notanda' með aðferð til að kenna og endurtaka (e. teach/playback) eða með tölvu sem getur verið iðntölva (e. programmable logic controller), þ.e. án vélræns milliliðar.

Athugasemd: *Framangreind skilgreining tekur ekki til eftirfarandi búnaðar:*

1. hreyfitæknilegs vélbúnaðar sem aðeins er unnt að stjórna handvirkt eða með fjarstýribúnaði,

2. hreyfitæknilegs vélbúnaðar í fastri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum og vinnur í vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru ekki breytileg eða breytanleg á vél-, rafeinda- eða rafmagnstæknilegan hátt,

3. vélstýrðs, hreyfitæknilegs vélbúnaðar í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum, en stillanlegum, skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfing og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru breytileg innan fasts forritsmynsturs. Frávik frá eða breytingar á forritunarmynstri (t.d. breytingar á stiftum eða skipti á knastásum) eins eða fleiri hreyfiása er aðeins unnt að fá fram með vélrænum aðgerðum,

4. hreyfitæknilegs vélbúnaðar, án sjálfstýringar, í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er breytilegt en runan heldur því aðeins áfram að tvíundamerki komi frá vélrænt föstum, rafrænum tvíundatækjum eða stillanlegum skorðum,

5. stöflunarkrana sem skilgreindir eru sem hreyfikerfi, sem byggjast á kartesíusarhnitum, framleiddir sem óaðskiljanlegur hluti lóðréttra geymsluhólfastæða og hannaðir fyrir aðgang að innihaldi hólfanna til að setja hluti í eða taka úr geymslu.

ML21 **‚Hugbúnaður'**

Safn með einu eða fleiri ‚forritum' eða ‚örforritum' sem eru vistuð í hvers kyns áþreifanlegum tjáningarmiðli.

ML19 **‚Geimhæfur'**

Vörur sem hannaðar eru, framleiddar og prófaðar til að standast sérstakar kröfur, m.t.t. rafmagns, vélvirkni eða umhverfis, til notkunar við að senda upp og nýta gervihnetti eða háloftaflugkerfi sem starfrækt eru í 100 km hæð eða ofar.

ML18, 20 **‚Ofurleiðandi'**

Vísar til efna (þ.e. málma, málmblandna eða efnasambanda) sem geta misst alla rafmótstöðu (þ.e. sem geta náð óendanlegri rafleiðni og leitt afar sterkan rafstraum án Joul-hitunar).

Tæknileg athugasemd

‚Ofurleiðandi'-ástand efnis einkennist í hverju tilviki af ‚markhita', ‚marksegulsviði' sem er fall af hita og markstraumi, sem er þó fall af hvoru tveggja, segulsviði og hita.

ML22 **‚Tækni'**

Sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ‚þróunar', ‚framleiðslu' eða ‚notkunar' vöru. Þessar upplýsingar eru á formi tæknigagna eða tækniaðstoðar.

Tæknilegar athugasemdir

1. ‚Tæknigögn' geta verið í mynd eins og verkteikningar, áætlanir, skýringarmyndir, líkön, formúlur, töflur, verkfræðihönnun og forskriftir, handbækur og leiðbeiningar skrifaðar eða skráðar á aðra miðla eða tæki svo sem diskar, segulband eða lesminni.

2. ‚Tækniaðstoð' getur verið í mynd eins og fyrirmæli, fagkunnátta, þjálfun, verkkunnátta, ráðgjafarþjónusta. ‚Tækniaðstoð' getur falið í sér flutning ‚tæknigagna'.

ML21, 22 **‚Notkun'**

Rekstur, uppsetning (þ.m.t. uppsetning á staðnum), viðhald (athuganir), viðgerð, þjónustuskoðun eða endurnýjun.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/10/ESB **2013/EES/56/56**

frá 22. mars 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/43/EB er fjallað um allar varnartengdar vörur sem samsvara þeim sem skráðar eru í sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 19. mars 2007.

2) Hinn 21. febrúar 2011 samþykkti ráðið sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins ([2]) í nýrri uppfærslu.

3) Því ber að breyta tilskipun 2009/43/EB til samræmis við það.

4) Með skírskotun til samræmis ber aðildarríkjunum að beita þeim ákvæðum sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari frá sama degi og þeim ákvæðum sem nauðsynleg eru til að fylgja tilskipun 2009/43/EB.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í tilskipun þessari, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilfærslu á varnartengdum vörum innan ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi viðaukinn við tilskipun þessa.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. júní 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 30. júní 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim vísun til tilskipunar þessarar nema slík tilvísun fylgi þeim þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 85, 24.3.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 86, 18.3.2011, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi eftirfarandi:

‚VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VARNARTENGDAR VÖRUR

1. athugasemd: Hugtök innan „gæsalappa“ eru skilgreind hugtök. Vísað er til ‚Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessum skrám‘ í viðauka við þessa skrá.

2. athugasemd: Í sumum tilvikum eru íðefni skráð eftir heiti og CAS-númeri. Skráin gildir um íðefni sem hafa sömu byggingarformúlu (þ.m.t. hýdröt) án tillits til heitis eða CAS-númers. CAS-númer fylgja til að auðveldara sé að greina tiltekið íðefni eða efnablöndu, án tillits til nafnakerfis. Ekki er unnt að nota CAS-númer sem sértákn vegna þess að nokkur form hinna skráðu íðefna hafa mismunandi CAS-númer og efnablanda, sem inniheldur skráð íðefni, getur einnig haft annað CAS-númer.

ML1 **Vopn með óriffluðu hlaupi með minni hlaupvídd en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með hlaupvídd 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur) eða minni, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

a. Rifflar, karabínur, marghleypur, skammbyssur, vélskammbyssur og vélbyssur:

<u>Athugasemd</u> ML1.a. gildir ekki um eftirfarandi:

a. Framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938.

b. Eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.

c. Marghleypur, skammbyssur og vélbyssur sem framleiddar eru fyrir 1890 og eftirlíkingar þeirra.

b. Vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

1. Vopn með óriffluðu hlaupi sérhönnuð til hernaðarnota.

2. Önnur vopn með óriffluðu hlaupi sem hér segir:

a. Alsjálfvirk vopn.

b. Hálfsjálfvirk vopn eða með pumpu.

c. Vopn fyrir skotfæri án skothylkja.

d. Hljóðdeyfar, byssustæði, skothylkjaklemmur, vopnamið og blossadeyfar fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1.a., ML1.b. eða ML1.c.

<u>1. athugasemd</u> ML1 gildir ekki um vopn með óriffluðu hlaupi sem notuð eru til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða alsjálfvirk.

<u>2. athugasemd</u> ML1 gildir ekki um skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir gerviskotfæri og ekki er unnt að nota til að hleypa af skotfærum sem tilgreind eru í ML3.

<u>3. athugasemd</u> ML1 gildir ekki um vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. non-centre fire) og eru ekki alsjálfvirk.

<u>4. athugasemd</u> ML1.d. gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með fjórfaldri stækkun eða minna, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða þeim hafi verið breytt til hernaðarnota.

ML2 **Vopn með óriffluðu hlaupi með 20 mm hlaupvídd eða meiri, önnur vopn eða vopnabúnaður með meiri hlaupvídd en 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

a. Byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með óriffluðu hlaupi og tæki til að hylja ummerki um þessi vopn.

1. athugasemd *ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir allan búnað sem tilgreindur er í ML2.a.*

2. athugasemd *ML2.a. gildir ekki um eftirfarandi vopn:*

1. *Framhlaðninga, riffla og karabínur sem framleidd eru fyrir 1938.*

2. *Eftirlíkingar framhlaðninga, riffla og karabína eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890.*

3. athugasemd *ML2.a. gildir ekki um beranleg skotkerfi, sem sérhönnuð eru til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni.*

b. Vörpur til að varpa reyk-, gas- eða flugeldahylkjum eða tæki til að mynda þess háttar efni, sérhönnuð eða umbreytt til hernaðarnota.

Athugasemd *ML2.b. gildir ekki um merkjabyssur.*

c. Vopnamið og festingar fyrir vopnamið þegar eftirfarandi á við:

1. Sérhönnuð til hernaðarnota og

2. sérhönnuð fyrir vopn sem tilgreind eru í ML2.a.

d. Festingar sem eru sérhannaðar fyrir vopnin sem tilgreind eru í ML2.a.

ML3 **Skotfæri og kveikjustillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þann búnað:**

a. Skotfæri fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML12.

b. Kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem tilgreind eru í ML3.a.

1. athugasemd *Sérhannaðir íhlutir sem tilgreindir eru í ML3 eru m.a.:*

a. Málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri.

b. Öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,

c. Aflgjafar með hárri einnotavirkni.

d. Brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur.

e. Dreifisprengjur (e. submunitions), þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og lítil tundurdufl og markstýrð skeyti.

2. athugasemd *ML3.a. gildir ekki um skotfæri án skeytis (blank star) og gerviskotfæri með götuðu púðurhólfi.*

3. athugasemd *ML3.a. gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð fyrir eitthvert eftirfarandi:*

a. merkjasendingu,

b. fuglafælingu eða

c. kveikingu gasloga á olíubrunnum.

ML4 **Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, aðrar sprengjur og hleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir fyrir þetta:**

Ath. 1: *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

Ath. 2: *Um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS), sjá ML4.c.*

a. Sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður, eyðingarsamstæður, búnaður fyrir „flugeldavörur“, skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum þessara hluta), einkum til hernaðarnota.

Athugasemd *Í ML4.a. eru m.a.:*

a. Reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnaður.

b. Útblástursrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.

b. Búnaður þar sem allt eftirfarandi á við:

1. Sérhannaður til hernaðarnota *og*

2. sérhannaður fyrir ‚starfsemi‘ í tengslum við annaðhvort eftirfarandi:

a. Hluti sem tilgreindir eru í ML4.a. eða

b. heimatilbúinn sprengjubúnað (IED).

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML4.b.2. felur ‚starfsemi‘ í sér meðhöndlun, skot, lagningu, stjórnun, afhleypingu, sprengingu, virkjun, straumgjöf með hárri einnotavirkni, ginningu, truflun, slæðingu, að bera kennsl á, splundrun eða förgun.

1. athugasemd *Í ML4.b. er m.a.:*

a. Færanlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1000 kg eða meira á dag af gasi í fljótandi formi.

b. Flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða segulduf.

2. athugasemd *ML4.b. gildir ekki um beranleg tæki sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli tundurdufla og annarra málmhluta.*

c. Varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS).

Athugasemd *ML4.c. gildir ekki um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum sem eru með allt eftirfarandi:*

a. Einhvern eftirfarandi viðvörunarskynjara gegn flugskeytum:

1. Hlutlausa skynjara með hámarkssvörun milli 100-400 nm eða

2. virka Doppler-púlsskynjara til varnar gegn flugskeytum.

b. dreifikerfi fyrir gagnaðgerðir til blekkingar,

c. blys sem eru bæði með sýnilegum og innrauðum ummerkjum til að villa um fyrir flaugum sem skotið er frá jörðu og

d. uppsett í „almenningsloftförum“ og með allt eftirfarandi:

1. Varnarkerfið (AMPS) er aðeins virkt í tilteknum „almenningsloftförum“ þar sem hið sértæka varnarkerfi er sett upp og vegna þess hefir annað af eftirfarandi verið gefið út:

a. Tegundarvottorð fyrir almenningsflug eða

b. jafngilt skjal sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) viðurkennir.

2. Varnarkerfið (AMPS) notar vörn til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að „hugbúnaði“ og

3. í varnarkerfinu (AMPS) er virkur búnaður sem gerir kerfið óstarfhæft þegar það er fjarlægt úr „almenningsloftfarinu“ sem það var sett upp í.

ML5 **Skotstýring ásamt tilheyrandi viðvörunar- og kvaðningarbúnaði og tengd kerfi, prófunar- og stillikerfi og gagnaðgerðakerfi, sem hér segir, sérhönnuð til nota fyrir heri, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum fyrir þau:**

a. Vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi.

b. Markábendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður; samþættingarbúnaður fyrir nema.

c. Gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a. eða ML5.b.

Athugasemd Að því er varðar ML5.c. felur gagnaðgerðabúnaður í sér greiningarbúnað.

d. Vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a., ML5.b. eða ML5.c.

ML6 **Landökutæki og íhlutir sem hér segir:**

Ath. Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

a. Landökutæki og íhlutir í þau, sérhannað eða breytt til hernaðarnota.

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML6.a. falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

b. Önnur landökutæki og íhlutir sem hér segir:

1. Öll aldrifsökutæki sem hægt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum, landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

2. Íhlutir með öllu eftirfarandi:

a. Sérhannaðir fyrir ökutæki sem tilgreind eru í ML6.b.1. *og*

b. veita skothelda vörn að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum, landsbundnum kröfum) eða þar fyrir ofan.

Ath. *Sjá einnig ML13.a*

1. athugasemd *Í ML6.a. eru m.a.:*

a. Skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjulagningar eða til að skjóta hergögnum sem tilgreind eru í ML4.

b. Brynvarin ökutæki.

c. Ökutæki fyrir láð og lög og haffær ökutæki.

d. Björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga, ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

2. athugasemd *Breytingar á landökutækjum til hernaðarnota, sem tilgreindar eru í ML6.a., fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Meðal þessara íhluta eru:*

a. Sérhannaðar, skotheldar hjólbarðahlífar.

b. Brynvörn fyrir mikilvægustu hlutana (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa).

c. Sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn.

d. Myrkvunarljósker.

3. athugasemd *ML6 gildir ekki um borgaralegar bifreiðar eða flutningabíla sem gerðir eru, eða hefur verið breytt, til að flytja peninga eða verðmæti og eru með brynvörn eða eru skotheldir.*

ML7 **Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, „óeirðastjórnunarefni“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni, sem hér segir:**

a. Líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, „aðlöguð að notkun í stríði“ til að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

b. Efni til efnahernaðar (CW), m.a.:

1. Taugaefni til efnahernaðar:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfónflúoríðöt, s.s.:

Sarín (GB):O-ísóprópýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 107-44-8). *og*

Sóman (GD):O-pínakólýlmetýlfosfónflúoríðat (CAS 96-64-0).

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl)-N,N-díalkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfóramídósýaníðöt, s.s.:

Tabún (GA):O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýanídat (CAS 77-81-6).

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónþíólöt og samsvarandi alkýleruð and róteinduð sölt, s.s.:

VX: O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9).

2. Efni til efnahernaðar sem valda bruna og blöðrum:

a. Brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfíð (CAS 2625-76-5).

2. Bis(2-klóretýl)súlfíð (CAS 505-60-2).

3. Bis(2-klóretýlþíó)metan (CAS 63869-13-6).

4. 1,2-bis(2-klóretýlþíó)etan (CAS 3563-36-8).

5. 1,3-bis(2-klóretýlþíó)-n-própan (CAS 63905-10-2).

6. 1,4-bis(2-klóretýlþíó)-n-bútan (CAS 142868-93-7).

7. 1,5-bis(2-klóretýlþíó)-n-pentan (CAS 142868-94-8).

8. Bis(2-klóretýlþíómetýl)eter (CAS 63918-90-1).

9. Bis(2-klóretýlþíóetýl)eter (CAS 63918-89-8).

b. Eiturgös (e. *Lewisites*), s.s.:

1. 2-klórvínyldíklórarsín (CAS 541-25-3).

2. Tris(2-klórvínyl)arsín (CAS 40334-70-1).

3. Bis(2-klórvínyl)klórarsín (CAS 40334-69-8).

c. Köfnunarefnissinnep, s.s.:

1. HN1: Bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8).

2. HN1: Bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2).

3. HN3: Tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1).

3. Efni til efnahernaðar sem gera menn óvíga, s.s.:

3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2).

4. Laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:

a. Bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF).

b. 2,4,5-tríklórfenoxýediksýra (CAS 93-76-5) blönduð með 2,4-díklórfenoxýediksýru (CAS 94-75-7) (Agent Orange (CAS 39277-47-9)).

c. Tvígild forefni og lykilforefni til efnahernaðar sem hér segir:

1. Alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:

DF (spillistuðull): Metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3).

2. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C_{10}, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl-(metýl, ethýl, n-própýl eða ísóprópýl) -fosfónít og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

QL: O-etýl-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónít (CAS 57856-11-8).

3. Klórsarín: O-ísópropýlmetýlfosfónklóríðat (CAS 1445-76-7).

4. Klórsóman: O-pínakólýlmetýlfosfónklóríðat (CAS 7040-57-5).

d. „Óeirðastjórnunarefni“, virk íðefni og blöndur þeirra efna, m.a.:

1. α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8).

2. [(2-klórfenýl)metýlen]própandínítríl, (o-klórbensýlídenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1).

3. 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4).

4. Díbens-(b,F)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8).

5. 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (Adamsite), (DM) (CAS 578-94-9).

6. N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9).

1. athugasemd *ML7.d. gildir ekki um „óeirðastjórnunarefni“ sem eru sérpökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.*

2. athugasemd *ML7.d. gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra efna sem er pakkað til matvælaframleiðslu eða lækninga og auðkennd sem slík.*

e. Búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir fyrir hann:

1. Efni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. eða

2. efni til hernaðarnota úr forefnum sem tilgreind eru í ML7.c.

f. Hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, íhlutir og efnablöndur, sem hér segir:

1. Búnaður, sem er hannaður eða breyttur til varnar gegn efnum, sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d., og sérhannaðir íhlutir í hann.

2. Búnaður, sem er hannaður eða breyttur til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum, sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b., og sérhannaðir íhlutir í hann,

3. Efnablöndur, sem eru þróaðar sérstaklega eða settar saman til afmengunar hluta, sem mengast hafa af efnum, sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b.

Athugasemd *Í ML7.f.1. eru m.a.:*

a. Loftræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar.

b. Hlífðarfatnaður.

Ath. *Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

g. Búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til að finna eða greina efni. sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d., og sérhannaðir íhlutir í hann.

Athugasemd *ML7.g. gildir ekki um skammtamæla geislunarvaktara fyrir einstaklinga.*

Ath. *Sjá einnig færslu 1A004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

h. „Líffjölliður“, sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem tilgreind eru í ML7.b. og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær,

i. „Lífhvatar“ til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess, sem hér segir:

1. „Lífhvatar“, sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna, sem tilgreind eru í ML7.b., og framleiddir með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingum á lífrænum kerfum,

2. Lífræn kerfi er innihalda sérstakar erfðaupplýsingar til framleiðslu þeirra lífhvata sem tilgreindir eru í ML7.i.1., sem hér segir:

a. „Tjáningarferjur“,

b. veirur,

c. frumuræktun.

1. athugasemd *ML7.b. og ML7.d. gilda ekki um eftirfarandi:*

a. Sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4). Sjá 1C450.a.5. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi

b. Blásýra (CAS 74-90-8).

c. Klór (CAS 7782-50-5).

d. Karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5). Sjá 1C450.a.4. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

e. Dífosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8).

f. Ekki notað síðan 2004,

g. Xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: (CAS 104-81-4),

h. Bensýlbrómíð (CAS 100-39-0).

i. Bensýljoðíð (CAS 620-05-3).

j. Brómaseton (CAS 598-31-2).

k. Sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3).

l. Brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0).

m. Klóraseton (CAS 78-95-5).

n. Etýljoðasetat (CAS 623-48-3).

o. Joðaseton (CAS 3019-04-3).

p. Klórpíkrín (CAS 76-06-2). Sjá 1C450.a.7. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,

2. athugasemd *Frumuræktun og lífræn kerfi, sem tilgreind eru í ML7.h. og ML7.i.2., eru einangruð fyrirbæri og þessir undirliðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til almennra nota, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaiðnaði.*

ML8 **„Orkuefni“ og skyld efni, sem hér segir:**

Ath. 1. Sjá einnig 1C011 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Ath. 2. Um sprengjuhleðslur og -búnað, sjá ML4 og 1A008 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Tæknilegar athugasemdir

1. *Að því er varðar ML8 merkir blanda samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirliðum ML8.*

2. *Hvers kyns efni sem skráð er í undirliðum ML8 fellur undir þessa skrá, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en tilgreindur er. (t.d. er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari.)*

a. „Sprengiefni“, sem hér segir, og í blöndum með því:

1. ADNBF (amínódínítróbensófúroxan eða 7-amínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1).

2. BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 117412-28-9),

3. CL-14 (díamínódínítróbensófúroxan eða 5,7-díamínó-4,6-dínítróbensófúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1).

4. CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 135285-90-4). klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um forefni þess),

5. CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamínkóbalt(III)perklórat) (CAS 70247-32-4),

6. DADE (1,1-díamínó-2,2-dínítróetýlen, FOX7) (CAS 145250-81-3).

7. DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6).

8. DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín).

9. DDPO (2,6-díamínó-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6).

10. DIPAM (3,3’-díamínó-2,2’,4,4’,6,6’-hexanítróbífenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0).

11. DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8).

12. Fúrasön, sem hér segir:

a. DAAOF (díamínóasoxýfúrasan).

b. DAAzF (díamínóasófúrasan) (CAS 78644-90-3).

13. HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5. að því er varðar „forefni“), sem hér segir:

a. HMX (Sýklótetrametýlentetranítramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasasýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0).

b. Díflúoramineraðar hliðstæður HMX.

c. K-55(2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-[3,3,0]-oktanón-3,tetranítrósemíglýkóúríl eða ketó-bísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3).

14. HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9).

15. HNS (hexanítróstílben) (CAS 20062-22-0).

16. Imídasól sem hér segir:

    a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)imídasó [4,5-d]ímídasól).

    b. DNI (2,4-dínítróimídasól) (CAS 5213-49-0).

    c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróimídasól).

    d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróimídasól).

    e. PTIA (1-píkrýl-2,4,5-trínítróimídasól).

17. NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín).

18. ADNBF (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón)) (CAS 932-64-9).

19. Fjölnítrókúbön með meira en fjórum nítróhópum,

20. PYX (2,6-bis(píkrýlamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2).

21. RDX og afleiður, sem hér segir:

    a. RDX (sýklótrímetýlentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4).

    b. Ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasasýklóhexanón) (CAS 115029-35-1).

22. TAGN (tríamínógúanídínenítrat) (CAS 4000-16-2).

23. TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7 að því er varðar „forefni“).

24. TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díasósín).

25. Tetrasól, sem hér segir:

    a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól).

    b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól).

26. Tetrýl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8).

27. TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6. að því er varðar „forefni“).

28. TNAZ (1,3,3-trínítróasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2. að því er varðar „forefni“).

29. TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7).

30. TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýrídasínó[4,5-d]pýrídasín) (CAS 229176-04-9).

31. Tríasín, sem hér segir:

    a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0).

    b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4).

32. Tríasól, sem hér segir:

    a. 5-asídó-2-nítrótríasól.

    b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasóldínítramíð) (CAS 1614-08-0)

    c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól)

    d. BDNTA ([bis-dínítrótríasól]amín).

    e. DBT (3,3′-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4).

    f. DNBT (dínítróbístríasól) (CAS 70890-46-9).

    g. Ekki notað eftir 2010,

    h. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)3,5-dínítrótríasól).

    i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríasól).

    j. TACOT (tetranítróbensótríasólóbensótríasól) (CAS 25243-36-1).

33. Sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa eftirfarandi eiginleika:

    a. meiri sprengihraða en 8700 m/s við hámarksþéttleika *eða*

    b. meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar).

34. Lífræn sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa alla eftirfarandi eiginleika:

    a. Hafa sprengiþrýsting sem er 25 GPa (250 kbar) eða hærri og

    b. eru stöðug við 523 K (250 °C) eða hærra hitastig í fimm mínútur eða lengur.

b. „Drifefni“, sem hér segir:

    1. Hvers kyns föst „drifefni“ í flokki 1.1 í flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 250 sekúndur fyrir efnablöndur sem ekki eru málmgerðar eða lengur en 270 sekúndur fyrir álgerðar blöndur.

    2. Hvers kyns föst „drifefni“ í flokki 1.3 í flokkunarkerfi SÞ með tiltekinni, fræðilegri höggspennu (við staðalaðstæður) lengur en 230 sekúndur fyrir efnablöndur, sem ekki eru halógengerðar, 250 sekúndur fyrir blöndur sem ekki eru málmgerðar og 266 sekúndur fyrir málmgerðar blöndur.

    3. „Drifefni“ með aflfasta yfir 1200 kJ/kg.

    4. „Drifefni“ sem geta þolað stöðugan línulegan brunahraða sem er yfir 38 mm/s við staðalaðstæður (mælt með lötum einþráðungi) við 6,89 MPa (68,9 bar) þrýstingi og 294 K (21 °C).

    5. Teygjuefnisbreytt, steypt, tvíbotna (EMCDB) „drifefni“ með hámarksteygjanleika sem er yfir 5% við 233 K (- 40 °C) við hámarksálag.

    6. „Drifefni“ sem innihalda efni sem tilgreind eru í ML8.a.

    7. „Drifefni“ sem ekki eru skilgreind annars staðar í hergagnalista ESB, sérhönnuð til hernaðarnota.

c. „Flugeldavörur“, eldsneyti og skyld efni, sem hér segir, einnig í blöndum:

1. Loftfarseldsneyti sem er sérstaklega samsett til hernaðarnota.

2. Alan (álhýdríð) (CAS 7784-21-6).

3. Karbórön. dekabóran (CAS 17702-41-9). pentabórön (CAS 19624-22-7 og 18433-84-6) og afleiður.

4. Hýdrasín og afleiður, sem hér segir (sjá einnig ML8.d.8. og d.9. um oxandi hýdrasínafleiður):

a. Hýdrasín (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða meira.

b. Mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4).

c. Samhverft dímetýlhýdrasín (CAS 540-73-8).

d. Ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7).

5. Málmeldsneyti í eindaformi, hvort sem það er kúlulaga, ýrað, sporvölulaga, í flögum eða malað, framleitt úr efni sem er 99% eða þar yfir úr eftirfarandi:

a. Málmum, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

1. Beryllíum (CAS 7440-41-7) með eindastærð undir 60 μm,

2. járndufti (CAS 7439-89-6) með eindastærð 3 μm eða minni, framleitt með afoxun járnoxíðs með vetni.

b. Efnablöndum, sem innhalda eftirfarandi:

1. Sirkon (CAS 7440-67-7), magnesíum (CAS 7439-95-4) eða málmblendi af þeim í eindastærð sem er undir 60 μm *eða*

2. eldsneyti úr bór (CAS 7440-42-8) eða bórkarbíði (CAS 12069-32-8), 85% hreint eða þar yfir og með eindastærð undir 60 μm.

6. Efni til hernaðar sem innihalda þykkingarefni fyrir eldsneyti úr vetniskolefni, sérstaklega blandað til að nota í eldvörpur eða íkveikjuskotfæri, s.s. málmsteröt eða -palmöt (t.d. oktal (CAS 637-12-7)) og þykkingarefni í M1, M2 og M3.

7. Perkólöt, klóröt og krómöt í samsetningum með málmdufti eða öðrum íblöndunarefnum háorkueldsneytis.

8. Álkúluduft (CAS 7429-90-5) með 60 μm eða minni eindastærð, framleitt úr efni sem inniheldur 99% eða þar yfir af áli.

9. Títanundirhýdríð (TiH_n) með efnahlutfalli að jafngildi n = 0,65 til 1,68.

1. athugasemd *Loftfarseldsneyti, sem tilgreint er í ML8.c.1., á við um fullunnar vörur, ekki innihaldsefni þeirra.*

2. athugasemd *ML8.c.4.a. gildir ekki um hýdrasínblöndur sem eru sérstaklega samsettar til að vinna gegn tæringu.*

3. athugasemd *ML8.c.5. gildir um sprengiefni og eldsneyti, hvort sem málmarnir eða málmblöndurnar eru hjúpaðar áli, magnesíum, sirkoni eða beryllíum.*

4. athugasemd *ML8.c.5.b.2. gildir ekki um bór og bórkarbíð sem er auðgað með bór-10 (20% eða meira af heildarinnihaldi bór-10).*

5. athugasemd *ML8.c.5.b. gildir einungis um málmeldsneyti á eindaformi þegar það er blandað öðrum efnum, til að mynda efnablöndu sem er sérstaklega til hernaðarnota, s.s. fljótandi drifefnishrærur, föst drifefni eða flugeldablöndur.*

d. Oxarar, sem hér segir, og í blöndum með þeim:

1. ADN (ammóníumdínítramíð eða SR 12) (CAS 140456-78-6).

2. AP (ammóníumperklórat) (CAS 7790-98-9).

3. Flúorefnasambönd með einhverju af eftirfarandi:

a. öðrum halógenum,

b. súrefni eða

c. köfnunarefni.

1. athugasemd *ML8.d.3 gildir ekki um klórtríflúoríð (CAS 7790-91-2).*

2. athugasemd *ML8.d.3 gildir ekki um köfnunarefnistríflúoríð (CAS 7783-54-2) í loftkenndu formi þess.*

4. DNAD (1,3-dínítró-1,3-diasetidín) (CAS 78246-06-7).

5. HAN (hýdroxýlammóníumnítrat) (CAS 13465-08-2).

6. HAN (hýdroxýlammóníumperklórat) (CAS 15588-62-2).

7. HNF (hýdrasínnítróformat) (CAS 20773-28-8).

8. Hýdrasínnítrat (CAS 37836-27-4).

9. Hýdrasínperklórat (CAS 27978-54-7).

10. Fljótandi oxarar sem eru úr eða innihalda letjandi, rauða, rjúkandi saltpéturssýru (IRFNA) (CAS 8007-58-7).

Athugasemd *ML8.d.10 gildir ekki um rjúkandi saltpéturssýru sem er ekki letjandi.*

e. Bindiefni, mýkiefni, einliður og fjölliður sem hér segir:

1. AMMO (asídómetýlmetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 90683-29-7) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“).

2. BAMO (bísasídómetýloxetan og fjölliður þess) (CAS 17607-20-4) (sjá einnig ML8.g.1. að því er varðar „forefni“).

3. BDNPA (bis(2,2-dínítrópropýl)asetal (CAS 5108-69-0).

4. BDNPF (bis(2,2-dínítrópropýl)formal (CAS 5917-61-3).

5. BTTN (bútanetrióltrínítrat) (CAS 6659-60-5) (sjá einnig ML8.g.8 að því er varðar „forefni“).

6. Orkuríkar einliður, mýkiefni eða fjölliður sem eru sértaklega samsettar til hernaðarnota og innihalda eitthvað af eftirfarandi.

a. Nítrósamstæður.

b. Asíðsamstæður.

c. Nítratsamstæður.

d. Nítratasasamstæður eða

e. díflúoramínósamstæður.

7. FAMAO (3-díflúoramínómetýl-3-asídómetýloxetan) og fjölliður þess.

8. FEFO (bis-(2-flúor-2,2-dínítróetýl)formal (CAS 17003-79-1).

9. FPF-1 (pólý-2,2,3,3,4,4-hexaflúorpentan-1,5-díólformal) (CAS 376-90-9).

10. FPF-3 (pólý-2,4,4,5,5,6,6-heptaflúor-2-trí-flúormetýl-3-oxaheptan-1,7-díólformal).

11. GAP (glýsídýlasíðfjölliða) (CAS 143178-24-9) og afleiður hennar.

12. HTPB (pólýbútadíen með hýdroxýlhópi á hvorum enda) með hýdroxýlvirkni sem er jöfn eða stærri en 2,2 og minni en eða jöfn 2,4, hýdroxýlgildi sem er undir 0,77 meq/g og seigju við 30 °C minni en 47 poise (CAS 69102-90-5).

13. Alkóhólvirkt pólý(epíklórhýdrín) með mólþyngd undir 10000, sem hér segir:

    a. Pólý(epíklórhýdríndíól).

    b. Pólý(epíklórhýdríntríól).

14. NENAs (nítratetýlnítramínefnasambönd) (CAS 17096-47-8, 85068-73-1, 82486-83-7, 82486-82-6 og 85954-06-9).

15. PGN (pólý-GLYN, pólýglýsídýlnítrat eða pólý(nítratmetýloxíran) (CAS 27814-48-8).

16. Pólý-NIMMO (pólýnítratmetýlmetýloxetan) eða pólý-NMMO (pólý[3-nítratmetýl-3-metýloxetan]) (CAS 84051-81-0).

17. Pólýnítróortókarbónöt.

18. TVOPA (1,2,3-tris[1,2-bis(díflúoramínó)etoxý]própan eða samsett vínoxýprópan) (CAS 53159-39-0).

f. „Aukefni“, sem hér segir:

1. Basískt koparsalisýlat (CAS-nr. 62320-94-9)

2. FEFO (bis-(2-hýdroxýetýl)glýkólamíð) (CAS 17409-41-5).

3. BNO (bútadíennítríloxíð) (CAS 9003-18-3).

4. Afleiður ferrósen, sem hér segir:

    a. Bútasen (CAS 125856-62-4).

    b. Katósen (2,2-bis-etýlferrósenýlprópan) (CAS 37206-42-1).

    c. Ferrósenkarbóxýlsýrur, þ.m.t.:

    Ferrósenkarbóxýlsýra (CAS 1271-42-7)

    1,1’-ferrósendíkarboxýlsýra (CAS 1293-87-4).

    d. n-bútýl-ferrósen (CAS 31904-29-7).

    e. Aðrar samsettar, fjölliða, ferrósenafleiður.

5. Blý-beta-resorsýlat (CAS 20936-32-7).

6. Blýsítrat (CAS 14450-60-3).

7. Blý-koparklósamband af beta-resorsýlati eða salisýlötum (CAS 68411-07-4).

8. Blýmaleat (CAS 19136-34-6).

9. Blýsalisýlat (CAS 15748-73-9).

10. Blýstannat (CAS 12036-31-6).

11. MAPO (tris-1-(2-metýl)asírídínýlfosfínoxíð) (CAS 57-39-6). BOBBA 8 (bis(2-metýlasírídínýl)2-(2-hýdroxýprópanoxý)própýlamínófosfínoxíð). og aðrar MAPO-afleiður.

12. Metýl BAPO (bis(2-metýlasírídínýl)metýlamínófosfínoxíð) (CAS 85068-72-0).

13. N-metýl-p-nítróanilín (CAS 100-15-2).

14. 3-nítrasa-1,5-pentandíísósýanat (CAS 7406-61-9).

15. Málmlífræn bindiefni sem hér segir:

    a. Neópentýl[díallýl]oxý, trí[díoktýl]fostat-títanat (CAS 103850-22-2). einnig þekkt sem títan IV, 2,2[bis-2-própenólatmetýl, bútanólat, tris (díoktýl)fosfat] (CAS 110438-25-0). eða LICA 12 (CAS 103850-22-2).

    b. Títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris[díoktýl] pýrófosfat eða KR3538.

    c. Títan IV, [(2-própenólat-1)metýl, n-própanólatmetýl] bútanólat-1, tris(díoktýl)fosfat.

16. Pólýsýandíflúoramínóetýlenoxíð.

17. Pólý-virk asírídínamíð með ísóþalískri, trímesískri (BITA eða bútýlenímíntrímesamíð), ísósýanúrískri eða trímetýladípískri grunnbyggingu og 2-metýl- eða 2-etýl-skiptihvörfum við asírídín-hringinn.

18. Própýlenímín (2-metýlasírídín) (CAS 75-55-8).

19. Mjög fíngert járnoxíð (Fe_2O_3) (CAS 1317-60-8) með sérstökum yfirborðsfleti sem er yfir 250 m^2/g og meðaleindastærð sem er 3,0 nm eða minni.

20. TEPAN (tetraetýlenpentaamínakrýlnítríl) (CAS 68412-45-3). sýanetýleruð pólýamín og sölt þeirra.

21. TEPANOL (tetraetýlenpentaamínakrýlnítrílglýsídól) (CAS 68412-46-4). sýanóetýleruð pólýamín í samsetningum með glýsídóli og söltum þeirra.

22. TPB (trífenýlbismút) (CAS 603-33-8).

g. „Forefni“ sem hér segir:

<u>Ath.</u> Í ML8.g. er getið um sérstök „orkuefni“ sem framleidd eru úr þessum efnum.

1. BCMO (bisklórmetýloxetan) (CAS 142173-26-0) (sjá einnig ML8.e.1. og e.2.).

2. Dínítróasetídín-t-bútýlsalt (CAS 125735-38-8) (sjá einnig ML8.a.28.).

3. HBIW (hexabensýlhexaasaísóvúrtsítan) (CAS 124782-15-6) (sjá einnig ML8.a.4.).

4. TAIW (tetraasetýldíbensýlhexaasaísóvúrtsítan) (sjá einnig ML8.a.4.) (CAS 182763-60-6),

5. TAT (1,3,5,7 tetraasetýl-1,3,5,7,-tetraasasýklóoktan) (CAS 41378-98-7) (sjá einnig ML8.a.13.).

6. 1,4,5,8-tetraasadekalín (CAS 5409-42-7) (sjá einnig ML8.a.27.).

7. 1,3,5-tríklórbensen (CAS 108-70-3) (sjá einnig ML8.a.23.).

8. 1,2,4-tríhýdroxýbútan (1,2,4-bútantríól) (CAS 3068-00-6) (sjá einnig ML8.e.5.).

5. athugasemd *Ekki notað eftir 2009*

6. athugasemd *ML8 gildir ekki um eftirfarandi efni nema þau séu efnasambönd eða blönduð þeim „orkuefnum“ sem tilgreind eru í ML8.a. eða málmduft sem tilgreint er í ML8.c.:*

a. Ammóníumpíkrat (CAS 131-74-8).

b. Svart púður.

c. Hexanítródífenýlamín (CAS 131-73-7).

d. Díflúoramín (CAS 10405-27-3).

e. Nítrósterkja (CAS9056-38-6).

f. Kalíumnítrat (CAS 7757-79-1).

g. Tetranítrónaftalen.

h. Trínítróanísól.

i. Trínítrónaftalen.

j. Trínítróxýlen.

k. N-pýrrólídínón. 1-metýl-2-pýrrólídínón (CAS 872-50-4).

l. Díoktýlmaleat (CAS 142-16-5).

m. Etýlhexýlakrýlat (CAS 103-11-7).

n. Tríetýlál (TEA) (CAS 97-93-8), trímetýlál (TMA) (CAS 75-24-1) og önnur loftkveikjandi málmalkýl og arýl af litíum, natríum, magnesíum, sinki eða bóri.

o. Nítrósellulósi (CAS 9004-70-0).

p. Nítróglýserín (eða glýseróltrínítarat, trínítróglýserín) (NG) (CAS 55-63-0).

q. 2,4,6-trínítrótólúen (TNT) (CAS 118-96-7).

r. Etýlendíamíndínítrat (EDDN) (CAS 20829-66-7).

s. Pentaerýtrítóltetranítrat (PETN) (CAS 78-11-5).

t. Blýasíð (CAS 13424-46-9), venjulegt blýstýfnat (CAS 15245-44-0) og basískt blýstýfnat (CAS 12403-82-6) og eingreind sprengiefni eða kveikjuhleðslublöndur sem innihalda asíð eða asíðflóka.

u. Tríetýlenglýkóldínítrat (TEGDN)(CAS 111-22-8).

v. 2,4,6-trínítróresorsínól (stypnínsýra) (CAS 82-71-3).

w. Díetýldífenýlúrea(CAS 85-98-3). dímetýldífenýlúrea(CAS 611-92-7). metýletýldífenýlúrea[Centralites].

x. N,N-difenýlúrea (ósamhverf difenýlúrea) (CAS 603-54-3).

y. Metýl-N,N-difenýlúrea (ósamhverf metýldífenýlúrea)(CAS 13114-72-2).

z. Etýl-N,N-difenýlúrea (ósamhverf etýldífenýlúrea)(CAS 64544-71-4).

aa. 2-nítródífenýlamín (2-NDPA)(CAS 119-75-5).

bb. 4-nítródífenýlamín (4-NDPA)(CAS 836-30-6).

cc. 2,2-dínítróprópanól (CAS 918-52-5).

dd. Nítrógúanídín (CAS 556-88-7) (sjá 1C011.d. á lista yfir vörur með tvíþætt notagildi).

ML9 **Herskip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérstakur búnaður fyrir skip, fylgihlutir, íhlutir og önnur yfirborðsskip, sem hér segir:**

Ath. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. Skip og íhlutir, sem hér segir:

1. Skip (á yfirborði eða undir yfirborði vatns/sjávar), sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, án tillits til stöðu yfirstandandi viðgerðar- eða rekstrarástands og þess hvort þau eru með skotbúnað eða brynvörn eða ekki, og skipsskrokkar eða skrokkhlutar þess háttar skipa og íhlutir í þá, sérhannað til hernaðarnota.

2. Yfirborðsskip, af öðru tagi en skip sem tilgreind eru í ML9.a.1., með einhverju af eftirfarandi, áföstu eða innbyggðu í skipið:

a. Sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd eða meiri, sem tilgreind eru í ML1., vopn, sem tilgreind eru í ML2., ML4., ML12. eða ML19., eða ‚undirstaða' eða styrktir festipunktar fyrir þess háttar vopn.

Tæknileg aths.:

'Undirstaða' vísar til vopnastæðis eða burðarstyrkingar sem gerð er í þeim tilgangi að setja upp vopn.

b. Skotstýringarkerfi sem tilgreind eru í ML5.

c. Með öllu eftirfarandi:

1. ‚Vörn gegn íðefnum og lífrænum efnum og geisla- og kjarnamengun (CBRN)' og

2. ‚forbleyti- eða þvottakerfi' til afmengunar eða

Tæknilegar athugasemdir

1. ‚Vörn gegn CBRN' er afmarkað innra rými með t.d. yfirþrýstingi, einangrun loftræstikerfa, takmörkuðum loftræstiopum með CBRN-síum og takmarkaðar aðkomuleiðir starfsfólks með loftlokum.

2. ‚Forbleyti- eða þvottakerfi' er sjóúðunarkerfi sem nota má til að bleyta yfirbyggingu og þilför skips.

d. Virk gagnaðgerðavopnakerfi sem tilgreind eru í ML4.b., ML5.c. eða ML11.a. og með eitthvert eitt af eftirfarandi:

1. ‚Vörn gegn CBRN' .

2. Skrokkur og yfirbygging, sérhönnuð til að draga úr ratsjárþversniði.

3. Búnaður til að draga úr ummerkjum um hitauppgufun (t.d. kælikerfi fyrir útblástur), þó ekki þau sem eru sérhönnuð til að auka heildarskilvirkni aðalvélar eða til að draga úr umhverfisáhrifum, eða

4. afseglunarkerfi sem hannað er til að draga úr segulummerkjum alls skipsins.

b. Véla- og knúningskerfi, sem hér segir, sérhönnuð til hernaðarnota og íhlutir í þau, sérhannaðir til hernaðarnota:

1. Dísilvélar sérhannaðar fyrir kafbáta og allt eftirfarandi á við:

a. Vélaraflsafköst eru 1,12 MW (1500 hp) eða þar yfir og

b. snúningshraði er 700 rpm eða meiri.

2. Rafvélar sérhannaðar fyrir kafbáta og allt eftirfarandi á við

a. Vélaraflsafköst eru yfir 0,75 MW (1000 hp),

b. Snögg stefnuskipting fram og aftur.

c. Vökvakæling og

d. alveg lokaðar.

3. Óseglanlegar dísilvélar og allt eftirfarandi á við:

a. Vélaraflsafköst eru 37,3 MW (50 hp) eða þar yfir og

b. óseglanlegur hluti er yfir 75% af heildarmassa.

4. Kerfi með ‚knúningsafl óháð lofti' (AIP), sérhönnuð fyrir kafbáta.

Tæknileg aths.:

‚Knúningsafl óháð lofti' (AIP) gerir kleift að starfrækja knúningsaflskerfi kafbáts án aðgangs að súrefni andrúmsloftsins lengur en annars hefði verið unnt með rafhlöðunum. Að því er varðar ML9.b.4. tekur AIP ekki til kjarnorku.

c. Leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar, sérhönnuð til hernaðarnota, stjórntæki fyrir þau og íhlutir í þau, sérhönnuð til hernaðarnota.

d. Varnarnet gegn kafbátum og tundurskeytum, sérhönnuð til hernaðarnota.

e. Ekki notað eftir 2003.

f. Gegnumtök á bol og tengibúnaður, sérhannað til hernaðarnota, til tengingar á tækjum á ytra byrði skipa og íhlutir í þau, sérhannað til hernaðarnota.

Athugasemd *Í ML9.f. er m.a. gerð tengibúnaðar fyrir skip með einleiðara, fjölleiðara, samásaleiðara eða ölduleiðara og gegnumtök á bol fyrir skip, en hvort tveggja er með rakaþétt ytra byrði og heldur nauðsynlegum eiginleikum á dýpi yfir 100 m og með ljósleiðaratengi og ljóstæknileg gegnumtök á bol, sérhannað fyrir „leysi"-geislasendingar, án tillits til dýptar. ML9.f. gildir ekki um venjuleg drifsköft og vökvastýrðan stýripinna í gegnumtökum á bol.*

g. Hljóðlausar legur með eitthvað af eftirfarandi, íhlutir fyrir þær og búnað með þeim legum, sérhannað til hernaðarnota:

1. Gas- eða segulhöggdeyfing og -fjöðrun.

2. Virk ummerkjastjórn eða

3. Titringsbælingarstjórn.

ML10 **„Loftför", „farartæki léttari en andrúmsloftið", ómönnuð loftfarartæki, flughreyflar og búnaður fyrir „loftför", skyldur búnaður og íhlutir í hann, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, sem hér segir:**

Ath. *Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.*

a. Orrustu-„loftför" og sérhannaðir íhlutir í þau.

b. Önnur „loftför" og „farartæki léttari en andrúmsloftið", sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, þ.m.t. til könnunar í hernaðarlegum tilgangi, árása, herþjálfunar, flutninga og niðursendingar fallhlífahermanna eða hergagna með og úr loftfari, stuðnings með birgðaflutningum, og sérhannaðir íhlutir þeirra.

c. Ómönnuð loftfarartæki og skyldur búnaður, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:

1. Ómönnuð loftfarartæki, þ.m.t. fjarstýrð loftfarartæki (RPV), sjálfstýrð, forritanleg farartæki og „farartæki léttari en andrúmsloftið“.

2. Tilheyrandi skotkerfi og stoðbúnaður á jörðu niðri.

3. Tengdur skipana- og stjórnbúnaður.

d. Flughreyflar, sérhannaðir eða breyttir til hernaðarnota, og sérhannaðir íhlutir í þá.

e. Tækjabúnaður í loftfari, þ.m.t. búnaður til eldsneytistöku á flugi, sérhannaður til nota í þeim „loftförum“ sem tilgreind eru í ML10.a. eða ML10.b. eða fyrir þá flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d., ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

f. Þrýstingsáfyllarar, þrýstingsáfyllingarbúnaður, búnaður sem er sérhannaður til að auðvelda aðgerðir í lokuðu rými og tæki á jörðu niðri, sérhannaðir fyrir „loftför“, sem tilgreind eru ML10.a. eða ML10.b., eða fyrir flughreyfla sem tilgreindir eru í ML10.d.

g. Brotlendingarhjálmar og hlífðargrímur fyrir hermenn og sérhannaðir íhlutir í þau, þrýstijafnaður öndunarbúnaður og samfestingar að hluta þrýstijafnaðir til nota í „loftförum“, samfestingar til að verjast þyngdaraflinu, breytar fyrir fljótandi súrefni, sem notaðir eru í „loftför“ eða flugskeyti, og slöngvibúnaður og hylkisdrifinn neyðarbúnaður sem gerir mönnum kleift að sleppa út úr „loftfari“.

h. Fallhlífar, svifvængir og skyldur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

1. Fallhlífar sem ekki eru tilgreindar annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

2. Svifvængir.

3. Búnaður, sérhannaður fyrir fallhlífastökkvara í háloftunum (t.d. samfestingar, sérstakir hjálmar, öndunarkerfi, leiðsögutæki).

i. Sjálfvirk stýrikerfi fyrir farm, sem varpað er niður í fallhlíf, búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota fyrir stökk með opnunarstýringu úr hvaða hæð sem er, þ.m.t. súrefnistæki.

<u>1. athugasemd</u> ML10.b. gildir ekki um „loftför“ eða afbrigði af þeim „loftförum“ sem sérhönnuð eru til hernaðarnota og allt eftirfarandi á við um:

a. Eru ekki miðuð við hernaðarnot og ekki búin tækjum eða aukabúnaði sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota og

b. eru vottuð til almenningsnota af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í aðildarríki eða í ríki sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu.

<u>2. athugasemd</u> ML10.d. gildir ekki um:

a. flughreyfla, sem eru hannaðir eða breyttir til hernaðarnota, sem flugmálayfirvöld í aðildarríki eða í ríki, sem tekur þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu, hafa vottað til nota í „almenningsloftfari“, eða sérhannaða íhluti í þá,

b. strokkhreyfla eða sérhannaða íhluti þeirra, nema þá sem eru sérhannaðir í ómönnuð loftfarartæki.

3. athugasemd *ML10.b. og ML10.d. að því er varðar sérhannaða íhluti og tengdan búnað fyrir almenn „loftför“ eða flughreyfla, sem breyttir eru til hernaðarnota, gilda aðeins um þá íhluti til hernaðarnota og hertengdan búnað sem nauðsynlegur er fyrir breytingar til hernaðarnota.*

ML11 **Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í hann:**

a. Rafeindabúnaður, sérhannaður til hernaðarnota:

Athugasemd *ML11.a. gildir meðal annars um:*

a. Gagnaðgerða- og gagn-gagnaðgerðarafeindabúnað (þ.e. tæki sem hönnuð eru til að framkalla framandi eða villandi merki í ratsjám eða þráðlausum fjarskiptatækjum eða til að hindra á annan hátt viðtöku, starfrækslu eða virkni rafeindaviðtökubúnaðar andstæðinga, þ.m.t. gagnaðgerðabúnaður þeirra), þ.m.t. búnaður til truflunarsendinga og gagntruflunarsendinga.

b. Tíðnisnarpa myndlampa (e. frequency agile tubes).

c. Rafeindakerfi eða -búnað sem er annaðhvort hannaður til eftirlits og vöktunar á rafeindasegulsviðinu til að afla hernaðarlegra upplýsinga eða í öryggisskyni eða til að sporna gegn þess háttar eftirliti eða vöktun.

d. Gagnaðgerðir undir yfirborði vatns/sjávar, m.a. blekkingaraðgerðir með hljóð- og segultruflunum, og búnað til að kalla fram framandi og röng merki í hljóðsjám.

e. Öryggisbúnaður fyrir gagnavinnslu, gagnaöryggisbúnaður og öryggisbúnaður á útsendingar- og merkjalínu, með dulkóðun.

f. Kennsla- og staðfestingarbúnaður og lykilhleðslubúnaður og lykilstjórnun, framleiðslu- og dreifibúnaður.

g. Leiðsögu- og siglingabúnaður.

h. Stafrænn búnaður fyrir fjarskipti með tvístrun rafsegulbylgna í veðrahvolfinu.

i. Stafrænir afmótarar, sérhannaðir fyrir leynilegar merkjasendingar.

j. „Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi“.

Ath. *Um „hugbúnað“, sem tengist „hugbúnaðar“-skilgreindu útvarpi og viðtöku“ (SDR), sjá ML21.*

b. Truflunarbúnaður fyrir hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS).

ML12 **Háhraðavopnakerfi og tengdur búnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir til þeirra:**

a. Hreyfiorkuvopnakerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því.

b. Sérhannaður prófunar- og matsbúnaður og prófunarlíkön, þ.m.t. greiningartæki og skotmörk, fyrir virka prófun á hreyfiorkuskeytum og -kerfum.

Ath. *Um vopnakerfi, sem nota undirhlaupviddarskotfæri eða nýta einvörðungu kemískt knúningsafl, og skotfæri fyrir þau, sjá ML1 til ML4.*

1. athugasemd *Í ML12 er m.a. eftirfarandi búnaður þegar hann er sérhannaður fyrir hreyfiorkuvopnakerfi:*

a. Skotknúningskerfi með meiri massahröðun en 0,1 g að hraða umfram 1,6 km/s, í einvirkum eða hraðvirkum skotham.

b. Aðalorkuframleiðsla, rafbrynja, orkugeymsla, hitastýring, meðferð, skipti- eða meðferðarbúnaður eldsneytis og raftengibúnaður milli aflgjafa, byssu og annarrar rafvirkni byssustæða.

c. Markábending, markfylgni, skotstýring eða tjónamatskerfi.

d. Kerfi með sjálfstýrðri skotmarksleit, stýranlegu eða stefnubreytanlegu (hliðarhröðun) knúningsafli fyrir flugskeyti.

2. athugasemd *ML12 gildir um vopnakerfi sem eru knúin af einhverri eftirtalinna aðferða:*

a. Rafsegulknúin.

b. Rafhitaknúin.

c. Rafgasknúin.

d. Léttgasknúin eða

e. knúin íðefnum (þegar þau eru notuð í samsetningum með einhverju af ofangreindu).

ML13 **Búnaður, mannvirki og íhlutir með brynvörn eða til hlífðar sem hér segir:**

a. Brynvarnarplötur sem eitthvert eitt af eftirtöldu á við um:

1. Framleiddar samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum eða

2. henta til hernaðarnota.

b. Mannvirki úr málmi eða málmlausu efni, eða samsetningar þeirra, sérhönnuð til að veita hernaðarkerfum skothelda vörn, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

c. Hjálmar, sem framleiddir eru samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða sambærilegum landsstöðlum, og sérhannaðir íhlutir til þeirra (þ.e. hjálmskel, fóður og stuðningspúðar).

d. Brynklæði og hlífðarfatnaður, framleidd samkvæmt herstöðlum eða -tækniforskriftum, eða jafngildi þeirra, og sérhannaðir íhlutir í þau.

1. athugasemd *Í ML13.b. er fjallað um efni sem eru sérhönnuð til að búa til sprengjuviðnámsvörn eða til að smíða herskýli.*

2. athugasemd *ML13.c. gildir ekki um venjulega stálhjálma, hvorki breytta eða hannaða fyrir einhvers konar viðbótarbúnað né með þannig búnaði.*

3. athugasemd *ML13.c. og d. gilda ekki um hjálma, brynklæði eða hlífðarfatnað, þegar notandi hefur hann með sér til persónulegrar varnar fyrir sjálfan sig.*

4. athugasemd *Einu hjálmarnir, sem eru sérhannaðir fyrir sprengjueyðingarliða og tilgreindir eru í ML13., eru þeir sem sérhannaðir eru til hernaðarnota.*

Aths. 1 *Sjá einnig færslu 1A005 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

Aths. 2 *Um „trefja- eða þráðefni“, sem notað er í framleiðslu brynklæða fyrir einstaklinga og hjálma, sjá færslu 1C010 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

ML14 **‘Sérhæfður búnaður til herþjálfunar’ eða fyrir hernaðarlegar hermisviðsmyndir, hermar sérhannaðir til þjálfunar í notkun skotvopna eða vopn tilgreind í ML1 eða ML2 og sérhannaðir íhlutir og aukabúnaður þeirra.**

Tæknileg aths.:

Hugtakið ‘sérhæfður búnaður til herþjálfunar’ tekur til herárásarþjálfa, aðgerðaflugsþjálfa, ratsjárskotmarksþjálfa, tækja til skotmarkagerðar fyrir ratsjá, skyttuþjálfunarbúnaðar, herþjálfa gegn kafbátum, flugherma (þ.m.t. miðflóttaaflsbómur til þjálfunar flugmanna/geimfara), ratsjárþjálfa, blindflugsþjálfa, leiðsögutækjaþjálfa, flaugaskotþjálfa, miðunarbúnaðs, dróna-„loftfara“, vígbúnaðarþjálfa, þjálfa fyrir flugmannslaus „loftför“, færanlegra þjálfunareininga og þjálfunarbúnaðar fyrir hernaðaraðgerðir á landi.

1. athugasemd *Í ML14 eru myndgerðarkerfi og gagnvirk umhverfiskerfi fyrir herma ef þau eru sérhönnuð eða þeim breytt til hernaðarnota.*

2. athugasemd *ML14 gildir ekki um búnað sem er sérhannaður til þjálfunar í notkun veiðivopna eða vopna sem notuð eru í íþróttum.*

ML15 **Myndbúnaður eða búnaður til gagnaðgerða, sem hér segir, sérhannaður til nota í hernaði, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. Upptöku- og myndvinnslubúnaður.

b. Myndavélar, ljósmyndabúnaður og filmuvinnslubúnaður.

c. Búnaður til myndskerpingar.

d. Innrauður búnaður eða hitabúnaður til skoðunar.

e. Ratsjárnemar með myndbúnaði.

f. Gagnaðgerða- eða gagn-gagnaðgerðatæki fyrir þann búnað sem tilgreindur er í ML15.a. til ML15.e.

Athugasemd *Í ML15.f. er m.a. fjallað um tæki sem hönnuð eru til að hamla starfsemi eða virkni hernaðarlegra myndkerfa eða draga sem mest úr þess háttar hömlunaráhrifum.*

1. athugasemd *Í ML15 tekur hugtakið sérhannaðir íhlutir til eftirfarandi þegar þeir eru sérhannaðir til hernaðarnota:*

a. Innrauðir myndbreytilampar.

b. Myndskerpingarlampar (þó ekki af fyrstu kynslóð).

c. Örrásaplötur.

d. Sjónvarpsmyndavélalampar fyrir litla lýsingu.

e. Skynjarakerfi (þ.m.t. rafeindatæknileg samtengingar- eða aflestrarkerfi).

f. Fúrrafeindasjónvarpsmyndavélalampar (Pyroelectric television camera tubes).

g. Kælikerfi fyrir myndkerfi.

h. Rafstýrðir lokar til dekkingar eða litbreytingar (photochromic) eða sem byggjast á samspili rafsegulsviðs og rafeinda (electro-optical) og hafa lokunarhraða sem er undir 100 μs, nema um sé að ræða loka sem eru mikilvægur hluti háhraða-myndavélar.

i. Ljósleiðaratæknileg myndsnúningstæki.

j. Samsett hálfleiðaraljósskaut.

2. athugasemd *ML15 gildir ekki um „myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“ eða búnað sem er sérhannaður fyrir„myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“.*

Ath. *Um flokkun vopnamiða með „myndskerpingarlampa af fyrstu kynslóð“, sjá ML1., ML2. og ML5.a.*

Ath. *Sjá einnig 6A002.a.2. og 6A002.b. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.*

ML16 **Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur, sérhannaðar fyrir íhluti sem tilgreindir eru í ML1 til ML4, ML6, ML9, ML10, ML12 eða ML19.**

Athugasemd *ML16. gildir um ófullunnar vörur þegar þær eru auðkennanlegar af efnissamsetningu, útliti eða hlutverki.*

ML17 **Ýmiss búnaður, efni og ‚gagnasöfn' , sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir til þeirra:**

a. Tækjabúnaður til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar, sem hér segir:

1. Búnaður með lokaðri eða hálflokaðri hringrás (enduröndun), sérhannaður til hernaðarnota (þ.e. sérhönnuð, ósegluð gerð).

2. Sérhannaðir íhlutir til nota við breytingu á tækjum með opinni hringrás til hernaðarnota.

3. Hlutir einvörðungu hannaðir til hernaðarnota með tækjabúnað til sjálfstæðrar köfunar og sunds undir yfirborði vatns eða neðansjávar.

b. Vinnuvélar og -tæki, sérhönnuð til hernaðarnota.

c. Tengihlutir, þekjuefni og meðhöndlun til ummerkjaleyndar, sérhannað til hernaðarnota.

d. Tækjabúnaður mannvirkjadeildar hers á vettvangi, sérhannaður til nota þar sem bardagar eru háðir.

e. „Þjarkar", „þjarka"-stjórnbúnaður og „þjarka"-„snertlar" sem hafa einhverja eftirfarandi eiginleika:

1. Sérhannað til hernaðarnota.

2. Með búnaði til að verja vökvaleiðslur gegn utanaðkomandi götunarskemmdum af völdum skotbrota (t.d. með sjálfvirkri þéttingu á leiðslunum) sem er hannaður fyrir vökvakerfisvökva með blossamarki yfir 839 K (566 °C) *eða*

3. Sérhannað eða flokkað til að virka í umhverfi með rafsegulhöggum (EMP).

Tæknileg aths.:

Með rafsegulhöggi er ekki átt við óvísvitandi truflun af völdum rafsegulgeislunar frá nærliggjandi tækjabúnaði (t.d. vélum, tækjum eða rafeindabúnaði) eða eldingum.

f. ‚Gagnasöfn' (stikaðir tæknigagnagrunnar), sérhönnuð til hernaðarnota með hliðsjón af þeim búnaði sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB.

g. Búnaður til kjarnorkuframleiðslu eða knúningsbúnaður, þ.m.t. „kjarnakljúfar", sérhannaður til hernaðarnota og íhlutir til hans, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

h. Búnaður og efni, húðuð eða meðhöndluð til ummerkjaleyndar, sérhönnuð til hernaðarnota, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í sameiginlegum hergagnalista ESB.

i. Hermar, sérhannaðir fyrir „kjarnakljúfa" til hernaðarnota.

j. Færanleg viðgerðarverkstæði, sérhönnuð eða ‚breytt' til að þjónusta herbúnað.

k. Rafalar til nota á vettvangi, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

l. Gámar, sérhannaðir eða ‚breyttir' til hernaðarnota.

m. Ferjur, sem ekki eru skilgreindar annars staðar í hergagnalista ESB, brýr og dýpkunarprammar, sérhönnuð til hernaðarnota.

n. Prófunarlíkön, sérhönnuð til „þróunar" hluta sem tilgreindir eru í ML4, ML6, ML9 eða ML10.

o. Leysivarnarbúnaður (t.d. augn- og skynjarahlífar), sérhannaður til hernaðarnota.

p. „Efnarafalar“, sem ekki eru skilgreindir annars staðar í hergagnalista ESB, sérhannaðir eða ‚breyttir‘ til hernaðarnota.

Tæknilegar athugasemdir

1. Að því er varðar ML17 merkir hugtakið ‚gagnasafn‘ (stikaður tæknigagnagrunnur) safn tækniupplýsinga hernaðarlegs eðlis og hagnýting þess getur aukið afköst herbúnaðar eða hernaðarkerfa.

2. Að því er varðar ML17 merkir ‚breyttur‘ hvers kyns byggingarfræðilegar, raffræðilegar og vélfræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gera hlut, sem er ekki til notkunar í hernaði, að hlut sem er sérhannaður til hernaðarnota.

ML18 **Búnaður til framleiðslu og íhlutir, sem hér segir:**

a. Sérhannaður eða breyttur ‚framleiðslu‘-búnaður fyrir ‚framleiðslu‘ vara sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

b. Sérhönnuð aðstaða til umhverfisprófunar og sérhannaður búnaður til hennar vegna vottunar, hæfismats eða prófunar vara sem tilgreindar eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

Tæknileg aths.:

Að því er varðar ML18 felur hugtakið ‚framleiðsla‘ í sér hönnun, rannsókn, framleiðslu, prófun og eftirlit.

Athugasemd Í ML18.a. og ML18.b. taka til eftirfarandi búnaðar:

a. Sívirk tæki til köfnunarefnissýringar.

b. Skilvinduprófunartæki eða -búnaður með einhvern eftirfarandi eiginleika:

1. Knúinn vél eða vélum með flokkaðan heildarhestaflafjölda yfir 298 kW (400 hp).

2. Með getu til að bera farmþunga sem er 113 kg eða þar yfir eða

3. með getu til 8 g skilvinduhröðunar, eða þar yfir, með 91 kg farmþunga eða þar yfir.

c. Vatnssneyðingarpressur.

d. Skrúfuútþrýstingspressur, sérhannaðar eða breyttar fyrir sprengiútþrýsting til hernaðarnota.

e. Skurðarvélar til að flokka útþrýstingsdrifefni eftir stærð.

f. Sælgætistunnur (tromlur) sem eru 1,85 m í þvermál eða þar yfir og með 227 kg innihaldsrými.

g. Sívirkir blandarar fyrir föst drifefni.

h. Kvarnir, knúnar fljótandi eldsneyti, til að mylja eða mala innihaldsefni í sprengiefni til hernaðarnota.

i. Búnaður til fá fram bæði kúlulögun og jafna eindastærð í málmpúðri sem skráð er í ML8.c.8.

j. Varmaburðarstraumsbreytar fyrir breytingu efna sem skráð eru í ML8.c.3.

ML19 **Vopn sem nota stefnuvirka orku (DEW) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön cf , sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra:**

a. „Leysi“-kerfi, sérhönnuð til að eyða skotmarki eða bægja árás frá því.

b. Eindageislakerfi sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því.

c. Háorkuútvarpstíðnikerfi (RF) sem geta eytt skotmarki eða bægt árás frá því.

d. Búnaður, sérhannaður til að finna eða bera kennsl á eða til varnar gegn kerfum sem tilgreind eru í ML19.a. til ML19.c.

e. Hlutkennd prófunarlíkön fyrir þau kerfi, þann búnaðar og þá íhluti sem tilgreind eru í ML19.

f. „Leysi“-kerfi, sérhönnuð til að valda varanlegri blindu á óvörðum augum, þ.e. berum augum eða augum með leiðréttandi sjóntækjum.

1. athugasemd *Í DEW-kerfum, sem tilgreind eru í ML19, eru kerfi sem byggja getu sína á stýrðri notkun:*

a. „leysa“ sem hafa nægilegt afl til að valda sambærilegri eyðingu og hefðbundin skotfæri,

b. eindahraðla sem skjóta hlöðnum eða óhlöðnum eindageislum sem hafa eyðingarmátt,

c. hátíðnisenda með öflugum eða meðalöflugum útsendingargeisla sem mynda orkusvið sem eru nægilega öflug til að gera rafeindabúnað í fjarlægu skotmarki óvirkan.

2. athugasemd *Í ML19 er m.a. fjallað um eftirfarandi þegar það er sérhannað fyrir DEW-kerfi:*

a. Búnaður til aðalaflsframleiðslu, orkugeymslu, umskiptingar, orkumeðferðar eða meðhöndlunar eldsneytis.

b. Markábendingar- eða markfylgnikerfi.

c. Kerfi sem unnt er að nota til að meta tjón á skotmarki, eyðingu þess eða bægingu árásar frá því.

d. Búnaður til að stýra, útbreiða eða beina geislum.

e. Búnaður með hraðvirkum geislasnúningi fyrir hraðvirkar aðgerðir gegn mörgum skotmörkum.

f. Aðlögunarhæf ljóstæknileg kerfi og fasasameiningartæki.

g. Strauminnspýtar fyrir neikvæða vetnisjónageisla.

h. „Geimhæfir“ hröðunaríhlutir.

i. Útstreymisbúnaður fyrir neikvæða jónageisla.

j. Búnaður til að stjórna og snúa háorkujónageisla.

k. „Geimhæfar“ þynnur til að afhlaða neikvæða vetnissamsætugeisla.

ML20 **Lághitabúnaður og „ofurleiðandi“ búnaður, sem hér segir, ásamt sérhönnuðum íhlutum og fylgihlutum þeirra:**

a. Sérhannaður eða samstilltur búnaður til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum, sem getur starfað á hreyfingu og framleitt eða viðhaldið hitastigi undir 103 K (– 170 °C).

Athugasemd *Í ML20.a. er m.a. fjallað um farkerfi sem eru búin eða nýta fylgihluti eða íhluti sem framleiddir eru úr efnum sem eru ekki úr málmi eða leiða ekki rafmagn, s.s. plasti eða efnum sem eru gegndreypt epoxý.*

b. „Ofurleiðandi“ rafbúnaður (snúningsvélar og spennar), sérhannaður eða samstilltur til uppsetningar í farartæki til hernaðarnota á landi, á eða í sjó, í lofti eða í geimnum og getur starfað á hreyfingu.

Athugasemd *ML20.b. gildir ekki um einpóla jafnstraumsrafala af blendingsgerð sem eru með einpóla snúða úr venjulegum málmi sem snúast í segulsviði sem ofurleiðaraspólur framleiða, að því tilskildu að þessar spólur séu einu ofurleiðaraíhlutirnir í rafalnum.*

ML21 **„Hugbúnaður“ sem hér segir:**

a. „Hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir „þróun“, „framleiðslu“ eða „notkun“ tækjabúnaðar, efna eða „hugbúnaðar“ sem tilgreindur er í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. Sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem er tilgreindur í ML21.a., sem hér segir:

1. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum.

2. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar eða hermunar á sviðsmyndum hernaðaraðgerða.

3. „Hugbúnaður“, til að ákvarða áhrif hefðbundinna vopna, kjarna-, efna- eða sýklavopna.

4. „Hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir yfirstjórn, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C^3I) eða yfirstjórn, fjarskipti, stjórn, tölvumeðferðar og greiningarstarfsemi (C^4I).

c. „Hugbúnaður“, ekki tilgreindur í ML21.a., eða b., sérhannaður eða breyttur til að unnt sé að nota búnað, sem ekki er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB, til að gegna hernaðarlegu hlutverki tækjabúnaðar sem er tilgreindur í sameiginlegum hergagnalista ESB.

ML22 **„Tækni“ sem hér segir:**

a. „Tækni“, önnur en sú sem er tilgreind í ML22.b., sem er „nauðsynleg“ vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ hluta sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB.

b. „Tækni“, sem hér segir:

1. „Tækni” sem er „nauðsynleg“ fyrir hönnun, öflun íhluta í og rekstur, viðhald og viðgerðir heilla framleiðslukerfa til að framleiða hluti, sem eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB, jafnvel þótt íhlutir í þess háttar framleiðslukerfi séu ekki tilgreindir.

2. „Tækni” sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“ og „framleiðslu“ handvopna, jafnvel þótt hún sé notuð til að framleiða eftirlíkingar af fornum handvopnum.

3. „Tækni” sem er „nauðsynleg“ til „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ á eiturefnum, skyldum búnaði eða íhlutum sem tilgreindir eru í ML7.a. til ML7.g.

4. „Tækni" sem er „nauðsynleg" til „þróunar", „framleiðslu" eða „notkunar" á „líffjölliðum" eða ræktun tiltekinna frumna sem eru tilgreindar er í ML7.h.

5. „Tækni" sem einungis er „nauðsynleg" til ísetningar „lífefnahvata", sem tilgreindir eru í ML7.i.1., í burðarefni eða efni til hernaðar.

1. athugasemd *„Tækni" sem er „nauðsynleg" til „þróunar", „framleiðslu" eða „notkunar" hluta, sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista ESB, er áfram undir eftirliti, jafnvel þegar hún á við um hvers kyns hluti sem ekki eru tilgreindir í sameiginlegum hergagnalista ESB.*

2. athugasemd *ML22 gildir ekki um:*

a. „Tækni", sem er hvað minnst nauðsynleg vegna uppsetningar, reksturs, viðhalds (eftirlits) og viðgerðar þeirra hluta sem eru ekki undir eftirliti eða hefur verið heimilað að flytja út.

b. „Tækni" sem er „almenningseign", notuð í þágu „vísindalegra grunnrannsókna" eða er hvað minnst nauðsynleg sem upplýsingar vegna einkaleyfisumsókna.

c. „Tækni" til að nýta segulspan fyrir samfelldan knúning almenningsfarartækja.

SKILGREINING HUGTAKA SEM NOTUÐ ERU Í ÞESSARI SKRÁ

Eftirfarandi eru skilgreiningar hugtaka, sem eru notuð í þessari skrá, í stafrófsröðröð.

1. athugasemd *Skilgreiningarnar gilda í allri skránni. Tilvísanirnar eru aðeins til leiðbeiningar og hafa engin áhrif á almenna beitingu skilgreindra hugtaka í allri skránni.*

2. athugasemd *Orð og hugtök í þessari skilgreiningaskrá hafa aðeins skilgreinda merkingu þegar þau eru tilgreind innan „tvöfalldra gæsalappa". Skilgreiningar hugtaka, sem eru innan 'einfaldra gæsalappa', koma fram í tæknilegri athugasemd um viðkomandi hlut. Að öðru leyti hafa orð og hugtök almennt viðurkennda merkingu (orðabókarmerkingu).*

ML7 **„Aðlagað að notkun í stríði"**

Allar breytingar eða val (s.s. breyting á hreinleika, geymsluþoli, meinvirkni, dreifingareinkennum eða viðnámsþoli gegn útfjólublá ljósi) sem er ætlað að auka afköst með tilliti til þess að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

ML8 **„Aukefni"**

Efni sem notuð eru í sprengiefnaformúlur til að bæta eiginleika þeirra.

ML8, ML9 og ML10 **„Loftfar"**

Loftfarartæki með föstum vængjum, snúanlegum vængjum, þyrilvængjum (þyrla), hallanlegum þyrli eða hallanlegum vængjum.

ML11 **„Sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi"**

Rafræn kerfi sem notuð eru til að færa inn, vinna úr og senda upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir virka aðgerð viðkomandi hóps, stórrar fylkingar, fylkingar á vettvangi átaka, einingar, skips, undireiningar eða vopna sem stjórnað er. Þetta er gert með notkun tölva og annars sérhæfðs vélbúnaðar sem hannaður er til að styðja við starfsemi yfirstjórnar og stjórnstöðvar hers. Meginhlutverk sjálfvirks skipana- og stjórnkerfis eru: skilvirk, sjálfvirk öflun, uppsöfnun, geymsla og úrvinnsla upplýsinga; að sýna þá stöðu og þær aðstæður sem hafa áhrif á og stýra undirbúningi og stjórnun aðgerða í bardaga; útreikningar vegna aðgerða og úrræða í tengslum við úthlutun tilfanga meðal hersveita eða grunnþátta aðgerðaáætlunar orrustu eða útfærslu orrustunnar samkvæmt verkefninu eða stöðu aðgerða; gerð gagna svo að unnt sé að meta stöðuna og taka ákvörðun hvenær sem er meðan aðgerð eða orrusta stendur yfir: tölvuhermun aðgerða.

ML22 **„Vísindalegar grunnrannsóknir“**

Tilraunastarfsemi eða fræðileg vinna sem aðallega er unnin til að afla nýrrar þekkingar á grundvallarlögmálum eða kannanlegum staðreyndum og þjónar ekki eða beinist fyrst og fremst að sérstökum, hagnýtum tilgangi eða markmiði.

ML7 og 22 **„Lífefnahvatar“**

Efnahvatar fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf eða önnur lífefnafræðileg efnasambönd sem bindast og hraða niðurbroti efna í efnahernaði.

Tæknileg aths.:

„Ensím“ merkir „lífhvati“ fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

ML7 og 22 **„Líffjölliður“**

Lífrænar stórsameindir, sem hér segir:

a. Ensím fyrir sérstök efnafræðileg eða lífefnafræðileg efnahvörf.

b. Mótefni, einklóna eða fjölklóna, eða and-kjarngerðarmótefni (e. *anti-idiotypic*).

c. Sérhannaðir eða sérunnir viðtakar.

Tæknilegar athugasemdir

1. *„And-kjarngerðarmótefni“: mótefni sem bindast sérstökum bindisætum vaka annarra mótefna.*
2. *„Einklónamótefni“: prótín sem bindast einu mótefnasæti og er myndað af einu frumuklóni.*
3. *„Fjölklónamótefni“: blanda prótína sem binst sérstökum vaka og er framleidd af fleiri en einu frumuklóni.*
4. *„Viðtakar“: lífrænar stórsameindabyggingar sem geta bundist bindlum, en binding þeirra hefur áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi.*

ML10 **„Almenningsloftför“**

Þau „loftför“ sem skráð eru eftir gerð í lofthæfivottunarskrár, sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs gefa út, til almenningsflugs á flugleiðum innan lands og utan eða til lögmæts, almenns flug, einkaflugs eða flugs í viðskiptaskyni.

ML21 og 22 **„Þróun“**

Tengist öllum stigum raðframleiðslu, svo sem: hönnun, hönnunarrannsóknum, hönnunargreiningu, hönnunarhugtökum, samsetningu og prófun frumgerða, áætlunum um tilraunaframleiðslu, hönnunargögnum, breytingaferlinu frá hönnunargögnum til framleiðsluvöru, formhönnun, samþættingarhönnun, uppdráttum.

ML17 **„Snertlar“**

Griplur, virkar verkfæraeiningar og hvers kyns önnur verkfæri sem fest eru á grunnplötuna framan á hreyfiarmi „þjarka“.

Tæknileg aths.:

„Virkar verkfæraeiningar“ eru tæki til að beita hreyfiafli, virkja orku eða beita skynjara á hlut í vinnslu.

ML4 og 8 ***„Orkuefni“***

Efni eða efnablöndur sem við efnahvörf losa þá orku sem þörf er á til þeirra nota sem til er ætlast. „Sprengiefni“, „flugeldavörur“ og „drifefni“ eru undirflokkar orkuefna.

ML8
og 18 **„Sprengiefni“**

Föst, fljótandi eða loftkennd efni eða efnablöndur sem þarf að sprengja til að þær komi að notum sem forhleðsla, forsprengja eða aðalhleðsla í sprengjuoddum, til niðurrifs og annarrar notkunar.

ML7 **„Tjáningarferjur“**

Burðarefni (t.d. plasmíð eða veira), notað til að koma erfðaefni inn í hýsilfrumur.

ML 17 **„Efnarafall“**

Rafefnafræðilegt tæki sem breytir efnaorku beint í jafnstraumsrafmagn (DC) með því að nota utanaðkomandi eldsneyti.

ML13 **„Trefja- eða þráðefni“**

Meðal annars:

a. Óslitnir einþáttungar.

b. Óslitið garn og óslitnir vafningar.

c. Borðar, vefnaður, mottur með ýmsum vefnaði og fléttuð bönd.

d. Klipptir þræðir og skornir og samhangandi þráðateppi.

e. Steinefnaþræðir (e. *whiskers*), annaðhvort einkristalla eða fjölkristalla, í hvaða lengd sem er.

f. Arómatískt pólýamíðmauk.

ML15 **„Myndskerpingarlampar af fyrstu kynslóð“**

Myndlampar með elektróstatískri skerpustillingu sem nýta ljósleiðara í inntaki og úttaki eða glerskjá, fjölbasa ljósbakskaut (S-20 eða S-25), en ekki örrásamagnara.

ML22 **„Almenningseign“**

Það merkir að „tækni“ eða „hugbúnaður“ hafi verið gerður aðgengilegur án takmarkana á frekari dreifingu.

Athugasemd: *Takmarkanir vegna höfundaréttar geta ekki breytt því að „tækni“ eða „hugbúnaður“ sé „almenningseign“.*

ML5
og 19 **„Leysir“**

Samstæða íhluta sem gefur frá sér, bæði í rúmi og tíma, samfellt ljós sem magnað er upp með örvaðri geislun.

ML10 **„Farartæki léttari en andrúmsloftið“**

Loftbelgir og loftskip sem nýta heitt loft eða lofttegundir, léttari en andrúmsloftið, s.s. helíum eða vetni, sem lyftikraft.

ML17 **„Kjarnakljúfur“**

Tekur til þeirra hluta sem eru í kjarnakljúfnum eða festir á tankinn sem hann er í, búnaðarins sem stýrir aflinu í kjarnanum og þeirra íhluta sem venjulega innihalda, eru í beinni snertingu við eða stjórna aðalkælimiðli ofnkjarnans.

ML8 **„Forefni“**

Sérstök íðefni sem notuð eru í framleiðslu sprengiefna.

ML21
og 22 **„Framleiðsla“**

Merkir öll framleiðslustig, s..s: framleiðsluundirbúning, framleiðslu, samþættingu, samsetningu (uppsetningu), eftirlit, prófun, gæðavottun.

ML8 **„Drifefni“**

Efni eða efnablöndur sem hvarfast efnafræðilega og mynda mikið magn heitra gastegunda með stýrðum hraða til að vinna vélrænt starf.

ML4 og 8 **„Flugeldavörur“**

Blöndur fasts eða fljótandi eldsneytis og oxara, sem verða fyrir kröftugum, stýrðum efnahvörfum, þegar þær eru glæddar, í þeim tilgangi að mynda í tilteknum mæli seinkun, hita, hávaða, reyk, sýnilegt ljós eða innrauða geislun. Loftkveikjandi vörur eru undirflokkur flugeldavara, án oxara en glæðast sjálfkrafa við snertingu við loft.

ML22 **„Nauðsynleg“**

Í tengslum við „tækni“ er orðið aðeins notað um þann hluta „tækninnar“ sem tryggir sérstaklega að ná eða fara fram úr afkastastigi, eiginleikum eða virkni sem stýrt er. Þess háttar „nauðsynleg“ „tækni“ getur átt við um mismunandi vörur.

ML7 **„Óeirðastjórnunarefni“**

Efni, sem við ætluð notkunarskilyrði til óeirðastjórnunar, hafa fljótt ertandi áhrif á skynfæri manna eða valda líkamlegri vanhæfni sem hverfur á skömmum tíma eftir að hætt er að beita efnunum. (Táragastegundir teljast til „óeirðastjórnunarefna“.)

ML17 **„Þjarki“**

Hreyfitæknilegur vélbúnaður sem ýmist er á samfelldri braut (e. *continuous path*) eða á föstum stað (e. *point-to-point*), stundum með skynjurum, og hefur alla eftirfarandi eiginleika:

a. Er fjölnota.

b. Getur staðsett eða stillt af efni, hluta, verkfæri eða sérstök tæki með breytilegum hreyfingum í þrívídd.

c. Felur í sér þrjú eða fleiri sjálfstýritæki (e. *servo-device*), í opnu eða lokuðu ferli (e. *loop*), sem geta verið með stigdrifnar vélar (e. *stepping motor*s), *og*

d. er „forritanlegur fyrir notanda“ með aðferð til að kenna og endurtaka (e. teach/playback) eða með tölvu sem getur verið iðntölva (e. *programmable logic controller*), þ.e. án vélræns milliliðar.

Athugasemd *Framangreind skilgreining tekur ekki til eftirfarandi búnaðar:*

1. *Hreyfitæknilegs vélbúnaðar sem aðeins er unnt að stjórna handvirkt eða með fjarstýribúnaði.*

2. *Hreyfitæknilegs vélbúnaðar í fastri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum og vinnur í vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru ekki breytileg eða breytanleg á vél-, rafeinda- eða rafmagnstæknilegan hátt.*

3. *Vélstýrðs, hreyfitæknilegs vélbúnaðar í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum, en stillanlegum, skorðum, s.s. með stiftum eða knastásum. Röð hreyfing og vel vinnsluleiða eða -afstöðu eru breytileg innan fasts forritsmynsturs. Frávik frá eða breytingar á forritunarmynstri (t.d. breytingar á stiftum eða skipti á knastásum) eins eða fleiri hreyfiása er aðeins unnt að fá fram með vélrænum aðgerðum.*

4. *Hreyfitæknilegs vélbúnaðar, án sjálfstýringar, í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er breytilegt en runan heldur því aðeins áfram að tvíundamerki komi frá vélrænt föstum, rafrænum tvíundatækjum eða stillanlegum skorðum.*

5. *Stöflunarkrana sem skilgreindir eru sem hreyfikerfi, sem byggjast á kartesíusarhnitum, framleiddir sem óaðskiljanlegur hluti lóðréttra geymsluhólfastæða og hannaðir fyrir aðgang að innihaldi hólfanna til að setja hluti í eða taka úr geymslu.*

ML21 **„Hugbúnaður“**

Safn með einu eða fleiri „forritum“ eða „örforritum“ sem eru vistuð í hvers kyns áþreifanlegum tjáningarmiðlum.

ML19 **„Geimhæfur“**

Vörur sem hannaðar eru, framleiddar og prófaðar til að standast sérstakar kröfur, m.t.t. rafmagns, vélvirkni eða umhverfis, til notkunar við að senda upp og nýta gervihnetti eða háloftaflugkerfi sem starfrækt eru í 100 km hæð eða ofar.

ML18 og 20 **„Ofurleiðandi“**

Vísar til efna (þ.e. málma, málmblandna eða efnasambanda) sem geta misst alla rafmótstöðu (þ.e. sem geta náð óendanlegri rafleiðni og leitt afar sterkan rafstraum án Joul-hitunar).

Tæknileg aths.:

„Ofurleiðandi“-ástand efnis einkennist í hverju tilviki af „markhita“, „marksegulsviði“, sem er fall af hita, og markstraumi, sem er þó fall af hvoru tveggja, segulsviði og hita.

ML22 **„Tækni“**

Sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða „notkunar“ vöru. Þessar upplýsingar eru í formi tæknigagna eða tækniaðstoðar.

Tæknilegar athugasemdir

1. *‚Tæknigögn‘ geta verið í ýmsum myndum, svo sem verkteikningar, áætlanir, skýringarmyndir, líkön, formúlur, töflur, verkfræðihönnun og -forskriftir, handbækur og leiðbeiningar, skrifaðar eða skráðar í aðra miðla eða tæki, svo sem diska, segulband eða lesminni.*

2. *‚Tækniaðstoð‘ getur verið fyrirmæli, fagkunnátta, þjálfun, verkkunnátta, ráðgjafarþjónusta. ‚Tækniþjónusta‘ getur falið í sér flutning ‚tæknigagna‘ .*

ML21 og 22 **„Notkun“**

Rekstur, uppsetning (þ.m.t. uppsetning á staðnum), viðhald (athuganir), viðgerð, grannskoðun og endurnýjun.‘

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 259/2012 2013/EES/56/57

frá 14. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 að því er varðar notkun fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í skýrslu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 4. maí 2007 mat framkvæmdastjórnin, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004([3]), notkun fosfata í þvotta- og hreinsiefni. Í kjölfar frekari greiningar var komist að þeirri niðurstöðu að takmarka skuli notkun fosfata í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur í því skyni að minnka vægi fosfata úr þvotta- og hreinsiefnum að því er varðar áhættu vegna ofauðgunar og til að minnka kostnað við að fjarlægja fosföt í skólphreinsistöðvum. Þessar kostnaðarlækkanir vega þyngra en kostnaður við nýja samsetningu þvottaefnis fyrir neytendur með öðrum valkostum í stað fosfata.

2) Í skilvirkum valkostum í stað þvottaefna, sem eru að stofni til úr fosfötum, fyrir neytendur, þarf að nota lítið magn af öðrum fosfórefnasamböndum, þ.e.a.s. fosfónöt, sem kunna að reynast skaðleg fyrir umhverfið ef þau eru notuð í sífellt meira magni. Þó að mikilvægt sé að hvetja til notkunar á öðrum efnum við framleiðslu á þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur, sem hafa betri áhrif á umhverfið en fosföt og önnur efnasambönd fosfórs, ættu slík efni, við eðlileg notkunarskilyrði, ekki að skapa neina áhættu eða minni áhættu fyrir fólk og/eða umhverfið. Því skal nota REACH([4]) kerfið, eftir því sem við á, til að meta slík efni.

3) Víxlverkun milli fosfata og annarra fosfórefnasambanda útheimtir að vanda ber mjög valið á umfangi og stigi takmarkana að því er varðar notkun fosfata í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur. Takmarkanirnar skulu ekki einungis gilda um fosföt heldur einnig um öll fosfórefnasambönd í því skyni að koma í veg fyrir að fosfötum verði einfaldlega skipt út fyrir önnur fosfórefnasambönd. Gildi fyrir innihald fosfórs skulu vera nægilega lág til þess að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir að þvottaefnasamsetningar, sem eru að stofni til úr fosfati, fyrir neytendur séu settar á markað en þó nægilega há til að unnt sé að nota það lágmarksmagn fosfónata sem þörf er á í aðrar samsetningar.

4) Sem stendur er ekki rétt að láta takmarkanir á notkun fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur ná til þvotta- og hreinsiefna fyrir atvinnustarfsemi og stofnanir á vettvangi Sambandsins sökum þess að aðrir hentugir valkostir, sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir í stað notkunar á fosfötum í þessi þvotta- og hreinsiefni, eru enn ekki tiltækir. Að því er varðar uppþvottavélaefni fyrir neytendur er líklegt að aðrir valkostir verði aðgengilegri í náinni framtíð. Því er rétt að kveða á um takmörkun á notkun fosfata í þessi þvottaefni. Slík takmörkun skal gilda frá og með þeim tímapunkti í framtíðinni þegar búist er við að aðrir valkostir í stað fosfata verði aðgengilegir, í því skyni að efla þróun nýrrar vöru. Einnig er rétt að tilgreina leyfilegt hámarksinnihald fosfórs á grundvelli upplýsinga, þ.m.t. gildandi landsbundnum takmörkunum á fosfór í uppþvottavélaefni fyrir neytendur. Hins vegar er einnig nauðsynlegt að kveða á um að framkvæmdastjórnin skuli framkvæma nákvæmt mat á viðmiðunarmörkum á grundvelli nýjustu, fyrirliggjandi gagna áður en þessi takmörkun tekur gildi í gervöllu Sambandinu og, ef slíkt er réttlætanlegt, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf. Þetta mat skal ná yfir áhrif á umhverfið, iðnaðinn og neytendur af völdum uppþvottavélaefna fyrir neytendur sem innihalda fosfór í magni sem er meira eða minna en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í VI. viðauka a eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2011, bls. 71.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 10. febrúar 2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

sem innihalda aðra valkosti, að teknu tilliti til atriða eins og kostnaðar við þau, tiltækileika, hreinsunarafkasta og áhrifa á hreinsun skólps.

5) Eitt af markmiðunum með þessari reglugerð er að vernda umhverfið með því að draga úr ofauðgun af völdum fosfórs í þvottaefnum sem neytendur nota. Af þeim sökum er ekki rétt að neyða aðildarríki, þar sem þegar eru fyrir hendi takmarkanir sem varða fosfór í uppþvottavélaefni fyrir neytendur, til að aðlaga þessar takmarkanir áður en takmarkanir Sambandsins taka gildi. Ennfremur er æskilegt að aðildarríkjunum sé heimilt að taka inn í áföngum, svo fljótt sem við verður komið, þær takmarkanir sem settar eru fram í þessari reglugerð.

6) Setja skal skilgreiningu á „hreingerning“ inn í reglugerð (EB) nr. 648/2004 í stað tilvísunar til viðeigandi ISO-staðla til að gera hana læsilegri og einnig skal setja inn skilgreiningar á „þvottaefni fyrir neytendur“ og „uppþvottavélaefni fyrir neytendur“. Ennfremur er rétt að skýra skilgreininguna á „setning á markað“ og að setja inn skilgreiningu á „það að bjóða fram á markaði“.

7) Í því skyni að veita nákvæmar upplýsingar innan stystu mögulegu tímamarka er rétt að færa þá aðferð, sem framkvæmdastjórnin notar til að birta skrár yfir lögbær yfirvöld og samþykktar rannsóknarstofur, til nútímahorfs.

8) Í því skyni að aðlaga reglugerð (EB) nr. 648/2004 að vísinda- og tækniframförum, innleiða ákvæði um þvotta- og hreinsiefni, sem eru að stofni til leysar, og til að innleiða viðeigandi áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern lyktarofnæmisvald (áður þýtt sem „anganofnæmisvaki“) um sig skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar breytingar á viðaukum við reglugerðina sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þessi markmið. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

9) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á reglugerð (EB) nr. 648/2004 og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

10) Rétt þykir að kveða á um að fresta beitingu þeirra takmarkana sem eru fastsettar í þessari reglugerð til að gera rekstraraðilum, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, kleift að endurblanda þvottaefni, að stofni til úr fosfötum, fyrir neytendur og uppþvottavélaefni fyrir neytendur með öðrum valkostum í venjubundnu endurblöndunarferli sínu, í því skyni að lágmarka kostnað við það.

11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að draga úr vægi fosfata úr þvottaefnum fyrir neytendur að því er varðar áhættu vegna ofauðgunar, minnka kostnað við að fjarlægja fosföt í skólphreinsistöðvum og tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með þvottaefni fyrir neytendur og með uppþvottavélaefni fyrir neytendur, vegna þess að landsráðstafanir með mismunandi tækniforskriftir geta ekki tryggt heildarúrbætur á gæðum vatns sem rennur yfir landamæri og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra í þessari reglugerð en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 648/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 648/2004 er hér með breytt sem hér segir:

1) Í stað þriðja og fjórða undirliðar í 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi og fimmti undirliður bætist við:

„— viðbótarmerkingar þvotta- og hreinsiefna, þ.m.t. lyktarofnæmisvaldar,

— upplýsinga sem framleiðendur þurfa að hafa tiltækar fyrir lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og heilbrigðisstarfsfólk,

— takmarkana á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætist við:

„1a. „Þvottaefni fyrir neytendur“: þvottaefni fyrir þvott, sem er sett á markað til notkunar sem er ekki í atvinnuskyni, þ.m.t. í almenningsþvottahúsi með sjálfsafgreiðslu.

1b. „Uppþvottavélaefni fyrir neytendur“: þvottaefni sem er sett á markað til notkunar, sem er ekki í atvinnuskyni, í uppþvottavélar.“

b) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. „Hreingerning“: ferli þar sem óæskilegar útfellingar eru losaðar af undirlagi eða úr því og leystar upp eða þeim dreift.“

c) Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. „Setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins. Innflutningur inn á tollsvæði Sambandsins telst setning á markað.

9a. „Að bjóða fram á markaði“ öll afhending til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda

Þvottaefni, sem eru talin upp í VI. viðauka a, sem eru ekki í samræmi við takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skal ekki setja á markað frá og með þeim dagsetningum sem þar koma fram.“

4) Í stað 4. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal gera skrár yfir lögbær yfirvöld, sem getið er um í 1. mgr., og yfir samþykktar rannsóknarstofur, sem getið er um í 2. mgr., aðgengilegar öllum.“

5) Í stað 4. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„4. Auk þess skulu upplýsingarnar, sem kveðið er á um í B-lið VII. viðauka, koma fram á umbúðum þvottaefna fyrir neytendur og uppþvottavélaefna fyrir neytendur.“

6) Í 12. gr. falli 3. mgr. brott.

7) Í stað 13. og 14. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Aðlögun viðauka

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að innleiða breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga I. til IV. viðauka, VII. og VIII. viðauka að vísinda- og tækniframförum. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem kostur er, nota Evrópustaðla.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að innleiða breytingar á viðaukum þessarar reglugerðar sem varða þvotta- og hreinsiefni sem eru að stofni til leysar.

3. Ef vísindanefndin um öryggi neytenda fastsetur áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern lyktarofnæmisvald um sig skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. a, í því skyni að aðlaga styrkleikamörkin 0,01%, sem sett eru fram í A-lið VII. viðauka, til samræmis við það.

13. gr. a

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 13. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 19. apríl 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en 19. júlí 2016. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um önnur fimm ára tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

14. gr.

Ákvæði um frjálsan flutning

1. Aðildarríkin skulu ekki, af ástæðum sem fjallað er um í þessari reglugerð, banna, takmarka eða hindra að þvotta- og hreinsiefni og/eða yfirborðsvirk efni fyrir þvotta- og hreinsiefni, sem eru í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, séu boðin fram á markaði.

2. Aðildarríkin geta viðhaldið eða mælt fyrir um landsreglur sem varða takmarkanir á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvotta- og hreinsiefnum sem engar takmarkanir eru settar um að því er varðar innihald í VI. viðauka a, ef það er rökstutt, einkum ef það er á grundvelli t.d. verndunar lýðheilsu eða umhverfisins og ef aðrir kostir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir eru tiltækir.

3. Aðildarríkin geta viðhaldið landsreglum, sem voru í gildi 19. mars 2012, sem varða takmarkanir á innihald fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvotta- og hreinsiefnum sem takmarkanirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka a, gilda enn ekki um. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um slíkar landsráðstafanir sem eru fyrir hendi eigi síðar en 30. september 2012 og þær mega haldast áfram í gildi til þess dags sem takmarkanirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka a, taka gildi.

4. Frá og með 19. mars 2012 til 31. desember 2016 geta aðildarríkin samþykkt landsreglur til að framfylgja takmörkunum á innihaldi fosfata og annarra fosfórefnasambanda, sem mælt er fyrir um í 2. lið VI. viðauka a, ef það er rökstutt, einkum ef það er á grundvelli t.d. verndunar lýðheilsu eða umhverfisins og ef aðrir kostir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegir eru tiltækir. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu(*).

5. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir landsráðstafanir, sem um getur í 3. og 4. mgr., aðgengilega öllum.“

(*) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

8) Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að tiltekið þvotta- og hreinsiefni stofni öryggi eða heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í hættu, þrátt fyrir að efnið uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð, er því heimilt að grípa til allra viðeigandi bráðabirgðaráðstafana, í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, til að tryggja að viðkomandi þvotta- og hreinsiefni hafi þessa áhættu ekki lengur í för með sér, sé afturkallað af markaði eða innkallað innan hæfilegs tíma eða á annan hátt sett takmörk á tiltækileika þess.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.“

9) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Skýrsla

1. Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til upplýsinga frá aðildarríkjunum varðandi innihald fosfórs í uppþvottavélaefni fyrir neytendur sem sett er á markað á yfirráðasvæðum þeirra, og í ljósi allra fyrirliggjandi eða nýrra vísindalegra upplýsinga sem eru henni tiltækar að því er varðar efni sem eru notuð í samsetningar sem innihalda fosfór og í aðrar samsetningar, leggja nákvæmt mat á það hvort breyta skuli takmörkununum sem settar eru fram í 2. lið VI. viðauka a. Í þessu mati skal einnig vera greining á áhrifum á umhverfið, iðnaðinn og neytendur af völdum uppþvottavélaefna fyrir neytendur sem innihalda fosfór í magni sem er meira eða minna en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í VI. viðauka a, að teknu tilliti til atriða eins og kostnaðar við þau, tiltækileika, hreinsunarafkasta og áhrifa á hreinsun skólps. Framkvæmdastjórnin skal leggja þetta nákvæma mat fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli nákvæma matsins sem um getur í 1. mgr., að endurskoða þurfi takmarkanir á fosföt og önnur fosfórefnasambönd, sem eru notuð í uppþvottavélaefni fyrir neytendur, skal hún auk þess, eigi síðar en 1. júlí 2015, leggja fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf. Allar slíkar tillögur skulu miða að því að lágmarka neikvæð áhrif af völdum allra uppþvottavélaefna fyrir neytendur á umhverfið í heild en taka jafnframt tillit til hvers kyns efnahagslegs kostnaðar sem er tilgreindur í þessu nákvæma mati. Svo fremi sem Evrópuþingið og ráðið hafa ekki ákveðið annað, á grundvelli slíkrar tillögu, eigi síðar en 31. desember 2016 skulu viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í 2. lið VI. viðauka a, verða viðmiðunarmörk fyrir fosfórinnihald í uppþvottavélaefni fyrir neytendur frá og með dagsetningunni sem sett er fram í þeim lið.“

10) Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Í þessu geta einnig falist viðeigandi ráðstafanir sem gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að koma í veg fyrir að þvotta- og hreinsiefni eða yfirborðsvirk efni, sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, séu boðin fram á markaði. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði án tafar og um allar síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

Þessar reglur skulu taka til ráðstafana sem gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að leggja hald á sendingar með þvotta- og hreinsiefnum sem eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.“

11) Textinn í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við sem VI. viðauki a við reglugerð (EB) nr. 648/2008.

12) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í A-lið falli eftirfarandi texti brott:

„Ef vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli setur síðar áhættutengd styrkleikamörk fyrir hvern anganofnæmisvaka um sig skal framkvæmdastjórnin leggja til að þau verði samþykkt í staðinn fyrir styrkleikamörkin 0,01% sem um getur hér að framan. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.“

b) Í stað B-liðar komi eftirfarandi:

„B. **Merkingar er varða skammastærðir**

Eftirfarandi ákvæði gilda um merkingu á umbúðum þvotta- og hreinsiefna sem eru seld almenningi eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

Þvottaefni fyrir neytendur

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum þvotta- og hreinsiefna, sem seld eru almenningi og sem nota á sem tauþvottaefni:

— ráðlagt magn og/eða leiðbeiningar um skammta, gefið upp í millilítrum eða grömmum, miðað við staðlaðan þvott í þvottavél, fyrir vatnshörkuflokkana mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn og eina eða tvær þvottalotur,

— þegar um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott skal tilgreina hversu marga staðalþvotta með „miðlungi óhreinum“ þvotti og, þegar um er að ræða þvottaefni fyrir viðkvæman þvott, hversu marga staðalþvotta með „lítið óhreinum“ þvotti er hægt að þvo í þvottavél með innihaldi pakkans í meðalhörðu vatni sem samsvarar 2,5 millímólum $CaCO_3$/l.

— tilgreina skal rúmtak skammtamáls, ef það fylgir með, í millilítrum eða grömmum og merkja við þvottaefnisskammtinn sem hæfir fyrir staðalþvott í þvottavél fyrir vatnshörkuflokkana mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn.

Staðalþvottur í þvottavél er 4,5 kg af þurrum þvotti þegar um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott og 2,5 kg af þurrum þvotti þegar um er að ræða þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott eins og í skilgreiningum samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/476/EB frá 10. júní 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottaefni(*). Líta ber á þvottaefni sem þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott nema framleiðandi staðhæfi að það sé sérstaklega „milt“, þ.e. fyrir þvott við lágt hitastig, viðkvæmar trefjar og viðkvæma liti.

Uppþvottavélaefni fyrir neytendur

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum þvotta- og hreinsiefna, sem seld eru almenningi og sem nota á sem uppþvottavélaefni:

— staðlaður skammtur, gefinn upp í grömmum eða ml eða fjölda taflna fyrir aðalþvottalotu fyrir eðlilega óhreinan borðbúnað í fullhlaðinni uppþvottavél fyrir borðbúnað fyrir 12 manns og, ef við á, fyrir mjúkt vatn, meðalhart vatn og hart vatn.“

(*) Stjtíð. EB L 187, 20.7.1999, bls. 52. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2011/264/ESB (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. WAMMEN

VIÐAUKI

„VI. viðauki a

TAKMARKANIR Á INNIHALDI FOSFATA OG ANNARRA FOSFÓREFNASAMBANDA

Þvottaefni	Takmarkanir	Dagsetning sem takmörkunin gildir frá og með
1. Þvottaefni fyrir neytendur	Skal ekki setja á markað ef heildarinnihald fosfórs er jafnt eða meira en 0,5 grömm í því magni af þvottaefni sem mælt er með að sé notað í aðalþvottalotu miðað við staðlaðan þvott í þvottavél, eins og skilgreint er í B-lið VII. viðauka, með hörðu vatni, — fyrir „eðlilega óhreint“ efni ef um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, — fyrir „lítið óhreint“ efni ef um er að ræða þvottaefni fyrir viðkvæmt efni,	30. júní 2013
2. Uppþvottavélaefni fyrir neytendur	Skal ekki setja á markað ef heildarinnihald fosfórs er jafnt eða meira en 0,3 grömm í stöðluðum skammti eins og skilgreint er í B-lið VII. viðauka	1. janúar 2017“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 965/2012 **2013/EES/56/58**

frá 5. október 2012

um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugrekendur og starfsfólk, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

2) Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er gerð krafa um að aðildarríkin, auk þess að hafa eftirlit með vottorðum sem þau hafa gefið út, framkvæmi rannsóknir, þ.m.t. skoðanir á hlaði, og geri allar ráðstafanir, þ.m.t. að setja loftför í flugbann, til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot.

3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin fyrir örugga starfrækslu loftfara.

4) Til að tryggja snurðulaus umskipti og öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópusambandinu skulu framkvæmdarráðstafanir endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði flugrekstrar. Því skal tillit tekið til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða, sem samþykktar eru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) til 30. júní 2009, og núverandi löggjafar, sem varðar tiltekið landsvæði.

5) Nauðsynlegt er að flugiðnaðinum og aðildarríkjum sé veittur nægilegur tími til að aðlagast nýja reglurammanum og til að viðurkenna, við tiltekin skilyrði, gildi skírteina sem gefin voru út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

6) Þar sem þessi reglugerð felur í sér framkvæmdarráðstöfun, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu III. viðauki við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB ([3]) álitin niðurfelld í samræmi við 3. og 5. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Þó skal III. viðauki halda gilda sínu tímabundið, þar til umbreytingartímabilin, sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð, renna út, að því er varðar þau svið sem enn á eftir að samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir. Með sama hætti skal tilskipun 2004/36/EB halda gildi sínu tímabundið þar til umbreytingartímabilin, sem fyrirséð eru í þessari reglugerð, renna út.

7) Flugöryggisstofnun Evrópu útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fyrir framkvæmdastjórnina sem álit, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

([3]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu flutningaflugs með flugvélum og þyrlum, þ.m.t. skoðanir á hlaði á loftförum flugrekenda, sem eru undir öryggiseftirliti annars ríkis, þegar þau lenda á flugvöllum, sem staðsettir eru innan yfirráðasvæðis sem fellur undir ákvæði sáttmálans.

2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini flugrekenda, sem stunda flutningaflug, sem nota loftför sem talin eru upp í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, um réttindi og ábyrgð handhafa skírteina sem og um skilyrði fyrir því að starfræksla skuli bönnuð, takmörkuð eða háð tilteknum skilyrðum í öryggisskyni.

3. Reglugerð þessi á ekki við um flugrekstur, sem fellur undir gildissvið a-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „flutningaflug“ (e. commercial air transport operation): starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn greiðslu eða annars konar gjaldi,

2) „flugvélar í afkastagetuflokki B“: flugvélar sem knúnar eru skrúfuhreyfli með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri og hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni,

3) „almannaheillastaður“ (e. public interest site (PIS)): staður sem eingöngu er ætlaður starfsemi í þágu almannaheilla,

4) „starfræksla í afkastagetuflokki 1“: starfræksla þar sem þyrlan hefur slíka afkastagetu að ef markhreyfill verður óvirkur þá getur hún lent innan tiltækrar stöðvunarvegalengdar þegar hætt er við flugtak eða getur haldið fluginu áfram með öruggum hætti að viðeigandi lendingarsvæði, eftir því hvenær bilunin á sér stað.

Í I. viðauka er mælt fyrir um viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka.

3. gr.

Eftirlitsgeta

1. Aðildarríki skulu tilnefna einn eða fleiri aðila sem lögbært yfirvald í því aðildarríki, veita því nauðsynlegar heimildir og fela því ábyrgð á vottun og eftirliti með einstaklingum og aðilum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

2. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en einn aðila sem lögbært yfirvald:

a) skal valdsvið hvers lögbærs yfirvalds skýrt skilgreint, með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegra takmarkana, og

b) skal koma á samstarfi milli þessara aðila til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum aðilum og einstaklingum sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar innan viðkomandi valdsviðs.

3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu til að tryggja eftirlit með öllum einstaklingum og aðilum sem eftirlitsáætlunin nær yfir, þ.m.t. nægileg tilföng til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

4. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærs yfirvalds sinni ekki eftirlitsstarfsemi þegar eitthvað bendir til þess að það gæti valdið hagsmunaárekstrum, beint eða óbeint, sérstaklega að því er varðar hagsmuni tengda fjölskyldu eða fjárhag.

5. Starfsfólk sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna vottun og/eða eftirliti skal hafa vald til að inna af hendi a.m.k. eftirfarandi verkefni:

a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd vottunar- og/eða eftirlitsverkefnis,

b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) að fara inn á athafnasvæði, starfrækslusvæði eða í farartæki sem eru málinu viðkomandi,

e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, mat, skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir,

f) að grípa til framfylgdarráðstafana eða hafa frumkvæði að þeim, eins og við á.

6. Verkefnin í 5. mgr. skulu innt af hendi í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis.

4. gr.

Skoðanir á hlaði

Skoðanir á hlaði á loftförum flugrekenda, sem eru undir öryggiseftirliti annars aðildarríkis eða þriðja lands, skulu framkvæmdar í samræmi við RAMP-kafla í II. viðauka.

5. gr.

Flugrekstur

1. Flugrekendur skulu aðeins starfrækja loftför í flutningaflugi í samræmi við ákvæði III. og IV. viðauka.

2. Flugrekendur sem stunda flutningaflug skulu fara að viðeigandi ákvæðum V. viðauka við starfrækslu:

a) flugvéla og þyrlna sem notaðar eru við:

   i. starfrækslu þar sem notast er við hæfisbundna leiðsögu (PBN),

   ii. starfrækslu í samræmi við lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS),

   iii. starfrækslu í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM),

   iv. starfrækslu í lélegu skyggni (LVO),

b) flugvéla og þyrlna sem notaðar eru við flutning á hættulegum varningi,

c) tveggja hreyfla flugvéla, sem notaðar eru fyrir fjarflug (ETOPS) í flutningaflugi,

d) þyrlna sem notaðar eru við flutningaflug með aðstoð næturssjónkerfis (NVIS),

e) þyrlna sem notaðar eru við hífingar í ábataskyni og

f) þyrlna sem notaðar eru við sjúkraflug í ábataskyni (HEMS).

6. gr.

Undanþágur

1. Flutningaflug, sem hefst og lýkur á sama flugvelli/starfrækslusvæði með flugvélum í afkastagetuflokki B eða einföldum þyrlum, þarf ekki að uppfylla kröfur III. og IV. viðauka.

Eftirfarandi kröfur skulu þó uppfylltar:

a) hvað varðar flugvélar: kröfur III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 3922/91 og tengdar landsbundnar undanþágur, sem byggjast á öryggisáhættumati sem lögbær yfirvöld framkvæma,

b) hvað varðar þyrlur: landsbundnar kröfur.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skulu loftför, sem um getur í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, starfrækt eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2009) 7633 frá 14. október 2009 þegar þau eru notuð í flutningaflug. Framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) skal tilkynnt um allar breytingar á starfrækslunni sem hafa áhrif á skilyrðin, sem sett eru fram í þeirri ákvörðun, áður en breytingunni er hrint í framkvæmd.

Aðildarríki, annað en viðtakandi ákvörðunar C(2009) 7633, sem hyggst nýta undanþáguna sem kveðið er á um í þeirri ákvörðun, skal tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það áður en undanþágunni er hrint í framkvæmd. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu leggja mat á það að hve miklu leyti breytingin eða fyrirhuguð notkun víkur frá skilyrðum ákvörðunar C(2009) 7633 eða hefur áhrif á upphaflegt öryggismat sem framkvæmt er innan ramma ákvörðunarinnar. Sýni matið fram á að breytingin eða fyrirhuguð notkun samsvari ekki upphaflega öryggismatinu, sem framkvæmt er í tengslum við ákvörðun C(2009) 7633, skal hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram nýja undanþágubeiðni í samræmi við 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skal flug, sem tengist því að taka í notkun nýjar eða gera breytingar á tegundum loftfara sem hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki framkvæma innan réttinda sinna, áfram starfrækt samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í landslögum aðildarríkja.

4. Þrátt fyrir 5. gr. er aðildarríkjum ennþá heimilt, samkvæmt landslögum sínum, að krefjast sérstaks samþykkis og gera viðbótarkröfur að því er varðar verklagsreglur, búnað, starfsréttindi áhafnar og þjálfun fyrir þyrlur í flutningaflugi á hafi úti. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um viðbótarkröfur sem gilda um þessi sérstöku samþykki. Þessar kröfur skulu ekki fela í sér minni takmarkanir en kröfurnar í III. og IV. viðauka.

5. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar CAT.POL.A.300 í IV. viðauka skal starfrækja eins hreyfils flugvélar, þegar þær eru notaðar í flutningaflugi að næturlagi eða við blindflugsskilyrði, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í gildandi undanþágum, sem aðildarríki veita í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91.

Framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni skal tilkynnt um allar breytingar á starfrækslu þessara flugvéla sem hafa áhrif á skilyrðin, sem sett eru fram í þessum undanþágum, áður en breytingunni er hrint í framkvæmd. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu leggja mat á breytinguna, sem lögð er til, í samræmi við 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

6. Þrátt fyrir CAT.POL.H.225 í IV. viðauka má starfrækja þyrlur til/frá almannaheillastað þegar stærð almannaheillastaðarins, hindranir í umhverfinu eða þyrlan gera það að verkum að ekki er hægt að uppfylla starfrækslukröfurnar í afkastagetuflokki 1. Slík starfræksla skal fara fram samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkin ákveða. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um skilyrðin sem sett eru.

7. gr.

Flugrekandaskírteini

1. Flugrekandaskírteini, sem aðildarríki gefur út til flugrekenda flugvéla í flutningaflugi í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, áður en þessi reglugerð tekur gildi, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

Þó eigi síðar en 28. október 2014:

a) skulu flugrekendur aðlaga stjórnunarkerfi sín, þjálfunaráætlanir, verklag og handbækur þannig að þau séu í samræmi við III., IV. og V. viðauka, eftir því sem við á,

b) skal flugrekandaskírteinum þeirra skipt út fyrir skírteini sem gefin eru út í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Flugrekandaskírteinum, sem aðildarríki gefur út fyrir flugrekendur sem stunda flutningaflug með þyrlum, skal breytt í flugrekandaskírteini sem samrýmast þessari reglugerð, samkvæmt umbreytingarskýrslu aðildarríkisins sem gaf flugrekendaskírteinið út, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina.

Í umbreytingarskýrslunni skal lýst:

a) landsbundnum kröfum sem lágu til grundvallar útgáfu flugrekandaskírteinanna,

b) umfangi þeirra réttinda sem flugrekendunum voru veitt,

c) frávik frá landsbundnu kröfunum sem lágu til grundvallar útgáfu flugrekandaskírteinanna og kröfunum í III., IV. og V. viðauka, ásamt upplýsingum um með hvaða hætti og frá hvaða tíma þess verður krafist að þessir flugrekendur tryggi að farið sé í einu og öllu að ákvæðum þessara viðauka.

Umbreytingarskýrslan skal innihalda afrit af öllum skjölum, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á þættina sem settir eru fram í a- til c-lið, þ.m.t. afrit af viðeigandi kröfum og málsmeðferð hvers ríkis.

8. gr.

Fartímamörk

Fartíma- og vinnutímamörk skulu falla undir eftirfarandi:

a) hvað varðar flugvélar: 4. mgr. 8. gr. og Q-kafla í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91,

b) hvað varðar þyrlur: landsbundnar kröfur.

9. gr.

Listar yfir lágmarksbúnað

Listar yfir lágmarksbúnað, sem eru samþykktir áður en þessi reglugerð tekur gildi í ríki flugrekanda eða skráningarríkinu, eftir því sem við á, skulu teljast samþykktir í samræmi við þessa reglugerð og er flugrekanda, sem fengið hefur samþykki, heimilt að nota þá áfram.

Eftir að reglugerð þessi tekur gildi skulu allar breytingar á listanum yfir lágmarksbúnað gerðar í samræmi við kaflann ORO.MLR.105 í III. viðauka.

10. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 28. október 2012.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum I.-V. viðauka fyrr en 28. október 2014.

Þegar aðildarríki nýtir sér þann möguleika skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum og gildistíma þeirra, sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.-V. viðauka

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak“ (ASDA): lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef ríkið þar sem flugvöllurinn er hefur lýst því yfir að slík braut sé tiltæk og geti borið massa flugvélarinnar við ríkjandi starfræksluskilyrði,

2) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ (AMC): viðmið sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin kom á fót til að sýna fram á aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,

3) „gátlisti við móttöku“: skjal sem notað er við skoðun á ytra útliti pakka með hættulegum varningi, ásamt tilheyrandi skjölum, til að staðfesta að allar viðkomandi kröfur hafi verið uppfylltar,

4) „viðunandi flugvöllur“: flugvöllur þar sem hægt er að starfrækja loftfar, að teknu tilliti til gildandi krafna um afköst og eiginleika flugbrautarinnar,

5) að því er varðar flokkun farþega:

   a) „fullorðinn“: einstaklingur tólf ára og eldri,

   b) „barn/börn“: einstaklingar tveggja ára og eldri en undir tólf ára aldri,

   c) „ungbarn“: einstaklingur undir tveggja ára aldri,

6) „flugvél“: vélknúið, vængjað loftfar sem er þyngra en loft og helst á lofti vegna verkana loftsins á vængi þess,

7) „flug með nætursjónkerfi þar sem notaður er hjálparbúnaður“ (e. aided night vision imaging system flight): í starfrækslu með nætursjónkerfi er þetta sá hluti sjónflugs sem floginn er að nóttu til þegar flugverji notar næturgleraugu (e. night vision goggles (NVG)),

8) „loftfar“: tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,

9) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða sem tillaga um nýja aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki komið á fót öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur,

10) „ísingarvörn“: verklagsreglur á jörðu niðri sem veita loftfari vernd gegn myndun frosts eða íss og snjósöfnun á verkað yfirborð loftfarsins í takmarkaðan tíma (endingartími),

11) „öryggis- og þjónustuliði“: flugverji með tilskilin starfsréttindi, annar en flugliði eða sérhæfður flugverji, sem flugrekandi felur að gegna skyldustörfum er tengjast öryggi farþega og flugöryggi meðan á flugi stendur,

12) „aðflug skv. I. flokki“: nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis (ILS), örbylgjulendingarkerfis (MLS), hnattræns gervihnattaleiðsögukerfis (GLS) (lendingarkerfi á jörðu niðri þar sem notaðar eru viðbótarupplýsingar úr hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS) eða skammdrægu leiðréttingarkerfi (GBAS)), nákvæmnisratsjá (PAR) eða gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS), sem notar leiðréttingarkerfi um gervihnött (e. satellite-based augmentation system (SBAS)) með ákvörðunarhæð (DH) sem er ekki undir 200 fetum og flugbrautarskyggni sem ekki er undir 550 m fyrir flugvélar og 500 m fyrir þyrlur,

13) „starfræksla skv. II. flokki“: nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis:

   a) ákvörðunarhæð er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

   b) flugbrautarskyggni er ekki undir 300 m,

14) „starfræksla skv. III. flokki A“: nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis:

a) ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum og

b) flugbrautarskyggni sem ekki er undir 200 m,

15) „starfræksla skv. III. flokki B“: nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis:

a) í ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum eða án ákvörðunarhæðar og

b) í flugbrautarskyggni sem er undir 200 m en ekki undir 75 m,

16) „þyrlur í A-flokki“: fjölhreyfla þyrla sem er hönnuð með hreyflum og kerfum sem hægt er að einangra, eins og tilgreint er í viðeigandi lofthæfireglum, og unnt er að starfrækja með því að nota flugtaks- og lendingargögn, sem eiga við þegar markhreyfill verður óvirkur og tryggir að þar til ætlað yfirborðssvæði og afkastageta séu fullnægjandi til að halda áfram öruggu flugi eða til að hætta við flugtak á öruggan hátt,

17) „þyrlur í B-flokki“: eins hreyfils þyrla eða fjölhreyfla þyrla sem uppfyllir ekki kröfur A-flokks; þyrlur í B-flokki hafa ekki trygga getu til að halda áfram öruggu flugi þegar hreyfill bilar og gert er ráð fyrir lendingu utan áætlunar,

18) „vottunarforskriftir“ (CS): tæknistaðlar sem Flugöryggisstofnunin samþykkir þar sem tilgreindar eru aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og sem aðili má nota vegna vottunar,

19) „hringaðflug“: aðflug loftfars sem flýgur síðasta hluta blindaðflugs í sjónaðflugi til þess að komast á rétta stefnu til lendingar á flugbraut eða á lokaaðflugs- og flugtakssvæði (FATO) sem liggur ekki vel við beinu aðflugi,

20) „hindrunarlaust klifursvæði“: skilgreint rétthyrnt svæði á láði eða legi undir stjórn viðkomandi yfirvalda, valið eða undirbúið sem svæði þar sem hluti af frumklifri flugvélar í tiltekna hæð getur farið fram,

21) „lægra borð skýja“ (e. cloud base): hæð lægstu skýjabotna sem eru sýnilegir eða skýjamyndanir sem spáð er fyrir um í nágrenni flugvallar eða starfsstöðvar eða innan sérstaks starfrækslusvæðis og er venjulega mæld frá hæð flugvallar en þegar um er að ræða starfrækslu undan landi er hún mæld frá meðalsjávarmáli,

22) „sameiginleg flugnúmer“ (e. code share): samkomulag sem felur í sér að flugrekandi setur eigin kóða á flug sem annar flugrekandi starfrækir og selur og gefur út flugmiða fyrir það flug,

23) „þéttbýlt svæði“ (e. congested area): sérhvert svæði sem tengist borg, bæ eða byggð sem er einkum notað til búsetu, viðskipta eða frístunda,

24) „spillt flugbraut“: flugbraut þar sem 25% af yfirborði hennar, innan þeirrar lengdar og breiddar sem tilskilin er og notuð, er þakið eftirfarandi:

a) meira en 3 mm (0,125 þumlungum) djúpu vatni, eða krapi eða lausamjöll sem svarar til meira en 3 mm (0,125 þumlunga) af vatni,

b) snjó, þjappaður saman í þéttan massa, sem er ekki hægt að þjappa meira og loðir saman eða brotnar í stykki ef hann er tekinn upp (samþjappaður snjór) eða

c) ís, þ.m.t. blautur ís,

25) „viðlagaeldsneyti“: eldsneyti sem nauðsynlegt er til að bæta upp ófyrirséða þætti sem gætu haft áhrif á eldsneytisnotkunina til ákvörðunarflugvallar,

26) „lokaaðflug með samfelldri lækkun“ (CDFA): aðferð, sem er í samræmi við verklagsreglur um stöðugt aðflug, til að fljúga lokaaðflugshluta samkvæmt verklagsreglum um grunnblindaðflug með samfelldri lækkun án þess að rétta flugvélina af (e. level-off) úr flughæð/hæð sem er við eða fyrir ofan flughæðar-/hæðarmið lokaaðflugs í punkt, sem er u.þ.b. 15 m (50 fetum) fyrir ofan þröskuldarljós flugbrautarinnar sem er lent á, eða punkt þar sem slétting skal hefjast fyrir þá tegund loftfars sem verið er að fljúga,

27) „umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum“ (CMV): gildi, sambærilegt við flugbrautarskyggni sem fengið er úr skyggni samkvæmt veðurupplýsingum,

28) „flugverji“: einstaklingur sem flugrekandi tilnefnir til að gegna skyldustörfum um borð í loftfari,

29) „varasömustu stig flugs“: fyrir flugvélar: flugtaksbrun, flugtaksflugslóð, lokaaðflug, fráflug, lending, þ.m.t. lendingarbrun og öll önnur stig flugs samkvæmt ákvörðun flugstjóra,

30) „varasömustu stig flugs“: fyrir þyrlur: akstur, svif, flugtak, lokaaðflug, fráflug, lending og öll önnur stig flugs samkvæmt ákvörðun flugstjóra,

31) „rök flugbraut“: flugbraut telst vera rök ef yfirborðið er ekki þurrt en glansar þó ekki af rakanum,

32) „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við þessi fyrirmæli,

33) „slys í tengslum við hættulegan varning“: atvik, tengt flutningum á hættulegum varningi, sem hefur í för með sér alvarleg meiðsl, dauðsfall eða mikið eignatjón,

34) „flugatvik í tengslum við hættulegan varning“:

a) atvik, annað en slys í tengslum við hættulegan varning, tengt flutningum á hættulegum varningi flugleiðis, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari en hefur í för með sér meiðsl á fólki, eignatjón, eldsvoða, brot, leka eða að vökvi hellist niður, geislavirkni eða önnur ummerki þess að umbúðir hafi gefið sig,

b) öll atvik tengd flutningi á hættulegum varningi sem stofna loftfarinu eða þeim sem eru um borð í hættu,

35) „afísing“: verklagsreglur á jörðu niðri þar sem frost, ís, snjór eða krap er fjarlægt af loftfari til að halda yfirborðinu óspilltu,

36) „skilgreind öryggisstaða eftir flugtak“ (DPATO): sú staða, í flugtaki og frumklifurstigi, þar sem ekki er tryggt að þyrla, sem er komin niður fyrir þá stöðu, geti haldið áfram öruggu flugi með markhreyfil óvirkan og nauðlending gæti reynst nauðsynleg,

37) „skilgreind öryggisstaða fyrir lendingu“ (DPBL): sú staða í aðflugi og lendingarstigi þar sem ekki er tryggt að þyrla, sem er komin niður fyrir þá stöðu, geti haldið áfram öruggu flugi með markhreyfil óvirkan og nauðlending gæti reynst nauðsynleg,

38) „lárétt vegalengd“ (e. distance DR): lárétt vegalengd sem þyrla hefur farið frá lokum tiltækrar flugtaksvegalengdar,

39) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja með hliðsjón af því hvaða loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka,

40) „þurrarekstrarmassi“: heildarmassi loftfars, sem er tilbúið til tiltekinnar tegundar starfrækslu, að frádreginni heildarþyngd alls nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu,

41) „þurr flugbraut“: flugbraut, sem hvorki er blaut né spillt, en til þeirra teljast flugbrautir með slitlagi með sérstökum raufum eða gljúpu slitlagi, sem er haldið við til þess að hemlun á flugbrautinni verði „eins og hún væri þurr“, jafnvel þótt rakinn sé einhver,

42) „upphækkað lokaaðflugs- og flugtakssvæði“ (e. elevated FATO): lokaaðflugs- og flugtakssvæði sem er a.m.k. þremur metrum yfir yfirborði nærliggjandi svæðis,

43) „varaflugvöllur á flugleið“ (ERA): viðunandi flugvöllur á flugleiðinni sem kann að vera nauðsynlegur við gerð flugáætlunar,

44) „sjónaukandi kerfi“ (EVS): rafrænn búnaður til að birta rauntímamynd af því sem er fyrir utan með því að nota nema til myndatöku,

45) „lokaaðflugs- og flugtakssvæði“ (FATO): tilgreint svæði fyrir þyrlustarfsemi þar sem aðflugi er lokið til að voka eða lenda og þaðan sem flugtak er hafið; Að því er þyrlur varðar, sem starfa samkvæmt afkastagetuflokki 1, inniheldur skilgreinda svæðið tiltækt svæði fyrir flugtak sem hætt er við,

46) „eftirlit með flugritagögnum“ (FDM): markviss notkun án refsiákvæða á stafrænum gögnum um venjubundna starfrækslu úr flugi til að bæta flugöryggi,

47) „flughermisþjálfi“ (FSTD): þjálfunartæki sem er:

a) ef um er að ræða flugvélar, flughermir með fullri hreyfingu (FFS), flugþjálfunartæki (FTD), flugleiðsöguþjálfi (FNPT) eða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD),

b) ef um er að ræða þyrlur, flughermir með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfi.

48) „eldsneytisvaraflugvöllur á flugleið“: varaflugvöllur á flugleið sem valinn er með tilliti til þess að minnka viðlagaeldsneyti,

49) „lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi“ (e. GBAS landing system (GLS)): aðflugslendingarkerfi þar sem notaðar eru viðbótarupplýsingar úr gervihnattaleiðsögukerfi, staðsettu á jörðu niðri, til að veita loftfarinu leiðsögu sem byggist á láréttri og lóðréttri staðsetningu samkvæmt gervihnattaleiðsögukerfinu; það notar rúmfræðilega hæðarviðmiðun fyrir lokaaðflugshallann,

50) „starfsfólk í neyðarþjónustu á jörðu niðri“: allt starfsfólk í neyðarþjónustu á jörðu niðri (s.s. lögregla, slökkvilið o.s.frv.) sem kemur að sjúkraflugi með þyrlum (HEMS-flugi) (e. helicopter emergency medical services (HEMS)) og sem gegnir skyldum sem á einhvern hátt tengjast starfrækslu þyrlna,

51) „flugbann“: formlegt bann við flugtaki loftfars og nauðsynlegar ráðstafanir til að kyrrsetja það,

52) „framrúðuskjámynd“ (HUD): upplýsingakerfi sem varpar flugupplýsingum á sjónsvið flugmannsins fram á við og sem takmarkar ekki verulega útsýni hans,

53) „lendingarkerfi með framrúðuskjámynd“ (HUDLS): heildarflugvélakerfi sem veitir flugmanninum leiðsögn með framrúðuskjámynd við aðflug og lendingu og/eða við fráflug; það tekur til allra nema, tölva, aflgjafa, vísibúnaðar og stýra,

54) „þyrla“: loftfar, sem er þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á einn eða fleiri aflknúna þyrla sem snúast á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir,

55) „flugverji sem starfar við hífingar með þyrlu“ (e. helicopter hoist operation crew member (flugverji í HHO-flugi)): sérhæfður flugverji sem gegnir settum skyldustörfum í tengslum við hífingar,

56) „þyrluþilfar“: lokaaðflugs- og flugtakssvæði (FATO) sem staðsett er á fljótandi eða jarðföstu mannvirki á hafi úti,

57) „flugverji í sjúkraflugi með þyrlu“ (e. HEMS crew member (flugverji í HEMS-flugi)): sérhæfður flugverji sem er falið að fara í sjúkraflug með þyrlu (HEMS-flug) og gegnir því hlutverki að hlúa að einstaklingum sem þurfa á læknisaðstoð að halda í þyrlunni og að aðstoða flugmanninn meðan á flugferð stendur,

58) „sjúkraflug með þyrlu“ (HEMS-flug): flug með þyrlu sem er starfrækt samkvæmt heimild til sjúkraflugs með þyrlu í því skyni að greiða fyrir neyðarlæknishjálp þar sem tafarlaus og skjótur flutningur er nauðsynlegur, með því að flytja:

a) heilbrigðisstarfsfólk í áhöfn,

b) sjúkragögn (búnað, blóð, líffæri, lyf), eða

c) veika eða slasaða einstaklinga og aðra einstaklinga sem tengjast málinu beint,

59) „bækistöð fyrir HEMS-flug“: flugvöllur þar sem flugverjar, sem starfa við HEMS-flug, og þyrlan, sem notuð er við flugið, geta verið í viðbragðsstöðu í tengslum við útköll,

60) „starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug“: svæði sem flugstjóri velur á meðan á HEMS-flugi stendur fyrir hífingu með þyrlu, lendingu og flugtak,

61) „hífingar með þyrlu“ (HHO-flug) (e. HHO flight): flug með þyrlu sem er starfrækt samkvæmt heimild til hífingar með þyrlu í því skyni að greiða fyrir flutningi einstaklinga og/eða farms með hífingum með þyrlu,

62) „hífingar með þyrlu á hafi úti“: flug með þyrlu, sem starfrækt er samkvæmt samþykki til hífingar með þyrlu, í því skyni að greiða fyrir flutningi einstaklinga og/eða farms með hífingum með þyrlu frá eða að skipi eða frá eða að byggingu á hafsvæði eða út á sjálft hafið,

63) „farþegi sem er hífður upp með þyrlu“: einstaklingur sem flytja á með því að hífa hann upp með þyrlu,

64) „hífingarsvæði fyrir þyrlur“: tilgreint svæði þar sem þyrla framkvæmir flutning með hífingu,

65) „endingartími“ (e. hold-over time (HoT)): áætlaður tími sem ísvarnarvökvi mun hindra myndun íss og frosts og snjóssöfnun á vörðum (meðhöndluðum) flötum flugvélar,

66) „ótryggt umhverfi“ (e. hostile environment):

a) umhverfi þar sem:

i. ekki er hægt að nauðlenda með öruggum hætti vegna þess að aðstæður á yfirborði eru ófullnægjandi,

ii. ekki er hægt að verja þá sem eru um borð í þyrlunni nægilega gegn náttúruöflunum,

iii. leitar- og björgunarþjónusta/-geta er ekki í samræmi við þær neyðaraðstæður sem búast má við eða

iv. um er að ræða óviðunandi áhættu á því að fólki eða eignum á jörðu niðri verði stofnað í hættu,

b) undir öllum tilvikum, eftirfarandi svæði:

i. fyrir flug yfir sjó eða vötnum: allt svæði yfir opnu hafi, sem staðsett er norðan við 45 gráður norðlægrar breiddar og sunnan við 45 gráður suðlægrar breiddar, eins og hlutaðeigandi ríki hefur tilgreint,

ii. þeir hlutar þéttbýlis sem eru ekki með fullnægjandi svæði fyrir örugga nauðlendingu,

67) „ákvörðunarpunktur í lendingu“ (LDP): sá punktur sem miðað er við þegar afkastageta við lendingu er ákvörðuð, þar sem halda má áfram lendingu með öruggum hætti eða hætta við lendingu ef hreyfill verður óvirkur á þessum punkti,

68) „tiltæk lendingarvegalengd“ (LDA): lengd flugbrautar sem ríkið þar sem flugvöllurinn er hefur lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu,

69) „landflugvél“: fastvængjaloftfar, sem hannað er fyrir flugtak og lendingar á landi, þ.m.t. láðs- og lagarflugvélar sem starfræktar eru sem landflugvélar,

70) „staðbundinn þyrlurekstur“: flutningaflug með þyrlum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, að degi til og á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum innan staðbundins og skilgreinds landsvæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbókinni,

71) „verklag í lélegu skyggni“ (LVP): verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi skv. I. flokki við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði, skv. II. flokki við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði og II. og III. flokki (CAT II - III) og við flugtak í lélegu skyggni,

72) „flugtak í lélegu skyggni“ (LVTO): flugtak með flugbrautarskyggni sem er undir 400 m en þó ekki minna en 75 m,

73) „starfrækslа við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki (LTS CAT I)“: blindaðflug og lending skv. I. flokki þar sem notuð er ákvörðunarhæð skv. I. flokki með flugbrautarskyggni sem er minna en það sem vanalega tengist gildandi ákvörðunarhæð, en þó ekki minna en 400 m,

74) „hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu“ (e. maximum operational passenger seating configuration (MOPSC)): hámarksfjöldi farþegasæta í loftfari, að undanskildum sætum áhafnarinnar sem tilgreindur er vegna reksturs loftfarsins og kemur fram í rekstrarhandbókinni; á grundvelli hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi sem komið er á í tengslum við vottunarferlið vegna tegundarvottorðs (TC), viðbótartegundarvottorðs (STC) eða breytingu á tegundar- eða viðbótartegundarvottorði hlutaðeigandi loftfars, getur hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu verið sami fjöldi sæta eða færri sæti, háð rekstrarlegum takmörkunum,

75) „heilbrigðisstarfsmaður í áhöfn“ (e. medical passenger): heilbrigðisstarfsmaður um borð í þyrlu í sjúkraflugi, þ.m.t., en ekki einvörðungu, læknar, hjúkrunarfræðingar og bráðatæknar,

76) „nótt “: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar, eins og hlutaðeigandi yfirvald, sem aðildarríkið tilnefnir, er heimilt að mæla fyrir um,

77) „næturgleraugu“ (e. night vision goggles (NVG)): sjónauki sem magnar ljós, borinn er á höfðinu og eykur getuna til að halda kennileitum á yfirborðinu í sjónmáli að nóttu til,

78) „nætursjónkerfi“ (e. night vision imaging system (NVIS)): samþætting allra þátta sem þörf er á til að nota næturgleraugu með skilvirkum og öruggum hætti við starfrækslu þyrlu; kerfið felur a.m.k. í sér: næturgleraugu, lýsingu fyrir nætursjónkerfi, íhluti fyrir þyrlur, þjálfun og áframhaldandi lofthæfi,

79) „öruggt umhverfi“ (e. non-hostile environment): umhverfi þar sem:

a) hægt er að nauðlenda með öruggum hætti,

b) hægt er að tryggja þá sem eru um borð í þyrlunni gegn náttúruöflunum og

c) leitar- og björgunarþjónustu/-getu er í samræmi við þær neyðaraðstæður sem búast má við;

Í öllum tilvikum skulu þeir hlutar þéttbýlis sem eru með fullnægjandi svæði fyrir örugga nauðlendingu, teljast öruggir,

80) „grunnaðflug“ (NPA): blindaðflug þar sem lágmarkslækkunarhæð (MDH), eða ákvörðunarhæð (DH) ef um er að ræða lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA), sem er ekki undir 250 fetum og flugbrautarskyggni/umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem ekki er minna en 750 m fyrir flugvélar og ekki minna en 600 m fyrir þyrlur,

81) „flugverji sem notar nætursjónkerfi“ (e. NVIS crew member): sérhæfður flugverji sem skráður er í flug með nætursjónkerfi (NVIS-flug),

82) „flug með nætursjónkerfi“ (NVIS-flug): flug við sjónflugsskilyrði að næturlagi þar sem flugliðar nota næturgleraugu í þyrlu sem starfrækt er samkvæmt heimild til flugs með nætursjónkerfi,

83) „starfræksla á hafi úti“: starfræksla þar sem umtalsverður hluti flugs fer að staðaldri fram yfir hafsvæði, til eða frá staðsetninga á hafi úti,

84) „starfrækslusvæði“: svæði, annað en flugvöllur, sem umráðandi/flugrekandi eða flugstjóri velja fyrir lendingu, flugtak og/eða lestun utanáliggjandi farms,

85) „starfræksla í afkastagetuflokki 1“: starfræksla þar sem þyrlan hefur slíka afkastagetu að ef markhreyfill verður óvirkur þá getur hún lent innan tiltækrar stöðvunarvegalengdar þegar hætt er við flugtak eða haldið fluginu áfram með öruggum hætti að viðeigandi lendingarsvæði, eftir því hvenær bilunin á sér stað.

86) „starfræksla í afkastagetuflokki 2“: þyrla sem hefur þá afkastagetu að ef markhreyfill verður óvirkur þá getur hún haldið fluginu örugglega áfram nema ef hreyfillinn verður óvirkur snemma í flugtaki eða seint í lendingu en í þeim tilvikum gæti þurft að nauðlenda,

87) „starfræksla í afkastagetuflokki 3“: þyrla sem hefur þannig afkastagetu að nauðlending getur verið nauðsynleg í fjölhreyfla þyrlu og er alltaf nauðsynleg á eins hreyfils þyrlu, hvenær sem er á flugi ef hreyfill verður óvirkur,

88) „flugrekstrarstjórn“: ábyrgð á upphafi, áframhaldi, stöðvun eða breytingu á flugi með öryggi loftfars í huga,

89) „starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki (OTS CAT II)“: nákvæmnisblindaðflug og -lending þar sem notað er blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) þar sem sumir eða allir þættir lýsingar fyrir nákvæmnisaðflug skv. II. flokki eru ekki tiltækir og þar sem:

a) ákvörðunarhæð er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

b) flugbrautarskyggni er ekki undir 350 m,

90) „flugvélar í afkastagetuflokki A“: fjölhreyfla flugvélar, sem knúnar eru skrúfuhverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu eða með hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5700 kg, og allar fjölhreyfla flugvélar knúnar þotuhreyflum,

91) „flugvélar í afkastagetuflokki B“: flugvélar, sem knúnar eru skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri og með hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni,

92) „flugvélar í afkastagetuflokki C“: flugvélar, sem knúnar eru strokkhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu eða með hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg,

93) „flugstjóri“ (e. pilot-in-command/commander): flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug hugtakið „flugstjóri“ er einnig notað í tengslum við flutningaflug,

94) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,

95) „forgangsröðun skoðana á hlaði“: sérstök ráðstöfun á viðeigandi hluta af heildarfjölda skoðana á hlaði sem framkvæmdar eru af hálfu lögbærs yfirvalds, eða fyrir hönd þess, ár hvert, eins og kveðið er á um ARO-hluta,

96) „almannaheillastaður“ (e. public interest site (PIS)): staður sem eingöngu er ætlaður starfsemi í þágu almannaheilla,

97) „skoðun á hlaði“: skoðun á loftfari, eftirlit með starfsréttindum flugliða og öryggis- og þjónustuliða og með fluggögnum til að tryggja að viðeigandi kröfur séu uppfylltar,

98) „úrbótatími“ (e. rectification interval): takmörkun á lengd starfrækslu með óstarfhæfan búnað,

99) „tiltæk stöðvunarvegalengd fyrir þyrlur þegar hætt er við flugtak“ (e. rejected take-off distance available (RTODAH)): lengd lokaaðflugs- og flugtakssvæðis sem hefur verið lýst yfir að sé tiltækt og hentugt fyrir þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt afkastagetuflokki 1, þannig að þær geti lokið flugtaki sem hætt var við,

100) „tilskilin stöðvunarvegalengd fyrir þyrlu þegar hætt er við flugtak“ (e. rejected take-off distance required, RTODRH)): tilskilin lárétt vegalengd frá upphafi flugtaks þar til þyrlan hefur stöðvast að fullu í kjölfar hreyfilbilunar og hætt hefur verið við flugtak við ákvörðunarpunkt flugtaks,

101) „flugbrautarskyggni“ (e. runway visual range, RVR): sú fjarlægð sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur eygt á yfirborðsmerkingum flugbrautarinnar eða þeim ljósum sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar,

102) „örugg nauðlending“ (e. safe forced landing): nauðlending á landi eða sjó þar sem gera má ráð fyrir, með sæmilegri vissu, að engin slys verði á mönnum í loftfarinu eða á jörðu niðri,

103) „lagarflugvél“ (e. seaplane): fastvængjaloftfar, sem hannað er til að takast á loft og lenda á vatni, þ.m.t. láðs- og lagarvélar sem starfræktar eru sem lagarflugvélar,

104) „aðskildar flugbrautir“: flugbrautir á sama flugvelli sem eru aðskilin yfirborð til lendingar; þessar flugbrautir geta legið hvor yfir aðra eða skorist þannig að ef ein flugbraut lokast kemur það ekki í veg fyrir að áætluð tegund flugs geti farið fram á hinni flugbrautinni hver flugbraut skal vera gerð fyrir sérstakt verklag við aðflug sem byggist á aðskildum leiðsögutækjum,

105) „sérlegt sjónflug“: sjónflug, sem flugumferðarstjórn heimilar í flugstjórnarsviði við veðurskilyrði sem eru verri en sjónflugsskilyrði,

106) „stöðugt aðflug (SAp)“: aðflug, sem flogið er á stýrðan og viðeigandi hátt, með tilliti til hams, orku og stýringar flugslóðarinnar úr leiðarskilum eða fyrirfram ákveðinni flughæð/hæð niður í punkt sem er 50 fetum fyrir ofan þröskuldinn eða punktinn, þar sem slétting hefst, ef hann er hærri,

107) „varaflugvöllur fyrir flugtak“: varaflugvöllur þar sem hægt er að lenda loftfari, ef nauðsyn krefur, skömmu eftir flugtak ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöllinn,

108) „ákvörðunarpunktur flugtaks“ (TDP): sá punktur sem miðað er við þegar afkastageta við flugtak er ákvörðuð, sem notaður er þegar ákvarða skal flugtak, þar sem annaðhvort má hætta við flugtak eða halda má flugtakinu áfram með öruggum hætti ef hreyfill verður óvirkur á þessum punkti,

109) „tiltæk flugtaksvegalengd“ (e. take-off distance available (TODA)): fyrir flugvélar: tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis, ef slíkt er fyrir hendi,

110) „tiltæk flugtaksvegalengd fyrir þyrlur“ (e. take-off distance available (TODAH)): lengd lokaaðflugs- og flugtakssvæðis að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis fyrir þyrlur, sé slíkt fyrir hendi, sem lýst er tiltækt og heppilegt fyrir þyrlur til að ljúka flugtaki,

111) „tilskilin flugtaksvegalengd fyrir þyrlur“ (e. take-off distance required (TODRH)): tilskilin, lárétt vegalengd frá upphafi flugtaks í stöðu þar sem náð er öryggishraða í flugtaki (V_{TOSS}), valinni hæð og jákvæðum klifurhalla eftir að bilun kemur fram í markhreyfli í ákvörðunarpunkti flugtaks og hinir hreyflarnir virka innan viðurkenndra starfrækslumarka,

112) „flugtaksflugslóð“: lóðrétt og lárétt stefna, með óstarfhæfan markhreyfil, frá tilgreindum punkti í flugtaki fyrir flugvélar upp í 1 500 fet yfir yfirborði og fyrir þyrlur upp í 1 000 fet yfir yfirborði,

113) „flugtaksmassi“: massi loftfarsins, að meðtöldu öllu og öllum sem eru um borð við upphaf flugtaks fyrir þyrlur og við upphaf flugtaksbruns fyrir flugvélar,

114) „tiltækt flugtaksbrun“ (TORA): lengd flugbrautar sem ríkið, þar sem flugvöllurinn er, hefur lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki,

115) „sérhæfður flugverji“ (e. technical crew member): flugverji, sem ekki er flug- eða öryggis- og þjónustuliði, sem starfar við HEMS-flug, HHO-flug eða NVIS-flug sem rekið er í ábataskyni og sem flugrekandi hefur falið að sinna skyldustörfum um borð í loftfarinu eða á jörðu niðri til að aðstoða flugmanninn við HEMS-flug, HHO-flug eða NVIS-flug sem kann að krefjast notkunar sérhannaðra tækja um borð,

116) „tæknileg fyrirmæli“: nýjasta, gildandi útgáfa af „tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ ásamt viðbætum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og birt,

117) „flutningshleðsla“: heildarmassi farþega, farangurs, farms og sérhönnuð tæki um borð, þ.m.t. hvers konar ballest,

118) „flug með næturgleraugu“ (e. unaided NVIS flight): í NVIS-flugi er þetta sá hluti sjónflugs að nóttu til þegar flugverji notar ekki næturgleraugu,

119) „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili, hvort sem hann stundar viðskipti í ábataskyni eða ekki, eða hvers konar opinber stofnun hvort sem hún hefur réttarstöðu lögaðila eða ekki,

120) „V_1“: hámarkshraði við flugtak þar sem flugmaður verður að grípa til fyrstu aðgerða til að stöðva flugvélina innan tiltækrar hemlunarvegalengdar við flugtak; V_1 stendur einnig fyrir lágmarkshraða við flugtak, í kjölfar bilunar á markhreyfli við VEF, þar sem flugmaður getur haldið áfram flugtaki og náð tilskilinni hæð yfir flugtaksbraut innan flugtaksvegalengdarinnar,

121) „V_{EF}“: sá hraði þar sem gert er ráð fyrir að markhreyfill verði óvirkur við flugtak,

122) „sjónaðflug“: aðflug þar sem blindaðflugi eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagsreglum og aðflug fer fram með hliðsjón af kennileitum á landsvæði,

123) „samningur um þjónustuleigu“: samningur milli flugrekenda með hliðsjón af því hvaða loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka,

124) „blaut flugbraut“: flugbraut með yfirborð sem er þakið vatni, eða öðru sambærilegu, í minna magni en tilgreint er í skilgreiningu á „spilltri flugbraut“, eða þegar raki á yfirborðinu er svo mikill að speglun virðist stafa af henni, jafnvel þótt vatn liggi ekki á stórum hluta hennar.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA VARÐANDI FLUGREKSTUR

[ARO-HLUTI]

ARO.GEN.005 Gildissvið

Í þessum viðauka eru ákvarðaðar kröfur um stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi sem Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu uppfylla í tengslum við framkvæmd og fullnustu reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar að því er varðar rekstur í almenningsflugi.

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

I. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

ARO.GEN.115 Eftirlitsgögn

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

ARO.GEN.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar. Hafi viðurkenndum aðferðum verið beitt til að uppfylla kröfur teljast samsvarandi kröfur í framkvæmdarreglunum uppfylltar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við framkvæmdarreglurnar.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem aðilar og einstaklingar undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

d) Lögbært yfirvald skal meta allar tillögur þjálfunaraðila um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við b-lið ORA.GEN.120, með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá þjálfunaraðilanum.

   Þegar lögbært yfirvald telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við framkvæmdarreglur, skal það án ástæðulausrar tafar:

   1) tilkynna umsækjanda að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,

   2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi skjölum,

   3) tilkynna öðrum aðildarríkjum um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar voru.

e) Þegar lögbært yfirvald notast sjálft við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal það:

   1) gera þær tiltækar öllum aðilum og einstaklingum, sem það hefur eftirlit með, og

   2) tilkynna Flugöryggisstofnun um þær án ástæðulausrar tafar.

   Lögbært yfirvald skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagi sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

ARO.GEN.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar

a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnun upplýsingar sem varða öryggi, sem komnar eru til vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist.

ARO.GEN.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

a) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ([4]) skal lögbært yfirvald taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbært yfirvald grípa til viðunandi aðgerða til að taka á öryggisvandamálinu.

d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum einstaklingum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnun um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

II. ÞÁTTUR

Stjórnun

ARO.GEN.200 Stjórnunarkerfi

a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, þ.m.t. að lágmarki:

1) skjalfestar stefnur og verklagsreglur til að lýsa fyrirtækinu og aðferðum og leiðum til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,

2) nægilegur fjöldi starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum; starfsfólkið skal hafa starfsréttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutuð og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti;

3) viðunandi aðstaða og skrifstofuhúsnæði til að inna af hendi úthlutuðum verkefnum,

4) ferli til að vakta að stjórnunarkerfið sé í samræmi við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun, samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta og

5) einstaklingur eða hópur einstaklinga, sem bera endanlega ábyrgð á samræmiseftirlitinu gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, einn eða fleiri einstaklinga til að bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót verklagsreglum til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. um öll frávik sem koma upp og eftirfylgniaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með einstaklingum eða fyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni.

d) Afrit af verklagsreglum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun.

([4]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

ARO.GEN.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

a) Aðildarríki skal aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með einstaklingum eða fyrirtækjum sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, til hæfra aðila. Þegar verkefnum er úthlutað skal lögbært yfirvald tryggja að aðilinn hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og stöðugt mat á því að hæfi aðilinn fari að V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008;

þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfest,

2) komið á fót skjalfestu samkomulagi við hæfan aðila, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja skal fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem skulu uppfyllt þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð og

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að ferlið fyrir innri úttekt og ferlið fyrir öryggistengda áhættustýringu, sem gerð er krafa um í 4. lið a-liðar ARO.GEN.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

ARO.GEN.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

a) Lögbæra yfirvaldið skal ráða yfir kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursrík.

b) Lögbært yfirvald skal uppfæra stjórnunarkerfi sín tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbært yfirvald skal tilkynna Flugöryggisstofnun um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

ARO.GEN.220 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgangi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfestar stefnur og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, menntun og hæfi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í ARO.GEN.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum,

5) upplýsingar um þjálfunarnámskeið, sem vottuð fyrirtæki veita, og, ef við á, gögn að því er varðar flughermisþjálfa fyrir slíka þjálfun,

6) eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum, sem stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins, en eru undir eftirliti eða hafa fengið vottun lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar, eftir samkomulagi milli þessara yfirvalda,

7) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, með fyrirvara um vottun, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við,

8) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetningar fyrir lok aðgerða,

9) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

10) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni og

11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð sem það gefur út.

c) Öll gögn skulu geymd í þann lágmarkstíma sem tilgreindur er í þessari reglugerð. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar þar að lútandi skulu gögnin geymd í a.m.k. fimm ár, sbr. þó gildandi lög um gagnavernd.

III. ÞÁTTUR

Eftirlit, vottun og framfylgd

ARO.GEN.300 Eftirlit

a) Lögbært yfirvald skal sannprófa:

1) samræmi við kröfur, sem gilda um fyrirtæki fyrir útgáfu vottorðs eða samþykkis fyrirtækis, eftir því sem við á,

2) óslitið samræmi við viðeigandi kröfur fyrir fyrirtæki sem það hefur vottað,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í ARO.GEN.135.

b) Þessi sannprófun skal:

1) studd gögnum sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi einstaklingum og fyrirtækjum niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t. skoðunum á hlaði og fyrirvaralausum skoðunum, og

4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem fyrirséðar eru í ARO.GEN.350 og ARO.GEN.355.

c) Ákvarða skal umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til öryggisforgangs.

d) Án þess að hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna og skyldur þeirra, eins og þær eru settar fram í ARO.RAMP, skal umfang eftirlits með starfsemi, sem fram fer á yfirráðasvæði aðildarríkis af hálfu einstaklinga eða fyrirtækja, sem hafa staðfestu eða búsetu í öðru aðildarríki, ákvarðast á grundvelli öryggisforgangs, auk fyrri eftirlitsstarfsemi.

e) Ef starfsemi einstaklings eða fyrirtækis varðar fleiri en eitt aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina getur lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirlitinu samkvæmt a-lið, samþykkt að eftirlitsverkefni verði í höndum lögbæra yfirvaldsins eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu eða -ríkjunum þar sem starfsemin á sér stað, eða í höndum Flugöryggisstofnunarinnar. Allir einstaklingar eða fyrirtæki, sem falla undir slíkt samkomulag, skulu upplýstir um tilvist þess og umfang.

f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. við skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir.

ARO.GEN.305 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í ARO.GEN.300 og í ARO.RAMP.

b) Fyrir fyrirtæki, sem eru vottuð af lögbæra yfirvaldinu, skal eftirlitsáætlunin mótuð, að teknu tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunum og/eða eftirlitsstarfsemi, sem gerð er krafa um í ARO.GEN og ARO.RAMP, og skal hún byggð á mati á tengdri áhættu. Innan hvers skipulagstímabils fyrir eftirlitið skal hún ná yfir:

1) úttektir og skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir, og

2) fundum sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.

c) Fyrir fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal nota skipulagstímabil fyrir eftirlit sem er ekki lengra en 24 mánuðir.

Stytta má skipulagstímabil fyrir eftirlit ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

Skipulagstímabil eftirlits má framlengja um hámark 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á síðastliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á það, samkvæmt ORO.GEN.130, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út og

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 2. lið d-liðar í ARO.GEN.350, hefur samþykkt eða framlengt.

Skipulagstímabil eftirlits má framlengja aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við framangreind atriði, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.

d) Fyrir handhafa skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingarvottorðs, sem gefin er út af lögbæru yfirvaldi, felur eftirlitsáætlunin í sér skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eftir því sem við á.

e) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir dagsetningar þegar úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram og hvenær úttektirnar, skoðanirnar og fundirnir hafa átt sér stað.

ARO.GEN.310 Upphafsferli vegna vottunar — fyrirtæki

a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu á vottorði fyrir fyrirtæki skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur. Í tengslum við þessa sannprófun má taka tillit til yfirlýsingarinnar sem um getur í b-lið ORO.AOC.100.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út vottorðið/vottorðin sem tilgreind eru í I. og II. viðbæti. Vottorðið/vottorðin skulu gefin út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu/vottorðunum.

c) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við ORO. GEN.130 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagið, sem fyrirtækið leggur fram, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

ARO.GEN.330 Breytingar — fyrirtæki

a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.

Lögbæra yfirvaldið skal mæla fyrir um með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.

Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

b) Án þess að það hafi áhrif á aðrar framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins eins og skilgreint er í a-lið.

c) Hvað varðar breytingar sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningunni sem fyrirtækið sendir í samræmi við ORO.GEN.130, til að ganga úr skugga um að viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Séu einhverjar kröfur ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið:

1) tilkynna fyrirtækinu um þær kröfur sem ekki eru uppfylltar og fara fram á frekari breytingar,

2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum ARO.GEN.350.

ARO.GEN.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta — fyrirtæki

a) Lögbært yfirvald vegna eftirlits í samræmi við a-lið ARO.GEN.300 skal hafa kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.

b) Lögbært yfirvald gefur út fyrsta stigs frávik þegar veruleg frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, frá verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða frá skilmálum samþykkis eða vottorðs, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í hættu.

Fyrsta stigs frávik tekur m.a. til eftirfarandi:

1) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að húsnæði fyrirtækisins, eins og skilgreint er í ORO.GEN.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins og

4) það er enginn ábyrgðarmaður.

c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, frá verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða frá ákvæðum samþykkis eða vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós. Þar sem við á skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til þess ríkis þar sem loftfarið er skráð.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða sérstaka samþykkið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu í samræmi við eðli þess en þó ekki lengri frest en þrjá mánuði til að byrja með; lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok þessa tímabils, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og

ii. meta aðgerðina til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á annmörkunum.

3) Ef fyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

4) Lögbært yfirvald skal skrá öll frávik, sem það vekur máls á eða sem því hefur borist tilkynning um, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.

e) Með fyrirvara um allar frekari framfylgdarráðstafanir skal yfirvald í aðildarríki, sem starfar samkvæmt ákvæðum d-liðar ARO.GEN.300 og vekur máls á að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða af Flugöryggisstofnuninni, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, upplýsa hlutaðeigandi lögbært yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávikið er.

ARO.GEN.355 Frávik og framfylgdarráðstafanir — einstaklingar

a) Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við a-lið ARO.GEN.300, finnur vísbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingarvottorðs, sem gefið er út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, fari ekki að viðeigandi kröfum skal það grípa til aðgerða í samræmi við a- til d-lið ARA.GEN.355 í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 ([5]).

b) Komi fram vísbendingar við eftirlit eða með öðrum hætti um að einstaklingur, sem heyrir undir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, og hefur ekki skírteini, vottorð, áritun eða staðfestingarvottorð, sem gefið er út í samræmi við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, fari ekki að viðeigandi kröfum skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á vanefndunum, grípa til hvers konar framfylgdarráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.

OPS-KAFLI

FLUGREKSTUR

I. ÞÁTTUR

Vottun flugrekenda í flutningaflugi

ARO.OPS.100 Útgáfa flugrekandaskírteinis

a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út flugrekandaskírteini (AOC) þegar sýnt hefur verið fram á að flugrekandinn uppfylli þá þætti sem gerð er krafa um í ORO.AOC.100.

b) Vottorðið skal innihalda tengdar rekstrarforskriftir.

ARO.OPS.105 Sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag

Þegar lögbæra yfirvaldið metur öryggi í tengslum við sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag, sem varðar flugrekanda í þriðja landi, skal það:

1) sjálft ganga úr skugga um að rekstraraðili frá þriðja landi uppfylli viðeigandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í kjölfar sannprófunar flugrekanda, eins og kveðið er á um í ORO.AOC.115,

2) hafa samráð við lögbært yfirvald flugrekanda frá þriðja landi, eftir því sem þörf þykir.

ARO.OPS.110 Leigusamningur

a) Lögbært yfirvald skal samþykkja leigusamning þegar búið er að ganga úr skugga um að flugrekandi, sem vottaður er í samræmi við III. viðauka (ORO-hluta), fari að:

   1) ákvæði d-liðar ORO.AOC.110 um loftför frá þriðja landi sem tekin eru á tómaleigu,

   2) ákvæði c-liðar ORO.AOC.110 um að taka loftför á þjónustuleigu hjá flugrekanda frá þriðja landi,

   3) ákvæði e-liðar ORO.AOC.110 um að leigja út loftfar í tómaleigu til hvaða flugrekanda sem er,

   4) viðeigandi kröfur um áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur til að taka á tómaleigu loftför, sem skráð eru innan Evrópusambandsins, og til að taka á þjónustuleigu loftför hjá flugrekanda í Evrópusambandinu.

b) Samþykki fyrir samningi um þjónustuleigu skal fella tímabundið úr gildi eða afturkalla ef:

   1) flugrekandaskírteini leigusala eða leigutaka er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

   2) leigusala er bannað að stunda flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ([6]).

c) Samþykki fyrir samningi um tómaleigu skal fella tímabundið úr gildi eða afturkalla ef lofthæfivottorð loftfars er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

([5]) Stjtíð. ESB L 100, 5.4.2012, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

d) Þegar farið er fram á fyrirframsamþykki fyrir samningi um tómaútleigu, í samræmi við e-lið ORO.AOC.110, skal lögbært yfirvald tryggja:

1) viðeigandi samræmingu við lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á samfelldu eftirliti loftfarsins, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ([7]), eða á starfrækslu loftfarsins sé það ekki sama yfirvald,

2) að loftfarið verði tímanlega fellt brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans.

II. ÞÁTTUR

Samþykki

ARO.OPS.200 Málsmeðferð við sérstök samþykki

a) Við móttöku umsóknar um útgáfu sérstaks samþykkis eða breytingar á því, skal lögbært yfirvald leggja mat á umsóknina, í samræmi við viðkomandi kröfur V. viðauka (í SPA-hluta), og framkvæma, þar sem við á, viðeigandi skoðun á flugrekanda.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að flugrekandi hafi sýnt fram á samræmi við gildandi kröfur skal það gefa út samþykki eða breyta því. Samþykkið skal tilgreint í rekstrarforskriftum eins og kveðið er á um í II. viðbæti.

ARO.OPS.205 Samþykki lista yfir lágmarksbúnað

a) Við móttöku umsóknar flugrekanda um fyrsta samþykki lista yfir lágmarksbúnað (MEL) eða breytingu á honum skal lögbært yfirvald leggja mat á alla þætti, sem samþykkið hefur áhrif á, til að sannreyna að farið sé að viðeigandi kröfum áður en samþykkið er gefið út.

b) Lögbært yfirvald skal samþykkja málsmeðferð flugrekanda við framlengingu á gildandi úrbótatíma B, C og D, ef flugrekandi staðfestir að skilyrðin, sem tilgreind eru í f-lið ORO.MLR.105, séu uppfyllt og lögbæra yfirvaldið geti staðfest þetta.

c) Lögbært yfirvald skal í hverju tilviki fyrir sig, samþykkja starfrækslu loftfars, sem er utan marka listans yfir lágmarksbúnað en innan marka grunnlista yfir lágmarksbúnað, ef flugrekandi getur sýnt fram á að skilyrðin, sem tilgreind eru í ORO.MLR.105, séu uppfyllt og lögbæra yfirvaldið geti staðfest þetta.

ARO.OPS.210 Staðbundið svæði tilgreint

Lögbært yfirvald getur tilgreint staðbundið svæði í tengslum við kröfur um þjálfun og próf fyrir flugliða.

ARO.OPS.215 Samþykki fyrir starfrækslu þyrlna yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis

a) Aðildarríkið skal tilnefna svæðin þar sem starfrækja má þyrlur án þess að hægt sé að tryggja örugga nauðlendingu, eins og lýst er í CAT.POL.H.420.

b) Áður en samþykkið, sem um getur í CAT.POL.H420, er gefið út skal lögbært yfirvald hafa tekið til greina rökstuðning flugrekandans fyrir að nýta ekki viðeigandi afkastagetu.

ARO.OPS.220 Samþykki fyrir starfrækslu þyrlna til eða frá almannaheillastað

Samþykkið, sem um getur í CAT.POL.H.225, skal fela í sér skrá yfir almannaheillastaðina sem flugrekandinn, sem samþykkir á við um, tilgreinir.

ARO.OPS.225 Samþykki fyrir starfrækslu til afskekkts flugvallar

Samþykkið, sem um getur í CAT.OP.MPA.106, skal fela í sér skrá yfir flugvellina sem flugrekandinn, sem samþykkið á við um, tilgreinir.

RAMP-KAFLI

SKOÐANIR Á HLAÐI Á LOFTFÖRUM FLUGREKENDA UNDIR LÖGBOÐNU EFTIRLITI ANNARS RÍKIS

ARO.RAMP.005 Gildissvið

Í þessum kafla eru ákvarðaðar kröfur sem lögbæra yfirvaldinu eða Flugöryggisstofnun ber að fylgja þegar kemur að verkefnum og skyldum varðandi framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum, sem notuð eru af flugrekendum í þriðja landi eða flugrekendum undir eftirliti annarra aðildarríkja, þegar þeim er lent á flugvöllum sem staðsettir eru á yfirráðasvæði sem fellur undir ákvæði sáttmálans.

([7]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

ARO.RAMP.100 Almenn ákvæði

a) Loftför og áhöfn þeirra skulu skoðuð og gildandi kröfur hafðar til hliðsjónar.

b) Til viðbótar við þær skoðanir á hlaði sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun lögbæra yfirvaldsins, sem komið var á fót í samræmi við ARO.GEN.305, skal yfirvaldið einnig framkvæma skoðun á hlaði á loftfari ef grunur leikur á að það uppfylli ekki gildandi kröfur.

c) Við þróun eftirlitsáætlunarinnar, sem komið var á fót í samræmi við ARO.GEN.305, skal lögbæra yfirvaldið koma á ársáætlun í tengslum við framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum. Þessi áætlun skal:

1) byggð á reikningsaðferð, sem tekur tillit til eldri upplýsinga um fjölda flugrekenda, eðli flugrekendanna og fjölda lendinga þeirra á flugvöllum yfirvaldsins, sem og um öryggisáhættur og

2) gera lögbæru yfirvaldi kleift að forgangsraða skoðunum á loftförum á grundvelli skrárinnar sem um getur í a-lið ARO.RAMP.105.

d) Þegar Flugöryggisstofnunin telur það nauðsynlegt skal hún, í samráði við aðildarríki þess yfirráðasvæðis þar sem skoðunin á að fara fram, framkvæma skoðanir á hlaði á loftfari í því skyni að sannprófa að loftfarið uppfylli gildandi kröfur í tengslum við:

1) vottunarverkefni sem Flugöryggisstofnuninni er falið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008,

2) eftirlit með stöðlun af hálfu aðildarríkis eða

3) skoðanir á fyrirtækjum til að sannreyna að þau uppfylli gildandi kröfur við hugsanlega ótryggar aðstæður.

ARO.RAMP.105 Viðmiðanir við forgangsröðun

a) Í tengslum við forgangsröðun skoðana á hlaði skal Flugöryggisstofnun afhenda lögbæra yfirvaldinu skrá yfir flugrekendur eða loftför þar sem komið hefur í ljós að hugsanleg áhætta geti stafað af þeim.

b) Þessi skrá skal ná yfir:

1) flugrekendur loftfara sem tilgreindir eru á grundvelli greiningar á tiltækum gögnum í samræmi við 4. lið b-liðar ARO.RAMP.150,

2) flugrekendur eða loftför, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynnir til Flugöryggisstofnunar og tilgreind eru á grundvelli:

i. skoðunar, sem flugöryggisnefnd lætur í ljós varðandi framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, um að nauðsynlegt sé að sannreyna frekar hvort fyllilega sé farið að viðeigandi öryggisstöðlum með kerfisbundnum skoðunum á hlaði eða

ii. upplýsinga sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fær frá aðildarríkjunum skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005,

3) loftfara, sem flogið er til yfirráðasvæðis sem fellur undir ákvæði sáttmálans, af flugrekendum sem eru skráðir í viðauka B í skránni yfir flugrekendur sem sæta flugrekstrarbanni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005,

4) loftfara sem starfrækt eru af flugrekendum sem hafa vottun frá ríki sem hefur lögboðið eftirlit með flugrekendum sem eru í skránni sem um getur í 3. mgr.,

5) loftfara, sem flugrekandi frá þriðja landi notar til að fljúga í fyrsta skipti til yfirráðasvæðis, sem fellur undir ákvæði sáttmálans, innan þess eða frá því, eða sem er með heimild, sem er gefin út í samræmi við ART. GEN.205, sem er takmörkuð eða endurútgefin eftir tímabundna niðurfellingu eða afturköllun.

c) Í samræmi við verklagsreglur Flugöryggisstofnunarinnar skal ný skrá tekin saman við hverja uppfærslu á skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og í öllu falli a.m.k. á fjögurra mánaða fresti.

ARO.RAMP.110 Söfnun upplýsinga

Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við framkvæmd skoðana á hlaði.

ARO.RAMP.115 Starfsréttindi þeirra sem annast skoðanir á hlaði

a) Lögbæra yfirvaldið og Flugöryggisstofnunin skulu hafa viðurkennda skoðunarmenn til að framkvæma skoðanir á hlaði.

b) Skoðunarmenn skulu:

1) búa yfir nauðsynlegri flugtæknilegri menntun eða hagnýtri þekkingu sem hæfir því sviði eða þeim sviðum skoðunar sem þeir annast,

2) hafa lokið með fullnægjandi árangri:

i. viðeigandi og sérstakri fræðilegri og verklegri þjálfun á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum skoðunar:

A) stjórnklefi,

B) öryggi í farþegarými,

C) ástand loftfars,

D) farmur,

ii. viðeigandi starfsþjálfun á vinnustað sem yfirskoðunarmaður, sem lögbært yfirvald eða Flugöryggisstjórn tilnefnir, veitir,

3) viðhalda gildi réttinda sinna með því að stunda reglubundna þjálfun og framkvæma a.m.k. 12 skoðanir á 12 mánaða tímabili.

c) Þjálfunin, sem um getur í i. lið 2. liðar í b-lið, skal vera í höndum lögbæra yfirvaldsins eða þjálfunarfyrirtækis sem hefur fengið samþykki í samræmi við a-lið ARO.RAMP.120.

d) Flugöryggisstofnunin skal þróa og halda þjálfunarnámskrá og stuðla að skipulagningu þjálfunarnámskeiða og vinnufunda fyrir skoðunarmenn til að auka skilning þeirra á þessum kafla og samræmdri framkvæmd hans.

e) Flugöryggisstofnunin skal greiða fyrir og samræma áætlun um skipti á skoðunarmönnum sem gerir skoðunarmönnum kleift að öðlast hagnýta reynslu og stuðlar að samhæfingu verklagsreglna.

ARO.RAMP.120 Samþykki þjálfunarfyrirtækja

a) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja þjálfunarfyrirtæki sem hefur höfuðstöðvar sínar innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðildarríkis, þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissað sig um að þjálfunarfyrirtækið:

1) hafi tilnefnt skólastjóra (e. head of training) sem hefur góða stjórnunarhæfileika til að tryggja að veitt þjálfun samrýmist gildandi kröfum,

2) búi yfir þjálfunaraðstöðu og kennslubúnaði sem er viðeigandi fyrir þá þjálfun sem veitt er,

3) veiti þjálfun í samræmi við námskrá sem Flugöryggisstofnunin hefur þróað í samræmi við d-lið ARO. RAMP.115,

4) notist við kennara með starfsréttindi.

b) Fari lögbæra yfirvaldið fram á það skal Flugöryggisstofnunin sjá um að sannreyna að kröfurnar, sem um getur í a-lið, séu uppfylltar og að þeim sé fylgt að staðaldri.

c) Þjálfunarfyrirtækið skal hafa samþykki til að veita eina eða fleiri af eftirfarandi tegundum þjálfunar:

1) bóklegt grunnnámskeið,

2) verklegt grunnnámskeið,

3) reglubundna þjálfun.

ARO.RAMP.125 Framkvæmd skoðana á hlaði

a) Skoðanir á hlaði skulu fara fram með stöðluðum hætti með því að nota eyðublaðið í annaðhvort III. eða IV. viðbæti.

b) Þegar skoðun á hlaði fer fram skal skoðunarmaður gera allt sem í hans valdi stendur til að komast hjá því að loftfar, sem er til skoðunar, verði fyrir ástæðulausum töfum.

c) Þegar skoðun á hlaði er lokið skal flugstjóra, eða, ef hann er ekki á staðnum, öðrum flugliða eða fulltrúa flugrekanda tilkynnt um niðurstöður skoðunarinnar á því eyðublaði sem er að finna í III. viðbæti.

ARO.RAMP.130 Flokkun frávika

Fyrir hvert skoðunaratriði eru þrír flokkar hugsanlegra atriða, sem eru ekki í samræmi við gildandi kröfur, skilgreindir sem frávik. Slík frávik skulu flokkuð á eftirfarandi hátt:

1) frávik skv. 3. flokki: sérhvert mikilvægt atriði, sem er ekki í samræmi við gildandi kröfur eða skilmála skírteinis, sem hefur stórvægileg áhrif á öryggi,

2) frávik skv. 2. flokki: sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við gildandi kröfur eða skilmála skírteinis, sem hefur veruleg áhrif á öryggi,

3) frávik skv. 1. flokki: sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við gildandi kröfur eða skilmála skírteinis, sem hefur minni háttar áhrif á öryggi,

ARO.RAMP.135 Framhaldsaðgerðir vegna frávika

a) Í tengslum við frávik skv. 2. eða 3. flokki skal lögbæra yfirvaldið, eða, Flugöryggisstofnunin, ef við á:

   1) tilkynna flugrekanda skriflega um frávikið þar sem fram kemur ósk um sönnun um þær aðgerðir til úrbóta, sem gripið hefur verið til og

   2) tilkynna það lögbæru yfirvaldi í ríki flugrekandans og, ef við á, ríkinu þar sem loftfarið er skráð og þar sem skírteini flugliða var gefið út. Eftir því sem við á, skal lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin fara fram á staðfestingu á samþykki sínu á þeim aðgerðum til úrbóta sem flugrekandinn hefur gripið til í samræmi við ARO.GEN.350 eða ARO.GEN.355.

b) Til viðbótar við a-lið, ef um er að ræða frávik skv. 3. flokki, skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust gera ráðstafanir með því:

   1) að setja takmörkun á starfrækslu loftfars,

   2) að fara fram á framkvæmd tafarlausra aðgerða til úrbóta,

   3) að setja loftfarið í flugbann, í samræmi við ARO.RAMP.140, eða

   4) að setja tafarlaust flugrekstrarbann í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

c) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur vakið máls á fráviki, skv. 3. flokki, skal hún fara fram á að lögbæra yfirvaldið, á því svæði þar sem loftfarinu hefur verið lent, grípi til viðeigandi ráðstafana í samræmi við b-lið.

ARO.RAMP.140 Loftför sett í flugbann

a) Ef um er að ræða frávik, skv. 3. flokki, og það lítur út fyrir að fyrirhugað eða líklegt sé að loftfarinu verði flogið, án þess að flugrekandi eða eigandi loftfarsins hafi lokið viðeigandi aðgerðum til úrbóta, skal lögbæra yfirvaldið:

   1) tilkynna flugstjóra eða flugrekanda að loftfarið fái ekki heimild til að leggja upp í flug þar til annað hefur verið ákveðið og

   2) setja loftfarið í flugbann.

b) Ef flugrekandi í þriðja landi notar loftfar sem er í flugbanni skal lögbært yfirvald ríkisins þar sem loftfarið er í flugbanni tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald í ríki flugrekandans og í skráningarríki loftfarsins, ef við á, og Flugöryggisstofnun þar um.

c) Lögbært yfirvald má, í samvinnu við ríki flugrekanda eða skráningarríki, mæla fyrir um með hvaða nauðsynlegu skilyrðum loftfarinu er leyft að hefja flugtak.

d) Ef vanefndaratriðin hafa áhrif á gildistíma lofthæfivottorðs loftfarsins má lögbæra yfirvaldið aðeins aflétta flugbanninu ef flugrekandi hefur sýnt fram á:

   1) að samræmi við gildandi kröfur hafi aftur verið komið á,

2) að flugrekandi hafi öðlast flugleyfi fyrir loftför, sem skráð eru í aðildarríki, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ([8]).

3) að hann hafi fengið flugleyfi, eða jafngilt skjal, frá skráningarríkinu eða ríki flugrekanda, fyrir loftför sem skráð eru í þriðja landi og starfrækt af flugrekanda í Evrópusambandinu eða í þriðja landi og

4) að hann hafi leyfi frá þriðju löndum, sem flogið verður yfir, ef við á.

ARO.RAMP.145 Skýrslugjöf

a) Upplýsingar, sem safnað er í samræmi við a-lið ARO.RAMP.125, skulu færðar inn í miðlæga gagnagrunninn, sem um getur í 2. lið b-liðar ARO.RAMP.150, innan 21 almanaksdags frá skoðun.

b) Lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin skal færa inn í miðlæga gagnagrunninn allar upplýsingar sem gagnlegar eru vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar og sem gagnast Flugöryggisstofnun við að leysa þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt þessum viðauka, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar sem um getur í ARO.RAMP.110.

c) Þegar upplýsingarnar, sem um getur í ARO.RAMP.110, sýna fram á að öryggi sé hugsanlega ógnað skal tafarlaust miðla slíkum upplýsingum til hvers lögbærs yfirvalds og Flugöryggisstofnunar.

d) Þegar einstaklingur gefur lögbæru yfirvaldi upplýsingar um annmarka á loftförum skulu upplýsingarnar, sem um getur í ARO.RAMP.110 og í a-lið ARO.RAMP.125, vera órekjanlegar að því er varðar heimildir upplýsinganna.

ARO.RAMP.150 Samræmingarverkefni Flugöryggisstofnunarinnar

a) Flugöryggisstofnunin skal stýra og nota nauðsynlegan búnað og verklagsreglur til að geyma og skiptast á:

1) upplýsingunum, sem um getur í ARO.RAMP.145, og nota til þess eyðublöðin sem er að finna í III. og IV. viðbæti,

2) upplýsingum sem þriðju lönd eða alþjóðastofnanir leggja fram og Evrópusambandið hefur gert viðeigandi samninga við, eða stofnanir, sem Flugöryggisstofnunin hefur gert viðeigandi samninga við, í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Til þessarar stjórnunar teljast eftirfarandi verkefni:

1) að geyma gögn frá aðildarríkjum sem máli skipta varðandi upplýsingar um öryggi loftfara sem lenda á flugvöllum sem eru staðsettir á yfirráðasvæði sem fellur undir ákvæði sáttmálans,

2) að byggja upp, viðhalda og uppfæra stöðugt miðlægan gagnagrunn sem hefur að geyma allar þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2. lið a-liðar,

3) að gera nauðsynlegar breytingar á hugbúnaði gagnagrunnsins og stækka hann,

4) að greina miðlæga gagnagrunninn og aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir öryggi loftfara og flugrekenda og, á grundvelli þess:

i. að veita framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum ráðgjöf um tafarlausar aðgerðir eða reglur um eftirfylgni,

ii. að gefa framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum skýrslu um hugsanleg öryggisvandamál,

iii. að leggja til við framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld samræmdar aðgerðir þegar þörf krefur af öryggisástæðum og tryggja tæknilega samræmingu slíkra aðgerða,

5) að hafa samráð við aðrar evrópskar stofnanir og aðila, alþjóðastofnanir og lögbær yfirvöld þriðju landa um skipti á upplýsingum.

ARO.RAMP.155 Ársskýrsla

Flugöryggisstofnun skal útbúa og leggja fyrir framkvæmdastjórnina ársskýrslu um kerfi fyrir skoðanir á hlaði og skal hún hafa að geyma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) stöðuyfirlit um hvernig kerfinu miðar áfram,

([8]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

b) stöðuyfirlit um þær skoðanir sem hafa verið framkvæmdar á árinu,

c) greiningu á niðurstöðu skoðana þar sem tilgreind er flokkun niðurstaðna,

d) aðgerðir sem gripið hefur verið til á árinu,

e) tillögur til að bæta frekar kerfið fyrir skoðanir á hlaði og

f) viðauka sem innihalda skoðunarskrár, flokkaðar eftir ríki þar sem rekstur fer fram, tegund loftfars, flugrekanda og hlutfall þess sem á vantar í hverri skoðun.

ARO.RAMP.160 Upplýsingar til almennings og verndun upplýsinga

a) Aðildarríki skulu eingöngu nota upplýsingarnar sem þeim berast samkvæmt ARO.RAMP.105 og ARO.RAMP.145 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og skulu vernda þær til samræmis við það.

b) Flugöryggisstofnun skal árlega birta heildarupplýsingaskýrslu sem skal vera aðgengileg almenningi og hafa að geyma greiningu á upplýsingum sem berast í samræmi við ARO.RAMP.145. Skýrslan skal vera einföld og auðskiljanleg og heimild upplýsinganna ekki gefin upp.

I. viðbætir

FLUGREKANDASKÍRTEINI

(Samþykkisskrá fyrir flugrekendur)

Tegund starfrækslu: Flutningaflug (CAT) ☐ Farþegar ☐ Farmur

☐ Annað ([1])…….

Sérstök starfræksla í ábataskyni (e. Commercial specialised operations, SPO) ☐([2])……

5	Ríki flugrekanda ([3])	([5])
	Útgáfuyfirvald ([4])	
Flugrekandaskírteini ([6])	Nafn flugrekanda ([7])	Tengiliðir vegna starfrækslu: ([9])
	Starfar undir viðskiptaheitinu ([8])	Samskiptaupplýsingar, þar sem hægt er að ná sambandi við rekstrarstjórnendur án ótilhlýðilegrar tafar, eru skráðar í…… ([12]).
	Heimilisfang flugrekanda ([10]):	
	Símanúmer ([11])	
	Bréfasímanúmer	
	Tölvupóstfang:	

Með þessu skírteini vottast að …… ([13]) hefur heimild til að annast flutningaflug, eins og það er skilgreint í meðfylgjandi rekstrarforskriftum, í samræmi við rekstrarhandbókina, IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

Útgáfudagur ([14]):	Nafn og undirskrift ([15]): Titill:

([1]) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings.

([2]) Tilgreina skal tegund flugs, t.d. í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti eða auglýsingaflug.

([3]) Hér skal sett inn heiti ríkis flugrekanda.

([4]) Hér skal sett inn auðkenni útgáfuyfirvaldsins.

([5]) Til notkunar fyrir lögbært yfirvald.

([6]) Tilvísunarnúmer samþykkis sem lögbært yfirvald gefur út.

([7]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda.

([8]) Viðskiptaheiti flugrekanda, ef það er annað. Setja skal „starfar undir" fyrir framan viðskiptaheitið.

([9]) Til samskiptaupplýsinga teljast m.a. símanúmer og bréfasímanúmer, að landskóða meðtöldum, og tölvupóstfang (ef það er tiltækt), þar sem hægt er að ná í rekstrarstjórnendur án ótilhlýðilegrar tafar vegna mála í tengslum við flugrekstur, lofthæfi, hæfni flugliða og öryggis- og þjónustuliða, hættulegan varning og önnur tengd mál, eftir því sem við á.

([10]) Heimilisfang höfuðstöðva flugrekanda.

([11]) Síma- og bréfasímanúmer, ásamt landskóða, í höfuðstöðvum flugrekanda. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.

([12]) Stýrt skjal (e. controlled document) skal látið fylgja og haft um borð í loftfarinu þar sem samskiptaupplýsingar eru tilgreindar með vísan í viðeigandi málsgrein eða blaðsíðu. t.d.: „Samskiptaupplýsingar … eru skráðar í rekstrarhandbókinni undir almenn atriði/grunnatriði, kafla 1, 1.1"; eða „… eru skráðar í rekstrarforskriftum, bls. 1", eða „… eru skráðar í viðhengi við þetta skjal".

([13]) Skráð heiti flugrekanda.

([14]) Útgáfudagur flugrekandaskírteinis (dd-mm-áááá).

([15]) Titill, nafn og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds. Auk þess má setja opinberan stimpil á flugrekandaskírteinið.

EASA-eyðublað nr. 138, 1. útgáfa.

II. viðbætir

REKSTRARFORSKRIFTIR

(með fyrirvara um samþykkt skilyrði í rekstrarhandbókinni)

Samskiptaupplýsingar útgáfuyfirvalds

Símanúmer ([1]):…… , Bréfasímanúmer:…… ,

Tölvupóstfang:

Flugrekandaskírteini ([2]) Nafn flugrekanda ([3]): Dagsetning ([4]): Undirskrift:

Starfar undir viðskiptaheitinu

Rekstrarforskriftir:

Tegund loftfars ([5]):

Skrásetningarmerki ([6]):

Rekstur í ábataskyni ☐……

Flugsvæði ([7])

Sérstakar takmarkanir ([8])

Sérstök samþykki:	Já	Nei	Forskriftir ([9])	Athugasemdir
Hættulegur varningur	☐	☐		
Starfræksla í lélegu skyggni			Flugbrautarskyggni (RVR) ([11]): m	
Flugtak			CAT ([10]) … RVR: m Ákvörðunarhæð (DH): fet	
Aðflug og lending	☐	☐		
Flugtak	☐	☐		
Minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður (RVSM) ([12]) ☐ Á ekki við	☐	☐		
Fjarflug (ETOPS) ([13]) ☐ Á ekki við	☐	☐	Hámarksfjarflugstími ([14]): mín.	
Leiðsöguforskriftir fyrir flug þar sem notast er við hæfisbundna leiðsögu ([15])	☐	☐		([16])
Lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu	☐	☐		
Þyrluflug með aðstoð næturSjónkerfis	☐	☐		
Hífingar með þyrlu	☐	☐		
Sjúkraflug með þyrlu	☐	☐		
Þjálfun öryggis- og þjónustuliða ([17])	☐	☐		
Útgáfa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða ([18])	☐	☐		
Áframhaldandi lofthæfi	☐	☐	([19])	
Annað ([20])				

([1]) Síma- og bréfasímanúmer lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. landskóði. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.

([2]) Hér skal sett inn tengt númer flugrekandaskírteinis.

([3]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn "starfar undir" fyrir framan viðskiptaheitið.

([4]) Útgáfudagur rekstrarforskrifta (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.

([5]) Hér skal setja inn kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um tegund loftfars, árgerð og röð, eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232).

([6]) Skrásetningarmerkin eru annaðhvort skráð í rekstrarforskriftum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tengdar rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni. Ef sérstök samþykki eiga ekki öll við um tegund loftfarsins má færa skrásetningarmerki loftfarsins í dálkinn „athugasemdir" fyrir sérstaka samþykkið.

([7]) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða tilteknar leiðir, flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).

([8]) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).

([9]) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanirnar fyrir hvert samþykki eða tegund samþykkis (með viðeigandi viðmiðun).

([10]) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: I. flokkur, II. flokkur, III. flokkur A, III. flokkur B eða III. flokkur C. Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni í metrum og ákvörðunarhæð í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.

([11]) Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni við flugtak í metrum. Nota má eina línu fyrir hvert samþykki ef mismunandi samþykki hafa verið veitt.

([12]) Aðeins má haka við í kassann „á ekki við" ef hámarksflughæð loftfars er undir fluglagi 290.

([13]) Fjarflug (ETOPS) á sem stendur aðeins við um tveggja hreyfla loftför. Því má haka í kassann „á ekki við" ef loftfarstegundin hefur fleiri eða færri en tvo hreyfla.

([14]) Hér má einnig skrá vegalengd þröskulds (í sjómílum), sem og gerð hreyfils.

([15]) Hæfisbundin leiðsaga (PBN): ein lína er notuð fyrir hvert samþykki fyrir hæfisbundinni leiðsögu (t.d. svæðisleiðsaga (RNAV) 10, RNAV 1, tilskilin nákvæmni í flugleiðsögu (RNP) 4,...) með viðeigandi takmörkunum eða skilyrðum sem skrá skal í dálkunum „Forskriftir" og/eða „Athugasemdir".

([16]) Takmarkanir, skilyrði og lagalegur grundvöllur fyrir samþykki fyrir starfrækslu í tengslum við samþykkið fyrir hæfisbundinni leiðsögu (t.d. hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS), fjarlægðarviti/DME/tregðustaðsetningarkerfi (DME/DME/IRU)).

([17]) Heimild til að halda þjálfunarnámskeið og próf, sem umsækjendur þurfa að ljúka til að hægt sé að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða (e. cabin crew attestation), eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012.

([18]) Heimild til að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012.

([19]) Nafn einstaklings/stofnunar sem ber ábyrgð á því að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfars og vísun í reglugerðina, sem inniheldur þessa kröfu, þ.e. G-kafli í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

([20]) Hér má setja inn önnur samþykki eða gögn með því að nota eina línu (eða reit með mörgum línum) fyrir hvert samþykki (t.d. skammbrautarlendingu, starfrækslu í bröttu aðflugi, þyrluflug að/frá almannaheillastað, þyrluflug yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis, þyrluflug án getu til að nauðlenda með öruggum hætti, starfrækslu með auknum beygjuhalla, mestu leyfilegu fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis, loftfar sem notað er fyrir starfrækslu sem er ekki í ábataskyni).

EASA-eyðublað nr. 139, 1. útgáfa.

III. viðbætir

Sönnun um skoðun á hlaði				
Dagsetning:	Tími:	Staður:		**Upplýsingar á valfrjálsu sniði um lögbært yfirvald (kennimerki, samskiptaupplýsingar símanúmer/ bréfasímanúmer/ netfang)**
Flugrekandi:		Ríki:	Númer flugrekanda-skírteinis:	
Flugleið frá:	Flugnúmer:	Flugleið til:	Flugnúmer:	
Tegund flugs:	Leigt af flugrekanda:	Tegund loftfars:	Útfærsla loftfars:	
Ríki leigutaka:		Skrásetningarmerki:	Smíðanúmer:	
Ríki sem gefur eða gefa út flugliðaskírteini:	Staðfesting á móttöku (*)			
	Nafn: …… Starfsheiti: …… Starfsheiti: ……	Undirskrift: ……		

		Athugað	Athugasemd
A	**Stjórnklefi**		
1	Almennt ástand		
2	Neyðarútgangur		
3	Búnaður		
	Skjöl		
4	Handbækur		
5	Gátlistar		
6	Kort yfir leiðsögu-/ mælitæki		
7	Listi yfir lágmarksbúnað		
8	Skráningarskírteini		
9	Hljóðstigsvottorð (ef við á)		
10	Flugrekandaskírteini eða sambærilegt		
11	Talstöðvarskírteini		
12	Lofthæfivottorð		
	Fluggögn		
13	Undirbúningur flugs		
14	Útreikningur á massa og jafnvægi		
	Öryggisbúnaður		
15	Handslökkvitæki		
16	Björgunarvesti/ flotbúnaður		
17	Öryggistygi		
18	Súrefnistæki		
19	Vasaljós		

		Athugað	Athugasemd
	Flugliðar		
20	Flugliðaskírteini/ samsetning flugáhafnar		
	Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt		
21	Leiðarflugbók eða sambærilegt		
22	Viðhaldsvottorð		
23	Tilkynning og viðgerð bilana (þ.m.t. tækniflugbók)		
24	Fyrirflugsskoðun		
B	**Öryggi í farþegarými**		
1	Almennt innra ástand		
2	Vinnureitur öryggis- og þjónustuliða og hvíldarsvæði áhafnar		
3	Sjúkrakassi/læknataska		
4	Handslökkvitæki		
5	Björgunarvesti/ Flotbúnaður		
6	Öryggisbelti og ástand sæta		
7	Neyðarútgangur, lýsing og vasaljós		
8	Rennibrautir/björgunar-bátar (eftir þörfum), neyðarsendir (ELT)		
9	Súrefnisbirgðir (öryggis- og þjónustuliðar og farþegar)		
10	Öryggisleiðbeiningar		
11	Öryggis- og þjónustuliðar		
12	Aðgangur að neyðarútgöngum		
13	Frágangur farangurs farþega		
14	Sætaframboð		

		Athugað	Athugasemd
C	**Ástand loftfars**		
1	Almennt ytra ástand		
2	Hurðir og lúgur		
3	Stýri		
4	Hjól, hjólbarðar og hemlar		
5	Lendingarbúnaður meiðar/ flotholt		
6	Hjólahólf		
7	Fullbúinn hreyfill og stöpull		
8	Blásarablöð, loftskrúfur, þyrlar (aðal/stél)		
9	Augljósar viðgerðir		
10	Augljósar óviðgerðar skemmdir		
11	Leki		
D	**Farmur**		
1	Almennt ástand farmrýmis		
2	Hættulegur varningur		
3	Frágangur farms		
E	**Almenn ákvæði**		
1	Almenn ákvæði		

Aðgerð sem er gripið til		Skoðunaratriði	Flokkur	Athugasemdir
	3d) Tafarlaust flugrekstrarbann			
	3c) Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina			
	3b) Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð			
	3a) Takmörkun á starfrækslu loftfars			
	2) Upplýsingar fyrir flugmálayfirvöld og flugrekanda			
	1) Upplýsingar fyrir flugstjóra			
	0) Engar athugasemdir			
Merki eða kóði skoðunarmanns eða skoðunarmanna				
Athugasemdir áhafnar (ef einhverjar):				

(*) Undirskrift flugverja eða annars fulltrúa flugrekandans, sem sætir skoðun, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á þeim niðurstöðum sem tilgreindar eru heldur er hún einfaldlega staðfesting á því að loftfarið hafi verið skoðað á þeim tíma og stað sem tilgreindur er í skjalinu.

Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug. Gögn, sem lögð eru fram í þessari skýrslu, geta breyst þegar þau eru færð inn í miðlæga gagnagrunninn.

EASA-eyðublað nr. 136, 1. útgáfa.

IV. viðbætir

Skýrsla um skoðun á hlaði

Lögbært yfirvald (heiti)

(Ríki)

Skýrsla um skoðun á hlaði

Nr.: _._._._-_._._._-_._._._

Heimild: Skoðun á hlaði

Dagsetning: _._._ Staður: _____

Staðartími: _:_

Flugrekandi: _____ Númer flugrekandaskírteinis: _____

Ríki: _____ Tegund starfrækslu: _____

Flugleið frá: ……. _____ Flugnúmer: _____

Flugleið til: ……. _____ Flugnúmer: _____

Leigt af flugrekanda*: _____

(þar sem við á) _____ Ríki leigutaka: _____

Tegund loftfars ……. _____ Skrásetningarmerki: _____

Útfærsla loftfars: _____ Smíðanúmer: _____

Flugliðar: Ríki sem gefur út skírteini: _____

annað ríki sem gefur út skírteini*: _____

*(þar sem við á)

Frávik:

Kóði /	Staðall /	Tilvísun/	Flokkur /	Frávik	Nákvæm lýsing
_._._	_	_._._	_	……..	……..
_._._	_	_._._	_	……..	……..
_._._	_	_._._	_	……..	……..
_._._	_	_._._	_	……..	……..
_._._	_	_._._	_	……..	……..

Flokkar aðgerða sem gripið er til:	Nákvæm lýsing
□ 3d) Tafarlaust flugrekstrarbann	……..
□ 3c) Loftfar sett í flugbann af hálfu lögbærra yfirvaldsins sem annast skoðunina	……..
□ 3b) Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð	……..
□ 3a) Takmörkun á starfrækslu loftfars	……..
□ 2) Upplýsingar fyrir lögbært yfirvald og flugrekanda	……..
□ 1) Upplýsingar fyrir flugstjóra	……..

Viðbótarupplýsingar (ef einhverjar eru)

Nöfn eða númer skoðunarmanna: ……

– Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug.

– Gögn, sem lögð eru fram í þessari skýrslu, geta breyst vegna lagfæringar á orðalagi þegar þau eru færð inn í miðlæga gagnagrunninn.

	Kóði atriðis	Athugað	Athugasemd
	A. Stjórnklefi		
	Almenn ákvæði		
1.	Almennt ástand	1.	1.
2.	Neyðarútgangur	2.	2.
3.	Búnaður	3.	3.
	Skjöl		
4.	Handbækur	4.	4.
5.	Gátlistar	5.	5.
6.	Kort yfir fjarleiðsögu	6.	6.
7.	Listi yfir lágmarksbúnað	7.	7.
8.	Skráningarskírteini	8.	8.
9.	Hljóðstigsvottorð (ef við á)	9.	9.
10.	Flugrekandaskírteini eða sambærilegt	10.	10.
11.	Talstöðvarskírteini	11.	11.
12.	Lofthæfivottorð	12.	12.
	Fluggögn		
13.	Undirbúningur flugs	13.	13.
14.	Útreikningur á massa og jafnvægi	14.	14.
	Öryggisbúnaður		
15.	Handslökkvitæki	15.	15.
16.	Björgunarvesti/flotbúnaður	16.	16.
17.	Öryggistygi	17.	17.
18.	Súrefnistæki	18.	18.
19.	Vasaljós	19.	19.
	Flugliðar		
20.	Flugliðaskírteini/samsetning flugáhafnar	20.	20.
	Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt		
21.	Leiðarflugbók eða sambærilegt	21.	21.
22.	Viðhaldsvottorð	22.	22.
23.	Tilkynning og viðgerð bilana (þ.m.t. tækniflugbók)	23.	23.
24.	Fyrirflugsskoðun	24.	24
	B. Öryggi í farþegarými		
1.	Almennt innra ástand	1.	1.
2.	Vinnureitur öryggis- og þjónustuliða og hvíldarsvæði áhafnar	2.	2.
3.	Sjúkrakassi/læknataska	3.	3.
4.	Handslökkvitæki	4.	4.
5.	Björgunarvesti/flotbúnaður	5.	5.
6.	Öryggisbelti og ástand sæta	6.	6.
7.	Neyðarútgangur, lýsing og vasaljós	7.	7.
8.	Rennibrautir/björgunarbátar (eftir þörfum), neyðarsendir (ELT)	8.	8.
9.	Súrefnisbirgðir (öryggis- og þjónustuliðar og farþegar)	9.	9.
10.	Öryggisleiðbeiningar	10.	10.
11.	Öryggis- og þjónustuliðar	11.	11.
12.	Aðgangur að neyðarútgöngum	12.	12.
13.	Frágangur farangurs farþega	13.	13.
14.	Sætaframboð	14.	14.

Kóði atriðis		Athugað	Athugasemd
C. Ástand loftfars			
1.	Almennt ytra ástand	1.	1.
2.	Hurðir og lúgur	2.	2.
3.	Stýri	3.	3.
4.	Hjól, hjólbarðar og hemlar	4.	4.
5.	Lendingarbúnaður, meiðar/flotholt	5.	5.
6.	Hjólahólf	6.	6.
7.	Fullbúinn hreyfill og stöpull	7.	7.
8.	Blásarablöð, loftskrúfur, þyrlar (aðal/stél)	8.	8.
9.	Augljósar viðgerðir	9.	9.
10.	Augljósar óviðgerðar skemmdir	10.	10.
11.	Leki	11.	11.
D. Farmur			
1.	Almennt ástand farmrýmis	1.	1.
2.	Hættulegur varningur	2.	2.
3.	Frágangur farms	3.	3.
E. Almenn ákvæði			
1.	Almennt	1.	1.

EASA-eyðublað nr. 137, 1. útgáfa.

III. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA VARÐANDI FLUGREKSTUR

[ORO-HLUTI]

ORO.GEN.005 Gildissvið

Í þessum viðauka eru ákvarðaðar kröfur sem flugrekendur sem stunda flutningaflug eiga að uppfylla.

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

I. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

ORO.GEN.105 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald, sem annast eftirlit með flugrekendum sem gegna skyldum varðandi vottun fyrir flugrekendur sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki, vera yfirvaldið sem það aðildarríki tilnefnir.

ORO.GEN.110 Ábyrgð flugrekanda

a) Flugrekandi ber ábyrgð á að loftfar sé starfrækt í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og vottorð þess.

b) Sérhvert flug skal fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar.

c) Flugrekandinn skal koma á og viðhalda kerfi til að hafa með höndum flugrekstrarstjórn á öllu flugi sem starfrækt er samkvæmt skilmálum vottorðs hans.

d) Flugrekandinn skal sjá til þess að loftför hans hafi búnað og að áhafnirnar hafi þau starfsréttindi sem krafist er á viðkomandi flugsvæðum og fyrir þá tegund starfrækslu sem um ræðir hverju sinni.

e) Flugrekandinn skal sjá til þess að allir starfsmenn flugrekstrarsviðs, sem gegna störfum eða eiga beina aðild að rekstrinum, hvort sem er á jörðu niðri eða í lofti, hafi fengið fullnægjandi fræðslu, sýnt fram á kunnáttu sína í þeim skyldustörfum sem þeim er sérstaklega ætlað að inna af hendi og geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti skyldustörf þeirra tengjast starfseminni í heild.

f) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um örugga starfrækslu fyrir hverja tegund loftfars fyrir sig þar sem kemur fram hver eru skyldu- og ábyrgðarstörf starfsfólks á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi. Í þessum verklagsreglum skal ekki gerð krafa um að á varasömustu stigum flugsins sinni flugverjar öðrum störfum en þeim er lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins.

g) Flugrekandinn skal tryggja að öllu starfsfólki sé gert ljóst að þeim beri að fara að lögum, reglugerðum og verklagsreglum þeirra ríkja þar sem starfsemin fer fram og lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra.

h) Flugrekandinn skal koma á gátlistakerfi fyrir hverja tegund loftfars, sem flugverjar skulu notast við á öllum stigum flugs, við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður, til að tryggja að verklagsreglum í rekstrarhandbók sé fylgt. Við hönnun og notkun gátlista skulu meginreglur um mannlega þætti virtar og tillit tekið til nýjustu viðeigandi gagna frá framleiðanda loftfarsins.

i. Flugrekandi skal tilgreina verklagsreglur fyrir flugáætlunargerð til að tryggja öruggt flug, að teknu tilliti til afkastagetu loftfars, annarra starfrækslumarka og viðeigandi skilyrða sem gera má ráð fyrir á flugleiðinni og á hlutaðeigandi flugvöllum eða starfrækslusvæðum. Þessar verklagsreglur skulu vera í rekstrarhandbókinni.

j) Flugrekandi skal setja saman og viðhalda þjálfunaráætlunum í tengslum við hættulegan varning fyrir starfsfólk sitt, eins og krafist er í tæknilegu fyrirmælunum, og þarf lögbært yfirvald að skoða þær og samþykkja. Þjálfunaráætlanir skulu vera í réttu hlutfalli við ábyrgð starfsfólks.

ORO.GEN.115 Umsókn um flugrekandaskírteini

a) Umsókn um flugrekandaskírteini eða breytingu á fyrirliggjandi skírteini skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Þegar sótt er um skírteini í fyrsta sinn skulu umsækjendur láta lögbæru yfirvaldi í té gögn sem sýna hvernig þeir ætla að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Slík gögn skulu innihalda verklagsreglur sem lýsa hvernig breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, verða meðhöndlaðar og tilkynntar til lögbæra yfirvaldsins.

ORO.GEN.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugrekandi má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

b) Þegar flugrekandi, sem er háður vottun, óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar og samþykktar af Flugöryggisstofnun til að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal hann, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

Flugrekandinn má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ARO.GEN.120.

ORO.GEN.125 Skilmálar samþykkis og réttindi flugrekanda

Vottaður flugrekandi skal virða gildissvið og réttindi sem skilgreind eru í rekstrarforskriftunum sem fylgja skírteini flugrekanda.

ORO.GEN.130 Breytingar

a) Allar breytingar sem hafa áhrif á:

1) gildissvið skírteinisins eða rekstrarforskriftir flugrekanda eða

2) einhverja þætti í stjórnunarkerfi flugrekanda, sem gerð er krafa um í 1. og 2. lið a-liðar í ORO.GEN.200,

krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

b) Fyrir allar breytingar, sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal flugrekandi sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en nokkrar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að breyta, ef þörf er á, flugrekandaskírteininu og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Flugrekandinn skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ARO.GEN.330.

Flugrekandi skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklaginu sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi í samræmi við c-lið ARO.GEN.310.

ORO.GEN.135 Áframhaldandi gildi

a) Skírteini flugrekanda skal áfram vera í gildi með fyrirvara um:

1) að flugrekandinn fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í ORO.GEN.150,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að flugrekandanum, eins og skilgreint er í ORO.GEN.140, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar séu ávallt uppfylltar og

3) að skírteinið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar skírteinið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

ORO.GEN.140 Aðgangur

a) Í þeim tilgangi að ákvarða hvort viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar er fullnægt skal flugrekandi ávallt veita aðgang að öllum búnaði, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, hvort sem það er bundið í samning eða ekki, öllum einstaklingum sem hafa heimild einhvers eftirtalinna yfirvalda:

1) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í ORO.GEN.105,

2) yfirvaldsins sem starfar í samræmi við ákvæði d- eða e-liðar ARO.GEN.300 eða ARO.RAMP.

b) Aðgangur að loftfarinu, sem um getur í a-lið, skal fela í sér möguleikann á að fara um borð og vera um borð í loftfarinu meðan á starfrækslu flugs stendur, nema flugstjórinn ákveði annað af öryggisástæðum í tengslum við stjórnklefann í samræmi við CAT.GEN.MPA.135.

ORO.GEN.150 Frávik

Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik skal flugrekandinn:

a) greina frumorsök þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum,

b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og

c) sýna fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta þannig að lögbæru yfirvaldi þyki fullnægjandi, innan tímabils sem samið er um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í d-lið ARO.GEN.350.

ORO.GEN.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Flugrekandinn skal framkvæma:

a) allar öryggisráðstafanir, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ARO.GEN.135, og

b) allar viðeigandi skyldubundnar upplýsingar um öryggismál sem Flugöryggisstofnunin gefur út, þ.m.t. lofthæfifyrirmæli.

ORO.GEN.160 Tilkynning atviks

a) Flugrekandi skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öðrum fyrirtækjum, sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([9]) og tilskipun 2003/42/EB.

b) Með fyrirvara um a-lið skal flugrekandi tilkynna lögbæra yfirvaldinu og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins, um öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik, sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar, sem er að finna í gögnum, sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ([10]), eða aðrar óvenjulegar aðstæður sem hafa eða kunna að hafa áhrif á örugga starfrækslu loftfars en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.

c) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 996/2010, tilskipun 2003/42/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ([11]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 ([12]), skulu skýrslurnar, sem um getur í a- og b-lið, gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem flugrekandinn hefur öðlast vitneskju um.

d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að flugrekandinn verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

([9]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.
([10]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.
([11]) Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.
([12]) Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

e) Þar sem við á, skal flugrekandinn gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem hann ætlar að grípa til, í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

2. ÞÁTTUR

Stjórnun

ORO.GEN.200 Stjórnunarkerfi

a) Flugrekandinn skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

1) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu hjá flugrekandanum, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á örygginu,

2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum flugrekandans, með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnan,

3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi flugrekandans, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til áhættumildunar og að staðfesta skilvirkni þessara aðgerða,

4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,

5) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

6) aðgerð til að hafa eftirlit með því að flugrekandinn fari að viðeigandi kröfum; samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta og

7) allar viðbótarkröfur sem lýst er í viðeigandi köflum þessa viðauka eða öðrum viðeigandi viðaukum.

b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð flugrekandans og eðli starfsemi hans og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem eðlilega fylgir þessari starfsemi.

ORO.GEN.205 Útvistuð starfsemi

a) Útvistuð starfsemi felur í sér alla starfsemi innan gildissviðs samþykkis flugrekandans, sem fer fram hjá öðru fyrirtæki, sem er annaðhvort sjálft vottað fyrir slíka starfsemi eða er ekki vottað en starfar innan ramma samþykkis flugrekandans. Flugrekandinn skal tryggja að sú þjónusta eða vara sem er útvistuð eða aðkeypt uppfylli viðeigandi kröfur þegar einhver hluti starfseminnar er útvistaður eða aðkeyptur.

b) Þegar vottaður flugrekandi útvistar hluta af starfsemi sinni til annars fyrirtækis, sem er ekki vottað í samræmi við þennan hluta til að sinna slíkri starfsemi, skal fyrirtækið, sem samið er við, starfa innan ramma samþykkis flugrekandans. Fyrirtækið, sem stendur að samningnum, skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

ORO.GEN.210 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Flugrekandinn skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á fót og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.

b) Flugrekandi skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að tryggja að flugrekandinn uppfylli ávallt viðeigandi kröfur. Hann eða þeir skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

c) Flugrekandi skal hafa nægilega hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.

d) Flugrekandi skal halda viðeigandi skrár yfir reynslu, menntun og hæfi og þjálfun til að uppfylla ákvæði c-liðar.

e) Flugrekandi skal tryggja að öllu starfsfólki verði kynntar þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli þegar skyldustörf þeirra eru innt af hendi.

ORO.GEN.215 Kröfur um aðstöðu

Flugrekandi skal hafa aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stjórna öllum fyrirhuguðum verkefnum og starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur.

ORO.GEN.220 Skráahald

a) Flugrekandi skal koma á kerfisbundnu skráahaldi, sem gerir mögulega viðunandi geymslu og áreiðanlegan rekjanleika, hvað varðar alla starfsemi, sem hefur verið þróuð, sem tekur sérstaklega til allra þeirra þátta sem taldir eru upp í ORO.GEN.200.

b) Snið skýrslna skal tilgreint í verklagsreglum flugrekandans.

c) Geyma skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

AOC-KAFLI

ÚTGÁFA FLUGREKANDASKÍRTEINA

ORO.AOC.100 Umsókn um flugrekandaskírteini

a) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ([13]), skal flugrekandi sækja um og fá útgefið flugrekandaskírteini hjá lögbæru yfirvaldi áður en hann hefur rekstur flutningaflugs.

b) Flugrekandi skal veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

2) lýsingu á fyrirhuguðum rekstri, þ.m.t. tegund eða tegundum og fjölda loftfara sem stendur til að starfrækja,

3) lýsingu á stjórnunarkerfinu, þ.m.t. stjórnskipulagi,

4) nafn ábyrgðarmanns,

5) nöfn tilnefndra einstaklinga, sem gerð er krafa um í a-lið ORO.AOC.135, ásamt starfsréttindum þeirra og reynslu, og

6) afrit af rekstrarhandbókinni, sem gerð er krafa um í ORO.MLR.100,

7) yfirlýsingu um að umsækjandi hafi staðfest að öll gögn, sem send eru lögbæru yfirvaldi, séu í samræmi við viðeigandi kröfur.

c) Umsækjendur skulu sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

1) að þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, þessa viðauka og IV. viðauka (CAT-kafla) sem og V. viðauka (SPA-kafla) við þessa reglugerð, eftir því sem við á,

2) að öll loftför sem starfrækt eru hafi lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og

3) að skipulags- og stjórnunargeta þeirra hæfi vel stærð og umfangi rekstrarins.

ORO.AOC.105 Rekstrarforskriftir og réttindi handhafa flugrekandaskírteinis

Réttindi flugrekanda, þ.m.t. þau sem veitt eru í samræmi við V. viðauka (SPA-kafla), skulu tilgreind í rekstrarforskriftum skírteinisins.

ORO.AOC.110 Leigusamningur

Öll leiga

a) Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skulu allir leigusamningar er varða loftför, sem starfrækt eru af flugrekanda sem vottaður er í samræmi við þennan kafla, vera háðir fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

([13]) Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

b) Flugrekandi, sem er vottaður í samræmi við þennan kafla, skal aðeins taka loftfar á þjónustuleigu hjá flugrekanda sem ekki er í flugrekstrarbanni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Tekið á þjónustuleigu (e. wet lease-in)

c) Umsækjandi um samþykki fyrir samningi um þjónustuleigu loftfars hjá flugrekanda frá þriðja landi skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

1) að flugrekandinn frá þriðja landi hafi gilt flugrekandaskírteini, gefið út í samræmi við 6. viðauka Alþjóða-flugmálastofnunarinnar (ICAO),

2) að öryggisstaðlar flugrekandans frá þriðja landi, hvað varðar áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, séu jafngildir viðeigandi kröfum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og í þessari reglugerð, og

3) að loftfarið hafi staðlað lofthæfivottorð, gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Tekið á tómaleigu (e. dry lease-in)

d) Umsækjandi um samþykki fyrir samningi um tómaleigu loftfars sem skráð er í þriðja landi skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

1) að rekstrarþörf sé til staðar sem ekki er unnt að fullnægja með leigu á loftfari sem skráð er í Evrópusambandinu,

2) að tómaleigan vari ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili og

3) að tryggt sé að farið verði að öllum viðeigandi kröfum í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

Tómaútleiga (e. dry lease-out)

e) Flugrekandi, sem vottaður er í samræmi við þennan kafla og ætlar að leigja eitt af loftförum sínum út í tómaleigu, skal sækja um fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds. Umsókninni skal fylgja afrit af fyrirhuguðum leigusamningi eða lýsingu á ákvæðum hans, að undanskildum fjárhagsráðstöfunum, ásamt öllum öðrum viðkomandi gögnum.

Þjónustuútleiga (e. wet lease-out)

f) Áður en loftfar er leigt út í þjónustuleigu skal flugrekandi, sem vottaður er í samræmi við þennan kafla, tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um.

ORO.AOC.115 Samkomulag um sameiginlegt flugnúmer (e. code share agreements)

a) Án þess að þetta hafi áhrif á viðeigandi öryggiskröfur ESB, sem gerðar eru til flugrekenda og loftfara frá þriðja landi, skal flugrekandi, sem vottaður er í samræmi við þennan kafla, aðeins gera samkomulag um sameiginlegt flugnúmer við flugrekanda frá þriðja landi eftir að hafa:

1) gengið úr skugga um að flugrekandinn frá þriðja landi uppfylli viðeigandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og

2) afhent lögbæru yfirvaldi skjalfestar upplýsingar sem gera slíku yfirvaldi kleift að uppfylla ákvæði ARO. OPS.105.

b) Við framkvæmd samkomulagsins um sameiginlegt flugnúmer skal flugrekandi vakta og meta reglulega reglufylgni flugrekandans frá þriðja landi við gildandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

c) Flugrekandi, sem vottaður er í samræmi við þennan kafla, skal ekki selja og gefa út farmiða í flug sem flugrekandi frá þriðja landi starfrækir ef hlutaðeigandi flugrekanda er bannað að stunda flugrekstur, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, eða hann hefur ekki gætt reglufylgni við gildandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

ORO.AOC.120 Heimild fyrir þjálfun öryggis- og þjónustuliða og útgáfu staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða

a) Flugrekandi skal sækja um og hljóta samþykki, sem lögbært yfirvald gefur út, þegar hann hyggst halda þjálfunarnámskeið, sem krafist er í V. viðauka (CC-kafla) við reglugerð (ESB) nr. 290/2012. Í þessum tilgangi skal umsækjandi sýna fram á að hann uppfylli kröfurnar um framkvæmd og innihald þjálfunarnámskeiða, sem komið er á í CC.TRA.215 og CC.TRA.220 í þeim viðauka, og skal láta lögbæru yfirvaldi í té:

1) þá dagsetningu sem áætlað er að hefja starfsemi,

2) persónulegar upplýsingar og starfsréttindi leiðbeinenda, sem eru viðeigandi fyrir þá þjálfunarþætti sem á að kenna,

3) nafn/nöfn og heimilisfang/-föng yfir þjálfunarstöð/-stöðvar þar sem þjálfun á að fara fram,

4) lýsingu á aðstöðu, þjálfunaraðferðir, handbækur og sýnishorn af þeim búnaði, sem notast á við, og

5) námskrána og áætlanir, sem tengjast þjálfunarnámskeiðinu.

b) Ef aðildarríki ákveður, í samræmi við ARA.CC.200 í VI. viðauka (ARA-kafla) við reglugerð (ESB) nr. 290/2012, að flugrekendur fái heimild til að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, skal umsækjandinn, til viðbótar við a-lið:

1) sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

i. að fyrirtækið hafi getu og ábyrgð til að inna þetta verkefni af hendi,

ii. að starfsfólkið, sem framkvæmir prófin, hafi viðeigandi menntun og hæfi og sé laust við hagsmunaárekstra og

2) leggja fram verklagsreglurnar og tilgreind skilyrði fyrir:

i. framkvæmd prófsins, sem krafist er samkvæmt CC.TRA.220,

ii. útgáfu staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða og

iii. framvísun allra viðeigandi upplýsinga og gagna til lögbærs yfirvalds er varða staðfestingarvottorðin, sem yfirvaldið mun gefa út, sem og handhafa þess, að því er varðar skráningar, eftirlit og aðgerðir til framfylgdar af hálfu þessa yfirvalds.

c) Tilgreina skal samþykkið, sem um getur í a- og b-lið, í rekstrarforskriftunum.

ORO.AOC.125 Starfræksla, sem er ekki í ábataskyni, á loftförum sem eru skráð í rekstrarforskriftir handhafa flugrekandaskírteinis

Handhafi flugrekandaskírteinis má annast starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, á loftförum sem almennt eru notuð í flutningaflugi og eru skráð í rekstrarforskriftirnar við flugrekandaskírteinið hans, að því tilskildu að flugrekandinn:

a) lýsi slíkri starfrækslu í smáatriðum í rekstrarhandbókinni, þ.m.t.:

1) tilgreini viðeigandi kröfur,

2) tilgreini með skýrum hætti mismun á þeim verklagsreglum sem notaðar eru við starfrækslu í ábataskyni og við starfrækslu sem ekki er í ábataskyni,

3) aðferð til að tryggja að allt starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslunni, sé vel kunnugt tengdum verklagsreglum,

b) leggi fyrir lögbært yfirvald, greinanlegan mismun á verklagsreglunum, sem um getur í 2. lið a-liðar, til fyrirframsamþykkis.

ORO.AOC.130 Eftirlit með flugritagögnum — flugvélar

a) Flugrekandinn skal koma á og viðhalda eftirlitskerfi fyrir flugritagögn, sem skal fellt inn í stjórnunarkerfi hans, fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg.

b) Í eftirlitskerfinu fyrir flugritagögn skulu ekki vera refsiákvæði og í kerfinu skulu vera ákvæði sem vernda heimildarmann eða -menn gagnanna á viðunandi hátt.

ORO.AOC.135 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Í samræmi við b-lið ORO.GEN.210 skal flugrekandi tilnefna einstaklinga til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:

1) flugrekstri,

2) þjálfun áhafna,

3) rekstri á jörðu niðri og

4) áframhaldandi lofthæfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

b) *Nægjanlegt starfsfólk og hæfni þess*

1) Flugrekandinn skal ráða nægilegan fjölda af starfsfólki vegna fyrirhugaðs reksturs á jörðu niðri og flugrekstrar.

2) Allt starfsfólk, sem starfar við eða kemur að rekstri á jörðu niðri eða flugrekstri, skal:

i. hafa hlotið nægilega þjálfun,

ii. sýna fram á getu sína til að framkvæma þau skyldustörf sem þeim eru falin og

iii. gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti skyldustörf þeirra tengjast rekstrinum í heild.

c) *Eftirlit með starfsfólki*

1) Flugrekandinn skal tilnefna nægilega marga eftirlitsmenn, að teknu tilliti til þess hvernig fyrirtæki flugrekandans er skipulagt og fjölda starfsfólks sem hann hefur í vinnu.

2) Skilgreina skal skyldu- og ábyrgðarstörf þessara eftirlitsmanna og grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að þeir geti innt af hendi ábyrgðarstörf sín við eftirlit.

3) Eftirlit með flugverjum og starfsfólki. sem kemur að flugrekstri, skal vera í höndum manna sem hafa næga reynslu og hæfni til að tryggja að staðlarnir, sem tilgreindir eru í rekstrarhandbókinni, séu uppfylltir.

ORO.AOC.140 Kröfur um aðstöðu

Í samræmi við ORO.GEN.215 skal flugrekandi:

a) notast við viðeigandi aðstöðu til flugafgreiðslu til að tryggja örugga afgreiðslu flugs,

b) sjá fyrir rekstraraðstöðu við aðalbækistöðina til að halda uppi flugi, sem hentar tegund viðkomandi flugs og flugsvæði, og

c) sjá til þess að í hverri bækistöð sé nægilegt vinnurými fyrir starfsfólk, sem getur haft áhrif á öryggi í flugrekstri með aðgerðum sínum. Taka skal mið af þörfum starfsfólks á jörðu niðri, starfsfólks, sem hefur með höndum flugrekstrarstjórn, geymslu og aðgang að skjölum og flugáætlanagerð áhafna.

ORO.AOC.150 Kröfur um skjöl

a) Flugrekandinn skal gera ráðstafanir til útgáfu handbóka og allra annarra skjala, sem gerð er krafa um, og tengdra breytinga.

b) Flugrekandinn skal vera fær um að dreifa tafarlaust rekstrarfyrirmælum og öðrum upplýsingum.

MLR-KAFLI

HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR

ORO.MLR.100 Rekstrarhandbók — almennt

a) Flugrekandinn skal gera rekstrarhandbók í samræmi við lið 8b í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

b) Innihald rekstrarhandbókarinnar skal endurspegla kröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, IV. viðauka (CAT-kafla) og V. viðauka, (SPA-kafla), eftir því sem við á, og skal ekki brjóta í bága við skilyrðin sem sett eru fram í rekstrarforskriftum flugrekandaskírteinisins.

c) Rekstrarhandbókina má gefa út í aðskildum hlutum.

d) Allt starfsfólk flugrekstrarsviðs skal hafa greiðan aðgang að þeim hlutum rekstrarhandbókar sem lúta að skyldustörfum þeirra.

e) Rekstrarhandbókin skal uppfærð reglulega. Öllu starfsfólki skal gerð grein fyrir þeim breytingum sem lúta að skyldustörfum þeirra.

f) Hver flugverji skal fá afhent eigið eintak af viðeigandi hlutum rekstrarhandbókarinnar sem lúta að skyldustörfum hans. Allir handhafar rekstrarhandbókarinnar eða viðeigandi hluta hennar skulu bera ábyrgð á að bæta inn í hana jafnóðum öllum breytingum eða leiðréttingum sem flugrekandi lætur þeim í té.

g) Fyrir handhafa flugrekandaskírteinis:

1) hvað varðar breytingar, sem tilkynna á um í samræmi við b-lið ORO.GEN.115 og c-lið ORO.GEN.130, skal flugrekandi láta lögbæru yfirvaldi í té fyrirhugaðar breytingar áður en þær öðlast gildi og

2) hvað varðar breytingar á verklagsreglum er varða atriði, sem krefjast fyrirframsamþykkis í samræmi við ORO. GEN.130, skal samþykkið fengið áður en breytingin öðlast gildi.

h) Reynist nauðsynlegt að láta tafarlaust gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki, þrátt fyrir ákvæði g-liðar.

i) Flugrekandi skal bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um.

j) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar, sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á þeim, komi rétt fram í rekstrarhandbókinni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að flugrekandi geti birt strangari kröfur um gögn og verklagsreglur í rekstrarhandbókinni.

k) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk skilji tungumálið, sem þeir hlutar rekstrarhandbókarinnar, sem lúta að skyldu- og ábyrgðarstörfum þeirra, eru skrifaðir á. Innihald rekstrarhandbókarinnar skal sett fram á þann hátt að vandalaust sé að nota hana og að tekið sé tillit til meginreglna um mannlega þætti.

ORO.MLR.101 Rekstrarhandbók — efnisskipan

Meginefnisskipan rekstrarhandbókarinnar skal vera þessi:

a) A-hluti: Almenn ákvæði/grunnákvæði: í þessum hluta skal koma fram öll stefnumótun, sem ekki er tengd tilteknum tegundum flugvéla, fyrirmæli og verklagsreglur.

b) B-hluti: Atriði er varða starfrækslu loftfara: í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og verklagsreglur, sem tengjast tilteknum tegundum, að teknu tilliti til tegunda/flokka, afbrigða eða einstakra loftfara sem flugrekandi notar.

c) C-hluti: Flutningaflug: í þessum hluta skulu koma fram leiðbeiningar og upplýsingar um flugleið/hlutverk/svæði og flugvöll/starfrækslusvæði.

d) D-hluti: Þjálfun: í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli um þjálfun starfsfólks sem krafist er fyrir örugga starfrækslu.

ORO.MLR.105 Listi yfir lágmarksbúnað

a) Eins og tilgreint er í lið 8.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal listi yfir lágmarksbúnað (MEL) settur saman og skal hann byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), eins og skilgreint er í gögnunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

b) Listinn yfir lágmarksbúnað og breytingar á honum verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Flugrekandinn skal breyta listanum yfir lágmarksbúnað í kjölfar viðeigandi breytinga á grunnlistanum yfir lágmarksbúnað innan ásættanlegra tímamarka.

d) Til viðbótar við listann yfir búnað skal listinn yfir lágmarksbúnað innihalda:

1) formálsorð, þ.m.t. leiðbeiningar og skilgreiningar fyrir flugverja og starfsfólk í viðhaldi, sem nota listann yfir lágmarksbúnað,

2) stöðu endurskoðunar á grunnlistanum yfir lágmarksbúnað, sem listi yfir lágmarksbúnað byggist á, og stöðu endurskoðunar á listanum yfir lágmarksbúnað,

3) gildissvið, umfang og tilgang listans yfir lágmarksbúnað.

e) Flugrekandinn skal:

1) ákvarða úrbótatíma fyrir óstarfhæf mælitæki, búnað eða atriði, sem ekki hefur verið ráðin bót á, sem tilgreind eru á listanum yfir lágmarksbúnað; úrbótatíminn í listanum yfir lágmarksbúnað skal ekki fela í sér minni takmarkanir en samsvarandi úrbótatími í grunnlistanum yfir lágmarksbúnað,

2) koma á skilvirkri úrbótaáætlun,

3) aðeins starfrækja loftfar eftir að úrbótatímanum, sem tilgreindur er í listanum yfir lágmarksbúnað, lýkur þegar:

i. búið er að gera við bilunina eða

ii. úrbótatíminn hefur verið framlengdur í samræmi við f-lið.

f) Með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds getur flugrekandi notað verklag fyrir framlengingu í eitt skipti á úrbótatímanum í flokki B-, C- eða D, að því tilskildu:

1) að framlenging á úrbótatímanum sé innan gildissviðs grunnlistans yfir lágmarksbúnað fyrir tegund loftfars,

2) að framlenging á úrbótatímanum sé að hámarki jafnlöng úrbótatímanum sem tilgreindur er í listanum yfir lágmarksbúnað,

3) að framlenging á úrbótatímanum sé ekki notuð sem hefðbundin leið til að gera við hluti á listanum yfir lágmarksbúnað og sé aðeins notuð þegar atburðir, sem flugrekandi fær ekki ráðið við, koma í veg fyrir viðgerð,

4) að flugrekandinn útbúi lýsingu á sérstökum skyldu- og ábyrgðarstörfum í tengslum við eftirlit með framlengingu,

5) að lögbæru yfirvaldi sé tilkynnt um allar framlengingar á hlutaðeigandi úrbótatíma og

6) að komið sé á áætlun til að ljúka viðgerð við fyrsta tækifæri.

g) Flugrekandi skal koma á þeim verklags- og viðhaldsreglum, sem um getur á listanum yfir lágmarksbúnað, að teknu tilliti til þeirra verklags- og viðhaldsreglna sem um getur á grunnlistanum yfir lágmarksbúnað. Þessar reglur skulu vera hluti af handbók flugrekandans eða á listanum yfir lágmarksbúnað.

h) Flugrekandi skal breyta verklags- og viðhaldsreglunum, sem um getur á listanum yfir lágmarksbúnað, eftir hverja viðeigandi breytingu á verklags- og viðhaldsreglunum, sem um getur á grunnlistanum yfir lágmarksbúnað.

i) Nema annað sé tekið fram á listanum yfir lágmarksbúnað skal flugrekandi ljúka við:

1) verklagsreglurnar, sem um getur á listanum yfir lágmarksbúnað, þegar gerðar eru áætlanir fyrir og/eða starfræksla fer fram með skráðan hlut, sem er óstarfhæfur, og

2) viðhaldsreglurnar, sem um getur á listanum yfir lágmarksbúnað, áður en starfræksla fer fram með skráðan hlut sem er óstarfhæfur.

j) Með fyrirvara um sérstakt samþykki, sem lögbært yfirvald veitir í hverju tilviki fyrir sig, getur flugrekandi starfrækt loftfar með óstarfhæf mælitæki, búnað eða atriði, sem eru utan marka listans yfir lágmarksbúnað en innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað, að því tilskildu:

1) að hlutaðeigandi mælitæki, búnaður eða atriði séu innan gildissviðs grunnlistans yfir lágmarksbúnað, eins og það er skilgreint í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003,

2) að samþykkið sé ekki notað sem hefðbundin leið til að stunda flug utan marka samþykkta listans yfir lágmarksbúnað og sé aðeins notað þegar atburðir, sem flugrekandi fær ekki ráðið við, hafa komið í veg fyrir að listanum yfir lágmarksbúnað var fylgt,

3) að flugrekandinn útbúi lýsingu á sérstökum skyldu- og ábyrgðarstörfum í tengslum við eftirlit með starfrækslu loftfars samkvæmt slíku samþykki og

4) að gerð sé áætlun um viðgerð á óstarfhæfum mælitækjum, búnaði eða atriðum, sem ekki hefur verið ráðin bót á, eða um að loftfarið hefji aftur starfrækslu samkvæmt mörkum listans yfir lágmarksbúnað eins fljótt og unnt er.

ORO.MLR.110 Leiðarflugbók

Upplýsingar um loftfarið, áhöfn þess og hverja ferð skulu geymdar fyrir hvert flug, eða röð flugferða, í leiðarflugbók eða jafngildi hennar.

ORO.MLR.115 Skráahald

a) Varðveita skal skrár yfir starfsemina, sem um getur í ORO.GEN.200, í a.m.k. fimm ár.

b) Eftirfarandi upplýsingar, sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs, og tengdar skýrslur, skal varðveita í þrjá mánuði:

1) leiðarflugáætlun, ef við á,

2) upplýsingar til flugmanna er varða leiðina (NOTAM/AIS), hafi flugrekandi gefið út slíkar upplýsingar,

3) massa- og jafnvægisskrár,

4) tilkynningar um sérstakan farm með skriflegum upplýsingum handa flugstjóranum um hættulegan varning,

5) leiðarflugbókin eða jafngildi hennar og

6) flugskýrslur til að tilkynna atvik eða þá atburði sem flugstjóri telur nauðsynlegt að tilkynna eða skrá.

c) Gögn um starfsfólk skulu varðveitt eins lengi og segir hér á eftir:

Flugliðaskírteini og staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða	Á meðan flugverjinn neytir réttinda skírteinisins eða staðfestingarvottorðsins fyrir flugrekanda loftfarsins
Þjálfun, mat á hæfni og starfsréttindi flugverja	Þrjú ár
Skrár um nýlega reynslu flugverja	15 mánuðir
Þekking flugverja á flugleiðum og flugvöllum/verkefnum og svæðum, eins og við á	Þrjú ár
Þjálfun vegna hættulegs varnings, eftir því sem við á	Þrjú ár
Þjálfunar-/hæfisskrár annars starfsfólks þar sem krafist er þjálfunaráætlunar	Nýjustu tvær þjálfunarskrárnar

d) Flugrekandinn skal:

1) halda skrár um þjálfun, mat á hæfni og starfsréttindi allra flugverja, eins og mælt er fyrir um í ORO-hluta, og

2) gera slíkar skrár tiltækar hlutaðeigandi flugverja, ef hann fer fram á þær.

e) Flugrekandinn skal varðveita upplýsingarnar, sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs, sem og þjálfunarskrár starfsfólks, jafnvel þó flugrekandinn sé ekki lengur flugrekandi þessa loftfars eða vinnuveitandi þessa flugverja, að því tilskildu að þetta sé innan tímamarkanna sem mælt er fyrir um í c-lið.

f) Ef flugverji gerist flugverji hjá öðrum flugrekanda skal flugrekandi gera skrár flugverjans aðgengilegar nýja flugrekandanum, að því tilskildu að það sé innan tímamarkanna sem mælt er fyrir um í c-lið.

SEC-KAFLI

FLUGVERND

ORO.SEC.100.A Flugvernd í stjórnklefa

a) Í flugvél með stjórnklefahurð skal vera hægt að læsa hurðinni og séð fyrir aðferðum sem öryggis- og þjónustuliðar fara eftir til að gera flugliðum viðvart um grunsamlegt athæfi eða brot sem framin eru í farþegaklefa og ógna öryggi flugvélarinnar.

b) Allar farþegaflugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 60, skulu vera búnar samþykktri stjórnklefahurð, sem hægt er að læsa og taka úr lás frá vinnureit hvers flugmanns, og skal hurðin hönnuð í samræmi við viðeigandi lofthæfikröfur.

c) Í öllum flugvélum sem eru með stjórnklefahurð í samræmi við b-lið hér að framan:

1) skal þessari hurð lokað áður en hreyflar eru ræstir fyrir flugtak og læst þegar þess er krafist, samkvæmt verklagsreglum við flugvernd eða af flugstjóranum, þar til hreyflar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu nema þegar nauðsynlegt er fyrir þá sem hafa til þess heimild að fara inn eða út í samræmi við flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig og

2) skal vera búnaður til að vakta allt svæðið í kringum hurðina fyrir utan stjórnklefann frá hvorum vinnureit flugmanns sem er, að því marki sem nauðsynlegt er, til að bera kennsl á einstaklinga, sem óska þess að fá aðgang, og greina grunsamlega hegðun eða hugsanlega ógnun.

ORO.SEC.100.H Flugvernd í stjórnklefa

Ef þyrla, sem starfrækt er til að flytja farþega, er búin stjórnklefahurð skal vera hægt að læsa henni úr stjórnklefanum til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang.

FC-KAFLI

FLUGLIÐAR

ORO.FC.005 Gildissvið

Í þessum kafla eru ákvarðaðar kröfur, sem flugrekandi þarf að uppfylla þegar hann stundar flutningaflug, varðandi þjálfun, reynslu og starfsréttindi flugliða.

ORO.FC.100 Samsetning flugáhafnar

a) Samsetning flugáhafnar og fjöldi flugliða á tilteknum vinnureit skal ekki vera undir því lágmarki sem tilgreint er í flughandbók loftfarsins eða í starfrækslumörkum sem mælt er fyrir um fyrir loftfarið.

b) Aukaflugliðar teljast til flugáhafnar þegar þeirra er þörf vegna eðlis starfrækslunnar og ekki skulu vera færri í flugáhöfn en tilgreint er í rekstrarhandbókinni,

c) Allir flugliðar skulu vera handhafar skírteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([14]), og sem eru viðeigandi fyrir þau skyldustörf sem þeim eru falin.

d) Heimilt er að flugliði með tilskilin starfsréttindi leysi annan flugliða af við stjórntækin á flugi.

e) Þegar flugrekandi ræður til sín flugliða, sem vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi, skal hann ganga úr skugga um að þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur í þessum kafla sem og viðeigandi þætti I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, þ.m.t. kröfurnar um nýlega reynslu, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem flugliði veitir öðrum flugrekendum, einkum til að ákvarða:

   1) heildarfjölda loftfarstegunda eða -afbrigða í notkun og

   2) viðeigandi fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

ORO.FC.105 Tilnefning sem flugstjóri

a) Í samræmi við lið 8.e í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal flugrekandi tilnefna einn af flugliðunum, sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, sem flugstjóra.

b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna flugliða sem flugstjóra ef viðkomandi hefur:

   1) lágmarksreynslu sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni,

   2) fullnægjandi þekkingu á flugleiðinni eða svæðinu sem fljúga á yfir og á flugvöllum, þ.m.t. varaflugvöllum sem fyrirhugað er að nota, og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum,

   3) lokið flugstjóranámskeiði fyrir flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, ef hann hækkar úr stöðu aðstoðarflugmanns í stöðu flugstjóra.

c) Flugstjóri eða flugmaður, sem kann að verða falin stjórn flugsins, skal hafa hlotið kynningarþjálfun á flugleiðinni eða svæðinu sem fljúga á yfir og á þeim flugvöllum sem fyrirhugað er að nota og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum. Þessari þekkingu á flugleiðum/svæðum og flugvöllum skal haldið við með því að framkvæma a.m.k. eitt flug á flugleiðinni eða svæðinu eða til flugvallarins á 12 mánaða tímabili.

d) Ef um er að ræða flugvélar í afkastagetuflokki B, sem notaðar eru í flutningaflugi samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, gildir c-liður ekki.

([14]) Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1.

ORO.FC.110 Flugvélstjóri

Þegar hönnun flugvélar gerir ráð fyrir aðskildum vinnureit flugvélstjóra skal vera flugliði í áhöfninni sem hefur tilskilin starfsréttindi í samræmi við viðeigandi landslög.

ORO.FC.115 Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu

a) Áður en flugliði tekur til starfa skal hann hafa hlotið þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, sem er viðeigandi fyrir hlutverk hans, eins og tilgreint er rekstrarhandbókinni.

b) Hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir við þjálfun vegna tegundar eða flokks loftfars, reglubundna þjálfun sem og við flugstjóranámskeiðið.

ORO.FC.120 Umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda (e. operator conversion training)

a) Ef um er að ræða flug í flugvél eða þyrlu skal flugliði ljúka umskiptanámskeiði áður en hann hefur leiðarflug án umsjónar:

1) þegar hann skiptir yfir á loftfar þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar,

2) þegar hann hefur störf hjá flugrekanda.

b) Umskiptanámskeiði skal fela í sér þjálfun á þeim búnaði sem hefur verið settur í loftfarið, eftir því sem við á, fyrir hlutverk flugliða.

ORO.FC.125 Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun

a) Flugliðar skulu ljúka mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun þegar þess er krafist í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og þegar skipt er um búnað eða verklag sem krefst viðbótarþekkingar á þeim tegundum eða afbrigðum sem flugliðarnir starfrækja þessa stundina.

b) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina hvenær mismunarþjálfunar eða kynningarþjálfunar er krafist.

ORO.FC.130 Reglubundin þjálfun og próf

a) Sérhver flugliði skal ljúka árlegri, reglubundinni flugþjálfun og þjálfun á jörðu niðri, sem er viðeigandi fyrir þá tegund eða afbrigði loftfars sem hann starfrækir, þ.m.t. þjálfun í staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð.

b) Hver flugliði skal reglulega gangast undir próf til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður.

ORO.FC.135 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

Flugliðar, sem kunna að vera settir til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er, skulu ljúka tilheyrandi þjálfun og mati á hæfni, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni.

ORO.FC.140 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

a) Flugliðar, sem starfa á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars, skulu uppfylla kröfur, sem mælt er fyrir um í þessum kafla fyrir hverja tegund eða afbrigði, nema þjálfun, próf og kröfur um nýlega reynslu séu talin flugliðum til tekna í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 fyrir viðeigandi tegundir eða afbrigði.

b) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina viðeigandi verklagsreglur og/eða starfrækslutakmarkanir fyrir hvers konar starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfara.

ORO.FC.145 Tilhögun þjálfunar

a) Öll þjálfun, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skal:

1) fara fram í samræmi við þær þjálfunaráætlanir og námskrár sem flugrekandi hefur skráð í rekstrarhandbókina,

2) vera í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi. Hvað varðar flugþjálfun og flughermisþjálfun, og mat á hæfni þar að lútandi, skal starfsfólkið, sem veitir þjálfunina og framkvæmir mat á hæfni, hafa starfsréttindi í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

b) Þegar flugrekandi útbýr þjálfunaráætlanir og námskrár skal hann taka með skyldubundna þætti fyrir viðeigandi tegund, eins og skilgreint er í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

c) Lögbært yfirvald skal samþykkja áætlanir um þjálfun og próf, þ.m.t. námskrár og notkun á einstökum flughermisþjálfum.

d) Flughermisþjálfinn skal vera eins nákvæm eftirmynd af loftfarinu sem flugrekandi notast við og unnt er. Muninum á milli flughermisþjálfa og loftfars skal lýsa og meðhöndla með kynningu eða þjálfun, eins og við á.

e) Flugrekandi skal koma á kerfi til að vakta með fullnægjandi hætti breytingar á flughermisþjálfanum til að tryggja að þessar breytingar hafi ekki áhrif á hentugleika þjálfunaráætlunarinnar.

ORO.FC.200 Samsetning flugáhafnar

a) Í flugáhöfn má að hámarki vera einn óreyndur flugliði.

b) Flugstjóri getur falið öðrum flugmanni stjórn flugsins ef hann er með tilskilin starfsréttindi í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, að því tilskildu að kröfur 1. og 2. liðar b-liðar og c-liðar í ORO.FC.105 séu uppfylltar.

c) Sértækar kröfur fyrir starfrækslu flugvéla samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til.

1) Á öllum skrúfuþotum með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu og öllum þotum skulu að lágmarki vera tveir flugmenn í áhöfn.

2) Flugvélar, aðrar en þær sem falla undir 1. lið c-liðar, skulu starfræktar með a.m.k. tvo flugmenn í áhöfn, nema kröfur ORO.FC.202 séu uppfylltar en þá má starfrækja þær með einn flugmann í áhöfn.

d) Sértækar kröfur fyrir starfrækslu þyrlna.

1) Fyrir allar þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 og fyrir starfrækslu þyrlna samkvæmt blindflugsreglum með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu:

i. skulu að lágmarki vera tveir flugmenn í áhöfn, og

ii. skal flugstjórinn vera handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks (ATPL(H)) með blindflugsréttindi, sem gefin eru út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2) Heimilt er að einn flugmaður starfræki flug, sem ekki fellur undir 1. lið d-liðar, samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til, að því tilskildu að kröfur ORO.FC.202 séu uppfylltar.

ORO.FC.A.201 Afleysingar flugliða í flugi

a) Flugstjóri getur falið öðrum að sjá um framkvæmd flugsins sem hér segir:

1) öðrum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi eða

2) í flugi yfir fluglagi (FL) 200 eingöngu, flugmanni sem uppfyllir eftirfarandi lágmarkskröfur um menntun og hæfi:

i. er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL),

ii. hefur lokið umskiptaþjálfun og prófi, þ.m.t. þjálfun til tegundarréttinda, í samræmi við ORO.FC.220,

iii. hefur lokið reglubundinni þjálfun og prófi í samræmi við ORO.FC.230 og ORO.FC.240,

iv. hefur þekkingu á flugleiðum/svæðum og flugvöllum í samræmi við ORO.FC.105.

b) Eftirtaldir mega leysa aðstoðarflugmanninn af:

1) annar flugmaður með tilskilin starfsréttindi,

2) fyrir flug yfir fluglagi (FL) 200 eingöngu, aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi sem uppfyllir eftirfarandi lágmarkskröfur:

i. er handhafi gilds atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun,

ii. hefur lokið umskiptaþjálfun og prófi, þ.m.t. þjálfun til tegundarréttinda í samræmi við ORO.FC.220, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu,

iii. hefur lokið allri reglubundinni þjálfun og prófi í samræmi við ORO.FC.230, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu.

c) Flugverja með tilskilin starfsréttindi, í samræmi við viðeigandi landsreglur, er heimilt að leysa flugvélstjóra af á flugi.

ORO.FC.202 Starfræksla í einstjórnarumhverfi samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til

Til að heimilt sé að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til með einn flugmann í áhöfn, eins og mælt er fyrir um í 2. lið c-liðar og 2. lið d-liðar í ORO.FC.200, skulu eftirfarandi atriði uppfyllt:

a) Flugrekandinn skal birta áætlun um umskiptaþjálfun og reglubundna þjálfun flugmannanna í rekstrarhandbókinni ásamt frekari kröfum sem gerðar eru til starfrækslu með einum flugmanni. Flugmaðurinn skal hafa hlotið þjálfun í verklagi flugrekanda, einkum að því er varðar:

1) stjórnun á hreyflum og neyðarmeðferð,

2) notkun gátlista fyrir venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður,

3) fjarskipti við flugumferðarstjórn (ATC),

4) verklag við brottflug og aðflug,

5) meðhöndlun sjálfstýringar, ef við á,

6) notkun einfaldrar gagnafærslu í flugi,

7) stjórnun áhafnarsamvinnu í starfrækslu með einum flugmanni.

b) Reglubundið mat á hæfni, sem krafist er í ORO.FC.230, skal fara fram þannig að flugmaðurinn er í hlutverki eina flugmannsins á viðeigandi tegund eða flokki loftfars og í því umhverfi sem er dæmigert fyrir flugið.

c) Fyrir starfrækslu flugvéla samkvæmt blindflugsreglum skal flugmaðurinn:

1) hafa flogið þeirri tegund eða flokki flugvéla sem um ræðir samkvæmt blindflugsreglum í minnst 50 flugstundir, þar af tíu flugstundir sem flugstjóri, og

2) hafa lokið eftirfarandi á síðastliðnum 90 dögum á þeirri tegund eða flokki flugvéla sem um ræðir:

i. fimm blindflugum, þ.m.t. þremur blindaðflugum, sem eini flugmaðurinn í áhöfn, eða

ii. prófi í blindaðflugi samkvæmt blindflugsreglum.

d) Fyrir starfrækslu flugvéla að nóttu til skal flugmaðurinn:

1) hafa a.m.k. 15 fartíma að nóttu til sem mega vera hluti af 50 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, sem um getur í 1. lið c-liðar, og

2) hafa lokið eftirfarandi á síðastliðnum 90 dögum á þeirri tegund eða flokki flugvéla sem um ræðir:

i. þremur flugtökum og lendingum að nóttu til sem eini flugmaðurinn í áhöfn eða

ii. prófi í flugtaki og lendingu að nóttu til.

e) Fyrir starfrækslu þyrlna samkvæmt blindflugsreglum skal flugmaðurinn:

1) hafa 25 fartíma reynslu í blindflugi í viðeigandi starfsumhverfi og

2) hafa 25 fartíma flugreynslu sem eini flugmaðurinn í áhöfn á tiltekinni tegund þyrlu, sem samþykkt er fyrir blindflug með einum flugmanni í áhöfn, þar af má hann hafa flogið 10 fartíma undir umsjón, þ.m.t. fimm leiðarflug undir umsjón samkvæmt blindflugsreglum í samræmi við verklagsreglur fyrir einn flugmann í áhöfn og

3) á síðastliðnum 90 dögum lokið:

i. fimm blindflugum sem eini flugmaðurinn í áhöfn, þ.m.t. þremur blindaðflugum, sem fóru fram í þyrlu, sem samþykkt er til þess, eða

ii. prófi í blindaðflugi sem eini flugmaðurinn í áhöfn á viðkomandi tegund þyrlu, flugþjálfunartæki (FTD) eða flughermi með fullri hreyfingu (FFS).

ORO.FC.205 Flugstjóranámskeið

a) Vegna starfrækslu flugvéla og þyrlna skal flugstjóranámskeið a.m.k. ná yfir eftirfarandi þætti:

1) þjálfun á flughermisþjálfa, sem felur í sér leiðarflugsþjálfun (LOFT) og/eða flugþjálfun,

2) hæfnipróf flugrekanda við stjórn sem flugstjóri,

3) þjálfun í ábyrgð flugstjóra,

4) leiðarflugsþjálfun sem flugstjóri undir umsjón sem felur í sér a.m.k.:

i. 10 flug, ef um er að ræða flugvélar, og

ii. 10 fartíma, þ.m.t. 10 flug hið minnsta, ef um er að ræða þyrlur,

5) að ljúka leiðarflugsprófi sem flugstjóri og sýna fram á fullnægjandi þekkingu á flugleiðinni eða svæðinu, sem fljúga á yfir, og á flugvöllum, þ.m.t. á þeim varaflugvöllum sem fyrirhugað er að nota, og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum og

6) þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu.

ORO.FC.125 Grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu

a) Flugliðinn skal ljúka grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en hann hefur leiðarflug án umsjónar.

b) Grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal vera í höndum a.m.k. eins kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu með tilskilin starfsréttindi sem má njóta aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um tiltekin svið.

c) Hafi flugliði ekki áður hlotið bóklega kennslu í mannlegum þáttum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skal hann, áður en hann lýkur grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, eða samhliða henni, ljúka bóklegu námskeiði hjá flugrekanda sem byggist á námskránni um mannlega getu og takmarkanir hennar fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks, eins og komið er á í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

ORO.FC.220 Umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda og próf

a) Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal samþætt við umskiptanámskeiðið.

b) Eftir að umskiptanámskeið er hafið skal flugliðanum ekki falið að taka flugvaktir á annarri tegund eða flokki loftfars fyrr en að námskeiði loknu eða eftir að því hefur verið hætt. Heimilt er að skrá flugverja, sem starfrækja aðeins flugvélar í afkastagetuflokki B, í flug á öðrum tegundum flugvéla í afkastagetuflokki B meðan á umskiptanámskeiði stendur, eftir því sem þurfa þykir, til að viðhalda starfrækslu.

c) Umfang þjálfunar, sem flugliðinn þarf í tengslum við umskiptanámskeiðið, skal ákvarðað í samræmi við staðla um hæfni og reynslu, sem tilgreindir eru í rekstrarhandbókinni, með tilliti til fyrri þjálfunar og reynslu flugliðans.

d) Flugliðinn skal ljúka:

1) hæfnisprófi flugrekanda og þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar ásamt mati á hæfni þar að lútandi, áður en hann hefur leiðarflug undir umsjón (LIFUS) og

2) leiðarflugsprófi þegar hann hefur lokið leiðarflugi undir umsjón. Hvað varðar flugvélar í afkastagetuflokki B, má leiðarflug undir umsjón fara fram á hvaða flugvél sem er innan tiltekins flokks.

e) Hvað varðar flugvélar skulu flugmenn, sem hafa fengið tegundaráritun útgefna á grundvelli námskeiðs sem fer eingöngu fram í flughermi (ZFTT):

1) hefja leiðarflug undir umsjón eigi síðar en 21 degi eftir að færniprófi er lokið eða eftir að hafa hlotið viðeigandi þjálfun hjá flugrekanda. Efni slíkrar þjálfunar skal lýst í rekstrarhandbókinni,

2) ljúka sex flugtökum og lendingum í flughermisþjálfa eigi síðar en 21 degi eftir að hafa lokið færniprófi, undir umsjón tegundarkennara fyrir flugvélar (TRI(A)) sem situr í hinu flugmannssætinu. Fækka má flugtökum og lendingum ef reynsla hans er talin honum til tekna í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003. Hafi þessi flugtök og lendingar ekki verið framkvæmd innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir upprifjunarþjálfun. Efni slíkrar þjálfunar skal lýst í rekstrarhandbókinni,

3) framkvæma fyrstu fjögur flugtökin og lendingarnar í flugvél í leiðarflugi undir umsjón tegundarkennara á flugvélar sem situr í hinu flugmannssætinu. Fækka má flugtökum og lendingum ef reynsla hans er talin honum til tekna í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

ORO.FC.230 Reglubundin þjálfun og próf

a) Sérhver flugliði skal ljúka reglubundinni þjálfun og prófi sem er viðeigandi fyrir þá tegund eða afbrigði loftfars sem hann starfar á.

b) *Hæfnispróf flugrekanda*

1) Sérhver flugliði skal ljúka hæfnisprófi flugrekanda, sem hluti af eðlilega skipaðri áhöfn, til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður.

2) Þegar gerð er krafa um að flugliði starfi samkvæmt blindflugsreglum skal hæfnispróf flugrekanda framkvæmt án útsýnis, eins og við á.

3) Hæfnispróf flugrekanda skal gilda í sex almanaksmánuði. Fyrir starfrækslu á flugvélum í afkastagetuflokki B, samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, sem fram fer á tímabilum, sem eru ekki lengri en átta mánuðir samfellt, er eitt hæfnispróf flugrekanda nægilegt. Hæfniprófið skal fara fram áður en rekstur hefst í flutningaflugi.

4) Flugliði, sem tekur þátt í starfrækslu að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, á þyrlu, sem ekki flokkast sem flókin, vélknúin þyrla, má ljúka hæfnisprófi flugrekanda á aðeins einni af þeim viðeigandi tegundum sem hann hefur réttindi á. Hæfnispróf flugrekanda skal ávallt fara fram á þeirri tegund sem lengst er síðan hæfnisprófið var tekið á. Viðeigandi tegundir þyrlna, sem setja má saman í hópa að því er varðar hæfnispróf flugrekanda, skulu koma fram í rekstrarhandbókinni.

5) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar ORO.FC.145 hefur flugstjóri með tilskilin starfsréttindi, sem tilnefndur er af flugrekanda og hefur hlotið þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu, heimild til að framkvæma mat á hæfni vegna starfrækslu á öðrum loftförum en flóknum, vélknúnum þyrlum að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, sem og á flugvélum í afkastagetuflokki B. Rekstraraðilinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um þá einstaklinga sem voru tilnefndir.

c) *Leiðarflugspróf*

1) Hver flugliði skal ljúka leiðarflugsprófi á loftfarinu til að sýna hæfni sína í venjulegu leiðarflugi eins og lýst er í rekstrarhandbókinni. Leiðarflugspróf skal gilda í tólf almanaksmánuði.

2) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar ORO.FC.145 hefur flugstjóri með tilskilin starfsréttindi sem tilnefndur er af flugrekanda og hefur þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu, heimild til að framkvæma leiðarflugspróf.

d) *Þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar*

Hver flugliði skal ljúka þjálfun og prófi í því sem lýtur að staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð. Gildistími mats á hæfni í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal vera tólf almanaksmánuðir.

e) *Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu*

1) Hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir viðeigandi stigum reglubundinnar þjálfunar.

2) Hver flugliði skal ljúka við sértæka áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu með því að skipta áfanganámskeiðunum eins jafnt upp og kostur er yfir hvert þriggja ára tímabil.

f) Sérhver flugliði skal sitja bóklegt námskeið og hljóta flugþjálfun í flughermisþjálfa eða á loftfari eða með samsetningu af þjálfun í flughermisþjálfa og loftfari a.m.k. á tólf almanaksmánaða fresti.

g) Gildistímarnir, sem nefndir eru í 3. lið b-liðar og c- og d-lið skulu teljast frá enda þess mánaðar þegar hæfnismatið var framkvæmt.

h) Þegar framangreind þjálfun eða mat á hæfni fer fram á næstliðnum þremur mánuðum áður en gildistíminn fellur úr gildi skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

ORO.FC.235 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

a) Ef skyldustarf flugstjóra felst í því að þeir geti starfað í hvoru flugmannssætinu sem er og framkvæmt skyldustörf aðstoðarflugmanns eða annast störf í tengslum við þjálfun eða próf, skal hann ljúka viðbótarþjálfun og -prófum, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni. Prófið má fara fram samhliða hæfnisprófi flugrekanda sem mælt fyrir um í b-lið ORO.FC.230.

b) Þessi viðbótarþjálfun og -próf skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

   1) hreyfilbilun í flugtaki,

   2) aðflug með óstarfhæfan hreyfil og að hætt sé við lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan og

   3) lendingu með óstarfhæfan hreyfil.

c) Ef um er að ræða þyrlur skulu flugstjórar einnig ljúka hæfnisprófum sínum úr vinstra og hægra sæti, við annað hvert hæfnispróf, að því tilskildu að þegar hæfnispróf vegna tegundaráritunar er tekið samhliða hæfnisprófi flugrekanda ljúki flugstjórinn þjálfun eða prófi úr því sæti sem hann er vanur að sitja í.

d) Þegar æft er flug með hreyfilbilun í loftfari skal líkt eftir hreyfilbilun.

e) Ef starfað er í sæti aðstoðarflugmanns skulu prófin, sem krafist er í ORO.FC.230 til starfa í sæti flugstjóra, einnig vera í gildi.

f) Flugmaður, sem leysir flugstjóra af við framkvæmd flugsins, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem venjulega væru ekki í hans verkahring, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FC.230. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

g) Flugmaður, sem ekki er flugstjóri en sem situr í flugstjórasæti, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem eru í verkahring flugstjóra sem fylgist með, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FC.230. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

ORO.FC.240 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars

a) Verklagsreglur eða rekstrartakmarkanir vegna starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars, sem skráðar eru í rekstrarhandbókinni og samþykktar af lögbæru yfirvaldi, skulu taka til:

   1) lágmarksflugreynslu flugliðans,

   2) lágmarksreynslu á einni tegund eða afbrigði loftfars áður en þjálfun og starfræksla á annarri tegund eða afbrigði loftfars hefst,

   3) þjálfunarferlis flugliða með réttindi á eina tegund eða afbrigði loftfars til að fá að starfa á annarri tegund eða afbrigði loftfars og

   4) allra krafna sem gerðar eru um nýlega reynslu á hverri tegund eða afbrigði loftfars.

b) Ef flugliði starfrækir bæði þyrlur og flugvélar skal sá flugliði aðeins starfa á einni tegund flugvéla og einni tegund þyrlna.

c) Ákvæði a-liðar eiga ekki við um starfrækslu flugvéla í afkastagetuflokki B ef þær takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni samkvæmt sjónflugsreglum að degi til. Ákvæði b-liðar eiga ekki við um starfrækslu flugvéla í afkastagetuflokki B ef þær takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni.

ORO.FC.A.245 Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun (ATQP)

a) Flugrekandi flugvélar, sem hefur viðeigandi reynslu, má, í stað þess að uppfylla eina eða fleiri eftirfarandi kröfur um þjálfun og próf, fylgja sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt:

1) lið SPA.LVO.120 um þjálfun og starfsréttindi flugliða,

2) umskiptaþjálfun og próf,

3) mismunarþjálfun og kynningarþjálfun,

4) flugstjóranámskeið,

5) reglubundin þjálfun og próf og

6) starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars.

b) Sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin skal fela í sér þjálfun og próf sem sýna fram á a.m.k. jafnmikla og viðvarandi hæfni og næst með því að fara eftir ákvæðum ORO.FC.220 og ORO.FC.230. Áður en lögbært yfirvald samþykkir sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun skal hæfnistig flugliða staðfest hvað varðar þjálfun og starfsréttindi þeirra.

c) Flugrekandi, sem sækir um samþykki fyrir sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun, skal leggja framkvæmdaáætlun fyrir lögbært yfirvald, þ.m.t. lýsingu á því hæfnistigi sem á að nást með þjálfun og starfsréttindum flugliða.

d) Til viðbótar við prófin, sem gerð er krafa um í ORO.FC.230 og FCL.060 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skal sérhver flugliði ljúka frammistöðumati í leiðarflugi sem skal fara fram í flughermisþjálfa. Frammistöðumat í leiðarflugi skal gilda í tólf almanaksmánuði. Gildistíminn skal teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið. Þegar frammistöðumat í leiðarflugi fer fram á næstliðnum þremur mánuðum áður en gildistíminn fellur úr gildi skal nýr gildistími talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

e) Eftir að hafa stundað flugrekstur í samræmi við samþykkta sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun í tvö ár getur flugrekandi, ef lögbært yfirvald samþykkir það, lengt gildistíma prófanna í ORO.FC.230, á eftirfarandi hátt:

1) Hæfnispróf flugrekanda í 12 almanaksmánuði. Gildistíminn skal teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið. Þegar prófið fer fram á næstliðnum þremur mánuðum áður en gildistíminn rennur út skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

2) Leiðarflugspróf í 24 almanaksmánuði. Gildistíminn skal teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið. Þegar prófið fer fram á næstliðnum sex mánuðum áður en gildistíminn rennur út skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

3) Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar í 24 almanaksmánuði. Gildistíminn skal teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið. Þegar prófið fer fram á næstliðnum sex mánuðum áður en gildistíminn rennur út skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

ORO.FC.A.250 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar (CPL(A))

a) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (fyrir flugvélar) skal aðeins starfa sem flugstjóri í flutningaflugi á flugvél sem flogið er af einum flugmanni, ef:

1) hann hefur að baki minnst 500 flugstundir samanlagt á flugvél eða fullgild blindflugsréttindi þegar um er að ræða farþegaflug samkvæmt sjónflugsreglum utan 50 sjómílna (90 km) radíusar frá brottfararflugvelli eða

2) hann hefur að lágmarki 700 fartíma á flugvélum, þ.m.t. 400 fartíma sem flugstjóri, þegar um er að ræða starfrækslu á fjölhreyflaflugvél samkvæmt blindflugsreglum. Þessir fartímar skulu fela í sér 100 tíma samkvæmt blindflugsreglum og 40 fartíma við stjórn fjölhreyflaflugvéla. Í stað 400 fartíma sem flugstjóri geta komið fartímar sem aðstoðarflugmaður þar sem reglan er að tveir fartímar sem aðstoðarflugmaður jafngildi einum fartíma sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum tímum hafi verið safnað eftir föstu fyrirkomulagi þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, eins og mælt er fyrir um í rekstrarhandbókinni.

b) Að því er varðar starfrækslu samkvæmt sjónflugsreglum að degi til á flugvélum í afkastagetuflokki B gildir 1. liður a-liðar ekki.

ORO.FC.H.250 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur (CPL(H))

a) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (fyrir þyrlur) skal aðeins starfa sem flugstjóri í flutningaflugi á þyrlu sem flogið er af einum flugmanni, ef:

1) hann hefur að lágmarki 700 fartíma á þyrlum, þ.m.t. 300 fartíma sem flugstjóri þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum. Þessir tímar skulu fela í sér 100 fartíma samkvæmt blindflugsreglum; í stað 300 fartíma sem flugstjóri geta komið fartímar sem aðstoðarflugmaður þar sem reglan er að tveir fartímar sem aðstoðarflugmaður jafngildi einum fartíma sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum tímum hafi verið safnað eftir föstu fyrirkomulagi þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, eins og mælt er fyrir um í rekstrarhandbókinni,

2) flogið er við sjónflugsskilyrði að nóttu til og hann hefur:

i. fullgild blindflugsréttindi eða

ii. að baki 300 fartíma á þyrlu, þ.m.t. 100 fartíma sem flugstjóri og 10 fartíma að nóttu til sem flugmaður.

CC-KAFLI

ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐAR

ORO.CC.005 Gildissvið

Í þessum kafla eru ákvarðaðar kröfur sem flugrekandi skal uppfylla þegar hann starfrækir loftfar með áhöfn.

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

ORO.CC.100 Fjöldi í öryggis- og þjónustuáhöfn og samsetning hennar

a) Ákvarða skal fjölda í öryggis- og þjónustuáhöfn og samsetningu hennar í samræmi við lið 7.a í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, að teknu tilliti til rekstrarlegra þátta eða aðstæðna viðkomandi flugs. Við starfrækslu loftfars með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en nítján skal a.m.k. einn öryggis- og þjónustuliði vera starfandi, ef verið er að flytja einn farþega eða fleiri.

b) Í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a-liðar skal lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða vera meiri en eftirfarandi:

1) sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem ákveðinn er í vottunarferli loftfarsins, í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir, að því er varðar þá tilhögun sem flugrekandi notast við fyrir farþegarými loftfarsins eða

2) hafi fjöldinn, sem tilgreindur er í 1. lið, ekki verið ákveðinn, sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem ákveðinn er í vottunarferli fyrir hámarksfjölda í vottuðu sætafyrirkomulagi (MCPSC) sem minnkar um einn fyrir hver 50 farþegasæti, í því fyrirkomulagi sem flugrekandi notast við fyrir farþegarýmið og er undir vottuðu hámarkssætarými eða

3) einn öryggis- og þjónustuliði fyrir hver 50 farþegasæti eða brot af þeirri tölu sem eru á sama þilfari í loftfarinu sem á að starfrækja.

c) Í flugi, þar sem fleiri en einn öryggis- og þjónustuliði er að störfum skal flugrekandi tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem á að vera ábyrgur gagnvart flugstjóranum.

ORO.CC.110 Skilyrði fyrir að gegna skyldustörfum

a) Aðeins skal fela öryggis- og þjónustuliðum skyldustörf í loftfari, ef þeir:

1) eru a.m.k. 18 ára gamlir,

2) hafa, í samræmi við viðeigandi kröfur í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, verið metnir líkamlega og andlega hæfir til að gegna skyldu- og ábyrgðarstörfum sínum með öruggum hætti og

3) hafa lokið með fullnægjandi árangri allri viðeigandi þjálfun og prófum, sem gerð er krafa um í þessum kafla, og séu hæfir til að gegna þeim skyldustörfum sem þeim eru falin í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.

b) Áður en flugrekandi felur öryggis- og þjónustuliðum, sem vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi, skyldustörf skal hann ganga úr skugga um að allar kröfur í þessum kafla séu uppfylltar, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem öryggis- og þjónustuliði veitir öðrum flugrekendum, einkum til að ákvarða:

1) heildarfjölda loftfarstegunda og -afbrigða í notkun og

2) viðeigandi fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

c) Farþegum skal með skýrum hætti gert grein fyrir þeim öryggis- og þjónustuliðum sem starfa um borð og þeim hlutverkum sem þeir gegna að því er varðar öryggi farþega og öryggi flugs.

ORO.CC.115 Framkvæmd þjálfunarnámskeiða og tilheyrandi prófa

a) Flugrekandinn skal koma á ítarlegri áætlun og námskrá fyrir sérhvert þjálfunarnámskeið í samræmi við viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í þessum kafla og í V. viðauka (CC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 290/2012, eftir atvikum, til að ná yfir þau skyldu- og ábyrgðarstörf sem öryggis- og þjónustuliðar skulu inna af hendi.

b) Sérhvert þjálfunarnámskeið skal fela í sér bóklega og verklega kennslu ásamt einstaklingsbundnum eða sameiginlegum æfingum, eins og við á, fyrir hvert efni sem þjálfunin tekur til, í þeim tilgangi að öryggis- og þjónustuliðar nái og viðhaldi fullnægjandi hæfnistigi í samræmi við þennan kafla.

c) Sérhvert þjálfunarnámskeið skal:

1) fara fram á skipulagðan og raunsannan hátt og

2) framkvæmt af starfsfólki sem hefur viðeigandi starfsréttindi fyrir efnið sem farið verður yfir.

d) Að undanskilinni þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal hver öryggis- og þjónustuliði gangast undir próf í öllum viðeigandi þáttum þjálfunaráætlunarinnar meðan á þeirri þjálfun, sem gerð er krafa um í þessum hluta, stendur eða að henni lokinni. Próf skulu framkvæmd af starfsfólki með tilskilin starfsréttindi til að sannreyna að öryggis- og þjónustuliðinn hafi náð og/eða viðhaldi því hæfnistigi sem gerð er krafa um.

e) Þjálfunarnámskeið í stjórnun áhafnarsamvinnu og áfangar í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu, eftir atvikum, vera í höndum kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu. Við samþættingu hluta stjórnunar áhafnarsamvinnu við aðra þjálfun skal mótun og notkun námsefnis vera í höndum kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu.

ORO.CC.120 Grunnþjálfunarnámskeið

a) Sérhver nýliði sem hefur ekki nú þegar gilt staðfestingarvottorð sem öryggis- og þjónustuliði sem gefið er út í samræmi við V. viðauka (CC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 290/2012:

1) skal sitja grunnþjálfunarnámskeið, eins og tilgreint er í CC.TRA.220 í þeim viðauka, og

2) skal standast tilheyrandi próf með fullnægjandi árangri áður en hann gengst undir aðra þjálfun, sem gerð er krafa um í þessum kafla.

b) Sameina má þætti í grunnþjálfunaráætluninni við fyrstu þjálfunina á tiltekna tegund loftfars og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda, að því tilskildu að kröfur CC.TRA.220 séu uppfylltar og að slíkir þættir séu skráðir sem þættir í upphaflegu þjálfunarnámskeiði í þjálfunarskrá hlutaðeigandi öryggis- og þjónustuliða.

ORO.CC.125 Þjálfun á tiltekna tegund loftfars (e. aircraft type specific training) og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda

a) Sérhver öryggis- og þjónustuliði skal hafa lokið viðeigandi þjálfun á tiltekna tegund loftfars og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda sem og tilheyrandi prófum áður en:

1) flugrekandi setur hann fyrst til starfa sem öryggis- og þjónustuliða eða

2) flugrekandi setur hann til starfa á annarri tegund loftfars.

b) Þegar flugrekandi útbýr áætlanir og námskrár fyrir þjálfun á tiltekna tegund loftfars og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda skal hann, ef við á, tilgreina skyldubundna þætti fyrir viðeigandi tegund, eins og skilgreint er í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

c) Áætlunin fyrir þjálfun á tiltekna tegund loftfars skal:

1) fela í sér þjálfun og æfingu á dæmigerðu þjálfunartæki eða um borð í sjálfu loftfarinu og

2) ná yfir a.m.k. eftirtalda þætti þjálfunar á tiltekna tegund loftfars:

i. lýsingu á loftfari, eins og viðeigandi er fyrir skyldustörf öryggis- og þjónustuliða,

ii. allan öryggisbúnað og öryggiskerfi um borð sem eru viðeigandi fyrir skyldustörf öryggis- og þjónustuliða,

iii. að sérhver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd hverja tegund eða afbrigði af venjulegum útgöngum og neyðarútgöngum, eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

iv. að sýna notkun annarra útganga, þ.m.t. glugga í stjórnklefa,

v. eld- og reykvarnarbúnað þar sem hann er til staðar,

vi. þjálfun í notkun neyðarrennu ef hún er til staðar,

vii. notkun sæta-, aðhalds- og súrefnisbúnaðar ef flugmaður verður óstarfhæfur.

d) Áætlunin um umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda fyrir sérhverja tegund loftfars, sem á að starfrækja, skal:

1) fela í sér þjálfun og æfingu á dæmigerðu þjálfunartæki eða um borð í sjálfu loftfarinu,

2) fela í sér þjálfun í stöðluðum verklagsreglum flugrekandans fyrir þá öryggis- og þjónustuliða sem flugrekandi ætlar að fela skyldustörf í fyrsta sinn,

3) a.m.k. ná yfir eftirfarandi þætti sérstakrar þjálfunar flugrekanda sem er viðeigandi fyrir þá tegund loftfars sem á að starfrækja:

i. lýsingu á tilhögun farþegarýmis,

ii. staðsetningu, losun og notkun alls handöryggis- og björgunarbúnaðar um borð,

iii. allar verklagsreglur við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum,

iv. meðhöndlun farþega og hópstjórn,

v. þjálfun í reyk- og eldvörnum, þ.m.t. notkun á öllum slökkvibúnaði og hlífðarbúnaði sem jafngildir þeim sem er um borð,

vi. verklagsreglur við rýmingu,

vii. verklag ef flugmaður verður óstarfhæfur,

viii. viðeigandi flugverndarákvæði og verklagsreglur um flugvernd,

ix. stjórnun áhafnarsamvinnu.

ORO.CC.130 Mismunarþjálfun

a) Til viðbótar við þá þjálfun sem gerð er krafa um í ORO.CC.125 skulu öryggis- og þjónustuliðar ljúka tilheyrandi þjálfun og prófi sem nær yfir allan mismun áður en þeir eru settir til starfa:

1) um borð í afbrigði af loftfarstegund, sem starfrækt er, eða

2) um borð í tegund eða afbrigði loftfars sem, eins og sakir standa, er með

i. öðruvísi öryggisbúnað,

ii. öryggis- og neyðarbúnað á öðrum stað eða

iii. öðruvísi verklagsreglur við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.

b) Áætlunin fyrir mismunarþjálfun skal:

1) ef þörf er á, ákvarðast á grundvelli samanburðar við þjálfunaráætlunina, sem öryggis- og þjónustuliðar hafa lokið í samræmi við c- og d-lið ORO.CC.125, fyrir viðeigandi tegund loftfars og

2) fela í sér þjálfun og æfingu á dæmigerðu þjálfunartæki eða um borð í sjálfu loftfarinu, eins og viðeigandi er fyrir þá þætti mismunarþjálfunar sem farið er yfir.

c) Þegar flugrekandi útbýr áætlun og námskrá fyrir mismunarþjálfun á afbrigði af loftfarstegund, sem starfrækt er, skal hann, ef við á, tilgreina skyldubundna þætti fyrir viðeigandi loftfarstegund og afbrigði þess, eins og skilgreint er í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

ORO.CC.135 Kynning

Þegar öryggis- og þjónustuliði hefur lokið þjálfun á tiltekna tegund loftfars og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda á tegund loftfars, skal hann ljúka viðeigandi kynningu undir umsjón á tegundinni áður en hann tekur til starfa sem einn af þeim lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem gerð er krafa um í ORO.CC.100.

ORO.CC.140 Reglubundin þjálfun

a) Sérhver öryggis- og þjónustuliði skal ljúka árlegri, reglubundinni þjálfun og prófi.

b) Reglubundin þjálfun skal ná yfir þau störf sem sérhverjum öryggis- og þjónustuliða er ætlað að sinna við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem og æfingar í þeim loftfarstegundum og/eða -afbrigðum þar sem þeir starfa.

c) Þættir þjálfunar á tiltekna tegund loftfars:

1) Reglubundin þjálfun skal fela í sér árlegar snertiæfingar þar sem sérhver öryggis- og þjónustuliði líkir eftir notkun allra tegunda eða afbrigða venjulegra útganga, neyðardyra og neyðarútganga sem notaðir eru þegar farþegarými eru rýmd.

2) Eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti skal einnig vera reglubundin þjálfun:

i. að nota og opna í reynd allar tegundir eða afbrigði af venjulegum útgöngum og neyðarútgöngum við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, sem hver öryggis- og þjónustuliði framkvæmir í dæmigerðu þjálfunartæki eða um borð í sjálfu loftfarinu,

ii. að nota flugverndarhurð í stjórnklefa, við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, sem og að nota sætisbúnað og aðhaldsbúnað, sem hver öryggis- og þjónustuliði framkvæmir í dæmigerðu þjálfunartæki eða um borð í sjálfu loftfarinu, og verklegri sýnikennslu á súrefnisbúnaði, ef flugmaður verður óstarfhæfur,

iii. að sýna notkun allra annarra útganga, þ.m.t. glugga í stjórnklefa, og

iv. að sýna notkun björgunarbáta og rennubáta, ef þeir eru til staðar.

d) Þættir þjálfunar er lúta sérstaklega að flugrekendum:

1) Ár hvert skal vera reglubundin þjálfun:

i. fyrir sérhvern öryggis- og þjónustuliða:

a) í staðsetningu og meðhöndlun á öllum öryggis- og neyðarbúnaði, sem er uppsettur eða fluttur um borð, og

b) í að klæða sig í björgunarvesti og setja á sig grímu handsúrefnistækis og öndunarhlíf,

ii. í frágangi lausra hluta í farþegarými,

iii. í verklagsreglum um mengun á yfirborði loftfars,

iv. verklagsreglur í neyðartilvikum,

v. verklagsreglur við rýmingu,

vi. í yfirferð yfir flugatvik og slys,

vii. í stjórnun áhafnarsamvinnu,

viii. í fluglæknisfræðilegum atriðum og skyndihjálp, þ.m.t. tengdum búnaði,

ix. í verklagsreglum um flugvernd.

2) Eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti skal einnig vera reglubundin þjálfun:

i. í notkun neyðarflugelda og -blysa (raunverulegur búnaður eða sýnishorn),

ii. í verklegri sýnikennslu á notkun gátlista fyrir flugliða,

iii. í að veita raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þ.m.t. hlífðarfatnað, sem er sambærilegur búnaði og er um borð í loftfarinu,

iv. fyrir sérhvern öryggis- og þjónustuliða:

a) í að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í loftfari,

b) í að setja á sig og nota öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi.

e) Gildistími:

1) Gildistími árlegrar reglubundinnar þjálfunar skal vera tólf almanaksmánuðir og teljast frá enda þess mánaðar þegar prófið var tekið.

2) Ef sú reglubundna þjálfun og próf, sem gerð er krafa um í a-lið, fer fram innan síðustu þriggja almanaksmánaða gildistímans skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.

3) Gildistími þeirra viðbótarþátta þjálfunar sem fara fram þriðja hvert ár og tilgreindir eru í 2. lið c-liðar og 2. lið d-liðar, skal vera 36 almanaksmánuðir og teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófin eru tekin.

ORO.CC.145 Upprifjunarþjálfun

a) Þegar öryggis- og þjónustuliði, á næstliðnum sex mánuðum innan gildistíma síðustu viðeigandi reglubundinnar þjálfunar og prófs:

1) hefur ekki tekið neinar flugvaktir skal hann ljúka við upprifjunarþjálfun og próf fyrir hverja tegund loftfars, sem hann mun starfa í, áður en hann tekur aftur að sér vaktir eða

2) hefur ekki tekið flugvaktir á tiltekinni tegund loftfars skal hann, áður en tekur aftur að sér vaktir, ljúka við eftirfarandi á þeirri tegund loftfars:

i. upprifjunarþjálfun og prófi og

ii. tvö kynningarflug í samræmi við ORO.CC.135.

b) Áætlunin um upprifjunarþjálfun fyrir hverja tegund loftfars skal a.m.k. ná yfir:

1) verklagsreglur í neyðartilvikum,

2) verklagsreglur við rýmingu,

3) að sérhver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd hverja tegund eða afbrigði af venjulegum útgöngum og neyðarútgöngum sem og flugverndarhurð í stjórnklefa, eins og þau eru notuð við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

4) að sýna notkun allra annarra útganga, þ.m.t. glugga í stjórnklefa,

5) staðsetningu og meðhöndlun á öllum viðeigandi öryggis- og neyðarbúnaði sem er uppsettur eða fluttur um borð.

c) Flugrekandinn getur valið að skipta upprifjunarþjálfuninni út fyrir reglubundna þjálfun ef öryggis- og þjónustuliðinn er settur á flugvakt innan gildistíma síðustu reglubundinnar þjálfunar og prófs. Sé gildistíminn liðinn má aðeins skipta upprifjunarþjálfuninni út fyrir þjálfun á tiltekna tegund og umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda, eins og tilgreint er í ORO.CC.125.

2. ÞÁTTUR

Viðbótarkröfur fyrir flutningaflug

ORO.CC.200 Fyrsti öryggis- og þjónustuliði

a) Ef gerð er krafa um fleiri en einn öryggis- og þjónustuliða skal samsetning þeirra fela í sér fyrsta öryggis- og þjónustuliða sem tilnefndur er af flugrekanda.

b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna öryggis- og þjónustuliða sem fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef þeir:

1) hafa a.m.k. eins árs reynslu sem öryggis- og þjónustuliðar og

2) hafa lokið þjálfun öryggis- og þjónustuliða og tengdu prófi með viðunandi árangri.

c) Þjálfunarnámskeiðið fyrir fyrsta öryggis- og þjónustuliða skal ná yfir öll skyldu- og ábyrgðarstörf fyrsta öryggis- og þjónustuliða og skal fela í sér a.m.k. eftirfarandi þætti:

1) fyrirflugskynningu,

2) samvinnu við áhöfnina,

3) upprifjun á kröfum flugrekanda og lagakröfum,

4) skýrslugjöf um slys og flugatvik,

5) mannlega þætti og stjórnun áhafnarsamvinnu og

6) fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

d) Fyrsti öryggis- og þjónustuliði ber ábyrgð gagnvart flugstjóranum á stjórnun og samræmingu öryggismála í farþegarými og verklagi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni, þ.m.t. að hætta að fást við skyldustörf, sem ekki varða öryggisatriði, af öryggis- eða flugverndarástæðum.

e) Flugrekandinn skal setja verklagsreglur um hvernig velja skuli hæfasta öryggis- og þjónustuliðann til að gegna starfi fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef sá sem skipaður er verður ófær til starfa. Lögbæru yfirvaldi skal tilkynnt um breytingar á þessum verklagsreglum.

ORO.CC.205 Fækkun öryggis- og þjónustuliða við rekstur á jörðu niðri og við ófyrirséðar aðstæður

a) Þegar farþegar eru um borð í loftfari skal sá lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem gerð er krafa um í samræmi við ORO.CC.100, vera staðsettur í farþegarými.

b) Með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru í c-lið, má fækka öryggis- og þjónustuliðum:

1) við hefðbundinn rekstur á jörðu niðri sem felur ekki í sér áfyllingu/losun eldsneytis þegar loftfarið er í loftfarastæði eða

2) við ófyrirséðar aðstæður, ef farþegum, sem á að flytja, er fækkað. Í slíku tilviki skal lögbært yfirvald fá skýrslu um málið að fluginu loknu.

c) Skilyrði:

1) Í rekstrarhandbókinni séu verklagsreglur, sem tryggja að sambærilegu öryggisstigi sé náð með fækkun öryggis- og þjónustuliða, einkum varðandi rýmingu farþegaklefa.

2) Í hópi fluglliða, sem búið er að fækka, skal vera fyrsti öryggis- og þjónustuliði, eins og tilgreint er í ORO. CC.200.

3) Að minnsta kosti einn öryggis- og þjónustuliði skal vera fyrir hver 50 farþegasæti, eða brot af þeirri tölu, sem eru á sama þilfari loftfarsins.

4) Ef um er að ræða hefðbundinn rekstur á jörðu niðri með loftförum, sem krafist er að séu starfrækt með fleiri en einum öryggis- og þjónustuliða, skal talan, sem kveðið er á um í 3. lið c-liðar, hækkuð þannig að fyrir hverja samstæðu af neyðarútgöngum í gólfhæð sé einn öryggis- og þjónustuliði.

ORO.CC.210 Viðbótarskilyrði fyrir að gegna skyldustörfum

Aðeins skal fela öryggis- og þjónustuliðum skyldustörf og þeir skulu aðeins starfa á tiltekinni tegund eða afbrigði loftfars ef þeir:

a) hafa gild staðfestingarvottorð sem gefin eru út í samræmi við V. viðauka (CC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 290/2012,

b) hafa réttindi á tegundina eða afbrigðið í samræmi við þennan kafla,

c) uppfylla aðrar viðeigandi kröfur þessa kafla og IV. viðauka (CAT-hluta),

d) klæðast einkennisbúningi öryggis- og þjónustuliða sem flugrekandi lætur í té.

ORO.CC.215 Þjálfunar- og prófunaráætlanir og tengd gögn

a) Þjálfunar- og prófunaráætlanir, þ.m.t. námskrá, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu samþykktar af lögbæru yfirvaldi og tilgreindar í rekstrarhandbókinni.

b) Eftir að öryggis- og þjónustuliði hefur lokið þjálfunarnámskeiði og tengdu prófi með fullnægjandi árangri skal flugrekandi:

1) uppfæra þjálfunarskrá öryggis- og þjónustuliðans, í samræmi við ORO.MLR.115, og

2) láta viðkomandi í té skrá sem sýnir uppfærðan gildistíma eins og viðeigandi er fyrir hverja tegund og afbrigði loftfars, sem öryggis- og þjónustuliðinn hefur réttindi til að starfa á.

ORO.CC.250 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars

a) Ekki má setja öryggis- og þjónustuliða til starfa á fleiri en þremur tegundum loftfara, þó má setja öryggis- og þjónustuliðann, með samþykki lögbærs yfirvalds, til starfa á fjórum tegundum loftfara ef eftirfarandi á við um a.m.k. tvær þessara tegunda:

1) öryggisbúnaður og verklag, sem er bundið tegund, er svipað við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og

2) verklag, sem ekki er bundið tegund, er sams konar við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.

b) Að því er varðar a-lið og þjálfun og starfsréttindi öryggis- og þjónustuliða, skal flugrekandi ákvarða:

1) hvert loftfar sem tegund eða afbrigði, að teknu tilliti til nýlegra gagna, ef við á, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003, fyrir viðeigandi tegund eða afbrigði loftfars og

2) að afbrigði loftfarstegundar séu mismunandi tegundir ef þær eru ekki svipaðar að því er varðar eftirfarandi atriði:

i. notkun neyðarútganga,

ii. staðsetningu og tegund handöryggisbúnaðar og -neyðarbúnaðar,

iii. verklag í neyðartilvikum sem bundið er tegund.

ORO.CC.255 Starfræksla með einum öryggis- og þjónustuliða

a) Flugrekandinn skal velja, ráða, þjálfa og prófa hæfni öryggis- og þjónustuliða sem munu starfa í flugi með einum öryggis- og þjónustuliða, samkvæmt viðeigandi viðmiðunum fyrir þessa tegund starfrækslu.

b) Öryggis- og þjónustuliðar, sem ekki hafa neina fyrri reynslu af starfrækslu með einum öryggis- og þjónustuliða, skulu aðeins settir til starfa í slíku flugi eftir að þeir hafa:

1) lokið þjálfuninni, sem gerð er krafa um í c-lið, til viðbótar við aðra viðeigandi þjálfun og próf sem gerð er krafa um í þessum kafla,

2) staðist próf, með fullnægjandi hætti, sem sýnir fram á hæfni þeirra til að inna af hendi skyldu- og ábyrgðarstörf sín í samræmi við verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni, og

3) flogið kynningarflug í a.m.k. 20 fartíma og 15 flug á viðeigandi tegund loftfars undir umsjón öryggis- og þjónustuliða með viðeigandi reynslu.

c) Kenna skal eftirfarandi viðbótarþætti þjálfunar með sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði til að endurspegla starfsemi með einum öryggis- og þjónustuliða:

1) ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun öryggismála við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum,

2) mikilvægi samræmingar og samskipta við flugliða, einkum varðandi það að hafa stjórn á farþegum sem eru óstýrilátir eða með ólæti,

3) upprifjun á kröfum flugrekanda og lagakröfum,

4) skjalahald,

5) skýrslugjöf um slys og flugatvik og

6) fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

TC-KAFLI

SÉRHÆFÐIR FLUGVERJAR SEM STARFA VIÐ HEMS-FLUG, HHO-FLUG EÐA NVIS-FLUGI

ORO.TC.100 Gildissvið

Í þessum kafla eru ákvarðaðar kröfur sem flugrekandi þarf að uppfylla þegar hann starfrækir loftfar þar sem sérhæfðir flugverjar starfa við HEMS-flug, NVIS-flug eða HHO-flug sem rekið er í ábataskyni.

ORO.TC.105 Skilyrði fyrir að gegna skyldustörfum

a) Sérhæfðum flugverjum, sem starfa við HEMS-flug, HHO-flug eða NVIS-flug, sem rekið er í ábataskyni, skal aðeins falið að sinna skyldustörfum ef þeir:

1) eru a.m.k. 18 ára gamlir,

2) eru líkamlega og andlega hæfir til að inna af hendi skyldu- og ábyrgðarstörf með öruggum hætti,

3) hafa lokið allri viðeigandi þjálfun, sem gerð er krafa um í þessum kafla, til að framkvæma þau skyldustörf sem þeim eru falin,

4) hafa verið metnir fullfærir um að framkvæma öll þau skyldustörf sem þeim eru falin í samræmi við verklagsreglurnar sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.

b) Áður en flugrekandi felur sérhæfðum flugverjum, sem eru sjálfstætt starfandi og/eða vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi, skyldustörf skal flugrekandi ganga úr skugga um að allar kröfur í þessum kafla séu uppfylltar, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem sérhæfður flugverji veitir öðrum flugrekendum, einkum til að ákvarða:

1) heildarfjölda loftfarstegunda og -afbrigða í notkun,

2) viðeigandi fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

ORO.TC.110 Þjálfun og próf

a) Flugrekandi skal koma á þjálfunaráætlun í samræmi við viðeigandi kröfur þessa kafla til að ná yfir skyldu- og ábyrgðarstörf sem sérhæfðir flugverjar skulu inna af hendi.

b) Þegar sérhæfður flugverji hefur lokið grunnþjálfun, umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda, mismunarþjálfun og reglubundinni þjálfun skal sérhver sérhæfður flugverji gangast undir próf til að sýna fram á hæfni sína í verklagi við venjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður.

c) Á hverju þjálfunarnámskeiði skal þjálfun og próf vera í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi og reynslu í því námsefni sem farið er yfir. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbært yfirvald um starfsfólkið sem sér um prófin.

ORO.TC.115 Grunnþjálfun

Áður en sérhæfður flugverji fer í umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda skal hann ljúka grunnþjálfun, þ.m.t.:

a) almennri bóklegri þekkingu á flugmálum og flugreglugerðum, sem ná yfir alla þætti sem eru viðeigandi fyrir þau skyldu- og ábyrgðarstörf sem sérhæfðir flugverjar annast,

b) þjálfun í eld- og reykvörnum,

c) þjálfun í að lifa af á jörðu niðri og í vatni, eins og viðeigandi er fyrir tegund flugs og flugsvæði,

d) fluglæknisfræðileg atriði og skyndihjálp,

e) samskipti og viðeigandi hlutum úr stjórnun áhafnarsamvinnu í ORO.FC.115 og ORO.FC.215.

ORO.TC.120 Umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda

Sérhver sérhæfður flugverji skal ljúka:

a) umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda, þ.m.t. viðeigandi hlutum úr stjórnun áhafnarsamvinnu,

1) áður en flugrekandi setur hann fyrst til starfa sem sérhæfðan flugverja eða

2) þegar hann skiptir yfir á aðra tegund eða flokk loftfars ef eitthvað af búnaðinum eða verklagsreglunum, sem um getur í b-lið, eru öðruvísi.

b) Umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda skal fela í sér eftirfarandi:

1) staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í loftfarinu,

2) allar verklagsreglur við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum,

3) búnað um borð, sem notaður er til að inna af hendi skyldustörf um borð í loftfari eða á jörðu niðri, í þeim tilgangi að aðstoða flugmanninn við HEMS-flug, HHO-flug eða NVIS-flug.

ORO.TC.125 Mismunarþjálfun

a) Sérhver sérhæfður flugverji skal ljúka mismunarþjálfun ef búnaði eða verklagsreglum er breytt á þeim tegundum eða afbrigðum sem starfrækt eru.

b) Í rekstrarhandbókinni skal flugrekandi tilgreina hvenær þörf er á slíkri mismunarþjálfun.

ORO.TC.130 Kynningarflug

Eftir að hafa lokið umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda skal sérhver sérhæfður flugverji fara í kynningarflug áður en hann tekur til starfa sem sérhæfður flugverji sem krafist er að sé um borð við starfrækslu HEMS-flugs, HHO-flugs eða NVIS-flugs.

ORO.TC.135 Reglubundin þjálfun

a) Á hverju 12 mánaða tímabili skal sérhver sérhæfður flugverji ljúka reglubundinni þjálfun sem er viðeigandi fyrir þá tegund eða þann flokk loftfars og búnaðar sem sérhæfður flugverji starfrækir. Hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir viðeigandi stigum reglubundinnar þjálfunar.

b) Reglubundin þjálfun skal fela í sér bóklega og verklega kennslu og æfingar.

ORO.TC.140 Upprifjunarþjálfun

a) Sérhver sérhæfður flugverji, sem hefur ekki starfað sem sérhæfður flugverji síðastliðna sex mánuði, skal ljúka þeirri upprifjunarþjálfun sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

b) Sérhæfður flugverji, sem hefur ekki verið á flugvakt á einni tiltekinni tegund eða tilteknum flokki loftfars síðastliðna sex mánuði, skal, áður en hann er settur til starfa á þeirri tegund eða þeim flokki, ljúka annaðhvort:

1) upprifjunarþjálfun á tegundinni eða flokknum eða

2) fara tvisvar í kynningarflug á þessari tegund eða flokki loftfars.

IV. VIÐAUKI

FLUTNINGAFLUG

[CAT-HLUTI]

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

CAT.GEN.100 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar, tilnefnir.

1. ÞÁTTUR

Vélknúin loftför

CAT.GEN.MPA.100 Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna:

1) sem tengjast öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru og

2) sem tilgreind eru í leiðbeiningunum og verklagsreglunum í rekstrarhandbókinni.

b) Flugverji skal:

1) gefa flugstjóra skýrslu um hvers konar annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða öryggi starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, hafi enginn annar flugverji þegar gefið skýrslu um það,

2) gefa flugstjóra skýrslu um öll flugatvik sem stofna, eða gætu hafa stofnað, öryggi starfrækslu í hættu, hafi enginn annar flugverji þegar gefið skýrslu um það,

3) fara að viðeigandi kröfum um tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik,

4) fara að öllum fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma sem gilda um starfsemi hans,

5) þegar hann tekur að sér skyldustörf fyrir fleiri en einn flugrekanda:

i. viðhalda skýrslum sínum er varða far-, vinnu- og hvíldartíma, eins og um getur í viðeigandi reglum um fartíma og vinnutíma, og

ii. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur um fartíma og vinnutíma.

c) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari:

1) ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, ofþreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

2) fyrr en hæfilegur tími hefur liðið frá djúpköfun eða blóðgjöf,

3) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar,

4) ef hann er í einhverjum vafa um að geta sinnt þeim skyldustörfum sem honum eru falin eða

5) ef hann grunar að hann sé haldinn ofþreytu, eins og um getur í lið 7.f í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eða finnst hann vera ófær til vinnu, að því marki að hann geti stofnað flugi í hættu.

CAT.GEN.MPA.105 Ábyrgð flugstjóra

a) Til viðbótar því að uppfylla ákvæði CAT.GEN.MPA.100 skal flugstjórinn:

1) vera ábyrgur fyrir öryggi allra flugverja, farþega og farms um borð frá því að hann kemur um borð og þangað til að hann fer frá borði loftfarsins við lok flugs,

2) vera ábyrgur fyrir starfrækslu og öryggi loftfars:

i. fyrir flugvélar, frá því að flugvélin er fyrst reiðubúin til hreyfingar til aksturs fyrir flugtak þar til hún nemur staðar við lok flugs og drepið hefur verið á hreyfli eða hreyflum hennar sem notaðir eru sem aðalhreyflar,

ii. fyrir þyrlur, á meðan þyrlar snúast,

3) hafa vald til að gefa allar skipanir eða grípa til allra viðeigandi aðgerða í því skyni að vernda öryggi loftfarsins og einstaklinga og/eða eigna sem þar eru um borð, í samræmi við lið 7.c í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008,

4) hafa vald til þess að vísa frá borði fólki, eða hvaða hluta farmsins sem er, sem gæti stofnað öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu,

5) ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum áfengis eða lyfja að það geti stofnað öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu, sé flutt með loftfarinu,

6) hafa rétt til að neita að flytja óæskilega farþega, menn sem er vísað úr landi eða gæslufanga, ef flutningur þeirra gæti aukið á hættu að því er varðar öryggi loftfarsins, eða þeirra sem í því eru,

7) sjá til þess að allir farþegar fái upplýsingar um staðsetningu neyðarútganga og um notkun viðeigandi öryggis- og neyðarbúnaðar,

8) sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt samkvæmt rekstrarhandbók,

9) ekki leyfa neinum flugverja að sinna hvers konar öðrum skyldustörfum á varasömustu stigum flugsins nema þeim skyldustörfum er lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins,

10) tryggja að flugritar (e. flight recorders):

i. séu ekki óvirkir eða að slökkt sé á þeim meðan á flugi stendur og

ii. ef slys eða flugatvik á sér stað sem skylt er að tilkynna um:

a) að gögnum verði ekki eytt af ásetningi,

b) að þeir verði gerðir óvirkir um leið og flugi lýkur og

c) að þeir verði aðeins virkjaðir aftur eftir samkomulagi við rannsóknaryfirvald,

11) taka ákvörðun um hvort loftfari með óstarfhæfan búnað, í samræmi við lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug eða lista yfir lágmarksbúnað, verði samþykkt,

12) tryggja að fyrirflugsskoðun hafi farið fram í samræmi við kröfur I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003,

13) vera fullviss um að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

b) Í neyðartilvikum, þegar nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu, skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður, í samræmi við lið 7.d í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Í slíkum tilvikum er honum heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

c) Þegar loftfar á flugi hefur breytt flugi sínu vegna ráðlegginga frá árekstrarvarakerfi í flugi skal flugstjórinn leggja árekstrarvaraskýrslu fyrir lögbært yfirvald.

d) Hætta af fuglum og árekstri við þá:

1) Þegar hætta kann að stafa af fuglum skal flugstjórinn tilkynna flugumferðarþjónustudeild um það um leið og vinnuálag flugliða heimilar það.

2) Þegar loftfar, sem flugstjóri ber ábyrgð á, lendir í árekstri við fugl sem veldur umtalsverðum skemmdum á loftfari eða verður til þess að mikilvæg þjónusta tapast eða raskast skal flugstjóri, að lendingu lokinni, leggja skriflega skýrslu um árekstur við fugl fyrir lögbært yfirvald.

CAT.GEN.MPA.110 Valdsvið flugstjóra

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að sjá til þess að allir, sem í loftfarinu eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi loftfarsins og fólks eða eigna um borð.

CAT.GEN.MPA.115 Starfsfólk eða flugverjar, aðrir en öryggis- og þjónustuliðar, í farþegarými

Að því er varðar starfsfólk eða flugverja, aðra en öryggis- og þjónustuliða sem sinna skyldustörfum sínum í farþegarými loftfars, skal flugrekandi sjá til þess:

a) að farþegum sé ljóst hverjir sinna starfi öryggis- og þjónustuliða,

b) að þeir noti ekki tilskilda vinnureiti sem öryggis- og þjónustuliðum hefur verið úthlutað,

c) að þeir hindri ekki öryggis- og þjónustuliða í því að sinna skyldustörfum sínum.

CAT.GEN.MPA.120 Sameiginlegt tungumál

Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar geti tjáð sig hver við annan á sameiginlegu tungumáli.

CAT.GEN.MPA.125 Akstur flugvéla

Flugrekandi skal tryggja að flugvél sé aðeins ekið á athafnasvæði flugvallar ef einstaklingurinn við stjórn:

a) er flugmaður, sem hefur tilskilin starfsréttindi, eða

b) hafi verið tilnefndur af flugrekanda og:

1) hafi hlotið þjálfun til að aka loftfarinu,

2) hafi hlotið þjálfun til að nota talstöð,

3) hafi fengið kennslu, að því er varðar skipulag flugvallar, leiðir, skilti, merkingar, ljós, merki frá flugumferðarstjórn og leiðbeiningar, orðfæri og verklagsreglur,

4) geti farið að tilskildum kröfum um starfrækslu fyrir örugga hreyfingu flugvéla á flugvelli.

CAT.GEN.MPA.130 Tenging þyrils — þyrlur

Þyrli á þyrlu skal aðeins snúið fyrir afli í þeim tilgangi að flugmaður með tilskilin starfsréttindi fljúgi henni.

CAT.GEN.MPA.135 Aðgangur að stjórnklefa

a) Flugrekandi skal sjá til þess að engir aðrir en flugliðar, sem skráðir eru í flugið, fari inn í stjórnklefann eða sitji í stjórnklefanum meðan á flugi stendur, nema viðkomandi:

1) sé starfandi flugverji,

2) sé fulltrúi lögbærs yfirvalds eða eftirlitsyfirvalds, ef þess er óskað að hann sé þar til að gegna opinberum skyldustörfum sínum, eða

3) hafi leyfi til þess samkvæmt rekstrarhandbókinni og sé þar í samræmi við fyrirmælin í henni.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess:

1) að aðgangur að stjórnklefa valdi ekki ónæði eða truflun á flugstörfum og

2) að öllum, sem fluttir eru í stjórnklefa, séu kynntar þær öryggisreglur sem við eiga.

c) Flugstjórinn skal taka endanlega ákvörðun um hvort heimila eigi aðgang að stjórnklefa.

CAT.GEN.MPA.140 Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum, sem er um borð í flugvél, notkun handrafeindatækja sem gætu haft truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar loftfarsins og skal hann gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að þau séu ekki notuð.

CAT.GEN.MPA.145 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þess að skrár með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð séu ávallt tiltækar í öllum loftförum sínum svo að unnt sé að koma þeim samstundis til björgunarmiðstöðva.

CAT.GEN.MPA.150 Nauðlending á vatni — flugvélar

Flugrekandi skal aðeins starfrækja flugvél með sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 í flugi yfir sjó eða vötnum þar sem fjarlægð frá landi, þar sem hægt væri að nauðlenda, nemur meira en 120 mínútum á farflugshraða eða 400 sjómílum, hvort heldur er skemmra, ef flugvélin uppfyllir ákvæði gildandi lofthæfireglna um nauðlendingu á vatni.

CAT.GEN.MPA.155 Flutningur vopna og skotfæra til hernaðar

a) Flugrekandi skal aðeins flytja vopn eða skotfæri til hernaðar með flugi ef öll ríki, sem eiga loftrými þar sem fyrirhugað er að fljúga um, hafa veitt samþykki fyrir því.

b) Ef samþykki hefur verið veitt skal flugrekandi sjá til þess að vopn eða skotfæri til hernaðar:

1) séu sett í loftfarið á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur og

2) séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en lagt er í flug fái flugstjórinn nákvæma vitneskju um vopn eða skotfæri til hernaðar sem fyrirhugað er að flytja og hvar þau verða geymd um borð í loftfarinu.

CAT.GEN.MPA.160 Flutningur sportvopna og skotfæra

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að hann fái vitneskju um sportvopn sem fyrirhugað er að flytja flugleiðis.

b) Flugrekandi, sem tekur sportvopn til flutnings, skal sjá til þess að þau:

1) séu sett í loftfarið á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur og

2) séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða eða önnur vopn sem hægt er að geyma skotfæri í án þess að þau séu hlaðin.

c) Með fyrirvara um tilteknar takmarkanir mega farþegar hafa skotfæri fyrir sportvopn í skráðum farangri sínum í samræmi við tæknileg fyrirmæli.

CAT.GEN.MPA.161 Flutningur sportvopna og skotfæra — tilslakanir

Þrátt fyrir b-lið CAT.GEN.MPA.160 má geyma sportvopn á stað sem er aðgengilegur meðan á flugi stendur, í þyrlum, með allt að 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa, sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, að því tilskildu að flugrekandi hafi komið á ákveðnu verklagi og að það sé óhagkvæmt að geyma þau á óaðgengilegum stað meðan á flugi stendur.

CAT.GEN.MPA.165 Aðferðir við fólksflutninga

Flugrekandi skal gera allar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé neinn í þeim hluta loftfars sem er ekki hannaður sem íverustaður fyrir fólk meðan á flugi stendur, nema flugstjórinn hafi veitt tímabundna aðgangsheimild:

a) til þess að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir öryggi loftfars eða fólks, skepna eða varnings í loftfarinu eða

b) að þeim hluta loftfars þar sem farmur eða birgðir eru geymdar sem er sá hluti loftfarsins þar sem áætlað er að þær séu aðgengilegar fyrir fólk meðan á flugi stendur.

CAT.GEN.MPA.170 Áfengi og lyf

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn í eða sé í loftfari, undir áhrifum áfengis eða lyfja að því marki að það stofni öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu.

CAT.GEN.MPA.175 Öryggi stofnað í hættu

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem:

a) stofnar öryggi loftfars eða þeim sem í því eru í hættu eða

b) veldur því eða heimilar að loftfar stofni fólki eða eignum í hættu.

CAT.GEN.MPA.180 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

a) Eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, frumrit eða afrit, nema annað sé tekið fram:

1) flughandbók (AFM) eða jafngild skjöl,

2) frumrit af skráningarskírteini,

3) frumrit af lofthæfivottorði,

4) hljóðstigsvottorð, ásamt enskri þýðingu ef flugmálayfirvöld, sem bera ábyrgð á útgáfu hljóðstigsvottorðsins, hafa lagt hana fram,

5) staðfest eintak af flugrekandaskírteini,

6) rekstrarforskriftir sem varða tegund loftfars og gefnar eru út með flugrekandaskírteini,

7) frumrit af talstöðvarskírteini loftfars, ef við á,

8) ábyrgðartryggingarskírteini loftfars,

9) leiðarflugbók loftfars eða jafngildi hennar,

10) tækniflugbók loftfars, í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003,

11) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS), ef við á,

12) uppfærð og viðeigandi flugkort fyrir fyrirhugaða flugleið og allar leiðir sem raunhæft er að gera ráð fyrir að loftfarinu gæti verið beint á,

13) upplýsingar um verklagsreglur og sjónmerki sem notast er við fyrir loftför sem eru einelt og þau sem einelta loftför,

14) upplýsingar er varða leitar- og björgunarsveitir fyrir svæðið, sem fyrirhugað er að fljúga yfir, og skal vera greiður aðgangur að þeim í stjórnklefa,

15) hlutar rekstrarhandbókar sem skipta máli varðandi skyldustörf flugliða og skulu þeir hafa greiðan aðgang að þeim,

16) listi yfir lágmarksbúnað (MEL),

17) viðeigandi tilkynningar til flugmanna og upplýsingar frá upplýsingaþjónustu flugmála til flugmanna,

18) viðeigandi veðurupplýsingar,

19) farm og/eða farþegaskrár, ef við á,

20) massa- og jafnvægisskrár,

21) leiðarflugáætlun, ef við á,

22) tilkynningar um sérstaka flokka farþega og sérstakan farm, ef við á, og

23) öll önnur gögn sem skipta máli fyrir flugið eða sem ríkin, sem flugið varðar, gera kröfu um.

b) þrátt fyrir a-lið er heimilt að geyma eftirfarandi skjöl og upplýsingar á flugvelli eða starfrækslusvæði ef um er að ræða flug samkvæmt sjónflugsreglum að degi til þar sem loftfar, sem ekki flokkast sem flókið, vélknúið loftfar og tekur á loft og lendir á sama flugvelli eða starfrækslusvæði innan 24 klukkustunda eða heldur kyrru fyrir innan staðbundins svæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbók:

1) hljóðstigsvottorð,

2) talstöðvarskírteini loftfars,

3) leiðarflugbók eða sambærilegt,

4) tækniflugbók loftfars,

5) tilkynningar til flugmanna og upplýsingar frá upplýsingaþjónustu flugmála til flugmanna,

6) veðurupplýsingar,

7) tilkynningar um sérstaka flokka farþega og sérstakan farm, ef við á, og

8) massa- og jafnvægisskrár,

c) Þrátt fyrir a-lið, í þeim tilvikum þar sem skjölin sem tilgreind eru í 2.–8. lið a-liðar. tapast eða þeim er stolið, er heimilt að halda starfrækslu áfram þar til loftfarið kemst á ákvörðunarstað eða til staðar þar sem hægt er að útvega ný skjöl.

CAT.GEN.MPA.185 Upplýsingar sem geymdar eru á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal sjá til þess að a.m.k. á meðan hver flugferð eða röð ferða stendur yfir:

1) að upplýsingar, er varða flugferðina og eiga við um þá tegund flugrekstrar sem fer fram, séu geymdar á jörðu niðri,

2) að upplýsingar séu settar á þann stað þar sem þær verða geymdar uns gert hefur verið eftirrit af þeim, eða, ef það er ógerlegt,

3) að sömu upplýsingar fari með loftfarinu í eldtraustum kassa.

b) Til þeirra upplýsinga sem um getur í a-lið teljast m.a.:

1) afrit af leiðarflugáætlun, ef við á,

2) afrit af viðeigandi hluta eða hlutum tækniflugbókar loftfarsins,

3) sérstakar upplýsingar til flugmanna um viðkomandi leið, hafi flugrekandi samið slíkar upplýsingar,

4) massa- og jafnvægisskrár, ef þess er krafist og

5) tilkynningar um sérstakan farm.

CAT.GEN.MPA.190 Ákvæði skjala og skráa

Flugstjórinn skal framvísa þeim skjölum sem skylt er að hafa um borð til þess sem óskar þess í umboði yfirvalda, innan hæfilegs frests frá því farið er fram á það.

CAT.GEN.MPA.195 Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum úr flugrita

a) Í kjölfar slyss eða flugatviks, sem skylt er að tilkynna um, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga nema rannsóknaryfirvald fyrirskipi annað.

b) Flugrekandi skal framkvæma virkniprófanir og mat á upptökum úr ferðritum (e. flight data recorder) og hljóðritakerfum og gagnatenglum til að tryggja áframhaldandi nothæfi skráningarbúnaðarins.

c) Flugrekandi skal geyma upptökurnar þann hluta starfrækslutíma ferðritans sem krafist er í CAT.IDE.A.190 eða CAT.IDE.H.190, nema þegar ferðritinn er prófaður eða honum viðhaldið en þá er heimilt að þurrka út allt nema einn klukkutíma af upptökunum sem elstar eru þegar prófun fer fram.

d) Flugrekandi skal geyma og viðhalda gögnum þar sem fram koma upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að umbreyta óunnum gögnum úr ferðrita í breytur sem gefnar eru upp sem tækniupplýsingar.

e) Flugrekandi skal gera allar varðveittar upptökur úr flugrita aðgengilegar ef lögbært yfirvald fer fram á það.

f) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010([15]):

   1) Aðeins skal nota upptökur úr hljóðrita í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, ef allir hlutaðeigandi flugverjar og starfsfólk í viðhaldi veita samþykki sitt.

   2) Upptökur úr ferðrita eða gagnatenglum skal einungis nota í þeim tilgangi að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar upptökur:

      i. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald eða

      ii. séu brenglaðar svo ekki verði borin kennsl á neinn eða

      iii. séu birtar í samræmi við leyndarreglur.

CAT.GEN.MPA.200 Flutningur á hættulegum varningi

a) Nema annað sé leyft samkvæmt þessum viðauka, skal flutningur á hættulegum varningi flugleiðis fara fram í samræmi við 18. viðauka við Chicago-samninginn, eins og honum var síðast breytt með og bætt við hann „tæknilegum fyrirmælum um flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9284-AN/905), ásamt hvers konar viðbótum eða leiðréttingum.

b) Aðeins flugrekandi, sem er samþykktur í samræmi við G-kafla í V. viðauka (SPA-hluta) skal flytja hættulegan varning, nema:

   1) hann falli ekki undir tæknileg fyrirmæli í samræmi við 1. hluta þessara fyrirmæla eða

   2) farþegar eða flugverjar flytji hann eða hann sé í farangri í samræmi við 8. hluta tæknilegu fyrirmælanna.

c) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gripið sé til allra réttmætra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hættulegur varningur sé hafður meðferðis um borð af slysni.

d) Flugrekandi skal veita starfsfólki nauðsynlegar upplýsingar, sem gera þeim kleift að sinna ábyrgðarstörfum sínum, eins og gerð er krafa um í tæknilegum fyrirmælum.

e) Flugrekandi skal, án tafar og í samræmi við tæknileg fyrirmæli, tilkynna lögbæru yfirvaldi og hlutaðeigandi yfirvaldi í því ríki þar sem atvikið átti sér stað um það:

   1) ef hvers konar slys eða flugatvik verða í tengslum við hættulegan varning,

([15]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

2) ef hættulegur varningur, sem ekki var gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti, finnst í farmi eða pósti eða

3) ef hættulegur varningur, sem farþegar eða flugverjar hafa meðferðis eða sem finnst í farangri, samrýmist ekki 8. hluta tæknilegu fyrirmælanna.

f) Flugrekandi skal tryggja að farþegum séu veittar upplýsingar um hættulegan varning í samræmi við tæknileg fyrirmæli.

G) Flugrekandi skal tryggja að á viðtökustað farms sé auglýsing þar sem fram koma upplýsingar um flutning á hættulegum varningi, eins og gerð er krafa um í tæknilegu fyrirmælunum.

B-KAFLI

VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

1. ÞÁTTUR

Vélknúin loftför

CAT.OP.MPA.100 Notkun flugumferðarþjónustu

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flugumferðarþjónusta, sem er viðeigandi fyrir loftrýmið, og viðeigandi flugreglur séu notaðar við flug, þegar þær eru fyrir hendi,

2) að þegar kostur er, séu rekstrarfyrirmæli á flugi, sem hann gefur og fela í sér breytingu á flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, samræmd fyrirmælum viðeigandi flugumferðarþjónustudeildar, áður en þau eru send til loftfarsins.

b) Þrátt fyrir a-lið er ekki gerð krafa um notkun flugumferðarþjónustu nema gerð sé krafa um það í tengslum við loftrými varðandi:

1) sjónflugsreglur að degi til, að því er varðar flugvél sem flokkast ekki sem flókin, vélknúin flugvél,

2) þyrlur með allt að 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum eða

3) staðbundið þyrluflug,

að því tilskildu að unnt sé að viðhalda þjónustufyrirkomulagi varðandi leitar- og björgunarstarf.

CAT.OP.MPA.105 Notkun flugvalla og starfrækslusvæða

a) Flugrekandi skal einungis nota flugvelli og starfrækslusvæði sem eru viðunandi fyrir viðkomandi tegundir loftfara og starfrækslu.

b) Notkun starfrækslusvæða skal aðeins gilda um:

1) flugvélar sem ekki flokkast sem flóknar, vélknúnar flugvélar og

2) þyrlur.

CAT.OP.MPA.106 Notkun afskekktra flugvalla — flugvélar

a) Til þess að notast við afskekktan flugvöll sem ákvörðunarflugvöll þarf fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

b) Afskekktur flugvöllur er flugvöllur þar sem vara- og neyðareldsneytið, sem þarf til komast til næsta viðunandi varaflugvallar ákvörðunarstaðar, er meira en:

1) eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur auk þess sem áætlað er að 15% af flugtímanum er farflug eða tvær klukkustundir, hvort heldur er styttra, eða

2) fyrir flugvélar með hverfihreyfla: eldsneyti til að fljúga í tvær klukkustundir við venjulega farflugsnotkun fyrir ofan ákvörðunarflugvöllinn, þ.m.t. neyðareldsneyti.

CAT.OP.MPA.107 Viðunandi flugvöllur

Flugrekandi skal telja flugvöll viðunandi ef flugvöllurinn er, á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann, tiltækur og veitir aðgang að nauðsynlegri stoðþjónustu, s.s. flugumferðarþjónustu, nægilegri lýsingu, fjarskiptum, veðurlýsingum, flugleiðsögutækjum og neyðarþjónustu.

CAT.OP.MPA.110 Flugvallarlágmörk

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota. Þessi lágmörk skulu aldrei vera undir þeim lágmörkum sem ríkið, þar sem flugvöllurinn er, ákvarðar að setja fyrir slíka flugvelli nema þau hafi verið samþykkt sérstaklega af því ríki. Hvers konar aukningu, sem lögbært yfirvald tilgreinir, skal bætt við lágmörkin.

b) Notkun framrúðuskjámyndar (HUD), lendingarkerfis með framrúðuskjámynd (HUDLS) eða sjónaukandi kerfis (EVS) getur gert starfrækslu mögulega við lélegra skyggni en tengist flugvallarlágmörkum sem ákvörðuð eru fyrir flugvöllinn í samræmi við SPA.LVO.

c) Þegar flugrekandi ákvarðar flugvallarlágmörk skal hann taka tillit til eftirfarandi:

   1) tegundar, afkastagetu loftfars og stjórnunareiginleika þess,

   2) samsetningar, hæfni og reynslu flugáhafnar,

   3) stærðar og eiginleika flugbrauta/lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að verða valin til notkunar,

   4) afkastagetu sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja á jörðu niðri og að þau séu tiltæk og viðunandi,

   5) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu, til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugslóð, í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingu, lendingarbruni og fráflugi,

   6) ákvörðunar á hindranabili, hindrana á aðflugs-, fráflugs- og fráklifurssvæðum, svo hægt sé að taka tillit til þeirra varðandi verklagsreglur í viðlögum,

   7) lágmarksflughæðar/lágmarkshæðar yfir hindrun í blindaðflugi,

   8) möguleika á því að ákvarða og tilkynna um veðurskilyrði og

   9) þeirrar flugaðferðar sem nota skal við lokaaðflug.

d) Flugrekandi skal tilgreina hvaða aðferð í rekstrarhandbókinni sé notuð við að ákvarða flugvallarlágmörk.

e) Einungis skal nota lágmörk fyrir tiltekna tegund aðflugs og lendingar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   1) búnaður á jörðu niðri, sýndur á kortum, sem krafist er vegna fyrirhugaðs flugs, er virkur,

   2) loftfarskerfin, sem krafist er fyrir viðkomandi tegund aðflugs, eru virk,

   3) kröfur um afkastagetu loftfars eru uppfylltar og

   4) áhöfnin hefur viðeigandi starfsréttindi.

CAT.OP.MPA.115 Aðflugsaðferð — flugvélar

a) Fljúga skal öll aðflug sem stöðug aðflug nema lögbært yfirvald hafi samþykkt annað fyrir tiltekið aðflug að tiltekinni flugbraut.

b) Grunnaðflug

   1) Lokaaðflug með samfelldri lækkun skal notað fyrir allt grunnaðflug.

2) Þrátt fyrir 1. lið má nota aðra aðflugsaðferð við sérstaka samsetningu aðflugs og flugbrautar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Í slíkum tilvikum skal gildandi lágmarksflugbrautarskyggni:

i. aukast um 200 m fyrir flugvélar í A- og B-flokki og um 400 m fyrir flugvélar í C- og D-flokki eða

ii. ákvarðað og endurskoðað með reglulegu millibili af lögbæru yfirvaldi, að teknu tilliti til reynslu, þjálfunaráætlunar og starfsréttinda flugliða flugrekanda, að því er varðar flugvelli þar sem það þjónar hagsmunum almennings að viðhafa núverandi starfsemi og ekki er hægt að beita lokaaðflugi með samfelldri lækkun.

CAT.OP.MPA.120 Aðflug með aðstoð ratsjár í aðgerðum yfir vatni — þyrlur

a) Aðeins skal framkvæma aðflug með aðstoð ratsjár:

1) ef ratsjáin veitir flugleiðsögu til að tryggja hindranabil og

2) annaðhvort:

i. lágmarkslækkunarhæð (MDH) er ákvörðuð út frá ratsjárhæðarmæli eða

ii. notast er við lágmarkslækkunarflughæð (MDA) auk nægilegra vikmarka.

b) Aðflug með aðstoð ratsjár að pöllum eða skipum á ferð skal aðeins framkvæmt þegar fleiri en einn flugmaður er í áhöfn.

c) Ákvörðunarsviðið skal tryggja nægilegt hindranabil í fráflugi frá öllum ákvörðunarstöðum þar sem aðflug með aðstoð ratsjár er áætlað.

d) Aðfluginu skal aðeins haldið áfram umfram ákvörðunarsviðið eða undir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarks-lækkunarhæð (MDA/H) þegar kennileiti ákvörðunarstaðarins eru sýnileg.

e) Ef aðeins einn flugmaður er í áhöfn skal bæta viðeigandi aukningu við lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og ákvörðunarsviðið.

CAT.OP.MPA.125 Verklagsreglur um blindbrottflug og blindaðflug

a) Flugrekandi skal sjá til þess að farið sé að verklagsreglum um blindbrottflug og blindaðflug sem settar eru af ríkinu þar sem flugvöllurinn er.

b) Þrátt fyrir a-lið getur flugstjóri samþykkt heimild flugumferðarstjórnar um að víkja frá útgefinni brottflugs- eða komuleið, að því tilskildu að viðmiðanir um hindranabil séu virtar og fullt tillit tekið til flugskilyrða. Í lokaaðflugi skal þó alltaf flogið eftir kennileitum eða samkvæmt settum verklagsreglum um blindaðflug.

c) Þrátt fyrir a-lið er flugrekanda heimilt að nota aðrar verklagsreglur en þær sem um getur í a-lið, að því tilskildu að þær hafi verið samþykktar í því ríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur og að þær séu tilgreindar í rekstrarhandbókinni.

CAT.OP.MPA.130 Verklagsreglur um hávaðamildun — flugvélar

a) Nema um sé að ræða sjónflug flugvéla, sem ekki eru flokkaðar sem flóknar, vélknúnar flugvélar, skal flugrekandi setja viðeigandi verklagsreglur um brottfarir og komu- eða aðflug fyrir sérhverja tegund flugvélar, með tilliti til þeirrar þarfar að lágmarka áhrif hávaða frá loftförum.

b) Verklagsreglurnar skulu:

1) tryggja að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun og

2) vera einfaldar og öruggar í notkun og auka ekki verulega vinnuálag áhafnar á varasömustu stigum flugsins.

CAT.OP.MPA.131 Verklagsreglur um hávaðamildun — þyrlur

a) Flugrekandi skal tryggja að í verklagsreglum um flugtak sé tekið tillit til þeirrar þarfar að lágmarka áhrif hávaða frá þyrlum.

b) Verklagsreglurnar skulu:

1) tryggja að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun og

2) vera einfaldar og öruggar í notkun og auka ekki verulega vinnuálag áhafnar á varasömustu stigum flugsins.

CAT.OP.MPA.135 Flugleiðir og flugsvæði — almennt

a) Flugrekandi skal sjá til þess að einungis sé flogið á leiðum og svæðum þar sem:

1) aðstaða og þjónusta er veitt á jörðu niðri, þ.m.t. veðurþjónusta, sem er viðunandi fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) afkastageta loftfars uppfyllir kröfur um lágmarksflughæð,

3) búnaður loftfar uppfyllir lágmarkskröfur um fyrirhugað flug og

4) viðeigandi landabréf og kort eru tiltæk.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flogið sé í samræmi við hverja þá takmörkun á flugleiðum eða flugsvæðum sem lögbært yfirvald tilgreinir.

c) Ákvæði 1. lið a-liðar gildir einungis um sjónflug að degi þegar flugvél, sem flokkast sem flókin, vélknúin flugvél, er flogið frá og til sama flugvallar eða starfrækslusvæðis.

CAT.OP.MPA.136 Flugleiðir og flugsvæði — eins hreyfils flugvélar

Flugrekandi skal sjá til þess að eins hreyfils flugvélar séu aðeins starfræktar á flugleiðum, eða innan svæða, þar sem yfirborðið er þannig að mögulegt sé að framkvæma örugga nauðlendingu.

CAT.OP.MPA.137 Flugleiðir og flugsvæði — þyrlur

Flugrekandi skal sjá til þess:

a) að fyrir þyrlur, sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 3, sé til staðar yfirborð þar sem mögulegt er að framkvæma örugga nauðlendingu, nema þegar samþykkt hefur verið að þyrlan sé starfrækt í samræmi við CAT.POL.H.420,

b) að fyrir þyrlur, sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 3 og notaðar eru til strandflutninga, séu verklagsreglur í rekstrarhandbókinni til að tryggja að breidd strandleiðarinnar og búnaður um borð samrýmist ríkjandi skilyrðum á þeim tíma.

CAT.OP.MPA.140 Mesta fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án ETOPS-samþykkis

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja tveggja hreyfla flugvél, nema með samþykki lögbærs yfirvalds, í samræmi við F-kafla í V. viðauka (SPA-hluta), á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur fjær viðunandi flugvelli við staðalskilyrði og í logni, en þegar um er að ræða:

1) flugvélar í afkastagetuflokki A, annaðhvort með:

i. hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 20 eða fleiri eða

ii. hámarksflugtaksmassa, sem er 45 360 kg eða meiri;

þá vegalengd sem flogin er á 60 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið,

2) flugvélar í afkastagetuflokki A með:

i. hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri og

ii. hámarksflugtaksmassa sem er 45 360 eða minni;

þá vegalengd sem flogin er á 120 mínútum, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds, allt að 180 mínútum fyrir þotur, með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið,

3) flugvélar í afkastagetuflokki B eða C:

i. vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, í samræmi við b-lið, eða

ii. 300 sjómílur, hvort sem er styttra.

b) Flugrekandi skal ákvarða hraða, sem fer ekki yfir hámarksrekstrarhraða (e. maximum operating speed – V_{MO}), til þess að reikna út hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli fyrir hverja tegund eða hvert afbrigði tveggja hreyfla flugvélar sem byggist á réttum flughraða sem flugvélin getur haldið með einn hreyfil óstarfhæfan.

c) Flugrekandi skal fella gögn um eftirfarandi atriði, sem eiga við hverja tegund eða hvert afbrigði, inn í rekstrarhandbókina:

1) ákvarðaðan farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan og

2) ákvarðaða hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli.

d) Til að hljóta samþykkið, sem um getur í 2. lið a-liðar, skal flugrekandinn sýna fram á:

1) að það hafi verið gefið út ETOPS-gerðarsamþykki fyrir samsetningu flugvélar/hreyfils hvað varðar tegundahönnun og áreiðanleika, fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) að röð ráðstafana hafi verið gerðar til að tryggja að flugvélinni og hreyflum hennar sé viðhaldið til að uppfylla nauðsynleg áreiðanleikaviðmið og

3) að flugliðar og annað viðkomandi starfsfólk flugrekstrarsviðs hljóti þjálfun og hafi tilskilin starfsréttindi til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu.

CAT.OP.MPA.145 Lágmarksflughæðir ákveðnar

a) Flugrekandi skal ákvarða, að því er varðar alla leiðarleggi sem á að fljúga:

1) lágmarksflughæðir, sem veitir tilskilið lágmarksbil frá hindrun, með tilliti til krafna í C-kafla, og

2) aðferð fyrir flugliða til að ákvarða þessar hæðir.

b) Aðferðin við að ákveða lágmarksflughæðir skal háð samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Ef mismunur er á lágmarksflughæðum sem flugrekandi tilkynnir annars vegar og ríkið, sem flogið er yfir, hins vegar skulu hærri mörkin gilda.

CAT.OP.MPA.150 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga

a) Flugrekandi skal setja viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga við gerð flugáætlana og endurgerð áætlunar á flugi svo tryggt sé að nægjanlegt eldsneyti sé tekið með í fyrirhugað flug sem og nægilegt varaeldsneyti ef víkja þarf frá flugáætlun. Þörf er á fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds fyrir viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga og allar breytingar á þeim.

b) Flugrekandinn skal sjá til þess að flugáætlanir séu a.m.k. byggðar á:

1) verklagsreglum í rekstrarhandbókinni og:

i. gögnum sem framleiðandi loftfarsins útvegar eða

ii. gögnum sem fylgja viðkomandi loftfari, fengnum úr kerfi þar sem fylgst er með eyðslu eldsneytis,

og

2) þeim rekstrarskilyrðum, sem framkvæma á flugið við, þ.m.t.:

i. gögn um eldsneytisnotkun loftfars,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurútlit og

iv. verklagsreglur flugleiðsöguþjónustu og takmarkanir.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti til aksturs,

2) eldsneyti til flugs,

3) varaeldsneyti sem er:

i. viðlagaeldsneyti,

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist,

iii. neyðareldsneyti og

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis

og

4) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi sé innifalið þegar nýtanlegt eldsneyti er reiknað út vegna endurgerðrar áætlunar á flugi og fljúga verður aðra leið eða til annars ákvörðunarstaðar en upphaflega var áætlað:

1) eldsneyti til að ljúka fluginu og

2) varaeldsneyti sem er:

i. viðlagaeldsneyti,

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist,

iii. neyðareldsneyti og

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis

og

3) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

CAT.OP.MPA.151 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga — tilslakanir

a) Þrátt fyrir b- til d-lið í CAT.OP.MPA.150, skal flugrekandi tryggja að útreikningar á nýtanlegu eldsneyti, sem nauðsynlegir eru fyrir flug flugvéla í afkastagetuflokki B, feli í sér:

i. eldsneyti til aksturs, ef það skiptir máli,

ii. eldsneyti til flugs,

iii. varaeldsneyti sem er:

a) viðlagaeldsneyti, sem er ekki minna en 5% af áætluðu eldsneyti til flugs, eða, ef um er að ræða endurgerð áætlunar á flugi, 5% af eldsneyti til að ljúka fluginu og

b) neyðareldsneyti til að fljúga í 45 mínútur til viðbótar að því er varðar strokkhreyfla eða 30 mínútur að því er varðar hverfihreyfla,

iv. eldsneyti til að ná til varaflugvallar ákvörðunarstaðar um ákvörðunarstað, ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist, og

v. aukaeldsneyti ef flugstjórinn tilgreinir það.

b) Þrátt fyrir b- til d-lið í CAT.OP.MPA.150 skulu viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga fyrir þyrlur, með allt að 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa, sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum eða fyrir staðbundið þyrluflug, tryggja að við lok flugferðar eða raða af flugferðum, sé neyðareldsneyti ekki undir því magni sem dugar:

1) til 30 mínútna flugs á eðlilegum farflugshraða eða

2) til 20 mínútna flugs á eðlilegum farflugshraða þegar flogið er innan svæðis sem býður upp á samfelld svæði sem henta til lendinga í varúðarskyni.

CAT.OP.MPA.155 Flutningur á sérstökum flokkum farþega (SCP)

a) Einstaklingar, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar og/eða búnaðar þegar þeir ferðast með flugi, skulu teljast til sérstakra flokka farþega, sem felur a.m.k. í sér:

1) hreyfihamlaða einstaklinga (PRM) sem, þrátt fyrir reglugerð (EB) nr. 1107/2006, teljast allir vera einstaklingar sem hafa skerta hreyfigetu sem rakin verður til líkamlegrar fötlunar, skertrar skynjunar eða hreyfigetu, varanlegrar eða tímabundinnar, greindarskerðingar eða vegna annars konar fötlunar eða aldurs,

2) ungbörn og fylgdarlaus börn og

3) einstaklinga sem vísað hefur verið úr landi, óæskilega farþega eða fanga í varðhaldi.

b) Sérstakir flokkar farþega skulu ferðast við sérstakar aðstæður sem tryggja öryggi loftfarsins og farþega þess, samkvæmt verklagsreglum sem flugrekandi setur.

c) Sérstökum flokkum farþega skal ekki úthluta sætum eða þeir sitja í sætum, sem hafa beinan aðgang að neyðarútgöngum eða þar sem vera þeirra gæti:

1) hindrað flugverja í að sinna skyldustörfum sínum,

2) lokað aðgengi að neyðarbúnaði eða

3) hindrað neyðarrýmingu loftfarsins.

d) Flugstjóra skal tilkynnt um það fyrir fram þegar flytja á sérstaka flokka farþega um borð.

CAT.OP.MPA.160 Frágangur á farangri og farmi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja:

a) að einungis handfarangur, sem unnt er að ganga frá á viðunandi og öruggan hátt, sé tekinn um borð í farþegaklefann og

b) að gengið sé frá öllum farangri og farmi um borð, sem gæti valdið slysi eða skaða eða lokað göngum og útgöngum ef farangur eða farmur færist úr stað, þannig að komið sé í veg fyrir hreyfingu.

CAT.OP.MPA.165 Skipan farþega í sæti

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að farþegum sé skipað þannig í sæti að þeir geti orðið að sem mestu liði en ekki verið til trafala ef til neyðarrýmingar kemur.

CAT.OP.MPA.170 Upplýsingar til farþega

Flugrekandi skal sjá til þess að farþegar:

a) fái upplýsingar og sýnikennslu varðandi öryggi með þeim hætti sem greiðir fyrir framkvæmd þeirra verklagsreglna sem gilda ef neyðarástand skapast og

b) fái í hendur spjald með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun neyðarbúnaðar og -útganga sem líklegt er að farþegar noti.

CAT.OP.MPA.175 Undirbúningur flugs

a) Ljúka skal við leiðarflugáætlun fyrir hvert fyrirhugað flug með afkastagetu loftfars til hliðsjónar sem og önnur starfrækslumörk og viðeigandi skilyrði sem gera má ráð fyrir á flugleiðinni og á flugvöllum eða starfrækslusvæðum sem um er að ræða.

b) Ekki skal hefja flug nema flugstjóri sé þess fullviss:

1) að unnt sé að fara að öllum atriðunum, sem mælt er fyrir um í lið 2.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, að því er varðar lofthæfi og skráningu loftfars, tæki og búnað, massa og staðsetningu þyngdarmiðju, farangur og farm og starfrækslumörk loftfara,

2) að loftfarið sé ekki notað í andstöðu við ákvæði sem er að finna í lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug,

3) að þeir hlutar rekstrarhandbókarinnar, sem krafist er fyrir viðkomandi flug, séu fyrir hendi,

4) að skjöl, viðbótarupplýsingar og eyðublöð, sem samkvæmt CAT.GEN.MPA.180 eiga að vera tiltæk, séu um borð,

5) að gildandi landabréf og kort og tengd skjöl eða tilsvarandi gögn, er lúta að fyrirhuguðu flugi loftfarsins, séu tiltæk, þar á meðal vegna hvers konar breytinga á flugleið sem telja má réttmætt að geti orðið,

6) að nauðsynlegur búnaður og þjónusta á jörðu niðri fyrir fyrirhugað flug sé fyrir hendi og viðunandi,

7) í fyrirhuguðu flugi sé unnt að fara að ákvæðum rekstrarhandbókarinnar um eldsneytis-, olíu- og súrefnisbirgðir, lágmarksflughæðir, flugvallarlágmörk og að varaflugvellir séu fyrir hendi, ef þörf krefur, og

8) að farið sé að öllum viðbótartakmörkunum á starfrækslu.

c) Þrátt fyrir a-lið er ekki gerð krafa um leiðarflugáætlun fyrir sjónflug:

1) að því er varðar flugvélar sem flokkast ekki sem flóknar, vélknúnar flugvélar og taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða

2) að því er varðar þyrlur, með 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða þar undir, sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum á staðbundnu svæði eins og tilgreint er í rekstrarhandbók.

CAT.OP.MPA.180 Val á flugvöllum — flugvélar

a) Ef ekki er mögulegt að nota brottfararflugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak af ástæðum sem tengjast veðri eða afköstum skal flugrekandi velja annan viðunandi varaflugvöll fyrir flugtak sem er ekki í meiri fjarlægð frá brottfararflugvelli en sem nemur:

1) að því er varðar tveggja hreyfla flugvélar:

i. einnar klukkustundar flugtíma á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalskilyrði miðað við raunmassa við flugtak eða

ii. fjarflugstímanum, sem samþykktur er í samræmi við F-kafla í V. viðauka (SPA-hluta), með fyrirvara um allar takmarkanir á lista yfir lágmarksbúnað, að hámarki tveggja klukkustunda flug á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalskilyrði miðað við raunmassa við flugtak,

2) að því er varðar þriggja- og fjögurra hreyfla flugvélar, tveggja klukkustunda flugtíma á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak.

Ef farflugshraði með einn hreyfil óstarfhæfan er ekki gefinn upp í flughandbók skal hraðinn, sem notaður er við útreikningana, vera sá hraði sem næst með því að nota samfellt hámarksafl á þeim hreyfli eða hreyflum sem enn eru virkir.

b) Flugrekandi skal velja a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar í hvert sinn sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR), nema ákvörðunarflugvöllur sé afskekktur flugvöllur eða:

1) tíminn frá flugtaki til lendingar samkvæmt flugáætlun, eða ef flugáætlun er endurgerð á flugi í samræmi við d-lið CAT.OP.MPA.150, fari flugtíminn, sem eftir er til ákvörðunarflugvallar, ekki yfir sex klukkustundir og

2) á ákvörðunarflugvelli séu tiltækar tvær aðskildar og nothæfar flugbrautir og veðurlýsingar og/eða veðurspár fyrir ákvörðunarflugvöllinn gefi til kynna að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma á ákvörðunarstað verði skýjahulan í a.m.k. 2 000 fetum eða hringaðflugshæð +500 fet, hvort sem er hærra og vallarskyggni a.m.k. 5 km.

c) Flugrekandi skal velja tvo varaflugvelli ákvörðunarstaðar:

1) ef veðurlýsingar og/eða verðurspár fyrir ákvörðunarflugvöll benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma verði veðurskilyrði undir gildandi áætlunarlágmörkum eða

2) ef engar veðurupplýsingar eru fáanlegar.

d) Flugrekandi skal tilgreina í leiðarflugáætlun þá varaflugvelli sem krafist er.

CAT.OP.MPA.181 Val á flugvöllum og starfrækslusvæðum — þyrlur

a) Að því er varðar flug við blindflugsskilyrði (IMC) skal flugstjóri velja varaflugvöll fyrir flugtak innan einnar klukkustundar flugtíma, á eðlilegum farflugshraða, ef ekki er mögulegt að snúa aftur á brottfararstað vegna veðurs.

b) Að því er varðar blindflug (IFR) eða þegar flogið er við sjónflugsskilyrði (VFR) eða með hliðsjón af öðru en kennileitum, skal flugstjórinn tilgreina a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar í leiðarflugáætlun, nema:

1) ákvörðunarstaðurinn sé strandflugvöllur og þyrlunni flogið af hafi til lands,

2) að því er varðar flug til annars ákvörðunarstaðar á landi, lengd flugsins og ríkjandi veðurskilyrði séu þannig að við áætlaðan komutíma, á þeim stað þar sem fyrirhugað er að lenda, séu aðflug og lending möguleg samkvæmt sjónflugsskilyrðum (VMC) eða

3) staðurinn þar sem fyrirhugað er að lenda sé einangraður og enginn varaflugvöllur til staðar en í slíku tilviki skal ákveða tiltekin vendimörk (e. point of no return).

c) Flugrekandi skal velja tvo varaflugvelli ákvörðunarstaðar:

1) ef veðurlýsingar og/eða verðurspár fyrir ákvörðunarflugvöll benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma verði veðurskilyrði undir gildandi áætlunarlágmörkum eða

2) ef engar veðurupplýsingar eru fáanlegar fyrir ákvörðunarflugvöll.

d) Flugrekandi má velja varaflugvöll ákvörðunarstaðar á hafi úti ef eftirfarandi viðmiðunum er beitt:

1) varaflugvöllur ákvörðunarstaðar á hafi úti skal aðeins notaður eftir að farið er framhjá vendimörkum; áður en komið er að vendimörkum skal notast við varaflugvöll á landi,

2) á varaflugvelli skal vera hægt að lenda með einn hreyfil óstarfhæfan,

3) að því marki sem mögulegt er skal tryggja aðgengi að þilfari; stærð, lögun og hindranabil einstakra þyrlupalla eða annarra svæða skal metið til þess að ákvarða hvort þeir henti til notkunar sem varaflugvöllur fyrir hverja þá tegund þyrlu sem fyrirhugað er að nota,

4) ákvarða skal lágmarksveðurskilyrði, að teknu tilliti til nákvæmni og áreiðanleika veðurupplýsinga,

5) listi yfir lágmarksbúnað skal fela í sér sértæk ákvæði fyrir þessa tegund starfrækslu og

6) varaflugvöllur á hafi úti skal aðeins valinn ef flugrekandi hefur ákvarðað verklagsreglu í rekstrarhandbókinni.

e) Flugrekandi skal tilgreina í leiðarflugáætlun þá varaflugvelli sem krafist er.

CAT.OP.MPA.185 Áætlunarlágmörk fyrir blindflug (IFR) — flugvélar

a) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll fyrir flugtak*

Flugrekandi skal einungis velja flugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak þegar viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár benda til þess að klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi lendingarlágmörk sem tilgreind eru í samræmi við CAT.OP.MPA.110. Taka skal tillit til hæðar skýjahulu ef eina mögulega aðflugið er grunnaðflug (NPA) og/eða hringaðflug. Taka verður tillit til allra takmarkana á flugi með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) *Áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll, annan en afskekktan ákvörðunarflugvöll*

Flugrekandi skal einungis velja ákvörðunarflugvöll þegar:

1) veðurlýsingar og/eða veðurspár benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma á flugvöllinn verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en eftirfarandi, gildandi áætlunarlágmörk:

i. flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni (VIS) tilgreint í samræmi við CAT.OP.MPA.110 og

ii. fyrir grunnaðflug eða hringaðflug, er skýjahula í eða yfir lágmarkslækkunarhæð (MDH),

eða

2) tveir varaflugvellir ákvörðunarstaðar voru valdir.

c) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll ákvörðunarstaðar, afskekktan flugvöll, varaeldsneytisflugvöll á flugleið, varaflugvöll á flugleið*

Flugrekandi skal einungis velja flugvöll í framangreindum tilgangi ef viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár, benda til þess að klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin sem tilgreind eru í töflu 1.

Tafla 1

Áætlunarlágmörk
Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar, afskekktur ákvörðunarflugvöllur, varaeldsneytisflugvöllur á flugleið, varaflugvöllur á flugleið

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
II. og III. flokkur	I. flokkur, flugbrautarskyggni
I. flokkur	Flugbrautarskyggni/skyggni í grunnaðflugi Skýjahula skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð.
Grunnaðflug	Flugbrautarskyggni/skyggni í grunnaðflugi + 1 000 m Skýjahula skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð + 200 fet
Hringaðflug	Hringaðflug

CAT.OP.MPA.186 Áætlunarlágmörk fyrir blindflug — þyrlur

a) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll eða -flugvelli fyrir flugtak*

Flugrekandi skal einungis velja flugvöll eða lendingarstað sem varaflugvöll fyrir flugtak þegar veðurlýsingar og/eða veðurspár benda til þess að klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma til varaflugvallar fyrir flugtak, verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi lendingarlágmörk sem tilgreind eru í samræmi við CAT.OP.MPA.110. Taka skal tillit til skýjahulu ef eina mögulega aðflugið er grunnaðflug. Taka verður tillit til allra takmarkana á flugi með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) *Áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll og varaflugvöll eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar*

Flugrekandi skal einungis velja ákvörðunarflugvöll og/eða varaflugvöll eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar ef veðurlýsingar og/eða veðurspár, benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins eða starfrækslustaðar verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en eftirfarandi, gildandi áætlunarlágmörk:

1) Eftirfarandi áætlunarlágmörk ákvörðunarflugvallar skulu notuð, sbr. þó d-lið í CAT.OP.MPA.181:

i. flugbrautarskyggni/skyggni í samræmi við CAT.OP.MPA.110 og

ii. fyrir grunnaðflug, skýjahula er í eða yfir lágmarkslækkunarhæð.

2) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll ákvörðunarstaðar eru sýnd í töflu 1.

Tafla 1

Áætlunarlágmörk varaflugvallar ákvörðunarstaðar

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
II. og III. flokkur	I. flokkur, flugbrautarskyggni
I. flokkur	I. flokkur + 200 fet/400 m skyggni
Grunnaðflug	Flugbrautarskyggni/skyggni í grunnaðflugi + 400 m Skýjahula skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð + 200 fet

CAT.OP.MPA.190 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu

a) Ef flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu er ekki lögð fram vegna þess að í flugreglum er ekki gerð krafa um það, skal leggja fram nægilegar upplýsingar til að unnt sé að virkja viðbúnaðarþjónusta, ef þörf krefur.

b) Þegar flogið er frá stað þar sem ógerlegt er að leggja fram flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu skal flugstjóri eða flugrekandi senda hana eins fljótt og auðið er eftir flugtak.

CAT.OP.MPA.195 Eldsneytistaka/eldsneytislosun á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

a) Ekki skal setja flugvélabensín (e. aviation gasoline), eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili eða blöndu af þessum eldsneytistegundum, á loftfar eða losa það á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði.

b) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir, að því er varðar allar aðrar tegundir eldsneytis, og skal loftfarið vera mannað hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu loftfarsins á sem hagkvæmastan og skjótastan hátt.

CAT.OP.MPA.200 Eldsneytistaka/eldsneytislosun þar sem suðumark eldsneytis er á breiðu hitabili

Eldsneytistaka/eldsneytislosun þar sem suðumark eldsneytis er á breiðu hitabili skal einungis framkvæmd ef flugrekandi hefur ákvarðað viðeigandi verklagsreglur þar sem tekið er tillit til þeirrar miklu áhættu sem fylgir því að nota eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili.

CAT.OP.MPA.205 Ýting og dráttur — flugvélar

Verklagsreglur um ýtingu og drátt, sem flugrekandi tilgreinir, skulu framkvæmdar í samræmi við kröfur og verklagsreglur sem settar hafa verið í flugi.

CAT.OP.MPA.210 Flugverjar í vinnureitum

a) *Flugliðar*

1) Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal vera í sínum vinnureit í flugtaki og lendingu.

2) Á öllum öðrum stigum flugsins skal hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, ávallt vera í sínum vinnureit nema fjarvera hans sé óhjákvæmileg vegna skyldustarfa í tengslum við starfrækslu loftfarsins eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum, að því tilskildu að alltaf sé a.m.k. einn flugmaður með tilskilin starfsréttindi við stýrið.

3) Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal á öllum stigum flugs halda árvekni sinni. Ef vart verður við skort á árvekni skal viðeigandi gagnráðstöfunum beitt. Ef óvænt þreyta gerir vart við sig má nota skammtaða hvíld sem flugstjóri skipuleggur ef vinnuálag heimilar það. Skömmtuð hvíld, sem tekin er með þessum hætti, skal hvorki teljast hluti af hvíldartíma þegar fartímamörk eru reiknuð né notuð til að réttlæta hvers konar framlengingu á flugvakt.

b) *Öryggis- og þjónustuliðar*

Á varasömustu stigum flugs skal hver öryggis- og þjónustuliði sitja í sínum vinnureit og ekki inna af hendi nein önnur störf en þau sem nauðsynleg eru vegna öruggrar starfrækslu loftfars.

CAT.OP.MPA.215 Notkun á heyrnartólum — flugvélar

a) Allir flugliðar, sem krafist er að séu á vakt í stjórnklefa, skulu vera með heyrnartól með hljóðnema eða jafngildi þess. Heyrnartólið skal vera aðaltækið í talfjarskiptum við flugumferðarþjónustu:

1) á jörðu niðri:

i. þegar tekið er á móti brottflugsheimild frá flugumferðarstjórn með talfjarskiptum og

ii. þegar hreyflar eru í gangi,

2) á flugi:

i. undir skiptihæð eða

ii. í 10 000 feta hæð, hvort heldur er hærra,

og

3) þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt.

b) Við skilyrðin, sem lýst er í a-lið, skal hljóðneminn eða jafngildur búnaður vera þannig staðsettur að hægt sé að nota hann til tvíátta þráðlausra fjarskipta.

CAT.OP.MPA.216 Notkun heyrnartóla — þyrlur

Allir flugliðar, sem gerð er krafa um að séu á vakt í stjórnklefa, skulu hafa heyrnartól með hljóðnema eða jafngildi þess og nota þau sem aðaltæki í samskiptum við flugumferðarþjónustu.

CAT.OP.MPA.220 Búnaður til neyðarrýmingar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að hvers konar búnaður til neyðarrýmingar, sem opnast sjálfkrafa, sé undirbúinn fyrir notkun þegar það er óhætt og því verður við komið áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu.

CAT.OP.MPA.225 Sæti, öryggisbelti og festibúnaður

a) *Flugverjar*

1) Í flugtaki og lendingu svo og ávallt þegar flugstjóri tekur þá ákvörðun í öryggisskyni skulu allir flugverjar vera tryggilega spenntir með öllum öryggisbeltum og festibúnaði sem eru fyrir hendi.

2) Á öðrum stigum flugsins skulu allir flugliðar í stjórnklefa hafa sætisólar spenntar þegar þeir eru í sínum vinnureit.

b) *Farþegar*

1) Fyrir flugtak, lendingu og í akstri, sem og ávallt þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni, skal flugstjórinn tryggja að allir farþegar um borð séu tryggilega spenntir í sæti sínu eða legurúmi, með öryggisbeltum eða festibúnaði.

2) Flugrekandi skal setja ákvæði um það þegar fleiri en einn eru um sama sæti í loftfari, sem einungis er heimilt í tilgreindum sætum. Flugstjórinn skal tryggja að ekki séu fleiri en einn um sama sæti nema um sé að ræða einn fullorðinn og eitt ungbarn sem er tryggilega fest með viðbótarlykkjubelti eða öðrum festibúnaði.

CAT.OP.MPA.230 Öryggi í farþegarými og eldhúsum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu séu útgangar og neyðarútgönguleiðir hvergi tepptar.

b) Flugstjóri skal sjá til þess að fyrir flugtak og lendingu og ávallt þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni sé allur búnaður og farangur tryggilega festur.

CAT.OP.MPA.235 Björgunarvesti — þyrlur

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að þegar þyrla í afkastagetuflokki 3 er starfrækt yfir hafi eða vatni sé tekið tillit til lengdar flugsins og þeirra aðstæðna sem geta komið upp þegar tekin er ákvörðun um það hvort allir farþegar noti björgunarvesti.

CAT.OP.MPA.240 Reykingar um borð

Flugstjóri skal ekki heimila reykingar um borð:

a) þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni,

b) meðan á eldsneytistöku og eldsneytislosun loftfars stendur,

c) þegar loftfarið er á jörðu niðri nema flugrekandi hafi ákveðið verklagsreglur til mildunar áhættu við starfrækslu á jörðu niðri,

d) utan þeirra svæða sem ætluð eru til reykinga, s.s. á göngum og inni á salernum,

e) í farmrými og/eða á öðrum stöðum þar sem farmur er ekki geymdur í eldþolnum gámum eða ekki er breitt yfir hann með eldþolnum segldúk og

f) í þeim hlutum farþegarýmis þar sem súrefnisgjöf fer fram.

CAT.OP.MPA.245 Veðurskilyrði — öll loftför

a) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri einungis:

   1) hefja flugtak eða

   2) fljúga lengra en að þeim stað þaðan sem endurgerð flugáætlunar fyrir flugumferðarþjónustu gildir, ef um er að ræða endurgerð áætlunar á flugi;

   ef upplýsingar liggja fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða flugvöllum, jafngóð eða betri en tiltekin áætlunarlágmörk.

b) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri einungis halda áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu, tiltækar upplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

c) Þegar flogið er samkvæmt sjónflugsreglum skal flugstjóri einungis hefja flugtak ef viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár benda til þess að veðurskilyrði á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma sem fyrirhugað er að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum, verði jafngóð eða betri en lágmörk vegna sjónflugs.

CAT.OP.MPA.246 Veðurskilyrði — flugvélar

Til viðbótar við CAT.OP.MPA.245 skal flugstjóri á flugvél í blindflugi, aðeins fljúga lengra en:

a) að ákvörðunarpunkti þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um minnkað viðlagaeldsneyti eða

b) að leiðarskilum (PDP) þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um leiðarskil.

Ef upplýsingar liggja fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða varaflugvöllum, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

CAT.OP.MPA.247 Veðurskilyrði — þyrlur

Eftirfarandi gildir til viðbótar við CAT.OP.MPA.245:

a) Flugstjóri skal, þegar hann flýgur þyrlu yfir vatni samkvæmt sjónflugsreglum, án þess að það sjáist til lands, einungis hefja flugtak ef viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að skýjahulan verði fyrir ofan 600 fet að degi til eða 1 200 fet að nóttu til.

b) Þrátt fyrir a-lið má framkvæma sjónflug þegar flogið er á milli þyrlupalla í loftrými í flokki G ef svæðið yfir vatni er undir 10 sjómílum, ef mörkin eru eftirfarandi eða betri en eftirfarandi:

Tafla 1

Lágmörk fyrir flug á milli þyrlupalla sem staðsettir eru í loftrými í G-flokki

	Dagur		Nótt	
	Hæð(*)	Skyggni	Hæð(*)	Skyggni
Einn flugmaður	300 fet	3 km	500 fet	5 km
Tveir flugmenn	300 fet	2 km(**)	500 fet	5 km(***)

(*) Lægra borð skýja skal vera þannig að mögulegt sé að fljúga í tilgreindri hæð, undir henni og laus við ský.
(**) Starfrækja má þyrlur í flugskyggni niður að 800 m, að því tilskildu að ákvörðunarstaður eða mannvirki, sem eru þar á milli, séu ávallt sýnileg.
(***) Starfrækja má þyrlur í flugskyggni niður að 1500 m, að því tilskildu að ákvörðunarstaður eða mannvirki, sem eru þar á milli, séu ávallt sýnileg.

c) Þyrluflug að þyrlupalli eða hækkuðu lokaaðflugs- og flugtakssvæði skal aðeins eiga sér stað þegar meðalvindhraði að þyrlupallinum eða hækkaða lokaaðflugs- og flugtakssvæðinu er undir 60 hnútum.

CAT.OP.MPA.250 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvenær ísingarvarnir og afísing á jörðu niðri og tilheyrandi skoðun á flugvélinni eru nauðsynleg til að örugg starfræksla loftfara verði möguleg.

b) Flugstjórinn skal einungis hefja flugtak ef loftfarið er laust við öll aðskotaefni sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu eða stjórnhæfi loftfarsins, nema eins og leyfilegt er samkvæmt a-lið og í samræmi við flughandbók.

CAT.OP.MPA.255 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á flugi

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flug í ísingu eða ef búast má við ísingu.

b) Flugstjórinn skal einungis leggja upp í flug eða fljúga vísvitandi inn í veðurskilyrði, þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni, ef loftfarið hefur skírteini og tækjabúnað til flugs við slík skilyrði.

c) Fari ísing yfir það stig ísingar sem loftfarið er vottað fyrir eða ef loftfar, sem ekki er vottað til að fljúga við þekkt skilyrði ísingar, lendir í ísingu skal flugstjóri tafarlaust fljúga út úr ísingunni, með því að breyta flughæð og/eða flugleið, ef nauðsyn krefur með því að lýsa yfir neyðarástandi við flugumferðarstjórn.

CAT.OP.MPA.260 Eldsneytis- og olíubirgðir

Flugstjóri skal einungis leggja upp í flug eða halda lengra hafi áætlun verið endurgerð á flugi ef hann hefur gengið úr skugga um að á loftfarinu sé eldsneyti og olía sem ætla má að nægi a.m.k. til að ljúka fluginu örugglega, að teknu tilliti til þeirra flugskilyrða sem búast má við.

CAT.OP.MPA.265 Flugtaksskilyrði

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um:

a) að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur, sé veðrið á flugvelli eða starfrækslusvæði og skilyrði á flugbraut eða lokaaðflugs- og flugtakssvæði, sem fyrirhugað er að nota, þannig að það myndi ekki koma í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) að farið verði að flugvallarlágmörkum sem hafa verið ákvörðuð.

CAT.OP.MPA.270 Lágmarksflughæðir

Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal ekki fljúga undir tilteknum lágmarksflughæðum nema þegar:

a) það er nauðsynlegt vegna flugtaks eða lendingar eða

b) flug er lækkað í samræmi við verklagsreglur sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

CAT.OP.MPA.275 Hermt eftir óeðlilegum aðstæðum á flugi

Flugrekandi skal tryggja að þegar flytja á farþega eða farm sé ekki hermt eftir eftirfarandi:

a) afbrigðilegu ástandi eða neyðarástandi þar sem þess er krafist að notast sé við afbrigðilegar verklagsreglur eða verklagsreglur í neyðartilvikum eða

b) flugi við blindflugsskilyrði með gerviblindflugi.

CAT.OP.MPA.280 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi — flugvélar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að eldsneytisbirgðir séu athugaðar á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum.

a) *Athugun á eldsneytisbirgðum á flugi*

1) Flugstjórinn skal tryggja að eldsneytisbirgðir séu athugaðar með reglubundnu millibili meðan á flugi stendur. Það nýtanlega eldsneyti, sem eftir er, skal skráð og metið til þess:

i. að bera saman raunverulega og áætlaða eldsneytiseyðslu,

ii. að kanna hvort nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er, nægi til að komast á leiðarenda, í samræmi við b-lið,

iii. að áætla hversu mikið nýtanlegt eldsneyti verði eftir við komuna til ákvörðunarflugvallar.

2) Skrá verður viðkomandi eldsneytistölur.

b) *Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi*

1) Flugið skal vera þannig að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er, við komuna til ákvörðunarflugvallar sé ekki minna en:

i. tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti eða

ii. neyðareldsneyti ef varaflugvallar er ekki krafist.

2) Ef athugun á eldsneytisbirgðum á flugi sýnir að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við komuna til ákvörðunarflugvallar, sé ekki minna en:

i. tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti, skal flugstjórinn taka með í reikninginn umferð og ríkjandi aðstæður á ákvörðunarflugvelli, varaflugvelli ákvörðunarstaðar svo og á öllum öðrum viðeigandi flugvöllum, þegar hann ákveður hvort hann eigi að halda áfram til ákvörðunarflugvallar eða víkja af leið til þess að geta lent á öruggan hátt með a.m.k. neyðareldsneytið ónotað eða

ii. neyðareldsneyti, ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er ekki krafist, skal flugstjórinn bregðast rétt við og halda áfram til viðunandi flugvallar til þess að geta lent á öruggan hátt með a.m.k. neyðareldsneytið ónotað.

3) Flugstjórinn skal lýsa yfir neyðarástandi ef reiknað magn af nýtanlegu eldsneyti við lendingu á næsta viðunandi flugvelli, þar sem hægt er að lenda á öruggan hátt, er minna en neyðareldsneytið.

4) Frekari skilyrði vegna tiltekins verklags.

i. Í flugi, þar sem nota þarf verklagsreglur vegna talstöðvarbilunar (RCF procedure) til að halda áfram til fyrsta ákvörðunarflugvallar, skal flugstjórinn sjá til þess að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við ákvörðunarpunkt, sé a.m.k. samanlagt:

a) eldsneyti til flugs frá ákvörðunarpunkti til fyrsta ákvörðunarflugvallar,

b) viðlagaeldsneyti, sem jafngildir 5% af eldsneyti til flugs frá ákvörðunarpunkti til fyrsta ákvörðunarflugvallar,

c) eldsneyti til fyrsta varaflugvallar, ef fyrsta varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist, og

d) neyðareldsneyti.

ii. Í flugi, þar sem nota þarf verklagsreglur um leiðarskil (PDP procedure) til að halda áfram til ákvörðunarflugvallar skal flugstjórinn sjá til þess að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við leiðarskil, sé a.m.k. samanlagt:

a) eldsneyti til flugs frá leiðarskilum til ákvörðunarflugvallar,

b) viðlagaeldsneyti frá leiðarskilum til ákvörðunarflugvallar,

c) viðbótareldsneyti.

CAT.OP.MPA.281 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi — þyrlur

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að eldsneytisbirgðir séu athugaðar á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að birgðir nýtanlegs eldsneytis á flugi séu ekki minni en svo að þær endist til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem lenda má með öruggum hætti, en þó sé neyðareldsneytið ónotað.

c) Flugstjóri skal lýsa yfir neyðarástandi ef raunverulegt magn af nýtanlegu eldsneyti um borð er minna en neyðareldsneytið.

CAT.OP.MPA.285 Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjóri skal sjá til þess að flugliðar, sem sinna skyldustörfum sem lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar inniþrýstingshæð samsvarar meira en 10 000 feta hæð lengur en í 30 mínútur og ávallt þegar hún samsvarar meira en 13 000 fetum.

CAT.OP.MPA. 290 Viðvörun um nálægð við jörð

Ef flugliði eða jarðvarakerfi greinir óvænta nálægð við jörð skal flugmaður við stjórn tafarlaust gera aðgerðir til úrbóta til að færa flugið aftur í öruggt horf.

CAT.OP.MPA.295 Notkun árekstrarvarakerfis í flugi (ACAS)

Flugrekandi skal setja verklagsreglur og ákvarða þjálfunaráætlanir þegar árekstrarvarakerfi í flugi hefur verið sett upp og gert starfhæft. Þegar notast er við árekstrarvarakerfi II (ACAS II) í flugi, skulu slíkar verklagsreglur og þjálfun samrýmast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011([16]).

CAT.OP.MPA.300 Aðflugs- og lendingarskilyrði

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt eigi að spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbók.

CAT.OP.MPA.305 Byrjun og framhald á aðflugi

a) Flugstjóra eða flugmanni, sem hefur verið falin stjórn flugsins, er heimilt að hefja blindaðflug óháð skráðu flugbrautarskyggni/skyggni.

b) Ef skráð flugbrautarskyggni/skyggni er minna en gildandi lágmörk skal ekki halda aðflugi áfram:

1) undir 1 000 fetum yfir flugvellinum eða

2) á lokakafla í blindaðflugi í tilvikum þar sem ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fetum fyrir ofan flugvöllinn.

c) Ef upplýsingar um flugbrautarskyggni eru ekki tiltækar má reikna út flugbrautarskyggni með því að umreikna tilkynnt skyggni.

d) Fari tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni niður fyrir gildandi lágmark eftir að farið hefur verið yfir 1000 feta hæð yfir flugvelli má halda aðflugi áfram í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð.

e) Flugmaður má halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og lenda, að því tilskildu að kennileiti, sem eru viðeigandi fyrir þessa tegund aðflugs, og fyrir flugbraut, þar sem fyrirhugað er að lenda, séu sýnileg í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og haldist sýnileg.

([16]) Stjtíð. ESB L 336, 20.12.2011, bls. 20.

f) Flugbrautarskyggni á snertisvæði skal alltaf vera ráðandi. Flugbrautarskyggni á miðjupunkti eða við stöðvunarenda skal einnig vera ráðandi, ef það hefur verið tilkynnt og er viðeigandi. Lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti skal vera 125 m eða það flugbrautarskyggni sem krafist er á snertisvæði, ef það er minna, og 75 m á stöðvunarsvæði. Fyrir loftför, sem búin eru leiðbeiningar- eða stýringarkerfi fyrir lendingarbrun, skal lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti vera 75 m.

CAT.OP.MPA.310 Verklagsreglur í flugi — hæð yfir þröskuldi — flugvélar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur sem ætlað er að tryggja að flugvél í nákvæmnisaðflugi fari yfir þröskuld með nægilegu öryggisbili og flugvélin sé þá í lendingarham og -horfi.

CAT.OP.MPA.315 Skýrslugjöf um fartíma — þyrlur

Flugrekandi skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um fjölda þeirra klukkustunda sem sérhver þyrla, sem starfrækt var á næstliðnu almanaksári, var á flugi.

CAT.OP.MPA.320 Gerðir loftfara

a) Gerðir loftfara skulu byggjast á sýndum flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}) sem er jafn ofrishraða með flapa í lendingarham (V_{SO}), sem er margfaldaður með 1,3 eða ofrishraða sem miðast við 1G (V_{S1G}), margfaldað með 1,23 í lendingarham við skráðan hámarkslendingamassa. Ef bæði V_{SO}- og V_{S1g}-ofrishraðar eru fyrir hendi skal nota þann hraða sem gefur hærri flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}).

b) Notast skal við þær gerðir loftfara sem tilgreindar eru í töflunni hér á eftir.

Tafla 1

Gerðir loftfara sem samsvara flughraða yfir þröskuldi

Gerðir loftfara	Sýndur flughraði yfir þröskuldi (VAT)
A	Minna en 91 hnútur
B	Frá 91–120 hnúta
C	Frá 121–140 hnúta
D	Frá 141–165 hnúta
E	Frá 166–210 hnúta

c) Lendingarhamur, sem taka á tillit til, skal tilgreindur í rekstrarhandbókinni.

d) Flugrekandi má nota lægri lendingarmassa við ákvörðun á flughraða yfir þröskuldi ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíkur lægri lendingarmassi skal vera varanlegt gildi, óháð breytilegum aðstæðum í daglegum rekstri.

C-KAFLI

TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU LOFTFARS OG TAKMARKANIR Á STARFRÆKSLU

1. ÞÁTTUR

Flugvélar

1. KAFLI

Almennar kröfur

CAT.POL.A.100 Afkastagetuflokkar

a) Flugvélin skal starfrækt í samræmi við viðeigandi kröfur um afkastagetuflokk.

b) Ef ekki er unnt að sýna fram á að viðeigandi kröfur í þessum þætti hafi verið uppfylltar að fullu vegna sérstakra hönnunareiginleika skal flugrekandi nota samþykkta staðla um afkastagetu sem tryggja að öryggið sé jafnmikið og gerð er krafa um í viðkomandi kafla.

CAT.POL.A.105 Almenn ákvæði

a) Massi flugvélarinnar:

1) í upphafi flugtaks eða

2) ef flugáætlun er breytt á flugi, á upphafsstað breyttrar flugáætlunar,

skal ekki vera meiri en sá massi sem gerir kleift að uppfylla kröfurnar í viðeigandi kafla fyrir flugið sem á að framkvæma. Frávik eru leyfileg vegna þess að gert er ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og vegna snögglosunar eldsneytis.

b) Samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók skulu notuð til að ákvarða hvort kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar og, ef þurfa þykir, að viðbættum öðrum gögnum sem mælt er fyrir um í viðkomandi kafla. Flugrekandi skal tilgreina önnur gögn í rekstrarhandbókinni. Ef notaðir eru stuðlar, sem mælt er fyrir um í viðkomandi kafla, má taka tillit til þess ef sömu starfrækslustuðlar eru þegar í gögnum flughandbókar um afkastagetu svo að sömu stuðlar séu ekki notaðir tvisvar sinnum.

c) Taka skal tilhlýðilegt tillit til þess í hvaða ham flugvélinni er flogið, umhverfisaðstæðna og starfrækslu kerfa sem hafa óhagstæð áhrif á afkastagetu.

d) Að því er varðar afkastagetu má flokka rakar flugbrautir, að undanskildum grasbrautum, sem þurrar væru.

e) Flugrekandi skal taka tillit til nákvæmni í kortagerð þegar flugtakskröfur í viðeigandi kafla eru metnar.

2. KAFLI

Afkastagetuflokkur A

CAT.POL.A.200 Almenn ákvæði

a) Önnur gögn skulu lögð fram, eftir þörfum, til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni, ef samþykkt gögn um afköst í henni eru ófullnægjandi að því er varðar atriði eins og:

1) að taka tillit til erfiðra starfræksluskilyrða, t.d. í flugtaki og lendingu á spilltum flugbrautum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir, og

2) að hafa í huga að hreyfilbilun getur orðið á öllum stigum flugs.

b) Að því er varðar blautar eða spilltar flugbrautir skal nota gögn um afkastagetu sem eru ákvörðuð í samræmi við viðeigandi kröfur um vottun stórra flugvéla eða jafngildi þeirra.

c) Notkun annarra gagna, sem um getur í a-lið, og viðeigandi kröfur, sem um getur í b-lið, skulu tilgreindar í rekstrarhandbókinni.

CAT.POL.A.205 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki fara yfir þann hámarksflugtaksmassa sem tilgreindur er í flughandbók fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á brottfararflugvelli.

b) Eftirfarandi kröfur skulu uppfylltar þegar leyfilegur hámarksflugtaksmassi er ákvarðaður:

1) hemlunarvegalengd við flugtak skal ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (ASDA),

2) flugtaksvegalengd skal ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns (TORA),

3) flugtaksbrun skal ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

4) notast skal við eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak, sem hætt er við eða haldið áfram, og

5) á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að b-lið skal taka tillit til eftirfarandi:

1) málþrýstingshæðar á flugvelli,

2) umhverfishita á flugvelli,

3) ástands og gerðar yfirborðs flugbrautar,

4) halla brautar í flugtaksátt,

5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

6) að flugbrautin kunni að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

CAT.POL.A.210 Hindranabil við flugtak

a) Raunflugslóð flugtaks skal ákvörðuð með þeim hætti að a.m.k. 35 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki að lokinni tiltækri flugtaksvegalengd, eða, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, að lokinni flugtaksvegalengd. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að a-lið:

1) skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

i. massa flugvélar við upphaf flugtaksbruns,

ii. málþrýstingshæðar á flugvelli,

iii. umhverfishita á flugvelli og

iv. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

2) skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en raunflugslóð flugtaks er komin í hæð sem svarar til hálfs vænghafs en er ekki minni en 50 fet yfir landhæð við lok tiltæks flugtaksbruns; Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15–25°,

3) skal alls staðar á raunflugslóð flugtaks, þar sem flugvélinni er hallað meira en 15°, vera a.m.k. 50 feta lóðrétt bil yfir hindranir innan láréttrar fjarlægðar sem tiltekin er í a-lið, 6. lið b-liðar og 7. lið b-liðar.

4) skal starfræksla, þar sem notaður er aukinn beygjuhalli, sem er ekki meiri en 20° í 200–400 feta hæð eða ekki meiri en 30° í yfir 400 feta hæð, eiga sér stað í samræmi við CAT.POL.A.240,

5) skal taka nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, þ.m.t. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

6) Í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

i. 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

ii. 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

7) Í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

i. 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

ii. 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

c) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að uppfylla kröfurnar í a- og b-lið og til að tryggja að leið sé örugg og að sneitt sé hjá hindrunum þannig að flugvélin geti annaðhvort uppfyllt kröfur CAT.POL.A.215 á flugleið eða lent á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

CAT.POL.A.215 Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur (OEI)

a) Gögn um raunflugslóð flugvélar á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan, sem eru í flughandbók og eiga við um veðurskilyrðin sem gert er ráð fyrir á fluginu, skulu geta sýnt fram á að alls staðar á leiðinni sé farið að b- eða c-lið. Raunflugslóð skal hafa jákvæðan halla í 1 500 fetum yfir flugvellinum þar sem áætlað er að lenda ef hreyfill bilar. Við veðurskilyrði, þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin, þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð.

b) Halli raunflugslóðar skal vera jákvæður í a.m.k. 1 000 fetum yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

c) Á raunflugslóð skal flugvélin geta haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við CAT.POL.A.225 eða CAT.POL.A.230, eins og við á. Á raunflugslóð skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2 000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril, í samræmi við eftirfarandi:

1) gert er ráð fyrir að hreyfillinn verði óstarfhæfur á versta stað á leiðinni,

2) skal tillit tekið til áhrifa vinda á flugslóðina,

3) ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallarins með tilskildar eldsneytisbirgðir, og

4) flugvöllurinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. kröfum um afkastagetu, miðað við áætlaðan lendingarmassa er fullnægt, og

ii. veðurlýsingar og/eða veðurspár og skýrslur um ástand vallarins gefa til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt á áætluðum lendingartíma.

d) Flugrekandi skal breikka beltin í b- og c-lið í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki a.m.k. tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu 5 (RNP5).

CAT.POL.A.220 Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Flugvél á fyrirhuguðum flugferli með þrjá hreyfla eða fleiri, þar sem allir hreyflar eru á farflugshraða fyrir langdrægi, skal aldrei vera fjær en svo frá flugvelli, sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum við staðalhita í logni, nema flugvélin samrýmist b- til f-lið.

b) Gögn um raunflugslóð flugvélar á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa skulu gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist er við, frá þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á sama tíma, til flugvallar þar sem unnt er að lenda og stöðva vélina að fullu með því að nota tilskilið verklag fyrir lendingu með tvo hreyfla óstarfhæfa. Á raunflugslóð skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2 000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Í þeirri hæð og við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin skal taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð. Ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki a.m.k. tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu 5, skal flugrekandi breikka framangreint belti í 18,5 km (10 sjómílur).

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum, við staðalhita í logni til flugvallar sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Raunflugslóð skal hafa jákvæðan halla í 1 500 fetum yfir flugvelli þar sem ráðgert er að lenda eftir að tveir hreyflar hafa bilað.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

f) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, skal ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 1 500 feta hæð beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

CAT.POL.A.225 Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

a) Lendingarmassi flugvélar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, skal ekki fara yfir hámarks-lendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

CAT.POL.A.230 Lending — þurrar flugbrautir

a) Lendingarmassi flugvélar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A. 105, miðað við áætlaðan lendingar-tíma á ákvörðunarflugvelli og öllum varaflugvöllum, skal leyfa lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi:

1) þegar um er að ræða flugvélar knúnar þotuhreyflum, á innan við 60% af tiltækri lendingarvegalengd (LDA), og

2) þegar um er að ræða flugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd.

b) Þegar um er að ræða verklag í bröttu aðflugi skal flugrekandi nota gögn um lendingarvegalengdir, leiðrétt í samræmi við a-lið, sem byggðar eru á lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 60 fet en ekki minni en 35 fet, og fara að CAT.POL.A.245.

c) Þegar um er að ræða skammbrautarlendingu skal flugrekandi nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við a-lið, og fara að CAT.POL.A.250.

d) Þegar lendingarmassi er ákvarðaður skal flugrekandi taka tillit til eftirfarandi:

1) hæðar flugvallar,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

3) flugbrautarhalla í lendingarátt, ef hann er meiri en ±2%.

e) Þegar flugvél er send af stað í flug skal gera ráð fyrir:

1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni í logni og

2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri, ásamt öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

f) Ef flugrekandi getur ekki farið að 1. lið e-liðar um ákvörðunarflugvöll með eina flugbraut, þar sem lending er háð tilteknum vindstuðli, má senda flugvél af stað ef tilgreindir eru tveir varaflugvellir sem eru í fullu samræmi við a- til e-lið. Áður en aðflug til lendingar á ákvörðunarflugvelli hefst skal flugstjóri ganga úr skugga um hvort unnt sé að lenda í fullu samræmi við a- til d-lið og CAT.POL.A.225.

G) Ef flugrekandi getur ekki farið að 2. lið e-liðar um ákvörðunarflugvöll skal aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti a- til e-lið.

CAT.POL.A.235 Lending — blautar og spilltar flugbrautir

a) Ef veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, skal tiltæk lendingarvegalengd vera a.m.k. 115 % af tilskilinni lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við CAT. POL.A.230.

b) Ef veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, skal tiltæk lendingarvegalengd vera a.m.k. sú sama og ákvörðuð er í samræmi við a-lið eða a.m.k. 115% af þeirri lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við samþykkt gögn um lendingarvegalengd á spilltri braut eða sambærileg gögn, eftir því hvort er lengra. Flugrekandi skal tilgreina það í rekstrarhandbók hvort notuð séu sambærileg gögn um lendingarvegalengd.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið en ekki styttri en krafist er í a-lið CAT.POL.A.230, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum er að finna í flughandbók.

d) Á sérstaklega undirbúnum, spilltum flugbrautum er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í b-lið en ekki styttri en krafist er í a-lið CAT.POL.A.230, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á spilltum flugbrautum er að finna í flughandbók.

e) Að því er varðar b-, c- og d-lið skal nota viðmiðanirnar í CAT.POL.A.230, eftir því sem við á, að því undanskildu að a-liður CAT.POL.A.230 gildi ekki um b-liðinn hér að framan.

CAT.POL.A.240 Samþykki fyrir starfrækslu með auknum beygjuhalla

a) Starfræksla með auknum beygjuhalla er háð fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

b) Til að hljóta samþykkið skal flugrekandi færa sönnur á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) flughandbók inniheldur samþykkt gögn um þá aukningu á flughraða sem nauðsynleg er og gögn sem leyfa að reiknuð sé út flugslóð þar sem tekið er tillit til aukins beygjuhalla og hraða,

2) leiðsaga eftir kennileitum er til staðar til að halda nákvæmni í flugleiðsögu,

3) lágmarksveðurskilyrði og vindmörk eru tilgreind fyrir hverja flugbraut og

4) flugliðar hafa öðlast nægilega þekkingu á þeirri flugleið sem fyrirhugað er að fljúga sem og á verklaginu sem á að nota í samræmi við ORO.OPS.FC.

CAT.POL.A.245 Samþykki fyrir bröttu aðflugi

a) Bratt aðflug, þar sem notað er 4,5% aðflugshallahorn eða stærra horn, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem er undir 60 fetum en ekki undir 35 fetum, er háð fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

b) Til að hljóta samþykkið skal flugrekandi færa sönnur á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) í flughandbók eru gefin upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi sem og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar,

2) á öllum flugvöllum þar sem framkvæma á bratt aðflug:

i. skal vera til staðar viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla,

ii. skal tilgreina lágmarksveðurskilyrði og

iii. skal einkum taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) hindrana,

b) tegundar aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu,

c) tilskilinnar lágmarkssýnar til kennileita úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

d) tiltæks tækjabúnaðar flugvélar,

e) starfsréttinda flugmanns og þekkingar hans á staðháttum við flugvöllinn,

f) takmarkana og verklagsreglna í flughandbók og

g) viðmiðana fyrir fráflug.

CAT.POL.A.250 Samþykki fyrir skammbrautarlendingum

a) Skammbrautarlendingar krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds.

b) Til að hljóta samþykkið skal flugrekandi færa sönnur á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) fjarlægðin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, getur verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar,

2) ríkið þar sem flugvöllurinn er hefur ákvarðað að vegna almannahagsmuna og reksturs sé þörf á slíku flugi, annaðhvort vegna þess að flugvöllurinn er afskekktur eða að landfræðilegar takmarkanir séu á því að framlengja flugbrautina,

3) lóðrétt fjarlægð á milli sjónlínu flugmanns og neðsta hluta hjólanna, þegar flugvélin er á eðlilegum hallageisla, er ekki meiri en þrír metrar,

4) flugvallarskyggni/skyggni skal ekki vera undir 1 500 m og vindmörk skulu tilgreind í rekstrarhandbók,

5) lágmarksreynsla flugmanns, kröfur um þjálfun og þekkingu á staðháttum við flugvöllinn eru tilgreindar og uppfylltar,

6) hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsta öryggissvæðisins er 50 fet,

7) ríkið, þar sem flugvöllurinn er, samþykki notkun á yfirlýstu öryggissvæði,

8) nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis fer ekki yfir 90 m,

9) breidd yfirlýsts öryggissvæðis er ekki minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja, eða tvöfalt vænghaf, hvort sem er meira,

10) yfirlýst öryggissvæði er laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél, sem nær ekki inn á flugbrautina, í hættu, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga,

11) á yfirlýstu öryggissvæði er hvorki yfir 5% halli upp á við í flugtaksátt né 2% halli niður á við í lendingarátt og

12) viðbótarskilyrði, ef lögbært yfirvald tilgreinir þau, að teknu tilliti til einkenna flugvélartegundarinnar, landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug og atriða sem taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu.

3. KAFLI

Afkastagetuflokkur B

CAT.POL.A.300 Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja eins hreyfils flugvél:

1) að nóttu til eða

2) við blindflugsskilyrði nema samkvæmt reglum um sérlegt sjónflug.

b) Flugrekandi skal fara með tveggja hreyfla flugvélar, sem ekki uppfylla kröfur um klifur í CAT.POL.A.340, sem eins hreyfils flugvélar.

CAT.POL.A.305 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki fara yfir þann hámarksflugtaksmassa sem tilgreindur er í flughandbók fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á brottfararflugvelli.

b) Óleiðrétta flugtaksvegalengdin, sem er tilgreind í flughandbók, skal ekki vera lengri en:

1) tiltækt flugtaksbrun, ef margfaldað er með stuðlinum 1,25 eða

2) ef öryggisbraut og/eða hindrunarlaust klifursvæði er tiltækt sem hér segir:

i. tiltækt flugtaksbrun,

ii. tiltæk flugtaksvegalengd, ef margfaldað er með stuðlinum 1,15 eða

iii. tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak, ef margfaldað er með stuðlinum 1,3.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að b-lið skal taka tillit til eftirfarandi:

1) massa flugvélar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæðar á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli,

4) ástands og gerðar yfirborðs flugbrautar,

5) halla brautar í flugtaksátt og

6) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

CAT.POL.A.310 Hindranabil við flugtak — fjölhreyfla flugvélar

a) Flugtaksflugslóð flugvéla með tvo hreyfla eða fleiri, skal ákveðin þannig að það sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil frá flugvélinni, innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd, sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, eða flugtaksvegalengd, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- og c-lið. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D. Gera skal ráð fyrir:

1) að flugtaksflugslóð byrji í 50 feta hæð yfir yfirborði við enda þeirrar flugtaksvegalengdar sem krafist er í b-lið CAT.POL.A.305 og endi í 1 500 feta hæð yfir yfirborði,

2) að flugvélinni sé ekki hallað fyrr en hún hefur náð 50 feta hæð yfir yfirborði og eftir það sé henni ekki hallað meira en 15°,

3) að markhreyfill flugvélarinnar bili á flugtaksflugslóð með alla hreyfla virka þar sem reiknað er með að kennileiti, sem tekið er mið af til að sneiða hjá hindrunum, hverfi úr augsýn,

4) að halli flugtaksflugslóðar, úr 50 fetum upp í þá hæð þar sem gert er ráð fyrir að hreyfill bili, sé jafn meðalgildi halla í klifri á öllum hreyflum og við skipti yfir í leiðarflugsham, margfaldað með stuðlinum 0,77 og

5) að halli flugtaksflugslóðar, úr þeirri hæð sem er náð, í samræmi við 4. lið a-liðar, allt til enda flugtaksflugslóðar, sé sá sami og klifurhalli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan á flugleið, eins og gefið er upp í flughandbók.

b) Í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 300 m, ef flogið er við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum, eða ef tiltæk eru flugleiðsögutæki sem gera flugmanninum kleift að halda áætlaðri flugslóð af sömu nákvæmni eða

2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

c) Í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 600 m, í flugi við aðstæður sem leyfa það að ferli sé fylgt eftir kennileitum eða

2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

d) Þegar sýnt er fram á að farið sé að a- til c-lið skal taka tillit til eftirfarandi:

1) massa flugvélar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæðar á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli og

4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

CAT.POL.A.315 Á flugleið — fjölhreyfla flugvélar

a) Við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, skal flugvélin, ef einn hreyfill bilar og þeir sem enn eru virkir starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, geta haldið áfram flugi í eða yfir viðeigandi lágmarkshæðum fyrir öruggt flug samkvæmt rekstrarhandbókinni, upp í 1 000 feta hæð yfir flugvelli þar sem unnt er að uppfylla kröfur um afkastagetu.

b) Gera skal ráð fyrir að þegar hreyfilbilun á sér stað:

1) fljúgi flugvélin ekki í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2) skuli halli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla, eða mesti klifurhalli minnkaður með 0,5% halla, eins og við á.

CAT.POL.A.320 Á flugleið — eins hreyfils flugvélar

a) Við þau veðurskilyrði sem búist var við fyrir flugið skal flugvélin geta náð til staðar þar sem unnt er að framkvæma örugga nauðlendingu ef hreyfill bilar.

b) Gera skal ráð fyrir að þegar hreyfilbilun á sér stað:

1) fljúgi flugvélin ekki í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu með hreyfil virkan innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2) sé halli á flugleið minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla.

CAT.POL.A.325 Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, skal ekki fara yfir hámarkslendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

CAT.POL.A.330 Lending — þurrar flugbrautir

a) Lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A, miðað við áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum, skal leyfa lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd, með tilliti til:

1) hæðar flugvallar,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af meðvindsstuðli,

3) ástands og gerðar yfirborðs flugbrautar og

4) halla flugbrautar í lendingarátt.

b) Þegar um er að ræða verklag í bröttu aðflugi skal flugrekandi nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við a-lið og byggð á lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 60 fet en ekki minni en 35 fet, og fara að CAT.POL.A.345.

c) Þegar um er að ræða skammbrautarlendingu skal flugrekandi nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við a-lið, og fara að CAT.POL.A.350.

d) Þegar senda á flugvél af stað í flug, í samræmi við a- til c-lið, skal gera ráð fyrir:

1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni í logni og

2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. lendingartækja og landslags.

e) Ef flugrekandi getur ekki farið að 2. lið d-liðar um ákvörðunarflugvöll skal aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti a- til d-lið.

CAT.POL.A.335 Lending — blautar og spilltar flugbrautir

a) Ef veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, skal tiltæk lendingarvegalengd vera jafnlöng og eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við CAT.POL.A.330, margfölduð með 1,15.

b) Ef viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera spillt á fyrirhuguðum komutíma skal lendingarvegalengd ekki vera lengri en tiltæk lendingarvegalengd. Flugrekandi skal tilgreina í rekstrarhandbók hvaða gögn um lendingarvegalengd eigi að nota.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að nota lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið en ekki styttri en krafist er í a-lið CAT.POL.A.330, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum er að finna í flughandbók.

CAT.POL.A.340 Kröfur um klifur í flugtaki og lendingu

Flugrekandi tveggja hreyfla flugvélar skal uppfylla eftirfarandi kröfur um klifur í flugtaki og lendingu.

a) *Flugtaksklifur*

1) Allir hreyflar virkir.

i. Eftir flugtak skal stöðugur klifurhalli vera a.m.k. 4%:

a) með flugtaksafl á öllum hreyflum,

b) með lendingarbúnað niðri nema ef unnt er að draga hann upp, á innan við sjö sekúndum, en þá gildir það eins og hann sé uppdreginn,

c) með flapa í flugtaksstöðu og

d) með klifurhraða sem er ekki minni en hærri talan af 1,1 V_{MC} (lágmarksstjórnunarhraði á jörðu niðri eða nálægt henni) og 1,2 V_{S1} (ofrishraði eða minnsti stöðugi hraði í lendingarham).

2) Einn hreyfill óstarfhæfur.

i. Stöðugur klifurhalli í 400 feta hæð yfir flugtaksbraut skal vera mælanlega jákvæður:

a) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

b) með hreyfilinn, sem enn er virkur, með flugtaksafli,

c) með lendingarbúnað uppdreginn,

d) með flapa í flugtaksstöðu og

e) með klifurhraða sem jafngildir klifurhraðanum sem næst í 50 fetum.

ii. Stöðugur klifurhalli skal ekki vera undir 0,75% í 1 500 feta hæð yfir flugtaksyfirborði:

a) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

b) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

c) með lendingarbúnað uppdreginn,

d) með flapa uppdregna og

e) með klifurhraða sem er ekki undir 1,2 V_{S1}.

b) *Klifur við lendingu*

1) Allir hreyflar virkir.

i. Stöðugur klifurhalli skal vera a.m.k. 2,5%:

a) með ekki meira afli eða kný en tiltækur er átta sekúndum eftir að aflgjafar eru fyrst færðir úr lægstu gangstöðu á flugi,

b) með lendingarbúnað niðri,

c) með flapa í lendingarstöðu og

d) með klifurhraða sem jafngildir V_{REF} (viðmiðunarhraða í aðflugi lendingar).

2) Einn hreyfill óstarfhæfur.

i. Stöðugur klifurhalli má ekki vera minni en 0,7% í 1 500 feta hæð yfir yfirborði til lendingar:

a) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

b) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

c) með lendingarbúnað uppdreginn,

d) með flapa uppdregna og

e) með klifurhraða sem er ekki undir 1,2 V_{S1}.

CAT.POL.A.345 Samþykki fyrir bröttu aðflugi

a) Bratt aðflug, þar sem notað er 4,5% aðflugshallahorn eða stærra horn, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem er undir 60 fetum en ekki undir 35 fetum, er háð fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

b) Til að hljóta samþykkið skal flugrekandi færa sönnur á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) í flughandbók eru gefin upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi sem og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar og

2) á öllum flugvöllum þar sem framkvæma á bratt aðflug:

i. viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi, sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla, sé til staðar,

ii. lágmarksveðurskilyrði séu tilgreind og

iii. tekið sé tillit til eftirfarandi atriða:

a) hindrana,

b) tegundar aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu,

c) tilskilinnar lágmarkssýnar til kennileita úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

d) tiltæks tækjabúnaðar flugvélar,

e) starfsréttinda flugmanns og þekkingar hans á staðháttum við flugvöllinn,

f) takmarkana og verklagsreglna í flughandbók og

g) viðmiðana fyrir fráflug.

CAT.POL.A.350 Samþykki fyrir skammbrautarlendingum

a) Skammbrautarlendingar krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds.

b) Til að hljóta samþykkið skal flugrekandi færa sönnur á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) fjarlægðin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, getur verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar,

2) ríkið, þar sem flugvöllurinn er, samþykki notkun á yfirlýstu öryggissvæði,

3) yfirlýst öryggissvæði er laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél, sem nær ekki inn á flugbrautina, í hættu, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga,

4) á yfirlýstu öryggissvæði er hvorki yfir 5% halli upp á við né 2% halli niður á við í lendingarátt,

5) nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis fer ekki yfir 90 m,

6) breidd yfirlýsts öryggissvæðis er ekki minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar, frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja,

7) hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsta öryggissvæðisins er ekki minni en 50 fet,

8) lágmarksveðurskilyrði eru tilgreind fyrir hverja flugbraut sem nota á og þau eru ekki undir mörkum sjónflugslágmarka eða lágmörkum grunnaðflugs hvort sem er hærra,

9) kröfur um reynslu flugmanns, þjálfun og þekkingu á staðháttum við flugvöllinn eru tilgreindar og uppfylltar,

10) viðbótarskilyrði, ef lögbært yfirvald tilgreinir þau, að teknu tilliti til einkenna flugvélartegundarinnar, landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug og atriða sem taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu.

4. KAFLI

Afkastagetuflokkur C

CAT.POL.A.400 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki fara yfir þann hámarksflugtaksmassa sem tilgreindur er í flughandbók fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á brottfararflugvelli.

b) Að því er varðar flugvélar með flughandbók, þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar en hreyfilbilun er ekki tekin með í reikninginn, skal flugrekandi tryggja að fjarlægð frá byrjun flugtaksbruns, sem flugvélin þarf til að ná 50 feta hæð yfir yfirborði með alla hreyfla virka, innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksflugtaksafl, þegar margfaldað er annaðhvort með stuðlinum:

1) 1,33 fyrir tveggja hreyfla flugvélar,

2) 1,25 fyrir þriggja hreyfla flugvélar eða

3) 1,18 fyrir fjögurra hreyfla flugvélar,

sé ekki lengri en tiltækt flugtaksbrun á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

c) Að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar og hreyfilbilun er tekin með í reikninginn, skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar í samræmi við forskriftir í flughandbók:

1) hemlunarvegalengd við flugtak skal ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak,

2) flugtaksvegalengd skal ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

3) flugtaksbrun skal ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

4) nota skal við eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak sem hætt er við eða haldið áfram og

5) á blautri eða spilltri flugbraut skal flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

d) Taka skal tillit til eftirfarandi:

1) málþrýstingshæðar á flugvelli,

2) umhverfishita á flugvelli,

3) ástands og gerðar yfirborðs flugbrautar,

4) halla brautar í flugtaksátt,

5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

6) að flugbrautin kunni að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

CAT.POL.A.405 Hindranabil við flugtak

a) Þegar einn hreyfill er óstarfhæfur, skal flugtaksflugslóð ákvarðast þannig að það sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil plús 0,01 x D, sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugtaksflugslóð skal byrja í 50 feta hæð yfir yfirborði í lok flugtaksvegalengdarinnar, sem krafist er í b- eða c-lið í CAT.POL.A.405, eftir því sem við á, og enda í 1 500 fetum yfir yfirborði.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að a-lið skal taka tillit til eftirfarandi:

1) massa flugvélar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæðar á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli og

4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

d) Ferilbreytingar skulu ekki leyfðar fyrr en flugtaksflugslóð er komin í 50 feta hæð yfir yfirborði. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15–25°. Taka skal nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, s.s. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

e) Í þeim tilvikum þar sem ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Í þeim tilvikum þar sem þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

g) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að uppfylla ákvæði a- til f-liðar og til að tryggja örugga leið og sneiða hjá hindrunum þannig að flugvélin uppfylli annaðhvort kröfur CAT.POL.A.410 á flugleið eða lendi á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

CAT.POL.A.410 Á flugleið — allir hreyflar virkir

a) Við þau veðurskilyrði, sem búist er við fyrir flugið, getur stighraði flugvélarinnar, á hvaða stað sem er á leiðinni eða ráðgerðum frávikum frá henni, verið a.m.k. 300 fet á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl:

1) í lágmarksflughæð fyrir öruggt flug, alls staðar á flugleiðinni eða ráðgerðum frávikum frá henni, sem tilgreind eru eða reiknuð út frá upplýsingum um flugvélina í rekstrarhandbókinni, og

2) í þeim lágmarksflughæðum, sem nauðsynlegar eru til að fara að skilyrðum sem kveðið er á um í CAT.POL.A.415 og 420, eftir því sem við á.

CAT.POL.A.415 Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

a) Við þau veðurskilyrði sem búist er við fyrir flugið skal flugvélin, ef hreyfill verður óstarfhæfur einhvers staðar á leiðinni eða ráðgerðu fráviki frá henni og hinn eða hinir hreyflarnir, sem enn eru virkir, starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, geta haldið fluginu áfram í farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við ákvæði CAT.POL.A.430 eða CAT.POL.A.435, eins og við á. Flugvélin skal fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með lóðréttu bili sem er a.m.k.:

1) 1 000 fet, þegar stighraðinn er núll eða meiri, eða

2) 2 000 fet, þegar stighraðinn er neikvæður (þ.e. flugvélin heldur ekki hæð).

b) Flugslóðin skal hafa jákvæðan halla í 450 m (1 500 feta) hæð yfir flugvellinum þar sem gert er ráð fyrir að lenda eftir að einn hreyfill bilar.

c) Tiltækur stighraði flugvélarinnar skal vera 150 fetum minni á mínútu en mesti tilgreindi stighraði.

d) Breikka skal beltið í a-lið í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær a.m.k. ekki tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu 5.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

CAT.POL.A.420 Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Á fyrirhuguðum flugferli er flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri, þar sem allir hreyflar eru á farflugshraða fyrir langdrægi, aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst, miðað við áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum við staðalhita í logni, nema flugvélin samrýmist b- til e-lið.

b) Á flugslóð, sem gefin er upp fyrir flugvél með tvo hreyfla óstarfhæfa, skal vera mögulegt að fljúga áfram við þau veðurskilyrði sem búist var við og fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með a.m.k. 2 000 feta lóðrétt hindranabil til flugvallar sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum, við staðalhita í logni til flugvallar sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 450 m hæð (1 500 feta hæð) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

e) Tiltækur stighraði flugvélarinnar skal vera 150 fetum minni á mínútu en tilgreindur stighraði.

f) Breikka skal beltið í b-lið í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær a.m.k. ekki tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu 5.

g) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

CAT.POL.A.425 Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, skal ekki fara yfir hámarks-lendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð í flughandbók og væntanlegan umhverfishita, ef hann er tilgreindur í flughandbók, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

CAT.POL.A.430 Lending — þurrar flugbrautir

a) Lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A, miðað við áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum, skal leyfa lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd með tilliti til:

1) hæðar flugvallar,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af meðvindsstuðli,

3) gerðar yfirborðs flugbrautar og

4) halla flugbrautar í lendingarátt.

b) Þegar flugvél er send af stað í flug skal gera ráð fyrir:

1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni í logni og

2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. lendingartækja og landslags.

c) Ef flugrekandi getur ekki farið að 2. lið b-liðar um ákvörðunarflugvöll skal aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti a- og b-lið.

CAT.POL.A.435 Lending — blautar og spilltar flugbrautir

a) Ef veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, skal tiltæk lendingarvegalengd vera jafnlöng og, eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd sem er ákvörðuð í samræmi við CAT.POL.A.430, margfölduð með 1,15.

b) Ef viðeigandi veðurlýsingar og/eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera spillt á fyrirhuguðum komutíma skal lendingarvegalengd ekki vera lengri en tiltæk lendingarvegalengd. Flugrekandi skal tilgreina í rekstrarhandbók hvaða gögn um lendingarvegalengd eigi að nota.

2. ÞÁTTUR

Þyrlur

1. KAFLI

Almennar kröfur

CAT.POL.H.100 Gildissvið

a) Þyrlurnar skulu starfræktar í samræmi við viðeigandi kröfur fyrir afkastagetuflokkinn.

b) Þyrlur skulu starfræktar í afkastagetuflokki 1:

1) þegar þeim er flogið til eða frá flugvöllum eða starfrækslusvæðum sem staðsett eru á ótryggu svæði í þéttbýli, nema þegar þeim er flogið til eða frá almannaheillastað í samræmi við CAT.POL.H.225, eða

2) þegar þær eru með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, nema þegar þeim er flogið til eða frá þyrluþilfari í afkastagetuflokki 2 innan ramma samþykkis í samræmi við CAT. POL.H.305.

c) Þyrlur, sem hafa hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri en fleiri níu, skulu starfræktar í afkastagetuflokki 1 eða 2, nema kveðið sé á um annað í b-lið.

d) Þyrlur, sem hafa hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, skulu starfræktar í afkastagetuflokki 1, 2 eða 3, nema kveðið sé á um annað í b-lið.

CAT.POL.H.105 Almenn ákvæði

a) Massi þyrlunnar:

1) í upphafi flugtaks eða

2) ef flugáætlun er breytt á flugi, á upphafsstað breyttrar flugáætlunar,

skal ekki vera meiri en sá massi, sem gerir kleift að uppfylla viðeigandi kröfur í þessum hluta sem flugið fellur undir, að teknu tilliti til þess að gert er ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og að tekið sé tillit til snögglosunar eldsneytis eins og kveðið er á um í viðeigandi kröfu.

b) Nota skal samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbókinni til að ákvarða hvort kröfur í þessum kafla hafi verið uppfylltar og, ef þurfa þykir, að viðbættum öðrum gögnum sem mælt er fyrir um í viðeigandi kröfu. Flugrekandinn skal tilgreina önnur slík gögn í rekstrarhandbókinni. Ef notaðir eru stuðlar, sem mælt er fyrir um í þessum hluta, má taka tillit til þess ef sömu starfrækslustuðlar eru þegar í gögnum flughandbókar flugvélarinnar um afkastagetu svo að sömu stuðlar séu ekki notaðir tvisvar sinnum.

c) Þegar farið er að kröfunum í þessum kafla skal taka tillit til eftirfarandi þátta:

1) massa þyrlunnar:

2) útfærslu þyrlunnar,

3) umhverfisaðstæðna, einkum:

i. málþrýstingshæðar og hitastigs,

ii. vinds:

a) fyrir flugtak, flugtaksflugslóð og lendingu, í útreikningum vegna vinds skal ekki gert ráð fyrir meira en 50 af hundraði tilkynnts, stöðugs mótvindsstuðuls sem er 5 hnútar eða meira, nema kveðið sé á um annað í c-lið,

b) ef flugtak og lending með meðvindsstuðli eru leyfileg, samkvæmt flughandbók og í öllu falli fyrir flugtaksflugslóð, skal ekki leyfa lægri tilkynntan meðvindsstuðul en 150 af hundraði og

c) ef unnt er með nákvæmum vindmælingarbúnaði að gera nákvæmar mælingar á vindhraða yfir flugtaks- og lendingarstað getur flugrekandi ákvarðað vindstuðla sem eru yfir 50%, að því tilskildu að hann sýni lögbæru yfirvaldi fram á að nálægðin við lokaaðflugs- og flugtakssvæðið og aukin nákvæmni vindmælingarbúnaðarins tryggi jafngilt öryggisstig,

4) starfrækslutækni og

5) starfrækslu allra kerfa sem hafa óhagstæð áhrif á afkastagetu.

CAT.POL.H.110 Tekið tillit til hindrana

a) Að því er varðar kröfur um hindranabil skal tillit tekið til hindrunar, sem staðsett er utan lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, á flugtaksflugslóð eða á flugslóð við fráflug, ef lárétt fjarlægð hennar frá næsta stað á yfirborði fyrir neðan fyrirhugaða flugslóð er ekki fjær en:

1) fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum:

i. hálf lágmarksbreidd, sem skilgreind er í flughandbókinni — eða, ef breiddin er ekki skilgreind, „0,75×D“, þar sem D er mesta stærð þyrlunnar þegar þyrlar snúast,

ii. og „0,25×D“ eða „3 m“, eftir því hvort er hærra,

iii. og:

a) 0,10 × lárétt vegalengd (DR) fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum að degi til eða

b) 0,15 × lárétt vegalengd (DR) fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til.

2) Fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum:

i. „1,5 D“ eða 30 m, hvort sem er hærra, og:

a) 0,10 × lárétt vegalengd (DR), fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum með nákvæmri ferilleiðsögu,

b) 0,15 × lárétt vegalengd (DR), fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum með venjulegri ferilleiðsögu, eða

c) 0,30 × lárétt vegalengd (DR), fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum án ferilleiðsögu.

ii. Þegar tekið er tillit til fráflugsslóðar skal útvíkkun svæðis, þar sem taka þarf tillit til hindrana, aðeins eiga við eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur.

3) Fyrir starfrækslu þar sem flugtak er hafið í sjónflugi og skipt yfir í flug samkvæmt blindflugsreglum eða við blindflugsskilyrði, í skiptistöðu, þá gilda viðmiðanirnar, sem gerð er krafa um í 1. lið, upp að skiptistöðu en viðmiðanirnar, sem gerð er krafa um í 2. lið gilda eftir að komið er framhjá skiptistöðu. Skiptistaða getur ekki verið staðsett fyrr en að lokinni tilskilinni flugtaksvegalengd fyrir þyrlur (TODRH), sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 1, eða áður en náð er skilgreindri öryggisstöðu eftir flugtak (DPATO) fyrir þyrlur sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 2.

b) Við flugtak með varaverklagi fyrir flugtak (e. back-up take-off procedure) eða með verklagi fyrir hliðrun á hliðarflugslóð (e. lateral transition procedure), til að uppfylla kröfur um hindranabil, skal tillit tekið til hindrunar sem er staðsett á varaflugslóðinni eða á hliðarflugslóðinni, ef lárétt fjarlægð frá þeim stað á yfirborðinu fyrir neðan fyrirhugaða flugslóð sem er næst, er ekki meiri en:

1) hálf lágmarksbreidd, sem skilgreind er í flughandbókinni eða, þegar engin breidd er skilgreind „0,75×D“,

2) og „0,25×D“ eða „3 m“, hvort sem er meira,

3) og:

i. fyrir starfrækslu samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, 0,10× sú vegalengd sem farin er frá bakjaðri lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, eða

ii. fyrir starfrækslu samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til, 0,15× sú vegalengd sem farin er frá bakjaðri lokaaðflugs- og flugtakssvæðis.

c) Hindranir má virða að vettugi ef þær eru staðsettar utan:

1) sjöfalds radíuss þyrilsins fyrir starfrækslu að degi til, ef nákvæmni í flugleiðsögu er tryggð með tilvísun til viðeigandi kennileita í klifri,

2) tífalds radíuss þyrilsins fyrir starfrækslu að nóttu til, ef nákvæmni í flugleiðsögu er tryggð með tilvísun til viðeigandi kennileita í klifri,

3) 300 m ef nákvæmni í flugleiðsögu næst með viðeigandi leiðsögutækjum eða

4) 900 m í öðrum tilvikum.

2. KAFLI

Afkastagetuflokkur 1

CAT.POL.H.200 Almenn ákvæði

Þyrlur, sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 1, skulu hafa vottun fyrir A-flokk eða jafngildi hennar, eins og Flugöryggisstofnun segir til um.

CAT.POL.H.205 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki vera meiri en hámarksflugtaksmassi sem tilgreindur er í flughandbók miðað við verklagsreglurnar sem skal nota.

b) Flugtaksmassi skal vera þannig:

1) að það sé mögulegt að hætta við flugtak og lenda á lokaaðflugs- og flugtakssvæðinu ef bilunar verður vart í markhreyfli við ákvörðunarpunkt flugtaks eða áður en komið er að þeim punkti,

2) að tilskilin stöðvunarvegalengd fyrir þyrlur þegar hætt er við flugtak (RTODRH) sé ekki meiri en tiltæk stöðvunarvegalengd fyrir þyrlur þegar hætt er við flugtak (RTODAH) og

3) að tilskilin flugtaksvegalengd fyrir þyrlu (TODRH) sé ekki meiri en tiltæk flugtaksvegalengd fyrir þyrlu (TODAH).

4) að þrátt fyrir 3. lið b-liðar má tilskilin flugtaksvegalengd vera meiri en tiltæk flugtaksvegalengd ef þyrlan, þegar bilun í markhreyfli kemur fram við ákvörðunarpunkt flugtaks, getur komist yfir allar hindranirnar að enda tilskilinnar flugtaksvegalengdar með lóðrétt hindranabil sem er a.m.k. 10,7 m (35 fet) er hún heldur flugtaki áfram.

c) Til að uppfylla kröfur a- og b-liðar skal tillit tekið til viðeigandi þátta í c-lið CAT.POL.H.105 á brottfararflugvelli eða -starfrækslusvæði.

d) Flugtak upp að ákvörðunarpunkti og að honum meðtöldum, skal framkvæmt þannig að yfirborð jarðar sé í sjónmáli svo að hægt sé að hætta við flugtak.

e) Að því er varðar flugtak með varaverklagi fyrir flugtak eða verklagi fyrir hliðrun á hliðarflugslóð, þegar bilunar verður vart í markhreyfli við ákvörðunarpunkt flugtaks, eða áður en að honum er komið, skal hæfilegt hindranabil vera frá öllum hindrunum neðan við varaflugslóð eða hliðarflugslóð.

CAT.POL.H.210 Flugtaksflugslóð

a) Frá lokum tilskilinnar flugtaksvegalengdar fyrir þyrlur, ef bilunar verður vart við ákvörðunarpunkt flugtaks, gildir eftirfarandi:

1) Flugtaksmassi skal vera þannig að lóðrétt fjarlægð frá hindrunum á flugtaksflugslóð, ofan við allar hindranirnar sem staðsettar eru á klifurflugslóð, sé ekki minni en 10,7 m (35 fet) í sjónflugi og 10,7 m (35 fet) + 0,01 × lárétt vegalengd (DR) í blindflugi. Einungis skal taka tillit til hindrana sem tilgreindar eru í CAT.POL.H.110.

2) Ef gerð er breyting á stefnu sem er meiri en 15 gráður skal taka nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á getuna til að uppfylla kröfurnar um hindranabil. Ekki skal hefja slíka beygju fyrr en komið er í 61 m (200 feta) hæð yfir flugtaksyfirborð nema hún sé hluti af verklagi sem samþykkt hefur verið í flughandbókinni.

b) Til að uppfylla kröfur a-liðar skal tillit tekið til viðeigandi þátta í c-lið CAT.POL.H.105, á brottfararflugvelli eða -starfrækslusvæði.

CAT.POL.H.215 Á flugleið — markhreyfill óstarfhæfur

a) Miðað við þau veðurskilyrði sem búist er við fyrir flugið og ef markhreyfill verður óvirkur skal massi þyrlunnar og flugslóðin alls staðar á leiðinni vera þannig að unnt er að fara að ákvæðum 1., 2. eða 3. liðar:

1) Þegar fyrirhugað er að flugið fari á einhverju stigi fram þannig að yfirborð jarðar sést ekki gerir massi þyrlunnar það kleift að stighraði þyrlunnar geti verið a.m.k. 50 fet á mínútu með óvirkan markhreyfil í a.m.k. 300 m (1000 feta) hæð eða 600 m (2000 feta) hæð á svæðum með fjalllendi, yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

2) Þegar fyrirhugað er að flugið fari á einhverju stigi fram þannig að yfirborð jarðar sést ekki gerir flugslóðin það kleift að hægt sé að fljúga þyrlunni áfram úr farflugshæð upp í 300 m (1000 feta) hæð yfir lendingarstað, þar sem hægt er að lenda í samræmi við CAT.POL.H.220. Á flugslóð skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 300 m (1000 fet) eða 600 m (2000 fet) á svæðum með fjalllendi, yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Heimilt er að nota siglækkun (e. drift-down).

3) Þegar fyrirhugað er að flugið fari fram við sjónflugsskilyrði þannig að yfirborð sjáist gerir flugslóðin það kleift að hægt er að fljúga þyrlunni áfram frá farflugshæð upp í 300 m (1000 feta) hæð yfir lendingarstað, þar sem hægt er að lenda í samræmi við CAT.POL.H.220, án þess að fljúga nokkurn tíma undir viðeigandi lágmarksflughæð. Taka ber tillit til hindrana á 900 m breiðu belti á hvorn veg við flugleiðina.

b) Þegar uppfylla á kröfur í 2. eða 3. lið a-liðar:

1) skal gert ráð fyrir því að markhreyfillinn bili á versta stað á leiðinni,

2) skal tillit tekið til áhrifa vinda á flugslóðina,

3) ef öruggt verklag er viðhaft, skal gert ráð fyrir því að snögglosun eldsneytis eigi sér aðeins stað, svo framarlega sem komið er til flugvallarins eða starfrækslusvæðis með tilskildar eldsneytisbirgðir og

4) skal ekki gert ráð fyrir snögglosun eldsneytis undir 1000 feta hæð yfir landi.

c) Breikka skal beltin, sem um getur í 1. og 2. lið a-liðar, í 18,5 km (10 sjómílur) ef ekki er hægt að halda nákvæmni í flugleiðsögu 95% af heildarflugtímanum.

CAT.POL.H.220 Lending

a) Lendingarmassi þyrlunnar á áætluðum lendingartíma skal ekki fara yfir hámarksmassann, sem tilgreindur er í flughandbókinni, fyrir það verklag sem notast skal við.

b) Ef bilun kemur fram í markhreyfli við ákvörðunarpunkt í lendingu (LDP), eða fyrr, er annaðhvort mögulegt að lenda og stöðva þyrlu á lokaaðflugs- og flugtakssvæðinu eða að hætta við lendingu og fljúga þannig að lárétt hindranabil á flugslóð sé 10,7 m (35 fet). Einungis skal taka tillit til hindrana sem tilgreindar eru í CAT.POL.H.110.

c) Ef markhreyfill bilar á hvaða stað sem er við eða eftir ákvörðunarpunkt í lendingu er mögulegt

1) að komast yfir allar hindranir á aðflugsslóðinni og

2) að lenda og stöðva innan lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins.

d) Til að uppfylla kröfur í a- til c-lið skal tillit tekið til viðeigandi þátta í c-lið CAT.POL.H.105 fyrir áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli eða starfrækslusvæði, eða á varaflugvelli, ef þörf krefur.

e) Sá hluti lendingarinnar sem liggur frá ákvörðunarpunkti í lendingu fram að snertipunkti skal eiga sér stað þannig að yfirborð jarðar sé í sjónmáli.

CAT.POL.H.225 Samþykki fyrir starfrækslu þyrlna til eða frá almannaheillastað

a) Starfræksla til/frá almannaheillastað má fara fram í afkastagetuflokki 2, án þess að farið ákvæði b-liðar CAT. POL.H.310 eða b-liðar CAT.POL.H.325 séu uppfyllt, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) almannaheillastaðurinn var í notkun fyrir 1. júlí 2002,

2) stærð almannaheillastaðarins, eða hindranir í umhverfinu, gerir það að verkum að ekki er hægt að uppfylla starfrækslukröfur í afkastagetuflokki 1,

3) starfrækslan fer fram í þyrlu með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir sex eða færri,

4) flugrekandinn uppfyllir ákvæði 2. og 3. liðar b-liðar í CAT.POL.H.305,

5) massi þyrlunnar er ekki meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er í flughandbókinni fyrir 8% klifurhalla í logni á viðeigandi öryggishraða í flugtaki (V_{TOSS}) þegar markhreyfill er óvirkur og hinir hreyflarnir virka innan viðeigandi starfrækslumarka og

6) flugrekandinn hefur fengið fyrirframsamþykki frá lögbæru yfirvaldi fyrir starfrækslunni. Áður en slík starfræksla á sér stað í öðru aðildarríki skal flugrekandinn hljóta áritun frá lögbæru yfirvaldi þess ríkis.

b) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina staðarsértækar verklagsreglur til að draga úr þeim tíma sem ekki er hægt að verja þá sem eru um borð í þyrlunni eða einstaklinga á jörðu niðri gegn hættu ef hreyfilbilun á sér stað í flugtaki eða lendingu.

c) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina eftirfarandi fyrir hvern almannaheillastað: skýringarmynd eða ljósmynd með athugasemdum, sem sýnir helstu þætti, stærðarmál og hvernig vikið er frá kröfunum fyrir afkastagetuflokk 1, helstu hættur og viðbragðsáætlun ef flugatvik á sér stað.

3. KAFLI

Afkastagetuflokkur 2

CAT.POL.H.300 Almennt

Þyrlur, sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 2, skulu hafa vottun fyrir A-flokk eða jafngildi hennar, eins og Flugöryggisstofnun segir til um.

CAT.POL.H.305 Starfræksla án þess að hægt sé að tryggja örugga nauðlendingu

a) Starfræksla þar sem ekki er hægt að tryggja örugga nauðlendingu á flugtaks- og lendingarstigi skal aðeins fara fram ef flugrekandinn hefur fengið samþykki lögbærs yfirvalds fyrir henni.

b) Til að hljóta og viðhalda slíku samþykki skal flugrekandinn:

1) framkvæma áhættumat, þar sem fram kemur:

i. tegund þyrlu og

ii. tegund starfrækslu,

2) uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. koma á og viðhalda þeim stöðlum fyrir breytingar á þyrlu/hreyflum sem framleiðandi skilgreinir,

ii. framkvæma fyrirbyggjandi viðhald eins og framleiðandi þyrlunnar eða hreyfilsins mælir með,

iii. tilgreina verklag fyrir flugtak og lendingu í rekstrarhandbókinni, ef það er ekki þegar í flughandbókinni,

iv. tilgreina þjálfun flugliða og

v. koma á kerfi sem notað er til að tilkynna framleiðanda um atvik þar sem hreyfill missir afl, hreyfill stöðvast eða hreyfill bilar,

og

3) koma á kerfi til að vakta notkun (UMS).

CAT.POL.H. 310 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki vera meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er til að ná stighraðanum 150 fet/mínútu í 300 m (1000 feta) hæð fyrir ofan flugvöllinn eða starfrækslusvæðið þegar markhreyfill er óvirkur og hinir hreyflarnir virka með viðeigandi afli.

b) Að því er varðar aðra starfrækslu en þá sem tilgreind er í CAT.POL.H.305 skal flugtak vera með þeim hætti að hægt sé að framkvæma örugga nauðlendingu fram að þeim punkti þar sem hægt er að halda fluginu áfram með öruggum hætti.

c) Að því er varðar starfrækslu í samræmi við CAT.POL.H.305 gildir eftirfarandi til viðbótar við kröfur a-liðar:

1) skal flugtaksmassi ekki vera meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er í flughandbókinni fyrir vok í logni utan jarðhrifa með alla hreyfla virka (e. all engines operative out of ground effect (AEO OGE)) þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli, eða

2) fyrir starfrækslu frá þyrluþilfari:

i. á þyrlu sem hefur hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, eða

ii. á þyrlu sem starfrækt er frá þyrluþilfari sem staðsett er í ótryggu umhverfi,

skal flugtaksmassinn ákvarðaður að teknu tillit til: aðferðarinnar til að forðast að snerta brún þilfars (e. deck-edge miss) með markhreyfil óvirkan og aðferðarinnar við lendingu eða fráflug (e. drop down) með markhreyfil óvirkan í réttu hlutfalli við hæð þyrluþilfarsins og hinir hreyflarnir virka með viðeigandi afli.

d) Til að uppfylla kröfur a- til c-liðar skal tillit tekið til viðeigandi þátta c-liðar CAT.POL.H.105, á brottfararstað.

e) Sá hluti flugtaks, áður en krafan í CAT.POL.H.315 er uppfyllt, skal eiga sér stað þannig að yfirborð sé í sjónmáli.

CAT.POL.H.315 Flugtaksflugslóð

Með markhreyfil óvirkan skal uppfylla kröfur 1. og 2. liðar í a-lið og b-liðar frá skilgreindum öryggismörkum eftir flugtak eða að öðrum kosti ekki síðar en í 200 feta hæð ofan við flugtaksyfirborðið.

CAT.POL.H.320 Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

Uppfylla skal kröfurnar í CAT.POL.H.215.

CAT.POL.H.325 Lending

a) Lendingarmassi á áætluðum lengingartíma skal ekki vera meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er til að ná stighraðanum 150 fet/mínútu í 300 m (1000 feta) hæð yfir flugvelli eða starfrækslusvæði, þegar markhreyfil er óvirkur og hinir hreyflarnir virka með viðeigandi afli.

b) Ef markhreyfill bilar einhvers staðar á aðflugsslóðinni:

   1) má hætta við lendingu í samræmi við kröfur CAT.POL.H.315 eða

   2) fyrir aðra starfrækslu en þá sem skilgreind er í CAT.POL.H.305, getur þyrlan lent öruggri nauðlendingu.

c) Að því er varðar starfrækslu í samræmi við CAT.POL.H.305 gildir eftirfarandi til viðbótar við kröfur a-liðar:

   1) lendingarmassi skal ekki vera meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er í flughandbókinni fyrir vok í logni utan jarðhrifa með alla hreyfla virka (AEO OGE) þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli, eða

   2) fyrir starfrækslu að þyrluþilfari:

      i. á þyrlu sem hefur hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, eða

      ii. á þyrlu sem starfrækt er á þyrluþilfari sem staðsett er í ótryggu umhverfi,

   skal lendingarmassi ákvarðaður að teknu tilliti til eftirfarandi: verklagsins og aðferðarinnar við lendingu eða fráflug á þyrluþilfar (e. drop down) með markhreyfil óvirkan í réttu hlutfalli við hæð þyrluþilfarsins og hinir hreyflarnir virka með viðeigandi afli.

d) Til að uppfylla kröfur í a- til c-lið skal tillit tekið til viðeigandi þátta í c-lið CAT.POL.H.105, á ákvörðunarflugvelli eða varaflugvelli, ef þörf krefur.

e) Sá hluti lendingar, þar sem krafa 1. liðar b-liðar verður ekki uppfyllt eftir að farið er framhjá þeim hluta, skal eiga sér stað þannig að það sjáist í yfirborð jarðar.

4. KAFLI

Afkastagetuflokkur 3

CAT.POL.H.400 Almennt

a) Þyrlur, sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 3, skulu hafa vottun fyrir A-flokk eða jafngildi hennar, eins og Flugöryggisstofnun segir til um, eða í B-flokki.

b) Starfræksla skal aðeins fara fram í öruggu umhverfi, nema:

   1) þegar starfræksla fer fram í samræmi við CAT.POL.H.420 eða

   2) á flugtaks- og lendingarstiginu, þegar starfræksla fer fram í samræmi við c-lið.

c) Að því tilskildu að flugrekandinn sé samþykktur í samræmi við CAT.POL.H.305 má starfrækslan fara fram til/frá flugvelli eða starfrækslusvæði, sem staðsett er fyrir utan ótryggt umhverfi í þéttbýli, án þess að hægt sé að tryggja örugga nauðlendingu:

   1) í flugtaki: áður en besta klifurhraða (V_y) er náð, eða 200 fetum fyrir ofan flugtaksyfirborðið, eða

   2) í lendingu: undir 200 fetum yfir því yfirborði sem lent er á.

d) Starfræksla skal ekki fara fram:

   1) þegar yfirborð jarðar sést ekki,

2) að nóttu til,

3) þegar skýjahula er lægri en 600 fet, eða

4) þegar skyggni er minna en 800 m.

CAT.POL.H.405 Flugtak

a) Flugtaksmassi skal ekki vera meiri en:

1) skráður hámarksflugtaksmassi, eða

2) hámarksflugtaksmassi, sem tilgreindur er fyrir vok innan jarðhrifa með alla hreyfla virka á flugtaksafli eða, ef skilyrði eru þannig að ekki er líklegt að unnt sé að voka innan jarðhrifa, flugtaksmassi sem tilgreindur er fyrir vok utan jarðhrifa með alla hreyfla virka á flugtaksafli.

b) Ef markhreyfill bilar skal þyrla vera fær um örugga nauðlendingu, að undanskildu því sem kveðið er á um í b-lið CAT.POL.H.400.

CAT.POL.H.410 Á flugleið

a) Þyrlan skal hafa getu til að halda flugi áfram, með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, eftir fyrirhugaðri flugleið eða ráðgerðum frávikum frá henni, án þess að fljúga nokkurn tíma undir viðeigandi lágmarksflughæð.

b) Ef hreyfilbilun á sér stað skal þyrlan geta nauðlent með öruggum hætti, að undanskildu því sem kveðið er á um í CAT.POL.H.420.

CAT.POL.H.415 Lending

a) Lendingarmassi þyrlunnar á áætluðum lendingartíma skal ekki vera hærri en:

1) skráður hámarkslendingarmassi, eða

2) hámarkslendingarmassi sem tilgreindur er fyrir vok innan jarðhrifa með alla hreyfla virka á flugtaksafli eða, ef skilyrðin eru þannig að ekki er líklegt að unnt sé að voka innan jarðhrifa, lendingarmassi sem tilgreindur er fyrir vok utan jarðhrifa með alla hreyfla virka á flugtaksafli.

b) Ef hreyfilbilun á sér stað skal þyrlan geta nauðlent með öruggum hætti, að undanskildu því sem kveðið er á um í b-lið CAT.POL.H.400.

CAT.POL.H.420 Þyrluflug yfir fjandsamlegu umhverfi sem staðsett er utan umferðarþungs svæðis

a) Starfræksla með þyrlum, sem búnar eru hverfihreyflum og eru með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir sex eða færri, skal aðeins fara fram yfir ótryggu umhverfi utan við þéttbýli þar sem aðstaða til öruggrar nauðlendingar er ekki fyrir hendi ef flugrekandinn hefur fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi eftir að hafa framkvæmt mat á öryggisáhættu. Áður en slík starfræksla á sér stað í öðru aðildarríki skal flugrekandinn hljóta áritun frá lögbæru yfirvaldi þess ríkis.

b) Til að hljóta og viðhalda slíku samþykki skal flugrekandinn:

1) aðeins stunda slíka starfrækslu á þeim svæðum og við þau skilyrði sem tilgreind eru í samþykkinu,

2) ekki stunda slíka starfrækslu samkvæmt heimild til sjúkraflugs.

3) sýna fram á að takmarkanir þyrlunnar, eða aðrar réttlætanlegar forsendur, útiloki notkun viðeigandi viðmiðana um afkastagetu og

4) samþykktur í samræmi við b-lið CAT.POL.H.305.

c) Þrátt fyrir CAT.IDE.H.240 má slík starfræksla fara fram án þess að um borð sé búnaður fyrir viðbótarsúrefni, að því tilskildu að inniþrýstingshæð sé ekki meiri en 10 000 fet í lengri tíma en 30 mínútur og fari aldrei yfir 13 000 feta málþrýstingshæð.

3. ÞÁTTUR

Massi og jafnvægi

1. KAFLI

Vélknúin loftför

CAT.POL.MAB.100 Massi og jafnvægi, lestun

a) Á öllum stigum flugs skal hleðsla, massi og þyngdarmiðja loftfarsins jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í flughandbókinni, eða rekstrarhandbókinni ef hún er meira takmarkandi.

b) Flugrekandinn skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hvers loftfars með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á fjögurra ára fresti ef stuðst er við massa hvers loftfars, en á níu ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Endurvigta skal loftfar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

c) Framleiðandi loftfars eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.

d) Flugrekandinn skal ákvarða massa allra hluta, sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa loftfarsins, með vigtun eða notkun staðalmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju loftfarsins.

e) Flugrekandinn skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtalinni hvers kyns ballest, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðalmassa farþega og farangurs.

f) Til viðbótar við staðalmassa farþega og skráðan farangur getur flugrekandinn notað staðalmassa annarrar hleðslu, ef flugrekandi sýnir lögbæru yfirvaldi fram á að þessi hleðsla hafi sama massa eða að massi þeirra sé innan tilgreindra vikmarka.

g) Flugrekandinn skal ákvarða massa eldsneytis á loftfari út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

h) Flugrekandinn skal sjá til þess:

   1) að loftför hans séu hlaðin undir umsjón hæfs starfsfólks og

   2) að hleðsla flutningshleðslu sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikninga á massa og jafnvægi loftfarsins.

i) Flugrekandinn skal virða viðbótartakmarkanir vegna burðarþols, s.s. burðartakmarkanir gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarksmassa í vörurými og hámarkshleðslumörk vegna sæta. Fyrir þyrlur skal flugrekandinn einnig taka tillit til breytinga sem verða á hleðslunni í flugi.

j) Í rekstrarhandbókinni skal flugrekandinn tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfurnar í a- til i-lið. Það kerfi skal ná til allrar fyrirhugaðrar starfrækslu.

CAT.POL.MAB.105 Gögn og upplýsingaskjöl um massa og jafnvægi

a) Fyrir hvert flug skal flugrekandinn útbúa gögn um massa og jafnvægi og gera massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisskrá skal gera flugstjóra kleift að ákvarða að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir loftfarið. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:

   1) skrásetning og tegund loftfars,

   2) auðkenni, númer og dagsetning flugs,

   3) nafn flugstjóra,

   4) nafn þess sem fyllti út skrána,

5) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja loftfarsins:

i. ekki þarf að gefa upp staðsetningu þyngdarmiðju í massa- og jafnvægisskránni fyrir flugvélar í afkastagetuflokki B og þyrlur ef t.d. hleðsludreifingin er í samræmi við jafnvægistöflu sem reiknuð er út fyrir fram eða ef hægt er að sýna fram á að hægt er að tryggja rétt jafnvægi fyrir fyrirhugaða starfrækslu, óháð raunverulegri hleðslu,

6) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu,

7) massi annarra birgða en eldsneytis, ef við á,

8) hleðslueiningar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og ballest,

9) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi,

10) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju loftfarsins og

11) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

Upplýsingarnar hér að ofan skulu vera tiltækilegar í flugáætlunargögnum eða í massa- og jafnvægiskerfinu. Eitthvað af þessum upplýsingum má finna í öðrum gögnum sem greiður aðgangur er að.

b) Ef massa- og jafnvægisgögn og -skrár eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna.

c) Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu loftfarsins skal staðfesta, með undirskrift sinni, eða jafngildi hennar, að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við þá massa- og jafnvægisskrá sem flugstjóra var afhent. Flugrekandinn skal tilgreina samþykki sitt með undirskrift sinni, eða jafngildi hennar.

d) Flugrekandinn skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu, til að tryggja:

1) að athygli flugstjórans sé vakin á öllum breytingum á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisskrá og þeim bætt við þau flugáætlunargögn sem innihalda massa- og jafnvægisskrána,

2) að mesta leyfilega breyting á síðustu stundu á farþegafjölda eða farmi í lest sé tilgreind, eða

3) að gerð sé ný massa- og jafnvægisskrá ef farið er yfir þennan hámarksfjölda.

e) Óski flugrekandinn eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvukerfi sem er um borð eða sjálfstætt, tölvuvætt massa- og jafnvægiskerfi sem aðalgagnagrunn fyrir flugið skal hann fá samþykki lögbærs yfirvalds fyrir því. Flugrekandinn skal sýna fram á nákvæmni og áreiðanleika kerfisins.

D-KAFLI

MÆLITÆKI, GÖGN, BÚNAÐUR

1. ÞÁTTUR

Flugvélar

CAT.IDE.A.100 Tæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð (EB) nr. 1702/2003, nema eftirfarandi atriði:

1) bræðivör til vara,

2) vasaljós,

3) nákvæm klukka,

4) kortahaldari,

5) sjúkrakassar,

6) læknataska,

7) gjallarhorn,

8) björgunar- og merkjabúnaður,

9) rekakkeri og búnaður til að liggja við legufæri og

10) festibúnaður fyrir börn.

b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem þurfa ekki að vera viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) flugliðar skulu ekki nota upplýsingarnar, sem þessi mælitæki, búnaður eða aukahlutir veita í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða CAT.IDE.A.330, CAT.IDE.A.335, CAT. IDE.A.340 og CAT.IDE.A.345, og

2) mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.

c) Eigi flugliði að nota búnað í vinnureit sínum í flugi verður hann að geta starfrækt hann auðveldlega frá þeim vinnureit. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

d) Mælitækjum, sem sérhver flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina.

e) Allur nauðsynlegur neyðarbúnaður skal ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

CAT.IDE.A.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal hefja flug þegar eitthvert mælitæki, búnaður eða þættir flugvélarinnar, sem nauðsynlegir eru fyrir fyrirhugað flug, eru óstarfhæfir eða þá vantar, nema:

a) flugvélin sé starfrækt samkvæmt lista flugrekandans yfir lágmarksbúnað (MEL), eða

b) flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja flugvélinni innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL).

CAT.IDE.A.110 Bræðivör til vara

a) Í flugvélum skulu vera bræðivör til vara af þeim styrkleika sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi rafrása algerlega svo hægt sé að skipta út þeim bræðivörum sem unnt er að skipta um meðan á flugi stendur.

b) Fjöldi bræðivara til vara, sem nauðsynlegt er að hafa um borð, skal vera það sem hærra er af eftirtöldu:

1) 10% af fjölda bræðivara í hverjum styrkleika, eða

2) þrjú bræðivör í hverjum styrkleika.

CAT.IDE.A.115 Vinnuljós

a) Flugvélar sem starfræktar eru að degi til skulu vera búnar:

1) blikljósakerfi,

2) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu flugvélarinnar,

3) ljósum, sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og lýsa upp alla farþegaklefa, og

4) vasaljósum handa hverjum flugverja sem skylt er að hafa um borð og skal vera auðvelt fyrir flugverja að ná til þeirra úr sæti sínu í vinnureit.

b) Flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til skulu að auki vera búnar:

1) siglingaljósum,

2) tveimur lendingarljósum eða einu ljósi með tveimur glóðarþráðum sem fá orku hvor frá sínum aflgjafa og

3) ljósum samkvæmt alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef flugvélin er starfrækt sem lagarflugvél.

CAT.IDE.A.120 Búnaður til að hreinsa framrúðu

Á vinnureit hvers flugmanns í flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg skal vera búnaður til að halda hluta framrúðu hreinni í úrkomu.

CAT.IDE.A.125 Sjónflug að degi til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

a) Á vinnureit hvers flugmanns í flugvél, sem starfrækt er eftir sjónflugsreglum að degi til, skal vera eftirfarandi búnaður:

1) Tæki sem mælir og sýnir:

i. segulstefnu,

ii. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

iii. málþrýstingshæð,

iv. sýndan flughraða,

v. stig- og fallhraða,

vi. beygju og skrið,

vii. klifur eða lækkun afstöðu (e. attitude),

viii. stefnu,

ix. lofthita utan flugvélarinnar og

x. Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp.

2) Tæki sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum.

b) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi skal einnig vera tæki í vinnureit aðstoðarflugmanns sem sýnir eftirfarandi:

1) málþrýstingshæð,

2) sýndan flughraða,

3) stig- og fallhraða,

4) beygju og skrið,

5) klifur eða lækkun afstöðu og

6) stefnu.

c) Búnaður til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfum vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, skal vera til staðar í:

1) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu og

2) flugvélum með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1999 eða síðar.

d) Eins hreyfils flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 22. maí 1995, eru undanþegnar frá kröfum í vi., vii., viii. og ix. lið 1. liðar í a-lið, ef ísetning endurbótarhlutar væri nauðsynleg til að uppfylla þær.

CAT.IDE.A.130 Blindflug eða flug að nóttu til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Á vinnureit flugmanns í flugvélum, sem starfræktar eru samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til eða samkvæmt blindflugsreglum, skal vera eftirfarandi búnaður:

a) Tæki sem mælir og sýnir:

1) segulstefnu,

2) tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3) sýndan flughraða,

4) stig- og fallhraða,

5) Beygju og skrið, eða skrið, ef flugvélin er búin varatæki sem mælir og sýnir klifur eða lækkun afstöðu,

6) klifur eða lækkun afstöðu (e. attitude),

7) stöðuga stefnu,

8) lofthita utan flugvélarinnar og

9) Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp.

b) Tvö tæki til að mæla og sýna málþrýstingshæð.

c) Tæki sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum.

d) Búnaður til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfum, sem krafist er skv. 3. lið a-liðar og 2. lið h-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar.

e) Tæki, sem tilkynnir flugliðum um bilun í búnaðinum, sem krafist er í d-lið, fyrir flugvélar:

1) með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. apríl 1998 eða síðar, eða

2) með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu.

f) Tvö sjálfstæð kyrruþrýstingskerfi, nema í flugvélum, knúnar skrúfuhreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 5 700 kg eða minna.

g) Eitt kyrruþrýstingskerfi og eitt varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa fyrir flugvélar, knúnar skrúfuhreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 5 700 kg eða minna.

h) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi, skal einnig vera tæki í vinnureit aðstoðarflugmanns sem sýnir eftirfarandi:

1) málþrýstingshæð,

2) sýndan flughraða,

3) stig- og fallhraða,

4) beygju og skrið,

5) klifur eða lækkun afstöðu og

6) stöðuga stefnu.

i. Flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu, skulu búnar varatæki sem mælir og sýnir klifur eða lækkun afstöðu og hægt er að nota frá vinnureit hvors flugmannsins sem er og:

1) fær stöðugt afl við eðlilegar aðstæður í flugi en verði allsherjarbilun í aðalrafkerfi flugvélarinnar fær hann rafmagn frá öðrum sjálfstæðum aflgjafa,

2) starfar á öruggan hátt í minnst 30 mínútur eftir að allsherjarbilun hefur orðið í aðalrafkerfi flugvélarinnar, með hliðsjón af öðru álagi á neyðaraflgjafa og verklagsreglum,

3) starfar óháð öðrum tækjum sem mæla og sýna klifur eða lækkun afstöðu,

4) fer í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu,

5) er nægilega vel lýstur á öllum stigum flugsins, nema þegar um er að ræða flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5 700 kg eða minni, sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995 og eru búnar varasjónbaugi vinstra megin í mælaborði,

6) sýnir flugliðum greinilega þegar varasjónbaugurinn gengur fyrir neyðarafli og

7) ef varasjónbaugurinn hefur eigin aflgjafa skal það annaðhvort sjást á tækinu sjálfu eða í mælaborðinu hvenær sá aflgjafi er í notkun.

j) Kortahaldari sem er staðsettur þannig að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til.

CAT.IDE.A.135 Viðbótarbúnaður fyrir flug þegar einn flugmaður er í áhöfn og flogið er eftir blindflugsreglum

Flugvélar, sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og stefnustýringu.

CAT.IDE.A.140 Hæðarviðvörunarkerfi

a) Eftirtaldar flugvélar skulu hafa hæðarviðvörunarkerfi:

1) flugvélar, knúnar skrúfuhverfihreyfli, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu og

2) flugvélar, knúðar þotuhreyflum.

b) Hæðarviðvörunarkerfið skal geta:

1) varað flugliða við þegar flugvélin nálgast fyrir fram valda flughæð og

2) varað flugliða við, a.m.k. með hljóðmerki, ef flugvélin breytir frá fyrir fram valinni flughæð.

c) Þrátt fyrir a-lið eru flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 5 700 kg eða minna og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu, sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1972 og voru skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995, undanþegnar því að vera búnar hæðarviðvörunarkerfi.

CAT.IDE.A.150 Landslagsgreiningarkerfi

a) Flugvélar, knúnar hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu hafa landslagsgreiningarkerfi, sem uppfyllir kröfur um búnað í A-flokki, eins og tilgreint er í samþykktum staðli.

b) Flugvélar, knúnar strokkhreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu hafa landslagsgreiningarkerfi, sem uppfyllir kröfur um búnað í B-flokki, eins og tilgreint er í samþykktum staðli.

CAT.IDE.A.155 Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS)

Nema kveðið sé á um annað í Reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 skulu flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, hafa árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II).

CAT.IDE.A.160 Veðurratsjá í loftfari

Eftirfarandi flugvélar skulu búnar veðurratsjá þegar þær eru starfræktar að nóttu til eða við blindflugsskilyrði á svæðum þar sem búast má við þrumuveðri á leiðinni eða öðrum veðurskilyrðum, sem geta orðið hættuleg og teljast sjáanleg í veðurratsjá:

a) flugvélar með jafnþrýstibúnaði,

b) flugvélar án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg og

c) flugvélar án jafnþrýstibúnaðar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu.

CAT.IDE.A.165 Viðbótarbúnaður fyrir flug að nóttu til í ísingu

a) Flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til, í ísingu eða ef búast má við ísingu, skulu hafa búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun.

b) Búnaður sem notaður er til að lýsa upp ísmyndun skal ekki valda glampa eða endurspeglun sem myndi trufla flugverja við skyldustörf sín.

CAT.IDE.A.170 Talkerfi flugáhafnar

Flugvélar, sem starfræktar eru af fleiri en einum flugliða, skulu búnar talkerfi flugáhafnar, þ.m.t. heyrnartólum og hljóðnema sem allir flugliðar skulu nota.

CAT.IDE.A.175 Talkerfi flugverja

Flugvélar sem hafa skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skulu búnar talkerfi flugverja, að því frátöldu að um sé að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1965, og sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995.

CAT.IDE.A.180 Almennt hátalarakerfi

Flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skulu búnar almennu hátalarakerfi.

CAT.IDE.A.185 Hljóðriti

a) Eftirtaldar flugvélar skulu búnar hljóðrita (CVR):

   1) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg og

   2) fjölhreyfla flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum, með skráðan flugtaksmassa upp á 5 700 kg eða minna og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu upp á níu eða fleiri og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1990, eða síðar.

b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

   1) síðustu tvo tímana, ef um er að ræða flugvélar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar,

   2) síðustu 30 mínúturnar, ef um er að ræða flugvélar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1998 eða

   3) síðustu 30 mínúturnar, ef um er að ræða flugvélar, sem um getur í 2. lið a-liðar.

c) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

   1) send og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

   2) talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3) öll hljóð í stjórnklefa, auk:

i. órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem í eru í notkun, fyrir flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. apríl 1998 eða síðar,

ii. órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum, þar sem það er hægt, fyrir flugvélar sem um getur í 2. lið a-liðar og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998,

og

4) radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

d) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í 1. apríl 1998 eða síðar, skal hljóðritinn auk þess fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

e) Til viðbótar við d-lið skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs, ef um er að ræða:

1) flugvélar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út eftir 1. apríl 1998, eða

2) flugvélar, sem um getur í 2. lið a-liðar.

f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

CAT.IDE.A.190 Ferðriti (e. flight data recorder)

a) Eftirfarandi flugvélar skulu búnar stafrænum ferðrita (FDR) sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt er að sækja gögnin í geymslumiðilinn fyrir:

1) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg með sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út 1. júní 1990, eða síðar,

2) flugvélar með hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á meira en 5 700 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. júní 1990, og

3) fjölhreyfla flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum, með skráðan flugtaksmassa upp á 5 700 kg eða minna og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu upp á níu eða fleiri og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998, eða síðar.

b) Ferðritinn skal skrá:

1) tíma, flughæð, flughraða, eðlilega hröðun og stefnu og hann skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klst. fyrir flugvélar sem um getur í 2. lið a-liðar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 27 000 kg,

2) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélar, hraða hennar, klifur eða lækkun afstöðu, hreyfilafl og stöðu lyftikrafts- og viðnámsbúnaðar og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klst. fyrir flugvélar sem um getur í 1. lið a-liðar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2016,

3) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélar, hraða hennar, klifur eða lækkun afstöðu, hreyfilafl, útfærslu og starfrækslu og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klst. fyrir flugvélar sem um getur í 1. og 2. lið a-liðar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2016,

4) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélar, hraða hennar, klifur eða lækkun afstöðu, hreyfilafl og stöðu lyftikrafts- og viðnámsbúnaðar og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 10 klst. fyrir flugvélar sem um getur í 3. lið a-liðar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2016 eða

5) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélar, hraða hennar, klifur eða lækkun afstöðu, hreyfilafl, útfærslu og starfrækslu og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klst. fyrir flugvélar sem um getur í 1. og 3. lið a-liðar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2016.

c) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugliðum.

d) Ferðritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli. Ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. apríl 1998 eða síðar, skal ferðritinn enn fremur hefja skráningu gagna sjálfkrafa áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og stöðvast sjálfkrafa eftir að vélin hættir að hreyfast fyrir eigin afli.

e) Í ferðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

CAT.IDE.A.195 Skráning gagnatenginga

a) Í flugvélum með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 8. apríl 2014 eða síðar, þar sem notuð eru fjarskipti um gagnatengingu og krafa gerð um hljóðrita, skal eftir atvikum skrá eftirfarandi með upptökutæki:

1) fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem tengjast fjarskiptum við flugumferðarþjónustu til flugvélarinnar og frá henni, þ.m.t. boð er varða eftirfarandi notkun:

i. fjarskiptum um gagnatengingu komið á,

ii. samskipti flugumferðarstjóra og flugmanns,

iii. samningsháð kögun (e. addressed surveillance),

iv. flugupplýsingar,

v. kögun fyrir útvörpun úr loftfari (e. aircraft broadcast surveillance), eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,

vi. gögn um flugrekstrarstjórn loftfarsins, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins og

vii. myndræn útfærsla, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,

2) upplýsingar, sem gera það unnt að bera saman skráningar á fjarskiptum um gagnatengingu og skráningar sem eru geymdar annars staðar en í flugvélinni, og

3) upplýsingar um tímalengd og forgang fjarskiptaboða um gagnatengingu, með tilliti til uppbyggingu kerfisins.

b) Upptökutækið skal skrá og varðveita gögn og upplýsingar með stafrænum hætti og skal vera hægt að nálgast þau gögn. Skráningaraðferðin skal vera þannig að hægt sé að bera gögnin saman við gögnin sem skráð eru á jörðu niðri.

c) Upptökutækið skal geta geymt gögnin sem hann skráði í a.m.k. jafn langan tíma og sett er fram fyrir hljóðrita í CAT. IDE.A.185.

d) Í upptökutækinu skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

e) Sömu kröfur gilda um gangsetningu og stöðvun upptökutækisins og um gangsetningu og stöðvun hljóðrita í samræmi við d- og e-lið CAT.IDE.A.185.

CAT.IDE.A.200 Sambyggður ferðriti

Hægt er að uppfylla kröfur sem gilda um hljóðrita og ferðrita með:

a) sambyggðum flugrita, ef flugvélin á að vera búin hljóðrita eða ferðrita,

b) sambyggðum flugrita ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5 700 kg eða minni, verður að vera búin hljóðrita og ferðrita, eða

c) tveimur sambyggðum flugritum ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, verður að vera búin hljóðrita og ferðrita.

CAT.IDE.A.205 Sæti, sætisbelti, festibúnaður og festibúnaður fyrir börn

a) Í flugvélum skal vera eftirfarandi:

1) sæti eða legurúmi fyrir hvern farþega um borð sem náð hefur a.m.k. 24 mánaða aldri,

2) sætisbelti fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm, nema eins og tilgreint er í 3. lið,

3) sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm ef um er að ræða flugvélar, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa undir 5 700 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir færri en níu, eftir 8. apríl 2015,

4) festibúnaði fyrir börn fyrir alla einstaklinga um borð sem eru yngri en 24 mánaða,

5) sætisbelti með festibúnað sem sjálfkrafa heldur efri hluta bols þess sem situr í sætinu við snögga hraðlækkun:

i. fyrir hvert sæti flugliða og sæti hjá flugmannssætinu,

ii. fyrir hvert áhorfendasæti í stjórnklefa,

6) sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols í hverju sæti fyrir lágmarksfjölda flugliða sem skylt er að hafa um borð.

b) Sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols skal:

1) vera hægt að losa með einu átaki,

2) hafa tvær axlaólar og sætisbelti, sem nota má hvor um sig, í sætum flugliða, í öllum sætum hjá flugmannssætinu og í sætum fyrir lágmarksfjölda flugliða sem skylt er að hafa um borð.

CAT.IDE.A.210 Skiltin „Spennið beltin“ og „Reykingar bannaðar“

Flugvélar, þar sem ekki sést til allra farþegasæta úr stjórnklefanum, skulu hafa búnað sem gefur öllum farþegum og öryggis- og þjónustuliðum til kynna hvenær spenna skuli sætisbelti og reykingar eru bannaðar.

CAT.IDE.A.215 Innihurðir og dyratjöld

Í flugvélum skal vera eftirfarandi:

a) hurð milli farþegaklefa og stjórnklefa með skilti sem á stendur „Aðeins fyrir áhöfn“ og læsingu svo hægt sé að koma í veg fyrir að farþegar opni dyrnar án leyfis flugáhafnar ef um er að ræða flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19,

b) búnaður, sem greiður aðgangur er að, til að opna allar dyr sem skilja farþegaklefa frá öðru rými með neyðarútgangi,

c) ef leiðin liggur frá farþegasæti að tilskildum neyðarútgangi í gegnum dyr eða dyratjöld, sem skilja farþegaklefa frá öðru rými, skal vera unnt að festa hurðina eða dyratjöldin í opinni stöðu,

d) skilti á hverri hurð inni í flugvél eða næst dyratjaldi, sem er á leið farþega að neyðarútgangi, þar sem segir að festa verði hurðina eða tjaldið í opinni stöðu í flugtaki og lendingu og

e) búnaður fyrir hvern flugverja til að opna allar dyr sem farþegar eiga venjulega aðgang að og þeir geta læst.

CAT.IDE.A.220 Sjúkrakassi

a) Flugvélar skulu búnar sjúkrakössum í samræmi við töflu 1.

Tafla 1

Fjöldi sjúkrakassa sem krafist er

Fjöldi farþegasæta	Fjöldi sjúkrakassa sem krafist er
0-100	1
101-200	2
201-300	3
301-400	4
401-500	5
501 eða fleiri	6

b) Sjúkrakassi skal:

1) geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og

2) yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

CAT.IDE.A.225 Læknataska

a) Í flugvélum með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 30 skal vera læknataska til notkunar í neyðartilvikum ef einhvers staðar á áætlaðri flugleið er flogið fjær en svo frá flugvelli, þar sem vænta má læknishjálpar, að ná megi til flugvallarins á 60 mínútum eða skemmri tíma, á eðlilegum farflugshraða.

b) Flugstjórinn skal tryggja að einungis einstaklingar með viðeigandi réttindi gefi lyf.

c) Læknataskan sem um getur í a-lið skal:

1) vera ryk- og rakaþétt,

2) vernduð gegn óheimilum aðgangi og

3) yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

CAT.IDE.A.230 Súrefni til skyndihjálpar

a) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru við málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet, ef um er að ræða starfræksla þar sem gerð er krafa um öryggis- og þjónustuliða, skulu hafa óblandað súrefni tiltækt fyrir farþega sem gætu, af lífeðlisfræðilegum ástæðum, þurft á súrefni að halda ef loftþrýstingur fellur í farþegaklefa.

b) Magn súrefnis, sem um getur í a-lið, skal reiknað þannig að það svari til minnst þriggja lítra á mínútu af þurru súrefni fyrir hvern farþega, reiknað við staðalhita og staðalþrýsting (STPD). Þetta súrefni skal vera nægilegt fyrir minnst 2% fluttra farþega og minnst einn farþega, það sem eftir er flugsins frá því að þrýstingur tapast af farþegaklefa í meira en 8 000 feta hæð en ekki yfir 15 000 feta inniþrýstingshæð.

c) Hafa verður nægilega mörg tæki til að gefa súrefni, þó aldrei færri en tvö, og skulu öryggis- og þjónustuliðar eiga möguleika á að nota súrefnið.

d) Súrefnisbúnaðurinn til skyndihjálpar skal geta gefið hverjum notanda minnst fjóra lítra á mínútu miðað við staðalhita og staðalþrýsting.

CAT.IDE.A.235 Viðbótarsúrefni — flugvélar með jafnþrýstibúnaði

a) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru við málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað um borð til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis í samræmi við töflu 1.

b) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru við málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet, skulu hafa:

1) grímur fyrir flugliða sem unnt er að setja á sig í skyndingu,

2) nógu mörg aukaúttök og -grímur eða handsúrefnistæki með grímum sem dreift er jafnt um farþegarýmið til að tryggja að allir öryggis- og þjónustuliðar, sem skylt er að hafa um borð, geti strax fengið súrefni,

3) öndunartæki til skömmtunar súrefnis, sem tengt er við súrefnisgjafa og tilbúin til tafarlausrar notkunar fyrir alla öryggis- og þjónustuliða, viðbótaráhöfn og farþega í sætum, hvar sem setið er, og

4) búnað sem gefur flugliðum viðvörun við þrýstingsmissi.

c) Ef um er að ræða flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem eru með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 8. nóvember 1998 og eru starfræktar í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet, eða starfræktar í málþrýstingshæð í eða undir 25 000 feta hæð við skilyrði sem gerir þeim ekki kleift að lækka sig örugglega niður í 13 000 fet á innan við 4 mínútum, skulu öndunartækin til skömmtunar súrefnis, sem um getur í 3. lið b-liðar, vera þannig að þau opnist sjálfkrafa.

d) Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka, sem um getur í 3. lið b-liðar og í c-lið, skal vera a.m.k. 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegarýminu.

e) Þrátt fyrir a-lið má slaka á kröfunum um súrefnisbirgðir fyrir öryggis- og þjónustuliða, viðbótaráhöfn og farþega fyrir flugvélar, sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð, þannig að birgðirnar dugi allan þann tíma, sem flogið er í hæð sem samsvarar 10 000 til 13 000 feta inniþrýstingshæð, fyrir alla öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð, og fyrir a.m.k. 10 % farþeganna, ef flugvélin getur, hvenær sem er, á fyrirhugaðri flugleið lækkað flugið örugglega á innan við 4 mínútum niður í hæð þar sem inniþrýstingshæð samsvarar 13 000 fetum.

f) Tilskildar lágmarksbirgðir, sem tilgreindar eru í 1. lið b-liðar í línu 1 og í línu 2 í töflu 1, eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 20 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð.

g) Tilskildar lágmarksbirgðir, sem tilgreindar eru í 2. lið b-liðar í línu 1 í töflu 1, eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 110 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð.

h) Tilskildar lágmarksbirgðir, sem tilgreindar eru í línu 3 í töflu 1, eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 15 000 fet á 10 mínútum.

Tafla 1

Lágmarkskröfur um súrefni í flugvélum með jafnþrýstibúnað

Birgðir fyrir:	Tími og innþrýstingshæð
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt í stjórnklefa	a) Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð. b) Það sem eftir er af flugtímanum þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum en aldrei skemur en: 1) 30 mínútna birgðir fyrir flugvélar, sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð, og 2) tveggja klukkustunda birgðir fyrir flugvélar sem eru með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð.
2. Öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð	a) Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð en ekki skemur en í 30 mínútur. b) Það sem eftir er af flugtímanum þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum.

Birgðir fyrir:	Tími og innþrýstingshæð
3. 100% farþega(*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 15 000 feta hæð en aldrei skemur en 10 mínútur.
4. 30 % farþega(*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 14 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 15 000 feta hæð.
5. 10 % farþega(*)	Það sem eftir er af flugtímanum þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 14 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum.

(*) Farþegafjöldinn í töflu 1 vísar til farþega sem raunverulega ferðast um borð, þ.m.t. einstaklingar undir 24 mánaða aldri.

CAT.IDE.A.240 Viðbótarsúrefni — flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

Flugvélar án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru við málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað um borð til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis í samræmi við töflu 1.

Tafla 1

Lágmarkskröfur um súrefni í flugvélum án jafnþrýstibúnaðar

Birgðir fyrir:	Tími og innþrýstingshæð
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt í stjórnklefa og flugverjar sem aðstoða flugliða við skyldustörf sín	Allan flugtímann í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð.
2. Öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og lengur en 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð, en sem er ekki meiri en 13 000 fet.
3. Viðbótaráhöfn og 100% farþega(*)	Allan flugtímann í meira en 13 000 feta málþrýstingshæð.
4. 10 % farþega(*)	Allan flugtímann eftir 30 mínútur í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð.

(*) Farþegafjöldinn í töflu 1 vísar til farþega sem raunverulega ferðast um borð, þ.m.t. einstaklingar undir 24 mánaða aldri.

CAT.IDE.A.245 Öndunarhlífar (PBE) handa áhöfn

a) Allar flugvélar með jafnþrýstibúnað og flugvélar án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skulu hafa öndunarhlífar sem vernda augu, nef og munn og gefa í a.m.k. 15 mínútur:

1) súrefni til allra flugliða sem eru á flugvakt í stjórnklefa,

2) viðbótarsúrefni til allra öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð, sem geymt er næst vinnureit hans, og

3) viðbótarsúrefni úr beranlegum öndunarhlífum fyrir einn flugliða, sem geymt er næst vinnureit hans, ef um er að ræða flugvélar sem starfræktar eru með fleiri en einn flugliða en engan öryggis- og þjónustuliða.

b) Öndunarhlífar fyrir flugliða skulu geymdar í stjórnklefa þannig að hver flugliði, sem skylt er að hafa um borð, geti strax náð í öndunarhlíf frá vinnureit sínum.

c) Öndunarhlífar fyrir öryggis- þjónustuliða skulu geymdar næst tilskildum vinnureit hvers öryggis- og þjónustuliða.

d) Flugvélar skulu hafa beranlegar öndunarhlífar til viðbótar sem skulu geymdar nálægt handslökkvitækinu, sem um getur í CAT.IDE.A.250, eða nálægt dyrum farmrýmisins, ef handslökkvitækið hefur verið sett upp í farmrýminu.

e) Notkun öndunarhlífa skal ekki koma í veg fyrir að hægt sé að nota þann samskiptamiðil, sem um getur í CAT. IDE.A.170, CAT.IDE.A.175, CAT.IDE.A.270 og CAT.IDE.A.330.

CAT.IDE.A.250 Handslökkvitæki

a) Flugvélar skulu hafa a.m.k. eitt handslökkvitæki í stjórnklefa.

b) Það skal vera a.m.k. eitt handslökkvitæki staðsett í öllum eldhúsum sem eru ekki á aðalfarþegaþilfari, eða á stað þar sem auðvelt er að ná til þess.

c) Það skal vera a.m.k. eitt handslökkvitæki tiltækt til notkunar í hverju farm- eða farangursrými í A- eða B-flokki og í öllum farmrýmum í E-flokki, sem eru flugverjum aðgengileg meðan á flugi stendur.

d) Tegund og magn slökkviefnis fyrir slökkvitækin, sem skylt er að hafa um borð, skal henta fyrir þá elda sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið og til að draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir í þeim rýmum þar sem fólk er.

e) Flugvélar skulu hafa a.m.k. þann fjölda handslökkvitækja sem tiltekinn er í töflu 1 og skulu þau vera á hentugum stöðum í hverju farþegarými.

Tafla 1

Fjöldi handslökkvitækja

Hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu (MOPSC)	Fjöldi slökkvitækja
7-30	1
31-60	2
61-200	3
201-300	4
301-400	5
401-500	6
501-600	7
601 eða fleiri	8

CAT.IDE.A.255 Neyðaraxir og kúbein

a) Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5 700 kg eða með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu búnar a.m.k. einni neyðaröxi eða kúbeini sem geymt er í stjórnklefa.

b) Ef um er að ræða flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu er yfir 200 skal vera önnur öxi eða kúbein til viðbótar um borð, geymt í eða nálægt aftasta eldhúsinu.


c) Neyðaraxir og kúbein, sem geymd eru í farþegarýminu, mega ekki vera sýnileg farþegum.

CAT.IDE.A.260 Merking rofstaða á bol

Ef á bol flugvélar eru merktir staðir sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skulu þeir merktir með þeim hætti sem sýndur er á mynd 1.

Mynd 1

Merking rofstaða á bol



CAT.IDE.A.265 Búnaður til neyðarrýmingar

a) Flugvélar með hæð þröskulda á neyðarútgöngum fyrir farþega sem er meiri en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu skulu við hvern þessara útganga hafa búnað til að gera farþegum og áhöfn kleift að komast klakklaust niður á jörð í neyðartilvikum.

b) Þrátt fyrir a-lið þarf ekki að hafa þennan búnað eða tæki við útganga yfir vængjum ef tilgreindur staður, þar sem flóttaleiðin endar, er minna en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðu, lendingarbúnaður niðri og flapar í flugtaks- eða lendingarstöðu, eftir því hvor flapstaðan er lengra frá jörðu.

c) Í flugvélum þar sem skylt er að hafa sérstakan neyðarútgang fyrir flugliða, þar sem neðri brún neyðarútgangs er meira en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu, skal vera búnaður til að gera öllum flugliðum kleift að komast klakklaust niður á jörðina í neyðartilvikum.

d) Hæðin sem um getur í a- og c-lið skal mæld:

1) þegar lendingarbúnaður er niðri og

2) eftir að einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar falla saman eða fara ekki niður, ef um er að ræða flugvélar með tegundarvottorð sem gefið var út eftir 31. mars 2000.

CAT.IDE.A.270 Gjallarhorn

Flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 60 og sem flytja a.m.k. einn farþega skulu búnar eftirfarandi fjölda af handgjallarhornum, sem ganga fyrir rafhlöðum, og flugverjar geta auðveldlega gripið til við neyðarrýmingu:

a) Á hverju farþegaþilfari:

Tafla 1

Fjöldi gjallarhorna

Fyrirkomulag farþegasæta	Fjöldi gjallarhorna
61 til 99	1
100 eða fleiri	2

b) Í flugvélum með fleiri en eitt farþegaþilfar, þar sem heildarfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu er yfir 60, skal ávallt vera a.m.k. eitt gjallarhorn.

CAT.IDE.A.275 Neyðarlýsing og merking

a) Flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu hafa búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til að auðvelda rýmingu flugvélarinnar.

b) Ef um er að ræða flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skal eftirfarandi vera í búnaðinum fyrir neyðarlýsingu sem um getur í a-lið:

1) ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými,

2) inniljós við neyðarútganga í gólfhæð,

3) upplýst neyðarútgangsmerking og staðsetningarskilti,

4) í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess fyrir 1. maí 1972 og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga yfir vængjum og við útganga þar sem þörf er á hjálparbúnaði til að komast niður úr flugvélinni,

5) í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess fyrir 30. apríl 1972 og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga fyrir farþega og

6) í flugvélum, sem fyrst fengu tegundarvottorð eða jafngildi þess 31. desember 1957 eða síðar, skulu vera ratmerki í gólfi til neyðarútganga í öllu farþegarými.

c) Ef um er að ræða flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri, sem er vottuð á grundvelli lofthæfireglna Flugöryggisstofnunarinnar, skal búnaðurinn til neyðarlýsingar, sem um getur í a-lið, fela í sér búnaðinn sem um getur í 1.-3. lið b-liðar.

d) Ef um er að ræða flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri, sem er ekki vottuð á grundvelli lofthæfireglna Flugöryggisstofnunarinnar, skal búnaðurinn til neyðarlýsingar, sem um getur í a-lið, fela í sér búnaðinn sem um getur í 1. lið b-liðar.

e) Flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem flogið er að nóttu til, skal hafa ljósgjafa til almennrar lýsingar í öllu farþegarými til að auðvelda rýmingu flugvélarinnar.

CAT.IDE.A.280 Neyðarsendir

a) Flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skal a.m.k. búin:

1) tveim neyðarsendum og þar af skal annar þeirra vera sjálfvirkur, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta inn eftir 1. júlí 2008, eða

2) einum sjálfvirkum neyðarsendi eða tveim neyðarsendum af hvaða gerð sem er, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008, eða fyrr.

b) Flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri skal a.m.k. búin:

1) einum sjálfvirkum neyðarsendi, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta inn eftir 1. júlí 2008, eða

2) einum neyðarsendi af hvaða gerð sem er, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008, eða fyrr.

c) Neyðarsendir af hvaða gerð sem er skal geta sent út samtímis á 121,5MHz og 406 MHz tíðni.

CAT.IDE.A.285 Flug yfir vatni

a) Eftirfarandi flugvélar skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð sem er yngri en 24 mánaða, sem skal geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða legurúmi þess sem þau eru ætluð:

1) landflugvélar, sem flogið er yfir hafi eða vatni fjær landi en 50 sjómílur, eða sem hefja sig á loft eða lenda á flugvelli þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir vatni, þannig að líkur eru á að hún gæti þurft að nauðlenda á vatni og

2) lagarflugvélar, sem flogið er yfir hafi eða vatni.

b) Sérhvert björgunarvesti eða sambærilegur flotbúnaður skal hafa raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

c) Lagarflugvélar sem flogið er yfir hafi eða vatni skulu búnar:

1) rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggja lagarflugvélinni við legufæri eða við akkeri eða að stýra henni á vatni, með hliðsjón af stærð hennar, þyngd og stjórnunareiginleikum, og

2) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

d) Flugvél sem flogið er yfir hafi eða vatni lengra frá landi sem hentar til nauðlendingar en sem nemur:

1) 120 mínútna flugi á farflugshraða eða 400 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um er að ræða flugvélar sem geta haldið áfram flugi til flugvallar þótt markhreyfill eða markhreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið, eða

2) 30 mínútna flugi á farflugshraða eða 100 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,

skal hafa búnaðinn sem tilgreindur er í e-lið.

e) Flugvélar sem uppfylla ákvæði d-liðar skulu búnar eftirfarandi búnaði:

1) nægilega marga björgunarbáta til að rúma alla um borð, sem skulu geymdir þannig að þeir séu auðveldlega tiltækur í neyðarástandi og nógu stórir til að rúma alla þá sem komast lífs af ef björgunarbáturinn, sem rúmar flesta, týnist.

2) ljósi í hverjum björgunarbát til að auðvelda leit,

3) björgunarbúnaði, þ.m.t. búnaði til að lifa af, og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni og

4) a.m.k. tveim neyðarsendum fyrir þá sem komast af (e. survival ELT (ELT(S)).

CAT.IDE.A.305 Búnaður til að lifa af

a) Flugvél, sem starfrækt er yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skal búin:

1) merkjabúnaði til að senda frá sér neyðarmerki,

2) a.m.k. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) og

3) öðrum búnaði til að lifa af miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna um borð.

b) Þó þarf viðbótarbúnaðurinn til að lifa af, sem tilgreindur er í 3. lið a-liðar, ekki að vera um borð ef flugvélin:

1) er í fjarlægð sem er ekki meiri en svo til svæðis, sem er ekki mjög erfitt til leitar og björgunar, að svari til:

i. 120 mínútna flugs á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, ef um er að ræða flugvél sem getur haldið flugi áfram til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið, eða

ii. 30 mínútna flugs á farflugshraða þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,

2) er ekki fjær en svarar til 90 mínútna flugs á farflugshraða til svæðis sem hentar til nauðlendingar, ef um er að ræða flugvélar með vottun samkvæmt viðeigandi lofthæfisstaðli.

CAT.IDE.A.325 Heyrnartól

a) Flugvélar skulu búnar heyrnartólum með hljóðnema eða barkahljóðnema, eða jafngildum búnaði, fyrir hvern flugliða við vinnureit þeirra í stjórnklefa.

b) Flugvélar sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til skulu búnar sendihnappi á stýrishjóli hvers flugliða, sem skylt er að hafa um borð, til að stjórna kinki og veltu.

CAT.IDE.A.330 Þráðlaus fjarskiptabúnaður

a) Flugvélar skulu búnar þeim fjarskiptabúnaði sem krafist er í viðeigandi loftrýmiskröfum.

b) Fjarskiptabúnaðinn skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

CAT.IDE.A.335 Hlustunarvalborð

Flugvél, sem starfrækt er samkvæmt blindflugsreglum, skal búin hlustunarvalborði sem hægt er að stjórna frá öllum vinnureitum tilskildra flugliða.

CAT.IDE.A.340 Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum

Flugvél, sem starfrækt er samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum þar sem flogið er eftir kennileitum, skal búin fjarskiptabúnaði sem nauðsynlegur er við eðlileg sendingarskilyrði til að uppfylla eftirfarandi:

a) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöðvar,

b) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi flugumferðarstjórnstöð, frá hvaða stað sem er í því flugstjórnarrými sem fyrirhugað er að fljúga í, og

c) taka við veðurupplýsingum.

CAT.IDE.A.345 Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum

a) Flugvél, sem starfrækt er samkvæmt blindflugsreglum eða samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum, skal búin fjarskiptabúnaði og leiðsögutækjabúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaður skal samanstanda af a.m.k. tveimur sjálfstæðum fjarskiptakerfum sem við eðlileg starfræksluskilyrði eru nauðsynleg til að hafa samband við viðeigandi jarðstöð hvaðan sem er á leiðinni, einnig ef vikið er af leið.

c) Þrátt fyrir b-lið skulu flugvélar á stuttum flugleiðum innan Norður-Atlantshafssvæðisins, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (NAT MNPS) og ekki flogið yfir Norður-Atlantshafið, búnar a.m.k. einu langdrægu fjarskiptakerfi (HF-kerfi), ef aðrar verklagsreglur um fjarskipti hafa verið gefnar út fyrir viðkomandi loftrými.

d) Flugvélar skulu vera nægilega búin leiðsögutækjum til að tryggja að ef einn hluti tækjanna bilar á einhverju stigi flugsins geti tækin, sem eftir eru, veitt flugvélinni örugga leiðsögn í samræmi við flugáætlunina.

e) Flugvél í flugi þar sem áætlað er að lenda við blindflugsskilyrði skal vera búin fullnægjandi búnaði sem getur veitt leiðsögu til staðar þaðan sem hægt er að lenda úr sjónaðflugi, fyrir hvern flugvöll sem fyrirhugað er að lenda á við blindflugsskilyrði og fyrir alla tilgreinda varaflugvelli.

CAT.IDE.A.350 Ratsjársvari

Flugvél skal búin ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) sem gefur upp málþrýstingshæð og öðrum ratsjársvörunarbúnaði fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

CAT.IDE.A.355 Rafræn stjórnun leiðsögugagna

a) Flugrekandinn skal aðeins notast við vörur fyrir rafræn leiðsögugögn sem styðja við leiðsöguhugbúnað sem uppfylla staðla um heilleika sem eru viðunandi að því er varðar fyrirhugaða notkun gagnanna.

b) Þegar vörurnar fyrir rafræn leiðsögugögn styðja við leiðsöguhugbúnað sem þörf er á vegna starfrækslu, sem krefst samþykkis skv. V. viðauka (SPA-hluta), skal flugrekandi sýna lögbæru yfirvaldi fram á að ferlið sem notast er við og vörurnar sem afhentar eru uppfylli staðla um heilleika sem eru viðunandi að því er varðar fyrirhugaða notkun gagnanna.

c) Flugrekandi skal hafa stöðugt eftirlit með heilleika ferlisins og varanna, annaðhvort með beinum hætti eða með því að vakta það hvort veitendur, sem eru þriðju aðilar, uppfylli tilskilin ákvæði.

d) Flugrekandinn skal tryggja tímanlega dreifingu og innsetningu nýrra og óbreyttra, rafrænna leiðsögugagna til allra flugvéla sem þarfnast þess.

2. ÞÁTTUR

Þyrlur

CAT.IDE.H.100 Tæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð (EB) nr. 1702/2003, nema eftirfarandi atriði:

1) bræðivör til vara,

2) vasaljós,

3) nákvæm klukka,

4) kortahaldari,

5) sjúkrakassi,

6) gjallarhorn,

7) björgunar- og merkjabúnaður,

8) rekakkeri og búnaður til að liggja við legufæri og

9) festibúnaður fyrir börn.

b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem þurfa ekki að vera viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) flugliðar skulu ekki nota upplýsingarnar, sem þessi mælitæki, búnaður eða aukahlutir veita í því skyni að uppfylla kröfur 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða CAT.IDE.H.330, CAT.IDE.H.335, CAT.IDE.H.340 og CAT.IDE.H.345, og

2) mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.

c) Eigi flugliði að nota búnað í vinnureit sínum í flugi verður hann að geta starfrækt hann auðveldlega frá þeim vinnureit. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

d) Mælitækjum, sem sérhver flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina.

e) Allur nauðsynlegur neyðarbúnaður skal ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

CAT.IDE.H.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal hefja flug þegar eitthvert mælitæki, búnaður eða þættir þyrlunnar, sem nauðsynlegir eru fyrir fyrirhugað flug, eru óstarfhæfir eða þá vantar, nema:

a) þyrlan sé starfrækt samkvæmt lista flugrekandans yfir lágmarksbúnað (MEL), eða

b) flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja þyrlu innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL).

CAT.IDE.H.115 Vinnuljós

a) Þyrlur sem starfræktar eru samkvæmt sjónflugsreglum að degi til skulu hafa blikljósakerfi.

b) Til viðbótar við a-lið skulu þyrlur sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum að nóttu til, vera búnar:

1) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrlunnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu þyrlunnar,

2) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrlunnar og lýsa upp alla farþegaklefa,

3) vasaljósum handa hverjum flugverja, sem skylt er að hafa um borð, og skal vera auðvelt fyrir flugverja að ná til þeirra úr sæti sínu í vinnureit,

4) siglingaljósum,

5) tveimur lendingarljósum, þar af skal vera hægt að stilla a.m.k. annað þeirra meðan á flugi stendur þannig að það lýsi upp jörðina fyrir framan og undir þyrlunni sem og jörðina öðru hvoru megin við þyrluna og

6) ljósum samkvæmt alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef þyrluna má nota jafnt á landi og í vatni.

CAT.IDE.H.125 Sjónflug að degi til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

a) Á vinnureit hvers flugmanns í þyrlu, sem starfrækt er eftir sjónflugsreglum að degi til, skal vera eftirfarandi búnaður:

1) Tæki sem mælir og sýnir:

i. segulstefnu,

ii. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

iii. málþrýstingshæð,

iv. sýndan flughraða,

v. stig- og fallhraða,

vi. skrið og

vii. lofthita utan þyrlunnar.

2) Tæki sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum.

b) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi skal einnig vera tæki í vinnureit aðstoðarflugmanns sem sýnir eftirfarandi:

1) málþrýstingshæð,

2) sýndan flughraða,

3) stig- og fallhraða og

4) skrið.

c) Þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg eða allar þyrlur sem fljúga yfir hafi eða vatni án þess að land sé í sjónmáli eða þegar skyggni er minna en 1500 m skulu búnar tæki sem mælir og sýnir:

1) klifur eða lækkun afstöðu og

2) stefnu.

d) Búnaður til að koma í veg fyrir bilun truflanir í hraðamælakerfum vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar skal vera til staðar í þyrlum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 km eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu.

CAT.IDE.H.130 Blindflug eða flug að nóttu til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Á vinnureit flugmanns í þyrlum, sem starfræktar eru samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til eða samkvæmt blindflugsreglum, skal vera eftirfarandi búnaður:

a) Tæki sem mælir og sýnir:

1) segulstefnu,

2) tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3) sýndan flughraða,

4) stig- og fallhraða,

5) skrið,

6) klifur eða lækkun afstöðu (e. attitude),

7) stöðuga stefnu og

8) lofthita utan þyrlunnar.

b) Tvö tæki til að mæla og sýna málþrýstingshæð. Að því er varðar starfræksla í einstjórnarumhverfi samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til getur ratsjárhæðarmælir komið í staðinn fyrir einn þrýstingshæðarmæli.

c) Tæki sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum.

d) Tæki til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfum, sem krafist er í 3. lið a-liðar og 2. lið h-liðar, vegna annaðhvort þéttingar eða ísingar.

e) Tæki, sem tilkynnir flugliðum um bilun í búnaðinum, sem krafist er í d-lið, fyrir þyrlur:

1) með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. ágúst 1999 eða síðar, eða

2) með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. ágúst 1999, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu.

f) Varatæki til að mæla og sýna klifur eða lækkun afstöðu, sem:

1) fær stöðugt afl við eðlilegar aðstæður í flugi en verði allsherjarbilun í aðalrafkerfi flugvélarinnar fær hann rafmagn frá öðrum sjálfstæðum aflgjafa,

2) starfar óháð öðrum tækjum sem mæla og sýna klifur eða lækkun afstöðu,

3) hægt er að nota frá vinnureit hvors flugmannsins sem er,

4) fer í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu,

5) starfar á öruggan hátt í minnst 30 mínútur eða í þann tíma sem það tekur að fljúga að hentugu varalendingarsvæði þegar flogið er yfir ótryggu umhverfi eða á hafi úti, hvort sem varir lengur, eftir að allsherjarbilun hefur orðið í aðalrafkerfinu, með hliðsjón af öðru álagi á neyðaraflgjafa og verklagsreglum,

6) er nægilega vel lýstur á öllum stigum flugsins og

7) er tengdur við tæki sem lætur flugliða vita þegar það gengur fyrir eigin aflgjafa, þ.m.t. þegar það gengur fyrir neyðaraflgjafa.

g) Varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa til að mæla flughæð, flughraða og stig- og fallhraða.

h) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi, skal einnig vera tæki í vinnureit aðstoðarflugmanns sem sýnir eftirfarandi:

1) málþrýstingshæð,

2) sýndan flughraða,

3) stig- og fallhraða,

4) skrið,

5) klifur eða lækkun afstöðu og

6) stöðuga stefnu.

i) Kortahaldari sem er staðsettur þannig að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til fyrir starfrækslu að nóttu til.

CAT.IDE.H.135 Viðbótarbúnaður fyrir flug þegar einn flugmaður er í áhöfn og flogið er eftir blindflugsreglum

Þyrlur, sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og stefnustýringu.

CAT.IDE.H.145 Ratsjárhæðarmælir

a) Þyrlur sem flogið er yfir hafi eða vatni skulu búnar ratsjárhæðarmæli sem getur gefið frá sér viðvörunarhljóðmerki undir forstilltri hæð og viðvörunarljós í hæð sem flugmaður getur valið, þegar flogið er:

1) án þess að land sé í sjónmáli,

2) í skyggni sem er minna en 1500 m,

3) að nóttu til eða

4) í fjarlægð frá landi, sem samsvarar meira en þremur mínútum á eðlilegum farflugshraða.

CAT.IDE.H.160 Veðurskynjarar í loftfari

Þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu, sem flogið er eftir blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu búnar veðurratsjá í loftfari þegar nýjasta veðurlýsingin gefur til kynna að á fyrirhugaðri flugleið megi búast við þrumuveðri eða öðrum veðurskilyrðum, sem teljast sjáanleg í veðurratsjá og geta orðið hættuleg.

CAT.IDE.H.165 Viðbótarbúnaður vegna starfsrækslu í ísingu að nóttu til

a) Þyrlur sem starfræktar eru að nóttu til, í ísingu eða ef búast má við ísingu, skulu hafa búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun.

b) Búnaður sem notaður er til að lýsa upp ísmyndun skal ekki valda glampa eða endurspeglun sem myndi trufla flugverja við skyldustörf sín.

CAT.IDE.H.170 Talkerfi flugáhafnar

Þyrlur sem starfræktar eru af fleiri en einum flugliða skulu hafa talkerfi flugliða, þ.m.t. heyrnartól og hljóðnema sem allir flugliðar skulu nota.

CAT.IDE.H.175 Talkerfi flugverja

Þyrlur sem flytja flugverja, sem er ekki flugliði, skulu búnar talkerfi flugverja.

CAT.IDE.H.180 Almennt hátalarakerfi

a) Þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu búnar almennu hátalarakerfi, að undanskildum þeim sem um getur í b-lið.

b) Þrátt fyrir a-lið skulu þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu en færri en 20 undanþegnar frá því að hafa almennt hátalarakerfi, ef:

1) þyrlan er hönnuð án þverþils á milli flugmanns og farþega og

2) flugrekandinn getur sýnt fram á að rödd flugmanns heyrist og skiljist í öllum farþegasætum, meðan á flugi stendur.

CAT.IDE.H.185 Hljóðriti

a) Eftirtaldar tegundir þyrlna skulu búnar hljóðrita:

1) allar þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 7000 kg og

2) þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg með sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út 1. janúar 1987, eða síðar.

b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

1) síðustu tvo tímana, ef um er að ræða þyrlur, sem um getur í 1. og 2. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2016, eða síðar,

2) síðustu klukkustundina, ef um er að ræða þyrlur, sem um getur í 1. lið a-liðar, þegar sérstakt lofthæfivottorð var gefið út í fyrsta sinn 1. ágúst 1999 eða síðar og fyrir 1. janúar 2016,

3) síðustu 30 mínúturnar, ef um er að ræða þyrlur, sem um getur í 1. lið a-liðar, þegar sérstakt lofthæfivottorð var gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. ágúst 1999, eða

4) síðustu 30 mínúturnar, ef um er að ræða þyrlur, sem um getur í 2. lið a-liðar, þegar sérstakt lofthæfivottorð var gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2016.

c) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

1) send og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2) talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3) öll hljóð í stjórnklefa, auk:

i. hljóðmerki frá hljóðnemum allra áhafnarmeðlima, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út 1. ágúst 1999 eða síðar,

ii. hljóðmerki frá hljóðnemum allra áhafnarmeðlima, þar sem það er mögulegt, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út fyrir 1. ágúst 1999,

4) radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

d) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en þyrlan hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og þyrlan hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

e) Til viðbótar við d-lið, ef um er að ræða þyrlur, sem um getur í 2. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem var gefið út í fyrsta sinn 1. ágúst 1999, eða síðar:

1) skal hljóðritinn fara sjálfkrafa í gang áður en þyrlan hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og þyrlan hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

2) skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

CAT.IDE.H.190 Ferðriti

a) Eftirfarandi þyrlur skulu búnar stafrænum ferðrita sem skráir og varðveitir gögn og sem auðvelt er að sækja gögnin í geymslumiðilinn fyrir:

1) þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg með sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út 1. ágúst 1999, eða síðar,

2) þyrlur með skráðan flugtaksmassa upp á meira en 7000 kg og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu upp á níu eða fleiri og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1989, eða síðar, en þó fyrir 1. ágúst 1999.

b) Ferðriti skal skrá breyturnar sem þarf til að ákvarða nákvæmlega:

1) flugslóð, hraða, klifur eða lækkun afstöðu, vélarafl, starfrækslu og útfærslu og skal geta geymt upplýsingarnar sem skráðar voru síðustu tíu klukkustundirnar, fyrir þyrlur, sem um getur í 1. lið a-liðar, sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út 1. janúar 2016 eða síðar.

2) flugslóð, hraða, klifur eða lækkun afstöðu, vélarafl og starfrækslu og skal geta geymt upplýsingarnar sem skráðar voru síðustu átta klukkustundirnar, fyrir þyrlur, sem um getur í 1. lið a-liðar, sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem fyrst var gefið út fyrir 1. janúar 2016,

3) flugslóð, hraða, klifur eða lækkun afstöðu, vélarafl og starfrækslu og skal geta geymt upplýsingarnar sem skráðar voru síðustu fimm klukkustundirnar, fyrir þyrlur sem um getur í 2. lið a-liðar.

c) Gögn skulu fengin beint úr tækjum þyrlunnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugliðum.

d) Ferðritinn skal hefja sjálfvirka skráningu gagna áður en þyrlan getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar þyrlan getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Í ferðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

CAT.IDE.H.195 Skráning gagnatenginga

a) Í þyrlum með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 8. apríl 2014 eða síðar, þar sem notuð eru fjarskipti um gagnatengingu og krafa gerð um hljóðrita, skal eftir atvikum skrá eftirfarandi með upptökutæki:

1) fjarskiptaboð um gagnatengingu sem tengjast fjarskiptum við flugumferðarþjónustu til og frá þyrlunni, þ.m.t. boð er varða eftirfarandi notkun:

i. fjarskiptum um gagnatengingu komið á,

ii. samskipti flugumferðarstjóra og flugmanns,

iii. samningsháð kögun (e. addressed surveillance),

iv. flugupplýsingar,

v. kögun fyrir útvörpun úr loftfari (e. aircraft broadcast surveillance), eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,

vi. gögn um flugrekstrarstjórn loftfarsins, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins og

vii. myndræn útfærsla, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,

2) upplýsingar, sem gera það unnt að bera saman skráningar á fjarskiptum um gagnatengingu og skráningar sem eru geymdar annars staðar en í þyrlunni, og

3) upplýsingar um tímalengd og forgang fjarskiptaboða um gagnatengingu, með tilliti til uppbyggingu kerfisins.

b) Upptökutækið skal skrá og varðveita gögn og upplýsingar með stafrænum hætti og skal vera auðvelt að nálgast þau gögn. Skráningaraðferðin skal vera þannig að hægt sé að bera gögnin saman við gögnin sem skráð eru á jörðu niðri.

c) Upptökutækið skal geta geymt gögnin sem hann skráði í a.m.k. jafn langan tíma og sett er fram fyrir hljóðrita í CAT. IDE.H.185.

d) Í upptökutækinu skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

e) Sömu kröfur gilda um gangsetningu og stöðvun upptökutækisins og um gangsetningu og stöðvun hljóðrita í samræmi við d- og e-lið CAT.IDE.H.185.

CAT.IDE.H.200 Riti sem sambyggður er úr ferðrita og hljóðrita

Kröfur um hljóðrita og ferðrita er hægt að uppfylla með því að nota einn sambyggðan flugrita.

CAT.IDE.H.205 Sæti, sætisbelti, festibúnaður og festibúnaður fyrir börn

a) Þyrlur skulu búnar:

1) sæti eða legurúmi fyrir hvern farþega um borð sem náð hefur a.m.k. 24 mánaða aldri,

2) sætisbelti fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm,

3) sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols sem notast í hverju farþegasæti farþega sem er 24 mánaða eða eldri, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út 1. ágúst 1999 eða síðar,

4) festibúnaði fyrir börn fyrir alla einstaklinga um borð sem eru yngri en 24 mánaða,

5) sætisbelti í hverju sæti flugliða sem sjálfkrafa heldur efri hluta bols þess sem situr í sætinu við snögga hraðlækkun,

6) sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols í hverju sæti fyrir lágmarksfjölda flugliða sem skylt er að hafa um borð.

b) Sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols skal:

1) vera þannig að hægt sé að losa þau með einu átaki og

2) hafa tvær ólar fyrir axlir og sætisbelti, sem nota má hvor um sig, í sætum flugliða og í sætum fyrir lágmarksfjölda flugliða sem skylt er að hafa um borð.

CAT.IDE.H.210 Skiltin „Spennið beltin“ og „Reykingar bannaðar“

Þyrlur, þar sem ekki sést til allra farþegasæta úr stjórnklefanum, skulu hafa búnað sem gefur öllum farþegum og öryggis- og þjónustuliðum til kynna hvenær spenna skuli sætisbelti og reykingar eru bannaðar.

CAT.IDE.H.220 Sjúkrakassar

a) Þyrlur skulu hafa a.m.k. einn sjúkrakassa.

b) Sjúkrakassi skal:

1) geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans,

2) yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

CAT.IDE.H.240 Viðbótarsúrefni — þyrlur án jafnþrýstibúnaðar

Þyrlur án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru við málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað um borð til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis í samræmi við eftirfarandi töflur.

Tafla 1

Lágmarkskröfur um súrefni í flóknum þyrlum án jafnþrýstibúnaðar

Birgðir fyrir:	Tími og innþrýstingshæð
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt í stjórnklefa og flugverjar sem aðstoða flugliða við skyldustörf sín	Allan flugtímann í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð.
2. Öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og lengur en 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð, en sem er ekki meiri en 13 000 fet.
3. Viðbótaráhöfn og 100% farþega(*)	Allan flugtímann í meira en 13 000 feta málþrýstingshæð.
4. 10 % farþega(*)	Allan flugtímann eftir 30 mínútur í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð.

(*) Farþegafjöldinn í töflu 1 vísar til farþega sem raunverulega ferðast um borð, þ.m.t. einstaklingar undir 24 mánaða aldri.

Tafla 2

Lágmarkskröfur um súrefni í þyrlum án jafnþrýstibúnaðar, sem ekki eru flóknar

Birgðir fyrir:	Tími og innþrýstingshæð
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á vakt í stjórnklefa, flugverjar sem aðstoða flugliða við skyldustörf sín og öryggis- og þjónustuliðar, sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og lengur en 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð, en sem er ekki meiri en 13 000 fet.
2. Viðbótaráhöfn og 100% farþega(*)	Allan flugtímann í meira en 13 000 feta málþrýstingshæð.
3. 10 % farþega(*)	Allan flugtímann eftir 30 mínútur í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð.

(*) Farþegafjöldinn í töflu 1 vísar til farþega sem raunverulega ferðast um borð, þ.m.t. einstaklingar undir 24 mánaða aldri.

CAT.IDE.H.250 Handslökkvitæki

a) Þyrlur skulu hafa a.m.k. eitt handslökkvitæki í stjórnklefa.

b) Það skal vera a.m.k. eitt handslökkvitæki staðsett í öllum eldhúsum sem eru ekki á aðalfarþegaþilfari, eða á stað þar sem auðvelt er að ná til þess.

c) Það skal vera a.m.k. eitt handslökkvitæki tiltækt til notkunar í hverju farmrými sem er aðgengilegt flugverjum meðan á flugi stendur.

d) Tegund og magn slökkviefnis fyrir slökkvitækin, sem skylt er að hafa um borð, skal henta fyrir þá elda sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið og til að draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir í þeim rýmum þar sem fólk er.

e) Þyrlur skulu hafa a.m.k. þann fjölda handslökkvitækja sem tiltekinn er í töflu 1 og skulu þau vera á hentugum stöðum í hverju farþegarými.

Tafla 1

Fjöldi handslökkvitækja


Hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu (MOPSC)	Fjöldi slökkvitækja
7-30	1
31-60	2
61-200	3

CAT.IDE.H.260 Merking rofstaða á bol

Ef á bol þyrlunnar eru merktir staðir sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skulu þeir merktir með þeim hætti sem sýndur er á mynd 1.

Mynd 1

Merking rofstaða á bol



CAT.IDE.H.270 Gjallarhorn

Þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skulu hafa eitt handgjallarhorn, sem gengur fyrir rafhlöðum og flugverjar geta auðveldlega gripið til við neyðarrýmingu.

CAT.IDE.H.275 Neyðarlýsing og merking

a) Þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skulu hafa:

1) búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til almennrar lýsingar í farþegarýminu til að auðvelda rýmingu þyrlunnar og

2) neyðarútgangsmerkingu og staðsetningarskilti sem eru sýnileg í dagsbirtu eða í myrkri.

b) Þyrlur skulu hafa neyðarútgangsmerkingar sem eru sýnilegar í dagsbirtu eða í myrkri þegar flogið er:

1) í afkastagetuflokki 1 eða 2 yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi, sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða,

2) í afkastagetuflokki 3 yfir hafi eða vatni í fjarlægð, sem er meiri en sem svarar 3 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.

CAT.IDE.H.280 Neyðarsendir

a) Þyrlur skulu hafa a.m.k. einn sjálfvirkan neyðarsendi.

b) Þyrlur sem starfræktar eru í afkastagetuflokki 1 eða 2 og notaðar eru í starfrækslu á hafi úti í flugi yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi og í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða skulu vera búnar sjálfvirkum, sjálflosandi neyðarsendi (ELT(AD)).

c) Neyðarsendir af hvaða gerð sem er skal geta sent út samtímis á 121,5MHz og 406 MHz tíðni.

CAT.IDE.H.290 Björgunarvesti

a) Þyrlur skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling sem er um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð sem er yngri en 24 mánaða, sem skal geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða legurúmi þess sem þau eru ætluð, þegar starfræksla fer fram:

1) í afkastagetuflokki 1 eða 2 yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi, sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða,

2) í afkastagetuflokki 3 yfir hafi eða vatni í flugi sem er lengra frá landi en sem nemur vegalengd á sjálfsnúningi þyrils (e. autorotational),

3) í afkastagetuflokki 2 eða 3 þegar þær hefja sig á loft eða lenda á flugvelli eða starfrækslusvæði þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir hafi eða vatni.

b) Sérhvert björgunarvesti eða sambærilegur flotbúnaður skal hafa raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

CAT.IDE.H.290 Viðlagabúningar áhafnar

Allir flugverjar skulu vera í björgunarbúningi þegar starfræksla fer fram:

a) í afkastagetuflokki 1 eða 2 í flugi yfir hafi eða vatni í fjarlægð sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða, í flugi sem farið er til stuðnings starfrækslu á hafi úti þegar veðurlýsing eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10°C meðan á flugi stendur, eða þegar áætlaður tími björgunaraðgerða er lengri en sá tími sem áætlað er að einhver komist lífs af,

b) í afkastagetuflokki 3 í flugi yfir hafi eða vatni lengra frá landi en sem nemur vegalengd á sjálfsnúningi þyrils eða öruggri nauðlendingarvegalengd frá landi, þegar veðurlýsing eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10°C á meðan á flugi stendur.

CAT.IDE.H.300 björgunarflekar, neyðarsendar og björgunarbúnaður í langflugi yfir haf eða vatn

Þyrlur sem starfræktar eru:

a) í afkastagetuflokki 1 eða 2 yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi, sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða,

b) í afkastagetuflokki 3 í flugi yfir hafi eða vatni í fjarlægð sem er meiri en sem svarar 3 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða skulu búnar:

1) a.m.k. einum björgunarbát, sem rúmar a.m.k. hámarksfjölda einstaklinga um borð, sem skal geymdur þannig að auðvelt sé að grípa hann til notkunar í neyðarástandi, ef um er að ræða þyrlur með færri en 12 farþega,

2) a.m.k. tveimur björgunarbátum, sem geymdir eru þannig að auðvelt sé að grípa þá til notkunar í neyðarástandi og eru samanlagt nógu stórir til að rúma alla farþega sem hægt er að hafa um borð og ef annar báturinn týnist skal vera nægilegt pláss á þeim fleka/flekum sem eftir er/eru til að rúma alla einstaklinga um borð í þyrlunni, ef um er að ræða þyrlu með fleiri en 11 farþega,

3) a.m.k. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af fyrir hvern tilskilinn björgunarbát og

4) björgunarbúnað, þ.m.t. búnað til að lifa af, og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni.

CAT.IDE.H.305 Búnaður til að lifa af

Þyrla, sem starfrækt er yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skal búin:

a) merkjabúnaði til að senda frá sér neyðarmerki,

b) a.m.k. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) og

c) öðrum búnaði til að lifa af miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna um borð.

CAT.IDE.H.310 Viðbótarkröfur fyrir þyrlur sem fljúga undan ströndum á fjandsamlegu hafsvæði

Þyrlur sem fljúga á hafi úti á ótryggu hafsvæði, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða skulu uppfylla eftirfarandi:

a) Allir einstaklingar um borð skulu vera í björgunarbúningum þegar veðurlýsing eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10°C á meðan á flugi stendur eða þegar áætlaður tími björgunaraðgerða er lengri en sá tími sem áætlað er að einhver komist lífs af eða þegar áformað er að flugið fari fram að nóttu til.

b) Allir björgunarbátar, sem hafðir eru um borð í samræmi við CAT.IDE.H.300, skulu staðsettir þannig að hægt sé að nota þá við sama sjólag og mat á eiginleikum þyrlunnar fór fram við með tilliti til nauðlendingar þyrlunnar á vatni, flotgetu hennar (e. flotation) og legu í vatni (e. trim) í því skyni að uppfylla vottunarkröfur um nauðlendingu á vatni.

c) Þyrlan skal hafa búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til almennrar lýsingar í farþegarýminu til að auðvelda rýmingu þyrlunnar.

d) Merkja skal greinilega alla neyðarútganga, þ.m.t. neyðarútganga fyrir áhöfnina, og búnaðinn til að opna þá til að leiðbeina þeim sem eru um borð þegar þeir nota neyðarútgangana í dagsbirtu eða í myrkri. Slíkar merkingar skulu hannaðar þannig að þær séu enn sýnilegar ef þyrlunni hvolfir og farþegarými fer í kaf.

e) Allar hurðir sem ekki er hægt að snögglosa, sem eru merktar sem neyðarútgangur vegna nauðlendingar á vatni, skulu hafa búnað sem gerir kleift að festa þær í opinni stöðu þannig að þær komi ekki í veg fyrir útgöngu farþega við sjólag upp að því hámarki, sem krafist er þegar verið er að meta nauðlendingu á vatni og flotgetu.

f) Allar hurðir, gluggar eða önnur op í farþegarýminu, sem talin eru hentugar undankomuleiðir undir yfirborði vatns, skulu vera þannig að hægt sé að nota þau í neyðarástandi.

g) Farþegar og flugverjar skulu ávallt vera í björgunarvestum nema viðkomandi sé í samþættum björgunarbúningi (e. integrated survival suit) sem uppfyllir samanlagðar kröfur um björgunarbúning og björgunarvesti.

CAT.IDE.H.315 Þyrlur sem hafa vottorð til starfrækslu á vatni — ýmis búnaður

Þyrlur sem hafa vottorð til starfrækslu á vatni skulu búnar:

a) rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra þyrlunni á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum þess,

b) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

CAT.IDE.H.320 Allar þyrlur sem fljúga yfir vatni — nauðlending á vatni

a) Þyrlur skulu hannaðar til að lenda á vatni, eða hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðkomandi lofthæfireglur, þegar þær eru starfræktar í afkastagetuflokki 1 eða 2 í flugi yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.

b) Þyrlur skulu hannaðar til að lenda á vatni eða hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðkomandi lofthæfireglur eða hafa neyðarflotbúnað þegar þær eru starfræktar:

   1) í afkastagetuflokki 1 eða 2 í flugi yfir vatni eða hafi í öruggu umhverfi, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða,

   2) í afkastagetuflokki 2, þegar þær hefja sig á loft eða lenda yfir vatni eða hafi, nema ef um er að ræða HEMS-flug, þar sem lending eða flugtak á starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug, sem staðsett er í þéttbýli, fer fram yfir vatni til að draga úr áhættu,

   3) í afkastagetuflokki 3 í flugi yfir vatni eða hafi sem er lengra en örugg nauðlendingarvegalengd frá landi.

CAT.IDE.H.325 Heyrnartól

Þegar krafa er gerð um fjarskipta- og/eða fjarleiðsögukerfi skulu þyrlur hafa heyrnartól með hljóðnema, eða jafngildi þess, sem og sendihnapp á stýri hvers flugmanns og/eða flugverja, sem krafist er í áhöfn, á vinnureit viðkomandi.

CAT.IDE.H.330 Þráðlaus fjarskiptabúnaður

a) Þyrlur skulu búnar þeim fjarskiptabúnaði, sem krafist er í viðeigandi loftrýmiskröfum.

b) Fjarskiptabúnaðinn skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

CAT.IDE.H.335 Hlustunarvalborð

Þyrlur, sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar hlustunarvalborði sem hægt er að stjórna frá öllum vinnureitum tilskildra flugliða.

CAT.IDE.H.340 Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum

Þyrlur, sem fljúga samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum þar sem unnt er að fljúga eftir kennileitum, skulu búnar þráðlausum fjarskiptabúnaði sem nauðsynlegur er við eðlileg sendingarskilyrði til að uppfylla eftirfarandi:

a) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöðvar,

b) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi flugumferðarstjórnstöð, frá hvaða stað sem er í því flugstjórnarrými sem fyrirhugað er að fljúga í, og

c) taka við veðurupplýsingum.

CAT.IDE.H.345 Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum

a) Þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum eða samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum, skulu búnar fjarskiptabúnaði og leiðsögutækjabúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaður skal samanstanda af a.m.k. tveimur sjálfstæðum fjarskiptakerfum sem við eðlileg starfræksluskilyrði eru nauðsynleg til að hafa samband við viðeigandi jarðstöð hvaðan sem er á leiðinni, einnig ef vikið er af leið.

c) Þyrlur skulu vera nægilega búnar leiðsögutækjum til að tryggja að ef einn hluti tækjanna bilar á einhverju stigi flugsins geti tækin, sem eftir eru, veitt þyrlunni örugga leiðsögn í samræmi við flugáætlunina.

d) Þyrlur í flugi þar sem áætlað er að lenda við blindflugsskilyrði skulu búnar fullnægjandi búnaði sem getur veitt leiðsögu til staðar þaðan sem hægt er að lenda úr sjónaðflugi fyrir hvern flugvöll sem fyrirhugað er að lenda á við blindflugsskilyrði og fyrir alla tilgreinda varaflugvelli.

CAT.IDE.H.350 Ratsjársvari

Þyrlur skulu búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) sem gefur upp málþrýstingshæð og öðrum ratsjársvörunarbúnaði fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

V. VIÐAUKI

SÉRSTÖK SAMÞYKKI

[SPA-HLUTI]

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

SPA.GEN.100 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald sem sér um að gefa út sérstakt samþykki til flugrekanda í flutningaflugi skal vera yfirvald þess aðildarríkis þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar.

SPA.GEN.105 Umsókn um sérstakt samþykki

a) Flugrekandinn sem sækir um útgáfu sérstaks samþykkis í fyrsta sinn skal láta lögbæru yfirvaldi í té þau gögn sem krafist er í viðeigandi kafla, ásamt eftirfarandi upplýsingum:

   1) nafn umsækjandans, heimilisfang og póstfang,

   2) lýsingu á fyrirhugaðri starfrækslu.

b) Flugrekandinn skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á eftirfarandi:

   1) að ákvæði viðeigandi kafla séu uppfyllt,

   2) að tekið sé tillit til viðeigandi þátta, sem skilgreindir eru í þeim gögnum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

c) Flugrekandinn skal geyma öll gögn sem varða a- og b-lið, a.m.k. á meðan starfrækslan, sem krefst sérstaks samþykkis, stendur yfir, eða, ef við á, í samræmi við III. viðauka (ORO-hluta).

SPA.GEN.110 Réttindi flugrekanda með sérstakt samþykki

Umfang þeirrar starfsemi sem flugrekandi, sem er handhafi flugrekandaskírteinis, hefur heimild til að annast skal skjalfest og tilgreint í rekstrarforskriftunum fyrir flugrekandaskírteinið.

SPA.GEN.115 Breytingar á sérstöku samþykki

Ef breytingar hafa áhrif á skilyrði sérstaks samþykkis skal flugrekandi láta lögbæru yfirvaldi í té viðeigandi gögn og fá fyrirframsamþykki fyrir starfrækslunni.

SPA.GEN.120 Áframhaldandi gildi sérstaks samþykkis

Sérstök samþykki skulu gefin út með ótakmarkaðan gildistíma og skulu halda gildi sínu svo framarlega sem flugrekandinn uppfyllir áfram kröfur sem tengjast sérstaka samþykkinu og að teknu tilliti til viðeigandi þátta, sem skilgreindir eru í þeim gögnum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

B-KAFLI

STARFRÆKSLA SEM BYGGIR Á HÆFISBUNDINNI LEIÐSÖGU (PBN)

SPA.PBN.100 Flugleiðsaga sem byggir á frammistöðu

Aðeins skal starfrækja loftfar í tilgreindu loftrými, á flugleið eða í samræmi við verklag, þar sem settar eru fram forskriftir fyrir hæfisbundna leiðsögu, ef flugrekandinn hefur samþykki lögbærs yfirvalds fyrir slíkri starfrækslu. Ekki er gerð krafa um sérstakt samþykki fyrir starfrækslu í tilgreindu loftrými í svæðisleiðsögu 5 (RNAV5 (lágmarkskröfur fyrir svæðisleiðsögu, B-RNAV)).

SPA.PBN.105 Samþykki fyrir starfrækslu flugleiðsögu sem byggir á frammistöðu

Til að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds fyrir starfrækslu, sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu, skal flugrekandi sýna fram á:

a) að hann hafi fengið viðeigandi lofthæfivottun fyrir RNAV-kerfið,

b) að komið hafi verið á þjálfunaráætlun fyrir þá flugliða sem koma að þessari starfrækslu,

c) að komið hafi verið á verklagsreglum fyrir starfræksluna þar sem tilgreint er:

   1) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað,

   2) samsetning flugliða og kröfur um reynslu,

   3) verklag við eðlilegar aðstæður,

   4) viðlagaverklagsreglur,

5) vöktun og skýrslugjöf um flugatvik,

6) rafræn stjórnun leiðsögugagna.

C-KAFLI

STARFRÆKSLA MEÐ TILGREINDUM LÁGMARKSKRÖFUM UM NÁKVÆMNI Í FLUGLEIÐSÖGU (MNPS)

SPA.MNPS.100 Starfræksla með lágmarkskröfum um nákvæmni í flugleiðsögu

Loftfar skal aðeins starfrækt í tilgreindu loftrými, þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu, í samræmi við svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur þar sem settar eru fram forskriftir fyrir lágmarkskröfur um nákvæmni, ef flugrekandinn hefur samþykki lögbærs yfirvalds fyrir slíkri starfrækslu.

SPA.MNPS.105 Samþykki fyrir starfsrækslu eftir lágmarkskröfum um nákvæmni í flugleiðsögu

Til að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds fyrir starfrækslu sem byggir á lágmarkskröfum um nákvæmni í flugleiðsögu skal flugrekandi sýna fram á:

a) að leiðsögutækjabúnaðurinn uppfylli kröfur um nákvæmni,

b) að báðir flugmennirnir, sitjandi í vinnureit sínum, geti séð á stöðuskjái (e. navigation displays), stöðuvísa (e. navigation indicators) og stjórntæki fyrir leiðsögu (e. navigation controls) og notað þau,

c) að komið hafi verið á þjálfunaráætlun fyrir þá flugliða sem koma að þessari starfrækslu,

d) að komið hafi verið á verklagsreglum fyrir starfræksluna þar sem tilgreint er:

1) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað,

2) samsetning flugliða og kröfur um reynslu,

3) verklag við eðlilegar aðstæður,

4) viðlagaverklagsreglur, þ.m.t. þær sem tilgreindar eru af því yfirvaldi sem ber ábyrgð á viðkomandi loftrými.

5) vöktun og skýrslugjöf um flugatvik.

D-KAFLI

STARFRÆKSLA Í LOFTRÝMI MEÐ MINNKUÐUM LÁGMARKSHÆÐARAÐSKILNAÐI (RVSM)

SPA.RVSM.100 Flug við minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað

Loftfar skal aðeins starfrækt í tilgreindu loftrými, þar sem notast er við minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað sem nemur 300 m (1000 fet), á milli fluglags 290 og fluglags 410, að báðum meðtöldum, ef flugrekandi hefur hlotið samþykki lögbærs yfirvalds fyrir slíkri starfrækslu.

SPA.RVSM.105 samþykki fyrir starfrækslu með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði

Til að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds fyrir starfrækslu þar sem notast er við minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað skal flugrekandi sýna fram á:

a) að hann hafi fengið lofthæfivottun fyrir minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði,

b) að komið hafi verið á verklagi við vöktun og skýrslugjöf um hæðarskekkjur,

c) að komið hafi verið á þjálfunaráætlun fyrir þá flugliða sem koma að þessari starfrækslu,

d) að komið hafi verið á verklagsreglum fyrir starfræksluna þar sem tilgreint er:

1) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað,

2) samsetning flugliða og kröfur um reynslu,

3) gerð flugáætlana,

4) verklag fyrir flug,

5) verklag áður en farið er inn í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði,

6) verklagsreglur á flugi,

7) verklag eftir flug,

8) skýrslugjöf vegna flugatvika,

9) sérstakar svæðisbundnar verklagsreglur.

SPA.RVSM.110 kröfur um búnað í minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði

Loftfar sem notað er í starfrækslu við minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað skal búið:

a) tveimur sjálfstæðum hæðarmælingakerfum,

b) hæðarviðvörunarkerfi,

c) sjálfvirku hæðarstýringarkerfi,

d) ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá með hæðartilkynningarkerfi sem tengja má hæðarmælingarkerfinu sem notað er til að halda hæð.

SPA.RVMS.115 Skekkjur þegar kemur að því að halda hæð í minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði

a) Flugrekandinn skal gefa skýrslu um öll skráð eða tilkynnt atvik um hæðarskekkjur sem verða af völdum bilunar í loftfarsbúnaði eða eru af rekstrarlegum toga, ef skekkjan er jöfn og eða meiri en:

1) lóðrétt heildarskekkja (TVE) upp á ± 90 m (± 300 fet),

2) skekkja í hæðarmælingakerfi (ASE) upp á ± 75 m (± 245 fet) og

3) frávik frá heimilaðri flughæð (AAD) upp á ± 90 m (300 fet).

b) Skýrslur um slík atvik skulu send lögbæru yfirvaldi innan 72 klukkustunda. Skýrslurnar skulu fela í sér frumgreiningu á orsakavöldum og ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir að atvikið endurtaki sig.

c) Við skráningu eða móttöku á hæðarskekkjum skal flugrekandi grípa tafarlaust til aðgerða til að lagfæra skilyrðin sem orsökuðu skekkjuna og veita skýrslu um eftirfylgni, ef lögbært yfirvald fer fram á það.

E-KAFLI

STARFRÆKSLA Í LÉLEGU SKYGGNI (LVO)

SPA.LVO.100 Starfræksla í lélegu skyggni

Flugrekandinn skal aðeins framkvæma eftirfarandi starfrækslu í lélegu skyggni með samþykki lögbærs yfirvalds:

a) flugtak í lélegu skyggni (LVTO),

b) starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki (LTS CAT I),

c) starfræksla við stöðluð skilyrði skv. II. flokki (CAT II),

d) starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki (OTS CAT II),

e) starfræksla við stöðluð skilyrði skv. III. flokki (CAT III),

f) aðflug þar sem notast er við sjónaukandi kerfi (EVS) og rekstrarlegum útreikningi er beitt til að lækka ekki flugbrautarskyggni (RVR) meira en sem nemur einum þriðja af uppgefnu flugbrautarskyggni.

SPA.LVO.105 Starfræksla í lélegu skyggni, samþykki

Til að fá samþykki lögbæra yfirvalds fyrir starfrækslu í lélegu skyggni skal flugrekandi sýna fram á að hann uppfylli kröfurnar í þessum kafla.

SPA.LVO.110 Almennar starfrækslukröfur

a) Flugrekandinn skal aðeins fljúga við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki ef:

1) öll hlutaðeigandi loftför hafa vottorð fyrir starfrækslu, skv. II. flokki, og

2) aðflugið er flogið:

i. með sjálfstýringuna tengda við sjálflendingu sem þarf að samþykkja fyrir starfrækslu skv. III. flokki A, eða

ii. með því að nota lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (HUDLS) í a.m.k. 150 fet fyrir ofan þröskuldinn.

b) Flugrekandinn skal aðeins fljúga skv. II. flokki, starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. eða starfrækslu skv. III. flokki, ef:

1) öll hlutaðeigandi loftför hafa vottorð fyrir starfrækslu í minna en 200 feta ákvörðunarhæð eða án ákvörðunarhæðar og eru búin tækjum í samræmi við viðeigandi lofthæfikröfur,

2) komið er á kerfi til að skrá heppnað eða misheppnað aðflug og/eða sjálflendingu og því viðhaldið til að vakta heildaröryggi starfrækslunnar,

3) ákvörðunarhæðin er mæld með ratsjárhæðarmæli,

4) í flugáhöfn eru a.m.k. 2 flugmenn,

5) ratsjárhæðarmælir ákvarðar öll hæðarútköll undir 200 fetum fyrir ofan landhæð þröskuldar flugbrautarinnar.

c) Flugrekandinn skal aðeins framkvæma aðflug, þar sem notað er sjónaukandi kerfi, ef:

1) sjónaukandi kerfið hefur verið vottað í samræmi við þennan kafla og sameinar innrauðar myndir frá skynjara við flugupplýsingar á framrúðuskjámyndinni,

2) í flugáhöfn eru a.m.k. tveir flugmenn í starfrækslu með flugbrautarskyggni sem er minna en 550 m,

3) náttúruleg kennileiti fyrir flugbraut eru sýnileg a.m.k. 100 fetum fyrir ofan þröskuld flugbrautar í starfrækslu skv. I. flokki,

4) náttúruleg kennileiti fyrir flugbraut eru sýnileg a.m.k. 100 fetum fyrir ofan þröskuld flugbrautar í aðflugi með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV) og grunnaðflug (NPA) sem flogið er með því að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

i. aðflug er flogið er með því að nota samþykkta, stefnubeinandi leiðsögu á flugslóð,

ii. aðflugshluti frá lokamiði í blindaðflugi (e. final approach fix) að þröskuldi flugbrautar er beinn og munurinn á milli lokaaðflugsleiðar og miðlínu flugbrautar er ekki meiri en 2°,

iii. lokaaðflugsslóðin er auglýst og ekki meiri en 3,7°,

iv. ekki er farið yfir hæsta hliðarvindsstuðul, sem er ákvarðaður við vottun sjónaukandi kerfisins.

SPA.LVO.115 Kröfur varðandi flugvelli

a) Flugrekandinn skal ekki nota flugvöll fyrir starfrækslu í lélegu skyggni þegar skyggnið fer undir 800 m nema:

1) ríkið þar sem flugvöllurinn er staðsettur hafi samþykkt flugvöllinn fyrir slíka starfrækslu og

2) verklagi í lélegu skyggni (LVP) hafi verið komið á.

b) Ef flugrekandinn velur flugvöll þar sem ekki er notast við hugtakið „verklag í lélegu skyggni“ skal flugrekandinn tryggja að á flugvellinum séu jafngildar verklagsreglur, sem eru í samræmi við kröfurnar um verklag í lélegu skyggni. Þessi staða skal koma greinilega fram í rekstrarhandbókinni eða handbókinni um verklagsreglur, þ.m.t. leiðbeiningar til flugliða um hvernig þeir ákvarði hvort í gildi sé verklag sem jafngildir verklagi í lélegu skyggni.

SPA.LVO.120 þjálfun og starfsréttindi flugliða

Áður en flugrekandinn flýgur í lélegu skyggni skal hann tryggja:

a) að hver flugliði:

1) uppfylli kröfurnar um þjálfun og próf, sem mælt er fyrir um í rekstrarhandbókinni, þ.m.t. þjálfun í flughermisþjálfa (FSTD), til að starfrækja loftfari í lágmarksgildum fyrir flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni (VIS) og fyrir ákvörðunarhæð sem gilda fyrir hlutaðeigandi starfrækslu og tegund loftfars,

2) hafi tilskilin starfsréttindi í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í rekstrarhandbókinni,

b) að þjálfun og próf fari fram í samræmi við nákvæma námskrá.

SPA.LVO.125 Verklagsreglur

a) Flugrekandinn skal setja verklagsreglur og leiðbeiningar sem nota skal við starfrækslu í lélegu skyggni. Verklagsreglurnar og leiðbeiningarnar skulu vera í rekstrarhandbókinni eða handbókinni um verklagsreglur og ná til skyldustarfa flugliða við akstur loftfars, flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug, eftir því sem við á.

b) Áður en starfræksla í lélegu skyggni hefst skal flugstjórinn ganga úr skugga um:

1) að ástand sjónræns leiðsögubúnaðar og annars búnaðar sé nógu gott,

2) að viðeigandi reglur um verklag í lélegu skyggni séu í gildi, samkvæmt upplýsingum frá flugumferðarþjónustu (ATS),

3) að flugliðar hafi viðeigandi starfsréttindi.

SPA.LVO.130 Lágmarksbúnaður

a) Í rekstrarhandbókinni eða handbókinni um verklagsreglur, eftir því sem við á, skal flugrekandi geta þess hvaða lágmarksbúnaður skuli vera starfhæfur við upphaf flugs í lélegu skyggni, í samræmi við flughandbók flugvélarinnar (AFM) eða annað samþykkt skjal.

b) Flugstjórinn skal ganga úr skugga um að ástand loftfars og viðkomandi flugvélakerfa sé eins og vera ber fyrir það flug sem fyrirhugað er.

F-KAFLI

FJARFLUG TVEGGJA HREYLFA FLUGVÉLA (ETOPS)

SPA.ETOPS.100 Fjarflug

Í flutningaflugi skal aðeins fljúga tveggja hreyfla flugvélum fjær viðunandi flugvelli en ákvarðað er í samræmi við CAT.OP.MPA.140, ef flugrekandinn hefur hlotið ETOPS-starfrækslusamþykki (e. operational approval) lögbærs yfirvalds.

SPA.ETOPS.105 ETOPS samþykki fyrir starfrækslu í fjarflugi

Til að hljóta ETOPS-starfrækslusamþykki lögbærs yfirvalds skal flugrekandi sýna fram á:

a) að það hafi verið gefið út ETOPS-gerðarsamþykki fyrir samsetningu flugvélar/hreyfils hvað varðar tegundahönnun og áreiðanleika, fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

b) að komið hafi verið á fót þjálfunaráætlun fyrir flugliða og allt annað starfsfólk flugrekstrarsviðs, sem kemur að þessari starfrækslu, og að flugliðar og allt starfsfólk flugrekstrarsviðs, sem tekur þátt, hafi tilskilin starfsréttindi til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu,

c) að fyrirtæki og reynsla flugrekanda séu viðeigandi til að styðja við fyrirhugaða starfrækslu,

d) að komið hafi verið á verklagsreglum.

SPA.ETOPS.110 Viðunandi varaflugvöllur á flugleið fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla

a) Varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi telst viðunandi ef hann er, á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann, tiltækur og veitir aðgang að nauðsynlegri stoðþjónustu, s.s. flugumferðarþjónustu (ATS), nægilegri lýsingu, fjarskiptum, veðurlýsingum, flugleiðsögutækjum og neyðarþjónustu og býður a.m.k. upp á eina verklagsreglu um blindaðflug.

b) Áður en flugrekandi sendir flugvél í fjarflug skal hann sjá til þess að viðunandi varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi sé fyrir hendi, annaðhvort innan heimilaðs fjarflugstíma flugrekandans eða fjarflugstíma, sem byggist á lista yfir lágmarksbúnað fyrir starfhæfiástand flugvélarinnar, eftir því hvor er styttri.

c) Flugrekandinn skal tilgreina í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu þá varaflugvelli á flugleið í fjarflugi sem krafist er.

SPA.ETOPS.115 Fjarflug, áætlunarlágmörk fyrir viðunandi varaflugvöll á flugleið fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla

a) Flugrekandinn skal aðeins velja flugvöll sem varaflugvöll á flugleið í fjarflugi ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að frá áætluðum lendingartíma þar til einni klukkustund eftir síðasta mögulega lendingartíma séu skilyrðin jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin, sem eru reiknuð út með því að bæta við viðbótartakmörkunum í töflu 1.

b) Flugrekandinn skal tilgreina í rekstrarhandbókinni hvaða aðferð sé notuð til að ákvarða flugvallarlágmörk fyrir fyrirhugaðan varaflugvöll á flugleið í fjarflugi.

Tafla 1

Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið í fjarflugi

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
Nákvæmnisaðflug	DA/H + 200 fet RVR/VIS + 800 m(*)
Grunnaðflug eða Hringaðflug	MDA/H + 400 fet(*) RVR/VIS + 1500 m

(*) VIS: skyggni, MDA/H: lágmarkslækkunarflughæð/-hæð.

G-KAFLI

FLUTNINGUR Á HÆTTULEGUM VARNINGI

SPA.DG.100 Flutningur hættulegs varnings

Flugrekandinn skal aðeins flytja hættulegan varning flugleiðis ef hann hefur samþykki lögbærs yfirvalds til þess, nema kveðið sé á um annað í IV. viðauka (CAT-hluta).

SPA.DG.105 Samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi

Til að hljóta samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi skal flugrekandinn, í samræmi við tæknileg fyrirmæli:

a) setja saman og viðhalda þjálfunaráætlun fyrir allt hlutaðeigandi starfsfólk og sýna lögbæru yfirvaldi fram á að allt starfsfólk hafi hlotið fullnægjandi þjálfun,

b) koma á verklagsreglum til að tryggja örugga meðferð hættulegs varnings á öllum stigum flutninga í lofti, sem fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:

1) viðmiðunarreglur flugrekanda í málum er varða flutning hættulegs varnings,

2) kröfur um móttöku, meðferð og lestun hættulegs varnings, svo og geymslu og aðgreiningu frá öðrum hættulegum varningi,

3) aðgerðir sem grípa skal til við slys eða flugatvik loftfars við flutning á hættulegum varningi,

4) viðbrögð í neyðartilvikum vegna hættulegs varnings,

5) hvernig fjarlægja skuli hugsanlega mengun,

6) skyldustörf alls starfsfólks sem hlut á að máli, sérstaklega að því er varðar afgreiðslu á jörðu niðri og meðhöndlun loftfars,

7) skoðun til að leita að skemmdum, leka eða mengun,

8) skýrslugjöf um flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning.

SPA.DG.110 Upplýsingar og gögn um hættulegan farm

Í samræmi við tæknileg fyrirmæli skal flugrekandinn:

a) láta flugstjóra í té skriflegar upplýsingar:

1) um hættulegan varning sem flytja á með loftfarinu,

2) um hvernig bregðast skuli við hættuástandi í flugi,

b) notast við gátlista við móttöku,

c) tryggja að hættulegum varningi fylgi tilskilin flutningsskjal eða -skjöl fyrir hættulegan varning, eins og þau eru útfyllt af þeim sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis, nema þegar upplýsingum er varða hættulega farminn er skilað inn með rafrænum hætti,

d) tryggja að þegar flutningsskjali fyrir hættulegan varning er skilað inn með skriflegum hætti sé afriti af því haldið eftir á jörðu niðri þar sem mögulegt er að nálgast það innan hæfilegs tíma þar til varningurinn er kominn á lokaákvörðunarstað,

e) tryggja að afriti af þeim upplýsingum sem flugstjóra var afhent sé haldið eftir á jörðu niðri og að auðvelt sé að nálgast þetta afrit, eða upplýsingarnar í því, á síðasta brottfararflugvelli og næsta áætlaða komustað þar til flugi, sem upplýsingarnar eiga við, er lokið,

f) halda eftir gátlistanum fyrir móttöku, flutningsskjali og upplýsingum, sem flugstjóra var afhent, í a.m.k. þrjá mánuði að flugi loknu,

g) halda eftir þjálfunarskrám alls starfsfólks í a.m.k. þrjú ár.

H-KAFLI

STARFRÆKSLA ÞYRLU MEÐ AÐSTOÐ NÆTURSJÓNKERFIS

SPA.NVIS.100 Flug með aðstoð nætursjónbúnaðar

a) Þyrlur skulu aðeins starfræktar samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til með aðstoð nætursjónkerfis ef lögbært yfirvald hefur samþykkt flugrekandann.

b) Til að hljóta slíkt samþykki frá lögbæru yfirvaldi skal flugrekandinn:

1) stunda flutningaflug og hafa flugrekandaskírteini fyrir flutningaflug (CAT AOC) í samræmi við III. viðauka (ORO-kafla),

2) sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

i. að hann uppfylli viðeigandi kröfur í þessum kafla,

ii. að allir þættir nætursjónkerfisins hafi verið samþættir með fullnægjandi hætti.

SPA.HEMS.125 Kröfur um búnað fyrir flug með aðstoð nætursjónbúnaðar

a) Áður en NVIS-flug fer fram skal viðeigandi lofthæfivottun gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 fyrir hverja þyrlu og allan tengdan NVIS-búnað.

b) *Ratsjárhæðarmælir.* Þyrlan skal búin ratsjárhæðarmæli sem getur gefið frá sér viðvörunarhljóðmerki undir forstilltri hæð og viðvörunarhljóðmerki og -ljós í hæð sem flugmaður getur valið, sem skal tafarlaust greinanlegur á öllum stigum NVIS-flugs.

c) *Lýsing loftfara sem samrýmist NVIS-flugi.* Til að draga úr skerðingu á jaðarsjón (e. peripheral vision cues) og þörfinni fyrir næmi á aðstæður skal eftirfarandi vera til staðar:

1) flóðlýsing fyrir mælaborð sem samrýmist nætursjónkerfi, sé það til staðar, sem getur lýst upp alla nauðsynlega flugmæla,

2) vinnuljós, sem samrýmast nætursjónkerfi,

3) vasaljós, sem samrýmast nætursjónkerfi, og

4) búnaður til að fjarlægja eða slökkva á innri lýsingu sem ekki samrýmist nætursjónkerfinu.

d) *Auka NVIS-búnaður.* Eftirfarandi auka NVIS-búnaður skal vera til staðar:

1) varaaflgjafi eða aukaaflgjafi fyrir næturgleraugun,

2) hjálmur með viðeigandi festingu fyrir nætursjónglerauguna.

e) Öll tilskilin næturgleraugu í NVIS-flugi skulu vera af sömu gerð, framleiðslu og tegund.

f) *Áframhaldandi lofthæfi*

1) Í verklagsreglum um áframhaldandi lofthæfi skal tilgreina upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma reglubundið viðhald og skoðanir á NVIS-búnaði, sem uppsettur er í þyrlu, og skal a.m.k. ná yfir:

i. framrúður og gagnsæja hluta þyrlu,

ii. NVIS-lýsingu,

iii. nætursjónglerauguu og

iv. allan viðbótarbúnað sem styður við NVIS-flug.

2) Allar síðari breytingar eða viðhald á loftfari skal vera í samræmi við lofthæfivottun fyrir nætursjónkerfið.

SPA.NVIS.120 Starfsrækslulágmörk

a) Starfræksla skal ekki fara fram við veðurskilyrði neðan við læstu mörk sjónflugsskilyrða (e. VFR weather minima) fyrir þá tegund starfrækslu sem fram á að fara að nóttu til.

b) Flugrekandinn skal ákveða lágmark fyrir þá breytingarhæð (e. transition height) sem nota má til að byrja/enda flug með aðstoð hjálparbúnaðar.

SPA.NVIS.125 Kröfur um áhöfn í flugi með aðstoð nætursjónbúnaðar

a) *Val.* Flugrekandinn skal ákvarða viðmiðanir í tengslum við val á áhafnarmeðlimum fyrir NVIS-verkefnið.

b) *Reynsla.* Lágmarksreynsla flugstjóra skal ekki vera minni en 20 tíma sjónflug að nóttu til sem flugstjóri á þyrlu, áður en þjálfun hefst.

c) *Verkleg þjálfun.* Allir flugmenn skulu hafa lokið verklegri þjálfun í samræmi við NVIS-verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.

d) *Nýleg reynsla.* Allir flugmenn og tæknimenn í NVIS-flugi skulu hafa lokið þremur NVIS-flugum á síðastliðnum 90 dögum. Endurnýja má nýlega reynslu með þjálfunarflugi á þyrlu eða með notkun samþykkts flughermis með fullri hreyfingu (FFS), sem skal fela í sér þættina úr 1. lið f-liðar.

e) *Samsetning áhafnar.* Lágmarksfjöldi í áhöfn skal vera sá fjöldi sem er hærri af því sem tilgreint er:

1) í flughandbókinni,

2) fyrir starfsemina sem liggur að baki, eða

3) í samþykki fyrir starfrækslu vegna NVIS-flugs.

f) *Þjálfun og próf áhafnar*

1) Þjálfun og próf skal fara fram í samræmi við ítarlega námskrá, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt og tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

2) Flugverjar

i. Þjálfunaráætlanir áhafnar skulu bæta þekkingu á vinnuumhverfi og búnaði sem tengist NVIS-flugi, bæta samhæfingu í viðbrögðum áhafnar og fela í sér ráðstafanir til að lágmarka áhættu sem tengist því að fljúga í lélegu skyggni sem og verklagsreglur fyrir NVIS-flug við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.

ii. Þær ráðstafanir, sem um getur í i. lið 2. liðar í f-lið, skulu metnar með:

A) hæfniprófum að næturlagi og

B) leiðarflugsprófum.

SPA.NVIS.140 Viðbótarupplýsingar og -gögn:

Flugrekandinn skal tryggja, sem lið í ferlinu við áhættugreiningu og -stjórnun, að áhætta sem tengist umhverfisaðstæðum við NVIS-flug verði lágmörkuð með því að tilgreina eftirfarandi í rekstrarhandbókinni: val, samsetningu og þjálfun áhafnar, umfang búnaðar og viðmiðanir fyrir brottfarir, sem og verklagsreglur og lágmarksskilyrði fyrir starfrækslu þannig að venjulegri starfrækslu og starfrækslu við aðstæður, sem eru líklega óvenjulegar, sé lýst og hún bætt með fullnægjandi hætti.

I-KAFLI

HÍFINGAR MEÐ ÞYRLUM

SPA.HHO.100 Hífingar á þyrlu

a) Þyrlum skal aðeins flogið í tengslum við hífingar í ábataskyni, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt flugrekandann.

b) Til að hljóta slíkt samþykki frá lögbæru yfirvaldi skal flugrekandinn:

1) stunda flutningaflug og hafa flugrekandaskírteini fyrir flutningaflug í samræmi við III. viðauka (ORO-kafla),

2) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að kröfur þessa kafla séu uppfylltar.

SPA.HHO.110 kröfur um búnað fyrir hífingar á þyrlu

a) Fyrir uppsetningu á öllum hífingarbúnaði í þyrlu, þ.m.t. öllum fjarskiptabúnaði til að uppfylla kröfur SPA.HHO.115 og allar síðari breytingar, skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar. Aukabúnaður skal hannaður og prófaður samkvæmt viðeigandi stöðlum eins og lögbært yfirvald gerir kröfu um.

b) Flugrekandi skal gefa út fyrirmæli um viðhald á HHO-búnaði og -kerfum í samráði við framleiðanda og setja þau inn í viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir þyrlu, eins og gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

SPA.HHO.115 Hífingar á þyrlu, samskipti

Tvíátta þráðlausum fjarskiptum skal komið á við fyrirtækið, sem HHO-flugið er flogið fyrir, og, ef mögulegt er, aðferð til að eiga samskipti við starfsfólk á hífingarsvæðinu á jörðu niðri vegna:

a) starfrækslu á hafi úti að degi til og að nóttu til,

b) starfrækslu í landi að nóttu til, nema ef um er að ræða HHO-flug á starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug.

SPA.HHO.125 nothæfiskröfur fyrir hífingar á þyrlu

Nema ef um er að ræða HHO-flug á starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug, skal þyrla í HHO-flugi geta starfað með bilaðan markhreyfil með hinn/hina hreyflana virka með viðeigandi afli, án þess að það skapi hættu fyrir þann einstakling/farm sem verið er að hífa, þriðju aðila eða eignir.

SPA.HHO.130 kröfur um áhöfn við hífingar á þyrlu

a) *Val.* Flugrekandinn skal ákvarða viðmiðanir í tengslum við val á flugliðum fyrir HHO-verkefnið, að teknu tilliti til fyrri reynslu.

b) *Reynsla.* Lágmarksreynsla flugmanns við HHO-flug skal ekki vera minni en:

1) Á hafi úti:

i. 1 000 tímar sem flugstjóri á þyrlu, eða 1 000 tímar sem aðstoðarflugmaður í HHO-flugi, þar af 200 tímar sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra, og

ii. 50 hífingarferli á hafi úti, þar af skulu 20 þeirra vera að næturlagi, ef starfræksla fer fram að nóttu til, og felur eitt hífingarferli í sér að hífingarkrókur fer einu sinni niður og einu sinni upp,

2) Á landi:

i. 500 tímar sem flugstjóri á þyrlu, eða 500 tímar sem aðstoðarflugmaður í HHO-flugi, þar af 100 tímar sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra,

ii. 200 tíma flugreynsla á þyrlu, sem fengist hefur í svipuðu rekstrarumhverfi og því sem fyrirhugað er, og

iii. 50 hífingarferli, þar af skulu 20 þeirra vera að næturlagi, ef starfræksla fer fram að nóttu til.

c) *Verkleg þjálfun og reynsla.* Þjálfun lokið með fullnægjandi árangri í samræmi við verklagsreglurnar fyrir HHO-flug, sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni, sem og viðeigandi reynsla í því hlutverki og því umhverfi sem HHO-flug fer fram við.

d) *Nýleg reynsla.* Allir flugmenn og flugverjar í HHO-flugi skulu hafa lokið eftirfarandi á síðastliðnum 90 dögum:

1) þegar starfræksla fer fram að degi til: þrjú hífingarferli, framkvæmd að degi eða nóttu til, og skal farið úr og í vok í hverju ferli,

2) þegar starfræksla fer fram að nóttu til: þrjú hífingarferli, framkvæmd að nóttu til, og skal farið úr og í vok í hverju ferli.

e) *Samsetning áhafnar.* Lágmarksfjöldi í áhöfn fyrir starfrækslu að degi eða nóttu skal vera eins og segir í rekstrarhandbókinni. Lágmarksfjöldi í áhöfn mun fara eftir tegund þyrlunnar, veðurskilyrðum, tegund verkefnis og, til viðbótar fyrir starfrækslu á hafi úti, umhverfinu á hífingarsvæðinu, sjólagi og hreyfingu skipsins. Í áhöfn skulu þó aldrei vera færri en einn flugmaður og einn flugverji í HHO-flugi.

f) *Þjálfun og próf*

1) Þjálfun og próf skal fara fram í samræmi við ítarlega námskrá, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt og tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

2) Flugverjar:

i. Þjálfunaráætlanir áhafnar skulu bæta þekkingu á vinnuumhverfi og búnaði fyrir hífingar á þyrlu, bæta samhæfingu í viðbrögðum áhafnar og fela í sér ráðstafanir til að lágmarka áhættu sem tengist verklagi fyrir HHO-flug við eðlilegar aðstæður og í neyðarástandi sem og í tengslum við úrhleðslu stöðurafmagns.

ii. Þær ráðstafanir, sem um getur í i. lið 2. liðar í f-lið, skulu metnar með hæfniprófum að degi til við sjónflugsskilyrði eða hæfnipróf að nóttu til við sjónflugsskilyrði ef flugrekandinn framkvæmir HHO-flug að nóttu til.

SPA.HHO.135 Hífingar á þyrlu, upplýsingar til farþega

Áður en HHO-flug, eða röð flugferða, fer fram skulu allir farþegar, sem eru hífðir upp með þyrlu, hafa fengið upplýsingar og þeim gert grein fyrir hættunni sem steðjar af úrhleðslu stöðurafmagns og öðrum atriðum sem hafa ber í huga við HHO-flug.

SPA.HHO.140 Viðbótarupplýsingar og -gögn

a) Flugrekandinn skal tryggja, sem lið í ferlinu við áhættugreiningu og -stjórnun, að áhætta sem tengist umhverfisaðstæðum við HHO-flug, verði lágmörkuð með því að tilgreina eftirfarandi í rekstrarhandbókinni: val, samsetningu og þjálfun áhafnar, umfang búnaðar og viðmiðanir fyrir brottfarir, sem og verklagsreglur og lágmarksskilyrði fyrir starfrækslu, þannig að venjulegri starfrækslu og starfrækslu við aðstæður, sem eru líklega óvenjulegar, sé lýst og hún bætt með fullnægjandi hætti.

b) Viðeigandi útdrættir úr rekstrarhandbókinni skulu vera aðgengilegir fyrirtækinu, sem HHO-flugið er flogið fyrir.

J-KAFLI

SJÚKRAFLUG MEÐ ÞYRLU (HEMS)

SPA.HEMS.100 Sjúkraflug á þyrlu

a) Þyrlum skal aðeins flogið í tengslum við HEMS-flug, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt flugrekandann.

b) Til að hljóta slíkt samþykki frá lögbæru yfirvaldi skal flugrekandinn:

1) stunda flutningaflug og hafa flugrekandaskírteini fyrir flutningaflug í samræmi við III. viðauka (ORO-kafla),

2) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að kröfur þessa kafla séu uppfylltar.

SPA.HEMS.125 Kröfur um búnað fyrir sjúkraflug

Uppsetning á öllum lækningatækjum, sem eru sérstaklega ætluð fyrir þyrlur, ásamt notkun þeirra, ef við á, og allar síðari breytingar á þeim, skal samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

SPA.HEMS.115 Samskipti

Til viðbótar við þær kröfur sem gerðar eru í CAT.IDE.H skulu þyrlur í HEMS-flugi hafa fjarskiptabúnað til gagnkvæmra fjarskipta við fyrirtækið, sem HEMS-flugið er flogið fyrir, og, þar sem það er mögulegt, til að eiga samskipti við starfsfólk í neyðarþjónustu á jörðu niðri.

SPA.HEMS.120 Starfsrækslulágmörk í sjúkraflugi á þyrlu

a) Hvað varðar HEMS-flug, sem starfrækt eru í afkastagetuflokki 1 og 2, gilda lágmarksveðurskilyrðin, sem tilgreind eru í töflu 1, við brottför þess og á leiðarhluta þess. Ef veðurskilyrði fara niður fyrir tilgreind lágmörk fyrir lægra borð skýja eða lágmarsskyggni á leiðarhluta flugs skulu þyrlur, sem hafa aðeins vottorð til að fljúga við sjónflugsskilyrði, hætta við flugið eða snúa aftur til stöðvarinnar. Þyrlur sem hafa tækjabúnað og skírteini til að fljúga við blindflugsskilyrði geta hætt við flugið, snúið aftur til stöðvarinnar eða breytt fluginu að öllu leyti í flug samkvæmt blindflugsreglum, að því tilskildu að flugliðar hafi tilskilin starfsréttindi.

Tafla 1

Starfrækslulágmörk fyrir HEMS-flug

2 FLUGMENN		1 FLUGMAÐUR	
AÐ DEGI TIL			
Skýjahula	Skyggni	Skýjahula	Skyggni
500 fet og yfir	Í samræmi við viðeigandi sjónflugslágmörk fyrir loftrými	500 fet og yfir	Í samræmi við viðeigandi sjónflugslágmörk fyrir loftrými
499-400 fet	1 000 m(*)	499–400 fet	2 000 m,
399-300 fet	2 000 m,	399–300 fet	3 000 m,
AÐ NÓTTU TIL			
Lægra borð skýja	Skyggni	Lægra borð skýja	Skyggni
1 200 ft(**)	2 500 m	1 200 ft(**)	3 000 m,

(*) Á leiðarhluta flugs má skyggni fara undir 800 m í stuttan tíma þegar land er í sjónmáli ef þyrlunni er flogið á hraða þannig að nægur tími gefst til að koma auga á hindranir til að afstýra árekstri.
(**) Á leiðarhluta flugs má lægra borð skýja fara undir 1 000 fet í stuttan tíma.

b) Lágmarksveðurskilyrðin, sem gilda við brottför og á leiðarhluta HEMS-flugs, sem starfrækt eru í afkastagetuflokki 3, skulu vera skýjahula sem er 600 fet og skyggni sem er 1500 m. Skyggni má fara niður í 800 metra í stuttan tíma þegar land er í sjónmáli, ef þyrlunni er flogið á hraða þannig að nægur tími gefst til að koma auga á hindranir til að afstýra árekstri.

SPA.HEMS.125 Nothæfiskröfur fyrir sjúkraflug

a) Starfræksla samkvæmt afkastagetuflokki 3 skal ekki fara fram yfir ótryggu umhverfi.

b) Flugtak og lending

1) Þyrlum, sem flogið er að/frá lokaaðflugs- og flugtakssvæði við sjúkrahús, sem staðsett er í þéttbýlu og ótryggu umhverfi og er notað sem bækistöð fyrir HEMS-flug, skal flogið í samræmi við afkastagetuflokk 1.

2) Þyrlum, sem flogið er að/frá lokaaðflugs- og flugtakssvæði við sjúkrahús, sem staðsett er í þéttbýlu og ótryggu umhverfi og er ekki bækistöð fyrir HEMS-flug, skal flogið í samræmi við afkastagetuflokk 1, nema þegar flugrekandi hefur undir höndum samþykki í samræmi við CAT.POL.H.225.

3) Þyrlum, sem flogið er til/frá starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug, sem staðsett er í þéttbýlu og ótryggu umhverfi, skal flogið í samræmi við afkastagetuflokk 2 og skulu undanþegnar frá því samþykki sem krafist er í a-lið CAT.POL.H.305, að því tilskildu að sýnt er fram á að kröfur 2. og 3. liðar b-liðar í CAT.POL.H.305 séu uppfylltar.

4) Starfrækslusvæði HEMS-flugs skal vera nógu stórt til að hægt sé að ná fullnægjandi fjarlægð frá öllum hindrunum. Í næturflugi skal svæðið vera upplýst til að hægt sé að greina svæðið sem og allar hindranir.

SPA.HEMS.130 Kröfur um áhöfn

a) *Val.* Flugrekandinn skal ákvarða viðmiðanir í tengslum við val á flugliðum fyrir HEMS-verkefnið, að teknu tilliti til fyrri reynslu.

b) *Reynsla.* Lágmarksreynsla flugmanns við HEMS-flug skal ekki vera minni en:

1) annaðhvort:

i. 1000 tímar sem flugstjóri loftfars, þar af 500 tímar sem flugstjóri á þyrlum, eða

ii. 1000 tímar sem aðstoðarflugmaður í HEMS-flugi, þar af 500 sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra og 100 tímar sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra á þyrlu,

2) 500 tíma flugreynsla á þyrlu, sem fengist hefur í rekstrarumhverfi sem er svipað og umhverfi fyrirhugaðrar starfrækslu, og

3) fyrir flugmenn í næturflugi, 20 tímar sem flugstjóri við sjónflugsskilyrði að nóttu til.

c) *Verkleg þjálfun.* Þjálfun lokið með fullnægjandi árangri í samræmi við verklagsreglurnar fyrir HEMS-flug, sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.

d) *Nýleg reynsla.* Allir flugmenn í HEMS-flugi skulu hafa lokið a.m.k. 30 mínútum í flugi þegar einungis er flogið eftir mælitækjum í þyrlu eða í flughermisþjálfa á síðastliðnum sex mánuðum.

e) *Samsetning áhafnar*

1) *Flug að degi til.* Lágmarksáhöfn að degi til skal vera einn flugmaður og einn sérhæfður flugverji í HEMS-flugi.

i. Fækka má fjölda í áhöfn niður í einn flugmann við eftirfarandi aðstæður:

a) ef flugstjóri þarf að sækja frekari sjúkragögn á starfrækslusvæði HEMS-flugs. Í slíku tilfelli má sérhæfði flugverjinn verða eftir til að aðstoða veika eða slasaða einstaklinga á meðan flugstjóri fer í þetta flug,

b) ef sjúkrabörur koma í veg fyrir að sérhæfði flugverjinn geti setið í framsætinu eftir að komið er á starfrækslusvæði HEMS-flugsins, eða

c) ef heilbrigðisstarfsmaður í áhöfn þarfnast aðstoðar sérhæfða flugverjans meðan á flugi stendur.

ii. Í þeim tilfellum sem lýst er í i-lið skal starfrækslulágmarkið vera eins og skilgreint er í viðeigandi loftrýmiskröfum og skal ekki notast við starfrækslulágmörkin vegna HEMS-flugs sem er að finna í töflu 1 í SPA.HEMS.120.

iii. Flugstjóri má aðeins lenda á starfrækslusvæði HEMS-flugs án aðstoðar sérhæfðs flugverja í framsætinu ef um er að ræða tilfelli eins og lýst er í A-lið i. liðar.

2) *Næturflug.* Lágmarksáhöfn að nóttu til skal vera:

i. tveir flugmenn, eða

ii. einn flugmaður og einn sérhæfður flugverji á tilteknum landsvæðum sem flugrekandi skilgreinir í rekstrarhandbókinni að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) fullnægjandi kennileita á jörðu niðri,

b) kerfi til að fylgja flugi eftir (e. flight following system) á meðan á sjúkraflugi stendur,

c) áreiðanleika búnaðar til veðurlýsinga,

d) lista yfir lágmarksbúnað fyrir HEMS-flug,

e) samfellu í áhafnarhugtökum,

f) lágmarksstarfsréttinda áhafnar, grunnþjálfunar þeirra og reglubundinnar þjálfunar,

g) verklagsreglna, þ.m.t. um samhæfingu í viðbrögðum áhafnar,

h) lágmarksveðurskilyrða og

i) annarra íhugunarefna vegna sérstakra staðbundinna skilyrða.

f) *Þjálfun og próf áhafnar*

1) Þjálfun og próf skal fara fram í samræmi við ítarlega námskrá, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt og tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

2) Flugverjar

i. Þjálfunaráætlun áhafnar skal bæta þekkingu á vinnuumhverfi og búnaði sem tengist HEMS-flugi, bæta samhæfingu í viðbrögðum áhafnar og fela í sér ráðstafanir til að lágmarka áhættu sem tengist flutningi á flugleið í lélegu skyggni, vali á starfrækslusvæðum fyrir HEMS-flug og aðflugs- og brottfararsniði.

ii. Þær ráðstafanir, sem um getur í i. lið 2. liðar í f-lið, skulu metnar með:

a) hæfniprófum að degi til við sjónflugsskilyrði eða hæfniprófum að nóttu til við sjónflugsskilyrði ef flugrekandi framkvæmir HEMS-flug að nóttu til og

b) leiðarflugsprófum.

SPA.HEMS.135 Upplýsingar til farþega og starfsfólks í sjúkraflugi

a) *Heilbrigðisstarfsmaður í áhöfn.* Áður en HEMS-flug, eða röð flugferða, fer fram skulu heilbrigðisstarfsmenn í áhöfn hafa fengið upplýsingar til að tryggja að þeir séu kunnugir vinnuumhverfi og búnaði sem notaður er í HEMS-flugi, geti starfrækt sjúkra- og neyðarbúnaði um borð og tekið þátt í að komast greiðlega um borð eða frá borði við eðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum.

b) *Starfsfólk í neyðarþjónustu á jörðu niðri.* Flugrekandinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk í neyðarþjónustu á jörðu niðri þekki vinnuumhverfi og búnað sem notaður er í HEMS-flugi og áhættur sem tengjast aðgerðum á jörðu niðri á starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug.

c) *Sjúklingur.* Þrátt fyrir CAT.OP.MPA.170, skal aðeins veita upplýsingar ef heilsufar leyfir það.

SPA.HEMS.140 Upplýsingar og -gögn

a) Flugrekandinn skal tryggja, sem lið í ferlinu við áhættugreiningu og -stjórnun, að áhætta sem tengist umhverfis-aðstæðum við HEMS-flug, verði lágmörkuð með því að tilgreina eftirfarandi í rekstrarhandbókinni: val, samsetningu og þjálfun áhafnar, umfang búnaðar og viðmiðanir fyrir brottfarir, sem og verklagsreglur og lágmarksskilyrði fyrir starfrækslu, þannig að venjulegri starfrækslu og starfrækslu við aðstæður, sem eru líklega óvenjulegar, sé lýst og hún bætt með fullnægjandi hætti.

b) Viðeigandi útdrættir úr rekstrarhandbókinni skulu vera aðgengilegir fyrirtækinu, sem HEMS-flugið er flogið fyrir.

SPA.HEMS.145 Sjúkraflug búnaður á starfsstöðvum

a) Ef þess er krafist að flugverjar séu á bakvakt þannig að viðbragðstími þeirra sé minni en 45 mínútur skal veita þeim viðeigandi gistiaðstöðu nálægt hverri bækistöð.

b) Á hverri bækistöð skal veita flugmönnum búnað til að verða sér úti um nýjustu verðurupplýsingarnar og veðurspár sem og skulu hafa tækifæri til að eiga samskipti við viðeigandi flugumferðarþjónustudeild. Viðunandi aðstaða skal vera fyrir hendi fyrir skipulag allra verkefna.

SPA.HEMS.150 Eldsneytisskömmtun

a) Þegar HEMS-flug fer fram samkvæmt sjónflugsreglum innan staðbundins og skilgreinds landssvæðis má notast við hefðbundnar eldsneytisáætlanir, að því tilskildu að flugrekandi tryggi nægilegt neyðareldsneyti til að birgðir eldsneytis við lok flugferðar séu ekki undir því magni sem dugar:

1) til 30 mínútna flug við eðlileg farflugsskilyrði, eða

2) til 20 mínútna flugs á eðlilegum farflugshraða þegar flogið er innan svæðis sem býður upp á samfelld svæði sem henta til lendinga í varúðarskyni.

SPA.HEMS.155 eldsneytistaka á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

Þegar flugstjórinn telur að eldsneytistaka er nauðsynleg á meðan farþegar eru um borð má framkvæma hana, annaðhvort þegar þyrlarnir hafa verið stöðvaðir eða með þá í gangi, að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) hurðir á þeirri hlið þyrlunnar þar sem áfylling fer fram skulu vera lokaðar,

b) hurðir á þeirri hlið þyrlunnar þar sem áfylling fer ekki fram skulu vera opnar, ef veður leyfir,

c) búnaður fyrir slökkvistarf af viðeigandi stærðargráðu skal vera staðsettur þannig að hann sé tafarlaust tiltækur ef eldur kemur upp og

d) nægilega mikið af starfsfólki skal vera tiltækt tafarlaust til þess að færa sjúklinga í öruggt skjól frá þyrlunni ef eldur kemur upp.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1254/2012 **2013/EES/56/59**

frá 11. desember 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Þann 12. maí 2011 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB)* út alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, *samstæðureikningsskil,* IFRS-staðal 11*, sameiginlegt fyrirkomulag,* IFRS-staðal 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum,* og breyttan alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* og IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Markmiðið með IFRS-staðli 10 er að kveða á um eitt líkan fyrir samstæðugerð sem byggir á yfirráðum sem grundvöll samstæðu að því er varðar allar tegundir eininga. IFRS-staðall 10 kemur í stað IAS-staðals 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* og 12. túlkunar fastanefndarinnar um túlkanir (SIC) *samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni* (SIC-12). IFRS-staðall 11 fastsetti grundvallarreglur um reikningsskil aðila að sameiginlegu fyrirkomulagi og kom í stað IAS-staðals 31, *hlutdeild í samrekstri* og SIC-túlkunar 13, *sameiginlegar rekstrareiningar – óþeningaleg framlög frá samrekstraraðilum*. IFRS-staðall 12 sameinar, bætir og kemur í stað krafna um upplýsingagjöf sem gerðar eru til dótturfélaga, sameiginlegs fyrirkomulags, hlutdeildarfélaga og félaga sem ekki eru innan samstæðu. Vegna þessara nýju alþjóðlegu reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) gaf Alþjóðareikningsskilaráðið einnig út breyttan IAS-staðal 27 og breyttan IAS-staðal 28.

3) Með þessari reglugerð eru IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, IFRS-staðall 12, breyttur IAS-staðall 27 og breyttur IAS-staðall 28 samþykktur, auk þeirra breytinga á öðrum stöðlum og túlkunum sem af þeim hljótast. Þessir staðlar og breytingar á gildandi stöðlum eða túlkunum innihalda einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita nú þar sem IFRS-staðall 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9 eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*. Auk þess er heldur ekki hægt að beita síðari breytingum á IFRS-staðli 9 sem leiða af viðaukanum við þessa reglugerð.

4) Með samráði við sérfræðingahóp (e. *TEG*) evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (e. *EFRAG*) er það staðfest að IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, IFRS-staðall 12; breyttur IAS-staðall 27 og breyttur IAS-staðall 28 uppfylla tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) IFRS-staðli 1, IFRS-staðli 2, IFRS-staðli 3, IFRS-staðli 7, alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 1, IAS-staðli 7, IAS-staðli 21, IAS-staðli 24, IAS-staðli 27, IAS-staðli 32, IAS-staðli 33, IAS-staðli 36, IAS-staðli 38, IAS-staðli 39 og 5. túlkun alþjóðlegrar túlkunarnefndar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 5) er breytt, og 12. túlkun fastanefndar um túlkanir (SIC-túlkun 12) er skipt út í samræmi við IFRS-staðal 10 eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

c) IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

d) IFRS-staðli 1, IFRS-staðli 2, IFRS-staðli 5, IFRS-staðli 7, IAS-staðli 7, IAS-staðli 12, IAS-staðli 18, IAS-staðli 21, IAS-staðli 24, IAS-staðli 32, IAS-staðli 33, IAS-staðli 36, IAS-staðli 38, IAS-staðli 39, IFRIC-túlkun 5, IFRIC-túlkun 9 og IFRIC-túlkun 16 er breytt og IAS-staðli 31 og SIC-túlkun 13 er skipt út í samræmi við IFRS-staðal 11 eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

e) IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

f) IAS-staðli 1 og IAS-staðli 24 er breytt í samræmi við IFRS-staðal 12, eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

g) IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

h) breyttum IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

3. Þá er heldur ekki hægt að beita síðari breytingum á IFRS-staðli 9 sem leiða af viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Sérhvert félag skal beita IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, breyttum IAS-staðli 27, breyttum IAS-staðli 28 og breytingunum sem af þeim leiða sem um getur í b-, d- og f-lið 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs félagsins sem hefst þann 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS-staðall 10	**IFRS-staðall 10**	**Samstæðureikningsskil**
IFRS-staðall 11	**IFRS-staðall 11**	**Sameiginlegt fyrirkomulag**
IFRS-staðall 12	**IFRS-staðall 12**	**Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum**
IAS-staðall 27	**IAS-staðall 27**	**Aðgreind reikningsskil**
IAS-staðall 28	**IAS-staðall 28**	**Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri**

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (e. *IASB*) á www.iasb.org“

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL, IFRS-staðall 10

Samstæðureikningsskil

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að koma á meginreglum um framsetningu og gerð samstæðureikningsskila þegar eining hefur yfirráð yfir einni eða fleiri einingum.

Uppfylling markmiðs

2 Í því skyni að uppfylla markmiðið í 1. lið felur þessi IFRS-staðall í sér:

a) kröfu um að eining (*móðurfélagið*) sem hefur yfirráð yfir einni eða fleiri einingum (*dótturfélög*) leggi fram samstæðureikningsskil,

b) skilgreiningu á meginreglunni um *yfirráð* og fastsetur yfirráð sem grundvöll samstæðu,

c) lýsingu á því hvernig skal beita meginreglunni um yfirráð til að greina hvort fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í og skuli því taka félagið sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil, og

d) kröfurnar um reikningsskil við gerð samstæðureikningsskila.

3 Í þessum IFRS-staðli er ekki fjallað um reikningsskilakröfur við sameiningu fyrirtækja og áhrif þeirra á samstæðu, þ.m.t. viðskiptavild sem myndast við sameiningu fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*).

GILDISSVIÐ

4 Eining sem er móðurfélag skal setja fram samstæðureikningsskil. Þessi IFRS-staðall gildir um allar einingar, nema í eftirfarandi tilvikum:

a) móðurfélag þarf ekki að leggja fram samstæðureikningsskil ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

i. það sé sjálft dótturfélag, sem er að öllu leyti í eigu eins móðurfélags eða er að hluta til í eigu annarrar einingar og annarra eigenda, þ.m.t. þeirra sem ekki hafa með öðrum hætti atkvæðisrétt og hafa fengið upplýsingar um og ekki andmælt því að móðurfélagið setji ekki fram samstæðureikningsskil,

ii. að ekki séu höfð viðskipti með skulda- eða eiginfjárgerninga þess á almennum markaði (innlendum eða erlendum kauphöllum eða opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir),

iii. það hafi ekki lagt inn né sé að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlitsstofnun í þeim tilgangi að gefa út flokk verðbréfa á almennum markaði, og

iv. að endanlega móðurfélagið eða eitthvert millistigsmóðurfélag fjárfestisins leggi fram samstæðureikningsskil, sem eru tiltæk almenningi og honum til afnota og fylgja IFRS-stöðlum,

b) eftirlaunakerfi eða annað langtímastarfskjarakerfi sem IAS-staðall 19, *starfskjör* gildir um.

Yfirráð

5 Fjárfestir, án tillits til þess með hvaða hætti þátttaka hans er í einingu (félaginu sem fjárfest er í), skal ákvarða hvort hann er móðurfélag með því að meta hvort hann hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

6 Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar hann ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í og getur haft áhrif á þennan ávinning með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í.

7 Því hefur fjárfestir aðeins yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn uppfyllir allt af eftirfarandi:

a) **hann hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í (sjá 10.–14. lið),**

b) **hann ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í (sjá 15. og 16. lið), og**

c) **hann getur með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun fjárfestisins af fjárfestingunni (sjá 17. og 18. lið).**

8 Þegar fjárfestir leggur mat á það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar alla málavexti og aðstæður. Fjárfestirinn skal endurmeta hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef málavextir og aðstæður gefa til kynna breytingar á einum eða fleiri af þeim þremur þáttum yfirráða sem tilgreindir eru í 7. lið (sjá liði B80–B85).

9 Tveir eða fleiri fjárfestar hafa sameiginleg yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef þeir þurfa að vinna saman til að stýra viðkomandi starfsemi. Í slíkum tilvikum, þar sem enginn fjárfestir getur stýrt starfseminni án samvinnu hinna fjárfestanna, hefur enginn fjárfestir einn yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í. Hver og einn fjárfestir skal gera grein fyrir hagsmunum sínum í félaginu sem fjárfest er í, í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla, s.s. IFRS-staðal 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* eða IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*.

Vald

10 Fjárfestir hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn hefur gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra *viðeigandi starfsemi*, þ.e. starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í.

11 Réttindi veita vald. Stundum getur mat á valdi verið einfalt, t.d. þegar vald yfir félagi sem fjárfest er í er fengið beint og eingöngu með atkvæðisréttinum sem fylgir eiginfjárgerningum s.s. hlutabréfum, og unnt er að meta það að teknu tilliti til atkvæðisréttar sem fylgir þessari hlutafjáreign. Í öðrum tilvikum er matið flóknara og krefst þess að tekið sé tillit til fleiri en eins þáttar, t.d. ef vald er afleiðing einnar eða fleiri samningsbundinna skyldna.

12 Fjárfestir sem hefur núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi hefur vald jafnvel þótt réttindi hans til að stýra hafi ekki enn verið nýtt. Sönnun um að fjárfestir hafi stýrt viðeigandi starfsemi getur hjálpað til að ákvarða hvort fjárfestir hafi vald, en slík sönnunargögn skera í sjálfu sér ekki endanlega úr um það hvort fjárfestirinn hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í.

13 Ef tveir eða fleiri fjárfestar hafa, hver um sig, gildandi réttindi sem veita þeim einhliða getu til að stýra mismunandi viðeigandi starfsemi hefur sá fjárfestir, sem hefur núverandi getu til að stýra þeirri starfsemi sem hefur mest áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

14 Fjárfestir getur haft vald yfir félagi sem fjárfest er í jafnvel þótt aðrar einingar hafi gildandi réttindi sem veita þeim núverandi réttindi til að taka þátt í stýringu á viðeigandi starfsemi, t.d. þegar önnur eining hefur *veruleg áhrif*. Fjárfestir sem aðeins hefur verndarréttindi skal þó ekki hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í (sjá liði B26–B28) og hefur þar af leiðandi ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Ávöxtun

15 Fjárfestir ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku í félagi sem fjárfest er í ef ávöxtun fjárfestisins af þátttöku er breytileg sem afleiðing af frammistöðu félagsins sem fjárfest er í. Ávöxtun fjárfestisins getur verið eingöngu jákvæð, eingöngu neikvæð eða bæði jákvæð og neikvæð.

16 Þrátt fyrir að einungis einn fjárfestir geti haft yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í geta fleiri en einn aðili skipt á milli sín ávöxtun af félagi sem fjárfest er í. Sem dæmi geta eigendur hluta sem ekki eru ráðandi skipt á milli sín hagnaði eða útgreiðslum félags sem fjárfest er í.

Tengsl á milli valds og ávöxtunar

17 Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn hefur ekki aðeins vald yfir félaginu sem fjárfest er í og ber áhættu eða á rétt á breytilegri ávöxtun vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í, heldur hefur einnig getu til að beita valdi sínu til að hafa áhrif á ávöxtun fjárfestisins af þátttöku sinni í félaginu sem fjárfest er í.

18 Af þeim sökum skal fjárfestir sem hefur ákvarðanatökuvald ákvarða hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili. Fjárfestir sem er umboðsaðili í samræmi við liði B58–B72 hefur ekki yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar hann nýtir ákvarðanatökurétt sem honum var falinn.

REIKNINGSSKILAKRÖFUR

19 Móðurfélag skal gera samstæðureikningsskil og nota við það samræmdar reikningsskilaaðferðir fyrir sams konar viðskipti og aðra atburði við sambærilegar aðstæður.

20 Samstæðugerð félags sem fjárfest er í skal hefjast frá þeim degi sem fjárfestirinn nær yfirráðum yfir félaginu sem fjárfest er í og ljúka þegar fjárfestirinn missir yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í.

21 Í liðum B86–B93 eru settar fram leiðbeiningar um gerð samstæðureikningsskila.

Hlutur, sem ekki er ráðandi

22 Móðurfélag skal setja fram hluti sem ekki eru ráðandi innan eigin fjár í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðgreinda frá eigin fé móðurfélagsins.

23 Breytingar á eignarhaldi móðurfélags á dótturfélagi, sem leiða ekki til taps móðurfélagsins á yfirráðum yfir dótturfélagi, eru viðskipti með eigið fé (þ.e. viðskipti við eigendur í hlutverki sínu sem eigendur).

24 Í liðum B94–B96 eru settar fram leiðbeiningar um færslu hluta sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum.

Tap á yfirráðum

25 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal móðurfélagið:

a) afskrá eignir og skuldir fyrrum dótturfélags úr samstæðuefnahagsreikningnum,

b) færa allar fjárfestingar í fyrrum dótturfélagi, sem haldið er, á gangvirði ef yfirráð tapast og síðan færa þær ásamt öllum fjárhæðum sem það á inni hjá eða skuldar fyrrum dótturfélaginu í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla. Það gangvirði telst vera gangvirði við upphafsfærslu fjáreignar í samræmi við IFRS-staðal 9 eða, ef við á, kostnaður við upphafsfærslu fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri,

c) færa hagnað eða tap í tengslum við tap á yfirráðum sem tengist fyrrum ráðandi hlut.

26 Í liðum B97–B99 eru settar fram leiðbeiningar um færslu vegna taps á yfirráðum.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

samstæðureikningsskil	Reikningsskil **samstæðu** þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis **móðurfélags** og **dótturfélaga** þess er eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.
yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í	Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar fjárfestir ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í og getur haft áhrif á þennan ávinning með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í.
sá sem tekur ákvarðanir	Eining með ákvarðanatökurétt sem er annaðhvort umbjóðandi eða umboðsaðili fyrir aðra aðila.
samstæða	**Móðurfélag** og **dótturfélög** þess.
hlutur sem ekki er ráðandi	Eigið fé í **dótturfélagi** sem ekki er, beint eða óbeint, í eigu **móðurfélags**.
móðurfélag	Eining sem hefur **yfirráð** yfir einni eða fleiri einingum.
vald	Gildandi réttindi sem veita núverandi getu til að stýra **viðeigandi starfsemi**.
verndarréttindi	Réttindi sem eru til þess ætluð að vernda hagsmuni aðilans sem hefur þau réttindi án þess að veita viðkomandi aðila vald yfir einingunni sem þessi réttindi varða.
viðeigandi starfsemi	Að því er varðar þennan IFRS-staðal er viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í sem hafa marktæk áhrif á ávöxtun félags sem fjárfest er í.
réttindi varðandi lausn	Réttindi til að svipta ákvarðanatökuaðila ákvarðanatökuvaldi.
dótturfélag	Eining sem er undir yfirráðum annarrar einingar.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*, IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt árið 2011) eða IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila* og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

– hlutdeildarfélag

– hagsmunir í öðrum einingum

– samrekstur

– lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum

– tengdur aðili

– veruleg áhrif.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.-26. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumir þættir í dæmunum geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og kringumstæður einstakra aðstæðna við beitingu IFRS-staðals 10.

MAT Á YFIRRÁÐUM

B2 Til að ákvarða hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í skal fjárfestir meta hvort hann búi yfir öllu af eftirfarandi:

a) vald yfir félaginu sem fjárfest er í,

b) ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í, og

c) geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni.

B3 Það getur hjálpað til við ákvörðun að taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) tilgangur og uppbygging félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8),

b) hver viðeigandi starfsemi er og hvernig ákvarðanir um þessa starfsemi eru teknar (sjá liði B11–B13),

c) hvort réttindi fjárfestis veiti honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi (sjá liði B14–B54),

d) hvort fjárfestir beri áhættu, eða hafi rétt til að njóta, breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í (sjá liði B55–B57) og

e) hvort fjárfestir geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni (sjá liði B58–B72).

B4 Þegar fjárfestir metur það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar hvernig samband þess er við aðra aðila (sjá liði B73–B75).

Tilgangur og uppbygging félags sem fjárfest er í

B5 Þegar fjárfestir metur það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í til að greina viðeigandi starfsemi, hvernig ákvarðanir um viðeigandi starfsemi eru teknar, hver hefur núverandi getu til að stýra þessari starfsemi og hver tekur við ávöxtun af þessari starfsemi.

B6 Þegar tilgangur og uppbygging félags sem fjárfest er í er tekið til athugunar getur það verið skýrt að félagi sem fjárfest er í sé stýrt með eiginfjárgerningum sem veita handhafa þeirra hlutfallslegan atkvæðisrétt, t.d. almenna hluti í félagi sem fjárfest er í. Í slíku tilviki, ef ekki er um neitt annað fyrirkomulag að ræða sem breytir ákvarðanatöku, beinir matið á yfirráðum sjónum sínum að því hvaða aðili, ef einhver, geti nýtt atkvæðisrétt sem er nægilegur til að ákvarða rekstrar- og fjármögnunarstefnu félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B34–B50). Í einfaldasta tilvikinu hefur fjárfestirinn sem ræður meirihluta þessa atkvæðisréttar, þegar ekki er um aðra þætti að ræða, yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

B7 Til þess að ákvarða hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar um flóknari mál er að ræða getur verið nauðsynlegt að taka til athugunar alla eða suma þættina í lið B3.

B8 Félag sem fjárfest er í getur verið byggt upp með þeim hætti að atkvæðisrétturinn er ekki veigamesti þátturinn við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi. Í slíkum tilvikum skal fjárfestirinn, þegar hann tekur til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í, einnig taka tillit til áhættu sem félagið sem fjárfest er í var ætlað að bera áhættu gagnvart, áhættu sem það var gert til að yfirfæra til aðilanna sem taka þátt í félaginu sem fjárfest er í og hvort fjárfestirinn beri áhættu gagnvart einhverjum þessara þátta. Athugun á áhættu tekur ekki aðeins til neikvæðrar áhættu heldur einnig til mögulegra jákvæðra áhrifa.

Vald

B9 Til að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í þarf fjárfestir að hafa gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Í þeim tilgangi að leggja mat á vald skal aðeins taka til athugunar efnisleg réttindi og réttindi sem eru ekki verndandi (sjá liði B22–B28).

B10 Ákvörðun þess efnis hvort fjárfestir hafi vald sem er háð viðeigandi starfsemi, hvernig ákvarðanir eru teknar um viðeigandi starfsemi og réttindi fjárfestis og annarra aðila í tengslum við félagið sem fjárfest er í.

Viðeigandi starfsemi og stýring á viðeigandi starfsemi

B11 Í tilviki margra félaga sem fjárfest er í hefur breitt svið rekstrar- og fjármögnunarstarfsemi marktæk áhrif á ávöxtun þess. Dæmi um starfsemi sem, með hliðsjón af aðstæðum, getur verið viðeigandi starfsemi eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) sala og kaup á vöru eða þjónustu,

b) stjórnun fjáreigna á líftíma þeirra (þ.m.t. við vanskil),

c) val, yfirtaka eða sala eigna,

d) rannsóknir og þróun á nýjum afurðum eða ferlum og

e) ákvörðun á fjármögnunarskipulagi eða útvegun fjármagns.

B12 Dæmi um ákvarðanir um viðeigandi starfsemi fela í sér en takmarkast ekki við:

a) rekstrar- og fjármögnunarákvarðanir félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. fjárhagsáætlanir, og

b) tilnefning og laun lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum hjá félaginu sem fjárfest er í eða þjónustuveitendur og uppsögn þjónustuveitingar eða starfa.

B13 Við sumar aðstæður getur starfsemi, bæði fyrir og eftir tilteknar kringumstæður eða tiltekna atburði, verið viðeigandi starfsemi. Ef tveir eða fleiri fjárfestar hafa núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi og sú starfsemi fer fram á mismunandi tímum skulu fjárfestarnir ákveða hver fjárfestanna geti stýrt þeirri starfsemi sem hefur mest áhrif á ávöxtun í samræmi við meðferð samverkandi ákvarðanatökuréttinda (sjá 13. lið). Fjárfestarnir skulu endurskoða matið með tímanum ef viðeigandi málavextir eða aðstæður breytast.

Dæmi um beitingu

Dæmi 1

Tveir fjárfestar stofna félag sem fjárfest er í til að þróa og markaðssetja vöru til lækninga. Einn fjárfestir ber ábyrgð á þróun og að fá stjórnsýslusamþykki fyrir vörunni til lækninga—í þeirri ábyrgð felst einhliða geta til að taka allar ákvarðanir í tengslum við þróun vörunnar og að fá stjórnsýslusamþykkt. Þegar eftirlitsyfirvaldið hefur samþykkt vöruna mun hinn fjárfestirinn framleiða og markaðssetja hana—sá fjárfestir hefur einhliða getu til að taka allar ákvarðanir um framleiðslu og markaðssetningu verkefnisins. Ef öll starfsemin—þróun og umsókn um stjórnsýslusamþykki auk framleiðslu og markaðssetningu vöru til lækninga—er viðeigandi starfsemi, skal hver fjárfestir ákveða hvort hann geti stýrt starfseminni sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Til samræmis við það þarf hver fjárfestir að taka til athugunar hvort þróun og umsókn um stjórnsýslusamþykki eða framleiðsla og markaðssetning vöru til lækninga sé sú starfsemi sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í og hvort hann geti stýrt þeirri starfsemi. Við ákvörðun á því hvaða fjárfestir hafi vald skulu fjárfestarnir taka til athugunar:

a) tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í,

b) þættina sem ákvarða hagnaðarhlutfallið, tekjur og virði félagsins sem fjárfest er í auk virði vörunnar til lækninga,

c) áhrifin á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í sem leiðir af ákvarðanatökuvaldi hvers fjárfestis að því er varðar þættina í b-lið, og

d) áhættuna sem fjárfestarnir bera gagnvart breytileika ávöxtunar.

Í þessu tiltekna dæmi skulu fjárfestarnir einnig taka til athugunar:

e) óvissuna varðandi, og það framtak sem þarf til að fá, stjórnsýslusamþykki (að teknu tilliti til sögu fjárfestisins að því er varðar að þróa og fá stjórnsýslusamþykki fyrir vörur til lækninga), og

f) hver fjárfestanna stýrir vörunni til lækninga þegar þróunaráfanginn ber árangur.

Dæmi 2

Fjárfestingafélag (félag sem fjárfest er í) er stofnað og fjármagnað með skuldagerningi í eigu fjárfestis (skuldafjárfestirinn) og eiginfjárgerningum í eigu nokkurra annarra fjárfesta. Eiginfjárhlutinn er til þess ætlaður að standa undir fyrsta tapinu og til að taka við eftirstandandi ávöxtun af félaginu sem fjárfest er í. Einn fjárfestanna sem leggur fram eigið fé og á 30% eigin fjár er einnig forstöðumaður eigna. Félagið sem fjárfest er í notar ágóða sinn til að kaupa safn fjáreigna og félagið sem fjárfest er í ber því útlánaáhættu í tengslum við möguleg vanskil á höfuðstól og vaxtagreiðslum af eignunum. Viðskiptin eru markaðssett fyrir skuldafjárfestinn sem fjárfesting sem ber lágmarkslánsáhættu í tengslum við möguleg vanskil eigna í eignasafninu vegna eðlis þessara eigna og vegna þess að eiginfjárhlutinn er ætlaður til þess að koma til móts við fyrsta tap félagsins sem fjárfest er í. Ávöxtun félagsins sem fjárfest er í verður fyrir verulegum áhrifum af stjórnun eignasafns félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. ákvarðanir um val, kaup og sölu eignanna í eignasafninu innan marka viðmiðunarreglna eignasafnsins og stýringar við vanskil einhverra eigna í eignasafninu. Öll þessi starfsemi er undir stjórn forstöðumanns eigna þar til vanskil eru orðin tilgreint hlutfall af virði eignasafns (þ.e. ef virði eignasafnsins er með þeim hætti að eiginfjárhluti félagsins sem fjárfest er í er uppurinn). Frá þeim tíma tekur þriðji aðili, sem er fjárvörsluaðili, við stjórn eignanna samkvæmt leiðbeiningum skuldafjárfestis. Stýring á eignasafni félags sem fjárfest er í telst vera viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í. Forstöðumaður eigna getur stýrt viðeigandi starfsemi þar til eignir í vanskilum ná tilteknu hlutfalli af virði eignasafnsins; skuldafjárfestirinn getur stýrt viðeigandi starfsemi þegar virði vanskilaeigna er umfram tilgreint hlutfall af virði eignasafnsins. Forstöðumaður eigna og skuldafjárfestirinn skulu hvor um sig ákveða hvort þeir geti stýrt starfseminni sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. að teknu tilliti til tilgangs og uppbyggingar félagsins sem fjárfest er í auk áhættunnar sem hver aðili ber gagnvart breytileika ávöxtunar.

Réttindi sem veita fjárfesti vald yfir félagi sem fjárfest er í

B14 Vald er afleiðing réttinda. Til að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í þarf fjárfestir að hafa gildandi réttindi sem veita fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Réttindin sem veita fjárfesti vald geta verið mismunandi á milli félaga sem fjárfest er í.

B15 Dæmi um réttindi sem, annaðhvort hver fyrir sig eða í sameiningu, geta veitt fjárfesti vald eru m.a. en takmarkast ekki við:

a) réttindi í formi atkvæðisréttar (eða mögulegs atkvæðisréttar) félags sem fjárfest er í (sjá liði B34–B50),

b) réttindi til að tilnefna, endurskipa eða víkja úr störfum lykilstarfsmönnum í stjórnunarstöðum félags sem fjárfest er í sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

c) réttindi til að tilnefna eða víkja annarri einingu frá sem stýrir viðeigandi starfsemi,

d) réttindi til að stýra félagi sem fjárfest er í til að eiga, eða beita neitunarvaldi varðandi, viðskipti í þágu fjárfestis og

e) önnur réttindi (svo sem ákvarðanatökuréttindi sem tilgreind eru í stjórnunarsamningi) sem veita handhafanum getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

B16 Almennt er það þannig þegar félag sem fjárfest er í stundar fjölbreytta rekstrar- og fjármögnunarstarfsemi, sem hefur marktæk áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, og þegar stöðugrar efnislegrar ákvarðanatöku er krafist að því er þessa starfsemi varðar, er það atkvæðisréttur eða sambærilegur réttur sem veitir fjárfesti vald, annaðhvort einn og sér eða ásamt öðru fyrirkomulagi.

B17 Þegar atkvæðisréttur getur ekki haft veruleg áhrif á ávöxtun félags sem fjárfest er í, s.s. þegar atkvæðisréttur varðar aðeins stjórnsýsluverkefni og samningsbundið fyrirkomulag ákvarðar stefnu viðeigandi starfsemi, þarf

fjárfestirinn að meta viðkomandi samningsbundið fyrirkomulag til að ákvarða hvort það hafi réttindi sem eru næg til þess að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í. Til að ákvarða hvort fjárfestir hafi réttindi sem eru næg til þess að veita honum vald skal fjárfestirinn taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8) og kröfurnar sem gerðar eru í liðum B51–B54 ásamt liðum B18-B20.

B18 Við sumar aðstæður getur reynst erfitt að ákvarða hvort réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum valdheimild yfir félagi sem fjárfest er í. Við slíkar aðstæður skal fjárfestirinn, til að gera það kleift að meta vald, taka til athugunar vísbendingar þess efnis hvort hann hafi í reynd getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða. Meðal annars er tekið tillit til eftirfarandi sem, ef það er gert í tengslum við réttindi fjárfestis og vísanna í liðum B19 og B20, getur gefið vísbendingar um að réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum vald yfir félagi sem fjárfest er í:

a) fjárfestirinn getur, án þess að hafa til þess samningsbundinn rétt, tilnefnt eða samþykkt lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

b) fjárfestirinn getur, án þess að hafa til þess samningsbundinn rétt, stýrt félaginu sem fjárfest er í til að eiga, eða beita neitunarvaldi varðandi veruleg viðskipti í þágu fjárfestis,

c) fjárfestirinn getur ráðið annaðhvort tilnefningarferlinu við val á aðilum í stjórn félagsins sem fjárfest er í eða söfnun umboða frá öðrum handhöfum atkvæðisréttar,

d) lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum í félagi sem fjárfest er í eru tengdir aðilar að því er varðar fjárfestinn (t.d. er forstjóri félagsins sem fjárfest er í og forstjóri fjárfestis einn og sami aðilinn),

e) meirihluti aðila stjórnar félagsins sem fjárfest er í eru aðilar tengdir fjárfestinum.

B19 Stundum eru vísbendingar um að fjárfestir eigi í sérstöku sambandi við félagið sem fjárfest er í, sem gefa til kynna að fjárfestirinn hafi meira en hlutlausan áhuga á félaginu sem fjárfest er í. Ef um einstaka vísbendingu er að ræða, eða tiltekna samsetningu vísbendinga, þarf það ekki endilega að merkja að viðmiðanirnar varðandi vald séu uppfylltar. Ef áhuginn á félagi sem fjárfest er í er meiri en hlutlaus getur það þó verið vísbending um að fjárfestirinn hafi önnur tengd réttindi sem eru næg til að veita honum vald eða veita vísbendingu um að hann hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í. Til dæmis getur eftirfarandi gefið til kynna að fjárfestirinn hafi meira en hlutlausan áhuga á félaginu sem fjárfest er í og, ásamt öðrum réttindum, gefið til kynna vald:

a) lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum félagsins sem fjárfest er í, sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi, eru núverandi eða fyrrum starfsmenn fjárfestisins,

b) starfsemi félagsins sem fjárfest er í er háð fjárfestinum, s.s. við eftirfarandi aðstæður:

i. félagið sem fjárfest er í er háð því að fjárfestirinn fjármagni verulegan hluta starfsemi þess,

ii. fjárfestirinn ábyrgist verulegan hluta af skuldbindingum félagsins sem fjárfest er í,

iii. félagið sem fjárfest er í er háð fjárfestinum að því er varðar mikilvæga þjónustu, tækni, birgðir eða hráefni,

iv. fjárfestirinn hefur yfirráð yfir eignum s.s. leyfum eða vörumerkjum sem eru mikilvæg fyrir starfsemi félagsins sem fjárfest er í,

v. félagið sem fjárfest er í er háð fjárfestinum að því er varðar lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum, s.s. þegar starfsfólk fjárfestis býr yfir sérfræðiþekkingu á starfsemi félagsins sem fjárfest er í,

c) verulegur hluti af starfsemi félagsins sem fjárfest er í er annaðhvort í höndum fjárfestis eða er framkvæmd fyrir hönd hans,

d) áhættan sem fjárfestirinn ber gagnvart, eða réttindin til að njóta ávöxtun af, þátttöku sinni í félagi sem fjárfest er í er í röngu hlutfalli meiri en atkvæðisréttur hans eða önnur svipuð réttindi. Aðstæður geta til dæmis verið með þeim hætti að fjárfestir á rétt á, eða ber áhættu gagnvart, ávöxtun af félagi sem fjárfest er í en á minna en helming atkvæðisréttar félagsins sem fjárfest er í.

B20 Þeim mun meiri áhættu sem fjárfestirinn ber gagnvart, eða rétt sem hann hefur varðandi, breytileika ávöxtunar af þátttöku í félaginu sem fjárfest er í þeim mun meiri er hvati fjárfestisins til að ná sér í réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Ef fjárfestir ber mikla áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar er það því vísbending um að fjárfestirinn hafi vald. Umfang áhættu sem fjárfestirinn ber er þó ekki í sjálfu sér ákvarðandi um það hvort fjárfestir hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í.

B21 Ef þættirnir sem settir eru fram í lið B18 og vísarnir sem settir eru fram í liðum B19 og B20 eru teknir til athugunar ásamt réttindum fjárfestis skal gefa vísbendingum um vald, sem lýst er í lið B18, meira vægi.

Efnisleg réttindi

B22 Fjárfestir tekur aðeins til athugunar efnisleg réttindi að því er varðar félag sem fjárfest er í (í eigu fjárfesta og annarra) er hann metur hvort hann búi yfir valdi. Til þess að réttindi séu efnisleg þarf handhafinn að hafa hagnýta getu til að neyta þeirra réttinda.

B23 Ákvörðun þess efnis hvort réttindi eru efnisleg þarfnast dómgreindar, með tilliti til allra málavaxta og aðstæðna. Þættir sem ber að taka til athugunar við þá ákvörðun eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) hvort um einhverjar hindranir sé að ræða (efnahagslegar eða annars konar) sem koma í veg fyrir að handhafi (eða handhafar) neyti réttindanna. Dæmi um slíkar hindranir fela í sér en takmarkast ekki við:

i. fjárhagsleg viðurlög og hvata sem myndu koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafinn neyti réttinda sinna,

ii. nýtingarverð eða umreikningsverð sem myndar fjárhagslega hindrun sem myndi koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafinn neyti réttinda sinna,

iii. skilmála og skilyrði sem gera það ólíklegt að réttindin verði nýtt, t.d. skilyrði sem setja þröngar takmarkanir á tímann þegar nýtingin getur farið fram,

iv. ef ekki er að finna skýra, réttmæta tilhögun í stofnskjölum félags sem fjárfest er í eða í gildandi lögum eða reglugerðum sem gera handhafa réttinda kleift að neyta réttinda sinna,

v. ef handhafi réttindanna getur ekki nálgast upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að neyta réttinda sinna,

vi. rekstrarhindranir eða hvatar sem myndu koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafi neyti réttinda sinna (þ.e. ef ekki eru aðrir stjórnendur sem eru tilbúnir eða hæfir til að veita sérfræðiþjónustu eða veita þjónustuna og taka á sig aðra hagsmuni stjórnandans sem fyrir er),

vii. kröfur samkvæmt lögum eða reglum sem koma í veg fyrir að handhafinn neyti réttinda sinna (t.d. ef erlendum fjárfesti er bannað að neyta réttinda sinna),

b) ef neyting réttinda krefst samkomulags eins eða fleiri aðila, eða ef réttindin eru í höndum eins eða fleiri aðila, hvort sem tilhögun er til staðar sem kveður á um að þessir aðilar, sem hafa hagnýta getu til að neyta réttinda sinna í sameiningu, ef þeir kjósa að gera það. Sé slík tilhögun ekki til staðar er það vísbending um að réttindin séu ekki efnisleg. Þeim mun fleiri aðila sem þarf til að samþykkja neytingu réttinda, þeim mun ólíklegra er að þessi réttindi séu efnisleg. Þó getur stjórn, ef aðilar hennar eru óháðir þeim sem tekur ákvarðanir, þjónað sem gangvirki fyrir nokkra fjárfesta sem grípa til sameiginlegra aðgerða til að neyta réttinda sinna. Þar af leiðandi eru réttindi varðandi lausn sem óháð stjórn getur neytt líklegri til að vera efnisleg heldur en ef mikill fjöldi fjárfesta gætu neytt þessara sömu réttinda hver í sínu lagi,

c) hvort aðilinn eða aðilarnir sem á/eiga réttindin myndu hafa hag af því að neyta réttindanna. Handhafi mögulegs atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í (sjá liði B47–B50) skal t.d. taka til athugunar nýtingarverð eða umreikningsverð gerningsins. Skilmálar og skilyrði varðandi mögulegan atkvæðisrétt eru líklegri til að vera efnisleg ef gerningurinn er í gróða eða ef fjárfestirinn myndi njóta hagræðis af öðrum ástæðum (t.d. vegna samlegðaráhrifa á milli fjárfestis og félagsins sem fjárfest er í) við nýtingu eða umbreytingu gerningsins.

B24 Til að vera efnisleg þurfa réttindi einnig að vera neytanleg þegar taka þarf ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi. Til að vera efnisleg þurfa réttindi venjulega að vera neytanleg á þeim tíma. Réttindi geta þó stundum verið efnisleg þrátt fyrir að þau séu ekki neytanleg á þeim tíma.

Dæmi um beitingu

Dæmi 3

Félagið sem fjárfest er í heldur árlega hluthafafundi þar sem ákvarðanir um stýringu viðeigandi starfsemi eru teknar. Næsti áætlaði hluthafafundur er eftir átta mánuði. Hluthafar sem hver um sig eða í sameiningu ráða yfir a.m.k. 5% atkvæðisréttar geta þó kallað til aukafundar til að breyta gildandi stefnu að því er varðar viðeigandi starfsemi, en krafan um að öðrum hluthöfum sé tilkynnt um það þýðir að ekki er unnt að halda slíkan fund í a.m.k. 30 daga. Aðeins má breyta stefnu viðeigandi starfsemi á aukafundum eða áætluðum fundum hluthafa. Þar með talið er samþykki á verulegri sölu eigna auk framkvæmdar eða sölu á verulegum fjárfestingum.

Ofangreint mynstur málsatvika gildir um dæmi 3A–3D sem er lýst hér á eftir. Hvert dæmi er tekið til athugunar eitt og sér.

Dæmi 3A

Fjárfestir hefur meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisréttur fjárfestis er efnislegur þar sem fjárfestir getur tekið ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi þegar þess þarf. Þótt líða þurfi 30 dagar áður en fjárfestirinn getur nýtt atkvæðisrétt sinn kemur það ekki í veg fyrir að fjárfestirinn geti haft núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi frá þeirri stundu sem hann aflar hlutafjáreignarinnar.

Dæmi 3B

Fjárfestir er aðili að framvirkum samningi til að afla meirihluta hlutabréfa í félagi sem fjárfest er í. Greiðsludagur framvirka samningsins er eftir 25 daga. Núverandi hluthafar geta ekki breytt núverandi stefnu varðandi viðeigandi starfsemi þar sem ekki er unnt að halda aukafund fyrr en eftir a.m.k. 30 daga, en þá hefur framvirki samningurinn verið gerður upp. Þar af leiðandi hefur fjárfestirinn réttindi sem í raun jafngilda réttindum meirihlutaeiganda hlutafjár í dæmi 3A hér að ofan (þ.e. fjárfestirinn sem á framvirka samninginn getur tekið ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi þegar þess þarf). Framvirkur samningur fjárfestis er efnisleg réttindi sem veitir fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi jafnvel áður en framvirki samningurinn er gerður upp.

Dæmi 3C

Fjárfestir á efnislegan kauprétt að meirihluta hlutabréfa í félaginu sem fjárfest er í, sem er innleysanlegur eftir 25 daga og er í verulegum gróða. Sama niðurstaða fengist og í dæmi 3B.

Dæmi 3D

Fjárfestir er aðili að framvirkum samningi til að afla meirihluta hlutabréfa í félagi sem fjárfest er í, án þess að eiga nokkur önnur réttindi að því er varðar félagið sem fjárfest er í. Greiðsludagur framvirka samningsins er eftir sex mánuði. Öfugt við dæmin hér að ofan hefur fjárfestirinn ekki núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Núverandi hluthafar hafa núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi þar sem þeir geta breytt gildandi stefnu varðandi viðeigandi starfsemi áður en framvirki samningurinn er gerður upp.

B25 Efnisleg réttindi sem aðrir aðilar geta neytt geta komið í veg fyrir að fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í, sem þessi réttindi varða. Slík efnisleg réttindi krefjast þess ekki að handhafar þeirra geti átt frumkvæði að ákvörðunum. Á meðan réttindin eru ekki eingöngu til verndar (sjá liði B26–B28) geta efnisleg réttindi annarra aðila komið í veg fyrir að fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í jafnvel þótt réttindin veiti handhafa þeirra aðeins núverandi getu til að samþykkja eða koma í veg fyrir ákvarðanir í tengslum við viðeigandi starfsemi.

Verndarréttindi

B26 Við mat á því hvort réttindi veiti fjárfesti vald yfir félagi sem fjárfest er í skal fjárfestir meta hvort réttindi hans, og réttindi annarra, séu verndarréttindi. Verndarréttindi tengjast grundvallarbreytingum á starfsemi félags sem fjárfest er í eða gilda við sérstakar aðstæður. Þó eru ekki öll réttindi sem gilda við sérstakar aðstæður eða eru háð verndandi atburðum (sjá liði B13 og B53).

B27 Vegna þess að verndarréttindi eru til þess ætluð að vernda hagsmuni handhafa þeirra án þess að veita viðkomandi aðila vald yfir félaginu sem fjárfest er í, sem þessi réttindi varða, getur fjárfestir sem hefur aðeins verndarréttindi ekki haft vald yfir eða komið í veg fyrir að annar aðili hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í (sjá 14. lið).

B28 Dæmi um slík verndarréttindi eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) réttindi lánveitanda til að koma í veg fyrir að lántaki stundi starfsemi sem gæti breytt verulega útlánaáhættu lántaka í óhag fyrir lánveitandann,

b) réttindi aðila sem á hlut sem ekki er ráðandi í félagi sem fjárfest er í til að samþykkja fjárfestingarútgjöld sem eru hærri en nauðsynlegt er við venjubundinn rekstur, eða til að samþykkja útgáfu eiginfjár- eða skuldagerninga,

c) réttindi lánveitanda til að leggja hald á eignir lántaka ef lántakinn uppfyllir ekki tilgreind skilyrði varðandi endurgreiðslu láns.

Sérleyfi

B29 Sérleyfissamningur, þar sem félagið sem fjárfest er í er sérleyfishafinn, veitir oft þeim sem veitir sérleyfið réttindi sem eru til þess ætluð að vernda vöruheiti sérleyfisins. Sérleyfissamningar veita gjarnan sérleyfisveitandanum einhvern ákvarðanatökurétt að því er varðar starfsemi sérleyfishafans.

B30 Réttindi sérleyfisveitenda takmarka almennt ekki getu annarra aðila en sérleyfisveitandans til að taka ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans. Réttindi sérleyfisveitandans í sérleyfissamningi veita heldur ekki endilega sérleyfisveitandanum núverandi getu til að stýra starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans.

B31 Nauðsynlegt er að greina á milli þess að búa yfir getu til að taka ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafa og þess að hafa getu til að taka ákvarðanir sem vernda vöruheiti sérleyfis. Sérleyfisveitandinn hefur ekki vald yfir sérleyfishafa ef aðrir aðilar hafa gildandi réttindi sem veita þeim núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi sérleyfishafans.

B32 Með því að gera sérleyfissamning hefur sérleyfishafinn tekið einhliða ákvörðun um að reka starfsemi sína í samræmi við skilmála sérleyfissamningsins, en fyrir eigin reikning.

B33 Yfirráð yfir grundvallarbreytingum líkt og lagalegu formi sérleyfishafa og fjármögnunarfyrirkomulagi hans getur verið í höndum annarra aðila en sérleyfishafans og getur haft veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans. Þeim mun lægri fjárstuðning sem sérleyfisveitandinn veitir og þeim mun lægri sem áhættan er sem sérleyfisveitandinn ber gagnvart breytileika ávöxtunar sérleyfishafans þeim mun líklegra er að sérleyfisveitandinn hafi einungis verndarréttindi.

Atkvæðisréttur

B34 Oft hefur fjárfestir núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi með atkvæðisrétti eða svipuðum réttindum. Fjárfestir tekur kröfurnar í þessum hluta til athugunar (liði B35–B50) ef viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í er stjórnað með atkvæðisrétti.

Vald sem fylgir því að hafa meirihluta atkvæðisréttar

B35 Fjárfestir sem ræður yfir meira en helmingi atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í hefur vald við eftirfarandi aðstæður, nema liður B36 eða liður B37 gildi:

a) viðeigandi starfsemi er stýrt með atkvæði handhafa meirihluta atkvæðisréttar, eða

b) meirihluti aðila stjórnar sem stýrir viðeigandi starfsemi eru tilnefndir með atkvæði handhafa meirihluta atkvæðisréttar.

Meirihluti atkvæðisréttar en engin völd

B36 Til að fjárfestir, sem ræður yfir meira en helmingi atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í skal atkvæðisréttur fjárfestis vera efnislegur, í samræmi við liði B22-B25 og veita fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi, sem oft fer fram með því að ákvarða rekstrar- og fjármögnunarstefnu. Ef önnur eining hefur gildandi réttindi sem veita viðkomandi einingu rétt til að stýra viðeigandi starfsemi og sú eining er ekki umboðsaðili fjárfestisins hefur fjárfestirinn ekki vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

B37 Fjárfestir hefur ekki vald yfir félagi sem fjárfest er í, jafnvel þótt fjárfestirinn hafi meirihluta atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í, ef þessi atkvæðisréttur er ekki efnislegur. Til dæmis getur fjárfestir, sem hefur meira en helming atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, ekki haft vald ef viðeigandi starfsemi er háð stýringu ríkisstjórnar, dómstóls, stjórnanda, slitastjóra, skiptastjóra eða eftirlitsaðila.

Vald án þess að hafa meirihluta atkvæðisréttar

B38 Fjárfestir getur haft vald, jafnvel án þess að hann hafi meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Fjárfestir getur haft vald með minna en meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, t.d. með:

a) samningsbundnu fyrirkomulagi á milli fjárfestis og annarra handhafa atkvæðisréttar (sjá lið B39),

b) réttindum sem leiða af öðru samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá lið B40),

c) atkvæðisrétti fjárfestis (sjá liði B41–B45),

d) mögulegum atkvæðisrétti (sjá liði B47–B50), eða

e) samsetningu a- til d-liðar.

Samningsbundið fyrirkomulag við aðra handhafa atkvæðisréttar

B39 Samningsbundið fyrirkomulag á milli fjárfestis og annarra handhafa atkvæðisréttar getur gefið fjárfestinum rétt til að nýta atkvæðisrétt sem er nægur til að veita fjárfestinum vald, jafnvel þótt fjárfestirinn ráði ekki yfir nægilegum atkvæðisrétti til að veita honum vald án samningsbundna fyrirkomulagsins. Samningsbundið fyrirkomulag gæti þó tryggt það að fjárfestir geti stýrt nægilega mörgum öðrum handhöfum atkvæðisréttar til að kjósa með þeim hætti að tryggt sé að fjárfestir geti tekið ákvarðanir um viðeigandi starfsemi.

Réttindi sem stafa af annars konar samningsbundnu fyrirkomulagi

B40 Annar ákvarðanatökuréttur, ásamt atkvæðisrétti, getur veitt fjárfesti núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Til dæmis geta réttindin, sem tilgreind eru í samningsbundnu fyrirkomulagi í tengslum við atkvæðisrétt, verið næg til þess að veita fjárfesti núverandi getu til að stýra framleiðsluferli félags sem fjárfest er í eða til að stýra rekstrar- eða fjármögnunarstarfsemi félags sem fjárfest er í, sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun félags sem fjárfest er í. Ef ekki er um önnur réttindi að ræða veldur efnahagslegt ósjálfstæði félags sem fjárfest er í gagnvart fjárfesti (s.s. samband birgja við helsta viðskiptavin sinn) ekki því að fjárfestir hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

Atkvæðisréttur fjárfestis

B41 Fjárfestir sem ræður yfir minna en meirihluta atkvæðisréttar hefur réttindi sem eru næg til þess að veita honum vald ef fjárfestirinn hefur hagnýta getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða.

B42 Við mat á því hvort atkvæðisréttur fjárfestis sé nægur til að veita honum vald skal fjárfestir taka til athugunar öll málsatvik og allar aðstæður, þ.m.t.:

a) umfang atkvæðisréttar fjárfestis í hlutfalli við umfang og dreifingu eignarhlutdeildar annarra handhafa atkvæðisréttar, þar sem veitt er athygli:

i. að þeim mun meiri atkvæðisrétt sem fjárfestir ræður yfir, þeim mun líklegra er að fjárfestir hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

ii. að þeim mun meiri atkvæðisrétt sem fjárfestir ræður yfir, í hlutfalli við aðra handhafa atkvæðisréttar, þeim mun líklegra er að fjárfestirinn hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

iii. að þeim mun fleiri aðilar þyrftu að vinna saman til að hafa meiri atkvæðisrétt en fjárfestirinn, þeim mun líklegra er að fjárfestirinn hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

b) mögulegan atkvæðisrétt sem fjárfestirinn, aðrir handhafar atkvæðisréttar eða aðrir aðilar ráða yfir (sjá liði B47–B50),

c) réttindi sem leiða af öðru samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá lið B40) og

d) öll önnur málsatvik og aðstæður sem tilgreina að fjárfestir hafi, eða hafi ekki, núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi á þeim tíma sem taka þarf ákvarðanir, þ.m.t. kosningamynstur á fyrri hluthafafundum.

B43 Ef stefna viðeigandi starfsemi er ákvörðuð með meirihluta atkvæða og fjárfestir ræður yfir miklu meiri atkvæðisrétti en aðrir handhafar atkvæðisréttar eða skipulagðra hópa handhafa atkvæðisréttar og önnur hlutafjáreign er vel dreifð getur það verið skýrt, að teknu tilliti til þeirra þátta sem taldir eru upp í a- til c-lið 42. liðar eingöngu, að fjárfestirinn hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

D æ m i u m b e i t i n g u

Dæmi 4

Fjárfestir eignast 48% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum þúsunda hluthafa og enginn þeirra á einn og sér meira en 1% atkvæðisréttarins. Enginn hluthafanna hefur komið á fyrirkomulagi til að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna eða til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Við mat á því hversu hátt hlutfall atkvæðisréttar ætti að afla, á grundvelli hlutfallslegrar stærðar annarrar hlutafjáreignar, ákvarðaði fjárfestirinn að 48% hlutdeild væri næg til að veita honum yfirráð. Í þessu tilviki, á grundvelli hlutafjáreignar sinnar í raun og hlutfallslegrar stærðar annarrar hlutafjáreignar, ákvarðar fjárfestirinn að hann ráði yfir nægilega ráðandi atkvæðarétti til að uppfylla viðmiðunina um vald án þess að þurfa að taka til athugunar aðrar vísbendingar um vald.

Dæmi 5

Fjárfestir A ræður yfir 40% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í og tólf aðrir fjárfestar ráða hver um sig yfir 5% atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í. Hluthafasamkomulag veitir fjárfesti A rétt til að tilnefna, víkja frá störfum og ákvarða laun stjórnar sem ber ábyrgð á að stýra viðeigandi starfsemi. Til að breyta samkomulaginu þarf meirihluta tveggja þriðju hluta atkvæða hluthafa. Í þessu tilviki kemst fjárfestir A að þeirri niðurstöðu að raunstærð eignarhlutdeildar fjárfestisins og hlutfallsleg stærð annarrar hlutafjáreignar ein og sér sé ekki nægilega afgerandi til að ákvarða hvort fjárfestirinn hafi réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Fjárfestir A ákvarðar þó að samningsbundinn réttur hans til að tilnefna, víkja frá störfum og ákvarða laun stjórnar sé nægur til að komast að niðurstöðu um að hann hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í. Ekki skal taka til athugunar þá staðreynd að fjárfestir A gæti hafa sleppt því að nýta þennan rétt eða líkurnar á því að fjárfestir A nýti rétt sinn til að velja, tilnefna eða víkja frá störfum stjórn þegar metið er hvort fjárfestir A hafi vald.

B44 Við aðrar aðstæður getur það verið skýrt, eftir að hafa tekið tillit til þáttanna sem taldir eru upp í a- til c-lið liðar B42 eingöngu, að fjárfestir hafi ekki vald.

Dæmi um beitingu

Dæmi 6

Fjárfestir A á 45% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Tveir aðrir fjárfestar eiga hvor um sig 26% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum þriggja annarra hluthafa sem hver á 1% hlut. Ekkert annað fyrirkomulag er fyrir hendi sem hefur áhrif á ákvarðanatöku. Í þessu tilviki er umfang atkvæðisréttar fjárfestis A og umfang hans í hlutfalli við aðra hlutafjáreign nægilegt til að komast að niðurstöðu um að fjárfestir A hafi ekki vald. Einungis þarf samvinnu tveggja annarra fjárfesta til að koma í veg fyrir að fjárfestir A stýri viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í.

B45 Þó er ekki víst að þættirnir, sem taldir eru upp í a- til c-lið liðar B42 eingöngu, séu afgerandi. Sé fjárfestir, eftir að hafa tekið þessa þætti til athugunar, ekki viss um að hann hafi vald skal hann taka til athugunar fleiri málsatvik og aðstæður, s.s. hvort aðrir hluthafar séu óvirkir í eðli sínu eins og fram kemur í kosningahegðun á fyrri hluthafafundum. Í þessu felst mat á þeim þáttum sem settir eru fram í lið B18 og vísunum í liðum B19 og B20. Þeim mun minni atkvæðisrétt sem fjárfestir hefur og þeim mun færri aðilar sem þurfa að vinna saman til að ná fleiri atkvæðum heldur en fjárfestirinn, þeim mun meiri áhersla yrði lögð á fleiri málsatvik og aðstæður til að leggja mat á það hvort réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum vald. Þegar málsatvik og aðstæður í liðum B18–B20 eru tekin til athugunar ásamt réttindum fjárfestisins skal gefa vísbendingunum um vald í lið B18 meira vægi en vísbendingunum um vald í liðum B19 og B20.

Dæmi um beitingu

Dæmi 7

Fjárfestir á 45% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Ellefu aðrir fjárfestar eiga hver um sig 5% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Enginn hluthafanna hefur komið á samningsbundnu fyrirkomulagi um að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Í þessu tilviki er raunstærð eignarhlutdeildar fjárfestisins og hlutfallsleg stærð annarrar hlutafjáreignar ein og sér ekki nægilega afgerandi til að ákvarða hvort fjárfestirinn hafi réttindi sem eru næg til að veita honum vald í félaginu sem fjárfest er í. Taka skal til athugunar önnur málsatvik og aðrar aðstæður sem gætu sýnt fram á að fjárfestir hafi, eða hafi ekki, vald.

Dæmi 8

Fjárfestir á 35% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Þrír aðrir hluthafar eiga hver um sig 5% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum fjölda annarra hluthafa og enginn þeirra á einn og sér meira en 1% atkvæðisréttarins. Enginn hluthafanna hefur komið á fyrirkomulagi um að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Ákvarðanir um viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í krefjast samþykkis með meirihluta greiddra atkvæða á viðeigandi hluthafafundum—75% atkvæðisréttar félags sem fjárfest er í hefur verið nýttur á síðustu viðeigandi hluthafafundum. Í þessu tilviki gefur virk þátttaka annarra hluthafa á síðustu hluthafafundum vísbendingu um að fjárfestir myndi ekki hafa hagnýta getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða, án tillits til þess hvort fjárfestir hafi stýrt viðeigandi starfsemi þar sem nægilega mikill fjöldi annarra hluthafa kaus eins og fjárfestirinn.

B46 Ef það er ekki skýrt, eftir að þeir þættir sem skráðir eru í a- til d-lið liðar B42 hafa verið teknir til athugunar, að fjárfestir hafi vald hefur fjárfestirinn ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Mögulegur atkvæðisréttur

B47 Þegar lagt er mat á vald skal fjárfestir taka til athugunar mögulegan atkvæðisrétt sinn auk mögulegs atkvæðisréttar annarra aðila til að ákvarða hvort hann hafi yfir valdi að ráða. Mögulegur atkvæðisréttur er réttur til að fá atkvæðisrétt félags sem fjárfest er í, s.s. sá réttur sem leiðir af breytanlegum gerningum eða valréttum, þ.m.t. framvirkir samningar. Þessi mögulegi atkvæðisréttur er aðeins tekinn til athugunar ef rétturinn er efnislegur (sjá liði B22–B25).

B48 Þegar mögulegur atkvæðisréttur er tekinn til athugunar skal fjárfestir taka til athugunar tilgang og uppbyggingu gerningsins, auk tilgangs og uppbyggingu allrar annarrar þátttöku fjárfestisins í félagi sem fjárfest er í. Þar á meðal er mat á ýmsum skilmálum og skilyrðum gerningsins auk augljósra væntinga, tilgangs og ástæða fjárfestisins fyrir að samþykkja þessa skilmála og skilyrði.

B49 Hafi fjárfestirinn einnig atkvæðisrétt eða annan ákvarðanatökurétt í tengslum við starfsemi félagsins sem fjárfest er í metur fjárfestirinn einnig hvort sá réttur, í tengslum við mögulegan atkvæðisrétt, veitir fjárfestinum vald.

B50 Efnislegur mögulegur atkvæðisréttur einn og sér, eða ásamt öðrum rétti, getur veitt fjárfesti núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Til dæmis er líklegt að svo sé þegar fjárfestir á 40% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í og á, í samræmi við lið B23, efnisleg réttindi sem leiða af valréttum um kaup á 20% til viðbótar af atkvæðisréttinum.

Dæmi um beitingu

Dæmi 9

Fjárfestir A á 70% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Fjárfestir B á 30% af atkvæðisrétti í félagi sem fjárfest er í auk kaupréttar á helmingi atkvæðisréttar fjárfestis A. Kauprétturinn er nýtanlegur næstu tvö árin á föstu verði sem er í umtalsverðu tapi (og þess er vænst að svo verði næstu tvö árin). Fjárfestir A hefur nýtt atkvæðisrétt sinn og stýrir með virkum hætti viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í. Í slíku tilviki er fjárfestir A líklegur til að uppfylla viðmiðunina um vald þar sem svo virðist sem hann hafi núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Þrátt fyrir að fjárfestir B eigi nýtanlegan kauprétt til að afla viðbótaratkvæðisréttar (sem, ef hann er nýttur, myndi veita honum meirihluta atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í), eru tengdir skilmálar og skilyrði með þeim hætti að kauprétturinn telst ekki efnislegur.

Dæmi 10

Fjárfestir A og tveir aðrir fjárfestar eiga hver um sig þriðjung atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atvinnustarfsemi félagsins sem fjárfest er í tengist náið fjárfesti A. Auk eiginfjárgerninga á fjárfestir A skuldagerninga sem eru hvenær sem er breytanlegir í almenna hluti í félaginu sem fjárfest er í á föstu verði sem er í tapi (en ekki í umtalsverðu tapi). Ef skuldinni yrði breytt ætti fjárfestir A 60% atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í. Fjárfestir A myndi njóta hagræðis af samlegðaráhrifum ef skuldagerningunum yrði breytt í almenna hluti. Fjárfestir A hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í þar sem hann ræður yfir atkvæðisrétti félags sem fjárfest er í ásamt efnislegum mögulegum atkvæðisrétti sem veitir honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

Vald þegar atkvæðaréttur eða svipuð réttindi hafa ekki veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í

B51 Við mat á tilgangi og uppbyggingu félags sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8) skal fjárfestir taka til athugunar þátttöku og ákvarðanir við stofnun félagsins sem fjárfest er í sem hluta af gerð þess og leggja mat á það hvort viðskiptaskilmálar og einkenni þátttöku veita fjárfestinum réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Þátttaka í uppbyggingu félags sem fjárfest er í er ein og sér ekki næg til að veita fjárfesti yfirráð. Þátttaka í uppbyggingu getur gefið vísbendingu um að fjárfestirinn hafi haft tækifæri til að fá réttindi sem eru næg til að veita honum vald yfir félagi sem fjárfest er í.

B52 Auk þess skal fjárfestir taka til athugunar samningsbundið fyrirkomulag s.s. kauprétti, sölurétti og innlausnarréttindi sem komið er á við stofnun félagsins sem fjárfest er í. Feli slíkt samningsbundið fyrirkomulag í sér starfsemi sem er nátengd félaginu sem fjárfest er í er þessi starfsemi, efnislega, órjúfanlegur þáttur af heildarstarfsemi félagsins sem fjárfest er í, jafnvel þótt hún fari fram utan lagalegra marka félagsins sem fjárfest er í. Því skal telja beinan eða óbeinan ákvarðanatökurétt sem er greyptur í samningsbundið fyrirkomulag sem er nátengt félaginu sem fjárfest er í sem viðeigandi starfsemi þegar vald yfir félaginu sem fjárfest er í er ákvarðað.

B53 Að því er varðar sum félög sem fjárfest er í á viðeigandi starfsemi sér aðeins stað við sérstakar aðstæður eða sérstaka atburði. Félag sem fjárfest er í getur verið byggt upp með þeim hætti að stefna starfseminnar og ávöxtunin er fyrirfram ákveðin nema, og þar til, þessar sérstöku aðstæður eða sérstöku atburðir eiga sér stað. Í þessu tilviki

geta aðeins ákvarðanir um starfsemi félags sem fjárfest er í, þegar þessar aðstæður eða atburðir eiga sér stað, haft veruleg áhrif á ávöxtun þess og þar af leiðandi verið viðeigandi starfsemi. Aðstæðurnar eða atburðirnir þurfa ekki að hafa átt sér stað til þess að fjárfestir, sem getur tekið þessar ákvarðanir, hafi vald. Það að rétturinn til að taka ákvarðanir er háður því að aðstæður komi upp eða atburðir eigi sér stað gerir ekki í sjálfu sér þessi réttindi verndandi.

Dæmi um beitingu

Dæmi 11

Eina atvinnustarfsemi félags sem fjárfest er í, eins og tilgreint er í stofnskjölum þess, er að kaupa viðskiptakröfur og þjónusta þær daglega fyrir fjárfesta sína. Daglega þjónustan felur í sér innheimtu og áframsendingu höfuðstóls- og vaxtagreiðslna eftir því sem þær falla í gjalddaga. Falli viðskiptakrafa í vanskil flytur félagið sem fjárfest er í sjálfkrafa viðskiptakröfuna til fjárfestis eins og samið var um sérstaklega í sölusamningi milli fjárfestis og félags sem fjárfest er í. Eina viðeigandi starfsemin er stýring viðskiptakrafnanna við vanskil þar sem það er eina starfsemin sem getur haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Stýring viðskiptakrafna fyrir vanskil er ekki viðeigandi starfsemi þar sem hún þarfnast ekki þess að teknar séu efnislegar ákvarðanir sem gætu haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í—starfsemin fyrir vanskil er fyrirfram ákveðin og nær aðeins til þess að innheimta sjóðstreymi er það fellur í gjalddaga og flytja það áfram til fjárfesta. Þess vegna skal aðeins taka til athugunar rétt fjárfestis til að stýra eignum eftir að þær falla í vanskil þegar lagt er mat á heildarstarfsemi félagsins sem fjárfest er í sem getur haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Í þessu dæmi tryggir uppbygging félagsins sem fjárfest er í að fjárfestirinn hefur ákvarðanatökuvald varðandi starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtunina á eina tímanum sem slíks ákvarðanatökuvalds er krafist. Skilmálar sölusamningsins eru óaðskiljanlegur hluti heildarviðskiptanna og stofnsetningar félagsins sem fjárfest er í. Því leiða skilmálar sölusamningsins ásamt stofnskjölum félagsins sem fjárfest er í til þeirra niðurstöðu að fjárfestir hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í jafnvel þótt fjárfestirinn taki aðeins við eignarhaldi á viðskiptakröfunum við vanskil og stýri vanskilakröfunum utan lagalegra marka félagsins sem fjárfest er í.

Dæmi 12

Eina eign félags sem fjárfest er í eru viðskiptakröfur. Ef litið er á tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í er það ljóst að eina viðeigandi starfsemin er stýring viðskiptakrafna eftir að þær falla í vanskil. Aðilinn sem hefur getu til að stýra vanskilakröfunum hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í, án tillits til þess hvort einhver lántakanna eru í vanskilum.

B54 Fjárfestir getur haft beina eða óbeina skyldu til að tryggja að félag sem fjárfest er í haldi áfram rekstri eins og því var ætlað. Slík skuldbinding getur aukið áhættuna sem fjárfestir ber gagnvart breytileika ávöxtunar og þar með aukið hvata fjárfestisins til að fá nægileg réttindi til að hann öðlist vald. Því getur skuldbinding um að tryggja að félag sem fjárfest er í sé starfrækt með þeim hætti sem því var ætlað verið vísbending um að fjárfestirinn hafi vald, en veitir í sjálfu sér hvorki fjárfesti vald né kemur hún í veg fyrir að annar aðili hafi vald.

Áhætta gagnvart, eða réttindi til breytilegrar ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í

B55 Við mat á því hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ákvarðar fjárfestirinn hvort hann beri áhættu gagnvart, eða á rétt á, breytilegri ávöxtun af þátttöku sinni í félaginu sem fjárfest er í.

B56 Breytileg ávöxtun er ávöxtun sem er ekki föst og getur breyst vegna frammistöðu félags sem fjárfest er í. Breytileg ávöxtun getur aðeins verið jákvæð, aðeins neikvæð eða bæði jákvæð og neikvæð (sjá 15. lið). Fjárfestir metur hvort ávöxtun af félagi sem fjárfest er í sé breytileg og hversu breytileg þessi ávöxtun er á grundvelli eðlis fyrirkomulagsins og án tillits til lagalegs forms ávöxtunarinnar. Fjárfestir getur til dæmis átt skuldabréf sem ber fastar vaxtagreiðslur. Föstu vaxtagreiðslurnar eru breytileg ávöxtun að því er varðar þennan IFRS-staðal þar sem þær eru með fyrirvara um vanskilaáhættu og valda því að fjárfestir ber lánsáhættu vegna útgáfu skuldabréfsins. Fjárhæð breytileika (þ.e. hversu breytileg þessi ávöxtun er) er háð lánsáhættu skuldabréfsins. Með svipuðum hætti er föst árangurstengd þóknun fyrir stýringu eigna félags sem fjárfest er í breytileg ávöxtun þar sem þóknunin veldur því að fjárfestir ber áhættu gagnvart frammistöðu félagsins sem fjárfest er í. Fjárhæð breytileika er háð getu félagsins sem fjárfest er í til að skapa nægar tekjur til að greiða þóknunina.

B57 Dæmi um ávöxtun eru m.a.:

a) arður, önnur útgreiðsla efnahagslegs ávinnings af félagi sem fjárfest er í (þ.e. vextir af skuldabréfum gefin út af félagi sem fjárfest er í) og breytingar á virði fjárfestingar fjárfestis í félagi sem fjárfest er í,

b) þóknun fyrir að þjónusta eignir eða skuldir félags sem fjárfest er í, þóknanir og áhætta gagnvart tapi vegna veitingar lána- eða lausafjárstuðnings, eftirstæður hluti í eignum og skuldum þess við slit félags sem fjárfest er í, skattaívilnanir og aðgangur að lausafé í framtíðinni, sem fjárfestir hefur vegna þátttöku sinnar í félagi sem fjárfest er í,

c) ávöxtun sem er ekki aðgengileg öðrum hagsmunaaðilum. Til dæmis getur fjárfestir notað eignir sínar ásamt eignum félagsins sem fjárfest er í, s.s. með því að sameina rekstraraðgerðir til að ná fram stærðarhagkvæmni, kostnaðarlækkunum, finna vörur sem eru af skornum skammti, fá aðgengi að mikilvægri þekkingu eða takmarka starfsemi eða eignir, til að auka virði annarra eigna fjárfestisins.

Tengsl á milli valds og ávöxtunar

Framselt vald

B58 Þegar fjárfestir sem hefur ákvarðanatökurétt (ákvarðanataki) metur hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann ákvarða hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili. Fjárfestir skal einnig ákvarða hvort önnur eining sem hefur ákvarðanatökurétt komi fram sem umboðsaðili fjárfestisins. Umboðsaðili er aðili sem hefur það meginhlutverk að koma fram fyrir hönd og í þágu annars aðila eða annarra aðila (umbjóðanda eða umbjóðenda) og hefur því ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í þegar það beitir ákvarðanatökuvaldi sínu (sjá liði 17 og 18). Þar af leiðandi getur vald umbjóðanda og beiting þess verið í höndum umboðsaðila, en fyrir hönd umbjóðandans. Sá sem tekur ákvarðanir er ekki umboðsaðili einfaldlega vegna þess að aðrir aðilar geta haft hagræði af þeim ákvörðunum sem hann tekur.

B59 Fjárfestir getur framselt ákvarðanatökuvald sitt, að því er varðar tiltekin málefni eða alla viðeigandi starfsemi, til umboðsaðila. Þegar fjárfestir metur hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann fara með ákvarðanatökuréttinn, sem framseldur er umboðsaðila hans, eins og fjárfestirinn hafi sjálfur þennan rétt. Við aðstæður þar sem um fleiri en einn umbjóðanda er að ræða skal hver umbjóðandi meta hvort hann hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í að teknu tilliti til krafnanna í liðum B5–B54. Liðir B60–B72 veita leiðbeiningar um ákvörðun þess efnis hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili eða umbjóðandi.

B60 Við ákvörðun á því hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili skal sá aðili taka til athugunar heildartengsl á milli sín, félagsins sem fjárfest er í og verið er að stýra og annarra aðila sem taka þátt í félaginu sem fjárfest er í, einkum alla þættina sem nefndir eru hér á eftir:

a) umfang ákvarðanatökuvalds sem hann hefur yfir félaginu sem fjárfest er í (liðir B62 og B63),

b) réttindi annarra aðila (liðir B64–B67),

c) þóknanir sem hann á rétt á í samræmi við samninginn eða samningana um þóknun (sjá B68–B70),

d) áhættuna sem sá sem tekur ákvarðanir ber gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum sem það hefur í félagi sem fjárfest er í (liðir B71 og B72).

Beita skal mismunandi vægi á hvern þáttanna á grundvelli tiltekinna málsatvika og aðstæðna.

B61 Ákvörðun þess efnis hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili krefst mats á öllum þáttunum sem skráðir eru í lið B60 nema einn aðili sé handhafi efnislegra réttinda til að leysa þann sem tekur ákvarðanir frá störfum (réttindi varðandi lausn) og getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án ástæðu (sjá lið B65).

Umfang ákvarðanatökuvalds

B62 Umfang ákvarðanatökuvalds þess sem tekur ákvarðanir er metið að teknu tilliti til:

a) starfseminnar sem er leyfileg samkvæmt samningnum eða samningunum um ákvarðanatöku og tilgreind í lögum og

b) ákvörðunarfrelsi sem sá sem tekur ákvarðanir hefur þegar hann tekur ákvarðanir um þessa starfsemi.

B63 Sá sem tekur ákvarðanir skal taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í, áhættuna sem félagið sem fjárfest er í er ætlað að bera, áhættuna sem það var gert til að yfirfæra til þeirra aðila sem taka þátt og hvaða áhrif sá sem tekur ákvarðanir hefði við skipulagningu félags sem fjárfest er í. Ef sem dæmi sá sem tekur ákvarðanir tók verulegan þátt í uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í (þ.m.t. að ákvarða umfang ákvarðanatökuvalds) getur sú þátttaka verið vísbending um að sá sem tekur ákvarðanir hafi haft tækifæri til þess og hvata til að öðlast þau réttindi sem valda því að sá sem tekur ákvarðanir hafi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

Réttindi annarra aðila

B64 Efnisleg réttindi annarra aðila geta haft áhrif á getu þess sem tekur ákvarðanir til að stýra viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í. Efnisleg réttindi varðandi lausn eða önnur réttindi geta gefið til kynna að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili.

B65 Ef einn aðili hefur yfir efnislegum réttindum að ráða varðandi lausn og getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án ástæðu er það, eitt og sér, nægilegt til að komast að niðurstöðu um að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili. Ef fleiri en einn aðili hafa yfir slíkum réttindum að ráða (og enginn einn aðili getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án samþykkis annarra aðila) eru þessi réttindi, ein og sér, ekki afgerandi þáttur við ákvörðun um að sá sem tekur ákvarðanir komi aðallega fram fyrir hönd og í þágu annarra. Auk þess er það þannig að þeim mun fleiri aðilar sem þurfa að vinna saman til að neyta réttinda til að leysa aðila sem tekur ákvarðanir frá störfum og þeim mun meira umfang, og meiri breytileiki, í tengslum við aðra efnahagslega hagsmuni þess sem tekur ákvarðanir (þ.e. þóknanir og aðrir hagsmunir), þeim mun minna vægi skal sá þáttur hafa.

B66 Taka skal til athugunar efnisleg réttindi annarra aðila sem takmarka ákvörðunarfrelsi þess sem tekur ákvarðanir með svipuðum hætti og réttindi varðandi lausn þegar lagt er mat á það hvort sá sem tekur ákvarðanir er umboðsaðili. Sem dæmi er sá sem tekur ákvarðanir og sem er skyldugur til að fá samþykki lítils hluta annarra aðila vegna aðgerða venjulega umboðsaðili. (Sjá liði B22–B25 varðandi viðbótarleiðbeiningar um réttindi og hvort þau séu efnisleg.)

B67 Þegar réttindi annarra aðila eru tekin til athugunar skal það fela í sér mat á öllum þeim réttindum stjórnar félags sem fjárfest er í (eða annað stjórnvald) getur nýtt sér og áhrif þeirra á ákvarðanatökuyfirvaldið (sjá b-lið liðar B23).

Þóknanir

B68 Þeim mun meira sem umfang og breytileiki þóknana þess aðila sem tekur ákvarðanir er í hlutfalli við vænta ávöxtun af starfsemi félagsins sem fjárfest er í, þeim mun líklegra er að sá sem tekur ákvarðanir sé umbjóðandi.

B69 Þegar sá sem tekur ákvarðanir ákvarðar hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili skal sá aðili einnig taka til athugunar hvort eftirfarandi aðstæður séu fyrir hendi:

a) þóknun þess sem tekur ákvarðanir er í réttu hlutfalli við þá þjónustu sem veitt er,

b) að samningurinn um þóknun taki aðeins til skilmála, skilyrða eða fjárhæða sem er venjulega að finna í samningum á milli ótengdra aðila um sambærilega þjónustu og kunnáttu.

B70 Sá sem tekur ákvarðanir getur ekki verið umboðsaðili nema skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið liðar B69 séu uppfyllt. Þó þessi skilyrði séu uppfyllt hvert fyrir sig er það ekki nægilegt til að komast að niðurstöðu um að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili.

Áhætta gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum

B71 Sá sem tekur ákvarðanir sem hefur aðra hagsmuni í félagi sem fjárfest er í (þ.e. fjárfestingar í félaginu sem fjárfest er í eða veitir ábyrgðir að því er varðar árangur félagsins sem fjárfest er í) skal taka til athugunar áhættu sína gagnvart breytileika ávöxtunar af þessum hagsmunum við mat á því hvort hann er umboðsaðili. Eigi sá sem tekur ákvarðanir aðra hagsmuni í félagi sem fjárfest er í gefur það til kynna að hann geti verið umbjóðandi.

B72 Við mat á áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum í félagi sem fjárfest er í skal sá sem tekur ákvarðanir taka eftirfarandi til athugunar:

a) þeim mun meira sem umfang og breytileiki efnahagslegra hagsmuna hans er, að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna samtals, þeim mun líklegra er að sá sem tekur ákvarðanir sé umbjóðandi,

b) hvort áhætta hans gagnvart breytileika ávöxtunar sé önnur en áhætta annarra fjárfesta og, ef svo er, hvort það gæti haft áhrif á aðgerðir hans. Það getur til dæmis verið svo ef sá sem tekur ákvarðanir á víkjandi hagsmuna að gæta í félagi sem fjárfest er í eða endurbætir lánshæfi þess með öðrum hætti.

Sá sem tekur ákvarðanir skal leggja mat á áhættu sína með tilliti til heildarbreytileika ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í. Þetta mat fer að mestu fram á grundvelli væntrar ávöxtunar af starfsemi félagsins sem fjárfest er í en þó skal ekki líta framhjá hámarksáhættu þess sem tekur ákvarðanir gagnvart breytileika ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í vegna annarra hagsmuna sem sá sem tekur ákvarðanir hefur að gæta.

Dæmi um beitingu

Dæmi 13

Sá sem tekur ákvarðanir (sjóðsstjóri) stofnar, markaðssetur og stýrir sjóði, sem skráður er á almennan markað og lýtur eftirliti samkvæmt þröngt skilgreindum mörkum sem sett eru fram í umboðinu til fjárfestinga eins og krafist er í landslögum hans og reglugerðum. Sjóðurinn var markaðssettur fyrir fjárfesta sem fjárfesting í dreifðu safni hlutabréfatengdra verðbréfa eininga sem skráðar eru á almennan markað. Sjóðsstjórinn hefur, innan skilgreindra marka, ákvarðanafrelsi varðandi eignir sem fyrirhugað er að fjárfesta í. Sjóðsstjórinn hefur framkvæmt 10% hlutfallslega fjárfestingu í sjóðnum og fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, sem er jafngild 1% af verðmæti hreinnar eignar sjóðsins. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Sjóðsstjóranum ber engin skylda til að fjármagna tap sem er umfram 10% af fjárfestingu. Sjóðurinn er ekki skyldugur til að koma á fót, og hefur ekki komið á fót, óháðri stjórn. Fjárfestarnir eiga engin efnisleg réttindi sem myndu hafa áhrif á ákvarðanatökuvald sjóðsstjórans, en þeir geta innleyst hagsmuni sína innan tiltekinna marka sem sjóðurinn mælir fyrir um.

Þrátt fyrir að starfað sé innan þeirra marka sem sett eru fram í umboðinu til fjárfestinga og í samræmi við kröfur samkvæmt reglum hefur sjóðsstjórinn ákvarðanatökurétt sem veitir honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi sjóðsins—fjárfestarnir hafa ekki efnisleg réttindi sem gætu haft áhrif á ákvarðanatökuvald sjóðsstjórans. Sjóðsstjórinn fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, í réttu hlutfalli við veitta þjónustu, og hefur einnig fjárfest hlutfallslega í sjóðnum. Þóknun og fjárfesting sjóðsstjórans veldur því að hann ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins án þess að valda áhættu sem er af slíku umfangi að hún gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Í þessu dæmi er tekið tillit til áhættu sjóðsstjórans gagnvart breytileika ávöxtunar af sjóðnum auk ákvarðanatökuvalds hans innan takmarkaðra marka og gefur það til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 14

Aðili sem tekur ákvarðanir kemur á fót, markaðssetur og stýrir sjóði sem veitir fjölda fjárfesta fjárfestingatækifæri. Sá sem tekur ákvarðanir (sjóðsstjóri) skal taka ákvarðanir í þágu allra fjárfesta og í samræmi við gildandi samninga sjóðsins. Sjóðsstjórinn hefur samt sem áður víðtækt ákvarðanatökufrelsi. Sjóðsstjórinn fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína sem jafngildir 1% af eignum í stýringu og 20% af öllum hagnaði sjóðsins ef tilteknum hagnaði er náð. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu.

Þrátt fyrir að hann verði að taka ákvarðanir með hagsmuni allra fjárfesta í huga hefur sjóðsstjórinn víðtækt ákvarðanatökuvald til að stýra viðeigandi starfsemi sjóðsins. Sjóðsstjórinn fær greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Auk þess samræmir þóknunin hagsmuni sjóðsstjórans við hagsmuni hinna fjárfestanna með það í huga að auka virði sjóðsins, án þess að skapa áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins sem er slík að umfangi að þóknunin, þegar hún er tekin til athugunar ein og sér, gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Ofangreint mynstur málsatvika og greining gildir um dæmi 14A–14C sem er lýst hér á eftir. Hvert dæmi er tekið til athugunar eitt og sér.

Dæmi 14A

Sjóðsstjórinn á einnig 2% fjárfestingu í sjóðnum sem samræmir hagsmuni hans við hagsmuni annarra fjárfesta. Sjóðsstjóranum ber engin skylda til að fjármagna tap sem er umfram 2% af fjárfestingu. Fjárfestarnir geta leyst sjóðsstjórann frá störfum með einföldum meirihluta atkvæða, en aðeins ef hann brýtur gegn samningi.

Fjárfesting sjóðsstjórans upp á 2% eykur áhættu hans gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins án þess að valda áhættu sem er af slíku umfangi að hún gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Réttindi annarra fjárfesta til að leysa sjóðsstjórann frá störfum teljast vera verndarréttindi þar sem aðeins er hægt að neyta þeirra ef brotið er gegn samningi. Í þessu dæmi gefur áhætta sjóðsstjórans til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili, þrátt fyrir að sjóðsstjórinn hafi víðtækt ákvarðanatökuvald og beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af hagsmunum sínum og þóknun. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 14B

Sjóðsstjórinn á hlutfallslega meiri fjárfestingu í sjóðnum, en honum ber engin skylda til að fjármagna tap umfram þá fjárfestingu. Fjárfestarnir geta leyst sjóðsstjórann frá störfum með einföldum meirihluta atkvæða, en aðeins ef hann brýtur gegn samningi.

Í þessu dæmi teljast réttindi annarra fjárfesta til að leysa sjóðsstjórann frá störfum vera verndarréttindi þar sem aðeins er hægt að neyta þeirra ef brotið er gegn samningi. Þrátt fyrir að sjóðsstjórinn fái greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu gæti samsetning fjárfestingar sjóðsstjórans og þóknunar hans valdið áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins, sem er slík að umfangi að hún gefur til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Þeim mun meira sem umfang og breytileiki efnahagslegra hagsmuna sjóðsstjórans er (að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna samanlagt) þeim mun meiri áherslu leggur sjóðsstjórinn á þessa efnahagslegu hagsmuni í greiningunni og þeim mun líklegra er að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Til dæmis gæti sjóðsstjórinn, að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna, álitið að 20% fjárfesting væri næg til að komast að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir sjóðnum. Við aðrar aðstæður (t.d. ef þóknun eða aðrir þættir eru með öðrum hætti) geta yfirráð samt sem áður myndast ef umfang fjárfestingar er annað.

Dæmi 14C

Sjóðsstjórinn á 20% hlutfallslega fjárfestingu í sjóðnum en honum ber engin skylda til að fjármagna tap umfram 20% fjárfestingarinnar. Sjóðurinn hefur stjórn og allir meðlimir hennar eru óháðir sjóðsstjóranum og eru tilnefndir af hinum fjárfestunum. Stjórnin tilnefnir sjóðsstjórann árlega. Hafi stjórnin ákveðið að endurnýja ekki samning sjóðsstjórans geta aðrir framkvæmdastjórar innan geirans framkvæmt þjónustuna sem sjóðsstjórinn veitir.

Þrátt fyrir að sjóðsstjórinn fái greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu gæti samsetning 20% fjárfestingar sjóðsstjórans og þóknunar hans valdið áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins, sem er slík að umfangi að hún gefur til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Fjárfestarnir hafa þó efnisleg réttindi til að leysa sjóðsstjórann frá störfum—stjórnin kemur á fyrirkomulagi sem tryggir að fjárfestarnir geti leyst sjóðsstjórann frá störfum ef þeir ákveða að gera það.

Í þessu dæmi leggur sjóðsstjórinn meiri áherslu á efnislegu réttindin varðandi lausn í greiningunni. Þannig gefa efnisleg réttindi annarra fjárfesta til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili, þrátt fyrir að sjóðsstjórinn hafi víðtækt ákvarðanatökuvald og beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar sjóðsins af þóknun sinni og fjárfestingu. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 15

Félag sem fjárfest er í er stofnað til að kaupa eignasafn eignavarinna verðbréfa með föstum vöxtum, fjármögnuðum með skuldagerningum á föstum vöxtum og eiginfjárgerningum. Eiginfjárgerningarnir eru hannaðir til að veita skuldafjárfestunum vernd, sem er ætluð síðasta kröfuhafanum í kröfuröðinni, og taka við allri viðbótarávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Viðskiptin voru markaðssett fyrir mögulega skuldafjárfesta sem fjárfesting í safni eignavarinna verðbréfa sem bera lánsáhættu í tengslum við möguleg vanskil útgefenda eignavörðu verðbréfanna í eignasafninu og vaxtaáhættu í tengslum við stýringu eignasafnsins. Við stofnun eru eiginfjárgerningarnir 10% af virði keyptra eigna. Aðili sem tekur ákvarðanir (forstöðumaður eigna) stýrir virka eignasafninu með því að taka fjárfestingarákvarðanir innan þeirra marka sem sett eru fram í lýsingu félagsins sem fjárfest er í. Fyrir þá þjónustu fær forstöðumaður eigna fasta markaðstengda þóknun (þ.e. 1% af eignum í stýringu) og árangurstengda þóknun (þ.e. 10% af hagnaði) ef hagnaður félagsins sem fjárfest er í fer yfir tilgreind mörk. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Forstöðumaður eigna á 35% eigin fjár félagsins sem fjárfest er í.

Þau 65% eigin fjár sem eftir standa og allir skuldagerningarnir eru í eigu fjölda vel dreifðra ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar. Leysa má forstöðumann eigna frá störfum, án ástæðu, með ákvörðun annarra fjárfesta sem tekin er með einföldum meirihluta.

Forstöðumaður eigna fær greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Þóknunin samræmir hagsmuni sjóðsstjórans við hagsmuni annarra fjárfesta þess efnis að auka virði sjóðsins. Forstöðumaður eigna ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins þar sem hann er handhafi 35% af eigin fé hans, og af þóknun sinni.

Þrátt fyrir að starfað sé innan þeirra marka sem sett eru fram í útboðslýsingu félagsins sem fjárfest er í hefur forstöðumaður eigna núverandi getu til að taka fjárfestingarákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í— réttindi annarra fjárfesta varðandi lausn hafa lítið vægi í greiningunni þar sem þau réttindi eru á hendi fjölda ýmissa dreifðra fjárfesta. Í þessu dæmi leggur forstöðumaður eigna meiri áherslu á áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar sjóðsins af eignarhlutdeild sinni, sem víkja fyrir skuldagerningunum. Eignarhald á 35% eigin fjár skapar undirliggjandi áhættu gagnvart tapi og réttindum varðandi ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, sem hefur það mikið vægi að það gefur til kynna að forstöðumaður eigna sé umbjóðandi. Þar af leiðandi kemst forstöðumaður eigna að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Dæmi 16

Aðili sem tekur ákvarðanir (umsýsluaðili) hefur umsjón með miðlunarsjóði margra seljenda, sem gefur út skuldagerninga til skamms tíma til ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar. Viðskiptin voru markaðssett fyrir mögulega fjárfesta sem fjárfesting í safni hátt metinna eigna til meðallangs tíma sem bera lágmarks útlánaáhættu í tengslum við möguleg vanskil útgefenda eigna í eignasafninu. Ýmsir framseljendur selja miðlunarsjóðnum hágæða eignasöfn til meðallangs tíma. Hver framseljandi þjónustar eignasafnið sem hann selur miðlunarsjóðnum og stýrir vanskilakröfum fyrir markaðstengda umsýsluþóknun. Hver framseljandi veitir einnig síðasta kröfuhafanum í kröfuröðinni vörn gegn tapi á eignasafni sínu með yfirveðsetningu eigna sem færðar eru í miðlunarsjóðinn. Umsýsluaðilinn setur skilmála fyrir miðlunarsjóðinn og stýrir starfsemi hans fyrir markaðstengda þóknun. Þóknunin er í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Umsýsluaðilinn samþykkir þá seljendur sem fá leyfi til að selja miðlunarsjóðnum, samþykkir eignirnar sem miðlunarsjóðurinn kaupir og tekur ákvarðanir um fjármögnun miðlunarsjóðsins. Umsýsluaðilinn starfar með hagsmuni allra fjárfestanna í huga.

Umsýsluaðilinn á rétt á allri viðbótarávöxtun miðlunarsjóðsins og bætir einnig lánshæfi hans og veitir honum lausafjárfyrirgreiðslu. Endurbót á lánshæfi sem umsýsluaðilinn veitir stendur undir fyrsta tapi, sem er allt að 5% af öllum eignum miðlunarsjóðsins, eftir að framseljendurnir hafa tekið á sig tap. Lausafjárfyrirgreiðsla er ekki nýtt á móti vanskilaeignum. Fjárfestarnir eiga ekki efnisleg réttindi sem gætu haft áhrif á ákvarðanatökuvald umsýsluaðilans.

Þrátt fyrir að umsýsluaðilinn fái greidda markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, sem er í réttu hlutfalli við veitta þjónustu, ber umsýsluaðilinn áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi miðlunarsjóðsins vegna þess að hann á rétt á allri viðbótarávöxtun miðlunarsjóðsins og gagnvart bætingu lánshæfis og lausafjárfyrirgreiðslu (þ.e. miðlunarsjóðurinn ber áhættu gagnvart lausafjáráhættu með því að nota skammtímaskuldagerninga til að fjármagna eignir til meðallangs tíma). Þrátt fyrir að hver framseljandi hafi ákvarðanatökuréttindi sem hafa áhrif á virði eigna miðlunarsjóðsins hefur umsýsluaðilinn víðtækt ákvarðanatökuvald sem veitir honum núverandi réttindi til að stýra þeirri starfsemi sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun miðlunarsjóðsins (þ.e. umsýsluaðilinn setti fram skilmála miðlunarsjóðsins, hefur rétt til að taka ákvarðanir um eignirnar (samþykkja keyptar eignir og framseljendur þessara eigna) og fjármögnun miðlunarsjóðsins (en nauðsynlegt er að fá inn nýja fjárfestingu með reglulegu millibili)). Rétturinn til viðbótarávöxtunar miðlunarsjóðsins og bæting lánshæfis og veiting lausafjárfyrirgreiðslu veldur því að umsýsluaðilinn ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi miðlunarsjóðsins sem er frábrugðin áhættu annarra fjárfesta. Til samræmis við það gefur áhættan til kynna að umsýsluaðilinn sé umbjóðandi og þar af leiðandi kemst umsýsluaðilinn að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir miðlunarsjóðnum. Skylda umsýsluaðilans til að starfa í þágu allra fjárfesta kemur ekki í veg fyrir að umsýsluaðilinn sé umbjóðandi.

Tengsl við aðra aðila

B73 Við mat á yfirráðum skal fjárfestir taka til athugunar með hvaða hætti hann tengist öðrum aðilum og hvort þessir aðilar komi fram fyrir hönd fjárfestisins (þ.e. hvort þeir séu „umboðsaðilar í reynd“). Ákvörðun á því hvort aðilar komi fram sem umboðsaðilar í reynd krefst mats, þar sem ekki eingöngu er tekið tillit til eðlis tengslanna heldur einnig til samspils þessara aðila hver við annan og við fjárfestinn.

B74 Slík tengsl þurfa ekki að fela í sér samningsbundið fyrirkomulag. Aðili er umboðsaðili í reynd ef fjárfestirinn, eða þeir sem stýra starfsemi fjárfestisins, geta stýrt þeim aðila til að starfa fyrir hönd fjárfestisins. Við þessar aðstæður skal fjárfestirinn taka til athugunar ákvarðanatökurétt þess sem er umboðsaðili hans í reynd og óbeina áhættu sem fjárfestirinn ber gagnvart breytileika ávöxtunar, eða rétti til ávöxtunar, fyrir milligöngu umboðsaðilans í reynd, ásamt sínum eigin rétti og áhættu, þegar lagt er mat á yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í.

B75 Eftirfarandi eru dæmi um aðra slíka aðila sem, vegna þess með hvaða hætti tengsl þeirra eru, gætu komið fram sem umboðsaðilar fjárfestisins í reynd:

a) aðilar tengdir fjárfestinum,

b) aðili sem hefur fengið hagsmuni sína í félaginu sem fjárfest er í sem framlag eða lán frá fjárfestinum,

c) aðili sem hefur samþykkt hvorki að selja, yfirfæra né leggja kvaðir á hagsmuni sína í félaginu sem fjárfest er í án fyrirframsamþykkis fjárfestisins (nema við aðstæður þar sem fjárfestirinn og hinn aðilinn hafa réttindi til að fyrirframsamþykkja og réttindin eru á grundvelli skilmála sem viljugir óháðir aðilar hafa samþykkt),

d) aðili sem getur ekki fjármagnað starfsemi sína án víkjandi fjárstuðnings frá fjárfestinum,

e) félag sem fjárfest er í ef meirihluti aðila í stjórn þess eða lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum eru þeir sömu og hjá fjárfestinum,

f) aðili sem á náin viðskiptatengsl við fjárfestinn, svo sem tengsl á milli veitanda sérfræðiþjónustu og mikilvægs viðskiptavinar hans.

Yfirráð yfir tilteknum eignum

B76 Fjárfestir skal taka til athugunar hvort hann fari með hluta félags sem fjárfest er í sem einingu sem álitin er aðskilin og, ef svo er, hvort hann hafi yfirráð yfir einingunni sem álitin er aðskilin.

B77 Fjárfestir skal meðhöndla hluta félags sem fjárfest er í sem einingu sem álitin er aðskilin og einungis að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Greiðslur vegna tilgreindra skulda koma einungis frá tilgreindum eignum félagsins sem fjárfest er í (og bættu lánshæfi sem tengist því, ef um það er að ræða), eða öðrum tilgreindum hagsmunum í félaginu sem fjárfest er í. Aðrir aðilar en þeir sem eiga tilgreindar skuldir eiga ekki réttindi eða skyldur sem tengjast tilgreindu eignunum eða eftirstandandi sjóðstreymi frá þessum eignum. Í raun er eftirstandandi félagi sem fjárfest er í ekki heimilt að nota hagnað frá tilgreindu eignunum, og ekki má greiða skuldir einingarinnar sem álitin er aðskilin með eignum eftirstandandi félagsins sem fjárfest er í. Því eru í raun allar eignir, skuldir og eigið fé einingarinnar sem álitin er aðskilin, algerlega aðskildar frá aðalfélaginu sem fjárfest er í. Þessar einingar sem álitnar eru aðskildar eru oft nefndar „síló.“

B78 Að uppfylltum skilyrðunum í lið B77, skal fjárfestir auðkenna starfsemina, sem hefur veruleg áhrif á hagnað einingarinnar sem álitin er aðskilin, og hvernig starfseminni er stýrt í því skyni að meta hvort hann hefur vald yfir þeim hluta í félaginu sem fjárfest er í. Þegar fjárfestirinn leggur mat á yfirráð yfir einingu sem álitin er aðskilin, skal hann einnig taka til athugunar hvort að þátttaka hans, í einingunni sem álitin er aðskilin, beri áhættu eða rétt til að njóta breytilegrar ávöxtunar og hvort hann geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni.

B79 Hafi fjárfestirinn yfirráð yfir einingunni sem álitin er aðskilin skal hann gera samstæðu úr þeim hlut félagsins sem fjárfest er í. Í því tilviki skulu aðrir aðilar undanskilja þann hluta félagsins sem fjárfest er í, þegar þeir leggja mat á yfirráðin yfir og við gerð samstæðu úr félaginu sem fjárfest er í.

Símat

B80 Fjárfestir skal endurmeta hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef málavextir og aðstæður gefa til kynna breytingar á einum eða fleiri af þeim þremur þáttum yfirráða, sem tilgreind eru í 7. lið.

B81 Verði breyting á því hvernig farið er með vald yfir félagi sem fjárfest er í, skal breytingin endurspeglast í því hvernig fjárfestir metur vald sitt yfir félagi sem fjárfest er í. Sem dæmi geta breytingar á ákvarðanatökuréttinum þýtt að viðkomandi starfsemi sé ekki lengur stýrt fyrir milligöngu atkvæðisréttar, heldur veitir annað samkomulag, t.d. samningar, öðrum aðila eða aðilum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

B82 Atburður getur orðið til þess að fjárfestir öðlast eða missir vald yfir félagi sem fjárfest er í án þess að fjárfestirinn taki þátt í þeim atburði. Til dæmis getur fjárfestir öðlast vald yfir félagi sem fjárfest er í vegna þess að ákvarðanatökuréttur annarra aðila, eins eða fleiri, sem áður komu í veg fyrir yfirráð fjárfestisins yfir félaginu sem fjárfest er í, er fallinn úr gildi.

B83 Fjárfestir skal einnig taka til athugunar breytingar, sem hafa áhrif á áhættuna sem hann ber eða réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar, sem tengjast þátttöku hans í félagi sem fjárfest er í. Til dæmis getur fjárfestir sem hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í misst yfirráðin yfir félaginu sem fjárfest er í, eigi hann ekki lengur rétt á hagnaði eða að hann beri ekki lengur áhættu gagnvart skuldbindingum, því þá uppfyllir fjárfestirinn ekki lengur ákvæði b-liðar 7. liðar (t.d. ef samningi um móttöku frammistöðutengdrar þóknunar er slitið).

B84 Fjárfestir skal taka til athugunar hvort mat hans á því hvort hann sé í hlutverki umboðsaðila eða umbjóðanda hafi breyst. Breytingar á heildartengslum á milli fjárfestisins og annarra aðila geta haft í för með sér að fjárfestirinn verði ekki lengur í hlutverki umboðsaðila, þrátt fyrir að hafa áður verið umboðsaðili og öfugt. Til dæmis þegar breytingar verða á réttindum fjárfestisins, eða annarra aðila, skal fjárfestirinn endurmeta stöðu sína sem umbjóðandi eða umboðsaðili.

B85 Upphaflegt mat fjárfestis á yfirráðum eða stöðu sinni sem umboðsaðili eða umbjóðandi breytist ekki einfaldlega vegna þess að breytingar verða á markaðsaðstæðum (t.d. breytingar á hagnaði félagsins sem fjárfest er í sem eru til komnar vegna markaðsaðstæðna), nema að breytingarnar á markaðsaðstæðunum breyti einum eða fleiri þeirra þriggja þátta yfirráða sem taldir eru upp í 7. mgr., eða verði til þess að heildartengslin á milli umbjóðanda og umboðsaðila breytist.

REIKNINGSSKILAKRÖFUR

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

B86 Samstæðureikningsskil:

a) draga saman eigna-, skulda-, eigin fjár-, tekju-, gjalda- og sjóðstreymisliði móðurfélags við sambærilega liði dótturfélaga þess,

b) jafna saman (fellir niður) bókfært verð fjárfestingar móðurfélagsins í sérhverju dótturfélagi á móti hlut móðurfélagsins í eigin fé sérhvers dótturfélags (sjá IFRS-staðal 3 þar sem meðferð allrar tengdrar viðskiptavildar er lýst),

c) fella niður að fullu eignir og skuldir innan samstæðu, eigið fé, tekjur, gjöld og sjóðstreymi sem tengjast viðskiptum á milli eininga samstæðunnar (hagnaður eða tap af viðskiptum innan samstæðu, sem er fært í eignum, s.s. birgðum og fastafjármunum, er fellt niður að fullu). Tap innan samstæðu getur bent til virðisrýrnunar sem nauðsynlegt er að færa í samstæðureikningsskil. IAS-staðall 12, *tekjuskattar* gildir um tímabundinn mismun sem stafar af brottfellingu hagnaðar og taps sem rekja má til viðskipta innan samstæðu.

Samræmdar reikningsskilaaðferðir

B87 Ef eining í samstæðunni notar aðrar reikningsskilaaðferðir, en þær sem notaðar eru í samstæðureikningsskilunum, fyrir sambærileg viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður eru gerðar viðeigandi leiðréttingar á reikningsskilum hennar þegar þau eru notuð við gerð samstæðureikningsskilanna, til að tryggja samræmi við reikningsskilastefnu samstæðunnar.

Mat

B88 Eining skal telja með tekjur og gjöld dótturfélags í samstæðureikningsskilunum frá þeim degi sem hún öðlast yfirráð fram að þeim degi sem einingin hættir að hafa yfirráð yfir félaginu. Tekjur og gjöld dótturfélagsins eru byggð á fjárhæðum eigna og skulda sem færð eru í samstæðureikningsskil á yfirtökudegi. Kostnaður við afskriftir, sem er færður í yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar eftir yfirtökudag, skal t.d. byggjast á gangvirði tengdu afskrifanlegu eignarinnar sem er fært í samstæðureikningsskil á yfirtökudegi.

Mögulegur atkvæðisréttur

B89 Þegar mögulegur atkvæðisréttur, eða aðrar afleiður sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt eru til staðar, skal hlutfall hagnaðar eða taps og eiginfjárhreyfinga sem skipt er á móðurfélagið og hlutar sem ekki er ráðandi í samstæðureikningsskilum, einvörðungu ákvarðað á grundvelli núverandi eignarhluta og það endurspeglar ekki hugsanlega nýtingu eða breytingu mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðna, nema ákvæði liðar 90B gildi.

B90 Við ákveðnar aðstæður hefur eining í raun og veru núverandi eignarhluta sem leiðir af viðskiptum, sem veitir einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta. Þegar svo háttar til skal hlutinn, sem ráðstafað er til móðurfélagsins og hlutar sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum, ákvarðaðir með tilliti til endanlegrar beitingar mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiða sem veita einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum.

B91 IFRS-staðall 9 gildir ekki um hagsmuni í dótturfélögum sem eru samsteypt. Þegar gerningar sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt veita eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta í dótturfélagi, falla gerningarnir ekki undir kröfur IFRS-staðals 9. Í öllum öðrum tilvikum skal færa gerninga sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt í dótturfélagi í samræmi við IFRS-staðal 9.

Reikningsskiladagur

B92 Reikningsskil móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem eru notuð við gerð samstæðureikningsskilanna, skulu hafa sama reikningsskiladag. Þegar lok reikningsskilatímabils móðurfélagsins og dótturfélags eru ekki þau sömu, gerir dótturfélagið viðbótarreikningsskil vegna samstæðureikningsskilanna, miðað við reikningsskiladag móðurfélagsins, til að móðurfélagið geti skráð fjárhagsupplýsingar dótturfélagsins í samstæðureikningsskilin, nema það sé ógerlegt.

B93 Ef það er ógerlegt, skal móðurfélagið taka fjárhagsupplýsingar dótturfélagsins í samstæðureikningsskil miðað við nýjustu reikningsskil dótturfélagsins sem leiðrétt eru með tilliti til áhrifa af verulegum viðskiptum eða atburðum sem verða á milli þessara reikningsskila og dags samstæðureikningsskilanna. Tímabilið á milli reikningsskiladags dótturfélagsins og dags samstæðureikningsskilanna skal ekki vera lengra en þrír mánuðir og lengd reikningsskilatímabilanna og mismunurinn á tímabilinu á milli reikningsskiladaganna skal vera það sama frá tímabili til tímabils.

Hlutir, sem ekki eru ráðandi

B94 Eining skal færa hagnað eða tap og hvern þátt annarrar heildarafkomu á eigendur móðurfélagsins og eigendur hluta sem ekki eru ráðandi. Einingin skal einnig færa samanlagða heildarafkomu á eigendur móðurfélagsins og á hluta sem ekki eru ráðandi, jafnvel þótt það leiði til þess að halli verði á hlutanum sem ekki er ráðandi.

B95 Ef í dótturfélagi eru útistandandi forgangshlutir með uppsafnanlegan arðgreiðslurétt sem eru í eigu hluta sem ekki eru ráðandi og flokkaðir sem eigið fé, reiknar einingin hlutdeild sína í hagnaði eða tapi, eftir að tekið hefur verið tillit til arðs af slíkum hlutum, óháð því hvort tilkynnt hefur verið um arðgreiðslur.

Breytingar á hlutum sem eru í eigu hluta sem ekki eru ráðandi

B96 Verði breyting á hlutfalli eiginfjár þess hluta sem ekki er ráðandi skal eining leiðrétta bókfært verð ráðandi hlutar og hlutar sem ekki er ráðandi til að endurspegla breytingar á hlutfallslegum hagsmunum hennar í dótturfélaginu. Einingin skal færa mismun á fjárhæðinni sem sett er á hlut sem ekki er ráðandi og gangvirði greiðslu, sem er greidd eða móttekin, beint sem eigið fé og skrá á eigendur móðurfélagsins.

Tap á yfirráðum

B97 Móðurfélag getur tapað yfirráðum yfir dótturfélagi í tveimur eða fleiri samningum (viðskiptum). Hinsvegar eru kringumstæður stundum þannig að fara ætti með marga samninga sem ein viðskipti. Þegar ákveðið er hvort samningarnir skuli færðir sem ein viðskipti skal móðurfélagið taka tillit til allra skilmála og skilyrða samninganna og efnahagslegra áhrifa þeirra. Eitt eða fleiri eftirfarandi atriða geta bent til þess að móðurfélagið skuli færa marga samninga sem ein viðskipti:

a) þeir eru gerðir samtímis eða þess vænst að einn leiði af öðrum,

b) þeir mynda ein viðskipti sem er ætlað að ná fram heildarviðskiptaáhrifum,

c) það að einn samningur sé gerður er háð því að a.m.k. einn annar samningur sé gerður,

d) ekki er hægt að réttlæta stakan samning efnahagslega en sé hann settur í samhengi við aðra samninga gegnir öðru máli. Dæmi um þetta er þegar hlutabréf eru seld undir markaðsverði og sú sala jöfnuð út síðar með sölu bréfa yfir markaðsverði.

B98 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal það:

a) afskrá:

i. eignir (þ.m.t. viðskiptavild) og skuldir dótturfélagsins á bókfærðu verði dagsins sem yfirráðin töpuðust og

ii. bókfært verð allra hluta sem ekki eru ráðandi í fyrrnefndu dótturfélagi daginn sem yfirráðin tapast (þ.m.t. allir þættir annarrar heildarafkomu sem tilheyra því),

b) færa:

i. gangvirði móttekins endurgjalds, ef eitthvert hefur verið, vegna viðskiptanna, atburðarins eða aðstæðnanna sem leiddu til taps á yfirráðum,

ii. ef viðskiptin, atburðurinn eða aðstæðurnar sem leiddu til taps á yfirráðum, fela í sér úthlutun hlutabréfa dótturfélagsins til eigenda, í krafti þess að þeir eru eigendur, þá úthlutun, og

iii. hverja þá fjárfestingu sem haldið er í fyrrnefndu dótturfélagi á gangvirði dagsins sem yfirráðin töpuðust,

c) endurflokka fjárhæðir, sem færðar eru í aðra heildarafkomu í rekstrarreikning í tengslum við dótturfélagið á þeim grundvelli sem greint er frá í lið B99, eða yfirfæra þær beint í óráðstafað eigið fé ef gerð er krafa um það í öðrum IFRS-stöðlum,

d) færa hvern þann mismun sem hlýst af sem ágóða eða tap í rekstrarreikning móðurfélagsins.

B99 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal móðurfélagið gera grein fyrir öllum fjárhæðum sem færðar eru í aðra heildarafkomu í tengslum við það dótturfélag á sama grundvelli og krafist væri ef móðurfélagið hefði ráðstafað beint tengdum eignum eða skuldum. Ef ágóði eða tap, sem áður var fært í aðrar heildartekjur, er endurflokkað og fært í rekstrarreikning við ráðstöfun tengdra eigna og skulda, ber móðurfélaginu af þeim sökum að endurflokka ágóðann eða tapið úr eigin fé og í rekstrarreikning (endurflokkunarleiðrétting) þegar það tapar yfirráðunum yfir dótturfélaginu. Eins yfirfærir móðurfélagið endurmatsreikninginn beint í óráðstafað eigið fé, þegar það tapar yfirráðum yfir dótturfélaginu, ef endurmatsreikningur, sem áður var færður í aðrar heildartekjur, er færður beint í óráðstafað eigið fé þegar eigninni er ráðstafað.

Viðbætir C

Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011).

AÐLÖGUN

C2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* nema að því leyti sem tilgreint er í liðum C3–C6.

C3 Við upphaflega beitingu þessa IFRS-staðals er ekki gerð krafa um að eining geri breytingar á reikningsskilum vegna þátttöku sinnar í annað hvort:

a) einingum sem áður voru hluti af samstæðu í samræmi við IAS-staðal 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* og SIC-túlkun 12, *samstæðureikningsskil – rekstrareiningar um sérverkefni,* og skulu í samræmi við þennan IFRS-staðal halda áfram að mynda samstæðu eða

b) einingum sem mynduðu ekki samstæðu áður, í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-túlkun 12, og í samræmi við þennan IFRS-staðal, skulu ekki mynda samstæðu áfram.

C4 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar á þessum IFRS-staðli, að gera samstæðu úr félagi sem fjárfest var í, sem myndaði ekki samstæðu samkvæmt IAS-staðli 27 og SIC-túlkun 12, skal hann:

a) ef félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, eins og ef það félag sem fjárfesta á í myndar samstæðu (og hafi þannig fært yfirtökuna í samræmi við IFRS-staðal 3) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli,

b) ef félagið sem fjárfest er í, er ekki fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfest er í, myndaði samstæðu (með beitingu yfirtökuaðferðarinnar sem lýst er í IFRS-staðli 3, án þess að færa viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli. Allan mismun á milli fjárhæð eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi og fyrra bókfærðs verðs hlutdeildar fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í skal færa sem samsvarandi leiðréttingu á upphafsstöðu eign fjár,

c) ef ekki er hægt að framkvæma mat á eignum, skuldum og hlut sem ekki er ráðandi í samræmi við a- eða b-lið (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn:

i. þegar félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki, beita kröfunum í IFRS-staðli 3. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita IFRS-staðli 3, sem getur verið yfirstandandi tímabil,

ii. þegar félagið sem fjárfest er í er ekki fyrirtæki, skal beita yfirtökuaðferðinni sem lýst er í IFRS-staðli 3, án þess að viðurkenna viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

Fjárfestirinn skal færa mismuninn á milli fjárhæðar eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, á þeim degi sem álitin er kaupdagur og allar áður færðar fjárhæðir vegna þátttöku hans, sem leiðréttingu á eigin fé fyrir tímabilið. Til viðbótar skal fjárfestirinn leggja fram samanburðarupplýsingar og upplýsingar í samræmi við IAS-staðal 8.

C5 Ákveði fjárfestir á degi upphaflegrar beitingar á þessum IFRS-staðli að gera ekki samstæðu úr félagi sem fjárfest var í, sem áður myndaði samstæðu samkvæmt IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2008) og SIC-túlkun 12, skal fjárfestirinn meta eftirstæða hagsmuni sína í félaginu sem fjárfest var í, á degi upphaflegrar beitingar á þeirri fjárhæð sem það hefði verið metið á, ef kröfur þessa IFRS-staðals hefðu verið virkar þegar fjárfestirinn hóf afskipti af, eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í. Ef ekki er hægt að meta eftirstæða hagsmuni (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn beita kröfum þessa IFRS-staðals, um færslu vegna taps á yfirráðum, við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum IFRS-staðli, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal færa mismuninn á milli áður færðrar fjárhæðar eigna, skulda og hlutar sem ekki er ráðandi og bókfærðs verðs hlutdeildar fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í, sem leiðréttingu á eigin fé fyrir tímabilið. Að auki skal fjárfestirinn leggja fram samanburðarupplýsingar og upplýsingar í samræmi við IAS-staðal 8.

C6 Liðir 23, 25, B94 og B96–B99 voru breytingar við IAS-staðal 27, sem gerðar voru 2008 og yfirfærðar í IFRS-staðal 10. Eining skal beita kröfunum í þessum liðum, nema hún beiti lið C3, með eftirfarandi hætti:

a) eining skal ekki endurákvarða neina þætti í rekstrarreikningi fyrir reikningsskilatímabil áður en breytingin í lið B94 tekur gildi í fyrsta sinn,

b) kröfurnar í liðum 23 og B96 um að gera grein fyrir breytingum á eignarhaldi í dótturfélagi eftir að yfirráðum hefur verið náð, gilda ekki um breytingar sem áttu sér stað áður en eining beitir breytingunum í fyrsta sinn,

c) eining skal ekki endurákvarða bókfært verð fjárfestingar í fyrrverandi dótturfélagi ef hún tapaði yfirráðum yfir því áður en hún beitir breytingunum í 25. lið og liðum B97–B99 í fyrsta sinn. Auk þess skal eining ekki endurákvarða neinn ágóða eða tap ef hún hefur tapað yfirráðum yfir dótturfélagi áður en breytingunum í 25. lið og liðum B97–B99 er beitt í fyrsta sinn.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C7 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í þessum IFRS-staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

AFTURKÖLLUN ANNARRA IFRS-STAÐLA

C8 Þessi IFRS-staðall leysir af hólmi kröfurnar varðandi samstæðureikningsskil í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2008).

C9 Þessi IFRS-staðall leysir einnig af hólmi SIC-túlkun 12, *samstæðureikningsskil – rekstrareiningar um sérverkefni*.

Viðbætir D

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum IFRS-stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu ráðsins á þessum IFRS-staðli. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining þessum IFRS-staðli á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili. Breyttir liðir eru sýndir með þeim hætti að nýr texti er undirstrikaður og texti, sem hefur verið felldur brott, er yfirstrikaður.

IFRS-staðall 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

D1 Lið 39I er bætt við sem hér segir:

39I IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* gefnir út í maí 2011, breyttu liðum 31, B7, C1, D1, D14 og D15 og lið D31 var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D2 Í viðbæti B er lið B7 breytt sem hér segir:

B7 Notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal beita eftirfarandi kröfum IFRS-staðals 10 framvirkt frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla:

a) kröfunni í lið B94 um að samanlögð heildarafkoma skuli færð á eigendur móðurfélagsins og á hluti sem ekki eru ráðandi, jafnvel þó að það leiði til þess að halli verði á þeim hlutum sem ekki eru ráðandi,

b) kröfunum í liðum 23 og B93 um reikningsskil vegna breytinga á eignarhaldi móðurfélags í dótturfélagi sem leiða ekki til þess að yfirráð tapist og

c) kröfunum í liðum B97–B99 um reikningsskil vegna taps á yfirráðum yfir dótturfélagi og tengdum kröfum í lið 8A í IFRS-staðli 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

Ef notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn kýs að beita IFRS-staðli 3 afturvirkt á fyrri sameiningar fyrirtækja, skal hann einnig beita IFRS-staðli 10 í samræmi við lið C1 í þessum IFRS-staðli.

D3 Í viðbæti C er lið C1 breytt sem hér segir:

C1 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, getur kosið að beita ekki IFRS-staðli 3 afturvirkt á fyrri sameiningu fyrirtækja (sameiningu fyrirtækja sem átti sér stað fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla). Hins vegar ef notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, endurgerir útreikninga vegna sameiningar fyrirtækja til að fylgja IFRS-staðli 3, skal hann endurgera útreikninga vegna allra síðari sameininga fyrirtækja og skal einnig beita IFRS-staðli 10, frá sama degi. Ef notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn kýs t.d. að endurgera útreikninga vegna sameiningar fyrirtækja sem átti sér stað 30. júní 20X6 skal hann endurgera útreikninga vegna hvers konar sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað milli 30. júní 20X6 og dagsins sem skipt var yfir í IFRS-staðla og skal einnig beita IFRS-staðli 10 frá 30. júní 20X6.

IFRS-staðall 2 *Eignarhlutatengd greiðsla*

D4 Lið 63A er bætt við sem hér segir:

63A IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, gefnir út í maí 2011, breyttu ákvæðum 5. liðar og viðauka A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

Í viðbæti A er neðanmálsgrein við skilgreininguna á „eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi“ breytt sem hér segir:

* „Samstæða“ er skilgreind í viðauka A við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* sem „móðurfélag og dótturfélög þess“ með hliðsjón af endanlegu móðurfélagi einingarinnar sem reikningsskilin taka til.

IFRS-staðall 3 *Sameining fyrirtækja*

D5 Ákvæðum 7. liðar er breytt og lið 64E er bætt við sem hér segir:

7 Leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* skulu notaðar til að skilgreina yfirtökuaðilann — þá einingu sem öðlast yfirráð yfir annarri einingu, þ.e. yfirtekna aðilanum. Ef sameining fyrirtækja hefur átt sér stað, en beiting leiðbeininganna í IFRS-staðli 10 tilgreinir ekki skýrt hver sameinuðu einingarnar er yfirtökuaðilinn, þá skulu þættirnir í liðum B14-B18 hafðir í huga við þá ákvörðun.

64E IFRS-staðall 10, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 7, B13, B63 (e-lið) og viðbæti A. Eining skal beita þessum breytingum við beitingu IFRS-staðals 10.

D6 [Á ekki við kröfur]

D7 Í viðbæti A er skilgreiningunni „yfirráð“ eytt.

D8 Í viðbæti B er liðum B13 og B63 (e-lið) breytt sem hér segir:

B13 Leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* skulu notaðar til að skilgreina yfirtökuaðilann — þá einingu sem öðlast yfirráð yfir yfirtekna aðilanum. Ef sameining fyrirtækja hefur átt sér stað, en beiting leiðbeininganna í IFRS-staðli 10 tilgreinir ekki skýrt hver sameinuðu eininganna er yfirtökuaðilinn, þá skulu þættirnir í liðum B14-B18 hafðir í huga við þá ákvörðun.

B63 Dæmi um aðra IFRS-staðla sem eru leiðbeinandi um síðara mat og reikningsskil yfirtekinna eigna og skulda eða skulda sem stofnað er til vegna sameiningar fyrirtækja eru meðal annars:

a) …

e) IFRS-staðall 10 veitir leiðbeiningar um reikningsskil vegna breytinga á eignarhaldi móðurfélags á dótturfélagi eftir að yfirráðum hefur verið náð.

IFRS-staðall 7 *Fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

D9 Ákvæðum a-lið 3. liðar er breytt og lið 44O er bætt við sem hér segir:

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingu þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að nota IAS-staðal 39 við færslu hlutdeildar í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri, í þeim tilvikum ...

44O IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu 3. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRS-staðall 9 *Fjármálagerningar* (útgefinn í nóvember 2009)

D10 Við bætist liður 8.1.2 sem hér segir:

8.1.2 IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* gefnir út í maí 2011, breyttu lið C8 og felldu á brott fyrirsögnina í lið C18 og liði C18–C23. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D11 Í viðbæti C eru liðir C18 og C19 og fyrirsagnirnar á undan lið C18 og C19 felldar á brott og lið C8 er breytt sem hér segir:

C83 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IAS-staðal 39 og IFRS-staðal 9, í þeim tilvikum …

IFRS-staðall 9 *Fjármálagerningar* (útgefinn í október 2010)

D12 Ákvæðum liðar 3.2.1. er breytt og lið 7.1.2 er bætt við eins og hér segir:

3.2.1 Við samstæðureikningsskil er liðum 3.2.2–3.2.9, B3.1.1, B3.1.2 og B3.2.1–B3.2.17 beitt á samstæðustigi. Af þeim sökum tekur eining öll dótturfélög með í samstæðureikningsskilin í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* og beitir síðan þessum liðum á hópinn sem verður til.

7.1.2 IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefinn í maí 2011, breyttu liðum 3.2.1, B3.2.1–B3.2.3, B4.3.12 (c-lið), B5.7.15, C11 og C30 og felldi brott liði C23–C28 og tengdum fyrirsögnum. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D13 Í viðbæti B er liðum B3.2.1–B3.2.3 og B.5.7.15 breytt sem hér segir:

Í lið B3.2.1, er „(þ.m.t. allar einingar um sérverkefni)“ í fyrsta reit flæðiritsins fellt á brott.

B3.2.2 Sú staða, sem lýst er í b-lið liðar 3.2.4 (þegar eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymi til eins eða fleiri viðtakenda), kemur t.d. upp þegar einingin er fjárvörslusjóður og gefur út til fjárfesta hagstæða hlutdeild í þeim fjáreignum, sem liggja til grundvallar og hún á, og veitir þjónustu við þessar fjáreignir. Í því tilviki uppfylla fjáreignirnar skilyrði fyrir afskráningu ef skilyrðunum í liðum 3.2.5. og 3.2.6 er fullnægt.

B3.2.3 Við beitingu liðar 3.2.5 gæti einingin t.d. hafa átt frumkvæðið að fjáreigninni eða hún gæti verið samstæða *dótturfélags,* sem hefur keypt fjáreignina og skilar sjóðstreymi áfram til ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar.

B5.7.15 Eftirfarandi eru dæmi um eignasérgreinda framkvæmdaráhættu:

a) …

b) skuld gefin út af sérsniðinni einingu sem hefur eftirfarandi einkenni. Einingin er lagalega einangruð, þannig að eignir hennar eru aðskildar eingöngu í þágu fjárfesta hennar, jafnvel þó komi til gjaldþrots. Einingin tekur ekki þátt í öðrum viðskiptum og ekki er hægt að veðsetja eignir hennar. Fjárhæðir eru einungis greiddar út til fjárfesta einingarinnar ef aðskildu eignirnar skila sjóðstreymi. Þess vegna er, ...

D14 Í viðbæti C eru liðir C23 og C24 og fyrirsögnin á undan lið C23 felld á brott og liðum C11 og C30 er breytt sem hér segir:

C11 3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga, nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9, í þeim tilvikum …

C30 **4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:**

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9, í þeim tilvikum …

IAS-staðall 1 *Framsetning reikningsskila*

D15 Ákvæðum 4. og 123. liðar er breytt og lið 139H er bætt við sem hér segir:

4 Þessi staðall gildir ekki um form og innihald samandreginna árshlutareikningsskila sem gerð eru í samræmi við IAS-staðal 34, *árshlutareikningsskil.* Þó eiga 15.–35. liður við þess háttar reikningsskil. Þessi staðall gildir jafnt um allar einingar, þ.m.t. þær sem setja fram samstæðureikningsskil í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* og þær sem setja fram aðgreind reikningsskil í samræmi við IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil.*

123 Þegar stjórnendur beita reikningsskilaaðferðum einingarinnar nota þeir eigin dómgreind við ýmiss konar mat, að því undanskildu sem felur í sér áætlanir, sem getur haft veruleg áhrif á fjárhæðirnar sem færðar eru í reikningsskilunum. Stjórnendur nota t.d. eigin dómgreind við ákvörðun á því:

a) …

b) hvenær nánast öll áhætta og ávinningur af eignarhaldi á fjáreignum og leigueignum er yfirfærð á aðrar einingar, og

c) hvort tiltekin vörusala sé í reynd fjármögnunarfyrirkomulag og hefur því ekki í för með sér reglulegar tekjur.

d) [~~felldur brott~~]

139H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 12 útgefnir í maí 2011, breyttu 4., 119., 123. og 124. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 12.

IAS-staðall 7 ***Yfirlit um sjóðstreymi***

D16 Ákvæðum liðar 42B er breytt og 57. lið er bætt við sem hér segir:

42B Breytingar á eignarhaldi á dótturfélagi sem leiða ekki til taps á yfirráðum, s.s. síðari kaup eða sala móðurfélags á eiginfjárgerningum dótturfélags, eru skráðar sem viðskipti með eigið fé (sjá IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*). Til samræmis við það, ...

57 IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 37, 38 og 42B og felldu á brott b-lið 50. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 21 ***Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla***

D17 [Á ekki við kröfur]

D18 Ákvæðum 19., 45. og 46. liðar er breytt og lið 60F er bætt við sem hér segir:

19 Samkvæmt þessum staðli er einnig heimilt að sjálfstæð eining geri reikningsskil, eða eining sem gerir aðgreind reikningsskil í samræmi við IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil,* setji fram reikningsskil sín í hvaða gjaldmiðli (eða gjaldmiðlum) sem er. Ef ...

45 Sameining rekstrarniðurstaðna og fjárhagsstöðu erlends rekstrar við reikningsskil einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, er gerð eftir venjulegum aðferðum við gerð samstæðureikningsskila, s.s. með því að fella út stöður innan samstæðu og viðskipti dótturfélags innan samstæðu (sjá IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*). Ekki …

46 Þegar reikningsskil erlends rekstrar miðast við annan reikningsskiladag en reikningsskil einingarinnar sem reikningsskilin taka til, semur erlendi reksturinn oft viðbótaryfirlit sem miðast við sömu dagsetningu og reikningsskil einingarinnar sem reikningsskilin taka til. Þegar þetta er ekki gert er heimilt samkvæmt IFRS-staðli 10 að nota annan dag, að því tilskildu að ekki muni meira en þremur mánuðum og að leiðréttingar séu gerðar vegna áhrifa af umtalsverðum viðskiptum eða öðrum atburðum sem gerast á milli reikningsskiladaganna. Í slíkum tilvikum eru eignir og skuldir erlenda rekstrarins umreiknaðar á genginu sem var í gildi við lok reikningsskilatímabils erlenda rekstrarins. Leiðréttingar eru gerðar vegna verulegra breytinga á gengi fram til loka reikningsskilatímabils einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, í samræmi við IFRS-staðal 10. Sama ...

60F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3 (b-lið), 8, 11, 18, 19, 33, 44–46 og 48A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 24 ***Upplýsingar um tengda aðila***

D19 Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

3 Í þessum staðli er gerð krafa um upplýsingar um viðskipti tengdra aðila, viðskipti og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, hjá þeim í samstæðureikningsskilum og aðgreindum reikningsskilum móðurfélags, sameiginlegum yfirráðum eða verulegum áhrifum yfir félagi sem fjárfest er í, sem eru sett fram í samræmi við IFRS-staðal 10, ***samstæðureikningsskil*** **eða IAS-staðal 27,** ***aðgreind reikningsskil*****. Þessi staðall gildir einnig um eigin reikningsskil.**

Í 9. lið eru skilgreiningarnar á „yfirráð“, „sameiginleg yfirráð“ og „veruleg áhrif“ felldar á brott og málsliður bætist við, sem hér segir:

Hugtökin „yfirráð“, „sameiginleg yfirráð“ og „veruleg áhrif“ eru skilgreind í IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* og eru notuð í þessum staðli í þeim skilningi sem tilgreindur er í þessum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum.

Lið 28A er bætt við sem hér segir:

28A IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IFRS-staðall 12 útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3, 9, 11 (b-lið), 15, 19 (b-lið og e-lið) og 25. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12.

IAS-staðall 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*

D20 Í IAS-staðli 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* eru kröfurnar varðandi samstæðureikningsskil felldar á brott og fluttar í IFRS-staðal 10, eftir því sem við á. Kröfurnar um reikningsskil og upplýsingagjöf, að því er varðar aðgreind reikningsskil, falla áfram undir IAS-staðal 27, titlinum er breytt í *aðgreind reikningsskil,* númerum eftirstandandi liða er breytt eftir röð, gildissviðinu er breytt og aðrar ritstjórnarbreytingar gerðar. Kröfurnar um reikningsskil og upplýsingagjöf sem falla áfram undir IAS-staðal 27 (eins og honum var breytt 2011) eru einnig uppfærðar til að endurspegla leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011). Frekari upplýsingar um staðsetningu liða í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2008) er að finna í samsvörunartöflu sem fylgir með IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011).

IAS-staðall 32 *Fjármálagerningar: framsetning*

D21 Ákvæðum a-liðar 4. liðar er breytt og lið 97I er bætt við sem hér segir:

4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IAS-staðal 39…

97I IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu a-lið 4. liðar og AG29. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D22 Í viðbætinum er lið AG29 breytt sem hér segir:

AG29 Í samstæðureikningsskilum setur eining fram hlut sem ekki er ráðandi–þ.e. hlutdeild annarra aðila í eigin fé og tekjum dótturfélaga sinna–í samræmi við IAS-staðal 1 og IFRS-staðal 10. Þegar ...

IAS-staðall 33 *Hagnaður á hlut*

D23 Ákvæðum 4. liðar er breytt og lið 74B er bætt við sem hér segir:

4 Þegar eining setur fram bæði samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil, sem eru tekin saman í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* og IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* þarf, eftir því sem við á, einungis að birta þær upplýsingar, sem gerð er krafa um samkvæmt þessum staðli, á samstæðugrundvelli. Eining ...

74B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 4, 40 og A11. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 36 *Virðisrýrnun eigna*

D24 Ákvæðum a-liðar 4. liðar er breytt og lið 140H er bætt við sem hér segir:

4 Þessi staðall gildir um fjáreignir flokkaðar sem:

a) dótturfélög, eins og þau eru skilgreind í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*,

b) …

140H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11 útgefnir í maí 2011, breyttu 4. lið, fyrirsögninni á undan h-lið 12. liðar og h-lið 12. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D25 [Á ekki við kröfur]

IAS-staðall 38 *Óefnislegar eignir*

D26 Ákvæðum e-liðar 3. liðar er breytt og lið 130F er bætt við sem hér segir:

3 Ef annar staðall mælir fyrir um færslu tiltekinnar gerðar óefnislegrar eignar beitir eining þeim staðli í stað þessa staðals. Þessi staðall gildir t.d. ekki um:

a) …

e) fjáreignir, eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 32. Fjallað er um færslu og mat á nokkrum fjáreignum í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*.

f) …

130F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu e-lið 3. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat* (með áorðnum breytingum í október 2009)

D27 Ákvæðum a-liðar 2. liðar og 15. lið er breytt og lið 103P er bætt við sem hér segir:

2 **Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:**

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Einingar skulu þó beita þessum staðli á hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem, samkvæmt IAS-staðli 27, IAS-staðli 28 ~~eða IAS-staðli 31,~~ er færð samkvæmt þessum staðli. …

15 Á samstæðureikningsskil er beitt 16.–23. lið og liðum AG34–AG52 í viðbæti A. Af þeim sökum tekur eining öll dótturfélög með í samstæðureikningsskilin í samræmi við IFRS-staðal 10 og beitir síðan 16.–23. lið og liðum AG34–AG52 í viðbæti A á hópinn sem verður til.

103P IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 2 (a-lið), 15, AG3, AG36–AG38 og AG41 (a-lið). Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D28 Í viðbæti A er liðum AG36–AG38 breytt sem hér segir:

Í lið AG36, er „(þ.m.t. allar einingar um sérverkefni)“ í fyrsta reit flæðiritsins fellt á brott.

AG37 Sú staða, sem lýst er í b-lið 18. liðar (þegar eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymi til eins eða fleiri viðtakenda), kemur t.d. upp þegar einingin er sjóður og gefur út til fjárfesta hagstæða hlutdeild í þeim fjáreignum, sem og liggja til grundvallar og hún á, og veitir þjónustu við þessar fjáreignir. Í því tilviki uppfylla fjáreignirnar skilyrði fyrir afskráningu ef skilyrðunum í 19. og 20. lið er fullnægt.

AG38 Við beitingu 19. liðar gæti eining t.d. hafa átt frumkvæðið að fjáreigninni eða hún gæti verið samstæða, dótturfélag, sem hefur keypt fjáreignina og skilar sjóðstreymi áfram til ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar.

IFRIC-túlkun 5 ***Réttur til hlutdeildar í sjóðum sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi, endurbyggingu og endurbótum á umhverfinu***

D29 Í „tilvísununum“, eru færslurnar fyrir IAS-staðal 27 og IAS-staðal 31 felldar á brott, færslunni fyrir IAS-staðal 28 er breytt í „IAS-staðall 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri“* og færslum fyrir IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðal 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* er bætt við.

Ákvæðum 8. liðar er breytt og lið 14B er bætt við sem hér segir:

8 Framlagsgreiðandinn skal ákvarða hvort hann hefur stjórn, sameiginlega stjórn eða veruleg áhrif á sjóðinn með hliðsjón af IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IAS-staðli 28. Ef svo er skal framlagsgreiðandi færa hlutdeild sína í sjóðnum í samræmi við þessa staðla.

14B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, útgefnir í maí 2011, breyta 8. og 9. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRIC-túlkun 17 ***Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en handbæru fé***

D30 Í „tilvísununum“, er einingunni „IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil*“ bætt við.

Ákvæðum 7. liðar er breytt og 19. lið er bætt við eins og hér segir:

7 Í samræmi við 5. lið á þessi túlkun ekki við þegar eining úthlutar einhverju af eignarhaldi sínu í dótturfélag en heldur yfirráðum yfir því. Einingin sem framkvæmir úthlutunina sem leiðir til þess að einingin færi hlut sem ekki er ráðandi í eigin dótturfélagi, færir úthlutunina í samræmi við IFRS-staðal 10.

19 IFRS-staðall 10, útgefinn í maí 2011, breytir 7. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 10.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 11, IFRS-staðall 11

Sameiginlegt fyrirkomulag

MARKMIÐ

1 Markmið þessa IFRS-staðals er að setja meginreglur um reikningsskil eininga, sem eiga hlut í verkefnum sem stjórnað er sameiginlega (þ.e. sameiginlegt fyrirkomulag).

Uppfylling markmiðs

2 Í því skyni að uppfylla markmiðið í 1. lið, eru *sameiginleg yfirráð* skilgreind í þessum IFRS-staðli og kröfur settar fram um að eining, þ.e. *aðili að sameiginlegu fyrirkomulagi* ákvarði tegund sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í, þannig að hún meti réttindi og skyldur sínar og geri grein fyrir þessum réttindum og skyldum í samræmi við þá gerð sameiginlega fyrirkomulagsins.

GILDISSVIÐ

3 Allar einingar, sem eru aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi, skulu beita þessum IFRS-staðli.

SAMEIGINLEGT FYRIRKOMULAG

4 Sameiginlegt fyrirkomulag er fyrirkomulag undir sameiginlegum yfirráðum tveggja eða fleiri aðila.

5 Sameiginlegt fyrirkomulag hefur eftirfarandi einkenni:

a) **aðilarnir eru bundnir af samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá liði B2-B4),**

b) **samningsbundna fyrirkomulagið veitir tveimur eða fleirum þessara aðila sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu (sjá 7.–13. lið).**

6 Sameiginlegt fyrirkomulag er annað hvort sameiginlegur rekstur eða samrekstur.

Sameiginleg yfirráð

7 Sameiginleg yfirráð er samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins til staðar þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.

8 Eining sem er aðili að fyrirkomulaginu skal meta hvort samningsbundna fyrirkomulagið veitir öllum aðilunum, eða hópi aðila, sameiginlega stjórn yfir fyrirkomulaginu. Allir aðilar, eða hópar aðila, stjórna fyrirkomulaginu sameiginlega þegar þeir verða að starfa saman til að stýra starfsemi sem hefur veruleg áhrif á hagnað fyrirkomulagsins (þ.e. viðkomandi starfsemi).

9 Þegar ákvarðað hefur verið að allir aðilarnir, eða hópur aðila, stjórni fyrirkomulaginu sameiginlega, eru sameiginleg yfirráð einungis til staðar ef ákvarðanir um viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem stjórna fyrirkomulaginu sameiginlega.

10 Í sameiginlegu fyrirkomulagi er enginn einn aðili sem fer með stjórn fyrirkomulagsins. Aðili sem hefur sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi getur komið í veg fyrir að einhver hinna aðilanna, eða hópur aðila, stjórni fyrirkomulaginu.

11 Fyrirkomulag getur verið sameiginlegt fyrirkomulag jafnvel þó að allir aðilar þess hafi ekki sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu. Þessi IFRS-staðall gerir greinarmun á aðilum sem hafa sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi (*sameiginlegir rekstraraðilar* eða *samrekstur*) og aðilar sem taka þátt í, en hafa ekki sameiginleg yfirráð yfir, sameiginlegu fyrirkomulagi.

12 Það er háð mati einingar hvort allir aðilarnir, eða hópur aðila, hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi. Eining skal taka tillit til allra málavaxta og aðstæðna við framkvæmd á þessu mati (sjá liði B5–B11).

13 Breytist málavextir og aðstæður skal eining endurmeta hvor hún hafi enn sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu.

Tegundir sameiginlegs fyrirkomulags

14 Eining skal ákvarða gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í. Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags sem sameiginlegs rekstrar eða samrekstrar er háð réttindum og skyldum aðilanna að fyrirkomulaginu.

15 Sameiginlegur rekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu og hafa rétt til eignanna, og skuldbindinganna vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu. Þessir aðilar nefnast sameiginlegir rekstraraðilar.

16 Samrekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins. Þessir aðilar nefnast samrekstur.

17 Það er háð mati einingar hvort sameiginlegt fyrirkomulag er sameiginlegur rekstur eða samrekstur. Eining skal ákvarða gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í að teknu tilliti til réttinda og skuldbindinga sem leiða af fyrirkomulaginu. Eining metur réttindi sín og skyldur með því að taka tillit til skipulags og lagalegs forms fyrirkomulagsins, skilmálanna sem aðilarnir samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu, og eftir því sem við á annarra málavaxta og aðstæðna (sjá liði B12–B33).

18 Aðilarnir eru stundum bundnir af rammasamningi þar sem almennir samningsskilmálar fyrir eina eða fleiri aðgerðir eru settir fram. Rammasamningurinn getur falið í sér ákvæði um að aðilar komi ólíku sameiginlegu fyrirkomulagi á fót varðandi sértækar aðgerðir, sem mynda hluta samningsins. Jafnvel þó þetta sameiginlega fyrirkomulag tengist sama rammasamningi geta þau verið ólíkrar tegundar ef réttindi og skyldur aðilanna eru mismunandi við framkvæmd á ólíkum aðgerðum sem fjallað er um í rammasamningnum. Því getur sameiginlegur rekstur og samrekstur verið til staðar þegar aðilar framkvæma ólíkar aðgerðir sem mynda hluta af sama rammasamningi.

19 Breytist málavextir og aðstæður skal einingin endurmeta hvort gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í hefur breyst.

REIKNINGSSKIL AÐILA AÐ SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI

Sameiginlegur rekstur

20 Sameiginlegur rekstraraðili skal, í tengslum við hagsmuni sína í sameiginlegum rekstri, færa:

a) **eignir sínar, þ.m.t. hlut sinn í sameiginlegum eignum,**

b) **skuldir sínar, þ.m.t. hlut sinn í sameiginlegum skuldum,**

c) **tekjur sínar frá sölu af hlut sínum í framleiðslu sameiginlega rekstursins,**

d) **hlut sinn í tekjum af sölu á framleiðslu sameiginlega rekstursins, og**

e) **útgjöld sín, þ.m.t. hlut sinn í útgjöldum sem stofnað var til sameiginlega.**

21 Sameiginlegur rekstraraðili skal færa eignir, skuldir, tekjur og útgjöld er tengjast hagsmunum hans í sameiginlegum rekstri í samræmi við IFRS-staðlana sem gilda um tilteknu eignirnar, skuldirnar, tekjurnar og útgjöldin.

22 Sameiginlegi rekstraraðilinn, vegna reikningsskila á viðskiptum svo sem sölu, framlegð eða kaupum á eignum milli einingar og sameiginlegs rekstrar, er tilgreindur í liðum B34–B37.

23 Aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegum rekstri skal einnig gera grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við liði 20–22 ef aðilinn hefur rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skulda sameiginlega rekstursins. Ef aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegum rekstri, hefur ekki rétt til eignanna, né skuldbindingar vegna skuldanna sem tengjast sameiginlega rekstrinum, skal hann gera grein fyrir hagsmunum sínum í sameiginlega rekstrinum í samræmi við IFRS-staðalinn sem gildir um þá hagsmuni.

Samrekstur

24 Samrekstraraðili skal færa hagsmuni sína í samrekstri eins og fjárfestingu og skal færa þá fjárfestingu með hlutdeildaraðferðinni í samræmi við IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* nema að einingin sé undanþegin því að beita hlutdeildaraðferðinni eins og tilgreint er í staðlinum.

25 Aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir samrekstri skal gera grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar* nema hann hafi veruleg áhrif yfir samrekstrinum en þá skal hann gera grein fyrir því í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

AÐGREIND REIKNINGSSKIL

26 Sameiginlegur rekstraraðili eða samrekstraraðili skal, í aðgreindu reikningsskilunum, gera grein fyrir hagsmunum sínum í:

a) **sameiginlegum rekstri í samræmi við liði 20–22,**

b) **samrekstri í samræmi við 10. lið IAS-staðals 27, *aðgreind reikningsskil*.**

27 Aðili sem tekur þátt í en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi skal, í aðgreindum reikningsskilum sínum, gera grein fyrir hagsmunum sínum í:

a) **sameiginlegum rekstri í samræmi við 23. lið,**

b) **samrekstri í samræmi við IFRS-staðal 9, nema ef einingin hefur veruleg áhrif yfir samrekstrinum, en þá skal beita 10. lið IAS-staðals 27 (eins og honum var breytt 2011).**

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

sameiginlegt fyrirkomulag	Fyrirkomulag þar sem tvær eða fleiri einingar hafa **sameiginleg yfirráð.**
sameiginleg yfirráð	Samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins til staðar þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.
sameiginlegur rekstur	**Sameiginlegt fyrirkomulag** þar sem **aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.
sameiginlegur rekstraraðili	Aðili að **sameiginlegum rekstri** sem hefur **sameiginleg yfirráð** yfir sameiginlega rekstrinum.
samrekstur	**sameiginlegt fyrirkomulag** þar sem aðilarnir sem hafa **sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.
samrekstraraðili	Aðili að **samrekstri** sem hefur **sameiginleg yfirráð** yfir samrekstrinum.
aðili að sameiginlega fyrirkomulaginu	Eining sem tekur þátt í **sameiginlegu fyrirkomulagi**, óháð því hvort einingin hefur **sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu.
aðskilið milligöngufélag	Fjármagnsskipan sem er sanngreinanleg ein og sér, þ.m.t. aðskildar lagalegar einingar eða einingar viðurkenndar í stofnsamþykkt, óháð því hvort þessar einingar hafi réttarstöðu lögaðila.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011), IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) eða IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

– yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

– hlutdeildaraðferð

– vald

– verndarréttindi

– viðeigandi starfsemi

– aðgreind reikningsskil

– veruleg áhrif.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu liða 1-27 og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumir þættir í dæmunum geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og aðstæður einstakra aðstæðna við beitingu IFRS-staðals 11.

SAMEIGINLEGT FYRIRKOMULAG

Samningsbundið fyrirkomulag (5. liður)

B2 Hægt er að staðfesta samningsbundið fyrirkomulag á mismunandi hátt. Staðfest samningsbundið fyrirkomulag er oft, en ekki alltaf, skriflegt, venjulega í formi samnings eða skjalfestra viðræðna á milli aðila. Lögboðið kerfi getur einnig haft í för með sér framfylgjanlegt fyrirkomulag, annað hvort eitt sér eða í tengslum við samninga á milli aðila.

B3 Ef sameiginlega fyrirkomulagið er skipulagt í gegnum *aðskilið milligöngufélag* (sjá liði B19-B33), mun samningsbundna fyrirkomulagið, eða sumir hlutar þess, í sumum tilvikum verða fellt inn í greinarnar, stofnskrána eða samþykktir aðskilda milligöngufélagsins.

B4 Samningsbundna fyrirkomulagið felur í sér skilmála varðandi þátttöku aðilanna í starfseminni, sem er viðfangsefni fyrirkomulagsins. Samningsbundna fyrirkomulagið fjallar almennt um mál eins og:

a) tilganginn, starfsemina og lengd sameiginlega fyrirkomulagsins,

b) hvernig stjórnarmenn eða sambærilegir stjórnendur sameiginlega fyrirkomulagsins eru skipaðir,

c) ákvarðanatökuferlið: mál sem krefjast þess að aðilarnir taki ákvörðun, atkvæðisrétt aðilanna og nauðsynlegan meirihluta í þessum málum. Ákvarðanatökuferlið sem endurspeglast í samningsbundna fyrirkomulaginu kemur á sameiginlegum yfirráðum yfir fyrirkomulaginu (sjá liði B5-B11),

d) fjármagn eða annað framlag sem krafist er frá aðilunum,

e) hvernig aðilarnir deila eignum, skuldum, tekjum, útgjöldum eða hagnaði eða tapi vegna sameiginlega fyrirkomulagsins.

Sameiginleg yfirráð (7.–13. liður)

B5 Við mat á því hvort eining hafi sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu, skal einingin meta fyrst hvort allir aðilar eða hópur aðila stjórni fyrirkomulaginu. Í IFRS-staðli 10 er hugtakið yfirráð skilgreint og skal það notað til að ákvarða hvort allir aðilar, eða hópur aðila, hafa áhrif á eða eiga rétt á að njóta breytilegrar ávöxtunar af, þátttöku þeirra í fyrirkomulaginu og hafa áhrif á þessa ávöxtun í gegnum vald þeirra yfir fyrirkomulaginu. Þegar allir aðilar, eða hópur aðila, taldir saman geta stjórnað starfseminni sem hefur veruleg áhrif á hagnað af fyrirkomulaginu (þ.e. viðkomandi starfsemi), fara aðilarnir sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu.

B6 Að fenginni þeirri niðurstöðu að allir aðilarnir, eða hópur aðila, fari sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu skal eining meta hvort hún hafi sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu. Einungis er um sameiginleg yfirráð að ræða þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem fara sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu. Mat á því hvort fyrirkomulaginu sé stjórnað sameiginlega af öllum aðilum þess eða hópi aðilanna, eða sé eingöngu stjórnað af einum aðila getur krafist úrskurðar.

B7 Ákvarðanatökuferlið sem aðilar koma sér saman um í samningsbundna fyrirkomulaginu leiðir stundum skilyrðislaust til sameiginlegra yfirráða. Gerum til dæmis ráð fyrir því að tveir aðilar komi að fyrirkomulagi þar sem hvor um sig fer með 50% atkvæðisréttarins og samningsbundna fyrirkomulagið sem þeir gerðu með sér tiltekur að það þurfi a.m.k. 51% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi. Í því tilviki hafa aðilar skilyrðislaust samþykkt að þeir fari með sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu vegna þess að ekki er hægt að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi án samþykkis beggja aðila.

B8 Í öðrum kringumstæðum er þess krafist í samningsbundna fyrirkomulaginu að lágmarkshlutfall atkvæðisréttar þurfi til að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi. Þegar mögulegt er að uppfylla kröfuna um lágmarkshlutfall atkvæðisréttar með fleiri en einni samsetningu aðila sem koma sér saman, er fyrirkomulagið ekki sameiginlegt fyrirkomulag nema að samningsbundna fyrirkomulagið tilgreini hvaða aðilar (eða samsetning aðila) þurfa að samþykkja einróma ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi í tengslum við fyrirkomulagið.

Dæmi um beitingu

Dæmi 1

Gerum ráð fyrir að þrír aðilar komi að fyrirkomulagi: A fer með 50% atkvæðisréttar samkvæmt fyrirkomulaginu, B fer með 30% og C með 20%. Í samningsbundna fyrirkomulaginu milli A, B og C kemur fram krafa um a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvörðun um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu. Jafnvel þó A geti hindrað ákvarðanir stjórnar það ekki fyrirkomulaginu vegna þess að það þarf samþykki frá B. Það að samkvæmt skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins þarf a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi gefur til kynna að A og B hafi sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu vegna þess að ekki er hægt að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu án þess að bæði A og B samþykki þær.

Dæmi 2

Gerum ráð fyrir að það séu þrír aðilar að fyrirkomulagi: A fer með 50% atkvæðisréttar samkvæmt fyrirkomulaginu, B og C fara með 25% hver. Í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli A, B og C kemur fram krafa um a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu. Jafnvel þó A geti hindrað ákvarðanir stjórnar það ekki fyrirkomulaginu vegna þess að það þarf samþykki frá annað hvort B eða C. Í þessu dæmi fara A, B og C sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu. Þó eru fleiri en ein samsetning aðila sem geta komið sér saman um að ná 75% atkvæðisréttar (þ.e. annað hvort A og B eða A og C). Til að teljast vera sameiginlegt fyrirkomulag í slíkum aðstæðum, þarf að koma fram í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli aðila hvaða samsetningu aðila þarf til að samþykkja einróma ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu.


Dæmi 3

Gerum ráð fyrir fyrirkomulagi þar sem A og B hafa 35% atkvæðisréttar hver samkvæmt fyrirkomulaginu og eftirstandandi 30% eru mjög dreifð. Meirihluta atkvæðisréttar þarf til að samþykkja ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi. A og B hafa einungis sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu ef samningsbundna fyrirkomulagið tilgreinir að bæði A og B þurfi að samþykkja ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu.

B9 Krafan um einróma samþykki merkir að allir aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu geta komið í veg fyrir að hinir aðilarnir, eða hópur aðila, nái einróma samþykki (um viðkomandi starfsemi) án samþykkis viðkomandi. Ef krafan um einróma samþykki snýr eingöngu að ákvörðunum sem veita aðila verndarréttindi og ekki að ákvörðunum um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu, er sá aðili ekki aðili sem hefur sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu.

B10 Samningsbundið fyrirkomulag getur falið í sér ákvæði um lausn deilumála svo sem gerðardóm. Þessi ákvæði geta heimilað ákvarðanatöku þó að einróma samþykki liggi ekki fyrir á milli aðila sem fara með sameiginleg yfirráð. Það að slík ákvæði séu fyrir hendi kemur ekki í veg fyrir að samkvæmt fyrirkomulaginu sé sameiginleg stjórn, og af þessum sökum sameiginlegt fyrirkomulag.

Mat á sameiginlegum yfirráðum



B11 Þegar fyrirkomulag fellur utan gildissviðs IFRS-staðals 11, gerir eining grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla, s.s. IFRS-staðal 10, IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) eða IFRS-staðal 9.

TEGUNDIR SAMEIGINLEGS FYRIRKOMULAGS (LIÐIR 14–19)

B12 Það eru margar ástæður fyrir því að koma sameiginlegu fyrirkomulagi á fót (t.d. sem leið fyrir aðila til að deila kostnaði og áhættu, eða sem leið til að veita aðilum aðgang að nýrri tækni eða nýjum mörkuðum) og hægt er að stofna slíkt með því að nota mismunandi skipulag og lagaleg form.

B13 Í sumu fyrirkomulagi er þess ekki krafist að starfsemin sem fyrirkomulagið snýst um fari fram í aðskildu milligöngufélagi. Annað fyrirkomulag felur þó í sér að aðskildu milligöngufélagi sé komið á fót.

B14 Sú flokkun á sameiginlegu fyrirkomulagi sem krafist er í þessum IFRS-staðli er háð réttindum og skyldum aðila sem leiða af fyrirkomulaginu í venjubundnum viðskiptum. Þessi IFRS-staðall flokkar sameiginlegt fyrirkomulag í annað hvort sameiginlegan rekstur eða samrekstur. Fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur þegar eining hefur rétt til eignanna, og skuldbindingar vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu. Fyrirkomulagið er samrekstur þegar eining hefur rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins. Í liðum B16–B33 er matið, sem eining framkvæmir til að ákvarða hvort hún hafi hagsmuni í sameiginlegum rekstri eða samrekstri, sett fram.

Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags

B15 Eins og fram kemur í lið B14, krefst flokkunin á sameiginlegu fyrirkomulagi þess að aðilar meti réttindi sín og skyldur sem leiða af fyrirkomulaginu. Við matið skal eining taka tillit til eftirfarandi:

a) skipulags sameiginlega fyrirkomulagsins (sjá liði B16–B21),

b) ef sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag:

i. lagalegs forms aðskilda milligöngufélagsins (sjá liði B22–B24),

ii. skilmála samningsbundna fyrirkomulagsins (sjá liði B25–B28), og

iii. þegar við á, annarra málavaxta og aðstæðna (sjá liði B29–B33).

Uppbygging sameiginlega fyrirkomulagsins

Sameiginlegt fyrirkomulag sem ekki er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag

B16 Sameiginlegt fyrirkomulag sem ekki er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag er sameiginlegur rekstur. Í slíkum tilvikum fastsetur samningsbundna fyrirkomulagið rétt aðila til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna, sem tengjast fyrirkomulaginu, og rétt aðila til samsvarandi tekna og skuldbindinga vegna samsvarandi útgjalda.

B17 Í samningsbundna fyrirkomulaginu er eðli starfseminnar, sem fyrirkomulagið tekur til, oft lýst og því hvernig aðilarnir hyggjast framkvæma þessa starfsemi saman. Aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi gætu til dæmis komið sér saman um að framleiða vöru í sameiningu, þar sem hver aðili er ábyrgur fyrir tilteknu viðfangsefni og hver um sig notar sínar eigin eignir og stofnar til eigin skulda. Í samningsbundna fyrirkomulaginu gæti einnig verið tiltekið hvernig skipta skuli sameiginlegum hagnaði og útgjöldum aðilanna á milli þeirra. Í slíkum tilvikum skal hver og einn sameiginlegur rekstraraðili færa, í reikningsskilin, eignirnar og skuldirnar sem eru tilkomnar vegna tiltekinna viðfangsefna, og sinn hluta af hagnaðinum og útgjöldunum í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið.

B18 Í öðrum tilvikum gætu aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi komið sér saman um t.d. að deila og reka eign saman. Í slíkum tilvikum fastsetur samningsbundna fyrirkomulagið rétt aðilanna til eignanna, sem reknar eru í sameiningu, og hvernig framleiðslu eða hagnaði af eigininni og rekstrarkostnaði er skipt á milli aðila. Hver og einn sameiginlegur rekstraraðili gerir grein fyrir sínum hluta af sameiginlegu eigninni og samþykktum hluta skulda, og færir sinn hluta af framleiðslunni, hagnaðinum og útgjöldunum í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið.

Sameiginlegt fyrirkomulag sem er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag

B19 Sameiginlegt fyrirkomulag, þar sem eignum og skuldum, er varða fyrirkomulagið, er haldið í aðskildu milligöngufélagi, getur annað hvort verið samrekstur eða sameiginlegur rekstur.


B20 Hvort aðili er sameiginlegur rekstraraðili eða aðili að samrekstri veltur á rétti aðilans til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu og haldið er í aðskilda milligöngufélaginu.

B21 Eins og fram kemur í lið B15 þegar aðilar hafa byggt upp sameiginlegt fyrirkomulag í aðskildu milligöngufélagi þurfa aðilarnir að meta hvort lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins, skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins og þegar aðrir viðkomandi málavextir og aðstæður veita þeim:

a) rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu (þ.e. fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur), eða

b) rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins (þ.e. fyrirkomulagið er samrekstur).

Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags: mat á réttindum og skyldum aðila sem leiða af fyrirkomulaginu



Lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins

B22 Við mat á gerð sameiginlega fyrirkomulagsins skiptir lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins máli. Lagalega formið skiptir máli við upphaflega matið á rétti aðilanna til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu, t.d. hvort aðilarnir hafi hagsmuna að gæta í eignunum sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu og hvort þeir hafi skuldbindingar gagnvart skuldum sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu.

B23 Aðilar geta t.d. starfrækt sameiginlega fyrirkomulagið í gegnum aðskilið milligöngufélag sem er á lagalegu formi sem gerir það að verkum að litið er á aðskilda milligöngufélagið sem sjálfstæða einingu (þ.e. eignir og skuldir sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu eru eignir og skuldir aðskilda milligöngufélagsins og ekki eignir og skuldir aðilanna). Í slíku tilviki gefur matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, til kynna að fyrirkomulagið sé samrekstur. Skilmálarnir, sem aðilar samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu (sjá liði B25–B28), og þar sem það á við aðrir málavextir og aðstæður (sjá liði B29–B33) geta þó vegið þyngra en matið á réttindum og skyldum sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins.

B24 Matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, er eingöngu nægjanlegt til að ákvarða að fyrirkomulagið sé sameiginlegur rekstur ef aðilarnir starfrækja sameiginlega fyrirkomulagið í gegnum aðskilið milligöngufélag sem er á lagalegu formi sem ekki hefur í för með sér aðskilnað á milli aðilanna og aðskilda milligöngufélagsins (þ.e. eignirnar og skuldirnar sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu eru eignir og skuldir aðilanna).

Mat á skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins

B25 Í mörgum tilvikum eru réttindin og skyldurnar sem aðilarnir samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu í samræmi við, eða stangast ekki á við réttindin og skyldurnar sem aðilarnir hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins sem sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp samkvæmt.

B26 Í öðrum tilvikum nota aðilarnir samningsbundna fyrirkomulagið til að ógilda eða breyta réttindunum og skyldunum sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins sem fyrirkomulagið er byggt upp samkvæmt.

Dæmi um beitingu

Dæmi 4

Gerum ráð fyrir því að tveir aðilar byggi upp sameiginlegt fyrirkomulag í einingu sem hefur réttarstöðu lögaðila. Hvor aðili á 50% eignarhlut í einingunni sem hefur réttarstöðu lögaðila. Réttarstaða lögaðila heimilar aðskilnað einingarinnar frá eigendum sínum og þar af leiðandi eru eignir og skuldir sem haldið er í einingunni, eignir og skuldir einingarinnar sem hefur réttarstöðu lögaðila. Í slíkum tilvikum gefur matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, til kynna að aðilarnir hafi rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.

Aðilarnir breyta þó ákvörðununum varðandi fyrirtækið í gegnum samningsbundna fyrirkomulagið, þannig að hver og einn eigi hagsmuna að gæta í eignum einingarinnar sem hefur réttarstöðu lögaðila og hver um sig ber ábyrgð á skuldum einingarinnar með réttarstöðu lögaðila í tilteknu hlutfalli. Slíkar samningsbundnar breytingar á ákvörðunum fyrirtækis geta orðið til þess að fyrirkomulagið verði sameiginlegur rekstur.

B27 Eftirfarandi tafla ber saman almenna skilmála í samningsbundnu fyrirkomulagi aðila að sameiginlegum rekstri og almenna skilmála í samningsbundnu fyrirkomulagi aðila í samrekstri. Dæmin um samningsskilmálana sem sett eru fram í eftirfarandi töflu eru ekki tæmandi.

Mat á skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins

	Sameiginlegur rekstur	**Samrekstur**
Skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins	Samningsbundna fyrirkomulagið kveður á um rétt aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.	Samningsbundna fyrirkomulagið kveður á um að aðilar að sameiginlega fyrirkomulaginu sem hafa rétt til hreinnar eignar fyrirkomulagsins (þ.e. aðskilda milligöngufélagið, ekki aðilarnir sem eiga rétt á eignunum og hefur skyldur gagnvart skuldum sem tengjast fyrirkomulaginu).
Réttur til eigna	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ákveðið að aðilar að sameiginlega fyrirkomulaginu deili öllum hagsmunum (þ.e. réttindum, heimildum eða eignarhaldi) sem þeir hafa í eignunum sem tengjast fyrirkomulaginu í tilteknu hlutfalli (þ.e. í hlutfalli við eignarhald í fyrirkomulaginu eða í hlutfalli við starfsemina sem fer fram í gegnum fyrirkomulagið sem beinlínis tengist þeim).	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að eignirnar sem komið var með í fyrirkomulagið eða aflað síðar af sameiginlega fyrirkomulaginu eru eignir fyrirkomulagsins. Aðilar hafa engra hagsmuna að gæta (þ.e. engin réttindi, heimildir eða eignarhald) í eignum fyrirkomulagsins.
Skuldbindingar gagnvart skuldum	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu deili öllum skuldum, skyldum, kostnaði og útgjöldum í tilteknu hlutfalli (þ.e. í hlutfalli við eignarhald aðilanna í fyrirkomulaginu eða í hlutfalli við starfsemina sem fer fram í gegnum fyrirkomulagið sem beinlínis tengist þeim).	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að sameiginlega fyrirkomulagið beri ábyrgð á skuldum og skuldbindingum fyrirkomulagsins.
		Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu beri einungis ábyrgð á fyrirkomulaginu að marki viðkomandi fjárfestinga þeirra í fyrirkomulaginu eða skuldbindinga sem þeir leggja til ógreidds eða viðbótarfjármagns til fyrirkomulagsins, eða hvorttveggja.

	Sameiginlegur rekstur	Samrekstur
	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ákveðið að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu séu ábyrgir fyrir kröfum sem þriðju aðilar setja fram.	Í samningsbundna fyrirkomulaginu kemur fram að skuldarar sameiginlega fyrirkomulagsins eiga ekki endurkröfurétt gagnvart aðilum að því er varðar skuldir eða skyldur fyrirkomulagsins.
Tekjur, gjöld, hagnaður eða tap	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ráðstöfun á hagnaði og útgjöldum á grundvelli viðkomandi framkvæmdar hvers aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu fyrir sig ákveðin. Samningsbundna fyrirkomulagið gæti t.d. fastsett að hagnaði og útgjöldum sé ráðstafað á grundvelli afkasta sem hver og einn aðili nýtir í verksmiðju sem er starfrækt sameiginlega, sem gæti verið frábrugðið eignarhlut þeirra í sameiginlega fyrirkomulaginu. Í öðrum tilvikum gætu aðilarnir hafa komið sér saman um að deila hagnaði eða tapi að því er varðar fyrirkomulagið á grundvelli tiltekins hlutfalls svo sem hlutdeild aðilanna í fyrirkomulaginu. Það kæmi ekki í veg fyrir að fyrirkomulagið teldist sameiginlegur rekstur ef aðilarnir hafa rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er hlutur hvers aðila í hagnaðinum eða tapinu ákveðinn í tengslum við starfsemi fyrirkomulagsins.
Ábyrgðir	Þess er oft krafist af aðilum að sameiginlega fyrirkomulaginu að þeir leggi fram ábyrgðir til þriðju aðila sem, t.d. fá þjónustu frá, eða veita fjármögnun til sameiginlega fyrirkomulagsins. Ákvæði um slíkar ábyrgðir, eða skuldbindingar aðilanna um að veita þær, ákvarða ekki í sjálfu sér að sameiginlega fyrirkomulagið sé sameiginlegur rekstur. Það sem ákvarðar hvort sameiginlega fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða samrekstur er hvort aðilarnir séu skuldbundnir gagnvart skuldum tengdu fyrirkomulaginu (það er ekki skilyrði að aðilarnir hafi lagt fram ábyrgðir fyrir einhverjar þeirra).	

B28 Ef það er tilgreint í samningsbundna fyrirkomulaginu að aðilar eigi rétt til eignanna og hafi skyldur gagnvart skuldum sem tengjast fyrirkomulaginu, þá eru þeir aðilar að sameiginlegum rekstri og þurfa ekki að taka tillit til annarra málavaxta og aðstæðna (liðir B29–B33) í þeim tilgangi að flokka sameiginlega fyrirkomulagið.

Mat á öðrum málavöxtum og aðstæðum

B29 Þegar ekki er tilgreint í skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins hvort aðilar hafi rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu, skulu aðilar taka tillit til annarra málavaxta og aðstæðna við mat á því hvort fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða samrekstur.

B30 Sameiginlega fyrirkomulagið getur verið byggt upp í aðskildu milligöngufélagi sem er á lagalegu formi sem leiðir til aðskilnaðar á milli aðilanna og aðskilda milligöngufélagsins. Mögulegt er að samningsskilmálarnir sem aðilarnir samþykktu sín á milli tilgreini ekki rétt aðila til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna, en að teknu tilliti til annarra málavaxta og aðstæðna gætu þeir leitt til þess að slíkt fyrirkomulag yrði flokkað sem sameiginlegur rekstur. Það væri tilfellið þegar aðrir málavextir og aðstæður veita aðilunum rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem varða fyrirkomulagið.

B31 Sé starfsemi fyrirkomulagsins fyrst og fremst byggð upp með tilliti til þess að veita aðilum afurðir, gefur það til kynna að aðilarnir hafi raunverulega rétt til alls efnahagslegs ávinnings af eignum fyrirkomulagsins. Aðilar að slíku fyrirkomulagi tryggja oft aðgengi sitt að afurðum fyrirkomulagsins með því að koma í veg fyrir að fyrirkomulagið selji þær til þriðju aðila.

B32 Áhrif fyrirkomulags sem er byggt upp á þennan hátt og í þessum tilgangi er að sjóðstreymið frá aðilunum í gegnum kaup á framleiðslunni vegi í raun upp á móti skuldunum sem fyrirkomulagið stofnar til. Þegar aðilarnir eru raunverulega einu upptök sjóðstreymis sem lagt er til áframhaldandi starfsemi fyrirkomulagsins, gefur það til kynna að aðilarnir hafi skyldur gagnvart skuldunum sem tengjast fyrirkomulaginu.

Dæmi um beitingu

Dæmi 5

Gerum ráð fyrir að tveir aðilar byggi upp sameiginlegt fyrirkomulag í einingu með réttarstöðu lögaðila (eining C) þar sem hvor aðili um sig á 50% eignarhlut. Tilgangurinn með fyrirkomulaginu er að framleiða efni sem aðilar þurfa fyrir þeirra eigin einstöku framleiðsluferli. Fyrirkomulagið tryggir að aðilar starfræki aðstöðuna þar sem efnið er unnið samkvæmt magn- og gæðaforskrift aðilanna.

Lagalegt form einingar C (eining með réttarstöðu lögaðila) þar sem starfsemin fer fram gefur upphaflega til kynna að eignir og skuldir sem haldið er í einingu C séu eignir og skuldir einingar C. Í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli aðilanna er ekki tilgreint hvort aðilarnir eigi rétt til eignanna eða hafi skyldum að gegna vegna skulda einingar C. Í samræmi við það gefur lagalegt form einingar C og skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins til kynna að fyrirkomulagið sé samrekstur.

Aðilar skulu þó samt sem áður einnig taka eftirfarandi sjónarmið til athugunar varðandi fyrirkomulagið:

– Aðilar samþykktu að kaupa alla framleiðslu einingar C í hlutfallinu 50:50. Eining C má ekki selja framleiðslu til þriðju aðila, nema aðilarnir tveir að fyrirkomulaginu samþykki það. Þar eð tilgangur fyrirkomulagsins er að veita aðilunum þá framleiðslu sem þeir þurfa má gera ráð fyrir því að sala til þriðju aðila sé óalgeng og óveruleg.

– Verðið sem framleiðslan er seld á til aðilanna er ákvarðað af báðum aðilum á því bili sem miðast við að nái yfir kostnað við framleiðsluna og stjórnunarkostnað sem eining C stofnar til. Á grundvelli þessa rekstrarkerfis er fyrirkomulaginu ætlað að vera í jafnvægi.

Í ljósi ofangreindra málsatvika skipta eftirfarandi málavextir og aðstæður máli:

– Skyldur aðila til að kaupa alla framleiðslu sem eining C framleiðir endurspeglar það að eining C er algerlega háð aðilunum um myndun sjóðstreymis og því eru aðilarnir skyldugir til að fjármagna uppgjör skulda einingar C.


– Sú staðreynd að aðilar eiga rétt á allri framleiðslu sem eining C framleiðir merkir að aðilar neyta og hafa því rétt til alls efnahagslegs ávinnings af eignum einingar C.

Þessir málavextir og aðstæður gefa vísbendingu um það að fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur. Niðurstaða flokkunarinnar á sameiginlega fyrirkomulaginu í þessum aðstæðum myndi ekki breytast ef að í stað þess að aðilarnir noti sinn hluta af framleiðslunni sjálfir í síðara framleiðsluferli, þá selji þeir sinn hluta framleiðslunnar til þriðju aðila.

Ef aðilarnir breyta skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins á þann hátt að fyrirkomulagið geti selt framleiðslu til þriðju aðila hefði það í för með sér að eining C tæki á sig áhættu af eftirspurn, birgðum og lánum. Við þær aðstæður myndi slík breyting á málavöxtum og aðstæðum krefjast endurmats á flokkun sameiginlega fyrirkomulagsins. Slíkir málavextir og aðstæður gefa vísbendingu um það að fyrirkomulagið er samrekstur.

B33 Eftirfarandi flæðirit endurspeglar matið sem eining fylgir til að flokka fyrirkomulag þegar sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag:

Flokkun á sameiginlegu fyrirkomulagi sem er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag



REIKNINGSSKIL AÐILA AÐ SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI (22. LIÐUR)

Reikningsskil vegna sölu eða framlegð eigna til sameiginlegs rekstrar

B34 Þegar eining á í viðskiptum, svo sem sölu eða framlagningu eigna, við sameiginlegan rekstur þar sem hún er sameiginlegur rekstraraðili, er hún í viðskiptum við aðra aðila að sameiginlega rekstrinum og því skal sameiginlegi rekstraraðilinn einungis færa hagnað og tap, sem rekja má til slíkra viðskipta, að því marki sem hinir aðilarnir hafa hagsmuni af í sameiginlega rekstrinum.

B35 Þegar slík viðskipti veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem selja á eða leggja á til sameiginlega rekstursins, eða um virðisrýrnunartap þessara eigna, skal sameiginlegi rekstraraðilinn færa tapið að fullu.

Reikningsskil vegna kaupa á eignum frá sameiginlegum rekstri

B36 Þegar eining á í viðskiptum, svo sem kaupum á eignum, við sameiginlegan rekstur sem hún er sameiginlegur rekstraraðili að, skal hún ekki færa sinn hluta af hagnaði og tapi fyrr en hún endurselur þriðja aðila þessar eignir.

B37 Þegar slík viðskipti veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem kaupa á eða um virðisrýrnunartap á þessum eignum skal sameiginlegi rekstraraðilinn færa sinn hluta af tapinu.

Viðbætir C

Gildistökudagur, umbreyting og afturköllun annarra IFRS-staðla

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá þeirri staðreynd og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*, IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011) og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) samtímis.

AÐLÖGUN

Samrekstur—umskipti frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð

C2 Við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal eining færa fjárfestingu sína í samrekstrinum frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Meta skal upphaflegu fjárfestinguna sem samanlagt bókfært verð eignarinnar og skuldir sem einingin gerði grein fyrir fram að þessu í hlutfallslegum samstæðureikningsskilum, þ.m.t. viðskiptavild sem er til komin vegna yfirtöku. Í því tilviki að viðskiptavildin tilheyrði áður fjárskapandi einingu, eða fjárskapandi einingaflokkum, skal einingin útdeila viðskiptavildinni á samreksturinn á grundvelli hlutfallslegs bókfærðs verðs samrekstursins og á fjárskapandi eininguna eða fjárskapandi einingarflokkana sem hún var hluti af.

C3 Upphafsstaða fjárfestingarinnar, sem ákvörðuð er í samræmi við lið C2, telst vera álitinn kostnaður fjárfestingarinnar í upphafsfærslunni. Eining skal beita liðum 40–43 í IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2001) á upphafsstöðu fjárfestingarinnar til að meta hvort fjárfestingin hefur rýrnað að virði og færa virðisrýrnunartap sem leiðréttingu á óráðstöfuðu eigin fé frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, *tekjuskattar* gildir ekki þegar eining færir hlutdeild í samrekstri, sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnanna fyrir samrekstur, sem áður var gerð grein fyrir í hlutfallslegu samstæðureikningsskilunum.

C4 Sé niðurstaða allra samanlagðra fyrri hlutfallslegu samstæðureikningsskila eigna og skulda neikvæð hrein eign, skal eining meta hvort hún hefur lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina og ef svo er, skal einingin færa samsvarandi skuld. Komist eining að þeirri niðurstöðu að hún hafi hvorki lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina skal hún ekki færa samsvarandi skuld heldur leiðrétta óráðstafað, eigið fé frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Einingin skal greina frá því ásamt uppsöfnuðum ófærðum hlut í tapi samreksturs síns frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram og á þeim degi þegar þessum IFRS-staðli er fyrst beitt.

C5 Eining skal upplýsa um sundurliðun eigna og skulda sem lagðar hafa verið saman í eina línu í fjárfestingarjöfnuðinum eins og hún var við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Þessar upplýsingar skulu gerðar á samanteknu formi varðandi allan samrekstur sem fyrirtækið beitir bráðabirgðaákvæðunum á, sem um getur í C2–C6.

C6 Eining skal, á eftir upphafsfærslu, færa hlutdeild sína í samrekstrinum með hlutdeildaraðferð í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

Sameiginlegur rekstur—umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir

C7 Eining skal, við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram, þegar umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir á sér stað, að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri, afskrá fjárfestinguna sem áður var færð með hlutdeildaraðferðinni og alla aðra þætti sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011) og færa hlut sinn í eignum og skuldum að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlega rekstrinum, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðu verði fjárfestingarinnar.

C8 Eining skal ákvarða hlutdeild sína í eignum og skuldum að því er varðar sameiginlega reksturinn á grundvelli réttinda sinna og skyldna í tilteknu hlutfalli í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið. Eining metur upphaflegt bókfært verð eigna og skulda með því að aðgreina þær frá bókfærðu verði fjárfestingarinnar við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram á grundvelli upplýsinganna sem einingin notar við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

C9 Allan mismun, sem leiðir af fjárfestingunni sem áður var færður með því að nota hlutdeildaraðferð ásamt öllum öðrum þáttum sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu, í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), og hrein fjárhæð eigna og skulda, þ.m.t. færð viðskiptavild, skal:

a) jafna saman viðskiptavild, að því er varðar fjárfestinguna, á móti eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu eigin fé við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild, er hærri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar),

b) jafna á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram, ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild er lægri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

C10 Eining sem breytir frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir skal leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda, ásamt eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

C11 Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, gildir ekki þegar eining færir eignir og skuldir sem tengjast hagsmunum hennar í sameiginlegum rekstri.

Bráðabirgðaákvæði í aðgreindum reikningsskilum einingar

C12 Eining sem, í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27, gerði áður reikningsskil í aðgreindum reikningsskilum sínum vegna hlutdeildar sinnar í sameiginlegum rekstri, sem fjárfestingu á kostnaðarverði eða í samræmi við IFRS-staðal 9, skal:

a) afskrá fjárfestinguna og færa eignina og skuldirnar að því er varðar hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við liði C7–C9,

b) leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda ásamt eftirstandandi mismun leiðréttum í óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett hefur verið fram.

C13 Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, gildir ekki þegar eining færir eignir og skuldir sem tengjast hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri í aðgreindum reikningsskilum sínum sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnanna fyrir sameiginlegan rekstur sem um getur í lið C12.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C14 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

AFTURKÖLLUN ANNARRA IFRS-STAÐLA

C15 Þessi IFRS-staðall kemur í stað eftirfarandi IFRS-staðla:

a) IAS-staðals 31, *hlutdeild í samrekstri*, og

b) SIC-túlkunar 13, *sameiginlegar rekstrareiningar — óþeningaleg framlög frá samrekstraraðilum*.

Viðbætir D

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum IFRS-stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu ráðsins á IFRS-staðli 11. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 11 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breyttir liðir eru sýndir með þeim hætti að nýr texti er undirstrikaður og texti, sem hefur verið felldur brott, er yfirstrikaður.

D1 Þessi tafla sýnir breytingarnar á eftirfarandi tilvísunum í öðrum IFRS-stöðlum.

Núverandi vísun í	sem er að finna í	í	er breytt í vísun í
IAS-staðall31, *hlutdeild í samrekstri*	IFRS-staðli 2	5. lið	IFRS-staðal 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*
	IFRS-staðli 9, (útgefinn í október 2010)	lið B4.3.12 (c-lið)	
	IAS-staðli 36	c-lið 4. liðar	
	IFRIC-túlkun 5	tilvísunum	
	IFRIC-túlkun 9	c-lið 5. liðar	
IAS-staðall 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum*	IAS-staðli 18	b-lið 6. liðar	IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*
	IAS-staðli 36	b-lið 4. liðar	
	IFRIC-túlkun 5	tilvísunum	
sameiginleg yfirráð yfir	IAS-staðli 24	9. lið (a-lið) (I-liðar) og 11. lið (b-lið)	sameiginleg yfirráð yfir
sameiginlegar rekstrareiningar	IFRS-staðli 1	fyrirsögn á undan 31. lið, 31. lið og D1 (g-lið), fyrirsögn á undan lið D14, lið D14 og D15	samrekstur
	IAS-staðli 36	fyrirsögn á undan 12. lið (h-lið) og liðum 12 (h-lið) og 12 (h-lið) (ii.-lið)	
samrekstur	IAS-staðli 12	lið 2, 15, 18 (e-lið), 24, fyrirsögn á undan 38. lið, liðum 38, 38 (a-lið), 44, 45, 81 (f-lið), 87 og 87C	sameiginlegt fyrirkomulag
	IAS-staðli 21	skilgreining á „erlendur rekstur“ í 8. lið og liðum 11 og 18	
samrekstraraðili (samrekstraraðilar)	IAS-staðli 24	b-lið 11. liðar og e-lið 19. liðar	samrekstur

IFRS-staðall 1 ***Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***

D2 Lið 39I er bætt við sem hér segir:

39I IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, gefnir út í maí 2011, breyttu liðum 31, B7, C1, D1, D14 og D15 og lið D31 var bætt við. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D3 Lið D1 er breytt sem hér segir:

D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

a) …

p) ógilding fjárskulda með eiginfjárgerningum (liður D25),

q) alvarleg óðaverðbólga (liðir D26–D30),

r) sameiginlegt fyrirkomulag (liður D31).

D4 Á eftir lið D30 er fyrirsögn og lið D31 bætt við.

Sameiginlegt fyrirkomulag

D31 Notandi sem beitir staðlinum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, með eftirfarandi undantekningu. Við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn prófa samkvæmt IAS-staðli 36, hvort fjárfestingin hafi virðisrýrnað frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram, óháð því hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun fjárfestingarinnar. Öll virðisrýrnun sem af þessu leiðir skal færð sem leiðrétt óráðstafað eigið fé frá upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

IFRS-staðall 2 *Eignarhlutatengd greiðsla*

D5 Lið 63A er bætt við sem hér segir:

63A IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, gefnir út í maí 2011, breyttu ákvæðum 5. liðar og viðauka A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRS-staðall 5 *Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*

D6 Ákvæðum 28. liðar er breytt sem hér segir:

28 Einingin skal taka með þær leiðréttingar sem þarf á bókfærðu verði fastafjármuna, sem hætt er að skilgreina til sölu, í rekstrarreikningi [neðanmálsgrein sleppt] af áframhaldandi rekstri á tímabilinu þegar skilyrðin í 7.–9. lið eru ekki lengur uppfyllt. Reikningsskilum tímabilanna frá því að hún var skilgreind sem haldið til sölu skal breytt í samræmi við þetta ef ráðstöfunarflokkurinn eða fastafjármunir, sem hætt er að skilgreina sem haldið til sölu, er dótturfélag, sameiginlegur rekstur, samrekstur, hlutdeildarfélag eða hluti hlutdeildar í samrekstri eða hlutdeildarfélagi. Einingin skal setja fram þá leiðréttingu undir sömu yfirskrift í yfirlitinu um heildarafkomu og notuð er til að setja fram ágóða eða tap, ef um slíkt er að ræða, og færa í samræmi við 37. lið.

D7 Lið 44G er bætt við sem hér segir:

44G IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefinn í maí 2011, breytir 28. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

IFRS-staðall 7 Fjármálagerningar: upplýsingagjöf

D8 Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 3. liðar:

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingu þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að nota IAS-staðal 39 við færslu hlutdeildar í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri; í þeim tilvikum …

D9 Lið 44O er bætt við sem hér segir:

44O IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu 3. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRS-staðall 9 F*jármálagerningar* (útgefinn í nóvember 2009)

D10 Við bætist liður 8.1.2 sem hér segir:

8.1.2 IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, gefnir út í maí 2011, breyttu lið C8 og felldu á brott liði C18–C23 og viðkomandi fyrirsagnir. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D11 Í lið C8 í viðbæti C er breytingunum á a-lið 3. liðar í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, breytt sem hér segir:

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil,* IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Einingum er þó í sumum tilvikum heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IAS-staðal 39 og IFRS-staðal 9, í þeim tilvikum …

D12 Fyrirsögnin á undan lið C20 og liðum C20 og C21 er felld brott.

D13 Fyrirsögnin á undan lið C22 og liðum C22 og C23 er felld brott.

IFRS-staðall 9 F*járfestingar* (útgefinn í október 2010)

D14 Við bætist liður 7.1.2 sem hér segir:

7.1.2 IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefinn í maí 2011, breytti liðum 3.2.1, B3.2.1–B3.2.3, B4.3.12 (c-lið), B5.7.15, C11 og C30 og felldi brott liði C23–C28 og tengdar fyrirsagnir. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

D15 Í lið C11 í viðbæti C er breytingunum á a-lið 3. liðar í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf* breytt sem hér segir:

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingu þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að nota IFRS-staðal 9 við færslu hlutdeildar í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri; í þeim tilvikum …

D16 Fyrirsögnin á undan lið C25 og liðum C25 og C26 er felld brott.

D17 Fyrirsögnin á undan lið C27 og liðum C27 og C28 er felld brott.

D18 Í lið C30 er breytingunum á a-lið 4. liðar í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, breytt sem hér segir:

4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) **hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9. Í þeim tilvikum …**

IAS-staðall 7 *Yfirlit um sjóðstreymi*

D19 [Á ekki við kröfur]

D20 Liðum 37 og 38 er breytt sem hér segir:

37 Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagi, samrekstri eða dótturfélagi er færð samkvæmt hlutdeildar- eða kostnaðarverðsaðferð skal fjárfestir takmarka upplýsingar í sjóðstreymisyfirlitinu við sjóðstreymi milli sín og þess sem fjárfest er í, t.d. við arð og lánveitingar.

38 Eining, sem greinir frá hlutdeild sinni í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með hlutdeildaraðferðinni skal taka með, í yfirliti sínu um sjóðstreymi, sjóðstreymið að því er varðar fjárfestingar hennar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, og dreifingu og útgreiðslu eða aðrar greiðslur á milli hennar og hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins.

D21 Ákvæði b-liðar 50. liðar falli brott.

D22 Ákvæði 57. liðar bætast við sem hér segir:

57 IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 37, 38 og 42B og felldu á brott 50. lið (b-lið). Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 12 *Tekjuskattar*

D23 [Á ekki við kröfur]

D24 [Á ekki við kröfur]

D25 Ákvæðum 39. liðar er breytt sem hér segir:

39 Eining skal færa frestaða skattskuldbindingu vegna alls tímabundins mismunar á skattskyldu í tengslum við fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum og hlutdeild í sameiginlegu fyrirkomulagi nema báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) **móðurfélagið, fjárfestirinn, samreksturinn eða samrekstraraðilinn getur stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og**

b) **…**

D26 Ákvæðum 43. liðar er breytt sem hér segir:

43 Í samkomulagi aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu er yfirleitt fjallað um skiptingu hagnaðar og þar er tilgreint hvort ákvarðanir í slíkum málum krefjist samþykkis allra aðila eða hópa aðila. Þegar samreksturinn eða samrekstraraðilinn getur stjórnað tímasetningunni á ráðstöfun hagnaðarins af sameiginlega fyrirkomulaginu og líklegt má telja að hagnaði verði ekki ráðstafað í fyrirsjáanlegri framtíð er frestuð skattskuldbinding ekki færð.

D27 Lið 98A er bætt við sem hér segir:

98A IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefinn í maí 2011, breytir liðum 2, 15, 18 (e-lið), 24, 38, 39, 43–45, 81 (f-lið), 87 og 87C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 18 *Reglulegar tekjur*

D28 [Á ekki við kröfur]

D29 Ákvæði 41. liðar bætast við sem hér segir:

41 IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefinn í maí 2011, breytir b-lið 6. liðar. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 21 *Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*

D30 [Á ekki við kröfur]

D31 Í 3. lið (b-lið) og 44. lið er „hlutfallslegum samstæðureikningsskilum“ og í 33. lið „hlutfallslegum samstæðureikningsskilum“ fellt á brott.

D32 Í 45. lið er „IAS-staðal *31, hlutdeild í samrekstri*“ fellt á brott.

D33 Síðustu málsgrein 46. liðar er breytt sem hér segir:

46 ...Sama aðferð er notuð þegar hlutdeildaraðferðinni er beitt á hlutdeildarfélög og samrekstur í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

D34 Lið 48A er breytt sem hér segir:

48A Auk ráðstöfunar á heildarhagsmunum einingar í erlendum rekstri er eftirfarandi ráðstöfun að hluta fært sem ráðstafanir:

a) ráðstöfunin að hluta sem felur í sér tap á yfirráðum yfir dótturfélagi sem nær yfir erlendan rekstur óháð því hvort einingin heldur hlut sem ekki er ráðandi í fyrrum dótturfélagi sínu eftir ráðstöfunina að hluta, og

b) þegar eftirstæðir hagsmunir eftir ráðstöfunum að hluta á hlutdeild í sameiginlegu fyrirkomulagi eða á hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem nær yfir erlendan rekstur er fjáreign sem felur í sér erlendan rekstur.

c) [felldur brott]

D35 Lið 60F er bætt við sem hér segir:

60F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3 (b-lið), 8, 11, 18, 19, 33, 44–46 og 48A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 24 *Upplýsingar um tengda aðila*

D36 Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

3 Í þessum staðli er gerð krafa um upplýsingar um tengsl tengdra aðila, viðskipti og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, hjá þeim í samstæðureikningsskilum og aðgreindum reikningsskilum móðurfélags, eða fjárfestar með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í, sem eru sett fram í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* eða IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil*. Þessi staðall gildir einnig um eigin reikningsskil.

D37 Ákvæðum 19. liðar er breytt sem hér segir:

19 Upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 18. lið, skal setja fram sérstaklega fyrir hvern eftirfarandi flokk:

a) **móðurfélagið,**

b) **einingar, sem hafa sameiginleg yfirráð yfir einingunni eða hafa veruleg áhrif á hana,**

c) **dótturfélög, ...**

D38 Ákvæðum 25. liðar er breytt sem hér segir:

25A Eining, sem reikningsskil taka til, er undanþegin frá kröfum um upplýsingar í 18. lið í tengslum við viðskipti tengdra aðila og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, við:

a) **hið opinbera, sem hefur yfirráð yfir einingunni, sem reikningsskilin taka til, eða hefur sameiginleg yfirráð yfir, eða hefur veruleg áhrif á einingunа sem reikningsskil taka til, og**

b) **aðra einingu, sem er aðili tengdur sama opinbera stjórnvaldi, sem hefur yfirráð bæði yfir einingunni, sem reikningsskilin taka til, og hinni einingunni eða, fer með sameiginlega stjórn þeirra, eða hefur veruleg áhrif á þær.**

D39 Lið 28A er bætt við sem hér segir:

28A IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IFRS-staðall 12 útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3, 9, 11 (b-lið), 15, 19 (b-lið) og (e-lið) og 25. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12.

IAS-staðall 32 *Fjármálagerningar: framsetning*

D40 Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 4. liðar:

4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) **hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er einingum þó heimilt samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að færa hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IAS-staðal 39…**

D41 Við bætist liður 97I svohljóðandi:

97I IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu a-lið 4. liðar og lið AG29. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 33 *Hagnaður á hlut*

D42 Ákvæðum 40. liðar og liðar A11 er breytt og lið 74B er bætt við sem hér segir:

40 Dótturfélag, samrekstur eða hlutdeildarfélag getur gefið út til annarra aðila en móðurfélags eða fjárfesta með sameiginleg yfirráð, eða veruleg áhrif yfir væntum almennum hlut í félaginu sem fjárfest er í og er breytanlegur í almennan hlut í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu eða í almennan hlut í móðurfélaginu eða fjárfestinum með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif (einingunni sem reikningsskilin taka til) yfir félaginu sem fjárfest er í. Ef þessir væntu, almennu hlutir dótturfélagsins, samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins hafa þynnandi áhrif á grunnhagnað á hlut í einingunni sem reikningsskilin taka til, eru þeir teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut.

A11 Væntir, almennir hlutir í dótturfélagi, samrekstrinum eða hlutdeildarfélagi sem eru annaðhvort breytanlegir í almenna hluti í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu eða í almenna hluti í móðurfélaginu eða fjárfestinum með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif (félagið sem reikningsskilin taka til) yfir félaginu sem fjárfest er í, eru teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut á eftirfarandi hátt: …

74B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 4, 40 og A11. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 36 *Virðisrýrnun eigna*

D43 Lið 140H er bætt við sem hér segir:

140H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11 útgefnir í maí 2011, breyttu 4. lið, fyrirsögninni á undan h-lið 12. liðar og h-lið 12. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 38 *Óefnislegar eignir*

D44 Eftirfarandi breytingar eru gerðar á e-lið 3. liðar:

3 Ef annar staðall mælir fyrir um færslu tiltekinnar gerðar óefnislegrar eignar beitir eining þeim staðli í stað þessa staðals. Þessi staðall gildir t.d. ekki um:

a) …

e) fjáreignir, eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 32. Fjallað er um færslu og mat á nokkrum fjáreignum í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*,

f) …

D45 Lið 130F er bætt við sem hér segir:

130F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu lið e-lið 3. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IAS-staðall 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat* (með áorðnum breytingum í október 2009)

D46 Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 2. liðar:

2 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) **hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Einingar skulu þó beita þessum staðli á hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem, samkvæmt IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28, er færð samkvæmt þessum staðli. …**

D47 Liðum AG3 og AG4I (a-lið) er breytt sem hér segir:

AG3 Stundum fjárfestir eining í því sem hún telur vera „stefnumiðaða fjárfestingu“ í eiginfjárgerningum, sem önnur eining gefur út, í því augnamiði að koma á eða viðhalda langtímarekstrartengslum við eininguna, sem fjárfest er í. Fjárfestirinn eða samrekstrareiningin notar IAS-staðal 28 til að ákvarða hvort hlutdeildaraðferðin í reikningshaldi á við um slíka fjárfestingu. Ef hlutdeildaraðferðin á ekki við beitir einingin þessum staðli á þá stefnumiðuðu fjárfestingu.

AG4I a) Einingin er áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining sem byggir starfsemi sína á fjárfestingu í fjáreignum í því skyni að hagnast á heildarávöxtun þeirra í formi vaxta eða arðs og breytinga á gangvirði. IAS-staðall 28 heimilar að slík fjárfesting sé metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við þennan staðal. Eining má beita sömu reikningsskilaaðferð á aðrar fjárfestingar sem stjórnað er á grunni heildarávöxtunar en áhrif fyrirtækisins á þær nægja ekki til að þær falli undir gildissvið IAS-staðals 28.

D48 Lið 103P er bætt við sem hér segir:

103P IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag,* útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 2 (a-lið), 15, AG3, AG36–AG38 og AG4I (a-lið). Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRIC-túlkun 5 *Réttur til hlutdeildar í sjóðum sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi, endurbyggingu og endurbótum á umhverfinu*

D49 Liðum 8 og 9 er breytt sem hér segir:

8 Framlagsgreiðandinn skal ákvarða hvort hann hefur stjórn, sameiginlega stjórn eða veruleg áhrif á sjóðinn með hliðsjón af` IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IAS-staðli 28. Ef svo er skal framlagsgreiðandi færa hlutdeild sína í sjóðnum í samræmi við þessa staðla.

9 Ef framlagsgreiðandi hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum, á ekki aðild að sameiginlegri stjórn hans eða hefur veruleg áhrif á hann skal framlagsgreiðandinn færa réttinn til að taka við endurgreiðslu frá sjóðnum sem endurgreiðslu í samræmi við IAS-staðal 37. Þessa endurgreiðslu skal meta á því sem lægra er af:

a) …

D50 Lið 14B er bætt við sem hér segir:

14B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11 útgefnir í maí 2011, breyta 8. og 9. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

IFRIC-túlkun 9 ***Endurmat innbyggðra afleiða***

D51 [Á ekki við kröfur]

D52 Ákvæði 12. liðar bætast við sem hér segir:

12 IFRS-staðall 11, útgefinn í maí 2011, breytir c-lið 5. liðar. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

IFRIC-túlkun 16 ***Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri***

D53 Neðanmálsgrein 2. liðar er breytt sem hér segir:

* Þetta á við um samstæðureikningsskil, reikningsskil þar sem eru færðar fjárfestingar, t.d. hlutdeildarfélög eða samrekstur, með hlutdeildaraðferðinni, og reikningsskil sem taka til útibúa eða sameiginlegs reksturs eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag.*

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 12, IFRS-staðall 12

Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að gera kröfu um að eining veiti upplýsingar sem gera notendum reikningsskila einingarinnar kleift að meta:

a) **einkenni og áhættu sem tengist hagsmunum hennar í öðrum einingum, og**

b) **áhrif hagsmunanna á efnahag einingarinnar, rekstrarárangur og sjóðstreymi.**

Uppfylling markmiðs

2 Til að uppfylla markmiðið í 1. lið skal eining veita upplýsingar um:

a) mikilvægt mat og forsendur sem einingin hefur framkvæmt til að ákvarða eðli hagsmuna hennar í annarri einingu eða fyrirkomulagi, og til að ákvarða gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún á hagsmuni í (liðir 7–9), og

b) upplýsingar um hagsmuni hennar í:

i. dótturfélögum (liðir 10–19),

ii. sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum (liðir 20–23), og

iii. *einingar sem eru háðar takmörkunum* sem ekki er stjórnað af einingunni (einingar sem ekki eru innan samstæðu, sem eru háðar takmörkunum) (liðir 24–31).

3 Ef upplýsingarnar, sem krafist er að birtar séu í þessum og öðrum IFRS-stöðlum, fullnægja ekki því markmiði, sem sett er fram í 1. lið, skal eining birta hvaða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það markmið náist.

4 Eining skal meta hversu nákvæmar upplýsingar hún veitir til að uppfylla kröfur þessa IFRS-staðals, og hversu mikla áherslu hún leggur á hvern þátt krafnanna. Hún skal bæta við eða fjarlægja upplýsingar, þannig að nýtanlegar upplýsingar séu ekki ógreinilegar annað hvort vegna þess að þær eru settar fram innan um fjölda óverulegra smáatriða eða samansafn þátta sem hafa ólík einkenni (sjá liði B2–B6).

GILDISSVIÐ

5 Þessum IFRS-staðli skal beitt af einingu sem á hagsmuni í a.m.k. einu af eftirfarandi:

a) dótturfélagi,

b) sameiginlegu fyrirkomulagi (þ.e. sameiginlegum rekstri eða samrekstri),

c) hlutdeildarfélagi,

d) félagi sem ekki er innan samstæðu, sem er háð takmörkunum.

6 Þessi IFRS-staðall gildir ekki um:

a) eftirlaunakerfi eða annað langtímastarfskjarakerfi sem IAS-staðall 19, *starfskjör* gildir um**,**

b) aðgreind reikningsskil einingar, sem IAS-staðall 27, *aðgreind reikningsskil* gildir um. Þó skal eining sem á hagsmuni í einingum innan samstæðu sem háðar eru takmörkunum og undirbýr aðgreind reikningsskil sem einu reikningsskilin, beita kröfunum í liðum 24–31 við undirbúning á aðgreindu reikningsskilunum,

c) hagsmuni sem haldið er af einingu sem tekur þátt í en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi nema hagsmunirnir leiði til verulegra áhrifa yfir fyrirkomulaginu eða séu hagsmunir í sérsniðinni einingu,

d) hagsmunir í annarri einingu sem skráð er í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*. Eining skal þó beita þessum IFRS-staðli þegar:

i. hagsmunirnir eru hagsmunir í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem er mæld, í samræmi við IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eða

ii. hagsmunirnir eru hagsmunir í sérsniðnum einingum, sem ekki eru í samstæðureikningi.

MIKILVÆGT MAT OG FORSENDUR

7 Eining skal birta upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem hún hefur framkvæmt (og breytingar á þessu mati og forsendum) við ákvörðun á:

a) **því hvort hún hafi yfirráð yfir annarri einingu, þ.e. félagi sem fjárfest er í og lýst er í 5. og 6. lið í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*,**

b) **því hvort hún hafi sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi eða veruleg áhrif yfir annarri einingu, og**

c) **gerð sameiginlega fyrirkomulagsins (þ.e. sameiginlega rekstursins eða samrekstursins) þegar fyrirkomulagið hefur verið byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag.**

8 Upplýsingarnar um mikilvægt mat og forsendur í samræmi við 7. lið fela í sér þær sem einingin framkvæmir ef breytingarnar varðandi málavexti og aðstæður leiða til breytinga á niðurstöðu varðandi það hvort hún hefur yfirráð, sameiginleg yfirráð eða hvort breytingar hafa orðið á verulegum áhrifum á reikningsskilatímabilinu.

9 Til að fara að 7. lið skal eining leggja fram upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða að:

a) hún hafi ekki yfirráð yfir annarri einingu, jafnvel þó að hún ráði yfir meira en helmingi atkvæðisréttar hinnar einingarinnar,

b) hún hafi yfirráð yfir annarri einingu jafnvel þó að hún ráði yfir minna en helmingi atkvæðisréttar hinnar einingarinnar,

c) hún sé umboðsaðili eða umbjóðandi (sjá liði 58–72 í IFRS-staðli 10),

d) hún hafi ekki veruleg áhrif þrátt fyrir að ráða yfir 20% atkvæðisréttar annarrar einingar, eða meira,

e) hún hafi veruleg áhrif þrátt fyrir að ráða yfir minna en 20% atkvæðisréttar annarrar einingar.

HAGSMUNIR Í DÓTTURFÉLÖGUM

10 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum samstæðureikningsskila hennar kleift

a) **að skilja:**

i. **samsetningu samstæðunnar, og**

ii. **hagsmunina, sem hlutarnir sem ekki eru ráðandi hafa í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar (12. liður), og**

b) **að meta:**

i. **eðli og umfang verulegra takmarkana á getu hennar til að fá aðgang að eða nota eignir samstæðunnar og greiða skuldir hennar (13. liður),**

ii. **eðli og breytingar á áhættu sem tengist hlutdeild einingarinnar í félagi innan samstæðu sem háð er takmörkunum (liðir 14–17),**

iii. **afleiðingar breytinga á eignarhlut einingarinnar í dótturfélagi sem hefur ekki í för með sér tap á yfirráðum (18. liður), og**

iv. **afleiðingar þess að missa yfirráð yfir dótturfélagi á reikningsskilatímabilinu (19. liður).**

11 Ef reikningsskil dótturfélags sem notuð eru við undirbúning á samstæðureikningsskilum eru dagsett frá öðrum degi eða tímabili en samstæðureikningsskilin (sjá liði B92 og B93 í IFRS-staðli 10), skal einingin leggja fram upplýsingar um:

a) dagsetninguna á lokum reikningsskilatímabilsins í reikningsskilum dótturfélagsins, og

b) ástæðu þess að nota ólíka dagsetningu eða tímabil.

Hagsmunirnir sem hlutirnir sem ekki eru ráðandi hafa í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar

12 Eining skal fyrir hvert og eitt dótturfélag, sem á hlut sem ekki er ráðandi, sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til, birta upplýsingar um:

a) heiti dótturfélagsins,

b) höfuðstöðvar dótturfélagsins (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru),

c) hlutfall eignarhalds í eigu hluta sem ekki eru ráðandi,

d) hlutfall atkvæðisréttar hluta sem ekki eru ráðandi, ef það er annað en hlutfall eignarhlutar,

e) rekstrarreikninginn sem úthlutað er til hluta dótturfélagsins sem ekki eru ráðandi á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur,

f) samansafn hluta dótturfélagsins sem ekki er ráðandi við lok reikningsskilatímabilsins,

g) samanteknar fjárhagsupplýsingar um dótturfélagið (sjá lið B10).

Eðli og umfang verulegra takmarkana

13 Eining skal birta upplýsingar um:

a) verulegar takmarkanir (t.d. lögboðnar, samningsbundnar og reglubundnar takmarkanir) á möguleikum hennar til að fá aðgang eða nota eignir og gera upp skuldir samstæðunnar, t.d.:

i. þær sem takmarka getu móðurfélags eða dótturfélaga þess til að yfirfæra handbært fé eða aðrar eignir til (eða frá) öðrum einingum í samstæðunni,

ii. ábyrgðir eða aðrar kröfur sem geta takmarkað arðgreiðslur og greiðslur á öðrum fjárúthlutunum eða lán og fyrirframgreiðslur sem veittar eru eða endurgreiddar til (eða frá) öðrum einingum innan samstæðunnar,

b) eðli og umfang verndarréttinda hlutar sem ekki er ráðandi sem getur takmarkað verulega getu einingarinnar til þess að fá aðgang að eða nota eignir og gera upp skuldir samstæðunnar (t.d. ef móðurfélag er skuldbundið til að gera upp skuldir dótturfélagsins á undan uppgjöri eigin skulda, eða ef gerð er krafa um samþykki hlutar sem ekki er ráðandi til að fá aðgang að eignum eða til að greiða skuldir dótturfélags),

c) bókfært verð eigna og skulda, sem þessar takmarkanir gilda um, í samstæðureikningsskilunum.

Eðli áhættunnar í tengslum við hagsmuni einingar í félögum innan samstæðu sem háð eru takmörkunum

14 Eining skal veita upplýsingar um skilmála alls samningsbundins fyrirkomulags sem getur haft það í för með sér að móðurfélag eða dótturfélög þess þurfi að veita sérsniðinni einingu innan samstæðu fjárstuðning, þ.m.t. atburði eða aðstæður sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi (t.d. greiðslugetufyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af félaginu sem háð er takmörkunum eða veita fjárstuðning).

15 Hafi móðurfélag eða eitt dótturfélaga þess, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar innan samstæðu sem háð er takmörkunum án þess að vera skuldbundið til þess samkvæmt samningi (t.d. kaup á eignum félagsins sem háð er takmörkunum eða gerningum sem það hefur gefið út), skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er, þ.m.t. aðstæður þar sem móðurfélagið eða dótturfélög þess aðstoða sérsniðnu eininguna sem háð er takmörkunum við að fá fjárstuðning, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

16 Hafi móðurfélag eða eitt dótturfélaga þess, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar, sem fram að þessu var ekki innan samstæðu sem háð er takmörkunum, og stuðningurinn varð til þess að einingin öðlaðist yfirráð yfir einingunni sem háð er takmörkunum, skal einingin leggja fram skýringu um þá þætti sem lágu til grundvallar ákvörðuninni.

17 Eining skal veita upplýsingar um öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til félags innan samstæðu sem háð er takmörkunum, þ.m.t. áform um að aðstoða félagið sem er háð takmörkunum við að fá fjárstuðning.

Afleiðingar breytinga á eignarhlut móðurfélags í dótturfélagi sem hefur ekki í för með sér tap á yfirráðum

18 Eining skal birta áætlun sem sýnir áhrif breytinga á eignarhaldi í dótturfélagi á eigið fé, sem tilheyrir eigendum móðurfélagsins, sem leiða ekki til taps á yfirráðum.

Afleiðingar þess að missa yfirráð yfir dótturfélagi á reikningsskilatímabilinu

19 Eining skal veita upplýsingar um hagnað eða tap, ef eitthvert er, útreiknað í samræmi við 25. lið IFRS-staðals 10, og:

a) mæla þann hluta hagnaðarins eða tapsins á hverja þá fjárfestingu sem tilheyrir og er haldið í fyrrverandi dótturfélagi á gangverði dagsins, sem yfirráðin töpuðust, og

b) sérlínu/sérlínum í rekstrarreikningi þar sem hagnaður eða tap er fært (ef ekki er gerð grein fyrir því sérstaklega).

HLUTDEILD Í SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI OG HLUTDEILDARFÉLÖGUM

20 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta:

a) **eðli, umfang og fjárhagsleg áhrif af hagsmunum hennar í sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum, þ.m.t. eðli og áhrif samningsbundinna tengsla við aðra fjárfesta sem hafa sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum (21. og 22. liður), og**

b) **eðli og breytingar á áhættu sem tengist hagsmunum einingarinnar í samrekstri og hlutdeildarfélögum (23. liður).**

Eðli, umfang og fjárhagsleg áhrif af hagsmunum einingar í sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum

21 Eining skal birta upplýsingar um:

a) fyrir hvert og eitt sameiginlegt fyrirkomulag og hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskilin taka til:

i. heiti sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins,

ii. með hvaða hætti einingin tengist sameiginlega fyrirkomulaginu eða hlutdeildarfélaginu (t.d. með því að lýsa eðli starfsemi sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins, og hvort hún er stefnumótandi fyrir starfsemi einingarinnar),

iii. höfuðstöðvar (og landið þar sem þær voru stofnaðar, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru) sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins,

iv. hlutfall eignarhlutar eða hlutar í hlutdeildinni í eigu einingarinnar og, ef það er ekki það sama, hlutfall atkvæðisréttar sem hún hefur (ef við á),

b) fyrir hvern og einn samrekstur og hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskilin taka til:

i. hvort hlutdeildin í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu er mæld með hlutdeildaraðferðinni eða á gangvirði,

ii. samantekt á fjárhagsupplýsingum um samreksturinn eða hlutdeildarfélagið eins og tilgreint er í liðum B12 og B13,

iii. ef samreksturinn eða hlutdeildarfélagið er fært með hlutdeildaraðferðinni, gangvirði fjárfestingarinnar í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu, ef um skráð markaðsverð á fjárfestingunni er að ræða,

c) fjárhagsupplýsingar eins og tilgreindar eru í lið B16 varðandi hlutdeild í samrekstri og hlutdeildarfélagi, sem ekki eru mikilvægar einar og sér:

i. í samanteknu formi fyrir einstök smávægileg sameiginleg verkefni, og á aðskilinn máta,

ii. í samanteknu formi fyrir einstök smávægileg hlutdeildarfélög.

22 Eining skal birta upplýsingar um:

a) eðli og umfang allra mikilvægra takmarkana (t.d. vegna lánafyrirkomulags, krafna samkvæmt reglum eða samningsbundins fyrirkomulags á milli fjárfesta með sameiginleg yfirráð eða sem hafa veruleg áhrif á samrekstur eða hlutdeildarfélag) sem varða getu samreksturs eða hlutdeildarfélaga til að flytja fjármuni til einingarinnar í formi arðgreiðslna í handbæru fé, eða til að endurgreiða lán eða fyrirframgreiðslur sem einingin hefur framkvæmt,

b) reikningsskil samrekstrar eða hlutdeildarfélaga sem notuð eru við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar ef þau eru ekki frá sama degi eða tímabili og einingin lagði til grundvallar:

i. dagsetninguna á lokum reikningsskilatímabilsins í reikningsskilum samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins, og

ii. ástæðu þess að nota ólíka dagsetningu eða tímabil,

c) ófærðan hlut í tapi samrekstrar eða hlutdeildarfélagi bæði frá reikningsskilatímabilinu og uppsafnaðan, ef einingin hætti að færa hlut í tapi samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

Áhætta sem tengist hagsmunum einingarinnar í samrekstri og hlutdeildarfélögum

23 Eining skal birta upplýsingar um:

a) skuldbindingar hennar í tengslum við samrekstur, aðskilið frá fjárhæð annarra skuldbindinga eins og tilgreint er í liðum B18-B20,

b) óvissar skuldir sem stofnað er til í tengslum við hagsmuni í samrekstri eða hlutdeildarfélögum (þ.m.t. hlut hennar í óvissum skuldum sem stofnað er til sameiginlega með öðrum fjárfestum sem hafa sameiginleg yfirráð yfir, eða veruleg áhrif á samreksturinn eða hlutdeildarfélögin), aðskilið frá fjárhæð annarra óvissra skulda, í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir* nema ef líkurnar á tapi eru óverulegar.

HAGSMUNIR Í EININGUM SEM EKKI ERU INNAN SAMSTÆÐU SEM ERU HÁÐAR TAKMÖRKUNUM

24 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift:

a) **að skilja eðli og umfang hagsmuna hennar í einingum sem ekki eru innan samstæðu sem eru háðar takmörkunum (liðir 26–28), og**

b) **að skilja eðli og breytingar á áhættu sem tengist hagsmunum einingarinnar í einingum sem ekki eru innan samstæðu sem eru háðar takmörkunum (liðir 29-31).**

25 Krafan um upplýsingar sem sett er fram í b-lið 24. liðar felur í sér upplýsingar um áhættu einingarinnar vegna þátttöku hennar í sérsniðnum einingum sem ekki eru innan samstæðu á fyrri tímabilum (t.d. sem stuðningur til sérsniðinnar einingar sem er innan samstæðu), jafnvel þó einingin hafi ekki lengur neinar samningsbundin tengsl gagnvart sérsniðnu einingunni á reikningsskiladeginum.

Eðli hagsmuna

26 Eining skal greina frá eigindlegum og tölulegum upplýsingum varðandi hagsmuni sína í sérsniðnum einingum sem ekki eru innan samstæðu, þ.m.t. en takmarkast ekki við, eðli, tilgang, stærð og starfsemi sérsniðnu einingarinnar og hvernig hún er fjármögnuð.

27 Hafi eining stutt sérsniðna einingu sem ekki er innan samstæðu, en ekki lagt fram þær upplýsingar sem gerð er krafa um, í 29. lið, að hún veiti (t.d. vegna þess að hún á ekki hagsmuni í einingunni á reikningsskiladeginum), skal einingin leggja fram upplýsingar um:

a) hvernig hún ákvarðar hvaða sérsniðnu einingar hún hefur stutt,

b) *tekjur af þessum sérsniðnu einingum* á meðan á reikningsskilatímabili stendur, þ.m.t. lýsing á því hvers konar tekjur eru settar fram, og

c) bókfært verð (á yfirfærslutímapunktinum) allra eigna sem færðar eru yfir til þessara sérsniðnu eininga á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur.

28 Eining skal leggja fram upplýsingarnar í 27. lið (b- og c-lið) í töflu, nema annað form eigi betur við, og flokka stuðningsaðgerðir sínar í viðeigandi flokka (sjá liði B2–B6).

Eðli áhættu

29 Eining skal veita á töfluformi, nema annað form eigi betur við, samantekt á:

a) bókfærðu verði eigna og skulda sem færðar eru í reikningsskilum hennar varðandi hagsmuni hennar í félagi sem ekki er innan samstæðu sem háð er takmörkunum,

b) sérlínu í efnahagsreikningnum þar sem þessar eignir og skuldir eru færðar,

c) fjárhæðinni sem gefur besta mynd af hámarksáhættu einingarinnar á tapi frá hagsmunum hennar í félagi sem ekki er innan samstæðu sem háð er takmörkunum, þ.m.t. hvernig hámarksáhættan á tapi er ákvörðuð. Geti eining ekki ákvarðað hámarksáhættu á tapi frá hagsmunum hennar í einingu sem ekki er innan samstæðu skal hún veita upplýsingar um þá staðreynd og ástæður þess,

d) samanburði bókfærðs verðs eigna og skulda einingarinnar er varða hagsmuni hennar í einingum sem ekki eru innan samstæðu sem háð eru takmörkunum og hámarksáhættu einingarinnar á tapi vegna þessara eininga.

30 Hafi eining, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar sem ekki er innan samstæðu, sem hún átti eða á hlutdeild í (t.d. kaup á eignum félagsins sem háð er takmörkunum eða gerningum sem sérsniðna einingin hefur gefið út), skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er, þ.m.t. aðstæður þar sem eining aðstoðaði sérsniðnu einingunа við að fá fjárstuðning, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

31 Eining skal veita upplýsingar um öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar sem ekki er innan samstæðu, þ.m.t. áform um að aðstoða sérsniðnu einingunа við að fá fjárstuðning.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

tekjur af sérsniðnum einingum Að því er varðar þennan IFRS-staðal fela tekjur frá **sérsniðinni einingu** í sér, en takmarkast ekki við, viðvarandi og einstök gjöld, hlutdeild, arð, hagnað eða tap vegna endurmats eða afskráningar á hlutdeild í sérsniðnum einingum og hagnað eða tap vegna yfirfærslu á eignum og skuldum yfir í sérsniðnu einingunа.

hagsmunir í annarri einingu Að því er varðar þennan IFRS-staðal vísa hagsmunir í annarri einingu til samningsbundinnar þátttöku og þátttöku utan samninga, sem ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu einingarinnar. Hægt er að staðfesta hagsmuni í annarri einingu með, en takmarkast þó ekki við, eignarhlutdeild í eiginfjár- eða skuldagerningum sem og með öðrum gerðum af þátttöku svo sem með veitingu fjármagns, lausafjárstuðningi, ábyrgðum og því að bæta lánshæfi. Þetta felur í sér með hvaða hætti eining hefur yfirráð eða sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir annarri einingu. Eining hefur ekki endilega hagsmuni í annarri einingu eingöngu vegna hefðbundins sambands á milli viðskiptavinar og afhendingaraðila.

Liðir B7–B9 veita frekari upplýsingar um hagsmuni í öðrum einingum.

Liðir B55–B57 í IFRS-staðli 10 útskýra breytileika ávöxtunar.

sérsniðin eining	Eining sem hefur verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða sambærileg réttindi er ekki veigamesti þáttur við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir einingunni, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi. Liðir B22–B24 veita frekari upplýsingar um einingar sem háðar eru takmörkunum.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011), IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011), IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

– hlutdeildarfélag

– samstæðureikningsskil

– yfirráð yfir einingu

– hlutdeildaraðferð

– samstæða

– sameiginlegt fyrirkomulag

– sameiginleg yfirráð

– sameiginlegur rekstur

– samrekstur

– hlutur sem ekki er ráðandi

– móðurfélag

– verndarréttindi

– viðeigandi starfsemi

– aðgreind reikningsskil

– aðskilið milligöngufélag

– veruleg áhrif

– dótturfélag.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.-31. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumar hliðar dæmanna geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og aðstæður tiltekinna málavaxta við beitingu IFRS-staðals 12.

SAMSAFN (4. LIÐUR)

B2 Einingunni ber að ákveða, í ljósi kringumstæðna, hversu mikið af upplýsingum henni ber að veita til að uppfylla upplýsingaþörf notenda og hversu mikla áherslu hún leggur á ólíka þætti krafnanna og hvernig hún safnar upplýsingunum saman. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli reikningsskila sem eru full af óþörfum smáatriðum og koma notendum ekki að gagni og reikningsskila þar sem upplýsingar verða torræðar vegna þess að upplýsingar hafa verið dregnar of mikið saman.

B3 Eining getur safnað saman upplýsingunum, sem krafist er í þessum IFRS-staðli, að því er varðar hagsmuni í sambærilegum einingum ef samansafnið er í samræmi við markmiðið um veitingu upplýsinga og kröfuna í lið B4, og verður ekki til þess að veittar upplýsingar verði óskýrar. Eining skal veita upplýsingar um það hvernig hún safnaði saman hagsmunum sínum í sambærilegum einingum.

B4 Eining skal setja fram aðgreindar upplýsingar vegna hagsmuna í:

a) dótturfélögum,

b) samrekstri,

c) sameiginlegum rekstri,

d) hlutdeildarfélögum, og

e) einingum sem ekki eru innan samstæðu sem háð eru takmörkunum.

B5 Við ákvörðun á því hvort safna eigi saman upplýsingum, skal eining taka tillit til megindlegra og eigindlegra upplýsinga varðandi ólík einkenni áhættu og tekna hverrar einingar, sem hún hefur í huga að safna saman, fyrir sig og mikilvægi hverra þessara eininga fyrir eininguna, sem reikningsskilin taka til. Einingin skal birta upplýsingarnar á þann hátt sem útskýrir, fyrir notendum reikningsskilanna, greinilega eðli og umfang hlutdeildar hennar í öðrum einingum.

B6 Þau dæmi um stig samsöfnunar innan einingaflokkanna sem settir eru fram í lið B4 sem gætu verið viðeigandi eru:

a) eðli starfseminnar (t.d. rannsókna- og þróunareining, eining hlaupandi verðbréfunar kreditkortakrafna),

b) atvinnugreinaflokkun,

c) landfræðileg lega (t.d. land eða svæði).

HAGSMUNIR Í ÖÐRUM EININGUM

B7 Hagsmunir í annarri einingu vísa til samningsbundinnar þátttöku og þátttöku utan samninga, sem ber áhættu fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu hinnar einingarinnar. Við mat á því hvort einingin sem reikningsskilin taka til eigi hagsmuni í annarri einingu getur verið hjálplegt að íhuga tilgang og uppbyggingu þeirrar einingar, og þá hvort að gerð er krafa í þessum IFRS-staðli um upplýsingagjöf af hennar hálfu. Með matinu skal tekið tillit til áhættunnar, sem hin einingin var byggð upp til að skapa, og þeirrar sem á að flytja yfir á eininguna sem reikningsskilin taka til og aðra aðila.

B8 Eining sem reikningsskil taka til ber venjulega áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af frammistöðu hinnar einingarinnar með eignarhlutdeild í gerningum (t.d. eiginfjár- eða skuldagerningum sem hin einingin gefur út) eða vegna annarra tengsla sem taka við breytileika. Gerum til dæmis ráð fyrir því að sérsniðin eining eigi lánasafn. Sérsniðna einingin fær skuldatryggingu frá annarri einingu (einingunni sem reikningsskilin taka til) til að verja sig fyrir vanskilum á hlutdeild og afborgunum af höfuðstól lánanna. Einingin sem reikningsskilin taka til hefur aðild sem ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af frammistöðu sérsniðnu einingarinnar vegna þess að skuldatryggingin tekur við breytileika ávöxtunar sérsniðnu einingarinnar.

B9 Sumir gerningar eru hannaðir til að yfirfæra áhættu frá einingu sem reikningsskilin taka til yfir á aðra einingu. Slíkir gerningar búa til breytileika ávöxtunar fyrir hina eininguna en hafa venjulega ekki þau áhrif að einingin sem reikningsskilin taka til beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu hinnar einingarinnar. Gerum til dæmis ráð fyrir því að sérsniðinni einingu sé komið á fót til að miðla fjárfestingatækifærum til fjárfesta, sem óska eftir því að bera lánsáhættu fyrir einingu Z (eining Z er ótengd öllum aðilum sem koma að fyrirkomulaginu). Sérsniðna einingin fær fjármögnun með því að gefa út skuldabréf, sem tengjast lánsáhættu einingar Z (lánshæfistengd skuldabréf), til þessara fjárfesta og notar ávinninginn af þeim til að fjárfesta í áhættulausum fjáreignum. Sérsniðna einingin verður varnarlaus gagnvart lánsáhættu einingar Z við það að ganga inn í skuldatryggingu með mótaðila í skiptasamningi. Skuldatryggingin felur í sér að útlánaáhætta einingar Z flyst yfir á sérsniðnu eininguna gegn gjaldi frá mótaðila skiptasamningsins. Fjárfestarnir í sérsniðnu einingunni fá hærri ávöxtun sem endurspeglar hvort tveggja hagnaðinn af eignasafni sérsniðnu einingarinnar og skuldatryggingargjaldið. Mótaðilinn í skiptasamningnum hefur ekki aðild að sérsniðnu einingunni, sem ber þannig áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu sérsniðnu einingarinnar, því skuldatryggingin felur í sér að breytileikinn er fluttur yfir á sérsniðnu eininguna, í staðinn fyrir að taka við breytileika ávöxtunar sérsniðnu einingarinnar.

SAMANTEKT Á FJÁRHAGSUPPLÝSINGUM DÓTTURFÉLAGA, SAMREKSTRAR OG HLUTDEILDARFÉLAGA (12. OG 21. LIÐUR)

B10 Eining skal, fyrir hvert dótturfélag sem á hlut sem ekki er ráðandi sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til, veita upplýsingar um:

a) arðgreiðslur til hluta sem ekki eru ráðandi,

b) samanteknar fjárhagsupplýsingar varðandi eignir, skuldir, rekstrarreikning og sjóðstreymi dótturfélagsins sem gera notendum kleift að skilja hlutdeild hlutanna sem ekki eru ráðandi í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar. Þessar upplýsingar geta náð yfir, en takmarkast ekki við, t.d. veltufjármuni, fastafjármuni, skammtímaskuldir, langtímaskuldir, tekjur, rekstrarreikning og samanlagða heildarafkomu.

B11 Samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í lið B10 (b-lið) skulu vera fjárhæðirnar fyrir niðurfellingar innan samstæðu.

B12 Eining skal, fyrir hvern samrekstur og hvert hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskilin taka til, veita upplýsingar um:

a) arðgreiðslur frá samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu,

b) samanteknu fjárhagsupplýsingarnar fyrir samreksturinn eða hlutdeildarfélagið (sjá liði B14 og B15) þ.m.t., en takmarkast þó ekki endilega við:

i. veltufjármuni,

ii. fastafjármuni,

iii. skammtímaskuldir,

iv. langtímaskuldir,

v. tekjur,

vi. hagnað eða tap af reglulegri starfsemi,

vii. hagnað eða tap aflagðrar starfsemi eftir skatta,

viii. aðra heildarafkomu,

ix. samanlagða heildarafkomu.

B13 Eining skal veita upplýsingar, til viðbótar við samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í lið B12, fyrir hvern samrekstur sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskil taka til, um fjárhæð:

a) handbærs fjár og ígildi handbærs fjár sem fellur undir lið B12 (i.-lið, b-liðar),

b) skammtíma fjárskuldbindinga (að undanskildum viðskiptaskuldum og öðrum skuldum) sem falla undir lið B12 (iii.-lið b-liðar),

c) langtíma fjárskuldbindingar (að undanskildum viðskiptaskuldum og öðrum skuldum) sem falla undir lið B12 (iv.-lið b-liðar),

d) afskrifta og lækkana,

e) vaxtatekna,

f) vaxtakostnaðar,

g) tekjuskattskostnaðar eða tekna.

B14 Samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem lagðar eru fram í samræmi við liði B12 og B13 skulu vera fjárhæðirnar í reikningsskilum samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins (og ekki hlutur einingarinnar í þessum fjárhæðum), samkvæmt IFRS-stöðlum. Geri eining grein fyrir hlutdeild sinni í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu með hlutdeildaraðferð skal:

a) leiðrétta fjárhæðina í reikningsskilum samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins, samkvæmt IFRS-stöðlum, til að endurspegla leiðréttingar sem einingin framkvæmdi með hlutdeildaraðferðinni, t.d. leiðréttingar á gangvirði sem gerðar voru á þeim tíma sem kaupin fóru fram og leiðréttingar vegna mismunandi reikningsskilaaðferða,

b) einingin veita afstemmingu á samantekt fjárhagsupplýsinganna, sem lagðar eru fram, við bókfærða verðið á hlutdeild hennar í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu.

B15 Eining getur lagt fram samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í liðum B12 og B13 á grundvelli reikningsskila samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins ef:

a) eining mælir hlutdeild sína í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011), og

b) samrekstur eða hlutdeildarfélagið gerir ekki reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum, og gerð reikningsskila á þeim grundvelli myndi vera óhentug eða hafa óþarfan kostnað í för með sér.

Í því tilviki skal einingin veita upplýsingar um grundvöllinn sem samanteknu fjárhagsupplýsingarnar voru gerðar á.

B16 Eining skal veita upplýsingar um bókfært verð hlutdeildar sinnar, á samanteknu formi, fyrir allan einstakan smávægilegan samrekstur eða hlutdeildarfélög sem eru færð með hlutdeildaraðferðinni. Eining skal einnig veita upplýsingar, á aðskilinn hátt, um samanlagða fjárhæð sinnar hlutdeildar í þessum samrekstri eða hlutdeildarfélögum:

a) hagnaðar eða taps af reglulegri starfsemi,

b) hagnaðar eða taps aflagðrar starfsemi eftir skatta,

c) annarrar heildarafkomu,

d) samanlagðrar heildarafkomu.

Eining veitir aðgreindar upplýsingar fyrir samrekstur og hlutdeildarfélög.

B17 Þegar hlutdeild einingar í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi (eða hluti hlutdeildar í samrekstri eða hlutdeildarfélagi) er flokkuð undir haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, er þess ekki krafist af einingunni að hún veiti upplýsingar um samantekt á fjárhagsupplýsingum fyrir það dótturfélag, samrekstur eða hlutdeildarfélag í samræmi við liði B10–B16.

SKULDBINDINGAR SAMREKSTRAR (LIÐUR 23A)

B18 Eining skal veita upplýsingar um heildarskuldbindingar sem hún hefur gengist undir en ekki fært á reikningsskiladeginum (þ.m.t. hlut einingarinnar í skuldbindingum sem hún gekkst undir ásamt öðrum fjárfestum með sameiginleg yfirráð yfir samrekstrinum) varðandi hlutdeild hennar í samrekstri. Skuldbindingarnar eru þær sem gætu orsakað framtíðarútsreymi handbærs fjár eða annars fjármagns.

B19 Ófærðar skuldbindingar sem gætu orsakað framtíðarútstreymi handbærs fjár eða annars fjármagns taka til:

a) ófærðra skuldbindinga um að taka þátt í fjármögnun eða fjármagni vegna t.d.:

i. stofnskrár- eða kaupsamnings samreksturs (sem krefst þess t.d. að eining taki þátt í fjármögnun yfir tiltekinn tíma),

ii. fjármagnsfrekra verkefna sem samreksturinn tók sér fyrir hendur,

iii. skilyrðislausrar kaupskyldu, sem felur í sér innkaup á tækjabúnaði, vörubirgðum eða þjónustu sem einingin er skuldbundin til að kaupa af, eða fyrir hönd samrekstrar,

iv. ófærðra skuldbindinga um að veita lán eða annan fjárstuðning til samrekstrar,

v. ófærðra skuldbindinga um að leggja samrekstri til fjármagn, t.d. eignir eða þjónustu,

vi. aðrar óuppsegjanlegar ófærðar skuldbindingar varðandi samrekstur,

b) ófærðar skuldbindingar um að kaupa eignarhlut annars aðila (eða hluta af eignarhlutnum) í samrekstri ef tiltekinn atburður á sér stað eða á sér ekki stað í framtíðinni.

B20 Kröfurnar og dæmin sem sett eru fram í liðum B18 og B19 sýna nokkrar gerðir af upplýsingum sem gerð er krafa um að veittar séu í 18. lið IAS-staðals 24, *upplýsingar um tengda aðila*.

HLUTDEILD Í SÉRSNIÐINNI EININGU SEM EKKI ER Í SAMSTÆÐU (LIÐIR 24–31)

Sérsniðnar einingar

B21 Sérsniðin eining er eining sem hefur verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða lík réttindi eru ekki veigamesti þátturinn við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir einingunni, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi.

B22 Sérsniðin eining hefur oft nokkur eða öll eftirfarandi einkenni eða eiginleika:

a) afmarkaða starfsemi,

b) þröngt og vel skilgreint markmið, t.d. í þeim tilgangi að gera leigusamning sem er skattalega skilvirkur, framkvæma rannsóknir og þróunarstarfsemi, veita einingu uppsprettu fjármagns eða fjármögnunar eða veita fjárfestum fjárfestingartækifæri með því að flytja áhættu og ágóða sem tengist eignum sérsniðnu einingarinnar yfir á fjárfestana,

c) ekki nægt eigið fé til að sérsniðna einingin geti fjármagnað starfsemi sína án víkjandi fjárstuðnings,

d) fjármögnun á formi margra samningsbundinna gerninga til fjárfesta, sem veldur samþjöppun á lánum eða annarri áhættu (lagskipt).

B23 Dæmi um einingar sem eru álitnar sérsniðnar fela í sér, en takmarkast ekki við:

a) verðbréfunarmilligöngufélög,

b) eignavarða fjármögnun,

c) suma fjárfestingarsjóði.

B24 Eining er ekki sérsniðin eining sem stýrt er með atkvæðisrétti, einfaldlega vegna þess t.d. að hún fær fjármögnun frá þriðju aðilum í kjölfar endurskipulagningar.

Eðli áhættu sem fylgir hlutdeild í sérsniðinni einingu sem ekki er í samstæðu (liðir 29–31)

B25 Til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er í liðum 29–31, skal eining veita þær viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla upplýsingamarkmiðið í b-lið 24. liðar.

B26 Dæmi um viðbótarupplýsingar sem, með hliðsjón af aðstæðum, gætu varðað mat á áhættu sem einingin er óvarin fyrir þegar hún á hlutdeild í sérsniðinni einingu sem ekki er í samstæðu eru:

a) skilmálar fyrirkomulags þar sem þess getur verið krafist að einingin veiti sérsniðinni einingu fjárstuðning (t.d. greiðslugetufyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af einingunni sem háð er takmörkunum eða veita fjárstuðning), þ.m.t.:

i. lýsingu á atburðum eða aðstæðum sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi,

ii. hvort það séu einhverjir skilmálar sem myndu takmarka skylduna,

iii. hvort að það séu einhverjir aðrir aðilar sem veita fjárstuðning og ef svo er, hvernig skyldur einingarinnar sem reikningsskil taka til raðast saman við skyldur hinna aðilanna,

b) tap sem einingin verður fyrir á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur er varðar hlutdeild hennar í sérsniðnu einingunni sem ekki er í samstæðu,

c) tekjuliðir einingarinnar á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur er varðar hlutdeild hennar í sérsniðnu einingunni sem ekki er í samstæðu,

d) hvort að gerð sé krafa um að eining taki á sig tap sérsniðnu einingarinnar sem ekki er í samstæðu á undan öðrum aðilum, hámark tapsins fyrir eininguna, (og ef við á) röðun og fjárhæð taps aðila sem eiga lægri hlutdeild en hlutdeild einingarinnar í sérsniðnu einingunni sem ekki er í samstæðu,

e) upplýsingar um greiðslugetufyrirkomulag, ábyrgðir eða aðrar skuldbindingar við þriðju aðila sem gætu haft áhrif á gangvirði eða áhættu í tengslum við hlutdeild einingarinnar í sérsniðnum einingum sem ekki eru í samstæðu,

f) öll vandkvæði sem sérsniðin eining sem ekki er í samstæðu hefur staðið frammi fyrir við fjármögnun á starfsemi sinni á meðan á reikningsskilatímabilinu stóð,

g) í tengslum við fjármögnun á sérsniðinni einingu sem ekki er í samstæðu, form fjármögnunarinnar (t.d. viðskiptabréf eða meðallangt skuldabréf) og veginn meðalendingartími. Þessar upplýsingar gætu falið í sér lánstímagreiningu á eignunum og fjármögnuninni á sérsniðinni einingu sem ekki er í samstæðu ef sérsniðna einingin á langtímaeignir sem fjármagnaðar eru með skammtímafjármögnun.

Viðbætir C

Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr.

C2 Eining er hvött til þess að veita upplýsingarnar sem krafist er í þessum IFRS-staðli áður en árstímabilið hefst, þann 1. janúar 2013 eða síðar. Framlagning nokkurra þeirra upplýsinga sem krafist er í þessum IFRS-staðli skuldbindur ekki eininguna til að uppfylla kröfur þessa IFRS-staðals eða til að beita IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011) og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) fyrr.

TILVÍSANIR Í IFRS-STAÐAL 9

C3 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

Viðbætir D

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum IFRS-stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu ráðsins á IFRS-staðli 12. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 12 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breyttir liðir eru sýndir með þeim hætti að nýr texti er undirstrikaður og texti, sem hefur verið felldur brott, er yfirstrikaður.

IAS-staðall 1 *Framsetning reikningsskila*

D1 Ákvæðum 119. og 124. liðar er breytt og lið 139H er bætt við sem hér segir:

119 ... Dæmi er veiting upplýsinga varðandi það hvort eining beitir gangvirði eða kostnaðarverðslíkani á fjárfestingareign sína (sjá IAS-staðal 40, *fjárfestingareignir*). Í sumum IFRS-stöðlum er gerð sérstök krafa um upplýsingar um tilteknar reikningsskilaaðferðir, m.a. þegar stjórnendur velja úr mismunandi aðferðum sem leyfðar eru í stöðlunum. …

124 Gerð er krafa um nokkuð af þeim upplýsingum, sem veita skal í samræmi við 122. lið, í öðrum IFRS-stöðlum. Til dæmis er þess krafist í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* að einingin veiti upplýsingar um matið sem hún framkvæmdi við ákvörðun á því hvort hún hafi yfirráð yfir annarri einingu. Í IAS-staðli 40 er gerð krafa um ...

139H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 12 útgefnir í maí 2011, breyta 4., 119., 123. og 124. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 12.

IAS-staðall 24 *Upplýsingar um tengda aðila*

D2 Ákvæðum 15. liðar er breytt og lið 28A er bætt við sem hér segir.

15 Krafan um upplýsingar um tengsl milli tengdra aðila í móðurfélagi og dótturfélögum þess er til viðbótar við upplýsingaskylduna í IAS-staðli 27 og IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

28A IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IFRS-staðall 12, útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3, 9, 11 (b-lið), 15, 19 (b-lið og e-lið) og 25. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL, IAS-STAÐALL 27

Aðgreind reikningsskil

MARKMIÐ

1 Markmið þessa staðals er að lýsa kröfum um reikningshald og upplýsingagjöf við fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum þegar eining gerir aðgreind reikningsskil.

GILDISSVIÐ

2 Staðlinum skal beitt við færslu fjárfestinga í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum þegar eining velur að setja fram aðgreind reikningsskil eða krafa er um það í reglum þarlendra yfirvalda.

3 Í þessum staðli er ekki mælt fyrir um hvaða einingar skuli leggja fram aðgreind reikningsskil. Hann gildir þegar eining gerir aðgreind reikningsskil sem eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

SKILGREININGAR

4 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Samstæðureikningsskil* eru reikningsskil samstæðu þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis móðurfélags og dótturfélaga þess er eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.**

***Aðgreind reikningsskil* eru reikningsskil sem móðurfélag (t.d. fjárfestir með yfirráð yfir dótturfélagi) leggur fram, eða fjárfestir með sameiginleg yfirráð, eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í, þar sem fjárfestingar eru færðar á kostnaðarverði eða í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*.**

5 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í viðbæti A í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, viðbæti A í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og 3. lið IAS-staðals 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*:

- hlutdeildarfélag
- yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í
- samstæða
- sameiginleg yfirráð
- samrekstur
- samrekstraraðili
- móðurfélag
- veruleg áhrif
- dótturfélag.

6 Aðgreind reikningsskil eru reikningsskil sem eru sett fram til viðbótar samstæðureikningsskilum, eða til viðbótar við reikningsskil þar sem fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri eru færðar með hlutdeildaraðferðinni, nema í þeim aðstæðum sem settar eru fram í 8. lið. Aðgreind reikningsskil þurfa ekki að vera í viðbæti við þau reikningsskil eða fylgja þeim.

7 Reikningsskil þar sem hlutdeildaraðferðinni er beitt eru ekki aðgreind reikningsskil. Á sama hátt eru reikningsskil einingar, sem ekki á dótturfélag, hlutdeild í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, ekki aðgreind reikningsskil.

8 Eining, sem er undanþegin samstæðu í samræmi við a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10 eða því að nota hlutdeildaraðferð samkvæmt 17. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), getur sett fram aðgreind reikningsskil sem sín einu reikningsskil.

UNDIRBÚNINGUR AÐGREINDRA REIKNINGSSKILA

9 Aðgreind reikningsskil skulu gerð í samræmi við alla gildandi IFRS-staðla, að undanskildu því sem kveðið er á um í 10. lið.

10 Þegar eining gerir aðgreind reikningsskil skal hún gera grein fyrir fjárfestingum í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum annað hvort:

a) **á kostnaðarverði eða**

b) **í samræmi við IFRS-staðal 9.**

Einingin skal beita sömu reikningsskilum fyrir hvern fjárfestingarflokk. Fjárfestingar, sem færðar eru á kostnaðarverði, skulu færðar í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi,* þegar þær eru skilgreindar í sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu). Mati á fjárfestingum, sem færðar eru í samræmi við IFRS-staðal 9, er ekki breytt við slíkar aðstæður.

11 Velji eining, í samræmi við 18. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), að meta fjárfestingar sínar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, skal hún einnig færa þessar fjárfestingar á sama hátt í aðgreindum reikningsskilum sínum.

12 Eining skal færa arð frá dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi í rekstrarreikning í aðgreindum reikningsskilum sínum þegar réttur til arðgreiðslunnar stofnast.

13 Þegar móðurfélag endurskipuleggur uppbyggingu samstæðu sinnar með því að koma á fót nýrri einingu sem móðurfélagi og eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) nýja móðurfélagið fær yfirráð yfir gamla móðurfélaginu með því að gefa út eiginfjárgerninga í skiptum fyrir eiginfjárgerninga hins upphaflega móðurfélags,

b) eignir og skuldir nýju samstæðunnar og upphaflegu samstæðunnar eru þær sömu rétt fyrir og rétt eftir endurskipulagninguna og

c) eigendur upphaflega móðurfélagsins fyrir endurskipulagningu eiga sömu ótvíræðu og hlutfallslegu hagsmuna að gæta að því er varðar hreina eign upphaflegu samstæðunnar og nýju samstæðunnar rétt fyrir og rétt eftir endurskipulagninguna,

og nýja móðurfélagið gerir grein fyrir fjárfestingum sínum í upphaflega móðurfélaginu í samræmi við a-lið 10. liðar í aðgreindum reikningsskilum sínum, skal nýja móðurfélagið meta kostnað á bókfærðu verði síns hlutar af eigin fé sem fram kemur í aðgreindum reikningsskilum upphaflega móðurfélagsins daginn sem endurskipulagningin fer fram.

14 Á sama hátt gæti eining sem ekki er móðurfélag komið á fót nýrri einingu sem móðurfélagi sínu með þeim hætti sem uppfyllir viðmiðanirnar í 13. lið. Skilyrðin í 13. lið eiga jafnt við um slíka endurskipulagningu. Í þeim tilvikum eiga tilvísanir í „upphaflegt móðurfélag“ og „upphaflega samstæðu“ við um „upphaflega einingu“.

BIRTING UPPLÝSINGA

15 Eining skal beita öllum gildandi IFRS-stöðlum við veitingu upplýsinga í aðgreindum reikningsskilum sínum, þ.m.t. kröfunum í 16. og 17. lið.

16 Þegar móðurfélag, í samræmi við a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10, velur að gera ekki samstæðureikningsskil og ákveður þess í stað að gera aðgreind reikningsskil, skal hún, í aðgreindu reikningsskilunum, leggja fram upplýsingar um:

a) **þá staðreynd að reikningsskilin eru aðgreind reikningsskil, að notuð hafi verið undanþága frá samstæðureikningsskilum, heiti félagsins og höfuðstöðvar (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað) einingarinnar sem hefur sett fram reikningsskil, til afnota fyrir almenning, sem fylgja IFRS-stöðlum ásamt heimilisfangi þar sem hægt er að fá þessi samstæðureikningsskil,**

b) **skrá yfir mikilvægar fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, þ.m.t.:**

i. **heiti félaganna sem fjárfest er í,**

ii. **höfuðstöðvar (og landið þar sem þau voru stofnuð, ef það er annað) félaganna sem fjárfest er í,**

iii. **hlutfall eignarhluta (og hlutfall atkvæðisréttar, ef það er annað) sem haldið er í félögunum sem fjárfest er í.**

c) **lýsingu á aðferðinni sem notuð er til að færa fjárfestingarnar sem skráðar eru undir b-lið.**

17 Þegar móðurfélag, (fyrir utan móðurfélag sem fellur undir 16. lið) eða fjárfestir hefur sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í, gerir aðgreind reikningsskil, skal móðurfélagið eða fjárfestirinn auðkenna reikningsskilin sem gerð voru, í samræmi við IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 eða IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) sem tengjast þeim. Móðurfélagið eða fjárfestirinn skal einnig, í aðgreindu reikningsskilunum, veita upplýsingar um:

a) **að reikningsskilin eru aðgreind reikningsskil og ástæður þess að reikningsskilin eru gerð, ef ekki er gerð krafa um þau í lögum,**

b) **skrá yfir mikilvægar fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, þ.m.t.:**

i. **heiti félaganna sem fjárfest er í,**

ii. **höfuðstöðvar (og landið þar sem þau voru stofnuð, ef það er annað) félaganna sem fjárfest er í,**

iii. **hlutfall eignarhluta (og hlutfall atkvæðisréttar, ef það er annað) sem haldið er í félögunum sem fjárfest er í,**

c) **lýsingu á aðferðinni sem notuð er til að færa fjárfestingarnar sem skráðar eru undir b-lið.**

Móðurfélagið eða fjárfestirinn skal einnig auðkenna reikningsskilin sem gerð voru í samræmi við IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 eða IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) sem tengjast þeim.

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

18 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Beiti eining þessum staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011).

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

19 Beiti eining þessum staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 27 (2008)

20 Þessi staðall er gefinn út á sama tíma og IFRS-staðall 10. Saman koma þessir tveir IFRS-staðlar í stað IAS-staðals 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (eins og honum var breytt 2008).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL, IAS-STAÐALL 28

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri

MARKMIÐ

1 Markmið þessa staðals er að lýsa færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum og setja fram kröfur um beitingu á hlutdeildaraðferðinni við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum og samrekstri.

GILDISSVIÐ

2 Þessum staðli skal beita af öllum einingum sem eru fjárfestar með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í.

SKILGREININGAR

3 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Hlutdeildarfélag **er eining þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif.**

Samstæðureikningsskil **eru reikningsskil samstæðu þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis móðurfélags og dótturfélaga hennar eru eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.**

Hlutdeildaraðferð **er reikningsskilaaðferð þar sem fjárfesting er upphaflega færð á kostnaðarverði og fjárhæðin síðan leiðrétt vegna breytingar á hlut fjárfestis í hreinum eignum einingar, sem fjárfest er í, eftir kaup. Hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi félagsins, sem fjárfest er í, er innifalinn í hagnaði eða tapi fjárfestisins önnur heildarafkoma fjárfestisins felur í sér hlut hans í annarri heildarafkomu félagsins sem fjárfest er í.**

Sameiginlegt fyrirkomulag **er fyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginleg yfirráð.**

Sameiginleg yfirráð **er samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins fyrir hendi þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.**

Samrekstur **er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.**

Samrekstraraðili **er aðili að samrekstri sem hefur sameiginleg yfirráð yfir þeim samrekstri.**

Veruleg áhrif **eru ákvörðunarréttur til þátttöku í ákvörðunum um mótun fjárhags- og rekstrarstefnu einingar, sem fjárfest er í, en eru ekki yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir þessari stefnumótun.**

4 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í 4. lið í IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og í viðbæti A í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* og eru notuð í þessum staðli í þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum sem þau eru skilgreind í:

– yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

– samstæða

– móðurfélag

– aðgreind reikningsskil

– dótturfélag.

VERULEG ÁHRIF

5 Ef eining hefur 20% atkvæðisrétt eða meira, beint eða óbeint (t.d. í gegnum dótturfélög), í félaginu sem fjárfest er í, er gert ráð fyrir að einingin hafi veruleg áhrif nema hægt sé að sýna fram á með skýrum hætti að svo sé ekki. Ef einingin hefur á hinn bóginn minna en 20% atkvæðisrétt beint eða óbeint (t.d. í gegnum dótturfélög) í félaginu sem fjárfest er í, er gert ráð fyrir að einingin hafi ekki veruleg áhrif nema hægt sé að sýna fram á með skýrum hætti að svo sé. Þótt annar fjárfestir eigi verulegan hlut eða meirihluta þá útilokar það ekki einingu frá því að hafa veruleg áhrif.

6 Einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum bera alla jafna vitni um veruleg áhrif einingar:

a) fulltrúi í stjórn félags eða í sambærilegri stjórnareiningu innan félagsins, sem fjárfest var í,

b) þátttaka í ákvarðanatökuferli, þ.m.t. þátttaka í ákvörðunum um arð eða aðra úthlutun,

c) mikilvæg viðskipti milli einingarinnar og félagsins sem fjárfest er í,

d) innbyrðis skipti á stjórnendum eða

e) útvegun nauðsynlegra, tæknilegra upplýsinga.

7 Eining getur átt kaupheimild í hlutabréfum, kauprétt á hlutabréfum, skulda- eða eiginfjárgerninga, sem er hægt að breyta í almenn hlutabréf, eða átt sambærilega gerninga sem hugsanlega geta, ef þeir eru nýttir eða þeim breytt, gefið einingunni aukinn atkvæðisrétt eða minnkað atkvæðisrétt annars aðila í fjárhags- og rekstrarstefnu annarrar einingar (þ.e. mögulegur atkvæðisréttur). Kannað er hvort um sé að ræða mögulegan atkvæðisrétt sem er nýtanlegur eða breytanlegur eins og er, þ.m.t. mögulegur atkvæðisréttur sem aðrar einingar eiga, og áhrif slíks atkvæðisréttar, þegar metið er hvort eining hefur veruleg áhrif. Mögulegur atkvæðisréttur verður ekki nýttur eða breytt eins og er, t.d. þegar ekki er unnt að nýta hann eða breyta fyrr en á tilteknum degi í framtíðinni, eða þegar tiltekinn atburður á sér stað í framtíðinni.

8 Þegar einingin metur hvort mögulegur atkvæðisréttur stuðli að verulegum áhrifum kannar hún allar staðreyndir og aðstæður (þ.m.t. skilmálarnir fyrir nýtingu mögulegs atkvæðisréttar og aðrar samningsbundnar skyldur, saman eða hverja fyrir sig) sem hafa áhrif á mögulegan rétt, að undanskilinni fyrirætlun stjórnenda og fjárhagslegri getu til að nýta réttinn eða breyta þessum mögulega rétti.

9 Eining glatar verulegum áhrifum yfir einingu, sem hún hefur fjárfest í, þegar hún missir ákvörðunarréttinn til þátttöku í ákvörðunum um mótun fjárhags- og rekstrarstefnu þessarar einingar, sem hún hefur fjárfest í. Tap á verulegum áhrifum getur átt sér stað með eða án breytinga á fullu eða hlutfallslegu eignarhaldi. Það getur t.d. gerst þegar hlutdeildarfélag fer undir stjórn hins opinbera, dómstóla, stjórnsýsluaðila eða eftirlitsaðila. Það getur einnig verið afleiðing samningsbundins fyrirkomulags.

HLUTDEILDARAÐFERÐ

10 Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni er fjárfesting í hlutdeildarfélagi eða samrekstri upphaflega færð á kostnaðarverði og bókfært verð er hækkað eða lækkað til að færa hlutdeild fjárfestis í hagnaði eða tapi félagsins sem fjárfest er í, eftir yfirtökudag. Hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi félagsins, sem fjárfest er í, kemur fram í rekstrarreikningi fjárfestisins. Úthlutanir frá einingunni, sem fjárfest er í, lækka bókfært verð fjárfestingarinnar. Leiðréttingar á bókfærðu verði kunna einnig að vera nauðsynlegar vegna breytinga á hlutfallslegri eign fjárfestisins í einingunni sem fjárfest er í, sem stafa af breytingum á annarri heildarafkomu félags sem fjárfest er í. Til slíkra breytinga teljast þær breytingar sem stafa af endurmati á varanlegum rekstrarfjármunum og af gengismun. Hlutur fjárfestisins í þessum breytingum er færður í aðra heildarafkomu fjárfestisins (sjá IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*).

11 Færsla tekna á grundvelli móttekinna úthlutana getur verið ófullnægjandi mælikvarði á tekjur fjárfestis af fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri vegna þess að mótteknu útgreiðslurnar kunna að eiga lítið skylt við árangur hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins. Vegna þess að fjárfestirinn hefur sameiginleg yfirráð yfir eða veruleg áhrif í félaginu sem fjárfest er í, á fjárfestirinn hlutdeild í árangri hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins og þar með arðsemi fjárfestingar sinnar. Fjárfestirinn færir þessa hlutdeild með því að auka umfang reikningsskila sinna þannig að þau taki til hlutar hans af hagnaði eða tapi slíks félags sem fjárfest er í. Með beitingu hlutdeildaraðferðarinnar fást því reikningsskil sem veita betri upplýsingar um hreinar eignir og hagnað eða tap fjárfestisins.

12 Þegar mögulegur atkvæðisréttur, eða aðrar afleiður sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt er til staðar er hlutdeild einingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri einungis ákvörðuð á grundvelli eignarhlutar og endurspeglar ekki hugsanlega beitingu eða breytingu mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðugerninga, nema ákvæði 13. liðar gildi.

13 Við ákveðnar aðstæður hefur eining í raun og veru núverandi eignarhald sem leiðir af viðskiptum sem veitir einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta. Þegar svo háttar til skal ákvarða hlutinn, sem ráðstafað er til einingarinnar með tilliti til endanlegrar beitingar mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðugerninga sem veita einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum.

14 IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar* gildir ekki um hlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð með hlutdeildaraðferðinni. Þegar gerningar sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt veita eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, falla gerningarnir ekki undir IFRS-staðal 9. Í öllum öðrum tilvikum skal skrá gerninga sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt í hlutdeildarfélagi eða samrekstri í samræmi við IFRS-staðal 9.

15 Ef fjárfesting eða hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er flokkaður undir haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, skal flokka fjárfestinguna eða eftirstæða hagsmuni í fjárfestingunni, sem ekki er flokkuð undir haldið til sölu, undir fastafjármuni.

BEITING HLUTDEILDARAÐFERÐARINNAR

16 Eining með sameiginleg yfirráð, eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í skal færa fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með hlutdeildaraðferð, nema ef fjárfestingin uppfyllir kröfur um undanþágur í samræmi við liði 17–19.

Undanþága frá beitingu hlutdeildaraðferðarinnar

17 Eining þarf ekki að beita hlutdeildaraðferðinni á fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri ef einingin er móðurfélag sem er undanþegið kröfunni um að gera samstæðureikningsskil, þar sem hún fellur undir undanþáguna í a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10, eða ef allt eftirfarandi á við:

a) einingin er dótturfélag, sem er að öllu leyti í eigu eins dótturfélags, eða er að hluta til í eigu annarrar einingar og annarra eigenda, þ.m.t. þeir sem ekki hafa með öðrum hætti atkvæðisrétt og hafa fengið upplýsingar um og ekki andmælt því að einingin beiti ekki hlutdeildaraðferðinni,

b) að engin viðskipti séu með skulda- eða eiginfjárgerninga einingarinnar á almennum markaði (innlendum eða erlendum kauphöllum eða opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir),

c) að einingin hafi ekki lagt inn né sé að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlitsstofnun í þeim tilgangi að gefa út flokk verðbréfa á almennum markaði,

d) að endanlega móðurfélagið eða eitthvert millistigsmóðurfélag einingarinnar leggi fram samstæðureikningsskil, sem samræmast IFRS-stöðlum og eru tiltæk almenningi og honum til afnota.

18 Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er haldið af, eða haldið með óbeinum hætti í gegnum einingu sem er áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, getur einingin valið að meta fjárfestingar sínar í þeim hlutdeildarfélögum og samrekstri á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9.

19 Þegar eining á fjárfestingu í hlutdeildarfélagi, og hluta hennar er haldið með óbeinum hætti í gegnum einingu sem er áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, getur einingin valið að meta þann hluta fjárfestingarinnar í hlutdeildarfélaginu á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, óháð því hvort áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, hafi veruleg áhrif yfir þeim hluta fjárfestingarinnar. Velji eining það, skal hún beita hlutdeildaraðferðinni á eftirstandandi hlut fjárfestingar hennar í hlutdeildarfélagi sem ekki er haldið í gegnum áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóð, fjárhaldssjóð eða sambærilega einingu, þ.m.t. fjárfestingartengda tryggingasjóði.

Flokkunin haldið til sölu

20 Eining skal beita IFRS-staðli 5 á fjárfestingu, eða hluta fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem uppfyllir viðmiðið að vera flokkuð sem, haldið til sölu. Eftirstandandi hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem ekki hefur verið flokkaður sem haldið til sölu, skal færður með hlutdeildaraðferð þar til hlutnum sem flokkaður er sem haldið til sölu hefur verið ráðstafað. Eftir að ráðstöfun hefur farið fram, skal eining færa alla eftirstandandi hluti í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum í samræmi við IFRS-staðal 9 nema eftirstandandi hluturinn haldi áfram að vera hlutdeildarfélag eða samrekstur, en í því tilviki skal einingin nota hlutdeildaraðferð.

21 Þegar fjárfesting eða hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, sem áður var skilgreind sem fjárfesting sem haldið er til sölu, uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir þeirri skilgreiningu skal færa hana með hlutdeildaraðferðinni, afturvirkt, frá og með deginum þegar hún var skilgreind sem haldið til sölu. Reikningsskilum tímabilanna frá því að hún var skilgreind sem haldið til sölu skal breytt í samræmi við þetta.

Notkun hlutdeildaraðferðarinnar hætt

22 Eining skal hætta að nota hlutdeildaraðferðina frá þeim degi sem fjárfesting hennar er ekki lengur hlutdeildarfélag eða samrekstur sem hér segir:

a) **ef fjárfestingin verður dótturfélag, skal einingin færa fjárfestingu sína í samræmi við IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja* og IFRS-staðal 10,**

b) **ef eftirstandandi hlutdeild í fyrrum hlutdeildarfélagi eða samrekstri er fjáreign, skal einingin meta eftirstandandi hlutdeild á gangvirði. Líta skal á gangvirði eftirstandandi hlutdeildar sem gangvirði hennar við upphafsfærslu sem fjáreign í samræmi við IFRS-staðal 9. Einingin skal færa allan mun á eftirfarandi í rekstrarreikning:**

i. **gangvirði allrar hlutdeildar, sem haldið er eftir, og alls ávinnings af ráðstöfun hluta hlutdeildarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum og**

ii. **bókfærðu verði fjárfestingarinnar daginn sem hætt var að nota hlutdeildaraðferðina,**

c) **ef eining hættir notkun hlutdeildaraðferðarinnar, skal einingin gera grein fyrir öllum fjárhæðum sem færðar eru í aðra heildarafkomu í tengslum við þá fjárfestingu á sama grundvelli og krafist væri ef félagið sem fjárfest er í hefði ráðstafað beint tengdum eignum eða skuldum.**

23 Ef ágóði eða tap, sem félagið sem fjárfest er í færði áður í aðrar heildartekjur, er endurflokkað og fært í rekstrarreikning við ráðstöfun tengdra eigna og skulda endurflokkar einingin af þeim sökum ágóðann eða tapið úr eigin fé og yfir í rekstrarreikning (sem endurflokkunarleiðréttingu) þegar hún hættir að nota hlutdeildaraðferðina. Ef, t.d. hlutdeildarfélag eða samrekstur á uppsafnaðan gengismun sem tengist erlendum rekstri og einingin hættir að nota hlutdeildaraðferðina, skal hún endurflokka hagnað og tap, sem áður var flokkað í aðra heildarafkomu í tengslum við erlendan rekstur, í rekstrarreikning.

24 Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagi verður fjárfesting í samrekstri, eða fjárfesting í samrekstri verður fjárfesting í hlutdeildarfélagi, beitir einingin áfram hlutdeildaraðferðinni og endurmetur ekki eftirstandandi hlutdeild.

Breytingar á eignarhaldi

25 Þegar eignarhlutur einingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri minnkar, en einingin beitir áfram hlutdeildaraðferðinni, skal einingin endurflokka í rekstrarreikning, hlutfall hagnaðar eða taps, sem áður var flokkað í aðra heildarafkomu, í tengslum við minnkunina á eignarhlutanum ef þess verður krafist að hagnaður eða tap verði endurflokkað í rekstrarreikning við ráðstöfun á tengdum eignum eða skuldum.

Aðferðir í tengslum við hlutdeildaraðferðina

26 Mörgum þeirra aðferða, sem eiga við þegar hlutdeildaraðferðinni er beitt, svipar til aðferða við gerð samstæðureikningsskila sem lýst er í IFRS-staðli 10. Þar að auki eru þau hugtök, sem liggja til grundvallar þeim aðferðum sem notaðar eru við færslu á yfirtöku á dótturfélagi, einnig teknar upp við færslu vegna fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri.

27 Hlutur samstæðu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er samanlögð eignarhlutdeild móður- og dótturfélaga í því hlutdeildarfélagi eða samrekstri. Litið er framhjá eignarhlutdeild samstæðunnar í öðrum hlutdeildarfélögum eða samrekstri að því er þetta varðar. Þegar hlutdeildarfélag eða samrekstur sem á dótturfélög , hlutdeildarfélög eða samrekstur, beitir hlutdeildaraðferðinni er tekið tillit til hagnaðar eða taps, heildarafkomu og hreinna eigna og fært í reikningsskilum hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins (þ.m.t. hlutur hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins í hagnaði eða tapi, heildarafkomu og hreinum eignum eigin hlutdeildarfélaga og samrekstrar), að loknum nauðsynlegum leiðréttingum sem gera kleift að nota samræmdar reikningsskilaaðferðir (sjá 35. og 36. lið).

28 Hagnaður og tap, sem rekja má til viðskipta „upp á við“ og „niður á við“ milli einingar (þ.m.t. dótturfélög hennar í samstæðunni) og hlutdeildarfélags eða samreksturs hennar, er aðeins fært í reikningsskilum einingarinnar að því marki sem nemur eignarhluta ótengdra fjárfesta í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Viðskipti „upp á við“ eru t.d. sala á eignum frá hlutdeildarfélagi eða samreksturs til fjárfestisins. Viðskipti „niður á við“ eru t.d. sala eða framlegð á eignum frá fjárfesti til hlutdeildarfélags eða samreksturs hans. Hlut fjárfestisins, í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, í hagnaði eða tapi sem verður vegna þessara viðskipta er eytt.

29 Þegar viðskipti niður á við veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem selja á eða leggja á til, eða um virðisrýrnunartap þessara eigna, skal fjárfestirinn færa tapið að fullu. Þegar viðskipti upp á við veita vísbendingu um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem kaupa á eða um virðisrýrnunartap á þessum eignum skal fjárfestirinn færa sinn hluta af tapinu.

30 Framlag á ópeningalegri eign til hlutdeildarfélags eða samreksturs í skiptum fyrir eignarhlutdeild í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum skal fært í samræmi við 28. lið, nema þegar framlagið er ekki viðskiptalegs eðlis, eins og hugtakinu er lýst í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*. Ef framlagið er ekki viðskiptalegs eðlis, skal hagnaðurinn eða tapið teljast óinnleyst og er því ekki fært nema ákvæði 31. liðar eigi einnig við. Fella skal slíkan dulinn hagnað niður á móti færðu fjárfestingunni með hlutdeildaraðferðinni og hann skal ekki settur fram sem frestaður hagnaður eða tap í samstæðuefnahagsreikningi einingarinnar eða í efnahagsreikningi einingarinnar þar sem fjárfestingarnar eru færðar með hlutdeildaraðferðinni.

31 Ef eining fær peningalegar eða ópeningalegar eignir auk eignarhlutdeildar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, skal einingin færa að fullu í rekstrarreikning hluta þess hagnaðar eða taps sem verður vegna ópeningalegra framlaga er tengjast peningalegum eða ópeningalegum eignum sem hún fær.

32 Fjárfesting í hlutdeildarfélagi er færð með hlutdeildaraðferðinni frá þeim degi sem hún verður að hlutdeildarfélagi eða samrekstri. Við kaup á fjárfestingunni er allur mismunur á milli kostnaðarverðs fjárfestingarinnar og hlutar einingarinnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda félagsins sem fjárfest er í, færður eins og hér segir:

a) viðskiptavild sem tengist hlutdeildarfélagi eða samrekstri er innifalin í bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Afskrift þeirrar viðskiptavildar er ekki heimiluð,

b) umframfjárhæð hluta einingarinnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins umfram kostnaðarverð fjárfestingarinnar er talin sem tekjur við ákvörðun hluta einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins á því tímabili sem ráðist er í fjárfestinguna.

Viðeigandi leiðréttingar eru gerðar á hlut einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins eftir yfirtökuna t.d. til að gera grein fyrir afskriftum af afskrifanlegum eignum sem miðast við gangvirði þeirra á yfirtökudegi. Á sama hátt eru gerðar viðeigandi leiðréttingar á hlut einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins eftir yfirtökuna vegna virðisrýrnunartaps sem fært er af hlutdeildarfélaginu t.d. viðskiptavild eða varanlegir rekstrarfjármunir.

33 Þegar eining notar hlutdeildaraðferðina notar hún nýjustu reikningsskil hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins sem tiltæk eru. Ef lok reikningsskilatímabils einingarinnar eru önnur en hlutdeildarfélags eða samreksturs gerir hlutdeildarfélagið eða samreksturinn reikningsskil sín til afnota fyrir eininguna og miðar við sömu dagsetningu og reikningsskil einingarinnar nema það sé ekki gerlegt.

34 Þegar reikningsskil hlutdeildarfélags eða samreksturs, sem eru notuð við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar, í samræmi við 33. lið, eru miðuð við annan reikningsskiladag en reikningsskil einingarinnar skal gera leiðréttingar vegna áhrifa af verulegum viðskiptum eða atburðum sem verða milli þess dags og reikningsskiladags einingarinnar. Hvað sem öðru líður skal ekki muna meira en þremur mánuðum á lokum reikningsskilatímabils hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins og lokum reikningsskilatímabils einingarinnar. Lengd reikningsskilatímabila og munur á lokum reikningsskilatímabila skal vera eins frá einu tímabili til annars.

35 Reikningsskil einingar skulu gerð með samræmdum reikningsskilaaðferðum fyrir sams konar viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður.

36 Ef hlutdeildarfélag eða samrekstur notar aðrar reikningsskilaaðferðir en þær sem einingin notar fyrir sams konar viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður skal gera leiðréttingar til að samræma reikningsskilareglur hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins aðferðum einingarinnar þegar hún notar reikningsskil hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

37 Ef í hlutdeildarfélagi eða samrekstri eru útistandandi forgangshlutir með uppsafnanlegan arðgreiðslurétt, sem eru í eigu annarra aðila en einingarinnar og flokkaðir sem eigin fé, reiknar einingin hlutdeild sína í hagnaði eða tapi eftir að tekið hefur verið tillit til arðs af slíkum hlutum, óháð því hvort tilkynnt hafi verið um að arður verði greiddur eða ekki.

38 Ef hlutur einingar í tapi hlutdeildarfélags eða samrekstri er jafnmikill eða meiri en eignarhluti hennar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum hættir einingin að færa sinn hlut í frekara tapi. Eignarhlutinn í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er bókfært verð fjárfestingarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, sem ákvarðaður er með hlutdeildaraðferðinni ásamt hugsanlegri langtímahlutdeild sem í reynd myndar hluta hreinnar fjárfestingar fjárfestisins í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Liður, sem er ekki ætlunin að gera upp og ólíklegt er að verði gerður upp í fyrirsjáanlegri framtíð, er til dæmis í eðli sínu aukning á fjárfestingu einingarinnar í því hlutdeildarfélagi eða samrekstri. Slíkir liðir geta verið forgangshlutir og langtímakröfur eða -lán en ekki viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir eða langtímakröfur sem fullnægjandi veð er fyrir, s.s. veðlán. Tap, sem er fært með hlutdeildaraðferðinni í umframfjárfestingu einingarinnar í venjulegum hlutum, er jafnað á móti öðrum þáttum í eignarhlut einingarinnar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri í öfugri forgangsröð þeirra (þ.e. forgangsröð við félagsslit).

39 Eftir að eignarhlutur einingarinnar hefur lækkað niður í núll er gerð grein fyrir viðbótartöpum og skuld er færð en aðeins að því marki sem einingin hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða greitt fyrir hönd hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins. Ef hlutdeildarfélagið eða samreksturinn skilar síðar hagnaði byrjar einingin einungis aftur að færa sinn hlut í þeim hagnaði eftir að hagnaðarhlutur hennar er orðinn jafnmikill og taphluturinn sem ekki var færður.

Virðisrýrnunartöp

40 Eftir að hlutdeildaraðferðinni hefur verið beitt, þ.m.t. færslur á tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins í samræmi við 38. lið, beitir einingin IAS-staðli 39, fjármálagerningar: færsla og mat til að ákvarða hvort nauðsynlegt er að færa virðisrýrnunartap til viðbótar, að því er varðar hreina fjárfestingu í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum.

41 Einingin beitir einnig kröfum IAS-staðals 39 til að ákvarða hvort eitthvert virðisrýrnunartap til viðbótar sé fært, að því er varðar eignarhlut einingarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, sem er ekki hluti af hreinu fjárfestingunni, og hversu hárri fjárhæð það virðisrýrnunartap nemur.

42 Vegna þess að viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðri fjárhæð fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, er ekki færð sérstaklega er ekki prófað sérstaklega hvort virðisrýrnunartap hafi orðið á henni með því að beita kröfunum um prófun á því hvort virðisrýrnun hafi orðið á viðskiptavild sem er í IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*. Þess í stað er prófað samkvæmt IAS-staðli 36 hvort virði allrar bókfærðrar fjárhæðar fjárfestingarinnar hafi rýrnað sem ein eign með því að bera saman endurheimtanlega fjárhæð hennar (hið hærra af notkunarvirði og gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu) við bókfærða fjárhæð hennar þegar beiting á IAS-staðli 39 bendir til þess að virði fjárfestingarinnar hafi rýrnað. Virðisrýrnunartapi, sem er fært við þær kringumstæður, er ekki útdeilt á neina eign, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Til samræmis við það er bakfærsla á því virðisrýrnunartapi færð í samræmi við IAS-staðal 36 að því marki að endurheimtanleg fjárhæð fjárfestingarinnar eykst síðar. Við ákvörðun á notkunarvirði fjárfestingarinnar metur eining:

a) hlut sinn í núvirði áætlaðs sjóðstreymis í framtíð, sem búist er við að hlutdeildarfélagið eða samreksturinn muni skila, þ.m.t. sjóðstreymi vegna rekstrar hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins og ágóða af endanlegri ráðstöfun fjárfestingarinnar, eða

b) núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem búist er við að verði til vegna arðgreiðslna af fjárfestingunni og endanlegrar ráðstöfunar hennar.

Með því að nota viðeigandi forsendur gefa báðar aðferðir sömu niðurstöðu.

43 Endurheimtanleg fjárhæð fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er metin fyrir hvert hlutdeildarfélag eða samrekstur, nema hlutdeildarfélagið eða samreksturinn skapi ekki innstreymi handbærs fjár með áframhaldandi rekstri sem er að stórum hluta óháð öðrum eignum einingarinnar.

AÐGREIND REIKNINGSSKIL

44 Fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri skal færa í aðgreind reikningsskil einingar í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011).

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

45 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* og IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011).

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

46 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 28 (2003)

47 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* (endurskoðaður 2003).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1255/2012 **2013/EES/56/60**

frá 11. desember 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) birti 20. desember 2012 breytingar við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn („IFRS“) 1, innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlana – *alvarleg óðaverðbólga og afnám ákveðinna dagsetninga á innleiðingu* (hér á eftir „breytingarnar á IFRS staðli 1“) og alþjóðlegum reikningsskilastaðli („IAS-staðli“) 12, tekjuskattar – *frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna* (hér á eftir „breytingarnar á IAS-staðli 12“). Markmiðið með breytingum á IFRS-staðli 1 er að innleiða nýja undanþágu við gildissvið hans – þ.e. að einingar sem hafa fallið undir alvarlega óðaverðbólgu fái nú heimild til að nota gangviði sem kostnaðarverð fyrir eignir og skuldir þeirra í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Þessar breytingar koma einnig í staðinn fyrir tilvísanir í fastsettar dagsetningar í IFRS-staðli 1, með tilvísunum í aðlögunardagsetninguna. Í IAS-staðli 12 er reikningshaldslegri meðferð á tekjusköttum lýst. Markmið breytinganna á IAS-staðli 12 er að innleiða undanþágu við matsaðferðina í IAS-staðli 12 í formi hrekjanlegra forsendna sem gefa sér að bókfært verð á fjárfestingareign, sem er metin á gangviði, yrði endurheimt við sölu og að eining þyrfti ekki að nota til þess skatthlutfallið sem gildir um söluna á undirliggjandi eign.

3) Alþjóðareikningsskilaráðið gaf 12. maí 2011 út IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*, (hér á eftir „IFRS-staðall 13“). Í IFRS-staðli 13 er settur fram sameiginlegur IFRS-rammi fyrir mat á gangviði og veitir hann ítarlegar leiðbeiningar um hvernig meta skuli gangviði bæði á fjárhagslegum eignum og skuldum, og þeim sem eru ekki fjárhagslegar. IFRS-staðall 13 gildir þegar annar IFRS-staðall krefst eða heimilar gangvirðismat eða birtingu upplýsinga um gangvirðismat.

4) Hinn 19. október 2011 gaf alþjóðleg túlkunarnefnd um reikningsskil út 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil („IFRIC“), *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu* („IFRIC-túlkun 20“). Markmið IFRIC-túlkunar 20 er að veita leiðbeiningar um eignfærslu kostnaðar við hreinsun úrgangsefna við framleiðslu og við upphaflegt og síðari mat á eign sem verður til við framleiðslu í því skyni að draga úr fjölbreytni aðferða við hvernig einingar gera grein fyrir hreinsunarkostnaði sem stofnað er til á framleiðslustigi í yfirborðsnámu.

5) Reglugerð þessi styður breytingarnar á IAS-staðli 12, IFRS-stöðlum 1 og 13, IFRIC-túlkun 20 og afleiddum breytingum á öðrum stöðlum og túlkunum. Staðlar þessir, breytingar á gildandi stöðlum eða túlkunum, innihalda einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita nú þegar, þar sem Sambandið hefur enn ekki samþykkt IFRS-staðal 9. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerninga: færslu og mat*. Auk þess er heldur ekki hægt að beita síðari breytingum á IFRS-staðli 9 sem leiða af viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er staðfest að breytingarnar á IAS-staðli 12 og IFRS-stöðlum 1, 13 og 20 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 12, *tekjuskattar*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) túlkun 21 frá fastanefnd um túlkanir (SIC) falli brott í samræmi við breytingar á IAS-staðli 12, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

c) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 1, *innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, er breytt, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

d) IFRS-staðli 13, *gangvirðismati*, er bætt við, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

e) IFRS-stöðlum 1, 2, 3, 4, 5 og 7, IAS-stöðlum 1, 2, 8, 10, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 28, 31, 32, 33, 34, 36, 38, 39, 40 og 41, og IFRIC-túlkunum 2, 4, 13, 17 og 19 er breytt í samræmi við IFRS-staðal 13, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

f) IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*, bætist við, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

g) IFRS-staðli 1 er breytt í samræmi við IFRIC-túlkun 20, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerninga: færslu og mat*.

3. Þá er heldur ekki hægt að beita síðari breytingum á IFRS-staðli 9 sem leiða af viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í undirliðum a, b og c í 1. lið 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. júlí 2012, eða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

2. Félög skulu beita IFRS-staðli 13, IFRIC-túlkun 20 og síðari breytingum, eins og um getur í undirgreinum d–g í 1. lið 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra, 1. janúar 2013, eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS-staðall 1	**IFRS-staðall 1,** ***innleiðing - alvarleg óðaverðbólga og afnám fastsettra dagsetninga fyrir notendur sem innleiða staðla***
IAS-staðall 12	**IAS-staðall 12,** ***tekjuskattar – frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna***
IFRS-staðall 13	**IFRS-staðall 13,** ***gangvirðismat***
IFRIC-túlkun 20	**IFRIC-túlkun 20,** ***kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

BREYTINGAR Á IFRS-STAÐLI 1

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Á eftir lið 31B er bætt við fyrirsögn og lið 31C.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

Útskýring á skiptum yfir í IFRS-staðla

Notkun á álitnum kostnaði eftir alvarlega óðaverðbólgu

31C Ef eining kýs að meta eignir og skuldir á gangvirði og nota það gangvirði sem álitinn kostnað í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-staðli vegna alvarlegrar óðaverðbólgu (sjá liði D26–D30) skulu fyrstu reikningsskil hennar samkvæmt IFRS-stöðlum greina frá útskýringu á því hvernig og hvers vegna einingin hafði, og hætti síðan að hafa, starfrækslugjaldmiðill með bæði eftirfarandi einkenni:

a) áreiðanleg almenn verðvísitala er ekki aðgengileg öllum einingum sem stunda viðskipti og hafa stöður í gjaldmiðlinum,

b) ekki er unnt að skipta á gjaldmiðlinum og tiltölulega stöðugum erlendum gjaldmiðli.

Viðbætir B

Undanþágur frá afturvirkri beitingu annarra IFRS-staðla

Lið B2 er breytt.

Afskráning fjáreigna og fjárskulda

B2 Notandi sem innleiðir staðla skal fara framvirkt að afskráningarkröfunum í IAS-staðli 39, *fjármálagerningum: færslu og mati*, fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla eða síðar, að undanskildu því sem heimilt er samkvæmt lið B3: Til dæmis skal notandi sem innleiðir staðlana ekki færa þær eignir og skuldir í samræmi við IFRS-staðla (nema að þær uppfylli skilyrði fyrir færslu vegna síðari viðskipta eða atburðar) ef hann afskráði óafleiddar fjáreignir eða fjárskuldir í samræmi við góða reikningsskilavenju, sem áður var fylgt í kjölfar gerðra viðskipta er áttu sér stað fyrir umbreytingadaginn til IFRS-staðla.

Viðbætir D

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

Liðum D1 og D20 er breytt.

D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

a) …

o) yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum (liður D24),

p) ógilding fjárskulda með eiginfjárgerningum (liður D25) og

q) alvarleg óðaverðbólga (liðir D26–D30).

Eining skal ekki beita þessum undanþágum á hliðstæðan hátt við aðra fjármunaliði.

Mat á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda við upphaflega færslu

D20 Þrátt fyrir kröfurnar í 7. og 9. lið má eining beita þeim framvirkt í síðasta málslið í liðum AG76 og AG76A í IAS-staðli 39 fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla, eða síðar.

Bætt er við fyrirsögn og liðum D26–D30.

Alvarleg óðaverðbólga

D26 Eining skal ákvarða, ef hún hefur starfrækslugjaldmiðil sem var eða er gjaldmiðill í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir, hvort hún hafi fallið undir alvarlega óðaverðbólgu fyrir umbreytingardagsetninguna til IFRS-staðla. Þetta gildir um einingar sem eru að innleiða IFRS-staðla og einnig þær sem hafa beitt þeim áður.

D27 Gjaldmiðilinn í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir fellur undir alvarlega óðaverðbólgu ef hann hefur bæði eftirfarandi einkenni:

a) áreiðanleg almenn verðvísitala er ekki aðgengileg öllum einingum sem stunda viðskipti og hafa stöður í gjaldmiðlinum,

b) ekki er unnt að skipta á gjaldmiðlinum og tiltölulega stöðugum erlendum gjaldmiðli.

D28 Starfrækslugjaldmiðill einingar hættir að falla undir alvarlega óðaverðbólgu á stöðlunardegi starfrækslugjaldmiðilsins. Hér um ræðir daginn þegar starfrækslugjaldmiðillinn hefur annaðhvort eða bæði einkennin í 27. lið, eða þegar starfrækslugjaldmiðill einingarinnar breytist í gjaldmiðil sem fellur ekki undir alvarlega óðaverðbólgu.

D29 Þegar umbreytingardagur einingar til IFRS-staðla á stöðlunardegi starfrækslugjaldmiðilsins eða síðar getur einingin valið að meta allar eignir og skuldir, sem hún hafði í vörslu sinni fyrir stöðlunardag starfrækslugjaldmiðilsins, á gangvirði á umbreytingardegi til IFRS-staðla. Einingin getur notað þetta gangvirði sem álitinn kostnað við þessar eignir og skuldir í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum.

D30 Þegar stöðlunardagur starfrækslugjaldmiðilsins fellur innan 12 mánaða samanburðartímabils getur það verið styttra en 12 mánuðir að því tilskildu að kveðið sé á um reikningsskil í heild sinni (eins og krafist er í 10. lið IAS-staðals 1) fyrir viðkomandi skemmra tímabil.

GILDISTÖKUDAGUR

Bætt er við lið 39H.

39H ***Alvarleg óðaverðbólga og afnám fastsettra dagsetninga fyrir notendur sem innleiða staðla (breytingar við IFRS-staðal 1), gefnar út í desember 2010, gerði breytingar á liðum B2, D1 og D20 og liðum 31C og D26–D30 var bætt við.*** **Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr.**

BREYTINGAR Á IFRS-STAÐLI 9

IFRS-staðall 9 Fjármálagerningar (gefinn út í nóvember 2009)

Lið C2 er breytt sem hér segir.

C2 Í viðbæti B er liðum B1, B2 og B5 breytt, ...

B2 Notandi sem innleiðir staðla skal fara framvirkt að afskráningarkröfunum í IAS-staðli 39, *fjármálagerningum: færslu og mati*, fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla eða síðar, að undanskildu því sem heimilt er samkvæmt lið B3: Til dæmis skal notandi sem innleiðir staðlana ekki færa þær eignir og skuldir í samræmi við IFRS-staðla (nema að þær uppfylli skilyrði fyrir færslu vegna síðari viðskipta eða atburðar) ef hann afskráði óafleiddar fjáreignir eða fjárskuldir í samræmi við góða reikningsskilavenju, sem áður var fylgt í kjölfar gerðra viðskipta er áttu sér stað fyrir umbreytingadaginn til IFRS-staðla.

Lið C3 er breytt með því að skeyta lið D20 eins og hér segir:

C3 Í viðbæti D (undanþágum frá öðrum IFRS-stöðlum) er liðum D19 og D20 breytt ...

D20 Þrátt fyrir kröfurnar í 7. og 9. lið má eining beita þeim framvirkt í síðasta málslið í liðum AG76 og AG76A í IAS-staðli 39 fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla, eða síðar.

IFRS-staðall 9 *Fjármálagerningar* (gefinn út í október 2010)

Liðum C2 og C3 er breytt sem hér segir.

Í lið C2 er breytingunni við lið B2 breytt sem hér segir

B2 Notandi sem sem innleiðir staðlana skal fara framvirkt að afskráningarkröfunum í IAS-staðli 9, fjármálagerningum, fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla eða síðar, að undanskildu því sem heimilt er samkvæmt lið B3. Til dæmis skal notandi sem innleiðir staðlana ekki færa þær eignir og skuldir í samræmi við IFRS-staðla (nema að þær uppfylli skilyrði fyrir færslu vegna síðari viðskipta eða atburðar) ef hann afskráði óafleiddar fjáreignir eða fjárskuldir í samræmi við góða reikningsskilavenju, sem áður var fylgt í kjölfar gerðra viðskipta er áttu sér stað fyrir umbreytingadaginn til IFRS-staðla.

Í lið C3 er breytingunni við lið D20 breytt sem hér segir:

D20 Þrátt fyrir kröfur í 7. og 9. lið má eining beita kröfunum í síðasta málsliðnum í liðum B5.4.8 og B5.4.9 í IAS-staðli 9 fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla eða síðar.

Breytingar á IAS-staðli 12

Tekjuskattar

Liður 52 fær nýtt númer og verður liður 51A. Breytingar eru gerðar á 10. lið og dæmunum sem fylgja lið 51A. Liðum 51B og 51C og meðfylgjandi dæmi og liðum 51D, 51E, 98 og 99 er bætt við.

SKILGREININGAR

Skattverð

10 Gagnlegt getur verið, ef skattverð eignar eða skuldar blasir ekki við þegar í stað, að huga að meginreglunni, sem þessi staðall er byggður á, um að einingin skuli, með tilteknum afmörkuðum undantekningum, viðurkenna frestaða skattskuld (á eign) þegar endurheimt eða greiðsla bókfærðs verðs eignar eða skuldar myndi valda því að skattgreiðslur í framtíðinni verði hærri (lægri) en þær yrðu ef slík endurheimt eða greiðsla hefði engin áhrif á skatta. Í dæmi C á eftir lið 51A er lýst aðstæðum þar sem gagnlegt gæti verið að hafa í huga þessa grundvallarreglu, t.d. þegar skattverð eignar eða skuldar veltur á því með hvaða hætti þess er vænst að endurheimt eða greiðsla eigi sér stað.

MAT

51A Í sumum lögsagnarumdæmum getur sú aðferð, sem eining beitir við að endurheimta (greiða) bókfært verð eignar (skuldar), haft áhrif á annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:

a) gildandi skatthlutfall, þegar einingin endurheimtir (greiðir) bókfært verð eignarinnar (skuldarinnar) og

b) skattverð eignarinnar (skuldarinnar).

Í þeim tilfellum metur einingin frestaðar skattskuldir og skattinneignir með því að nota skatthlutfallið og skattverðið sem er í samræmi við fyrirætlanir fyrirtækisins um endurheimt eða greiðslu.

Dæmi A

Varanlegur rekstrarfjármunaliður er bókfærður á verðinu 100 og skattverð hans er 60. Skatthlutfallið 20% gildir ef fjármunaliðurinn yrði seldur en 30% af öðrum tekjum.

Einingin færir frestaða skattskuld að fjárhæð 8 (20% af 40) ef hún væntir þess að fjármunaliðurinn verði seldur án frekari notkunar og frestaða skattskuld að fjárhæð 12 (30% af 40) ef hún væntir þess að halda fjármunaliðnum og endurheimta bókfært verð hans með notkun.

Dæmi B

Varanlegur rekstrarfjármunaliður sem kostaði 100 er bókfærður á verðinu 80 og endurmetinn á 150. Engin sambærileg, skattaleg leiðrétting er gerð. Uppsafnaðar afskriftir í skattalegum tilgangi eru 30 og skatthlutfallið er 30%. Uppsafnaðar afskriftir samkvæmt skattalögum að fjárhæð 30 verða taldar með skattskyldum tekjum ef fjármunaliðurinn er seldur fyrir hærri fjárhæð en sem nemur kostnaðarverði, söluhagnaður umfram kostnaðarverð verður þó ekki skattskyldur.

Skattverð fjármunaliðarins er 70 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 80. Einingin verður að gefa af sér skattskyldar tekjur að fjárhæð 150 ef hún hyggst endurheimta bókfærða verðið með því að nota fjármunaliðinn en getur þó aðeins dregið frá afskriftir að fjárhæð 70. Á grundvelli þessa er frestuð skattskuld að fjárhæð 24 (30% af 80). Frestuð skattskuld verður reiknuð á eftirfarandi hátt, ef einingin væntir þess að endurheimta bókfært verð fjármunaliðarins með því að selja hann strax fyrir 150:

	Tímabundinn mismunur á skattskyldu	*Skatthlutfall*	*Frestuð skattskuld*
Uppsafnaðar afskriftir samkvæmt skattalögum	*30*	*30%*	*9*
Söluverð umfram kostnaðarverð	*50*	*núll*	—
Samtals	*80*		*9*

(athugasemd: frestaður skattur, sem bætist við vegna endurmatsins, er færður í aðra heildarafkomu í samræmi við lið 61A)

Dæmi C

Hér eru aðstæður þær sömu og í dæmi B, að því undanskildu að verði fjármunaliðurinn seldur fyrir meira en kostnaðarverð verða uppsafnaðar afskriftir samkvæmt skattalögum taldar með skattskyldum tekjum (skattlagðar með 30% skatthlutfalli) og 40% skattur verður lagður á söluhagnað þegar búið er að draga frá verðtryggt kostnaðarverð að fjárhæð 110.

Einingin verður að gefa af sér skattskyldar tekjur að fjárhæð 150 ef hún hyggst endurheimta bókfærða verðið með því að nota fjármunaliðinn en getur þó aðeins dregið frá afskriftir að fjárhæð 70. Á grundvelli þessa er skattverðið 70 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 80 og frestuð skattskuld 24 (30% af 80) eins og í dæmi B.

Einingin getur dregið frá verðtryggt kostnaðarverð að fjárhæð 110 ef hún væntir þess að endurheimta bókfært verð fjármunaliðarins með því að selja hann strax fyrir 150. Á hreinan söluhagnað að fjárhæð 40 verður lagður 40% skattur. Til viðbótar verða uppsafnaðar afskriftir samkvæmt skattalögum að fjárhæð 30 taldar með í skattskyldum tekjum og er 30 % skattur lagður á þær. Á grundvelli þessa er skattverðið 80 (110 mínus 30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu að fjárhæð 70 og frestuð skattskuld að fjárhæð 25 (40% lögð á 40 plús 30% lögð á 30). Gagnlegt getur verið að huga að meginreglunni sem sett er fram í 10. lið ef ekki þykir strax augljóst hvert skattverðið er í þessu dæmi.

(athugasemd: frestaður skattur, sem bætist við vegna endurmatsins, er færður í aðra heildarafkomu í samræmi við lið 61A)

51B Mat á frestaðri skattskuld eða skattinneign skal endurspegla skattaleg áhrif endurheimtar á bókfært verð óafskrifanlegra eigna með sölu þeirra ef frestuð skattskuld eða skattinneign verður til vegna óafskrifanlegra eigna sem metnar eru með endurmatslíkani frá IAS-staðli 16, óháð því á hvaða grunni matið á bókfærðu verði eignarinnar fór fram. Af þeim sökum skal beita fyrra skatthlutfallinu við mat á frestaðri skattskuld eða skattinneign í tengslum við óafskrifanlega eign ef skatthlutfall af skattskyldri fjárhæð, sem myndast við sölu eignar, er samkvæmt skattalögum annað en skatthlutfall af skattskyldri fjárhæð sem verður til við notkun eignarinnar.

51C Hrekjanleg forsenda er fyrir því að bókfært verð fjárfestingareignarinnar verði endurheimt með sölu hennar ef frestuð skattskuld eða skattinneign verður til vegna fjárfestingareignar sem er metin með því að nota gangvirðislíkanið frá IAS-staðli 40. Til samræmis við það skal matið á frestaðri skattskuld eða skattinneign endurspegla algjörlega skattaleg áhrif endurheimtar á bókfært verð fjárfestingareignar við sölu, nema forsendan sé hrakin. Forsenda þessi er hrakin ef fjárfestingareignin er afskrifanleg og geymd innan viðskiptalíkans sem hefur það markmið að taka að verulegu leyti jafnt og þétt til sín þann efnahagslega ávinning sem felst í fjárfestingareign, frekar en við sölu. Ef forsendan er hrakin skal fara eftir kröfunum í liðum 51 og 51A.

Dæmi til skýringar á lið 51C

Fjárfestingareign hefur kostnaðarverð 100 og gangvirði 150. Hún er metin með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40. Hún nær yfir landareign sem hefur kostnaðarverð 40 og gangvirði 60 og byggingu með kostnaðarverð 60 og gangvirði 90. Landareignin hefur ótakmarkaðan nýtingartíma.

Uppsafnaðar afskriftir byggingarinnar eru 30 með tilliti til skattlagningar. Duldar breytingar á gangvirði fjárfestingareignar hafa ekki áhrif á skattskyldan hagnað. Ef fjárfestingareignin er seld yfir kostnaðarverði skal bakfærsla á uppsöfnuðum skattaafskriftum 30 vera talin með í skattskyldum hagnaði og skattlögð með 30% hefðbundnu skatthlutfalli. Skattalög tilgreina 25% skatthlutfall á söluverð umfram kostnaðarverð á eignum sem var haldið skemur en tvö ár og 20% fyrir þær sem var haldið í tvö ár eða lengur.

Hrekjanleg forsenda er að einingin mun endurheimta allt bókfært verð fjárfestingareignarinnar við sölu, vegna þess að fjárfestingareignin er metin með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40. Verði forsenda þessi ekki hrakin endurspeglar frestaði skatturinn skattaleg áhrif endurheimtar á öllu bókfærða verðinu við sölu, jafnvel þó að einingin vænti leigutekna af eigninni fyrir sölu.

Skattverð landareignar, ef hún er seld, er 40 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 20 (60–40). Skattverð byggingar, ef hún er seld, er 30 (60–30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 60 (90–30). Þar af leiðandi er samtals 80 (20+60) tímabundinn mismunur á skattskyldu að því er varðar fjárfestingareign.

Skatthlutfallið er, í samræmi við 47. lið, hlutfallið sem áætlað er að muni gilda á tímabilinu þegar fjárfestingareignin er innleyst. Hyggist einingin selja eignina, eftir að hafa hana í vörslu sinni lengur en í tvö ár, er frestaða skattskuldin sem af þessu leiðir þá reiknuð eins og hér segir:

	Tímabundinn mismunur á skattskyldu	*Skatthlutfall*	*Frestuð skattskuld*
Uppsafnaðar afskriftir samkvæmt skattalögum	*30*	*30%*	*9*
Söluverð umfram kostnaðarverð	*50*	*20%*	*10*
Samtals	*80*		*19*

Breyta verður útreikningnum að ofan, ef einingin hyggst selja eignina eftir að hafa hana í vörslu sinni skemur en í tvö ár, svo að 25%, en ekki 20%, skatthlutfall gildi um söluverð umfram kostnaðarverð.

Forsenda þessi yrði hrakin, að því er bygginguna varðar, ef einingin heldur henni innan viðskiptalíkans, sem hefur það markmið að taka að verulegu leyti jafnt og þétt til sín þann efnahagslega ávinning sem felst í byggingunni, frekar en með sölu. Landareignin er þó ekki afskrifanleg. Forsendan fyrir endurheimt með sölu yrði því ekki hrakin að því er landareignina varðar. Af þessu leiðir að frestaða skattskuldin myndi endurspegla skattaleg áhrif af endurheimt bókfærð verðs byggingar með notkun og bókfærðs verðs landareignar með sölu.

Skattverð byggingar, ef hún er notuð, er 30 (60–30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 60 (90–30), sem leiðir til frestaðrar skattskuldar 18 (30% af 60).

Skattverð landareignar, ef hún er seld, er 40 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 20 (60–40), sem leiðir til frestaðrar skattskuldar 4 (20% af 20).

Frestaða skattskuldin sem varðar fjárfestingareignina er þar af leiðandi 22 (18+4), ef forsendan fyrir endurheimt með sölu er hrakin að því er bygginguna varðar.

51D Hrekjanlega forsendan í lið 51C gildir einnig þegar frestuð skattskuld eða frestuð skattinneign kemur til af mati á fjárfestingareign við sameiningu fyrirtækja, ef einingin mun nota gangvirðislíkan þegar þessi fjárfestingareign verður metin síðar meir.

51E Liðir 51B–51D breyta ekki kröfunum um að beita meginreglunum í liðum 24–33 (frádráttarbær, tímabundinn mismunur) og liðum 34–36 (ónotað, skattalegt tap og ónotaður skattafsláttur) í þessum staðli þegar frestuð skattinneign er skráð og metin.

GILDISTÖKUDAGUR

98 Með útgáfu á Frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna í desember 2010 var númeri 52. liðar breytt í 51A, breytingar voru gerðar á 10. lið og dæmunum sem fylgja lið 51A, og liðum 51B og 52C og dæmunum sem fylgja á eftir og liðum 51D, 51E og 99. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum fyrir fyrra tímabil.

AFTURKÖLLUN SIC-TÚLKUNAR 21

99 Breytingarnar, sem gerðar voru með útgáfu á Frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna í desember 2010, skulu koma í stað SIC-túlkunar 21, tekjuskattar — endurheimt endurmetinna, óafskrifanlegra eigna.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL (IFRS-staðall) 13

Gangvirðismat

MARKMIÐ

1 Þessi IFRS-staðall:

a) skilgreinir gangvirði,

b) setur fram ramma til mats á gangvirði í einstökum IFRS-staðli og

c) krefst birtingu upplýsinga um gangvirðismöt.

2 Gangvirði er markaðsmiðað mat en ekki mat fyrir eininguna. Sannreynanleg markaðsviðskipti eða markaðsupplýsingar gætu verið aðgengilegar um sumar eignir og skuldir. Sannreynanleg markaðsviðskipti og markaðsupplýsingar gætu verið óaðgengilegar um aðrar eignir og skuldir. Markmið gangvirðismats er þó í báðum tilfellum hið sama—að áætla verð sem yrði notað í eðlilegum viðskiptum við eignasölu eða yfirfærslu skulda á milli markaðsaðila á matsdegi við gildandi markaðsaðstæður (þ.e. úttaksverð á matsdegi frá sjónarhóli markaðsaðila sem heldur eigninni eða hefur ekki greitt skuldina).

3 Eining metur gangvirði með því að nota aðra virðismatsaðferð sem hámarkar notkun viðkomandi sannreynanlegs ílags og lágmarkar notkun ósannreynanlegs ílags þegar verð á sömu eign eða skuld er ekki sannreynanlegt. Þar eð gangvirði er markaðsmiðað mat er það metið með því að nota forsendur sem markaðsaðilar hefðu notað við að verðleggja eign eða skuld, þ.m.t. áhættuforsendur. Þar af leiðandi er ætlun aðila um að halda eign, greiða eða með öðrum hætti gera upp skuld, óviðkomandi mati á gangvirði.

4 Skilgreiningin á gangvirði beinir sjónum að eignum og skuldum vegna þess að þær eru aðal viðfangsefnið við mat á skráningu. Þar að auki skal beita þessum IFRS-staðli á eigin eiginfjárgerninga einingarinnar, metna á gangvirði.

GILDISSVIÐ

5 Þessi IFRS-staðall gildir þegar annar IFRS-staðall krefst, heimilar eða birtir upplýsingar um gangvirðismat (og möt, eins og gangvirði að frádregnum sölukostnaði sem byggt er á gangvirði eða birtingu upplýsinga um möt þessi), að undanskildum þeim sem tilgreind eru í 6. og 7. lið.

6 Matið og birtingarkröfur þessa IFRS-staðals gilda ekki um eftirfarandi:

a) eignarhlutatengdar greiðslur innan gildissviðs IFRS-staðals 2, eignarhlutatengdra greiðslna,

b) leigusamninga, sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 17, leigusamninga, og

c) möt sem líkjast gangvirði að nokkru leyti en eru þó ekki gangvirði, svo sem hreint söluvirði í IAS-staðli 2, birgðum, eða notkunarvirði í IAS-staðli 36, virðisrýrnun eigna.

7 Ekki er farið fram á þær kröfur um birtingu upplýsinga sem þessi IFRS-staðall krefst í eftirfarandi:

a) við mat á eignum til greiðslu lífeyris á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 19, starfskjör,

b) við fjárfestingar eftirlaunasjóðs, metnar á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 26, reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða og

c) varðandi eignir hverra endurheimtanlegar fjárhæðir eru gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði í samræmi við IAS-staðal 36.

8 Rammi gangvirðismats, sem lýst er í þessum IFRS-staðli, gildir bæði um upphaflegt og síðara mat ef aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila gangvirði.

MAT

Skilgreining á gangvirði

9 Þessi IFRS-staðall skilgreinir gangvirði sem verðið er fengist með því að selja eign eða yrði greitt við yfirfærslu á skuld í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.

10 Liður B2 lýsir gangvirðismatsaðferðinni í heild sinni.

Eignin eða skuldin

11 Gangvirðismat er fyrir tiltekna eign eða skuld. Eining skal því við gangvirðismat taka tillit til einkenna eignarinnar eða skuldarinnar ef markaðsaðilar myndu taka tillit til þeirra við verðlagningu á eigninni eða skuldinni á matsdegi. Meðal slíkra einkenna eru til dæmis eftirfarandi:

a) ástand og staðsetning eignarinnar og

b) takmarkanir, ef einhverjar eru, á sölu eða notkun eignarinnar.

12 Áhrifin á matið sem koma til af tilteknu einkenni verða mismunandi eftir því hvernig markaðsaðilar myndu taka tillit til þessa einkennis.

13 Metin eign eða skuld á gangvirði gæti verið annað af eftirfarandi:

a) sjálfstæð eign eða skuld (t.d. fjármálagerningur eða eign sem er ekki fjáreign) eða

b) eignasamstæða, skuldasamstæða eða samstæða eigna og skulda (t.d. fjárskapandi eining eða fyrirtæki).

14 Reiknieiningar einingar eða skuldar ákvarða hvort um sé að ræða sjálfstæða eign eða skuld, eignasamstæðu, skuldasamstæðu eða samstæðu eigna og skulda til skráningar og upplýsingar. Ákvarða skal reiknieiningu fyrir eign eða skuld í samræmi við IFRS-staðalinn sem krefst eða heimilar gangvirðismat, nema í þeim tilfellum sem þessi IFRS-staðall kveður á um.

Viðskiptin

15 Í gangvirðismati er gert ráð fyrir að markaðsaðilar skipti á milli sín eignum eða skuldum í eðlilegum viðskiptum við sölu eignarinnar, eða yfirfærslu skuldarinnar, á matsdagi samkvæmt ríkjandi markaðsaðstæðum.

16 Í gangvirðismati er gert ráð fyrir að viðskiptin sem fela í sér sölu eignarinnar, eða yfirfærslu skuldanna, fari annaðhvort fram:

a) á helstu mörkuðum fyrir eignina, eða skuldina, eða

b) á hagstæðasta markaðnum fyrir eignina eða skuldina, ef helsti markaður er ekki til staðar.

17 Eining þarf ekki að gangast undir tæmandi leit á öllum hugsanlegum mörkuðum til að auðkenna helsta markaðinn eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaðinn en skal þó taka tillit til allra nægjanlega tiltækra upplýsinga. Þegar ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða er markaðurinn, þar sem einingin hefði að öllu jöfnu selt eignina eða yfirfært skuldina, talinn vera helsti markaðurinn eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasti markaðurinn.

18 Ef helsti markaður er til staðar fyrir eign eða skuld skal gangvirðismat standa fyrir verð á þeim markaði (hvort sem hægt er að sannreyna það verð beint eða áætla það með annarri virðismatsaðferð), jafnvel ef það verð gæti verið hagstæðara á öðrum markaði á matsdegi.

19 Einingin verður að hafa aðgang að helsta (eða hagstæðasta) markaði á matsdegi. Helsti (eða hagstæðasti) markaðurinn fyrir sömu eign eða skuld gæti verið mismunandi fyrir ólíka aðila (og fyrirtækja innan þessara aðila) vegna þess að ólíkir aðilar (og fyrirtæki innan þeirra) í mismunandi starfsemi geta haft aðgang að mismunandi mörkuðum. Því skal líta á helsta (eða hagstæðasta) markaðinn (og þar af leiðandi markaðsaðila) frá sjónarmiði einingarinnar og heimila þar með mismun á milli og meðal aðila með ólíka starfsemi.

20 Þó að eining verði að hafa aðgang að markaðinum þarf hún ekki að geta selt tiltekna eign eða yfirfært ákveðna skuld á matsdegi til að geta metið gangvirði sem byggist á verðlagningu á þeim markaði.

21 Gangvirðismat skal gera ráð fyrir að viðskipti hafi átt sér stað á matsdegi, séð frá sjónarmiði markaðsaðila sem ræður yfir eign eða á ógreiddar skuldir, jafnvel þó að enginn sannreynanlegur markaður sé til að veita upplýsingar um söluverð eignar eða yfirfærsluverð skuldar á þeim degi. Þessi ætluðu viðskipti koma á fót grundvelli til að áætla söluverð eignar eða yfirfærsluverð skuldar.

Markaðsaðilar

22 Eining skal meta gangvirði eignar eða skuldar með því að nota forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eign eða skuld, að því gefnu að markaðsaðilar þjóni bestu efnahagslegu hagsmunum sínum.

23 Eining þarf ekki að auðkenna tiltekna markaðsaðila við þróun þessara forsendna. Einingin skal öllu heldur tilgreina einkenni sem auðkenna markaðsaðila með almennum hætti og hafa í huga þættina sem eru sértækir fyrir allt eftirfarandi:

a) eignina eða skuldina

b) helsta (eða hagstæðasta) markaðinn fyrir eignina eða skuldina og

c) markaðsaðila sem einingin myndi eiga viðskipti við á þessum markaði.

Verðið

24 Gangvirði er verðið sem fást myndi við sölu á eign eða yrði greitt fyrir yfirfærslu á skuld í eðlilegum viðskiptum á helsta (eða hagstæðasta) markaði á matsdegi samkvæmt ríkjandi markaðsaðstæðum (þ.e. úttaksverð), óháð því hvort hægt er að sannreyna þetta verð eða áætla það með því að nota aðra virðismatsaðferð.

25 Verðinu sem notað er við gangvirðismat eignar eða skuldar á helsta (eða hagstæðasta) markaðnum skal ekki breyta vegna viðskiptakostnaðar. Viðskiptakostnað skal færa í samræmi við aðra IFRS-staðla. Viðskiptakostnaður er ekki einkenni eignar eða skuldar, hann á öllu heldur sérstaklega við um viðskipti og verður mismunandi eftir því hvernig einingin kemur að viðskiptum með eignina eða skuldina.

26 Flutningskostnaður telst ekki með í viðskiptakostnaði. Breyta skal verðinu á helsta (eða hagstæðasta) markaðnum, ef staðsetning er einkenni eignarinnar (eins og verið gæti til dæmis um verslunarvöru), vegna kostnaðar sem stofnað yrði til við flutning á eigninni frá núverandi staðsetningu til þessa markaðar.

Notkun á eignum sem eru ekki fjáreignir

Hæsta og besta notkun á eignum sem eru ekki fjáreignir

27 Gangvirðismat eignar sem er ekki fjáreign tekur tillit til getu markaðsaðila til að mynda efnahagslegan ávinning með hæstu og bestu notkun eignarinnar, eða með því að selja hana til annars markaðsaðila, sem myndi nota eignina með hæsta og besta móti.

28 Hæsta og besta notkun á eign sem er ekki fjáreign tekur tillit til notkunar á eigninni eins og er efnislega mögulegt, lög heimila og fjárhagslega framkvæmanlegt, eins og hér segir:

a) notkun sem er efnilega möguleg tekur tillit til eðliseiginleika eignar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu hennar (t.d. staðsetning eða stærð eignar),

b) notkun sem lög heimila tekur tillit til lagalegra takmarkana á notkun eignar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu hennar (t.d. skipulagsreglur sem gilda um eign),

c) notkun sem er fjárhagslega framkvæmanleg tekur tillit til þess hvort efnislega möguleg og lagalega séð heimil notkun eignarinnar skapi nægjanlegar tekjur eða sjóðstreymi (með tilliti til kostnaðar við að breyta eigninni fyrir slíka notkun) til að skila af sér fjárfestingartekjum sem markaðsaðilinn myndi krefjast frá fjárfestingu í þeirri eign sem var notuð í þessu skyni.

29 Hæsta og besta notkun er ákvörðuð frá sjónarmiði markaðsaðila, jafnvel þó að einingin ætlist til annars konar notkunar. Núverandi notkun einingarinnar á eign sem er ekki fjáreign er þó talin vera hæsta og besta notkun hennar nema markaðurinn eða aðrir þættir gefi til kynna að annars konar notkun markaðsaðila myndi hámarka verðgildi hennar.

30 Eining getur haft í hyggju að nota ekki keypta eign sem er ekki fjáreign með virkum hætti til að vernda samkeppnisstöðu sína, eða af öðrum ástæðum, eða að hún ætli ekki að nota hana í samræmi við hæstu og bestu notkun. Það gæti til dæmis gæti átt við um óefnislega eign sem einingin hefur í hyggju að nota í varnarskyni með því að hindra að aðrir geti notað hana. Einingin skal engu að síður meta gangvirði eignar sem er ekki fjáreign með því að gefa sér hæstu og bestu notkun af hálfu markaðsaðilanna.

Matsforsenda fyrir eignir sem eru ekki fjáreignir

31 Hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign skýtur stoðum undir matsforsenduna sem notuð er til að meta gangvirði eignarinnar eins og hér segir:

a) hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign gæti veitt markaðsaðilunum hámarksgildi með því að nota hana í saman með öðrum eignum í samstæðu (uppsettri eða á annan hátt stillt til notkunar) eða saman með öðrum eignum og skuldum (t.d. í fyrirtæki).

   i. Gangvirði eignar er verðið sem fengist í yfirstandandi viðskiptum með sölu á eigninni ef að hæsta og besta notkun hennar er að saman með öðrum eignum, eða með öðrum eignum og skuldum, að því gefnu að hún yrði notuð með öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum og að eignir þessar og skuldir (þ.e. eignir sem bætt var við hana og tengdar skuldir) myndu standa markaðsaðilum til boða.

   ii. Skuldir sem tengjast eigninni og viðbótareignum fela meðal annars í sér skuldir sem fjármagna veltufé en telja ekki með skuldir sem notaðar eru til að fjármagna aðrar eignir en þær sem eru innan eignasamstæðunnar.

   iii. Samkvæmni skal vera á forsendum fyrir hæstu og bestu notkun allra eigna sem eru ekki fjáreignir (um þær þar sem hæsta og besta notkun skiptir máli) innan þeirra samstæðna eigna eða samstæðna eigna og skulda þar sem eignin yrði notuð.

b) Hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign gæti veitt markaðsaðilunum hámarksgildi sérstaklega. Ef hæsta og besta notkun eignar er að nota hana sérstaklega er gangvirði hennar verðið sem fengist í yfirstandandi viðskiptum við sölu á eigninni til markaðsaðila sem myndu nota hana með sérstökum hætti.

32 Gangvirðismat á eign sem er ekki fjáreign gerir ráð fyrir að hún sé seld í samræmi við reiknieininguna sem tilgreind er í öðrum IFRS-stöðlum (sem gætu verið einstök eign). Þetta er jafnvel tilfellið þegar gangvirðismat gerir ráð fyrir að hæsta og besta notkun eignar sé að nota hana saman með öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum vegna þess að gangvirðismat gerir ráð fyrir að markaðsaðilinn ráði þegar yfir viðbótareignum og tengdum skuldum.

33 Í lið B3 er lýst notkun á matsforsenduhugtakinu fyrir eignir sem eru ekki fjáreignir.

Notkun á skuldum og eigin eiginfjárgerningum aðila

Almennar meginreglur

34 Gangvirðismat gerir ráð fyrir að fjárskuld, skuld sem er ekki fjárskuld eða eigin eiginfjárgerningur einingar (t.d. hlutdeild í eigin fé sem var gefin út sem endurgjald við sameiningu fyrirtækja), sé yfirfærð á markaðsaðila á matsdegi. Yfirfærsla á skuld eða eigin eiginfjárgerningi einingar gerir ráð fyrir eftirfarandi:

a) skuld yrði áfram útistandandi og markaðsaðilanum, sem tekur við yfirfærslunni, bæri skylda til að uppfylla skuldbindinguna. Skuldin yrði ekki gerð upp við mótaðilann eða með öðrum hætti ógiltuð á matsdegi,

b) eigin eiginfjárgerningur einingar yrðu áfram útistandandi markaðsaðilinn sem tekur við yfirfærslunni tæki á sig réttindi og skyldur sem gerningunum tengjast. Gerningurinn yrði ekki afturkallaður eða með öðrum hætti ógildaður á matsdegi.

35 Jafnvel þegar enginn sannreynanlegur markaður er til að veita verðlagsupplýsingar um yfirfærslu skuldar eða eigin eiginfjárgerninga einingar (t.d. vegna þess að samningar eða aðrar lagalegar takmarkanir hindra yfirfærslu á slíkum fjármunaliðum) gæti sannreynanlegur markaður verið til fyrir slíka fjármunaliði ef aðrir aðilar hafa þær í vörslu sinni sem eignir (t.d. fyrirtækjaskuldabréf eða kaupréttur á hlutabréfum einingar).

36 Í öllum tilfellum skal eining hámarka notkun á viðeigandi sannreynanlegu ílagi og lágmarka notkun ósannreynanlegs ílags til að ná markmiði gangvirðismats, sem er að áætla verð á yfirfærslu skuldarinnar eða eiginfjárgernings við eðlileg viðskipti á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður.

Skuldir og eiginfjárgerningar í vörslu annarra aðila sem eignir

37 Þegar skráð verð á yfirfærslu sömu eða sams konar skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingar er ekki til staðar og sami fjármunaliðurinn er í vörslu annars aðila sem eign skal einingin meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins frá sjónarmiði markaðsaðilans sem hefur sama liðinn í vörslu sinni sem eign á matsdegi.

38 Í slíkum tilfellum skal einingin meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins eins og hér segir:

a) með því að nota skráð verð á virkum markaði fyrir sama fjármunalið sem annar aðili hefur í vörslu sinni sem eign, ef verð þetta liggur fyrir,

b) með því að nota annað sannreynanlegt ílag, svo sem skráð verð á óvirkum markaði fyrir sama fjármunalið sem annar aðili hefur í vörslu sinni sem eign, ef verð þetta liggur ekki fyrir,

c) með því að nota aðra virðismatsaðferð, ef sannreynanlegt verð í a- og b-lið liggur ekki fyrir, eins og:

i. tekjuaðferð (t.d. núvirðisaðferð sem tekur tillit til framtíðarsjóðstreymis sem markaðsaðili ætlaðist til að hljóta við vörslu skuldar eða eiginfjárgernings sem eignar, sjá liði B10 og B11).

ii. markaðsaðferð (t.d. með því að nota skráð verð á sams konar skuldum eða eiginfjárgerningum sem aðrir aðilar hafa í vörslu sem eignir, sjá liði B5—B7).

39 Eining skal aðeins leiðrétta skráða verðið á skuld eða eigin eiginfjárgerning einingar sem annar aðili hefur í vörslu sem eign ef til staðar eru sértækir þættir fyrir eignina sem gilda ekki við gangvirðismat skuldar eða eiginfjárgernings. Eining skal tryggja að verð eignarinnar endurspegli ekki áhrif af hömlum sem koma í veg fyrir sölu hennar. Sumir þættir, sem gætu gefið vísbendingar um að leiðrétta skuli bókfært verð, eru meðal annars eftirfarandi:

a) að bókfært verð eignarinnar tengist sams konar (en ekki eins) skuld eða eiginfjárgerningi sem annar aðili hefur í vörslu sem eign. Skuld eða eiginfjárgerningur gæti til dæmis haft tiltekin einkenni (t.d. lánshæfisgæði útgefandans) sem eru frábrugðin þeim sem endurspegla gangvirði sams konar skuldar eða eiginfjárgernings sem eru geymd sem eign,

b) reiknieining eignarinnar er ekki sú sama og fyrir skuld eða eiginfjárgerning. Fyrir skuldir til dæmis endurspeglar verð á eign sameinað verð fyrir pakka sem inniheldur bæði skuldastöðu útgefandans og að þriðji aðili bæti lánshæfi sitt. Ef reiknieining skuldarinnar er ekki fyrir sameinaðan pakka er markmiðið að meta gangvirði skuldar útgefandans, ekki gangvirði sameinaða pakkans. Í slíkum tilfellum ætti einingin því að leiðrétta mælt verð eignarinnar til að undanskilja áhrif af bættu lánshæfi þriðja aðilans.

Skuldir og eiginfjárgerningar í vörslu annarra aðila sem eignir

40 Einingin skal meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins með því að nota virðismatsaðferð frá sjónarmiði markaðsaðilans sem á eftir að greiða skuldina eða hefur gefið út eiginfjárkröfu þegar skráð verð á yfirfærslu sömu, eða sams konar, skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingar er ekki til staðar og sami fjármunaliðurinn er í vörslu annars aðila sem eign.

41 Eining gæti til dæmis tekið tillit til annars af eftirfarandi atriðum þegar hún beitir núvirðisaðferð:

a) framtíðarútstreymi handbærs fjár sem markaðsaðili myndi vænta að stofna til við að uppfylla skuldbindinguna, þ.m.t. bætur sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka skuldbindinguna á sig (sjá liði B31–B33),

b) fjárhæðin sem markaðsaðili myndi hljóta við að ganga inn í eða gefa út sömu skuld eða eiginfjárgerning, á þeim forsendum sem markaðsaðilar myndu vilja nota við verðlagningu á sama fjármunalið (t.d. hafa sömu lánshæfiseiginleika) á helsta (eða hagkvæmasta) markaði til að gefa út skuld eða eiginfjárgerning með sömu samningsskilmálum.

Hætta á vanefndum

42 Gangvirði skuldar endurspeglar áhrif af hættu á vanefndum. Hætta á vanefndum getur falið í sér, er þó ekki takmörkuð við, eigin lánsáhættu einingarinnar (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7, fjármálagerningum: upplýsingagjöf). Gert er ráð fyrir að hætta á vanefndum sé sú sama fyrir og eftir yfirfærslu skuldar.

43 Eining skal, við mat á gangvirði skuldar, taka tillit til áhrifa lánsáhættu hennar (lánsfjárstöðu) og annarra þátta sem gætu haft áhrif á líkur þess að skuldbindingin verði eða verði ekki uppfyllt. Áhrif þessa gætu verið mismunandi eftir því hvaða skuld um ræðir, til dæmis:

a) hvort skuldin sé skuldbinding til að afhenda reiðufé (fjárskuld) eða vörur eða þjónustu (skuld sem er ekki fjárskuld),

b) hvort skilmálar fyrir bættu lánshæfi séu tengdir skuldinni, ef um þá er að ræða.

44 Gangvirði skuldar endurspeglar áhrif af hættu á vanefndum á grundvelli reiknieiningar hennar. Útgefandi skuldar, sem er gefin út með óaðskiljanlegum þáttum sem ætlað er að bæta lánshæfi þriðja aðila og er talin fram aðskilin frá skuldinni, skal ekki telja með áhrif af bættu lánshæfi (t.d. ábyrgð þriðja aðila á skuld) í gangvirðismati skuldarinnar. Útgefandinn verður, ef bætt lánshæfi er talið fram aðskilið frá skuldinni, að taka tillit til eigin lánsfjárstöðu en ekki þeirrar hjá þriðja aðilanum sem er ábyrgðaraðili við mat á gangvirði skuldarinnar.

Haft sem kemur í veg fyrir yfirfærslu á skuld eða eigin eiginfjárgerningi aðila

45 Við mat á gangvirði skuldar eða eigin eiginfjárgerningi einingar skal hún ekki telja með sérstakt ílag eða leiðréttingu á öðrum ílögum sem tengjast tilvist hamla sem koma í veg fyrir yfirfærslu fjármunaliðarins. Áhrif hamla sem hindra yfirfærslu á skuldbindingu eða eigin eiginfjárgerningi einingar eru annaðhvort beint eða óbeint innifalin í öðrum ílögum við gangvirðismatið.

46 Til dæmis hafa bæði lánveitandinn og loforðsgjafinn samþykkt verð í viðskiptum fyrir skuldina á viðskiptadegi, með fullri vitund um að skuldbindingin felur í sér hömlur sem hindra yfirfærslu hennar. Aðskildu ílagi eða leiðréttingu á fyrirliggjandi ílagi er ekki krafist á viðskiptadegi til að endurspegla áhrif af takmörkun á yfirfærslu vegna takmörkunarinnar sem er innifalin í viðskiptaverðinu. Á sama hátt er ekki þörf á aðskildu ílagi eða leiðréttingu á fyrirliggjandi ílagi við síðari matsdaga til að endurspegla áhrifin af takmörkunum á yfirfærslu.

Gjaldkræf fjárskuld

47 Gangvirði gjaldkræfrar fjárskuldar (t.d. veltiinnláns) er ekki lægra en fjárhæðin sem skal greiða við kröfu, afvöxtuð frá fyrsta deginum sem unnt væri að krefjast greiðslu fjárhæðarinnar.

Notkun á fjáreignum og fjárskuldum með stöður sem jafna hver aðra út í markaðsáhættu eða mótaðilaáhættu

48 Eining sem hefur í vörslu sinni flokk fjáreigna og fjárskuldar tekur markaðsáhættu (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7) og lánsáhættu (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7) gagnvart hverjum mótaðila sínum. Einingunni er heimilt að sækja um undanþágu frá þessum IFRS-staðli fyrir mat á gangvirði ef hún stjórnar þessum flokki fjáreigna og fjárskulda á grundvelli hreinnar áhættu gagnvart annaðhvort markaðsáhættu eða lánsáhættu. Undanþága þessi heimilar einingu að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda á grundvelli verðsins sem fást myndi við sölu á hreinni gnóttstöðu (þ.e. eign) á tilteknum áhættugrunni eða til að yfirfæra hreina skortstöðu (þ.e. skuld) á tilteknum áhættugrunni í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður. Til samræmis við það skal aðili meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda með samræmdum hætti við hvernig markaðsaðilar myndu verðleggja hreinan áhættugrunn á matsdegi.

49 Einingu er aðeins heimilt að nota undanþáguna í 48. lið ef hún gerir allt eftirfarandi:

a) stjórnar flokki fjáreigna og fjárskulda á grundvelli hreinnar áhættu einingarinnar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) eða gagnvart lánsáhættu tiltekins mótaðila í samræmi við skjalfesta áhættustýringu eða fjárfestingaráætlun einingarinnar,

b) veitir upplýsingar á þeim grundvelli um flokk fjáreigna og fjárskulda til lykilstarfsmanna einingarinnar í stjórnunarstöðum, eins og þeir eru skilgreindir í IAS-staðli 24, upplýsingum um tengda aðila, og

c) ber skylda til og hefur valið að meta þær fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi við lok hvers skýrslutímabils.

50 Undanþágan í 48. lið varðar ekki framsetningu reikningsskila. Í sumum tilfellum er grundvöllur fyrir framsetningu reikningsskila í efnahagsreikningi á ólíkum grundvelli mats á fjármálagerningum, til dæmis ef IFRS-staðall krefst eða heimilar ekki að framsetning fjármálagerninga sé á hreinum grunni. Í slíkum tilfellum getur einingin þurft að gera leiðréttingar á eignasafnsgrunni (sjá 53.–56. lið) fyrir einstakar eignir eða skuldir sem mynda saman flokk fjáreigna eða fjárskulda sem stjórnað er á grunni hreinnar áhættu einingarinnar. Eining skal framkvæma úthlutanir þessar á raunhæfum og samræmdum grundvelli með því að nota viðeigandi aðferðafræði við þessar aðstæður.

51 Eining skal taka ákvörðun um reikningsskilaaðferð, í samræmi við IAS-staðal 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur, til að nota undanþáguna í 48. lið. Eining sem notar undanþáguna skal beita þeirri reikningsskilaaðferð, þ.m.t. aðferðinni við að úthluta leiðréttingum á kaup- og sölutilboði (sjá 53.–55. liði) leiðréttingar á lánum (sjá 56. lið), ef við á, með samræmdum hætti á milli tímabila fyrir tiltekið eignasafn.

52 Undanþágan í 48. lið gildir aðeins um fjáreignir og fjárskuldir innan gildissviðs IAS-staðals 39, fjármálagerninga: færslu og mats, eða IFRS-staðals 9, fjármálagerninga.

Markaðsáhætta

53 Þegar einingin notar undanþáguna í 48. lið til að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda sem stýrt er á grunni hreinnar áhættu einingar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) skal hún beita því verði innan verðbils kaup- og sölutilboðs sem stendur mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður á hreinni áhættu einingarinnar gagnvart þessari markaðsáhættu (sjá 70. og 71. lið).

54 Þegar einingin notar undanþáguna í 48. lið skal hún tryggja að markaðsáhættan (eða áhætturnar) sem hún stendur frammi fyrir innan flokks fjáreigna og fjárskulda sé að verulegu leyti hin sama. Til dæmis myndi einingin ekki sameina vaxtaáhættu sem tengist fjáreign með hrávöruverðsáhættu sem tengist fjárskuld vegna þess að slíkt myndi ekki draga úr áhættu einingarinnar gagnvart vaxtaáhættu eða hrávöruverðsáhættu. Taka skal tillit til grunnáhættu, sem hlýst af því að markaðsáhættubreytur eru ekki eins við notkun undanþágunnar í 48. lið, við gangvirðismat fjáreigna og fjárskulda innan flokksins.

55 Á sama hátt skal tímalengd áhættu einingarinnar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) sem vegna fjáreigna eða fjárskulda vera að verulegu leyti hin sama. Til dæmis má nefna aðila sem notar 12 mánaða framtíðarsamning gegn sjóðstreyminu, sem tengist 12 mánaða virði af vaxtaáhættu á fimm ára fjármálagerningum innan flokks og samanstendur aðeins af þeim fjáreignum og fjárskuldum sem meta gangvirði áhættunnar af 12 mánaða vaxtaáhættu á hreinum grunni og eftirstandandi vaxtaáhættu (t.d. ár 2–5) á vergum grunni.

Lánsáhætta tiltekins mótaðila

56 Einingin skal, þegar hún notar undanþáguna í 48. lið til að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda sem hún hefur gengið inn í með tilteknum mótaðila, telja með áhrifin af hreinni áhættu sinni vegna lánsáhættu þessa mótaðila, eða hreinni áhættu mótaðilans gagnvart lánsáhættu einingarinnar við gangvirðismat þegar markaðsaðilar hefðu tekið tillit til fyrirliggjandi tilhögunar, sem dregur úr lánsáhættu fari svo að vanskil eigi sér stað (t.d. rammasamningur um greiðslujöfnun við mótaðila eða samningur sem krefst skipta á veði á grundvelli hreinnar áhættu hvors málsaðila gagnvart lánsáhættu hins aðilans). Gangvirðismatið skal endurspegla væntingar markaðsaðila um líkindi þess að hægt yrði að framfylgja slíkum samningi samkvæmt lögum fari svo að vanskil eigi sér stað.

Gangvirði við upphafsfærslu

57 Þegar eign er keypt eða skuld yfirtekin í viðskiptum með þá eign eða skuld er verðið í viðskiptunum það verð sem greitt til að kaupa eignina eða tekið á móti við yfirtöku skuldarinnar (aðgangsverð). Aftur á móti er gangvirði eignar eða skuldar það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar (úttaksverð). Aðilar selja ekki nauðsynlega eignir á kaupverði þeirra. Á sama hátt yfirfæra einingar ekki nauðsynlega skuldir á yfirtökuverði þeirra.

58 Í mörgum tilfellum verður verðið í viðskiptunum jafngilt gangvirði (t.d. getur sú verið raunin þegar kaup á eign fara fram á viðskiptadegi á þeim markaði þar sem selja átti eignina).

59 Einingin skal taka tillit til þátta sem eiga sérstaklega við um viðskiptin og eignina eða skuldina þegar hún ákvarðar hvort gangvirði upphafsfærslu jafnist á við verðið í viðskiptunum. Í lið B4 er lýst aðstæðum þar sem verð í viðskiptum þarf ekki að vera í samræmi við gangvirði eignar eða skuldar við upphafsfærslu.

60 Eining skal færa hagnað eða tap í rekstrarreikningi, ef aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila henni upphaflega að meta eign eða skuld á gangvirði og verðið í viðskiptunum er frábrugðið gangvirðinu, nema IFRS-staðall þessi tilgreini annað.

Virðismatsaðferðir

61 Eining skal nota virðismatsaðferðir sem eru viðeigandi við þessar aðstæður og fullnægjandi gögn séu tiltæk til að meta gangvirði til að hámarka notkun á viðeigandi sannreynanlegu ílagi og lágmarka notkun ósannreynanlegs ílags.

62 Markmiðið með því að nota virðismatsaðferð er að meta hvert söluverð eignar í eðlilegum viðskiptum eða yfirfærsluverð skuldar yrði á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður. Markaðsaðferð, gangvirðisaðferð og tekjuaðferð eru þrjár virðismatsaðferðir sem víða eru notaðar. Helstu þættir þessara aðferða eru teknir saman í liðum B5–B11. Eining skal nota virðismatsaðferðir sem eru í samræmi við eina eða fleiri af þessum aðferðum til að meta gangvirði.

63 Í sumum tilfellum verður einstök virðismatsaðferð viðeigandi (t.d. við virðismat á eign eða skuld með því að nota skráð verð á virkum markaði um sömu eignir eða skuldir). Í öðrum tilfellum verða margar virðismatsaðferðir viðeigandi (t.d. gæti slíkt verið tilfellið við virðismat á fjárskapandi einingu). Ef margar virðismatsaðferðir eru notaðar til að meta gangvirði skulu niðurstöðurnar (t.d. viðkomandi upplýsingar um gangvirði) metnar með tilliti til hæfilegs verðmætabils sem niðurstöðurnar benda til. Gangvirðismat er sá punktur innan þeirra marka sem standa mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður.

64 Kvarða skal virðismatsaðferðina svo að við upphafsfærslu verði niðurstaða aðferðarinnar jafngild verði í viðskiptum, ef það er gangvirði við upphafsfærslu og virðismatsaðferð sem notar ósannreynanleg ílög verður notuð til að meta gangvirði á síðari tímabilum. Kvörðun tryggir að virðismatsaðferðin endurspegli ríkjandi markaðsaðstæður og hjálpi einingunni við að ákvarða hvort nauðsynlegt sé að breyta virðismatsaðferðinni (t.d. gæti aðferðin misst af að greina einkenni eignar eða skuldar). Eining skal, eftir upphafsfærslu þegar hún metur gangvirði með því að nota virðismatsaðferð eða aðferðir sem eru ekki sannreynanleg ílög, tryggja að þessar virðismatsaðferðir endurspegli sannreynanleg markaðsgögn (t.d. verð fyrir svipaða eign eða skuld) á matsdegi.

65 Beita skal virðismatsaðferðum, sem notaðar eru til að mæla gangvirði, með samræmdum hætti. Breyting á virðismatsaðferð eða beitingu hennar (t.d. breyting á vægi hennar þegar margar virðismatsaðferðir eru notaðar eða breyting á leiðréttingu sem beitt er á virðismatsaðferð) er þó viðeigandi ef breytingin leiðir til mats sem er jafngild eða stendur mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður. Þetta gæti verið tilfellið ef til dæmis einhverjir af eftirfarandi viðburðum eiga sér stað:

a) þróun nýrra markaða,

b) nýjar upplýsingar verða tiltækar,

c) upplýsingar sem áður voru notaðar eru ekki lengur tiltækar,

d) virðismatsaðferðir batna, eða

e) markaðsaðstæður breytast.

66 Færa skal endurskoðanir sem til koma vegna breytinga á virðismatsaðferðinni eða beitingu hennar sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8. Upplýsinga í IAS-staðli 8 vegna breytinga á reikningshaldslegu mati er þó ekki krafist fyrir endurskoðanir sem til koma til af breytingu í virðismatsaðferð eða beitingu hennar.

Ílög í virðismatsaðferðum

Almennar meginreglur

67 Virðismatsaðferðir, sem notaðar eru til að meta gangvirði, skulu hámarka notkun viðkomandi sannreynanlegra ílaga og lágmarka notkun ósannreynanlegra ílaga.

68 Gjaldeyrismarkaðir, markaðir þar sem markaðsaðilar kaupa og selja fyrir eigin reikning, miðlaramarkaðir og einnig markaðir þar sem aðilar semja beint sín á milli (sjá lið B34) eru meðal dæma um markaði þar sem ílög gætu verið sannreynanleg fyrir sumar eignir og skuldir (t.d. fjármálagerninga).

69 Eining skal velja ílög sem eru í samræmi við einkenni eignarinnar eða skuldarinnar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til í viðskiptum með eignina eða skuldina (sjá 11. og 12. lið). Í sumum tilfellum leiða einkenni þessi til að leiðréttingar eru gerðar, svo sem með yfirverði eða afföllum (t.d. yfirverð á ráðandi hluti eða afföll á hlutum sem eru ekki ráðandi). Gangvirðismat skal þó ekki nota gagnvart yfirverði eða afföllum sem eru í ósamræmi við reiknieiningu í IFRS-staðlinum sem krefst eða heimilar gangvirðismat (sjá 13. og 14. lið). Yfirverð eða afföll sem endurspegla stærð sem einkenni í eignarhlutdeild einingarinnar (sérstaklega tálmunarþátt sem breytir skráðu verði eignar eða skuldar vegna þess að hefðbundin dagleg velta skráðra verðbréfa á markaðnum er ekki fullnægjandi til að taka við magninu sem einingin hefur í vörslu sinni, eins og lýst er í 80. lið), frekar en einkenni eignarinnar eða skuldarinnar (t.d. yfirverð á ráðandi hluti þegar metið er gangvirði á ráðandi hlut), eru óleyfileg í gangvirðismati. Í öllum tilfellum skal einingin nota skráð verð, ef það er til staðar á virkum markaði (t.d. 1. stigs ílag), án breytinga þegar hún metur gangvirði, nema eins og tilgreint er í 79. lið.

Ílög sem byggð eru á kaup- og sölutilboðsverðum

70 Nota skal verðið innan verðbils kaup- og sölutilboðs sem stendur mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður til að meta gangvirði, óháð því hvar ílagið er flokkað innan stigskiptrar flokkunar gangvirðis (þ.e. stigum 1, 2 og 3, sjá 72.–90. lið), ef eign eða skuld sem metin er á gangvirði hefur kaup- og sölutilboðsverð (t.d. ílag frá mörkuðum þar sem markaðsaðilar kaupa og selja á eigin reikning). Heimilt er að nota kauptilboðsverð fyrir eignastöður og sölutilboðsverð fyrir skuldastöður en þess er ekki krafist.

71 Þessi IFRS-staðall útilokar ekki notkun meðaltals markaðsvirðis eða aðra samninga um verðlagningu sem markaðsaðilar nota sem skynsamlega leið fyrir gangvirðismat innan verðbils kaup- og sölutilboðs.

Stigskipt flokkun gangvirðis

72 Með þessum IFRS-staðli er komið á fót stigskiptri flokkun gangvirðis sem flokkar ílög í virðismatsaðferðum sem notuð eru við gangvirðismat í þrjú stig (sjá 76.–90. lið) til að auka samkvæmni og sambærileika í gangvirðismati og tengdri upplýsingagjöf. Stigskipt flokkun gangvirðis setur skráð verð (óbreytt) í hæsta forgang á virkum mörkuðum fyrir sömu eignir eða skuldir (1. stigs ílög) og ósannreynanleg ílög í lægstan forgang (3. stigs ílög).

73 Í sumum tilfellum má flokka ílögin sem notuð eru til að meta gangvirði eignar eða skuldar innan mismunandi stiga í stigskiptri flokkun gangvirðis. Í þessum tilfellum er gangvirðismat í heild sinni flokkað í sama stigi af stigskiptri flokkun gangvirðis og lægsta stig ílags sem er marktækt í matinu öllu. Mat á mikilvægi tiltekins ílags í matinu í heild sinni krefst dómgreindar með tilliti til þátta sem gilda sérstaklega um eignina eða skuldina. Ekki skal taka tillit til leiðréttinga til að finna mat sem byggt er á gangvirði, svo sem sölukostnaðar við mat á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, þegar ákvarðað er stig innan stigskiptrar flokkunar gangvirðis innan hvers gangvirðismats er flokkað.

74 Tiltækileiki viðeigandi ílaga og hlutfallslega huglægni þeirra gætu haft áhrif á val viðeigandi virðismatsaðferða (sjá 61. lið). Stigskipt flokkun gangvirðis setur þó ílög við virðismatsaðferðir í forgang en ekki virðismatsaðferðir sem notaðar eru til að meta gangvirði. Til dæmis mætti flokka gangvirðismat, sem þróað er með notkun núvirðisaðferðar, innan 2. eða 3. stigs með hliðsjón af ílögum sem hafa umtalsverð áhrif á matið í heild sinni og stig stigskiptrar flokkunar gangvirðis innan hvers ílög þessi eru flokkuð.

75 Útkoma matsins yrði flokkuð innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis ef sannreynanlegt ílag krefst leiðréttingar með því að nota ósannreynanlegt ílag og hún leiðir til umtalsvert hærra eða lægra gangvirðismats. Til dæmis myndi einingin leiðrétta skráð verð til að endurspegla áhrif þeirrar takmörkuna ef markaðsaðili tæki tillit til áhrifa takmörkunar á sölu eignar við verðmat á eigninni r. Matið yrði flokkað innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis ef þetta skráða verð er 2. stigs ílag og leiðréttingin er ósannreynanlegt ílag sem hefur umtalsverð áhrif á matið í heild sinni.

Ílög á 1. stigi

76 Ílög á 1. stigi eru skráð verð (óleiðrétt) í virkum mörkuðum með sömu eignir eða skuldir sem einingin getur haft aðgang að á matsdegi.

77 Skráð verð á virkum markaði veitir áreiðanlegustu sannanirnar á gangvirði og skal nota þau án leiðréttinga, þegar þau eru tiltæk, til að meta gangvirði, að undanþegnu því sem er tilgreint í 79. lið.

78 Ílög á 1. stigi verða tiltæk fyrir margar fjáreignir og fjárskuldir, skipta má sumum þeirra á mörgum virkum mörkuðum (t.d. á ólíkum mörkuðum). Því er áherslan innan 1. stigs lögð á að ákvarða báða eftirfarandi þætti:

a) helsta markaðinn fyrir eignina eða skuldina eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaðinn fyrir eignina eða skuldina og

b) hvort einingin geti gengið til viðskipta á því verði fyrir eignina eða skuldina á þeim markaði á matsdegi.

79 Eining skal ekki gera leiðréttingar á 1. stigs ílagi nema við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar einingin hefur í vörslu sinni margar svipaðar (en ekki eins) eignir og skuldir (t.d. skuldabréf) sem eru metin á gangvirði og skráð verð á virkum markaði er tiltækt en ekki auðveldlega aðgengilegt fyrir hverja einstaka eign þessa eða skuld (þ.e. ef erfitt væri að fá verðlagsupplýsingar um hverja einstaka eign eða skuld á matsdegi ef haft er í huga að einingin hefur í vörslu sinni margar svipaðar eignir eða skuldir). Í því tilfelli getur aðili talið skynsamlegt að meta gangvirði með því að nota aðra aðferð við verðlagningu sem styðst ekki eingöngu við skráð verð (t.d. fylkjaverðlagningu). Notkun á annarri aðferð við verðlagningu leiðir þó til gangvirðismats sem er flokkað innan lægri stiga stigskiptrar flokkunar gangvirðis,

b) þegar skráð verð á virkum markaði stendur ekki fyrir gangvirði á matsdegi. Sú gæti til dæmis verið raunin ef mikilvægir atburðir (svo sem viðskipti á markaði þar sem aðilar semja beint sín á milli, á miðlaramarkaði eða með tilkynningum) eiga sér stað eftir lok markaðar en fyrir matsdaginn. Eining skal koma á fót og stöðuglega beita aðferð til að auðkenna þá atburði sem gætu haft áhrif á gangvirðismöt. Ef skráð verð er leiðrétt vegna nýrra upplýsinga leiðir leiðréttingin þó til gangvirðismats sem flokkað er innan lægra stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis,

c) við mat á gangvirði skuldar eða eigin eiginfjárgerningi einingar með því að nota skráð verð á eins fjármunalið sem verslað var með sem eign á virkum markaði og að leiðrétta þurfi þetta verð vegna tilgreindra þátta við liðinn eða eignina (sjá 39. lið). Ef engra leiðréttinga á skráðu verði eignarinnar er krafist verður niðurstaðan gangvirðismat sem flokkað er innan 1. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis. Leiðréttingar á skráðu verði eignarinnar leiða til gangvirðismats sem er flokkað innan lægri stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis.

80 Meta skal skráð verð eignarinnar innan stigs, sem vara frá skráðu verði fyrir einstöku eignina eða skuldina og magnið sem einingin hefur í vörslu sinni, ef hún hefur í vörslu sinni stöðu í einstakri eign eða skuld (þ.m.t. stöðu sem nær yfir margar eins eignir eða skuldir, svo sem eignarhlutdeild í fjármálagerningum) og verslað er með eignina eða skuldina á virkum markaði skal skráð verð eignarinnar vera metið innan 1. stigs. Þetta á jafnvel við ef hefðbundin dagleg velta skráðra verðbréfa á markaði er ófullnægjandi til að taka við magni í vörslu og að gefa fyrirmæli um að selja stöðuna í einum viðskiptum gæti haft áhrif á skráða verðið.

Ílög á 2. stigi

81 Ílög á 2. stigi eru önnur ílög en skráð verð sem eru innifalin á 1. stigi og sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, annaðhvort beint eða óbeint.

82 Ílag á 2. stigi verður að vera sannreynanlegt lengst af samningstíma eignarinnar eða skuldarinnar ef eignin eða skuldin hefur tilgreinda (samningsbundna) skilmála Innan 2. stigs ílaga má finna eftirfarandi:

a) skráð verð fyrir svipaðar eignir eða skuldir á virkum mörkuðum,

b) skráð verð fyrir eins eða svipaðar eignir eða skuldir á óvirkum mörkuðum,

c) önnur ílög en skráð verð sem eru sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, til dæmis:

i. vextir og ávöxtunarferlar sem eru sannreynanlegir í þeim hléum sem oft er vitnað til,

ii. afleitt flökt og

iii. áhættuálag,

d) *ílög sem studd eru af markaði.*

83 Leiðréttingar á 2. stigs ílögum eru mismunandi með hliðsjón af tilgreindum þáttum við eignina eða skuldina. Meðal þessara þátta eru eftirfarandi:

a) skilyrði eða staðsetning eignarinnar,

b) umfangið sem ílög tengjast fjármunaliðunum sem eru sambærilegir eigninni eða skuldinni (þ.m.t. þáttunum sem er lýst í 39. lið) og

c) umfangið eða stig starfsemi á mörkuðunum sem eru innan sannreynanlegra ílaga.

84 Leiðrétting á 3. stigs ílagi sem er mikilvæg fyrir allt matið gæti leitt til gangvirðismats sem flokkað er innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, ef umtalsverð ósannreynanleg ílög eru notuð við leiðréttinguna.

85 Í lið B35 er lýst notkun á 2. stigs ílögum fyrir tiltekna eign eða skuldir.

Ílög á 3. stigi

86 Ílög á 3. stigi eru ósannreynanleg ílög fyrir eignina eða skuldina.

87 Nota skal ósannreynanleg ílög til að meta gangvirði að því marki að viðkomandi sannreynanleg ílög eru ekki tiltæk og gefa þannig færi á að aðstæður skapist þar sem lítil eða engin markaðsstafsemi fer fram fyrir eignina eða skuldina á matsdegi. Markmið gangvirðismats verður þó áfram hið sama, þ.e. úttaksverð á matsdegi frá sjónarmiði markaðsaðila sem hefur eign í vörslu sinni eða á eftir að greiða skuld. Ósannreynanleg ílög skulu því endurspegla forsendur sem markaðsaðilar hefðu notað við að verðleggja eignina eða skuldina, þ.m.t. áhættuforsendur.

88 Meðal áhættuforsendna telst innbyggð áhætta í tiltekinni virðismatsaðferð sem notuð er til að meta gangvirði (eins og verðlagningarlíkan) og áhættuna sem er innbyggð í ílögunum við virðismatsaðferðina. Mat sem felur ekki í sér leiðréttingu vegna áhættu yrði ekki talið með fyrir gangvirðismat ef markaðsaðilar hefðu notað eitt mat við verðlagningu eignar eða skuldar. Til dæmis gæti reynst nauðsynlegt að telja með áhættuleiðréttingu þegar umtalsverð matsóvissa er til staðar (t.d. þegar umtalsverð lækkun hefur orðið á magni eða stigi starfsemi í samanburði við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina, eða svipaðar eignir eða skuldir, og að einingin hefur ákvarðað að verðið í viðskiptunum eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði, eins og lýst er í liðum B37–B47).

89 Eining skal þróa ósannreynanleg ílög með því að nota bestu fyrirliggjandi upplýsingar við þessar aðstæður og gætu eigin gögn einingarinnar verið þar á meðal. Við þróun á ósannreynanlegum ílögum getur einingin byrjað á eigin gögnum en skal leiðrétta þau ef nægjanlega tiltækar upplýsingar gefa tilefni til að ætla að aðrir markaðsaðilar myndu nota önnur gögn eða ef einingin býr yfir einhverju sérstöku sem aðrir markaðsaðilar ráða ekki fyrir (t.d. samvirkni sem er sértæk fyrir hana). Eining þarf ekki að auka viðleitni sína til að komast yfir upplýsingar um forsendur markaðsaðila. Eining skal þó taka tillit til allra nægjanlega tiltækra upplýsinga um forsendur markaðsaðila. Ósannreynanleg ílög, sem þróuð voru eins og lýst er hér að framan, eru álitin forsendur markaðsaðila og uppfylla markmið gangvirðismats.

90 Í lið B36 er lýst notkun á 3. stigs ílögum fyrir tilteknar eignir eða skuldir.

BIRTING UPPLÝSINGA

91 Eining skal birta upplýsingar sem hjálpa notendum reikningsskila hennar að nálgast hvort tveggja af eftirfarandi:

a) virðismatsaðferðir og ílög sem notuð eru til að þróa möt fyrir eignir og skuldir með einstaka eða viðvarandi möt á gangvirði þeirra í efnahagsreikningi eftir upphafsfærslu,

b) áhrif mata á rekstrarreikningi eða annarri heildarafkomu á því tímabili fyrir viðvarandi gangvirðismat með því að nota umtalsverð ósannreynanleg ílög (3. stigs).

92 Til að uppfylla markmiðin í 91. lið skal eining taka allt eftirfarandi til athugunar:

a) sundurliðun sem nauðsynleg er til að uppfylla birtingarkröfur,

b) hversu mikla áherslu ber að leggja á mismunandi kröfur,

c) hversu mikla samsöfnun eða aðgreiningu skal framkvæma og

d) hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarupplýsingar til að meta tölulegu upplýsingarnar sem eru birtar.

Eining skal birta nauðsynlegar viðbótarupplýsingar til að uppfylla þessi markmið ef birting upplýsinga í samræmi við í þennan IFRS-staðal og aðra IFRS-staðla er ófullnægjandi til að uppfylla markmiðin í 91. lið.

93 Einingin skal, til að uppfylla markmiðin í 91. lið, að minnsta kosti birta eftirfarandi upplýsingar um hvern eigna- og skuldaflokk (sjá 94. lið um upplýsingar um hvernig viðeigandi er að ákvarða eigna- og skuldaflokka), metinn á gangvirði (þ.m.t. möt sem byggð eru á gangvirði innan gildissviðs þessa IFRS-staðals), í efnahagsreikningi eftir upphafsfærslu:

a) gangvirðismatið við lok reikningsskilatímabilsins fyrir einstök eða viðvarandi gangvirðismöt og ástæður matsins fyrir einstaka gangvirðismöt. Viðvarandi gangvirðismöt eigna eða skulda eru þau sem aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila í efnahagsreikningi við lok hvers reikningsskilatímabils. Einstök gangvirðismöt eigna eða skulda eru þau sem aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila í efnahagsreikningi við ákveðnar aðstæður (t.d. þegar eining metur eign sem á að selja á gangvirði að frádregnum sölukostnaði í samræmi við IFRS-staðal 5, fastafjármuni sem haldið er til sölu og aflagða starfsemi, vegna þess að gangvirði að frádregnum sölukostnaði einingarinnar er lægra en bókfærða verðið),

b) stig stigskiptrar flokkunar gangvirðis innan hvers gangvirðismöt eru flokkuð í heild sinni (1., 2. og 3. stig) fyrir viðvarandi og einstök gangvirðismöt,

c) fjárhæðir á yfirfærslum á milli 1. og 2. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, ástæður þessara yfirfærslna og aðferð einingarinnar við að ákvarða hvenær álíta skal að yfirfærslur á milli stiga hafi átt sér stað (sjá 95. lið) fyrir eignir og skuldir sem haldið er við lok reikningsskilatímabils og eru metnar á gangvirði með viðvarandi hætti. Greina skal frá yfirfærslum á hvert stig og fjallað um þær aðgreint frá yfirfærslum á hverju stigi,

d) lýsing á virðismatsaðferðum og ílögum sem notuð voru við gangvirðismatið á viðvarandi og einstökum gangvirðismötum sem flokkuð eru innan 2. og 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis. Einingin skal birta upplýsingar sem valda breytingum og ástæður þess að þær voru gerðar ef að breyting hefur orðið á virðismatsaðferð (t.d. breyting frá markaðsaðferð til tekjuaðferðar eða notkun annarra virðismatsaðferða til viðbótar). Eining skal, fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, veita tölulegar upplýsingar um umtalsverð ósannreynanleg ílög sem notuð eru í gangvirðismatinu. Einingunni ber ekki skylda til að taka saman tölulegar upplýsingar til að fara að birtingarkröfunni ef hún hefur ekki þróað megindleg ósannreynanleg ílög við mat á gangvirði (t.d. þegar eining notar verð frá fyrri viðskiptum eða verðlagsupplýsingar þriðja aðila án breytingar). Einingin getur þó ekki, við birtingu þessara upplýsinga, litið framhjá megindlegum ósannreynanlegum ílögum sem eru umtalsverð í gangvirðismatinu og nægjanlega tiltæk henni,

e) afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu að því er varðar viðvarandi gangvirðismat innan 3. stigs stigskiptrar flokkunar gangvirðis og tilgreina sérstaklega breytingar á þessu tímabili sem rekja má til eftirfarandi:

i. heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu sem fært er í rekstrarreikning og sérlínur í rekstrarreikningi þar sem viðkomandi gróði eða tap er viðurkennt,

ii. heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu sem fært er í aðra heildarafkomu og sérlínur í annarri heildarafkomu þar sem viðkomandi gróði eða tap er viðurkennt,

iii. kaup, sala, útgáfa og uppgjör (birta skal upplýsingar sérstaklega um hverja þessara breytingategund),

iv. fjárhæð yfirfærslna á eða af 3. stigi í stigskiptri flokkun gangvirðis, ástæðum þessara yfirfærslna og aðferð einingarinnar við að ákvarða hvenær álíta skal að yfirfærslur á milli stiga hafi átt sér stað (sjá 95. lið). Greina skal frá yfirfærslum á 3. stig og fjalla um þær aðgreint frá yfirfærslum af 3. stigi,

f) fyrir viðvarandi gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, fjárhæð heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu í liðum e og i telst með í rekstrarreikningi sem tengja má breytingum í duldum hagnaði eða tapi sem tengist þeim eignum eða skuldum sem voru enn í vörslu við lok reikningsskilatímabils og sérlínur í rekstrarreikningi þar sem dulinn hagnaður eða tap er fært,

g) lýsing á matsferlunum sem einingin notaði (þ.m.t. og til dæmis hvernig eining ákveður matsaðferðir og -málsmeðferðarreglur og greinir breytingar á gangvirðismötum frá einu tímabili til annars), fyrir viðvarandi eða eintaka gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis,

h) fyrir viðvarandi gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis:

i. fyrir öll slík möt, lýsing í samfelldu máli á næmi gangvirðismatsins fyrir breytingum í ósannreynanlegum ílögum ef breyting á þeim við ólíka fjárhæð leiðir til umtalsverðs hærra eða lægra gangvirðismats. Einingin skal, ef innbyrðis tengsl eru á milli þessara ílaga og annarra ósannreynanlegra ílaga sem notuð eru í gangvirðismati, einnig gefa lýsingu á þessum innbyrðis tengslum og hvernig þau gætu bætt við eða dregið úr áhrifum breytinga á ósannreynanlegu ílögin á gangvirðismatinu. Lýsingin í samfelldu máli um næmleika fyrir breytingum á ósannreynanlegum ílögum skal, til að uppfylla þessar birtingarkröfur, að minnsta kosti fela í sér birtar upplýsingar um ósannreynanleg ílög þegar farið er að undirlið d,

ii. að því er varðar fjáreignir og fjárskuldir skal einingin greina frá því ef breyting á einu eða fleiri ósannreynanlegum ílögum til að endurspegla aðrar raunhæfar forsendur myndi breyta gangvirðinu verulega og skal hún greina frá áhrifum þeirra breytinga. Einingin skal greina frá því hvernig áhrifin af því að breyta yfir í endurspeglun af öðrum raunhæfum forsendum voru reiknuð út. Að því er það varðar skal mikilvægi metið með tilliti til rekstrarreiknings og heildareigna eða heildarskulda eða alls eigin fjár, þegar breytingar á gangvirði eru færðar í aðra heildarafkomu.

i. fyrir viðvarandi og einstaka gangvirðismöt skal einingin, ef hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign er frábrugðin núverandi notkun hennar, birta upplýsingar um það og hvers vegna eign sem er ekki fjáreign er notuð með öðrum hætti en þeim hæsta og besta.

94 Eining skal ákvarða viðeigandi flokka eigna og skulda á grundvelli eftirfarandi:

a) eðli, einkennum og áhættu eignarinnar eða skuldarinnar og

b) stigunum í stigskiptri flokkun gangvirðis innan hvers gangvirðismatið er flokkað.

Fjöldi flokka gæti þurft að vera meiri fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis vegna þess að möt þessi fela í sér meiri óvissu og huglægni. Dómgreindar er þörf til að ákvarða viðeigandi flokka eigna og skulda sem upplýsingar eru birtar um vegna gangvirðismata. Flokkur eigna og skulda krefst oft meiri aðgreiningar en sérlínur sem settar eru fram í efnahagsreikningi. Eining skal þó veita upplýsingar sem nægja til að unnt sé að stemma af sérlínurnar sem eru settir fram í efnahagsreikningnum. Ef annar IFRS-staðall tilgreinir flokk eignar eða skuldar getur eining notað þann flokk til að birta í upplýsingar sem krafist er í þessum IFRS-staðli ef flokkur sá uppfyllir kröfur þessa liðar.

95 Eining skal birta upplýsingar og fylgja með samræmdum hætti eigin aðferð við að ákvarða hvenær yfirfærslur á milli stiga í stigskiptri flokkun gangvirðis teljast hafa átt sér stað í samræmi við undirliði c og e(iv) við 93. lið. Sama aðferðin skal notuð við að tímasetja færslur á yfirfærslum í stigin eins og fyrir yfirfærslur af stigunum. Á meðal dæma um aðferðir til að ákvarða tímasetningu færslna eru eftirfarandi:

a) dagsetning atburðarins eða breytinga á aðstæðum sem orsökuðu yfirfærsluna,

b) upphaf reikningsskilatímabilsins,

c) lok reikningsskilatímabilsins.

96 Eining sem tekur þá ákvörðun varðandi reikningsskilaaðferð að beita undanþágunni í 48. lið skal birta upplýsingar um það.

97 Einingin skal birta upplýsingarnar sem krafist er í b-, d- og i-undirlið 93. liðar fyrir hvern flokk eigna og skulda sem ekki er metinn á gangvirði í efnahagsreikningi en upplýsingar um gangvirði eru gefnar. Einingu er þó ekki skylt að birta tölulegar upplýsingar um umtalsverð ósannreynanleg ílög sem notuð eru við gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis sem krafist er í d-undirlið 93. liðar. Einingin þarf ekki að birta hinar upplýsingarnar sem þessi IFRS-staðall krefst fyrir slíkar eignir og skuldir.

98 Útgefandi skal, vegna skuldar sem metin er á gangvirði og gefin út með óaðskiljanlegu bættu lánshæfi þriðja aðila, birta upplýsingar um tilvist þessa bætta lánshæfis og hvort það endurspeglist í gangvirði skuldarinnar.

99 Eining skal birta tölulegar upplýsingar sem krafist er í þessum IFRS-staðli í töflu, nema annars konar framsetning eigi betur við.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

virkur markaður	Markaður þar sem fara fram viðskipti með eignina eða skuldina af nægjanlegri tíðni og magni til að veita upplýsingar um verðlag á áframhaldandi grundvelli.
gangverðsaðferð	Virðismatsaðferð sem endurspeglar fjárhæðina sem krafist yrði á þeim tíma til að koma í stað þjónustugetu eignar (oft getið um sem núgildandi endurnýjunarkostnaður).
aðgangsverð	Verðið sem greitt er til að kaupa eign eða fengist við að taka á sig skuld í viðskiptum.
úttaksverð	Verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt til yfirfærslu skuldar.
vænt sjóðstreymi	Líkindavegna meðaltalið (þ.e. meðaltal útgreiðslunnar) á hugsanlegt framtíðarsjóðstreymi.
gangvirði	Verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt til yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.
hæsta og besta notkun	Notkun markaðsaðila á eign sem er ekki fjáreign og myndi hámarka verðgildi eignarinnar eða flokks eigna og skulda (t.d. fyrirtækis) innan hvers eignin yrði notuð.
tekjuaðferð	Virðismatsaðferðir sem breyta framtíðarfjárhæðum (t.d. sjóðstreymi eða tekjum og útgjöldum) í eina (þ.e. afvaxtaða) upphæð. Gangvirðismatið er ákvarðað á grundvelli verðgildis sem ákvarðast af fyrirliggjandi væntingum markaðarins um þessar framtíðarfjárhæðir.

ílög

Forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu eigna og skulda, þ.m.t. áhættuforsenduna, s.s. eftirfarandi:

a) innbyggð áhætta í tiltekinni virðismatsaðferð sem notuð er til að meta gangvirði (s.s. verðlagningarlíkan) og

b) innbyggð áhætta í ílögum við virðismatsaðferðina.

Ílög geta verið sannreynanleg eða ósannreynanleg.

ílög á 1. stigi

Skráð verð (óleiðrétt) á virkum mörkuðum með sömu eignir eða skuldir sem einingin getur haft aðgang að á matsdegi.

ílög á 2. stigi

Önnur ílög en skráð verð, innifalin á 1. stigi og eru sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, annaðhvort beint eða óbeint.

ílög á 3. stigi

Ósannreynanleg ílög fyrir eignina eða skuldina.

markaðsaðferð

Virðismatsaðferð sem notar verð og aðrar viðkomandi upplýsingar sem orðið hafa til í viðskiptum á markaði með eins eða sambærilegar (þ.e. svipaðar) eignir, skuldir eða flokk eigna og skulda, s.s. fyrirtæki.

ílög sem studd eru af markaði

Ílög sem koma fyrst og fremst frá eða eru studd af sannreynanlegum markaðsgögnum með samsvörun eða öðrum hætti.

markaðsaðilar

Kaupendur og seljendur á helsta (eða hagstæðasta) markaði fyrir eignina eða skuldina sem hafa öll eftirfarandi einkenni:

a) þeir eru óháðir hver öðrum, þ.e. ekki tengdir aðilar eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, þó að nota megi verðið í viðskiptum tengdra aðila sem ílag við gangvirðismat ef einingin hefur sönnun þess að viðskiptin hafi verið færð á markaðsforsendum,

b) þeir eru upplýstir, hafa viðunandi skilning um eignina eða skuldina og viðskiptin með því að byggja á öllum tiltækum upplýsingum, þ.m.t. þeim sem hægt er að nálgast í gegnum afrakstur hefðbundinnar áreiðanleikakönnunar,

c) þeir geta átt viðskipti með eignina eða skuldina,

d) þeir vilja ganga til viðskipta með eignina eða skuldina, þ.e. þeir hafa áhuga en eru ekki þvingaðir, eða ber ekki með öðrum hætti skylda, til að gera svo.

hagstæðasti markaður

Markaðurinn sem hámarkar fjárhæðina sem fást myndi við sölu eignarinnar eða lágmarkar fjárhæðina sem greiða yrði fyrir yfirfærslu skuldarinnar, með teknu tilliti til viðskipta- og flutningskostnaðar.

hætta á vanefndum

Hættan á að eining muni ekki standa við skuldbindingar sínar. Hætta á vanefndum getur falið í sér, en er ekki takmörkuð við, eigin lánsáhættu einingarinnar.

sannreynanleg ílög

Ílög sem þróuð eru með notkun markaðsgagna, eins og til dæmis upplýsingar sem eru tiltækar opinberlega um eiginlega atburði eða viðskipti, sem endurspegla þær forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni.

eðlileg viðskipti	Viðskipti sem gera ráð fyrir tímabundinni yfirtöku á markaðsáhættu fyrir matsdaginn til að greiða fyrir hefðbundinni markaðsstarfsemi vegna viðskipta sem innihalda slíkar eignir og skuldir og eru ekki þvinguð viðskipti (t.d. þvinguð félagsslit eða nauðungarsala).
helsti markaður	Markaðurinn þar sem er mesta umfangið og hæsta stigið á starfsemi fyrir eignina eða skuldina.
áhættustuðull	Bætur sem áhættutregir markaðsaðilar leitast við að hljóta fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar. Einnig getið um sem „áhættuleiðrétting“.
viðskiptakostnaður	Kostnaðurinn við að selja eign eða yfirfæra skuld á helsta (eða hagkvæmasta) markaði fyrir eignina eða skuldina sem tengist beint ráðstöfun eignarinnar eða yfirfærslu skuldarinnar og uppfyllir bæði eftirfarandi viðmið: a) þau leiða beint af og eru nauðsynleg fyrir þessi viðskipti, b) einingin hefði ekki stofnað til þeirra ef ákvörðunin um að selja eignina eða yfirfæra skuldina hefði ekki verið tekin (svipað og sölukostnaður, eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 5).
flutningskostnaður	Kostnaður sem hefði verið stofnað til við flutning á eign frá núverandi staðsetningu hennar og til helsta (eða hagstæðasta) markaðar.
reiknieining	Stigið þar sem eign eða skuld er samsöfnuð eða aðgreind í IFRS-staðli vegna færslu.
ósannreynanleg ílög	Ílög sem engin markaðsgögn eru tiltæk fyrir og eru þróuð með því að nota bestu tiltækar upplýsingar um forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.–99. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Mismunandi mati getur verið beitt á ólíkar matsaðstæður. Þessi viðbætir lýsir því mati sem gæti verið beitt þegar eining metur gangvirði við ólíkar matsaðstæður.

GANGVIRÐISMATSAÐFERÐIN

B2 Markmiðið með því að nota gangvirðismat er að meta hvert söluverð eignar í eðlilegum viðskiptum eða yfirfærsluverð skuldar yrði á milli markaðsaðila á matsdegi við fyrirliggjandi markaðsaðstæður. Gangvirðismat krefst þess að eining ákvarði um allt eftirfarandi:

a) tiltekna eign eða skuld sem er viðfangsefni matsins (með samræmdum hætti við reiknieiningu hennar),

b) matsforsenda sem er viðeigandi fyrir matið (með samræmdum hætti við hæstu og bestu notkun hennar) fyrir eign sem er ekki fjáreign,

c) helsta (eða hagstæðasta) markaðinn fyrir eignina eða skuldina,

d) viðeigandi virðismatsaðferð(-ir) fyrir matið að teknu tilliti til tiltækileika gagna sem notuð eru til að þróa ílög sem standa fyrir forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við að verðleggja eignina eða skuldina og stigið í stigskiptri flokkun gangvirðis innan hvers ílögin eru flokkuð.

MATSFORSENDA EIGNA SEM ERU EKKI FJÁREIGNIR (31.–33. LIÐUR)

B3 Við mat á gangvirði eignar, sem er ekki fjáreign og er notuð ásamt öðrum eignum í samstæðu (uppsett eða á annan hátt stillt til notkunar), eða ásamt öðrum eignum og skuldum (t.d. í fyrirtæki), ráðast áhrif matsforsendnanna af aðstæðunum. Til dæmis:

a) gangvirði eignar gæti verið það sama hvort sem eignin er notuð ein og sér eða ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum. Sú gæti verið raunin ef eignin er fyrirtæki sem markaðsaðilar myndu starfrækja áfram. Í því tilfelli myndu viðskiptin fela í sér verðmat á fyrirtækinu í heild sinni. Notkun eignanna sem samstæðu í yfirstandandi fyrirtæki myndi skila samlegðaráhrifum sem yrðu tiltæk markaðsaðilum (þ.e. samlegðaráhrif markaðsaðila sem skal því hafa áhrif á gangvirði eignar, sem er annaðhvort ein og sér eða ásamt öðrum eignum, eða með öðrum eignum og skuldum),

b) notkun einingar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í gangvirðismatið með leiðréttingu á virði eignarinnar þegar hún er notuð ein og sér. Sú gæti verið raunin ef eignin er vél og gangvirðismatið er ákvarðað með því að nota mælt verð fyrir svipaða vél (hvorki uppsett né á annan hátt uppstillt til notkunar), aðlagað flutnings- og uppsetningarkostnaði svo að gangvirðismatið endurspegli núverandi ástand og staðsetningu vélarinnar (uppstillta og tilbúna til notkunar),

c) notkun einingar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í gangvirðismatið í gegnum þær forsendur markaðsaðilanna sem notaðar eru til að meta gangvirði eignarinnar. Ef eignin er t.d. lager með vörur í vinnslu, sem eru einstakar og markaðsaðilarnir vilja umbreyta birgðunum í fullunnar vörur, myndi í gangvirði lagersins gert ráð fyrir að markaðsaðilarnir hafi fengið eða myndu fá sérhæfðan búnað sem væri nauðsynlegur til að umbreyta lagernum í fullunnar vörur,

d) notkun einingar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í virðismatsaðferðina sem notuð er til að meta gangvirði eignarinnar. Sú gæti verið raunin þegar aðferð umframhagnaðar yfir mörg tímabil er notuð til að meta gangvirði óefnislegrar eignar vegna þess að sú virðismatsaðferð tekur sérstaklega tillit til framlags viðbótareigna og tengdra skulda í flokknum þar sem þessi óefnislega eign yrði notuð,

e) þegar eining notar eign innan flokks eigna í takmarkaðri aðstæðum gæti einingin metið eignina á fjárhæð sem er í kringum gangvirði hennar við úthlutun gangvirðis eignaflokksins á einstakar eignir innan flokksins. Sú gæti verið raunin ef matið felur í sér að raunverulegum fasteignum og gangvirði endurbættrar fasteignar (þ.e. eignaflokks) er úthlutað til hluta eigna hennar (líkt og land og endurbætur á landi).

GANGVIRÐI VIÐ UPPHAFSFÆRSLU (57.–60. LIÐUR)

B4 Einingin skal taka tillit til þátta sem eiga sérstaklega við um viðskiptin og eignina eða skuldina þegar hún ákvarðar hvort gangvirði upphafsfærslu jafnist á við verðið í viðskiptunum. Sem dæmi gæti verðið í viðskiptunum ekki talist gefa rétta mynd af gangvirði eignar eða skuldar við upphafsfærslu ef ein af eftirfarandi aðstæðum er til staðar:

a) viðskiptin fara fram á milli tengdra aðila, þó að nota megi verðið í viðskiptum tengdra aðila sem ílag við gangvirðismat ef einingin færir sönnur á að viðskiptin hafi verið skráð á markaðsforsendum,

b) viðskiptin fara fram með þvingunum eða seljandinn er knúinn til að samþykkja viðskiptaverðið. Sú gæti til dæmis verið raunin ef seljandinn á við fjárhagserfiðleika að stríða,

c) reiknieiningin sem verðið í viðskiptunum stendur fyrir er önnur en reiknieiningin sem eignin eða skuldin var metin með á gangvirði. Sú gæti til dæmis verið raunin ef eignin eða skuldin, sem metin var á gangvirði, er aðeins einn þáttur viðskiptanna (t.d. við sameiningu fyrirtækja), viðskiptin fela í sér ótilgreind réttindi og forréttindi sem metin eru sérstaklega í samræmi við annan IFRS-staðal, eða ef verðið í viðskiptunum felur í sér viðskiptakostnað,

d) markaðurinn þar sem viðskiptin fara fram er ekki sá sami og aðalmarkaðurinn (eða hagstæðasti markaðurinn). Til dæmis gætu þessir markaðir verið frábrugðnir ef einingin er söluaðili sem gengur til viðskipta við viðskiptavini á smásölumarkaði, en helsti (eða hagstæðasti) markaðurinn fyrir lokaviðskipti er við aðra söluaðila á samningsmarkaði.

VIRÐISMATSAÐFERÐIR (61.–66. LIÐUR)

Markaðsaðferð

B5 Markaðsaðferðin notar verð og aðrar viðkomandi upplýsingar sem orðið hafa til í markaðsviðskiptum með sambærilegar eða hliðstæðar (þ.e. svipaðar) eignir, skuldir eða flokk eigna og skulda, s.s. fyrirtæki.

B6 Virðismatsaðferðir, sem eru í samræmi við markaðsaðferðina nota oft markaðstölur, sem eru fengnar úr hópi samanburðargilda. Tölur til útreikninga gætu verið á svipuðu bili og mismunandi tölur sem reiknaðar eru út fyrir hvert samanburðargildi. Val á viðeigandi tölum til útreikninga innan marka krefst mats, að teknu tilliti til eigindlegra og megindlegra þátta sem eiga sérstaklega við um matið.

B7 Fylkjaverðlagning er á meðal virðismatsaðferða sem eru í samræmi við markaðsaðferðina. Fylkjaverðlagning er stærðfræðileg aðferð sem er fyrst og fremst notuð til að meta ákveðnar tegundir af fjármálagerningum, t.d. skuldabréf, án þess að treysta eingöngu á skráð verð fyrir tilteknu verðbréfin, heldur treysta frekar á tengsl þeirra við önnur skráð verðbréf sem höfð eru til viðmiðunar.

Kostnaðaraðferð

B8 Kostnaðaraðferð endurspeglar fjárhæðina sem krafist yrði á hverjum tíma til að koma í stað þjónustugetu eignar (oft getið um sem núgildandi endurnýjunarkostnaður).

B9 Verðið sem fengist fyrir eign er, frá sjónarhóli seljandi sem er aðili að markaði, byggt á kostnaði kaupanda sem er aðili að markaði við að kaupa eða búa til staðgengilseign til sambærilegra nota, leiðrétta fyrir úreldingu. Þetta er af þeim sökum að kaupandi sem er aðili að markaði myndi ekki greiða meira fyrir eign en fjárhæðina sem kosta myndi að endurnýja þjónustugetu viðkomandi eignar. Úrelding nær yfir niðurníðslu, hagnýta (tæknilega) og efnahagslega (ytri) úreldingu og er víðari en afskriftir í reikningsskilalegu tilliti (ráðstöfun á upphaflegu kostnaðarverði) eða skattalegu tilliti (með því að nota tilgreindan endingartíma). Í mörgum tilfellum er aðferð núgildandi endurnýjunarkostnaðar notuð til að meta gangvirði efnislegra eigna sem notaðar eru ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum.

Tekjuaðferð

B10 Tekjuaðferð breytir framtíðarfjárhæðum (t.d. sjóðstreymi eða tekjum og útgjöldum) í eina (afvaxtaða) fjárhæð. Þegar tekjuaðferðin er notuð endurspeglar gangvirðismatið fyrirliggjandi væntingar markaðarins um þessar framtíðarfjárhæðir.

B11 Meðal slíkra virðismatsaðferða eru til dæmis eftirfarandi:

a) núvirðisaðferðir (sjá liði B12–B30),

b) verðlagningarlíkön fyrir valrétt, t.d. Black-Scholes-Merton formúlan eða tvíliða líkanið (þ.e. grindalíkanið) (e. lattice model), sem fella inn núvirðisaðferðir og endurspegla bæði tímavirði og innra virði valréttar og

c) aðferð umframhagnaðar yfir mörg tímabil, sem er notuð við mat á gangvirði einhverra óefnislegra eigna.

Núvirðisaðferðir

B12 Í liðum B13–B30 er notkun núvirðisaðferða við mat á gangvirði lýst. Liðir þessir beina sjónum að leiðréttingaraðferðum fyrir afvöxtunarstuðul og vænt sjóðstreymi (vænt núvirði). Liðir þessir lýsa hvorki notkun einstakrar, tiltekinnar núvirðisaðferðar né takmarka þeir notkun núvirðisaðferðar til að meta gangvirði við umræddar aðferðir. Núvirðisaðferðin, sem notuð er til að meta gangvirði, mun reiða sig á málsatvik og aðstæður sem eiga sérstaklega við um eignina eða skuldina sem metin er (t.d. hvort hægt sé að sannreyna verð á sambærilegum eignum eða skuldum á markaðnum) og tiltækileika fullnægjandi gagna.

Hlutar núvirðismats

B13 Núvirði (þ.e. beiting tekjuaðferðar) er verkfæri sem notað er til að tengja framtíðarfjárhæðir (t.d. sjóðstreymi eða virði) við fjárhæð á núvirði með því að nota afvöxtunarstuðul. Gangvirðismat eignar eða skuldar sem notar núvirðisaðferð nær yfir alla eftirfarandi þætti frá sjónarhóli markaðsaðila á matsdegi:

a) mat á framtíðarsjóðstreymi þeirrar eignar eða skuldar sem metin er,

b) væntingar um hugsanlega fjölbreytni fjárhæðar og tímasetningar sjóðstreymis sem stendur fyrir innbyggða óvissu sjóðstreymis,

c) tímavirði fjármuna, sett fram sem vextir af áhættulausum peningalegum eignum er hafa gjalddaga eða tímalengd sem samsvarar tímabilinu er sjóðstreymið fellur undir og veldur eigandanum hvorki óvissu í tímasetningu né hættu á vanskilum (þ.e. áhættulausir vextir),

d) verðið fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi (þ.e. áhættuþóknun),

e) aðrir þættir sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við þessar aðstæður,

f) að því er skuld varðar, hætta á vanefndum sem varðar skuld þessa, þ.m.t. eigin útlánaáhætta einingarinnar (þ.e. loforðsgjafans).

Almennar meginreglur

B14 Núvirðisaðferðir ná með mismunandi hætti yfir þættina í lið B13. Allar almennu meginreglurnar hér á eftir stjórna þó beitingu núvirðisaðferða sem notaðar eru til að meta gangvirði:

a) sjóðstreymi og afvöxtunarstuðlar skulu endurspegla forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni,

b) sjóðstreymi og afvöxtunarstuðlar skulu aðeins taka tillit til þátta sem rekja má til eignarinnar eða skuldarinnar sem metin er,

c) afvöxtunarstuðlar skulu endurspegla forsendur sem samsvara þeim sem eru innbyggðar í sjóðstreymi til að koma í veg fyrir tvítalningu eða því að sleppa áhrifum áhættuþátta. Sem dæmi er afvöxtunarstuðull, sem endurspeglar óvissu í væntingum um framtíðarvanskil, viðeigandi ef samningsbundið sjóðstreymi láns er notað (þ.e. leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls). Ef vænt (þ.e. líkindavegið) sjóðstreymi (þ.e. vænt núvirðisaðferð) er notað skal ekki nota þennan sama stuðul vegna þess að vænt sjóðstreymi endurspeglar þegar forsendur um óvissuna í framtíðarvanskilum, þess í stað skal nota afvöxtunarstuðul sem samrýmist innbyggðri áhættu í væntu sjóðstreymi,

d) forsendur um sjóðstreymi og afvöxtunarstuðla skulu vera samræmdar innbyrðis. Til dæmis skal nafnvirði sjóðstreymis, þar sem tekið er tillit til áhrifa verðbólgu, vera afvaxtað með stuðli sem felur í sér áhrif verðbólgu. Í áhættulausum nafnvöxtum eru áhrif af verðbólgu tekin með. Raunverulegt sjóðstreymi, sem undanskilur áhrif verðbólgu, skal vera afvaxtað með stuðli sem undanskilur áhrif verðbólgu. Á sama hátt skal sjóðstreymi eftir skatta vera afvaxtað með því að nota afvöxtunarstuðul eftir skatta. Sjóðstreymi fyrir skatta skal vera afvaxtað með stuðli sem er í samræmi við sjóðstreymi þetta,

e) Afvöxtunarstuðlar skulu vera í samræmi við undirliggjandi efnahagslega þætti gjaldmiðilsins, sem sjóðstreymið er tilgreint í.

Áhætta og óvissa

B15 Gangvirðismat sem notar núvirðisaðferðir er framkvæmt undir óvissum kringumstæðum vegna þess að notaða sjóðstreymið er áætlað, en byggir ekki á þekktum fjárhæðum. Í mörgum tilfellum ríkir óvissa um bæði fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymisins. Jafnvel ríkir óvissa um fastar, samningsbundnar fjárhæðir, eins og greiðslur af lánum, ef hætta er á vanskilum.

B16 Markaðsaðilar fara gjarnan fram á bætur (þ.e. áhættuþóknun) fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar. Í gangvirðismati skal felast áhættuþóknun sem endurspeglar bótafjárhæðina sem markaðsaðilar myndu krefjast fyrir innbyggðu óvissuna í sjóðstreyminu. Matið myndi að öðru leyti ekki gefa áreiðanlega mynd af gangvirði. Í sumum tilfellum gæti reynst erfitt að ákvarða viðeigandi áhættuþóknun. Erfiðleikastigið eitt og sér er þó ekki nægjanleg ástæða til að undanskilja áhættuþóknun.

B17 Núvirðisaðferðir eru mismunandi eftir því hvernig þær leiðrétta fyrir áhættu og hvaða tegund sjóðstreymis þær nota. Til dæmis:

a) í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins (sjá liði B18–B22) er notaður afvöxtunarstuðull sem er leiðréttur fyrir áhættu og samningsbundnu, lofuðu eða líklegasta sjóðstreymi,

b) í aðferð 1 í væntri núvirðisaðferð (sjá lið B25) er vænt sjóðstreymi að teknu tilliti til áhættu notað, og áhættulausir vextir,

c) í aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð (sjá lið B26) er vænt sjóðstreymi án þess að tekið sé tillit til áhættu notað og afvöxtunarstuðull sem er leiðréttur til að fela í sér áhættuþóknun sem markaðsaðilar fara fram á. Sá stuðull er frábrugðinn þeim sem notaður er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins.

Leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins

B18 Í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er notað sameiginlegt sjóðstreymi frá mörgum mögulegum áætluðum fjárhæðum, hvort sem er samningsbundið eða lofað sjóðstreymi (eins og í tilfelli skuldabréfa), eða það líklegasta. Í öllum tilfellum eru sjóðstreymi þessi skilyrt við að tilgreindir atburðir eigi sér stað (t.d. samningsbundið eða lofað sjóðstreymi fyrir skuldabréf er skilyrt við að skuldarinn sé ekki í vanskilum). Afvöxtunarstuðullinn sem notaður er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er fenginn frá sannreynanlegri arðsemi sambærilegra eigna eða skulda sem verslað er með á markaðnum. Til samræmis við það er samningsbundið, lofað eða líklegasta sjóðstreymið afvaxtað með sannreynanlegu eða áætluðu markaðsgengi fyrir skilyrt sjóðstreymi af þeim toga (þ.e. markaðsvextir).

B19 Leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls krefst greiningar á markaðsgögnum fyrir sambærilegar eignir eða skuldir. Samanburðarhæfi skal komið á fót að teknu tilliti til eðlis sjóðstreymis (t.d. hvort sjóðstreymið sé samningsbundið eða ekki og hvort líklegt sé að það gæti veitt svipaða svörun við breytingum á efnahagsaðstæðum) sem og annarra þátta (t.d. lánsfjárstöðu, trygginga, tímalengdar, takmarkandi ákvæða og lausafjárstöðu). Að öðrum kosti kann að vera mögulegt að fá fram afvöxtunarstuðul ef ein sambærileg eign eða skuld endurspeglar ekki með sanngjörnum hætti innbyggða áhættu í sjóðstreymi eignarinnar eða skuldarinnar sem metin er með því að nota gögn um nokkrar sambærilegar eignir eða skuldir í tengslum við áhættulausan ávöxtunarferil (þ.e. nota „uppsöfnunaraðferð“).

B20 Uppsöfnunaraðferðinni er lýst þannig að gefið sé að eign A hafi samningsbundinn rétt til að taka við 800 GE ([3]) á einu ári (þ.e.a.s. engin óvissa er með tímalengdina). Markaði hefur verið komið á fót fyrir sambærilegar eignir og upplýsingar um þær eignir, þ.m.t. verðupplýsingar, eru tiltækar. Af þessum sambærilegu eignum:

a) eign B hefur samningsbundinn rétt til að hljóta 1,200 GE á einu ári og er markaðsverð hennar 1,083 GE. Arðsemi á ársgrundvelli (þ.e. markaðsvextir á einu ári) er því 10,8% [(1,200 GE/1,083 GE) – 1],

b) eign C hefur samningsbundinn rétt til að hljóta 700 GE á tveimur árum og markaðsverð hennar er 566 GE. Arðsemi á ársgrundvelli (þ.e. markaðsvextir á tveimur árum) er því 11,2% [(700 GE/566GE)^0,5 – 1],

c) allar þrjár eignirnar eru sambærilegar að því er varðar áhættu (þ.e. dreifing hugsanlegrar arðsemi og lánsáhættu).

B21 Á grundvelli tímastillingar samningsbundinna greiðslna sem tekið er við fyrir eign A í réttu hlutfalli við tímastillingar eigna B og C (þ.e. eitt ár hjá eign B gagnvart tveimur árum hjá eign C) er álitið að eign B sé sambærilegri við eign A. Með því að nota samningsbundna greiðslu, sem tekið er við fyrir eign A (GE 800), og eins árs markaðsvexti, sem hlytust frá eign B (10,8%), er gangvirði eignar A 722 GE (800 GE/1108). Að öðrum kosti geta eins árs markaðsvextir fengist af eign C með því að nota uppsöfnunaraðferðina, ef tiltækar markaðsupplýsingar fyrir eign B eru ekki til staðar. Í því tilfelli yrðu tveggja ára markaðsvextirnir, sem eign C vísar til (11,2%), leiðréttir til eins árs markaðsvaxta með því að nota skilmálagerð áhættulauss ávöxtunarferlis. Viðbótarupplýsinga og greininga gæti verið krafist til að ákvarða hvort sama áhættuþóknun sé fyrir eins og tveggja ára eignir. Leiðrétta yrði tveggja ára markaðsvextina enn frekar ef tekin er ákvörðun um að sama áhættuþóknunin gildi ekki fyrir eins og tveggja ára eignir.

B22 Leiðréttingin fyrir innbyggða áhættu í sjóðstreymi metinnar eignar eða skuldar er innifalin í afvöxtunarstuðlinum þegar leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er beitt á fastar afborganir eða greiðslur. Stöku sinnum, þegar leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins á sjóðstreymi er ekki beitt á fastar greiðslur eða greiðslur, getur verið nauðsynlegt að leiðrétta sjóðstreymið til að ná samanburðarhæfi við sannreynanlegu eignina eða skuldina, þaðan sem afvöxtunarstuðullinn er fenginn.

([3]) Í þessum IFRS-staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum (GE)“.

Aðferð vænts núvirðis

B23 Aðferð vænts núvirðis setur upphafspunktinn við flokk sjóðstreymis, sem stendur fyrir líkindavegið meðaltal á allt hugsanlegt framtíðarsjóðstreymi (þ.e. vænt sjóðstreymi). Mat sem byggt er á þessu er eins og vænt virði, sem í tölfræðilegum skilmálum er vegið meðaltal af hugsanlegu virði einstakrar, handahófskenndrar breytu við viðkomandi líkindi sem vægið. Vegna þess að allt hugsanlegt sjóðstreymi er líkindavegið, er vænt sjóðstreymi, sem af þessu hlýst, ekki skilyrt við að tilgreindir atburðir eigi sér stað (ólíkt sjóðstreyminu sem notað er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins).

B24 Við fjárfestingarákvörðun, sem áhættutregir markaðsaðilar myndu taka tillit til, er sú áhætta til staðar að eiginlegt sjóðstreymi sé annað en vænt sjóðstreymi. Safnakenningin greinir á milli tveggja tegunda af áhættu:

a) ókerfisbundin (fjölþættanleg) áhætta, sem er tilgreind áhætta við ákveðna eign eða skuld,

b) kerfisbundin (ekki fjölþættanleg) áhætta sem er sameiginleg áhætta sem eign eða skuld deilir með öðrum þáttum í dreifðu safni.

Safnakenningin heldur því fram að á markaði í jafnvægi muni markaðsaðilar aðeins fá bætur fyrir að bera kerfisbundna áhættu, sem er innbyggð í sjóðstreymið. (Á mörkuðum sem eru óskilvirkir eða í ójafnvægi gætu annars konar tegundir arðsemi eða bóta verið tiltækar).

B25 Aðferð 1 í væntri núvirðisaðferð leiðréttir vænt sjóðstreymi eignar vegna kerfisbundinnar (þ.e. markaðs-) áhættu með því að draga frá áhættuþóknun handbærs fjár (þ.e. vænt sjóðstreymi að teknu tilliti til áhættu). Vænt sjóðstreymi þetta, að teknu tilliti til áhættu, stendur fyrir vissugildi sjóðstreymis, sem er afvaxtað með áhættulausum vöxtum. Vissugildi fyrir sjóðstreymi vísar til vænts sjóðstreymis (eins og það er skilgreint) sem hefur verið leiðrétt fyrir áhættu svo að markaðsaðili sé áhugalaus um að eiga viðskipti með tiltekið sjóðstreymi fyrir vænt sjóðstreymi. Til dæmis er 1000 GE vissugildi 1200 GE ef markaðsaðili var tilbúinn til viðskipta með vænt sjóðstreymi 1200 GE fyrir tiltekið sjóðstreymi 1000 GE (þ.e. 200 GE stæði fyrir áhættuþóknun handbærs fjár). Í því tilfelli væri markaðsaðilinn áhugalaus á eigninni sem haldið er.

B26 Andstætt því leiðréttir aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu með því að beita áhættuþóknun á áhættulausa vexti. Vænt sjóðstreymi er afvaxtað til samræmis við það með vöxtum sem samsvara væntum vöxtum er tengjast líkindavegnu sjóðstreymi (þ.e. væntri ávöxtun). Líkön sem notuð eru til verðlagningar á áhættufjármunum, t.d. líkan um verðlagningu eigna, má nota til að áætla vænta arðsemi. Þar eð afvöxtunarhlutfallið, sem notað er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls, er arðsemi sem tengist skilyrtu sjóðstreymi og er líklega hærra en afvöxtunarhlutfallið í aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð, sem er vænt arðsemi sem tengist væntu eða líkindavegnu sjóðstreymi.

B27 Til að lýsa aðferðum 1 og 2 má gera ráð fyrir að vænt sjóðstreymi eignar fyrir eitt ár sé 780 GE, ákvarðað á grundvelli hugsanlegs sjóðstreymis og líkum sem sýndar eru hér að neðan. Gildandi áhættulausir vextir á sjóðstreymi yfir eins árs tímabil nema 5% og kerfisbundin áhættuþóknun eignar með sömu áhættulýsingu nemur 3%.

Hugsanlegt sjóðstreymi	Líkindi	Líkindavegið sjóðstreymi
GE 500	15%	GE 75
GE 800	60%	GE 480
GE 900	25%	GE 225
Vænt sjóðstreymi		GE 780

B28 Í þessari einföldu lýsingu táknar vænt sjóðstreymi (780 GE) líkindavegið meðaltal þriggja hugsanlegra niðurstaðna. Í raunhæfari aðstæðum gætu verið margar hugsanlegar niðurstöður. Til að beita væntri núvirðisaðferð er þó ekki alltaf nauðsynlegt að taka tillit til dreifingar á öllu hugsanlegu sjóðstreymi með því að nota flókin líkön og aðferðir. Mögulegt gæti verið að þróa frekar takmarkaðan fjölda af einstökum aðstæðum og líkindum sem ná yfir flokk hugsanlegs sjóðstreymis. Til dæmis gæti eining notað innleyst sjóðstreymi fyrir viðeigandi liðið tímabil, leiðrétt fyrir breytingum á aðstæðum sem síðar áttu sér stað (t.d. breytingar á ytri þáttum, þ.m.t. efnahagslegum- eða markaðsaðstæðum, atvinnuþróun og samkeppni sem og breytingum á innri þáttum sem hafa áhrif á einingunа með sértækari hætti), með tilliti til forsendna markaðsaðila.

B29 Fræðilega séð er núvirði (þ.e. gangvirði) sjóðstreymis eignarinnar það sama hvort sem það er ákvarðað með því að nota aðferð 1 eða aðferð 2, eins og hér segir:

a) með því að nota aðferð 1 er vænt sjóðstreymi leiðrétt fyrir kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu. Án markaðsgagna sem gefa beinlínis upplýsingar um hversu mikil áhættuleiðrétting hafi farið fram getur slík leiðrétting verið fengin frá verðlagningarlíkani eignar með því að nota hugtakið vissugildi. Til dæmis má ákvarða áhættuleiðréttinguna (þ.e. 22 GE áhættuþóknun handbærs fjár) með því að nota 3% kerfisbundna áhættuþóknun (780 GE – [780 GE × (1,05/1,08)]) sem leiðir til vænts sjóðstreymis 758 GE að teknu tilliti til áhættu (780 GE – 22 GE). Stuðullinn 758 GE er vissugildið fyrir 780 GE og er afvaxtaður með áhættulausum vöxtum (5%). Núvirði (þ.e. gangvirði) eignar er 722 GE (758 GE/1,05),

b) með því að nota aðferð 2 er vænt sjóðstreymi ekki leiðrétt fyrir kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu. Leiðréttingin fyrir þá áhættu er fremur innifalin í afvöxtunarstuðlinum. Vænt sjóðstreymi er því afvaxtað með 8% væntri ávöxtun (þ.e. 5% áhættulausir vextir auk 3% kerfisbundinnar áhættuþóknunar). Núvirði (þ.e. gangvirði) eignarinnar er 722 GE (780 GE/1,08).

B30 Annaðhvort má nota aðferð 1 eða aðferð 2 þegar vænt núvirðisaðferð er notuð til að meta gangvirði. Valið á aðferð 1 eða aðferð 2 mun byggjast á málsatvikum og aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir metna eign eða skuld, að því marki sem fullnægjandi gögn eru tiltæk og dómgreind er beitt.

BEITING NÚVIRÐISAÐFERÐA Á SKULDIR OG EIGIN EIGINFJÁRGERNINGA EININGARINNAR SEM ANNAR AÐILI HEFUR EKKI Í VÖRSLU SINNI SEM EIGNIR (40. OG 41. LIÐUR)

B31 Þegar einingin notar núvirðisaðferð til að meta gangvirði skuldar sem er ekki í vörslu annars aðila sem eign (t.d. skuldbinding vegna starfsemi sem leggja skal niður) skal eining meðal annars áætla framtíðarútstreymi handbærs fjár sem markaðsaðilar myndu vænta að stofnað yrði til við uppfyllingu skuldbindingarinnar. Þetta framtíðarútstreymi handbærs fjár skal fela í sér væntingar markaðsaðila varðandi kostnað við að uppfylla skuldbindinguna og jöfnunargreiðsluna sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka skuldbindinguna á sig. Innan slíkra jöfnunargreiðslna telst arður sem markaðsaðili myndi krefjast vegna eftirfarandi:

a) að takast á hendur starfsemi (þ.e. verðmæti þess að uppfylla skuldbindinguna, t.d. með því að notast við fjármagn sem gæti verið notað í aðra starfsemi) og

b) að taka á sig áhættu sem tengist skuldbindingunni (þ.e. áhættuþóknun sem endurspeglar áhættuna um að eiginlegt útstreymi handbærs fjár gæti verið frábrugðið væntu útstreymi handbærs fjár, sjá lið B33).

B32 Til dæmis felur skuld sem er ekki fjárskuld ekki í sér samningsbundna ávöxtun og það er engin sannreynanleg markaðsávöxtun fyrir hendi fyrir þá skuld. Í sumum tilfellum myndu efnisþættir í hagnaði sem markaðsaðilar myndu krefjast verða óaðgreinanlegir hver frá öðrum (t.d. þegar verð er notað sem undirverktaki myndi innheimta á grundvelli fasts gjalds). Í öðrum tilfellum þarf eining að meta þessa efnisþætti með aðskildum hætti (t.d. þegar verð er notað sem undirverktaki myndi innheimta á grundvelli álagningar vegna þess að í því tilfelli myndi verktakinn myndi ekki taka á sig áhættuna af síðari tíma breytingum á kostnaði).

B33 Eining getur tekið áhættuþóknun með í gangvirðismati skuldar eða eigin eiginfjárgerningi einingarinnar sem annar aðili hefur í vörslu sinni sem eign með einum af eftirfarandi hætti:

a) með því að leiðrétta sjóðstreymið (þ.e. sem aukningu í fjárhæð útstreymis handbærs fjár) eða

b) með því að leiðrétta stuðulinn sem notaður er við afvöxtun framtíðarsjóðstreymis til núvirðis þess (þ.e. sem lækkun á afvöxtunarstuðlinum).

Eining skal tryggja að hún tvítelji hvorki né sleppi áhættuleiðréttingum. Sem dæmi skal ekki leiðrétta afvöxtunarstuðulinn til að endurspegla þá áhættu, ef vænt sjóðstreymi er aukið svo að tekið sé tillit til bóta fyrir að taka á sig áhættu sem tengist skuldbindingunni.

ÍLÖG Í VIRÐISMATSAÐFERÐUM (67.–71. LIÐUR)

B34 Nefna má eftirfarandi sem dæmi um markaði þar sem ílög gætu verið sjáanleg fyrir sumar eignir og skuldir (t.d. fjármálagerninga):

a) *Verðbréfamarkaðir.* Á verðbréfamarkaði er lokaverð bæði auðveldlega tiltækt og almennt góður mælikvarði á gangvirði. Kauphöllin í Lundúnum (e. London Stock Exchange) er dæmi um slíkan markað.

b) *Samningsmarkaðir.* Á samningsmarkaði, þar sem söluaðilar eru tilbúnir til viðskipta (annaðhvort kaupa þeir eða selja fyrir eigin reikning) og leggja þar með fram greiðsluhæfi með því að nota eigin fjármagn til birgðahalds þeirra hluta sem þeir skapa markað fyrir. Jafnan er auðveldara að fá upplýsingar um kaup- og sölutilboðsverð (sem standa fyrir verðið sem söluaðilinn vill kaupa á og verðið sem söluaðilinn vill selja á, eftir því sem við á) en lokaverð. Óskráðir markaðir (þar sem verð eru opinberlega birt) eru samningsmarkaðir. Samningsmarkaðir eru einnig til fyrir aðrar eignir og skuldir, þ.m.t. einhverja fjármálagerninga, hrávörur og efnislegar eignir (t.d. notaðan tækjabúnað).

c) *Miðlaramarkaðir.* Á miðlaramörkuðum reyna miðlarar að koma saman kaupendum og seljendum, en geta ekki stundað viðskipti fyrir eigin reikning. Með öðrum orðum, miðlarar nota ekki eigið fjármagn til að halda birgðir þeirra liða sem þeir skapa markað fyrir. Miðlarinn veit verðin sem viðkomandi aðilar bjóða og óska eftir, en hvor aðilinn veit jafnan ekki um verðkröfur hins aðilans. Verð frágenginna viðskipta eru stundum tiltæk. Meðal miðlaramarkaða teljast rafræn samskiptanet, þar sem kaup- og sölupöntunum er safnað saman, og markaðir með atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

d) *Eigendamarkaðir.* Á eigendamörkuðum er samið um viðskipti, bæði upprunaleg og endursölur, með sjálfstæðum hætti, án miðlara. Oftast liggja litlar upplýsingar fyrir um þessi viðskipti opinberlega.

STIGSKIPT FLOKKUN GANGVIRÐIS (72.-90. LIÐUR)

Ílög á 2. stigi (81.–85. liður)

B35 Dæmi um 2. stigs ílög fyrir tilteknar eignir og skuldir eru eftirfarandi:

a) *Vaxtaskiptasamningar með föstum eða breytilegum vöxtum sem byggðir eru á skiptasamningum með LIBOR-vöxtum.* Ílög á 2. stigi myndu vera skiptasamningar með LIBOR-vöxtum, ef þeir vextir væru sannreynanlegir á almennt jöfnum bilum á gildistíma skiptasamningsins.

b) *Vaxtaskiptasamningar með föstum eða breytilegum vöxtum sem byggðir eru á ávöxtunarferli sem tilgreindur er í erlendum gjaldmiðli.* Ílög á 2. stigi myndu vera vaxtaskiptasamningur sem byggður er á ávöxtunarferli sem tilgreindur er í erlendum gjaldmiðli sem er sannreynanlegt á almennt jöfnum bilum lengst af gildistíma skiptasamningsins. Sú yrði raunin við 10 ára gildistíma og þeir vextir væru sannreynanlegir fyrir almennt jöfn bil í níu ár, að því tilskildu að viðeigandi framreikningur á ávöxtunarferlinu fyrir tíunda árið hefði ekki umtalsverð áhrif á gangvirðismat skiptasamningsins í heild sinni.

c) *Vaxtaskiptasamningar með föstum eða breytilegum vöxtum sem byggðir eru á sértækum kjörvöxtum banka.* Ílög á 2. stigi yrðu kjörvextir banka sem fengjust í gegnum framreikning ef framreiknuðu verðgildin eru studd af sannreynanlegum markaðsgögnum, til dæmis með samsvörun við vexti sem eru sannreynanlegir allan gildistíma skiptasamningsins.

d) *Þriggja ára valréttur á hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.* Ílag á 2. stigi yrði afleitt flökt á hlutabréfum sem fengist hefðu við framreikning til þriðja árs, ef bæði eftirfarandi skilyrði væru til staðar:

i. verð á valrétti á hlutabréfum til eins og tveggja ára eru sannreynanleg,

ii. framreiknaða afleidda flöktið á þriggja ára valrétti er stutt af sannreynanlegum markaðsgögnum lengst af valréttartímanum.

Í því tilfelli gæti afleidda flöktið fengist úr framreikningi frá afleiddu flökti eins og tveggja ára valrétta á hlutabréfunum og stutt af afleiddu flökti valréttar til þriggja ára á hlutabréfum sambærilegrar einingar, að því tilskildu að samsvörun við eins og tveggja ára afleidda flöktið hafi verið komið á.

e) *Fyrirkomulag leyfisveitingar.* Við fyrirkomulag leyfisveitingar sem fengið er með sameiningu fyrirtækja og einingin sem tekin er yfir (þ.e. aðilinn að fyrirkomulagi leyfisveitingarinnar) hafði nýlega samið um við ótengdan aðila, yrði 2. stigs ílag rétthafagreiðslan í samningnum við ótengda aðilann við upphaf fyrirkomulagsins.

f) *Birgðir fullunninna vara á smásölustað.* Fyrir birgðir fullunninna vara, sem eru teknar yfir við sameiningu fyrirtækja, yrði 2. stigs ílag annaðhvort verð til neytenda á smásölumarkaði eða verð til smásala á heildsölumarkaði með leiðréttingum vegna mismunar á ástandi og staðsetningu lagervöru og sambærilegra (þ.e. svipaðra) lagervara svo að gangvirðismatið endurspegli verðið sem fást myndi í viðskiptum sem fælu í sér að selja birgðirnar til annars smásala sem ljúka myndi nauðsynlegri söluviðleitni. Fræðilega verður gangvirðismat hið sama, hvort sem leiðréttingar eru gerðar á smásöluverði (niður á við) eða á heildsöluverði (upp á við). Almennt ber að nota verðið sem útheimtir fæstar huglægar leiðréttingar við gangvirðismatið.

g) Bygging sem er haldin og notuð. Ílag á 2. stigi yrði verðið á hvern fermetra í byggingunni (margfeldi mats) sem fengist frá sannreynanlegum markaðsgögnum, t.d. margfeldi sem fengist frá verðum í sannreynanlegum viðskiptum með sambærilegar (þ.e. svipaðar) byggingar á svipuðum slóðum.

h) Fjárskapandi eining. Ílag á 2. stigi myndi vera margfeldi mats (t.d. margfeldi hagnaðar eða tekjuliða eða svipaðir mæliþættir á nothæfi) sem fengist frá sannreynanlegum markaðsgögnum, t.d. margfeldi sem fengist frá verðum í sannreynanlegum viðskiptum með sambærilegum (þ.e. svipuðum) fyrirtækjum, með tilliti til þátta sem varða starfrækslu, markaðsmál, fjármál og þætti sem ekki tengjast fjármálum.

Ílög á 3. stigi (86.-90. liður)

B36 Dæmi um 3. stigs ílög fyrir tilteknar eignir og skuldir eru eftirfarandi:

a) Gjaldmiðlaskiptasamningur til langs tíma. Ílag á 3. stigi væru vextir á tilgreindum gjaldmiðli sem eru ekki sannreynanlegir og ekki er hægt að styðja með sannreynanlegum markaðsgögnum á almennt jöfnum bilum eða með öðrum hætti lengst af samningstíma gjaldmiðlaskiptasamningsins. Vextir í gjaldmiðlaskiptasamningi eru vextir á skiptasamningum sem reiknaðir eru frá ávöxtunarferli viðkomandi lands.

b) *Þriggja ára valréttur á hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.* Ílag á 3. stigi myndi vera fyrra flökt, þ.e. flökt á hlutabréfum sem kom til af fyrri verðum hlutabréfanna. Fyrra flökt stendur jafnan ekki fyrir væntingar núverandi markaðsaðila um framtíðaróstöðugleika, jafnvel ef aðeins um ræðir tiltækar upplýsingar til að verðleggja valrétt.

c) Vaxtaskiptasamningur. Ílag á 3. stigi yrði leiðrétting á almennt umsömdu markaðsvirði (ekki bindandi) fyrir skiptasamning sem settur er saman með því að nota gögn sem eru ósannreynanleg með beinum hætti og má ekki með öðrum hætti staðfesta með sannreynanlegum markaðsgögnum.

d) Skuldbinding vegna starfsemi sem leggja skal niður yfirtekin við sameiningu fyrirtækja Ílag á 3. stigi myndi verða núverandi mat með því að nota eigin gögn einingarinnar um framtíðarútstreymi handbærs fjár sem greitt verður til að uppfylla skuldbindinguna (þ.m.t. væntingar markaðsaðila um kostnað við að uppfylla skuldbindinguna og bæturnar sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka á sig skuldbindinguna um að hluta eignina í sundur) ef nægjanlega tiltækar upplýsingar gefa ekki til kynna að markaðsaðilar myndu nota ólíkar forsendur. Þetta 3. stigs ílag yrði notað við núvirðisaðferð ásamt öðrum ílögum, t.d. fyrirliggjandi áhættulausum vöxtum eða lánaleiðréttum áhættulausum vöxtum ef áhrif lánsfjárstöðu einingarinnar á gangvirði skuldarinnar endurspeglast í afvöxtunarstuðlinum frekar en mati á framtíðarútstreymi handbærs fjár.

e) Fjárskapandi eining. Ílag á 3. stigi yrði fjárhagsspá (t.d. um sjóðstreymi eða rekstrarreikning) sem þróuð er með því að nota eigin gögn einingarinnar ef engar nægjanlega tiltækar upplýsingar gefa vísbendingar um að markaðsaðilar myndu nota ólíkar forsendur.

MAT Á GANGVIRÐI ÞEGAR UMFANG EÐA GRUNDVÖLLUR VIÐSKIPTA MEÐ EIGN EÐA SKULD HEFUR UMTALSVERT DREGIST SAMAN

B37 Umtalsverð minnkun á umfangi eða grundvelli viðskipta með eign eða skuld í tengslum við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir) getur haft áhrif á gangvirði eignar eða skuldar. Eining skal meta mikilvægi og gildi þátta, eins og þeirra eftirfarandi, til að ákvarða á grundvelli tiltækra upplýsinga hvort umtalsverður samdráttur hafi orðið í umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina:

a) lítið hefur verið um nýleg viðskipti,

b) verðskrá er ekki uppfærð með nýjum upplýsingum,

c) verðskrár eru talsvert breytilegar annaðhvort yfir tíma eða meðal viðskiptavaka (t.d. á sumum miðlaramörkuðum),

d) vísitölur sem áður höfðu mikla samsvörun við gangvirði eignarinnar eða skuldarinnar birtast nú án samsvarana við nýjustu vísbendingar um gangvirði viðkomandi eignar eða skuldar,

e) umtalsverð aukning hefur orðið á tilætlaðri áhættuþóknun lausafjár, ávöxtun eða frammistöðuvísum (s.s. vanskilahlutfalli eða alvarleika taps) fyrir sannreynanleg viðskipti eða skráð verð í samanburði við mat einingarinnar á væntu sjóðstreymi, með tilliti til allra tiltækra markaðsgagna um útlánaáhættu og hættu á vanefndum fyrir eignina eða skuldina,

f) mikið verðbil er á kaup- og sölutilboði eða umtalsverð aukning á verðbili kaup- og sölutilboðs,

g) umtalsverður samdráttur er í starfsemi markaðar, eða slíkur markaður er ekki fyrir hendi, fyrir nýjar útgáfur (þ.e. frummarkaður) fyrir eignina eða skuldina eða svipaðar eignir eða skuldir,

h) litlar upplýsingar eru aðgengilegar öllum (t.d. um viðskipti sem fara fram á eigendamarkaði).

B38 Þörf er á frekari greiningu á viðskiptum eða skráðu verði ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að umtalsverður samdráttur hafi orðið í umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina í tengslum við hefðbundna markaðsstarfsemi fyrir eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir). Samdráttur í umfangi eða grundvelli viðskipta einn og sér þarf ekki að gefa til kynna að verðið í viðskiptunum eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði eða að viðskipti á þeim markaði séu óeðlileg. Eining mun þurfa að leiðrétta viðskiptin eða skráðu verðin ef hún notar þessi verð á grundvelli mats á gangvirði og að þessi leiðrétting gæti verið umtalsverð fyrir gangvirðismatið í heild sinni, þrátt fyrir að hún ákvarði að viðskipti eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði (t.d. að hugsanlega gætu óeðlileg viðskipti hafa farið fram). Þar að auki gæti verið þörf á leiðréttingum við aðrar aðstæður (t.d. þegar verð fyrir svipaða eign krefst umtalsverðrar leiðréttingar til að gera hana sambærilega við eignina sem verið er að meta eða þegar verðið er staðnað).

B39 Þessi IFRS-staðall lýsir ekki aðferðafræðinni við að gera umtalsverðar leiðréttingar á viðskiptum eða skráðu verði. Sjá 61.–66. lið og liði B5–B11 fyrir umræðu um notkun virðismatsaðferða við mat á gangvirði. Eining skal, óháð því hvaða virðismatsaðferð hún notar, telja með viðeigandi áhættuleiðréttingar, þ.m.t. áhættuþóknun sem endurspeglar fjárhæðina sem markaðsaðilar myndu krefjast sem jöfnunargreiðslu fyrir innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar (sjá lið B17). Matið gæfi að öðru leyti ekki áreiðanlega mynd af gangvirði. Í sumum tilfellum gæti reynst erfitt að ákvarða viðeigandi áhættuleiðréttingu. Erfiðleikastigið eitt og sér er þó ekki nægjanleg ástæða til að undanskilja áhættuleiðréttingu. Áhættuleiðréttingin skal endurspegla eðlileg viðskipti á milli markaðsaðila á matsdegi við núverandi markaðsaðstæður.

B40 Ef umtalsverður samdráttur er í umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina gæti breyting á virðismatsaðferð eða notkun margra virðismatsaðferða verið viðeigandi (t.d. notkun markaðsaðferðar og núvirðisaðferðar). Eining skal íhuga hvort réttmætt sé að nota fleiri en eitt gangvirðismat þegar vægi gefur til kynna að gangvirði verði til af notkun margra virðismatsaðferða. Markmiðið er að ákvarða gildi innan þeirra marka sem helst standa fyrir gangvirði við núverandi markaðsaðstæður. Víð mörk á gangvirðismati gætu verið vísbending um að frekari greiningar sé þörf.

B41 Jafnvel þegar umtalsverður samdráttur hefur orðið á umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina verður markmið gangvirðismats áfram hið sama. Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða er greitt fyrir yfirfærslu á skuld í eðlilegum viðskiptum (þ.e. hvorki þvinguð félagsslit né nauðungarsala) á milli markaðsaðila á matsdegi við núverandi markaðsaðstæður.

B42 Áætlun á verðinu, sem markaðsaðilar myndu vilja ganga til viðskipta fyrir á matsdegi við núverandi markaðsaðstæður ef orðið hefði umtalsverður samdráttur á umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina, fer eftir málsatvikum og aðstæðum á matsdegi og krefst mats. Ætlun einingar að halda eigninni eða gera hana upp eða með öðrum hætti uppfylla skuldbindinguna skiptir ekki máli við mat á gangvirði vegna þess að gangvirði er mat sem miðast við markaðinn, en ekki eininguna.

Auðkenning óeðlilegra viðskipta

B43 Ákvörðun um hvort viðskipti séu eðlileg (eða óeðlileg) er erfiðari ef orðið hefur umtalsverður samdráttur á umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina í tengslum við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir). Við slíkar aðstæður er óviðeigandi að komast að þeirri niðurstöðu að öll viðskipti á þeim markaði séu óeðlileg (þ.e. þvinguð félagsslit eða nauðungarsölur). Meðal aðstæðna, sem gætu gefið til kynna að viðskipti séu óeðlileg, eru eftirfarandi:

a) viðeigandi sýnileiki var ekki á markaðnum um nokkurt skeið fyrir matsdag til að greiða fyrir eðlilegri og hefðbundinni markaðsstarfsemi vegna viðskipta sem fela í sér slíkar eignir eða skuldir við núverandi markaðsaðstæður,

b) eðlilegt og hefðbundið markaðstímabil átti sér stað en seljandinn markaðssetti eignina eða skuldina fyrir stakan markaðsaðila,

c) seljandinn er í eða nálægt gjaldþrota- eða skiptameðferð (þ.e. seljandinn er í nauðung),

d) seljandinn þurfti að selja til að uppfylla eftirlitskröfur eða lagaskilyrði (þ.e. seljandinn var þvingaður),

e) verðið í viðskiptunum er frávik í samanburði við önnur nýleg viðskipti með það sama eða sams konar eign eða skuld.

Eining skal meta aðstæðurnar til að ákvarða, í ljósi tiltækra vísbendinga, hvort viðskiptin séu eðlileg.

B44 Eining skal taka öll eftirfarandi atriði til athugunar við mat á gangvirði eða við mat á áhættuþóknun markaðar:

a) eining skal setja lítið, ef nokkuð, vægi (í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði) á þetta verð í viðskiptunum ef vísbendingarnar gefa til kynna að viðskipti séu óeðlileg,

b) eining skal taka tillit til þessa verðs í viðskiptunum ef vísbendingarnar gefa til kynna að viðskiptin séu eðlileg. Vægið sem lagt er á verðið í viðskiptunum, í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði, mun velta á málsatvikum og aðstæðum, svo sem eftirfarandi:

i. umfangi viðskiptanna,

ii. sambærileika viðskiptanna við eignir eða skuldir sem metnar eru,

iii. nálægð viðskiptanna við matsdaginn,

c) einingin skal taka tillit til verðsins í viðskiptunum ef hún býr ekki yfir nægum upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort viðskipti séu eðlileg. Viðskiptaverð þetta gæti þó ekki gefið glögga mynd af gangvirði (þ.e. verðið í viðskiptunum er ekki endilega eini eða aðalgrunnurinn við mat á gangvirði eða mat á áhættuþóknunum markaðar). Þegar eining býr ekki yfir nægum upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort tiltekin viðskipti séu eðlileg skal einingin leggja minna vægi á þau viðskipti í samanburði við önnur viðskipti sem hafa reynst vera eðlileg.

Eining þarf ekki að auka viðleitni sína ítarlega til að ákvarða hvort viðskipti séu eðlileg, en hún skal ekki horfa framhjá nægjanlega tiltækum upplýsingum. Þegar eining er aðili að viðskiptum er gert ráð fyrir að hún búi yfir fullnægjandi upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort viðskiptin séu eðlileg.

Notkun á skráðu verði sem þriðju aðilar veita

B45 Þessi IFRS-staðall útilokar ekki að notað sé skráð verð sem þriðju aðilar veita, svo sem markaðsverðsþjónusta eða miðlarar, ef einingin hefur ákvarðað að skráð verð, sem aðilar þessir veita, sé þróað í samræmi við þennan IFRS-staðal.

B46 Einingin skal meta hvort skráð verð, sem þriðju aðilar gáfu upp, hafi fengist með því að nota núverandi upplýsingar sem endurspegla eðlileg viðskipti eða virðismatsaðferð sem endurspeglar forsendur markaðsaðila (þ.m.t. áhættuforsendur), ef umtalsverður samdráttur hefur orðið á umfangi eða grundvelli viðskipta með eignina eða skuldina. Eining leggur minna vægi (í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði sem endurspeglar árangur viðskipta) á skráningu verðs sem endurspeglar ekki árangur viðskiptanna þegar skráð verð er vegið sem ílag við gangvirðismat.

B47 Þar að auki skal taka tillit til eðlis skráningar (t.d. hvort skráð verð sé leiðbeinandi eða bindandi tilboð) þegar tiltækar vísbendingar eru vegnar, þar sem leggja skal meira vægi á skráð verð frá þriðju aðilum ef þau standa fyrir bindandi tilboð.

Viðbætir C

Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum IFRS-staðli að því er varðar fyrra tímabil.

C2 Beita skal þessum IFRS-staðli framvirkt frá og með upphafi árlega tímabilsins þar sem honum var upphaflega beitt.

C3 Birtingarkröfu þessa IFRS-staðals þarf ekki að beita á samanburðarupplýsingar sem veittar eru fyrir tímabil áður en IFRS-staðlinum er upphaflega beitt.

Viðbætir D

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum IFRS-stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu ráðsins á IFRS-staðli 13. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 13 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breyttir liðir eru sýndir með þeim hætti að nýr texti er undirstrikaður og texti, sem hefur verið felldur brott, er yfirstrikaður.

BREYTINGAR Á SKILGREININGU

D1 Í IFRS-stöðlum 1, 3–5 og 9 (gefnum út í október 2010) komi eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar á gangvirði:

> Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13.)

Í IAS-stöðlum 2, 16, 18–21, 32 og 40 komi eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar á gangvirði:

> Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, gangvirðismat.)

IFRS-staðall 1 *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* (með áorðnum breytingum frá september 2010)

D2 Ákvæði 19. liðar falla brott.

D3 Lið 39J er bætt við sem hér segir:

> 39J IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, felldi brott 19. lið, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A og breytti liðum D15 og D20. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D4 Liðum D15 og D20 er breytt sem hér segir:

> D15 Ef notandi sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, metur slíka fjárfestingu á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 27 skal hann meta þá fjárfestingu í samræmi við eina af eftirfarandi fjárhæðum í aðgreindum upphafsefnahagsreikningi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS):
>
> …

b) áætlaðan kostnað. Áætlaður kostnaður slíkrar fjárfestingar skal vera:

i. gangvirði þann dag sem einingin skiptir yfir í alþjóðlegan reikningsskilastaðal í aðgreindum reikningsskilum sínum eða

…

D20 Þrátt fyrir kröfur í 7. og 9. lið má eining beita kröfunum í a-lið liðar AG76 í IAS-staðli 39 með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:

…

IFRS-staðall 2 ***Eignarhlutatengd greiðsla***

D5 Lið 6A er bætt við sem hér segir:

6A Í þessum IFRS-staðli er hugtakið „gangvirði“ notað að sumu leyti með öðrum hætti en skilgreining þess segir til um í IFRS-staðli 13, gangvirðismat. Því þarf eining að meta gangvirði í samræmi við þennan IFRS-staðal, ekki IFRS-staðal 13, þegar hún beitir IFRS-staðli 2.

IFRS-staðall 3 ***Sameining fyrirtækja***

D6 Ákvæðum 20., 29., 33. og 47. liðar er breytt sem hér segir:

20 Í ákvæðum 24.-31. liðar eru tilgreindar þær tegundir aðgreinanlegra eigna og skulda sem fela í sér atriði þar sem þessi alþjóðlegi reikningsskilastaðall veitir takmarkaðar undantekningar frá matsreglunni.

29 Yfirtökuaðili skal meta virði endurkeyptra réttinda, sem færð eru sem óefnislegar eignir, á grundvelli eftirstandandi samningsskilmála tengdra samninga án tillits til þess hvort markaðsaðilar myndu hafa í huga mögulega endurnýjun á samningum við mat á gangvirði þeirra. Ákvæði liða B35 og B36 eru leiðbeinandi um viðeigandi beitingu.

33 ... Til að ákvarða fjárhæð viðskiptavildar við sameiningu fyrirtækja þegar ekkert endurgjald er greitt, skal yfirtökuaðili nota gangvirði á hlut yfirtökuaðila í yfirtekna aðilanum á yfirtökudegi í stað gangvirðis greidds endurgjalds á yfirtökudegi (i.-liður a-liðar 32. liðar). …

47 ... Til dæmis er sala eignar til þriðja aðila stuttu eftir yfirtökudag fyrir fjárhæð sem er talsvert frábrugðin bráðabirgðagangvirði, sem metin var á þeim degi, líkleg til að gefa til kynna að bráðabirgðafjárhæðin hafi verið röng, nema hægt sé að tilgreina atburð sem hafi átt sér stað og breytt gangvirðinu.

D7 Lið 64F er bætt við sem hér segir:

64F IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti 20., 29., 33. og 47. lið, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A og breytti liðum B22, B40, B43–B46, B49 og B64. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D8 Í viðbæti B er liðum B22 og B40, B43–B46, B49 og B64 breytt sem hér segir:

B22 Vegna þess að samstæðureikningsskilin eru framhald á reikningsskilum lögákveðna dótturfélagsins, að undanskilinni fjármagnsuppbyggingu þess, þá endurspegla samstæðureikningsskilin:

…

d) þá fjárhæð sem færð er sem útgefin hlutdeild í eigin fé í samstæðureikningsskilum og ákvörðuð með því að bæta útgefinni hlutdeild lögákveðna dótturfélagsins (reikningshaldslegs yfirtökuaðila), sem var gefin út rétt fyrir sameiningu fyrirtækjanna, við gangvirði lögákveðna móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekins aðila). Sú ...

…

B40 Viðmiðanir fyrir aðgreinanleika ákvarða hvort óefnisleg eign er færð aðskilin frá viðskiptavild. Þó er með viðmiðuninni hvorki unnt að veita leiðbeiningar um mat á gangvirði óefnislegrar eignar né takmarka þær forsendur sem stuðst er við þegar gangvirði óefnislegrar eignar er metið. Yfirtökuaðili skal t.d. taka tillit til forsendna sem markaðsaðili skal taka til athugunar við verðlagningu á óefnislegri eign, s.s. væntingar um endurnýjun samninga í framtíðinni, við mat á gangvirði. …

B43 Yfirtökuaðili getur ætlað sér að nota ekki keypta eign sem er ekki fjáreign með virkum hætti til að vernda samkeppnisstöðu sína, eða af öðrum ástæðum, eða að hann ætli ekki að nota eignina í samræmi við mestu og bestu notkun. Það gæti til dæmis átt við um óefnislega rannsóknar- og þróunareign sem yfirtökuaðilinn eignaðist og hefur í hyggju að nota í varnarskyni með því að hindra að aðrir geti notað hana. Samt sem áður skal yfirtökuaðilinn meta gangvirði eignar sem er ekki fjáreign með því að skrá mestu og bestu notkun af hálfu markaðsaðilanna í samræmi við viðeigandi matsforsendu, bæði upphaflega og við mat á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði fyrir síðari virðisrýrnunarprófun.

B44 Samkvæmt þessum IFRS-staðli er yfirtökuaðila heimilt að meta hlut sem ekki er ráðandi í yfirteknum aðila á gangvirði á yfirtökudegi. Stundum getur yfirtökuaðili metið gangvirði hlutar sem ekki er ráðandi á yfirtökudegi á grundvelli skráðs verðs fyrir hlutabréf (þ.e. sem yfirtökuaðili á ekki) á virkum markaði. Í öðrum tilvikum liggur þó skráð verð á virkum markaði fyrir hlutabréf ekki fyrir. Í þeim tilvikum metur yfirtökuaðili gangvirði hluta, sem ekki eru ráðandi, með öðrum virðismatsaðferðum.

B45 Gangvirði hvers hlutar yfirtökuaðila í yfirteknum aðila og hlutar, sem ekki er ráðandi, kann að vera mismunandi. Líklegt er að helsti munurinn sé að yfirverð vegna þess að ráðandi hlutur er innifalinn í gangvirði hvers hlutar yfirtökuaðila í yfirteknum aðila, eða hið gagnstæða, afsláttur vegna vöntunar á yfirráðum (einnig nefnt afföll á hlutum sem eru ekki ráðandi) í gangvirði hvers hlutar í þeim hluta sem ekki er ráðandi ef markaðsaðilar myndu ekki taka tillit til slíkra yfirverða eða affalla við verðlagningu á hlutum sem eru ekki ráðandi.

B46 Við sameiningu fyrirtækja, sem næst fram án yfirfærslu endurgjalds, skal yfirtökuaðili skipta gangvirði á hlut sínum í yfirtekna aðilanum á yfirtökudegi út fyrir gangvirði yfirfærðs endurgjalds á yfirtökudegi til að meta viðskiptavild eða hagnað á hagstæðum kaupum (sjá 32.-34. lið).

B49 Gangvirðismat á gagnkvæmri einingu skal fela í sér þær forsendur sem markaðsaðilar leggja til grundvallar um ávinning félagsaðila í framtíðinni sem og allar aðrar forsendur sem skipta máli og markaðsaðilar leggja til grundvallar sameiginlegu einingunni. Nota má t.d. núvirðisaðferð til að meta gangvirði sameiginlegrar einingar. Sjóðstreymi, sem notað er sem ílag í líkanið, skal byggjast á væntu sjóðstreymi gagnkvæmu einingarinnar, sem er líkleg til að endurspegla niðurfærslu vegna hagstæðra kjara félagsaðila, svo sem lægra verð á vörum og þjónustu.

B64 Til að uppfylla markmið 59. liðar skal yfirtökuaðili veita eftirfarandi upplýsingar um hverja sameiningu fyrirtækja sem komið var til leiðar á tímabilinu:

…

f) gangvirði alls yfirfærðs endurgjalds og gangvirði allra helstu tegunda endurgjalds á yfirtökudegi, s.s.:

…

iv. eiginfjárhlutdeild yfirtökuaðila, þ.m.t. fjöldi útgefinna eða útgefanlegra gerninga eða hlutabréfa og aðferðin sem notuð er til að meta gangvirði þeirra gerninga eða hlutabréfa.

…

o) fyrir hverja sameiningu fyrirtækja, þar sem yfirtökuaðili á minna en 100 prósent eiginfjárhlutdeildar í yfirteknum aðila á yfirtökudegi:

…

ii. fyrir hvern hlut, sem ekki er ráðandi í yfirteknum aðila, sem metinn er á gangvirði, virðismatsaðferðirnar og umtalsverðu ílögin sem notuð eru til að meta það gildi.

…

IFRS-staðall 4 *Vátryggingasamningar*

D9 Lið 41E er bætt við sem hér segir:

41E IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A. Eining skal beita þeirri breytingu við beitingu IFRS-staðals 13.

IFRS-staðall 5 ***Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi***

D10 Lið 44H er bætt við sem hér segir:

44H IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A. Eining skal beita þeirri breytingu við beitingu IFRS-staðals 13.

IFRS-staðall 7 ***Fjármálagerningar: upplýsingagjöf*** **(með áorðnum breytingum frá október 2009)**

D11 [Á ekki við kröfur]

D12 Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) ... í þeim tilvikum skulu einingar beita kröfum þessa IFRS-staðals og IFRS-staðals 13, gangvirðismat, á hlutina sem metnir eru á gangvirði. …

…

D13 Liðir 27–27B falla brott.

D14 Ákvæðum 28. liðar er breytt sem hér segir:

28 Í sumum tilfellum færir eining ekki hagnað eða tap í upphafsfærslu fjáreignar eða fjárskuldar vegna þess að gangvirðið kemur hvorki fram í skráðu verði á virkum markaði með sambærilega eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag) né sé það byggt á virðismatsaðferð sem notar aðeins gögn frá sannreynanlegum mörkuðum (sjá lið AG76 í IAS-staðli 39). Í þeim tilvikum upplýsir einingin eftirfarandi fyrir hvern flokk fjáreigna eða fjárskuldbindinga:

a) reikningsskilaaðferð sinni við að færa mun í rekstrarreikning á milli gangvirðis við upphafsfærslu og verðið í viðskiptunum til að endurspegla breytingu á þáttum (þ.m.t. tímaþáttur) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðákvörðun á eign eða skuld (sjá lið AG76b í IAS-staðli 39),

…

c) ástæðu þess að einingin komst að þeirri niðurstöðu að verðið í viðskiptunum væri ekki besta vísbendingin um gangvirði, þ.m.t. lýsing á vísbendingunni sem styður gangvirðið.

D15 Ákvæðum 29. liðar er breytt sem hér segir:

29 Ekki þarf að greina frá gangvirði:

…

b) fyrir fjárfestingu í eiginfjárgerningum, sem eru ekki á skráðu markaðsverði á virkum markaði fyrir sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag), eða afleiður, sem tengjast slíkum eiginfjárgerningum, sem eru metnir á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39, vegna þess að ekki er unnt að öðrum kosti að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti, eða

…

D16 Lið 44P er bætt við sem hér segir:

44P IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 3, 28, 29, B4 og B26 og viðbæti A og felldi brott liði 27–27B. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D17 Í viðbæti A er skilgreiningunni á annarri verðáhættu breytt sem hér segir:

önnur verðáhætta Sú áhætta að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagernings sveiflist vegna breytinga á markaðsverði (annarra en breytinga sem verða til vegna vaxtaáhættu eða gjaldmiðilsáhættu) hvort sem þær breytingar eru af völdum þátta sem eiga sérstaklega við þennan eina fjármálagerning eða útgefanda hans eða þátta sem hafa áhrif á alla sambærilega fjármálagerninga sem verslað er með á markaðnum.

IFRS-staðall 9 *Fjármálagerningar* (gefinn út í nóvember 2009)

D18 Lið 5.1.1 er breytt sem hér segir:

5.1.1 **Við upphafsfærslu skal eining meta fjáreign á gangvirði hennar að viðbættum, í tilfelli fjáreignar sem er ekki á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, viðskiptakostnaði sem rekja má beint til yfirtöku fjáreignarinnar með beinum hætti.**

D19 Liður 5.1.1A bætist við sem hér segir:

5.1.1A **Einingin skal þó beita lið B5.1 og lið AG76 í IAS-staðli 39 ef gangvirði fjáreignarinnar við upphafsfærslu er frábrugðið verðinu í viðskiptunum.**

D20 Liðum 5.2.1, 5.3.2, 8.2.5 og 8.2.11 er breytt sem hér segir:

5.2.1 Einingin skal, að upphafsfærslunni lokinni, meta fjáreign í samræmi við liði 4.1–4.5 á gangvirði eða afskrifuðu kostnaðarverði.

5.3.2 **Gangvirði fjáreignarinnar er metið á endurflokkunardegi ef einingin endurflokkar fjáreign, í samræmi við lið 4.9, til að hún verði metin á gangvirði. Hagnaður eða tap sem hlýst af mismun á milli fyrra bókfærðs verðs og gangvirðis er fært í rekstrarreikning.**

8.2.5 Ef eining metur blandaðan samning á gangvirði í samræmi við lið 4.4 eða lið 4.5, en gangvirði blandaða samningsins hefur ekki verið metið á sambærilegum reikningsskilatímabilum skal gangvirði blandaða samningsins á sambærilegum reikningsskilatímabilum vera summa af gangvirði hlutanna (þ.e. óafleidds hýsils og innbyggðrar afleiðu) við lok sérhvers sambærilegs reikningsskilatímabils.

8.2.11 Hafi eining áður fært fjárfestingu í eiginfjárgerningi sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) (eða afleiða sem er tengd við, og verður að vera gerð upp með afhendingu slíks eiginfjárgernings) á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39, skal hún meta þann gerning á gangvirði á dagsetningu upphaflegrar beitingar. …

D21 Liður 8.1.3 bætist við sem hér segir:

8.1.3 IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 5.1.1, 5.2.1, 5.3.2, 8.2.5, 8.2.11, B5.1, B5.4, B5.5, B5.7, C8, C20, C22, C27 og C28 og bætti við lið 5.1.1A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D22 Í viðbæti A er inngangstexta breytt sem hér segir:

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í 11. lið í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning, 9. lið í IAS-staðli 39 eða viðbæti A við IFRS-staðal 13 eru notuð í þessum IFRS-staðli í skilningi þeim sem tilgreindur er í IAS-staðli 32, IAS-staðli 39 eða IFRS-staðli 13: …

D23 Í lið B5.1 í viðbæti B er fyrirsögninni ofan við lið B5.5 og liðum B5.5 og B5.7 breytt sem hér segir:

B5.1 Gangvirði fjáreignar við upphaflega færslu er yfirleitt viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem látið er af hendi eða tekið við, sjá einnig IFRS-staðal 13 og lið AG76 í IAS-staðli 39). Ef hluti endurgjaldsins, sem látið er af hendi, er fyrir eitthvað annað en fjármálagerninginn skal einingin meta gangvirði fjármálagerningsins. Ef t.d. er unnt að meta gangvirði láns eða viðskiptakröfu til langs tíma, sem ber enga vexti, sem núvirði allra greiðslna í handbæru fé sem tekið verður við í framtíðinni, afvöxtuðu með því að nota gildandi markaðsvexti á sambærilegum gerningum (sambærilegum að því er varðar gjaldmiðil, skilmála, vaxtategund og aðra þætti) með sambærilegt lánshæfismat. Allar viðbótarfjárhæðir, sem eru lánaðar, eru kostnaður eða tekjulækkun nema þær uppfylli kröfur um færslu sem annars konar eign.

Fjárfestingar í eiginfjárgerningum (og samningar um þessar fjárfestingar)

B5.5 ... Sú gæti verið raunin ef ekki eru tiltækar nægjanlegar nýlegar upplýsingar til að meta gangvirði, eða ef til greina kemur ýmiskonar gangvirðismat og kostnaður stendur fyrir besta matið á gangvirði innan þeirra marka.

B5.7 ... Í slíkum tilvikum verður einingin að meta gangvirði.

D24 Í lið C8 í viðbæti C er breytingunum á 29. lið í IFRS-staðli 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, breytt sem hér segir:

29 Ekki þarf að greina frá gangvirði:

…

b) fyrir afleiður sem tengjast fjárfestingum í eiginfjárgerningum, sem eru ekki á skráðu verði á virkum markaði fyrir eins gerning (þ.e. 1. stigs ílag) sem er metinn á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat, vegna þess að ekki er unnt að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti, eða

…

D25 Í lið C20 er breytingunum á 1. undirlið í IAS-staðli 28, fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, breytt sem hér segir:

1 **Þessum staðli skal beita við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum. Þessum staðli skal þó ekki beita við fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, fjármálagerningar og IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat. **Eining sem hefur slíka fjárfestingu undir höndum skal birta upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 37. liðar.**

D26 Í lið C22 er breytingunum á 1. lið í IAS-staðli 31, hlutdeild í samrekstri, breytt sem hér segir:

1 **Staðlinum skal beita við færslu hlutdeildar í samrekstri og þegar skýrt er frá eignum, skuldum, tekjum og gjöldum sem tilheyra samrekstri í reikningsskilum samrekstraraðila og fjárfesta, óháð uppbyggingu eða gerð samrekstrar. Það á þó ekki við um hlutdeild samrekstraraðila í einingum sem lúta sameiginlegri stjórn í eigu:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, fjármálagerningar og IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat. **Samrekstraraðili, sem á þess háttar hlutdeild í félagi, skal birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 55. og 56. lið.**

D27 Í lið C27 er breytingunum við 9., 13. og 88. lið IAS-staðals 39, fjármálagerningar: færsla og mat, breytt sem hér segir:

9 **…**

Rétt er að benda á að í IFRS-staðli 13, gangvirðismat, eru settar fram kröfurnar um mat á gangvirði fjárskuldar, hvort sem hún er tilgreind eða ekki, eða gangvirði hennar er gefið upp.

...

13 Ef eining getur ekki metið gangvirði innbyggðrar afleiðu með áreiðanlegum hætti á grundvelli skilmála hennar og skilyrða er gangvirði innbyggðu afleiðunnar mismunurinn á gangvirði blandaða gerningsins og gangvirði hýsilsamningsins. Ef einingin getur ekki metið gangvirði innbyggðu afleiðunnar með því að nota þessa aðferð gildir 12. liður og blandaði (samtengdi) samningurinn er tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

88 Áhættuvarnartengsl uppfylla skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil skv. 89.–102. lið þá og því aðeins að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

...

d) **unnt er að meta skilvirkni áhættuvarnarinnar með áreiðanlegum hætti, þ.e. unnt er að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði eða sjóðstreymi varða liðarins, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, og gangvirði áhættuvarnargerningsins.**

...

D28 Í lið C28 er breytingunum við liði AG64, AG80, AG81 og AG96 í IAS-staðli 39 breytt sem hér segir:

AG64 Gangvirði fjárskuldar við upphaflega færslu er yfirleitt viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem er tekið við, sjá einnig lið AG76 og IFRS-staðal 13). Ef hluti endurgjaldsins, sem látið er af hendi eða móttekið, er fyrir eitthvað annað en fjárskuldina skal eining meta gangvirði fjárskuldarinnar.

AG80 Gangvirði afleiða sem tengdar eru við, og þurfa að vera greiddar við afhendingu eiginfjárgerninga sem hafa ekki skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilega gerninga (þ.e. 1. stigs ílag) (sjá a-lið 47. liðar) er metið með áreiðanlegum hætti, ef a) ekki er umtalsverður breytileiki innan marka viðeigandi gangvirðismata fyrir þann gerning, eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats innan þeirra marka og nota þau til að meta gangvirði.

AG81 Til eru margs konar aðstæður þar sem breytileiki á bili skynsamlegs mats á gangvirði afleiða sem tengdar eru, og þurfa að vera greiddar með, afhendingu eiginfjárgerninga sem hafa ekki skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) (sjá a-lið 47. liðar), er ekki líklegur til að vera verulegur. Að öllu jöfnu er mögulegt að meta gangvirði slíkrar afleiðu sem eining hefur fengið frá utanaðkomandi aðila. Ef bilið, sem skynsamlegt mat á gangvirði liggur á, er verulegt og ekki er unnt að meta líkindin á mismunandi mati með skynsamlegum hætti er þó útilokað fyrir eininguna að meta gerninginn á gangvirði.

AG96 Afleiðu sem er tengd, sem þarf að gera upp með afhendingu eiginfjárgerninga sem hafa ekki skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) og er ekki færð á gangvirði vegna þess að gangvirði hennar getur ekki á aðra vegu verið metið með áreiðanlegum hætti (sjá a-lið 47. liðar), er ekki hægt að tilgreina sem áhættuvarnargerning.

IFRS-staðall 9 *Fjármálagerningar* (gefinn út í október 2010)

D29 [Á ekki við kröfur]

D30 Liðum 3.2.14, 4.3.7 og 5.1.1 er breytt sem hér segir:

3.2.14 Þegar eining skiptir fyrra bókfærðu verði stærri fjáreignar milli hlutans, sem er haldið áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, þarf að ákvarða gangvirði þess hlutar sem haldið er áfram að meta. Þegar einingin hefur áður fengist við sölu hluta, sem eru sambærilegir við þann hluta sem haldið er áfram að færa, eða markaðsviðskipti eiga sér stað með slíka hluta, er nýlegt verð raunverulegra viðskipta besta mat á gangvirði hans. …

4.3.7 Ef eining getur ekki metið gangvirði innbyggðrar afleiðu með áreiðanlegum hætti á grundvelli skilmála hennar og skilyrða er gangvirði innbyggðu afleiðunnar mismunurinn á gangvirði blandaða samningsins og gangvirði hýsilssamningsins. Ef einingin getur ekki metið gangvirði innbyggðu afleiðunnar með því að nota þessa aðferð gildir liður 4.3.6 gildir og blandaði samningurinn er tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

5.1.1 **Við upphaflega færslu skal eining meta fjáreign eða fjárskuld á gangvirði hennar að viðbættum eða frádregnum viðskiptakostnaði, ef um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem ekki er á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem tengist yfirtöku eða útgáfu fjáreignar eða fjárskuldar með beinum hætti.**

D31 Liður 5.1.1A bætist við sem hér segir:

5.1.1A **Eining skal þó beita lið B5.1.2A ef gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar við upphafsfærslu er frábrugðið verðinu í viðskiptunum.**

D32 Lið 5.2.1 er breytt sem hér segir:

5.2.1 **Eftir upphaflega færslu skal eining meta fjáreign í samræmi við liði 4.1.1–4.1.5 á gangvirði eða á afskrifuðu kostnaðarverði (sjá 9. lið og liði AG5–AG8 í IAS-staðli 39).**

D33 Fyrirsögnin á undan lið 5.4.1 og liðir 5.4.1–5.4.3 falla brott.

D34 Liðum 5.6.2, 7.2.5, 7.2.11 og 7.2.12 er breytt sem hér segir:

5.6.2 **Ef eining endurflokkar fjáreign, í samræmi við lið 4.4.1, til að hún verði metin á gangvirði er gangvirði fjáreignarinnar metið á endurflokkunardegi. Hagnaður eða tap sem hlýst af mismun á milli fyrra bókfærðs verðs og gangvirðis er fært í rekstrarreikning.**

7.2.5 Ef eining metur blandaðan samning á gangvirði í samræmi við lið 4.1.4 eða lið 4.1.5 en gangvirði blandaða samningsins hefur ekki verið metið á sambærilegum reikningsskilatímabilum, skal gangvirði blandaða samningsins á sambærilegum reikningsskilatímabilum vera summa gangvirðis hlutanna (þ.e. hýsilsamnings sem er ekki afleiða og innbyggðrar afleiðu) við lok hvers sambærilegs reikningsskilatímabils.

7.2.11 Hafi eining áður fært fjárfestingu í eiginfjárgerningi sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) (eða afleidda eign sem er tengd við, og verður að vera gerð upp með afhendingu slíks eiginfjárgernings) á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39, skal hún meta þann gerning á gangvirði á dagsetningu upphaflegrar beitingar. …

7.2.12 Hafi eining áður fært afleiðuskuld sem er tengd við, og þarf að greiða með, afhendingu eiginfjárgernings sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39), meta þá afleiðuskuld á gangvirði á dagsetningu upphafsnotkunar. …

D35 Liður 7.1.3 bætist við sem hér segir:

7.1.3 IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 3.2.14, 4.3.7, 5.1.1, 5.2.1, 5.4.1, 5.6.2, 7.2.5, 7.2.11 og 7.2.12, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A, breytti liðum B3.2.11, B3.2.17, B5.1.1, B5.2.2, B5.4.8, B5.4.14, B5.4.16, B5.7.20, C3, C11, C26, C28, C30, C49 og C53, felldi brott liði 5.4.2, B5.4.1–B5.4.13 og bætti við liðum 5.1.1A, B5.1.2.A og B5.2.2A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D36 Í viðbæti B er liðum B3.2.11, B3.2.17, B5.1.1 og B5.2.2 breytt sem hér segir:

B3.2.11 Við mat á gangvirði hlutans, sem haldið er áfram að færa og hlutans sem er afskráður við beitingu liðar 3.2.13 notar eining gangvirðismatskröfurnar í IFRS-staðli 13, til viðbótar við lið 3.2.14.

B3.2.17 Í þessum lið er skýrð beiting aðferðar áframhaldandi aðildar þegar áframhaldandi aðild einingar felst í hluta fjáreignar.

Gerum ráð fyrir því að eining hafi lánasafn sem hægt er að greiða fyrir fram ... Gangvirði lánanna á viðskiptadegi er 10 100 GE og gangvirði aukaáhættuálags, sem nemur 0,5% er 40 GE.

…

Einingin reiknar ágóða eða tap á sölunni af 90% hlut af sjóðstreymi. Ef gert er ráð fyrir að sérstakt gangvirði 90% hlutans, sem er yfirfærður, og 10% hlutans, sem haldið er eftir, sé ekki tiltækt á yfirfærsludegi, skiptir einingin bókfærðu verði eignarinnar í samræmi við lið 3.2.14 á eftirfarandi hátt:

	Gangvirði	*Hlutfall*	*Úthlutað bókfært verð*
Yfirfærður hluti	9.090	90 %	9.000
Hluti sem haldið er eftir	1.010	10 %	1.000
Samtals	**10.100**		**10.000**

…

B5.1.1 Gangvirði fjármálagernings við upphaflega færslu er yfirleitt viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem látið er af hendi eða tekið við, sjá einnig lið B5.1.2A og IFRS-staðal 13). Ef hluti endurgjaldsins, sem látið er af hendi eða móttekið, er fyrir eitthvað annað en fjármálagerninginn, skal eining meta gangvirði fjármálagerningsins. Ef t.d. er unnt að meta gangvirði láns eða viðskiptakröfu til langs tíma, sem ber enga vexti, sem núvirði allra greiðslna í handbæru fé sem tekið verður við í framtíðinni, afvöxtuðu með því að nota gildandi markaðsvexti á sambærilegum gerningum (sambærilegum að því er varðar gjaldmiðil, skilmála, vaxtategund og aðra þætti) með sambærilegt lánshæfismat. Allar viðbótarfjárhæðir, sem eru lánaðar, eru kostnaður eða tekjulækkun nema þær uppfylli kröfur um færslu sem annars konar eign.

D37 Liðum B5.1.2A og B5.2.2A er bætt við sem hér segir:

B5.1.2A Viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem látið er af hendi eða tekið við, sjá einnig IFRS-staðal 13) er yfirleitt besta vísbendingin um gangvirði fjármálagernings við upphaflega færslu. Ákvarði eining að gangvirðið við upphafsfærslu sé frábrugðið viðskiptaverðinu, eins og greint er frá því í lið 5.1.1A, skal einingin færa gerninginn á þeim degi með eftirfarandi hætti:

a) við matið sem krafist er í lið 5.1.1, ef gangvirði þetta er fengið af skráðu verði á virkum markaði fyrir sambærilega eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag) eða grundvallað á virðismatsaðferð sem notar einungis gögn frá sannreynanlegum mörkuðum. Eining skal færa mismuninn á milli gangvirðis við upphafsfærslu og verðsins í viðskiptunum sem hagnað eða tap,

b) í öllum öðrum tilfellum, við matið sem krafist er í lið 5.1.1, er því frestað að jafna mismuninum á gangvirði við upphafsfærslu við viðskiptaverðið. Að lokinni upphafsfærslu skal einingin aðeins færa frestaða mismuninn sem hagnað eða tap að því marki sem hann kemur upp við breytingu á þætti (þ.m.t. tíma) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu á eign eða skuld.

B5.2.2A Síðara mat fjáreignar eða fjárskuldar og síðari færsla hagnaðar og taps, sem lýst er í lið B5.1.2A, skulu vera í samræmi við kröfur þessa IFRS-staðals.

D38 Liðir B5.4.1–B5.4.13 og tengdar fyrirsagnir þeirra eru felldar brott.

D39 Fyrirsögninni á undan lið B5.4.14 og liðum B5.4.14, B5.4.16 og B5.7.20 er breytt sem hér segir:

Fjárfestingar í eiginfjárgerningum (og samningar um þessar fjárfestingar)

B5.4.14 ... Sú gæti verið raunin ef ekki eru tiltækar nægjanlegar nýlegar upplýsingar til að meta gangvirði, eða ef til greina kemur ýmiskonar gangvirðismat og kostnaður stendur fyrir besta matið á gangvirði innan þeirra marka.

B5.4.16 ... Að því marki sem viðeigandi þættir eru fyrir hendi, geta þeir gefið vísbendingar um að kostnaður geti ekki staðið fyrir gangvirði. Í slíkum tilfellum verður einingin að meta gangvirði.

B5.7.20 Líkt og tilfellið er með mat á gangvirði, þarf mæliaðferð einingar til ákvörðunar á hluta breytingar á gangvirði skuldarinnar, sem tengja má breytingum á lánsáhættu hennar, að hámarka notkun viðkomandi sannreynanlegra ílaga og lágmarka notkun ósannreynanlegra ílaga.

D40 Í lið C3 í viðbæti C er breytingunum við liði D15 og D20 í IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, breytt sem hér segir:

D15 Ef notandi sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, metur slíka fjárfestingu á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 27 skal hann meta þá fjárfestingu í samræmi við eina af eftirfarandi fjárhæðum í aðgreindum upphafsefnahagsreikningi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS):

…

b) áætlaðan kostnað. Áætlaður kostnaður slíkrar fjárfestingar skal vera:

i. gangvirði þann dag sem einingin skiptir yfir í alþjóðlegan reikningsskilastaðal í aðgreindum reikningsskilum sínum eða

…

D20 Þrátt fyrir kröfur í 7. og 9. lið má eining beita kröfunum í lið B5.1.2A (b-lið) í IFRS-staðli 9 með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:

…

D41 Í lið C11 er breytingunum á 28. lið í IFRS-staðli 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, breytt sem hér segir:

28 Í sumum tilfellum færir eining ekki hagnað eða tap við upphafsfærslu fjáreignar eða fjárskuldar vegna þess að gangvirðið kemur hvorki fram í skráðu verði á virkum markaði fyrir sömu eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag) né sé það byggt á virðismatsaðferð sem notar aðeins gögn frá sannreynanlegum mörkuðum (sjá lið B5.1.2A í IFRS-staðli 9). Í þeim tilvikum upplýsir einingin eftirfarandi fyrir hvern flokk fjáreigna eða fjárskuldbindinga:

a) reikningsskilaaðferð hennar fyrir að færa í rekstrarreikning mismuninn á milli gangvirðis við upphafsfærslu og verðs í viðskiptum til að endurspegla breytingar á þáttum (þ.m.t. tíma) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu á eign eða skuld (sjá B5.1.2Ab í IFRS-staðli 9).

…

c) ástæðu þess að einingin komst að þeirri niðurstöðu að verðið í viðskiptunum væri ekki besta vísbendingin um gangvirði, þ.m.t. lýsing á vísbendingunni sem styður gangvirðið.

D42 Í lið C26 er breytingunum á 1. lið í IAS-staðli 28, fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, breytt sem hér segir:

1 **Þessum staðli skal beita við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum. Þessum staðli skal þó ekki beita við fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem eru metnir á gangvirði með hliðsjón af hagnaði eða tapi í samræmi við IFRS-staðal 9, fjármálagerningar. Eining sem hefur slíka fjárfestingu undir höndum skal birta upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 37. liðar.

D43 Í lið C28 er breytingunum á 1. lið í IAS-staðli 31, hlutdeild í samrekstri, breytt sem hér segir:

1 **Staðlinum skal beita við færslu hlutdeildar í samrekstri og þegar skýrt er frá eignum, skuldum, tekjum og gjöldum sem tilheyra samrekstri í reikningsskilum samrekstraraðila og fjárfesta, óháð uppbyggingu eða gerð samrekstrar. Það á þó ekki við um hlutdeild samrekstraraðila í einingum sem lúta sameiginlegri stjórn í eigu:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem eru metnir á gangvirði með hliðsjón af hagnaði eða tapi í samræmi við IFRS-staðal 9, fjármálagerningar. Samrekstraraðili, sem á þess háttar hlutdeild í félagi, skal birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 55. og 56. lið.

D44 Í lið C30 er breytingunum á 23. lið í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning, breytt sem hér segir:

23 ... Eitt dæmi er skylda einingar samkvæmt framvirkum samningi til að kaupa eiginfjárgerninga sína með handbæru fé. Fjárskuldin er upphaflega færð (á núvirði innlausnarfjárhæðarinnar) og endurflokkuð frá eigin fé. …

D45 Í lið C49 er breytingunum á undirlið A8 í IFRIC-túlkun 2, hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegar gerningar, breytt sem hér segir:

A8 Sú fjárhæð sem hlutur félagsaðila er hærri en sem nemur innlausnarbanninu er fjárskuld. Samvinnueiningin metur þessa fjárskuld á gangvirði við upphaflega færslu. Þar sem þessir hlutir eru innleysanlegir þegar þess er krafist metur samvinnueiningin gangvirði slíkra fjárskulda í samræmi við 47. lið IFRS-staðals 13 en þar segir: „Gangvirði fjárskuldar með innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán) er ekki lægra en fjárhæðin, sem skal greiða þegar þess er krafist ...“ Í samræmi við það flokkar samvinnueiningin hámarksfjárhæðina, sem skal greiða þegar þess er krafist samkvæmt innlausnarákvæðunum, sem fjárskuldir.

D46 Í lið C53 er breytingunum á 7. lið í IFRIC-túlkun 19, greiðsla skulda með eiginfjárgerningum, breytt sem hér segir:

7 Ef ekki er unnt að meta gangvirði útgefinna eiginfjárgerninga með áreiðanlegum hætti skal meta gerningana þannig að þeir endurspegli gangvirði þeirrar fjárskuldar sem greidd er. Við mat á gangvirði fjárskuldar sem greidd er og felur í sér innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán), er 47. lið IFRS-staðals 13 ekki beitt.

IAS-staðall 1 ***Framsetning reikningsskila***

D47 Ákvæðum 128. og 133. liðar er breytt sem hér segir:

128 Ekki er gerð krafa um upplýsingarnar í 125. lið um eignir og skuldir þegar talsverð hætta er á að bókfært verð þeirra geti breyst verulega á næsta fjárhagsári ef þær eru metnar á gangvirði, miðað við lok reikningsskilatímabils sem byggist á skráðu verði á virkum markaði fyrir sambærilega eign eða skuld. Slíkt gangvirði getur breyst verulega á næsta fjárhagsári en þær breytingar yrðu ekki raktar til forsendna eða annarra orsaka óvissu í mati við lok reikningsskilatímabils.

133 Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um að veita upplýsingar um nokkrar af forsendunum, sem annars væri krafist í samræmi við 125. lið. Í IAS-staðli 37 er t.d. gerð krafa um upplýsingar, við sérstakar aðstæður, um helstu forsendur varðandi atburði í framtíðinni sem hafa áhrif á flokka reiknaðra skuldbindinga. IFRS-staðall 13, gangvirðismat, krefst birtingu upplýsinga um mikilvægar forsendur (þ.m.t. virðismatsaðferðir og ílög) sem einingin notar við mat á gangvirði eigna og skulda sem eru færðar á gangvirði.

D48 Lið 139I er bætt við sem hér segir:

139I IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 128. og 133. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 2 ***Birgðir***

D49 Ákvæðum 7. liðar er breytt sem hér segir:

7 Hreint söluvirði vísar til þeirrar hreinu fjárhæðar sem eining væntir að innleysa með sölu birgða í venjulegum rekstri. Gangvirði endurspeglar verðið sem fengist við eðlileg viðskipti við sölu á sömu birgðum á helsta (eða hagstæðasta) markaði með þessar birgðir á milli markaðsaðila á matsdegi. Hið fyrra er virðið fyrir sérstaka einingu en ekki hið síðarnefnda. Hreint söluvirði birgða getur verið annað en gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

D50 Lið 40C er bætt við sem hér segir:

40C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 6. lið og breytti 7. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 8 ***Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur***

D51 Ákvæðum 52. liðar er breytt sem hér segir:

52 Þess vegna þarf, þegar nýrri reikningsskilaaðferð er beitt eða skekkja frá fyrra tímabili er leiðrétt, að aðgreina upplýsingar sem

a) gefa vísbendingar um aðstæður sem voru fyrir hendi á þeim degi (dögum) þegar viðskiptin, annar atburður eða aðstæður áttu sér stað og

b) hefðu verið fyrir hendi, þegar reikningsskilin fyrir þetta fyrra tímabil voru heimiluð til birtingar,

frá öðrum upplýsingum. Við sumar gerðir mats (t.d. við mat á gangvirði sem byggist á umtalsverðum ósannreynanlegum ílögum) er ógerlegt að aðgreina þessar gerðir upplýsinga. Þegar afturvirk beiting eða afturvirk endurgerð, útheimtir verulegt mat þar sem ómögulegt er að gera greinarmun á þessum tveimur gerðum upplýsinga, er ógerlegt að beita nýrri reikningsskilaaðferð eða leiðrétta fyrra tímabil afturvirkt.

D52 Liður 54C bætist við sem hér segir:

54C IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti 52. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 10 ***Atburðir eftir reikningsskilatímabilið***

D53 Ákvæðum 11. liðar er breytt sem hér segir:

11 Dæmi um atburð eftir lok reikningsskilatímabils, sem ekki kallar á leiðréttingu, er lækkun á gangvirði fjárfestinga frá lokum reikningsskilatímabilsins og fyrir þann dag sem birting reikningsskilanna er heimiluð. Lækkun á gangvirði tengist yfirleitt ekki ástandi fjárfestinganna við lok reikningsskilatímabilsins, heldur endurspeglar hún aðstæður sem hafa komið upp síðar. …

D54 Lið 23A er bætt við sem hér segir:

23A IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 11. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 16 ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

D55 Ákvæðum 26. liðar er breytt sem hér segir:

26 Unnt er að meta gangvirði eignar með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt virðismat fyrir viðkomandi eign, er ekki þýðingarmikill eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef eining getur metið með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er sannvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverð eignarinnar, sem tekið er við, nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

D56 Ákvæði 32. og 33. liðar falli brott.

D57 Ákvæðum 35. og 77. liðar er breytt sem hér segir:

35 Þegar varanlegur rekstrarfjármunaliður er endurmetinn er farið með allar uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi á einhvern eftirfarandi hátt:

a) endurgerðar hlutfallslega með breytingunum á bókfærðu, vergu verði eignarinnar þannig að bókfært verð eignarinnar eftir endurákvörðun er jafnt endurmetinni fjárhæð hennar.

Þessi aðferð er oft notuð þegar eign er endurmetin með því að nota vísitölu til að ákvarða endurstofnverð hennar (sjá IFRS-staðal 13).

…

77 **Ef varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir í endurmetnum fjárhæðum skal greina frá eftirfarandi, auk upplýsinganna sem gerð er krafa um í IFRS-staðli 13:**

…

c) [felldur brott]

d) [felldur brott]

…

D58 Liður 81F bætist við sem hér segir:

81F IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 6. lið, breytti 26., 35. og 77. lið og felldi brott 32. og 33. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 17 ***Leigusamningar***

D59 Lið 6A er bætt við sem hér segir:

6A Í IAS-staðli 17 er hugtakið „gangvirði“ að sumu leyti notað með frábrugðnum hætti en skilgreining þess er í IFRS-staðli 13, gangvirðismat. Því þarf eining að meta gangvirði í samræmi við IAS-staðal 17, ekki IFRS-staðal 13, þegar hún beitir IAS-staðli 17.

IAS-staðall 18 ***Reglulegar tekjur***

D60 Ákvæði 42. liðar bætast við sem hér segir:

42 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 7. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 19 ***Starfskjör***

D61 [Á ekki við kröfur]

D62 Ákvæðum 50. og 102. liðar er breytt sem hér segir:

50 Færsla einingar vegna réttindatengdra kerfa felur í sér eftirfarandi skref:

…

c) að meta gangvirði allra eigna til greiðslu lífeyris (sjá 102.–104. lið),

…

102 Gangvirði allra eigna til greiðslu lífeyris er dregið frá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar sem færð er í efnahagsreikning í samræmi við 54. lið.

D63 Ákvæði 162. liðar bætast við sem hér segir:

162 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011 breytti skilgreiningunni á gangvirði í 7. lið og breytti 50. lið og 102. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 20 ***Færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð***

D64 Ákvæði 45. liðar bætast við sem hér segir:

45 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 3. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 21 ***Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla***

D65 Ákvæðum 23. liðar er breytt sem hér segir:

23 **Við lok hvers reikningsskilatímabils:**

…

c) **skal umreikna ópeningalega liði, sem metnir eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðli, á genginu sem gilti daginn sem gangverðið var metið.**

D66 Lið 60G er bætt við sem hér segir:

60G IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 8. lið og breytti 23. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 28 *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* (með áorðnum breytingum frá október 2009)

D67 Ákvæðum 1. og 37. liðar er breytt sem hér segir:

1 **Þessum staðli skal beita við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum. Þessum staðli skal þó ekki beita við fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem við upphaflega færslu eru skráðir á gangvirði með hliðsjón af hagnaði eða tapi eða eru flokkaðir til veltuviðskipta og færðir í samræmi við IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat. Fyrir þess háttar fjárfestingar skal einingin færa breytingar á gangvirði í rekstrarreikning á því tímabili sem breytingin á sér stað. Eining sem hefur slíka fjárfestingu undir höndum skal birta upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 37. liðar.

37 **Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:**

a) **gangvirði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum þegar skráð markaðsverð liggur fyrir,**

…

D68 Lið 41G er bætt við sem hér segir:

41G IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 1 og 37. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 31 *Hlutdeild í samrekstri* (með áorðnum breytingum frá október 2009)

D69 Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

1 **Staðlinum skal beita við færslu hlutdeildar í samrekstri og þegar skýrt er frá eignum, skuldum, tekjum og gjöldum sem tilheyra samrekstri í reikningsskilum samrekstraraðila og fjárfesta, óháð uppbyggingu eða gerð samrekstrar. Það á þó ekki við um hlutdeild samrekstraraðila í einingum sem lúta sameiginlegri stjórn í eigu:**

a) **áhættufjármagnsfélaga eða**

b) **verðbréfasjóða, fjárhaldssjóða eða sambærilegra eininga, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir,**

sem við upphaflega færslu eru skráðir á gangvirði með hliðsjón af hagnaði eða tapi eða eru flokkaðir til veltuviðskipta og færðir í samræmi við IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat. **Fyrir þess háttar fjárfestingar skal einingin færa breytingar á gangvirði í rekstrarreikning á því tímabili sem breytingin á sér stað. Samrekstraraðili, sem á þess háttar hlutdeild í félagi, skal birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 55. og 56. lið.**

D70 Lið 58F er bætt við sem hér segir:

58F IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti 1. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 32 *Fjármálagerningar: framsetning* (með áorðnum breytingum frá september 2010)

D71 Ákvæðum 23. liðar er breytt sem hér segir:

23 ... Fjárskuldin er upphaflega færð (á núvirði innlausnarfjárhæðarinnar) og endurflokkuð úr eigin fé. …

D72 Lið 97J er bætt við sem hér segir:

97J IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011 breytti skilgreiningunni á gangvirði í 11. lið og breytti liðum 23 og AG31. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D73 Í leiðbeiningum um beitingu er lið AG31 breytt sem hér segir:

AG31 Algengt form samsetts fjármálagernings er skuldagerningur með innbyggðum rétti til breytingar eins og skuldabréf sem breytanlegt er í almenna hluti útgefandans og sem hefur ekki aðra innbyggða afleidda þætti. Í 28. lið er þess krafist að útgefandi slíks fjármálagernings setji fram skuldarhlutann og eiginfjárhlutann aðskilda í efnahagsreikningnum sem hér segir:

…

b) Eiginfjárgerningurinn er innbyggður valréttur til að breyta skuld í eigið fé útgefandans. Þessi valréttur hefur virði við upphaflega færslu jafnvel þó að hann sé í tapi.

IAS-staðall 33 *Hagnaður á hlut*

D74 Liðum 8 og 47A er breytt sem hér segir:

8 Hugtök, sem skilgreind eru í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning, eru notuð í þessum staðli í þeirri merkingu sem er tilgreind í 11. lið IAS-staðals 32, nema annað sé tekið fram. Í IAS-staðli 32 eru skilgreind hugtökin fjármálagerningur, fjáreign, fjárskuld og eiginfjárgerningur og veittar leiðbeiningar um notkun þessara skilgreininga. IFRS-staðall 13, gangvirðismat, skilgreinir gangvirði og setur fram kröfur um beitingu þeirrar skilgreiningar.

47A Að því er varðar eignarhlutavalrétt og annað eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag, þar sem IFRS-staðli 2, eignarhlutatengd greiðsla er beitt, skal útgáfuverðið, sem um getur í 46. lið, og innlausnarverðið, sem um getur í 47. lið, ná yfir gangvirði (metið í samræmi við IFRS-staðal 2) allra vara eða þjónustu sem skal veita einingunni í framtíðinni samkvæmt eignarhlutavalréttinum eða öðru eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi.

D75 Lið 74C er bætt við sem hér segir:

74C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 8. lið og liðum 47A og A2. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D76 Í viðbæti A er lið A2 breytt sem hér segir

A2 Útgáfa almennra hluta við nýtingu eða breytingu á væntum almennum hlutum leiðir yfirleitt ekki til útgáfu jöfnunarhluta. Það stafar af því að væntir almennir hlutir eru yfirleitt gefnir út á gangvirði sem leiðir til hlutfallslegrar breytingar á fjármagninu sem einingin hefur til ráðstöfunar. Við útgáfu hluta með forkaupsrétti er nýtingarverðið þó oft lægra en gangvirði hlutanna. ... Fræðilegt gangvirði á hlut eftir nýtingu forkaupsréttar er reiknað með því að bæta heildargangvirði hlutanna, eins og það stendur rétt fyrir nýtingu forkaupsréttar, við andvirðið af nýtingu forkaupsréttarins og deila með fjölda virkra hluta eftir að forkaupsréttur hefur verið nýttur. Ef viðskipti með forkaupsréttinn en ekki hlutina sjálfa eiga að fara fram á almennum markaði fyrir nýtingardag er gangvirðið metið við lok síðasta dags þegar hlutirnir eru seldir ásamt forkaupsréttinum.

IAS-staðall 34 *Árshlutareikningsskil* (með áorðnum breytingum frá október 2010)

D77 [Á ekki við kröfur]

D78 Við lið 16A bætist j-liður sem hér segir:

16A **Til viðbótar við upplýsingar mikilvægra atburða og færslna í samræmi við liði 15–15C skal eining setja eftirfarandi upplýsingar í skýringar við árshlutareikningsskil sín, komi þær ekki fram annars staðar í árshlutareikningsskilunum. Upplýsingarnar skulu venjulega birtar á grundvelli þess sem er liðið af fjárhagsárinu.**

...

j) fyrir fjármálagerninga eru birtar þær upplýsingar um gangvirði sem krafist er í liðum 91–93 (h-lið), 94.–96., 98. og 99. lið í IFRS-staðli 13, gangvirðismat, og 25., 26. og 28.–30. lið í IFRS-staðli 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf.

D79 Ákvæði 50. liðar bætast við sem hér segir:

50 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, bætir j-lið við lið 16A. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 36 *Virðisrýrnun eigna*

D80 Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

5 Þessi staðall gildir ekki um fjáreignir innan gildissviðs IAS-staðals 39, fjárfestingareign sem metin er á gangvirði innan gildissviðs IAS-staðals 40, eða lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi og metnar eru á gangvirði að frádregnum sölukostnaði innan gildissviðs IAS-staðals 41. Þessi staðall gildir þó um eignir sem eru bókfærðar á endurmetinni fjárhæð (þ.e. gangvirði á endurmatsdegi að undanskildum síðar uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartöpum) í samræmi við aðra IFRS-staðla, eins og endurmatslíkönin í IAS-staðli 16, varanlegir rekstrarfjármunir og IAS-staðli 38, óefnislegar eignir. Beinn viðbótarkostnaður sem tengja má ráðstöfun eignarinnar er eini munurinn á milli gangvirðis eignar og gangvirðis hennar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði.

a) i. ef ráðstöfunarkostnaður eignar er óverulegur er endurheimtanleg fjárhæð endurmetinnar eignar nálægt eða hærri en hin endurmetna fjárhæð hennar (þ.e. gangvirði). Eftir að endurmatskröfunum hefur verið beitt í þessu tilviki er ólíklegt að endurmetna eignin hafi rýrnað að virði og því þarf ekki að áætla endurheimtanlegu fjárhæðina.

ii. [felldur brott]

b) [felldur brott]

c) ef ráðstöfunarkostnaður eignar er ekki óverulegur verður gangvirði að frádregnum sölukostnaði endurmetnu eignarinnar lægra en gangvirði hennar. Þess vegna rýrnar virði endurmetnu eignarinnar ef notkunarvirði er lægra en endurmetin fjárhæð hennar. Eftir að endurmatskröfunum hefur verið beitt í þessu tilviki beitir eining þessum staðli til að ákvarða hvort eignin kunni að hafa rýrnað að virði.

D81 Ákvæðum 6. liðar er breytt sem hér segir (í kjölfar breytingarinnar á skilgreiningu gangvirðis að frádregnum sölukostnaði er öllum tilvísunum í „gangvirði að frádregnum sölukostnaði“ í IAS-staðli 36 skipt út fyrir „gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði“):

6 **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

[felldur brott]

a) [felldur brott]

b) [felldur brott]

c) [felldur brott]

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)

D82 Ákvæðum 12., 20. og 22. liðar er breytt sem hér segir:

12 **Við mat á því hvort vísbendingar séu um að eign kunni að hafa rýrnað að virði skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga:**

Ytri upplýsingar

a) **sannreynanlegar vísbendingar eru um að ~~markaðs~~verð eignar hafi lækkað mikið á því tímabili umfram það sem vænta mætti vegna framrásar tímans eða venjulegrar notkunar.**

…

20 Jafnvel gæti verið mögulegt að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði ef ekki er um að ræða skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilega eign. Stundum er þó ekki mögulegt við núverandi markaðsaðstæður að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði vegna þess að enginn grundvöllur er til að framkvæma áreiðanlegt mat á fjárhæðinni sem fæst með sölu eignarinnar í viðskiptum markaðsaðila á matsdegi. Í því tilviki getur eining notað notkunarvirði eignarinnar sem endurheimtanlega fjárhæð hennar.

22 Endurheimtanleg fjárhæð er ákvörðuð fyrir einstaka eign ... nema annaðhvort:

…

b) unnt sé að áætla að notkunarvirði eignarinnar sé nálægt gangvirði að frádregnum sölukostnaði hennar og unnt sé að meta gangvirðið að frádregnum sölukostnaði.

D83 Ákvæði 25.-27. liðar falli brott.

D84 Ákvæðum 28. liðar er breytt sem hér segir:

28 Ráðstöfunarkostnaður, annar en sá sem þegar hefur verið skuldfærður, er dreginn frá við mat gangvirðis að frádregnum sölukostnaði. Dæmi ...

D85 Lið 53A er bætt við sem hér segir:

53A Gangvirði er annað en notkunarvirði. Gangvirði endurspeglar forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni. Gagnstætt því endurspeglar notkunarvirði áhrif af þáttum sem eiga sérstaklega við um eininguna en eiga ekki við um einingar almennt. Gangvirði endurspeglar t.d. ekki neinn af eftirfarandi þáttum, svo framarlega sem þeir eru ekki almennt tiltækir markaðsaðilum:

a) virðisauka, sem leiðir af hópi eigna (t.d. stofnun fjárfestingasafns með eignum með mismunandi staðsetningu),

b) samlegðaráhrif á milli eignarinnar sem metin er og annarra eigna,

c) lagaleg réttindi eða lagalegar hömlur, sem aðeins ná til núverandi eiganda eignarinnar og

d) skattalegan ávinning eða skattbyrði sem aðeins nær til núverandi eiganda eignarinnar.

D86 Ákvæðum 78., 105., 111., 130. og 134. liðar er breytt eins og hér segir:

78 Það kann að vera nauðsynlegt að taka tillit til tiltekinna, bókfærðra skulda til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingar. Þetta getur gerst ef ráðstöfun fjárskapandi einingar hefur það í för með sér að kaupandi verður að yfirtaka skuld. Í þessu tilviki er gangvirði að frádregnum sölukostnaði (eða áætlað sjóðstreymi af endanlegri ráðstöfun) fjárskapandi einingarinnar verð eigna fjárskapandi einingarinnar og skuldarinnar samanlagt, að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Til þess að gera marktækan samanburð á bókfærðu verði fjárskapandi einingarinnar og endurheimtanlegri fjárhæð hennar er bókfært verð skuldarinnar dregið frá við ákvörðun bæði notkunarvirðis og bókfærðs verðs fjárskapandi einingarinnar.

105 **Við skiptingu virðisrýrnunartaps í samræmi við 104. lið skal eining ekki lækka bókfært verð eignar niður fyrir það sem hæst er af:**

a) **gangvirði að frádregnum sölukostnaði (ef unnt er að meta það),**

...

111 **Við mat á því hvort einhverjar vísbendingar séu til um að virðisrýrnunartap, sem fært var á aðra eign en viðskiptavild á fyrri tímabilum, sé e.t.v. ekki lengur fyrir hendi eða hafi minnkað skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga:**

Ytri upplýsingar

a) **sannreynanlegar vísbendingar eru um að markaðsverð eignarinnar hefur hækkað verulega á tímabilinu.**

...

130 **Eining skal birta eftirfarandi fyrir sérhvert verulegt virðisrýrnunartap sem fært er eða bakfært á tímabilinu vegna einstakrar eignar, þ.m.t. viðskiptavild eða fjárskapandi eining:**

…

f) **grunninn sem notaður er til að ákvarða gangvirði að frádregnum sölukostnaði (s.s. hvort að gangvirði hafi verið metið með vísun í skráð verð á virkum markaði fyrir sambærilega eign), ef endurheimtanleg fjárhæð er gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Eining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í IFRS-staðli 13.**

134 **Eining skal birta upplýsingarnar sem krafist er í a-f-lið fyrir sérhverja fjárskapandi einingu (einingaflokk) þar sem bókfært verð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á þá einingu (einingaflokk) er verulegt í samanburði við bókfært heildarverð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma einingarinnar:**

…

c) **endurheimtanlega fjárhæð einingarinnar (eða einingaflokks) og á hvaða grundvelli endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) hefur verið ákvörðuð (þ.e. notkunarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði),**

d) **ef endurheimtanleg fjárhæð einingar (einingaflokks) er byggð á notkunarvirði:**

i. **sérhverja lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt sjóðstreymisspár sínar á fyrir tímabilið sem nýjustu fjárhagsáætlanir/-spár ná yfir. Lykilforsendur eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er næmust fyrir.**

…

e) **virðismatsaðferðirnar sem notaðar eru til að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði ef endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er byggð á gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Eining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í IFRS-staðli 13. Eining skal birta eftirfarandi upplýsingar ef gangvirði að frádregnum sölukostnaði er ekki metið með því að nota skráð verð fyrir sambærilega einingu (einingaflokk):**

i. sérhverja lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt ákvörðun sína á gangvirði að frádregnum sölukostnaði á. Lykilforsendur eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er næmust fyrir.

…

iiA. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis (sjá IFRS-staðal 13) þar sem gangvirðismat er flokkað í heild sinni (án þess að gefa gaum að sannreynanleika „sölukostnaðar“),

iiB. ef breyting hefur orðið á virðismatsaðferð, breytingin og á hverju hún er byggð.

Eining skal veita eftirfarandi upplýsingar, ef gangvirði að frádregnum sölukostnaði er metið með því að nota afvaxtaðar sjóðstreymisspár:

iii. **tímabilið sem stjórnendur hafa gert sjóðstreymisspár fyrir,**

iv. **vaxtarhraðinn sem notaður er til að framreikna sjóðstreymisspárnar,**

v. **afvöxtunarstuðla sem gilda fyrir sjóðstreymisspárnar.**

...

D87 Lið 140I er bætt við sem hér segir:

140I Með IFRS-staðli 13, gefnum út í maí 2011, var 5., 6., 12., 20., 78., 105., 111., 130. og 134. lið breytt, 25.–27. liður voru felldir brott og liðum 25A og 53A var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 38 *Óefnislegar eignir*

D88 Ákvæðum 8. liðar er breytt sem hér segir:

8 **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

[felldur brott]

a) [felldur brott]

b) [felldur brott]

c) [felldur brott]

...

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, gangvirðismat.)

D89 Ákvæðum 33. liðar er breytt sem hér segir:

33 Ef fyrirtæki yfirtekur óefnislega eign við sameiningu fyrirtækja er kostnaðarverð þeirrar óefnislegu eignar, í samræmi við IFRS-staðal 3, sameining fyrirtækja, gangvirði hennar á yfirtökudegi. Gangvirði óefnislegrar eignar mun endurspegla væntingar markaðsaðila á yfirtökudegi um líkindin á að væntanlegur efnahagslegur framtíðarávinningur, sem felst í eigninni, renni til einingarinnar. …

D90 Fyrirsögninni yfir 35. lið er breytt sem hér segir:

Óefnisleg eign sem er yfirtekin við sameiningu fyrirtækja

D91 Ákvæði 39.-41. liðar falli brott.

D92 Ákvæðum 47., 50., 75., 78., 82., 84. og 100. liðar er breytt sem hér segir:

47 Í b-lið 21. liðar er tilgreint að skilyrðið fyrir færslu óefnislegrar eignar sé að unnt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Þegar ekki er unnt að meta gangvirði óefnislegrar eignar með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt virðismat fyrir viðkomandi eign, er ekki verulegur eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef eining getur metið með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er gangvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverðið nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

50 Mismunur á gangvirði einingar og bókfærðu verði aðgreinanlegra, hreinna eigna hennar á tilteknum tíma getur stafað af ýmsum þáttum sem hafa áhrif á gangvirði einingarinnar. Slíkur mismunur sýnir þó ekki kostnaðarverð óefnislegra eigna sem einingin ræður yfir.

75 **... Að því er varðar endurmat samkvæmt þessum staðli skal meta gangvirði með hliðsjón af virkum markaði.** ...

78 Óalgengt er að virkur markaður sé til fyrir óefnislega eign þó að svo geti orðið. …

82 **Ef ekki er lengur unnt að meta gangvirði endurmetinnar, óefnislegrar eignar með hliðsjón af virkum markaði skal bókfært verð eignarinnar vera endurmetin fjárhæð hennar á síðasta endurmatsdegi með hliðsjón af virkum markaði, að frádregnum öllum síðari, uppsöfnuðum afskriftum og öllum síðari, uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.**

84 Ef unnt er að meta gangvirði eignarinnar með hliðsjón af virkum markaði á síðari endurmatsdegi er endurmatslíkaninu beitt frá þeim degi.

100 **Hrakvirði óefnislegrar eignar með takmarkaðan nýtingartíma skal teljast núll nema:**

...

b) **virkur markaður (eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 13) sé fyrir eignina og:**

...

D93 Ákvæðum 124. liðar er breytt sem hér segir:

124 **Ef óefnislegar eignir eru færðar í endurmetnum fjárhæðum skal eining birta upplýsingar um eftirfarandi:**

a) **eftir flokki óefnislegra eigna:**

…

iii. bókfært verð ... 74. lið og

b) **fjárhæð .... hluthafa.**

c) [felldur brott]

D94 Liður 130E falli brott.

D95 Lið 130G er bætt við sem hér segir:

130G Með IFRS-staðli 13, gefnum út í maí 2011, var 8., 33., 47., 50., 75., 78., 82., 84., 100. og 124. lið breytt, 39.–41. liður og liður 130E voru felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat,* (með áorðnum breytingum í október 2009)

D96 [Á ekki við kröfur]

D97 Ákvæðum 9. liðar er breytt sem hér segir:

9 **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

…

Tekið skal fram að IFRS-staðall 13, gangvirðismat, setur fram kröfur um mat á gangvirði fjáreignar eða fjárskuldar, hvort sem gangvirði þeirra er tilgreint eða metið á annan hátt eða gangvirði þeirra er gefið upp.

…

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13.)

...

Neðanmálsgreinin við skilgreiningu á gangvirði fellur niður.

D98 Ákvæðum 13. og 28. liðar er breytt sem hér segir:

13 Ef eining getur ekki metið gangvirði innbyggðrar afleiðu með áreiðanlegum hætti á grundvelli skilmála hennar og skilyrða (t.d. vegna þess að innbyggða afleiðan byggist á óskráðum eiginfjárgerningi á virkum markaði fyrir sambærilegan gerning, þ.e. 1. stigs ílag) er gangvirði innbyggðu afleiðunnar mismunurinn á gangvirði blandaða gerningsins og gangvirði hýsilsamningsins. Ef einingin getur ekki metið gangvirði innbyggðu afleiðunnar með því að nota þessa aðferð gildir 12. liður og blandaði (samtengdi) gerningurinn er tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

28 Þegar eining skiptir fyrra bókfærðu verði stærri fjáreignar milli hlutans, sem er haldið áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, þarf að ákvarða gangvirði þess hlutar sem haldið er áfram að meta. …

D99 Málsgrein 43A er bætt við.

43A **Einingin skal þó beita lið AG76 ef gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar við upphafsfærslu er frábrugðið verðinu í viðskiptunum.**

D100 Ákvæðum 47. liðar er breytt sem hér segir:

47 **Eftir upphaflega færslu skal eining meta allar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta, nema að því er varðar:**

a) **fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Slíkar skuldir, þ.m.t. afleiður sem eru skuldir, skal meta á gangvirði að undanskilinni skuldarafleiðu, sem tengist eiginfjárgerningi, sem ekki verður metinn á gangvirði með áreiðanlegum hætti og skal greiða með afhendingu eiginfjárgernings sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) hvers gangvirði getur ekki verið áreiðanlega metið í kjölfarið og skal því metið á kostnaðarverði.**

...

D101 Ákvæði 48.-49. liðar falli brott.

D102 Ákvæðum 88. liðar er breytt sem hér segir:

88 Áhættuvarnartengsl uppfylla skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil skv. 89.–102. lið þá og því aðeins að ~~öll~~ eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

...

d) **unnt er að meta skilvirkni áhættuvarnarinnar með áreiðanlegum hætti, þ.e. unnt er að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði eða sjóðstreymi varða liðarins, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, og gangvirði áhættuvarnargerningsins.**

...

D103 Lið 103Q er bætt við sem hér segir:

103Q IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 9, 13, 28, 47, 88, AG46, AG52, AG64, AG76, AG76A, AG80, AG81 og AG96, bætti við lið 43A og felldi brott liði 48-49, AG69–AG75, AG77–AG79 og AG82. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D104 Í viðbæti A er liðum AG46, AG52 og AG64 breytt sem hér segir:

AG46 Við mat á gangvirði hlutans, sem haldið er áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, í þeim tilgangi að beita 27. lið, notar eining gangvirðismatskröfurnar í IFRS-staðli 13 auk 28. liðs.

AG52 Í þessum lið er skýrð beiting aðferðar áframhaldandi aðildar þegar áframhaldandi aðild einingar felst í hluta fjáreignar.

Gerum ráð fyrir því að eining hafi lánasafn sem hægt er að greiða fyrir fram ... Gangvirði lánanna á viðskiptadegi er 10 100 GE og gangvirði aukaáhættuálags, sem nemur 0,5% er 40 GE.

…

Einingin reiknar ágóða eða tap á sölunni af 90% hlut af sjóðstreymi. Ef gert er ráð fyrir að sérstakt gangvirði 90% hlutans, sem er yfirfærður, og 10% hlutans, sem haldið er eftir, sé ekki tiltækt á yfirfærsludegi, skiptir einingin bókfærðu verði eignarinnar í samræmi við 28. lið á eftirfarandi hátt:

	Gangvirði	*Hlutfall*	*Úthlutað bókfært verð*
Yfirfærður hluti	9.090	90 %	9.000
Hluti sem haldið er eftir	1.010	10 %	1.000
Samtals	**10.100**		**10.000**

…

D105 Lið AG64 er breytt sem hér segir:

AG64 Gangvirði fjármálagernings við upphaflega færslu er yfirleitt viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem látið er af hendi eða tekið við, sjá einnig IFRS-staðal 13 og lið AG76). Ef hluti endurgjaldsins, sem látið er af hendi eða móttekið, er fyrir eitthvað annað en fjármálagerninginn, skal eining meta gangvirði fjármálagerningsins. Ef t.d. er unnt að meta gangvirði láns eða viðskiptakröfu til langs tíma, sem ber enga vexti, sem núvirði allra greiðslna í handbæru fé sem tekið verður við í framtíðinni, afvöxtuðu með því að nota gildandi markaðsvexti á sambærilegum gerningum (sambærilegum að því er varðar gjaldmiðil, skilmála, vaxtategund og aðra þætti) með sambærilegt lánshæfismat. Allar viðbótarfjárhæðir, sem eru lánaðar, eru kostnaður eða tekjulækkun nema þær uppfylli kröfur um færslu sem annars konar eign.

D106 Liðir AG69–AG75 og tengdar fyrirsagnir þeirra falla brott.

D107 Ákvæðum liðar AG76 er breytt sem hér segir:

AG76 Besti vitnisburðurinn um gangvirði fjármálagernings við upphaflega færslu er venjulega viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem er greitt eða móttekið, sjá einnig IFRS-staðal 13). Ef eining ákvarðar að gangvirði við upphaflega færslu sé frábrugðið verðinu í viðskiptunum eins og greint er frá í lið 43A skal einingin færa þann gerning á þeim degi með eftirfarandi hætti:

a) við matið sem krafist er í 43. lið ef gangvirði þetta sannast af skráðu verði á virkum markaði fyrir sambærilega eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag), eða grundvallast á virðismatsaðferð sem notar aðeins gögn frá sannreynanlegum mörkuðum. Eining skal færa mismuninn á milli gangvirðis við upphafsfærslu og verðsins í viðskiptunum sem hagnað eða tap,

b) í öllum öðrum tilfellum er, við matið sem krafist er í 43. lið frestað að jafna á móti mismuninum á gangvirði við upphafsfærslu og verðsins í viðskiptunum. Að lokinni upphafsfærslu skal einingin aðeins færa frestaða mismuninn sem hagnað eða tap að því marki sem hann kemur upp við breytingu á þætti (þ.m.t. tíma) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu á eign eða skuld.

D108 Lið AG76A er breytt sem hér segir:

AG76A Síðara mat fjáreignar eða fjárskuldar og síðari færsla hagnaðar og taps skulu vera í samræmi við kröfur þessa staðals.

D109 Ákvæði liða AG77-AG79 falli brott.

D110 Liðum AG80 og AG81 er breytt sem hér segir:

AG80 Unnt er að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði fjárfestinga í eiginfjárgerningum þegar þeir eru ekki á skráðu verði á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag) og afleiða sem tengjast og gera verður upp með afhendingu þess háttar eiginfjárgerninga (sjá c-lið 46. liðar og 47. lið), ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt gangvirðismat fyrir viðkomandi gerning, er ekki verulegur eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats innan markanna og nota til að meta gangvirði.

AG81 Til eru margs konar aðstæður þar sem breytileiki á bili skynsamlegs mats á gangvirði fjárfestinga í eiginfjárgerningum, sem eru ekki á skráðu verði á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílagi) og afleiða sem tengjast og greiða verður með afhendingu þess háttar eiginfjárgerninga (sjá c-lið 46. liðar og 47. lið), er ekki líklegur til að vera verulegur. Að öllu jöfnu er mögulegt að meta gangvirði fjáreignar sem eining hefur fengið frá utanaðkomandi aðila. Ef bilið, sem skynsamlegt mat á gangvirði liggur á, er verulegt og ekki er unnt að meta líkindin á mismunandi mati með skynsamlegum hætti er þó útilokað fyrir einingunna að meta gerninginn á gangvirði.

D111 Fyrirsögnin á undan lið AG82 og liður AG82 falla brott.

D112 Lið AG96 er breytt sem hér segir:

AG96 Fjárfestingu í eiginfjárgerningi, sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði með sambærilegan gerning (þ.e. 1. stigs ílag), er ekki bókfærður á gangvirði vegna þess að annars er ekki hægt að meta gangvirði hans með áreiðanlegum hætti eða tengda afleiðu sem verður að gera upp með afhendingu á þess háttar eiginfjárgerningi (sjá c-lið 46. liðar og 47. lið), er ekki hægt að tilgreina sem áhættuvarnargerning.

IAS-staðall 40 *Fjárfestingareignir*

D113 [Á ekki við kröfur]

D114 Ákvæðum 26., 29. og 32. liðar er breytt sem hér segir:

26 ... Leiðbeiningar um mat gangvirðis fjárfestingareigna eru settar fram fyrir gangvirðislíkanið í 33.–52. lið og í IFRS-staðli 13. Leiðbeiningarnar eiga einnig við um mat gangvirðis þegar það virði er notað sem kostnaðarverð upphaflegrar færslu.

29 Unnt er að meta gangvirði eignar með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt virðismat fyrir viðkomandi eign, er ekki þýðingarmikill eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef einingin getur ákvarðað með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er gangvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverðið nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

32 Í þessum staðli er gerð krafa um að allar einingar meti gangvirði fjárfestingareignar annaðhvort til mats (ef einingin notar gangvirðislíkanið) eða til upplýsingagjafar (ef hún notar kostnaðarverðslíkanið). Einingar eru hvattar til þess, en ekki er gerð krafa um það, að þær meti gangvirði fjárfestingareigna á grundvelli mats sjálfstæðs matsmanns sem hefur viðurkennda og viðeigandi sérfræðimenntun og er kunnugur viðkomandi landsvæði og tegund þeirrar fjárfestingareignar sem meta skal.

D115 Ákvæði 36.-39. liðar falli brott.

D116 Ákvæðum 40. liðar er breytt sem hér segir:

40 Við mat á gangvirði fjárfestingareignar í samræmi við IFRS-staðal 13 skal einingin tryggja að gangvirðið endurspegli m.a. leigutekjur af gildandi leigusamningum og aðrar forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á fjárfestingareigninni við núverandi markaðsaðstæður.

D117 Ákvæði 42.–47., 49. og 51. liðar og d-liðar 75. liðar falla brott.

D118 Ákvæðum 48. liðar er breytt sem hér segir:

48 Í undantekningartilvikum hafa þó komið fram skýrar vísbendingar um það að eining geti ekki með áreiðanlegum hætti ákvarðað gangvirði fjárfestingareignar til langframa fyrst eftir að hún kaupir fjárfestingareign (eða fyrst eftir að fasteign, sem einingin á fyrir, verður að fjárfestingareign vegna breytingar á notkun), fyrir því að breytileikinn í skynsamlegu gangvirðismati sé svo mikill og að erfiðleikarnir við að meta líkindi mismunandi niðurstaðna eru það miklir að notagildi eins gangvirðismats er ekkert. Þetta kann að benda til þess að ekki sé hægt að meta gangvirðismat fasteignar til langframa með áreiðanlegum hætti (sjá 53. lið).

D119 Fyrirsögninni á undan 53. lið og liðum 53 og 53B er breytt sem hér segir:

Þegar ekki er unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti

53 **Það er hrekjanleg forsenda að eining geti með áreiðanlegum hætti metið gangvirði fjárfestingareignar til langframa. Í undantekningartilvikum hafa þó komið fram skýrar vísbendingar um það að eining geti ekki með áreiðanlegum hætti metið gangvirði fjárfestingareignar til langframa fyrst eftir að hún kaupir fjárfestingareign (eða fyrst eftir að fasteign, sem einingin á fyrir, verður að fjárfestingareign vegna breytingar á notkun). Þetta kemur upp þá og því aðeins**

þegar markaðurinn með sambærilegar fasteignir er óvirkur (t.d. að lítið sé um nýleg viðskipti, verðskrár eru gamlar eða ef sannreynanleg verð í viðskiptum gefa til kynna að seljandinn hafi verið þvingaður til að selja) og annað áreiðanlegt gangvirðismat (sem t.d. er byggt á afvöxtuðu, framreiknuðu sjóðstreymi) er ekki fyrir hendi. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði fjárfestingareignar sem er í byggingu en væntir þess að hægt sé að meta gangvirði eignarinnar með áreiðanlegum hætti þegar byggingu hennar lýkur skal hún meta fjárfestingareignina, sem er í byggingu, á kostnaðarverði þar til unnt er að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti eða byggingu hennar lýkur (eftir því hvort er á undan). Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta gangvirði fjárfestingareignar (annarrar en fjárfestingareignar í byggingu) til langframa, skal einingin meta fjárfestingareignina með kostnaðarverðslíkaninu í IAS-staðli 16. Hrakvirði fjárfestingareignarinnar skal vera talið núll. Einingin skal beita IAS-staðli 16 þar til fjárfestingareigninni hefur verið ráðstafað.

53B ... Einingu, sem hefur metið fjárfestingareignarlið, sem er í byggingu, á gangvirði, er ekki heimilt að áætla að ekki sé unnt að meta gangvirði tilbúinnar fjárfestingareignar með áreiðanlegum hætti.

D120 Ákvæði d-liðar 75. liðar falli brott.

D121 Ákvæðum 78. og 80. liðar er breytt sem hér segir:

78 **Í undantekningartilvikunum, sem um getur í 53. lið, þegar eining metur fjárfestingareign með því að nota kostnaðarverðslíkanið í IAS-staðli 16, skal í afstemmingunni, sem gerð er krafa um í 76. lið, gerð grein fyrir fjárhæðum, sem tengjast þeirri fjárfestingareign, aðgreindum frá fjárhæðum sem tengjast öðrum fjárfestingareignum. Auk þess skal eining birta:**

...

b) **skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti,**

...

79 **Auk upplýsinga, sem gerð er krafa um í 75. lið, skal eining, sem styðst við kostnaðarverðslíkanið í 56. lið, greina frá:**

...

e) **gangvirði fjárfestingareignar. Í þeim undantekningartilvikum, sem lýst er í 53. lið, þegar eining getur ekki metið með áreiðanlegum hætti gangvirði fjárfestingareignarinnar, skal einingin greina frá eftirfarandi:**

…

ii. **skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti og**

...

80 **Eining, sem hefur áður beitt IAS-staðli 40 (2000) og velur í fyrsta sinn að flokka og færa nokkrar eða allar viðeigandi eignarhlutdeildir, sem hún hefur samkvæmt rekstrarleigusamningum, sem fjárfestingareign skal færa áhrifin af því vali sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á því tímabili þegar valið á sér stað. Auk þess:**

a) **ef einingin hefur áður greint frá því opinberlega (í reikningsskilum eða annars staðar) hvert hafi verið gangvirði þessarar eignarhlutdeildar á fyrri tímabilum (og mat þess uppfyllir skilyrði skilgreiningarinnar á gangvirði í IFRS-staðli 13) er einingin hvött til en ekki er gerð krafa um að hún:**

...

D122 Lið 85B er breytt sem hér segir:

85B ... Einingu er heimilt að beita breytingunum á fjárfestingareign sem er í byggingu frá degi sem er fyrir 1. janúar 2009, að því tilskildu að gangvirði fjárfestingareignar í byggingu hafi verið metið á þeim dögum. …

D123 Lið 85C er bætt við sem hér segir:

85C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 26., 29., 32., 40., 48. og 53. lið og lið 53B, 78-80 og 85B og felldi brott 36.–39., 42.–47., 49. og 51. lið og d-lið 75. liðar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IAS-staðall 41 *Landbúnaður*

D124-D125 [Á ekki við kröfur]

D126 Ákvæðum 8., 15. og 16. liðar er breytt sem hér segir:

8 **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

[felldur brott]

a) [felldur brott]

b) [felldur brott]

c) [felldur brott]

…

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, gangvirðismat.)

15 Gangvirðismat lífrænnar eignar eða landbúnaðarafurðar má auðvelda með því að flokka lífrænar eignir eða landbúnaðarafurðir eftir mikilvægum eiginleikum, t.d. eftir aldri eða gæðum. …

16 Einingar gera oft framvirka samninga um að selja lífrænar eignir sínar eða landbúnaðarafurðir. Verð samkvæmt samningi er ekki óhjákvæmilega það sem miða skal við þegar gangvirði er metið vegna þess að gangvirði endurspeglar markaðsaðstæður eins og hann er í dag þar sem markaðsaðilar, kaupendur og seljendur, eiga viðskipti. …

D127 Ákvæði 9., 17.–21. og 23. liðar falli brott.

D128 Ákvæðum 25. og 30. liðar er breytt sem hér segir:

25 ... Eining getur notað upplýsingar um eignirnar til samans til að meta gangvirði lífrænu eignanna. …

30 **Gengið er út frá því að unnt sé að meta gangvirði lífrænnar eignar á áreiðanlegan hátt. Þeirri forsendu er þó einungis hægt að hafna við upphafsfærslu lífrænnar eignar þegar skráð markaðsverð er ekki fyrir hendi og annað mat á gangvirði hennar er augljóslega óáreiðanlegt.** ...

D129 Ákvæði 47. og 48. liðar falli brott.

D130 Ákvæði 61. liðar bætast við sem hér segir:

61 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 8., 15., 16., 25. og 30. lið og felldi brott 9., 17.–21., 23., 47. og 48. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IFRIC-túlkun 2 ***Hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar*** **(með áorðnum breytingum frá október 2009)**

D131 [Á ekki við kröfur]

D132 Undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ er tilvísun í IFRS-staðal 13, gangvirðismat bætt við.

D133 Ákvæði 16. liðar bætast við sem hér segir:

16 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti lið A8. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D134 Í viðbætinum er lið A8 breytt sem hér segir:

A8 Sú fjárhæð sem hlutur félagsaðila er hærri en sem nemur innlausnarbanninu er fjárskuld. Samvinnueiningin metur þessa fjárskuld á gangvirði við upphaflega færslu. Þar sem þessir hlutir eru innleysanlegir þegar þess er krafist metur samvinnueiningin gangvirði slíkra fjárskulda eins og krafist er í 47. lið í IFRS-staðli 13 en þar segir: „Gangvirði fjárskuldar með innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán) er ekki lægra en fjárhæðin, sem skal greiða þegar þess er krafist ...“ Í samræmi við það flokkar samvinnueiningin hámarksfjárhæðina, sem skal greiða þegar þess er krafist samkvæmt innlausnarákvæðunum, sem fjárskuldir.

IFRIC-túlkun 4 ***Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning***

D135 Undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ er tilvísun í IFRS-staðal 13, gangvirðismat bætt við.

D136 Í a-lið 15. liðar er „gangvirði“ sett í neðanmálsgrein eins og hér segir:

* Í IAS-staðli 17 er hugtakið „gangvirði“ að sumu leyti notað með öðrum hætti en skilgreining þess segir til um í IFRS-staðli 13. Því þarf eining að meta gangvirði í samræmi við IAS-staðal 17, ekki IFRS-staðal 13, þegar hún beitir IAS-staðli 17.

IFRIC-túlkun 13 ***Tryggðarkerfi viðskiptavina***

D137 Undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ er tilvísun í IFRS-staðal 13, gangvirðismat bætt við.

D138 Ákvæðum 6. liðar er breytt sem hér segir:

6 Endurgjaldið, sem er úthlutað á vildarpunktana, skal metið með vísan til gangvirðis þeirra.

D139 Lið 10B er bætt við sem hér segir:

10B IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 6. lið og liðum AG1–AG3. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

D140 Í leiðbeiningum um beitingu er liðum AG1–AG3 breytt sem hér segir:

AG1 Í 6. lið almenna samkomulagsins er gerð krafa um að endurgjaldið, sem er úthlutað á vildarpunkta, sé metið með vísan til gangvirðis þeirra. Ef skráð markaðsverð sambærilegra vildarpunkta er ekki til staðar verður að meta gangvirði með annarri virðismatsaðferð.

AG2 Eining getur metið gangvirði vildarpunkta með vísan til gangvirðis verðlaunanna sem unnt er að innleysa þá fyrir. Gangvirði vildarpunktanna þarf að meta með hliðsjón af því sem við á:

a) fjárhæð afsláttar eða hvata sem viðskiptavinum, sem hafa ekki áunnið sér vildarpunkta við upphaflega sölu yrði annars boðinn,

b) hlutfalls vildarpunktanna sem vænst er að viðskiptavinir innleysi ekki og

c) hætta á vanefndum.

Ef viðskiptavinir geta valið um mismunandi verðlaun endurspeglar gangvirði vildarpunktanna gangvirði verðlaunanna, sem eru í boði, vegið í hlutfalli við hversu oft þess er vænst að hver verðlaun verði valin.

AG3 Í einhverjum tilvikum má nota aðrar virðismatsaðferðir. Ef þriðji aðili leggur t.d. til verðlaunin og einingin greiðir þriðja aðila fyrir hvern vildarpunkt sem hún veitir gæti hún metið gangvirði vildarpunktanna með vísan til þeirrar fjárhæðar sem hún greiðir þriðja aðila, að viðbættu eðlilegu hagnaðarhlutfalli. Nauðsynlegt er að grípa til mats þegar velja á og beita virðismatsaðferð sem fullnægir kröfum 6. liðar almenna samkomulagsins og á best við miðað við aðstæður.

IFRIC-túlkun 17 ***Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en handbæru fé***

D141 [Á ekki við kröfur]

D142 Undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ er tilvísun í IFRS-staðal 13, gangvirðismat bætt við.

D143 Ákvæðum 17. liðar er breytt sem hér segir:

17 Ef eining gefur upp arð til úthlutunar á eignum öðrum en handbæru fé eftir lok reikningsskilatímabils en áður en heimilt er að birta reikningsskil skal hún greina frá:

…

c) gangvirði eignar til úthlutunar við lok reikningsskilatímabils, ef það er annað en bókfært verð, og upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að meta gangvirðið sem gerð er krafa um í liðum b, d, g og i í 93. lið og 99. lið í IFRS-staðli 13.

D144 Ákvæði 20. liðar bætast við sem hér segir:

20 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 17. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IFRIC-túlkun 19 ***Greiðsla skulda með eiginfjárgerningum*** **(með áorðnum breytingum frá september 2010)**

D145 [Á ekki við kröfur]

D146 Undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ er tilvísun í IFRS-staðal 13, gangvirðismat bætt við.

D147 Ákvæðum 7. liðar er breytt sem hér segir:

7 Ef ekki er unnt að meta gangvirði útgefinna eiginfjárgerninga með áreiðanlegum hætti skal meta gerningana þannig að þeir endurspegli gangvirði þeirrar fjárskuldar sem greidd er. Við mat á gangvirði fjárskuldar sem greidd er og felur í sér innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán), er 47. lið IFRS-staðals 13 ekki beitt.

D148 Ákvæði 15. liðar bætast við sem hér segir:

15 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 7. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IFRIC-TÚLKUN 20

Kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu

TILVÍSANIR

– *Hugtakarammi fyrir reikningsskil*

– IAS-staðall 1 *Framsetning reikningsskila*

– IAS-staðall 2 *Birgðir*

– IAS-staðall 16 *Varanlegir rekstrarfjármunir*

– IAS-staðall 38 *Óefnislegar eignir*

FORSAGA

1 Einingar geta, við vinnslu í yfirborðsnámu, talið nauðsynlegt að fjarlægja úrgangsefni úr námu („yfirborðsjarðveg“) til að fá aðgang að málmgrýtisnámum. Starfsemin við að fjarlægja úrgangsefni er kölluð „hreinsun“.

2 Í þróunaráfanga námunnar (áður en framleiðsla hefst) er hreinsunarkostnaður jafnan eignfærður sem hluti af afskrifanlegum kostnaði við byggingaframkvæmdir við námuna, þróun og gröft hennar. Þessi eignfærði kostnaður er afskrifaður með kerfisbundnum hætti, jafnan með því að nota framleiðslueiningaaðferðina þegar framleiðsla hefur hafist.

3 Eining í námugreftri getur haldið áfram að fjarlægja yfirborðsjarðveg og stofna til hreinsunarkostnaðar á framleiðslustigi námunnar.

4 Efnið sem fjarlægt er við hreinsun á framleiðslustigi er ekki endilega úrgangur að öllu leyti, heldur verður oft samsetning málmgrýtis og úrgangs. Hlutfall málmgrýtis og úrgangs getur verið breytilegt frá óhagkvæmni til mikillar arðbærni. Brottflutningur efnis með lágt hlutfall málmgrýtis til úrgangs gæti leitt til nýtanlegs efnis sem hægt er að nota til að auka við birgðir. Brottflutningur þessi gæti einnig veitt aðgang að dýpri lögum efnis sem hafa hærra hlutfall málmgrýtis til úrgangs. Því getur einingin stofnað til tvenns konar ávinnings af hreinsunarstarfinu: nýtanlegt málmgrýti má nota til að auka við birgðir og bættur aðgangur verður að frekara magni af efni sem vinna má síðar.

5 Í þessari túlkun er skoðað hvenær og hvernig aðskilja skuli bókhald fyrir þennan tvenns konar ávinning sem hlýst af hreinsunarstarfinu, sem og hvernig meta skuli ávinning þennan, bæði upphaflega og síðar.

GILDISSVIÐ

6 Túlkun þessi gildir um kostnað við að fjarlægja úrgang sem stofnað var til á framleiðslustigi við námugröft í yfirborðsnámu („hreinsunarkostnaður við framleiðslu“).

ÁLITAEFNI

7 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) eignfærsla hreinsunarkostnaðar við framleiðslu,

b) upphaflegt mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi og

c) síðara mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

ALMENNT SAMKOMULAG

Eignfærsla hreinsunarkostnaðar við framleiðslu

8 Einingin skal gera grein fyrir kostnaði við þessa hreinsunarstarfsemi í samræmi við meginreglur IAS-staðals 2, birgðir, að því marki sem ávinningur af hreinsunarstarfinu er innleystur í formi framleiddra birgða. Einingin skal færa kostnað þennan sem fastafjármuni að því marki sem ávinningurinn er aukinn aðgangur að málmgrýti, að uppfylltri viðmiðuninni í 9. lið hér að neðan. Túlkun þessi vísar til fastafjármunanna sem „eign sem verður til við hreinsun“.

9 Eining skal færa eign sem verður til við hreinsun að, og einungis að, uppfylltu öllu af eftirfarandi:

a) líklegt sé talið að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni (bætt aðgengi að málmgrýtinu), sem rekja má til hreinsunarstarfseminnar, renni til einingarinnar,

b) einingin geti auðkennt efnisþætti málmgrýtisins þar sem aðgengi hefur verið bætt og

c) meta má kostnaðinn sem varðar hreinsunarstarfsemi sem tengist þeim efnisþætti með áreiðanlegum hætti.

10 Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemina skal færð sem viðbót eða aukning við fyrirliggjandi eign. Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemi verður því með öðrum orðum ekki hluti af fyrirliggjandi eign.

11 Flokkun eignarinnar sem verður til við hreinsunarstarfsemi sem efnislegrar eða óefnislegrar eignar er sú sama og fyrirliggjandi eignarinnar. Eðli fyrirliggjandi eignar mun því með öðrum orðum ákvarða hvort einingin skuli flokka eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi sem efnislega eða óefnislega.

Upphaflegt mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi

12 Einingin skal upphaflega meta eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi á kostnaðarverði sem er samantekt kostnaðar sem var stofnað til með beinum hætti við hreinsunarstarfsemina sem bætir aðgengi að auðkenndum efnisþáttum málmgrýtis, auk úthlutunar á óbeinum kostnaði sem er tilheyrandi með beinum hætti. Einstaka tilfallandi aðgerðir geta farið fram samtímis hreinsunarstarfsemi á framleiðslutíma, en eru ónauðsynlegar til að hreinsunarstarfsemi á framleiðslutímanum fari að áætlun. Kostnaðinn sem tengist þessum tilfallandi aðgerðum skal ekki telja með í kostnaði við eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

13 Einingin skal úthluta hreinsunarkostnaði við framleiðslu á milli framleiddra birgða og eignar sem verður til við hreinsunarstarfsemi, þegar kostnaður við eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi og framleiddar birgðir er ekki sanngreinanlegur með aðgreinanlegum hætti, með því að nota úthlutun sem byggð er á viðeigandi framleiðslumælingu. Framleiðslumæling þessi skal reiknuð út fyrir auðkennda efnisþætti málmgrýtisins og vera notuð sem viðmiðun til að auðkenna að hvaða marki viðbótarstarfsemi við að búa til framtíðarávinning hefur farið fram. Dæmi um slíkar mælingar eru:

a) kostnaður við framleiddar birgðir í samanburði við væntan kostnað,

b) magn unnins úrgangs samanborið við tilætlað magn fyrir gefið magn af málmgrýtisframleiðslu og

c) steinefnainnihald unnins málmgrýtis í samanburði við tilætlað steinefnainnihald sem unnið verður fyrir uppgefið magn af framleiddu málmgrýti.

Síðara mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi

14 Eignin sem verður til við hreinsunarstarf skal, að lokinni upphafsfærslu, bókfærð annaðhvort á kostnaðarverði eða endurmetinni fjárhæð að frádregnum afskriftum og virðisrýrnunartapi með sama hætti og fyrirliggjandi eignin sem hún er hluti af.

15 Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemi skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti yfir tilætlaðan nýtingartíma hins auðkennda efnisþáttar málmgrýtisins sem verður aðgengilegra í kjölfar hreinsunarstarfseminnar. Beita skal framleiðslueiningaraðferðinni nema önnur aðferð sé frekar viðeigandi.

16 Tilætlaður nýtingartími auðkennds efnisþáttar málmgrýtisins sem notað er til að afskrifa eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi verður annar en væntu nýtingartíminn sem notaður er til að afskrifa námuna sjálfa og eignir sem tengjast nýtingartíma hennar. Undantekning þessa eru þessar takmörkuðu aðstæður sem verða þegar hreinsunarstarfsemi veitir bætt aðgengi að öllu málmgrýtinu sem þar er enn að finna. Þetta gæti til dæmis gerst við lok nýtingartíma námunnar þegar auðkenndi efnisþátturinn stendur fyrir síðasta hluta málmgrýtisins sem á að vinna.

Viðbætir A

Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af túlkuninni og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

A1 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

A2 Eining skal beita þessari túlkun við hreinsunarkostnað framleiðslu sem stofnað var til við eða eftir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

A3 Við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett var fram skal endurflokka áður færðan eignajöfnuð, sem hlaust af hreinsunarstarfsemi er fór fram á framleiðslustiginu („áður færð eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi“) er hluti af fyrirliggjandi eign sem hreinsunarstarfsemin varðaði, að því marki að enn séu til staðar auðkennanlegir efnisþættir í málmgrýtinu sem hægt er að tengja áður færðri eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi. Afskrifa skal slíkan jöfnuð yfir þann tilætlaða, eftirstandandi nýtingartíma auðkennds efnisþáttar málmgrýtis sem tengist áður færðri eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

A4 Ef engir auðkennanlegir efnisþættir málmgrýtisins sem áður færð eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi tengist, skal færa hana sem óráðstafað, eigið fé í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

Viðbætir B

Breytingunum í þessum viðbæti skal beitt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil taka þessar breytingar gildi fyrir það fyrra tímabil.

Breytingar á IFRS-staðli 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

B1 Í viðbæti D er lið D1 breytt sem hér segir:

D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

a) eignarhlutartengd greiðslumiðlun (liðir D2 og D3),

…

m) fjáreign eða óefnislegar eignir færðar í samræmi við IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun* (liður D22),

n) fjármagnskostnaður (liður D23),

o) yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum (liður D24),

p) ógilding fjárskulda með eiginfjárgerningum (liður D25),

q) alvarleg óðaverðbólga (liðir D26–D30),

r) sameiginlegt fyrirkomulag (liður D31) og

s) hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu (liður D32).

B2 Á eftir lið D31 er fyrirsögn og lið D32 bætt við:

Kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu

D32 Notandi sem innleiðir staðla getur beitt bráðabirgðaákvæðum sem sett eru fram í liðum A1–A4 í IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*. Í þeim lið skal túlka vísanir í gildistökudag sem 1. janúar 2013 eða við upphaf fyrsta reikningsskilatímabils IFRS-staðla, eftir því hvort þeirra er síðar.

B3 Lið 39M er bætt við á eftir lið 39L:

39M IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*, bætti lið D32 við og breytti lið D1. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRIC-túlkun 20.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 143/2013 2013/EES/56/61

frá 19. febrúar 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar ákvörðun losunar koltvísýrings frá ökutækjum sem lögð eru fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([1]), einkum 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]), einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er mælt fyrir um sameiginlegar tæknikröfur fyrir gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og varahlutum að því er varðar losun og um reglur um samræmi ökutækja í notkun, endingu mengunarvarnarbúnaðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([3]) er mælt fyrir um stjórnsýslufyrirmæli fyrir skoðun á samræmi ökutækja að því er varðar losun koltvísýrings og settar eru fram kröfur varðandi mælingu á losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun slíkra ökutækja.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([4]) er mælt fyrir um skyldu til þess að koma á verklagsreglum til að fá dæmigerð losunargildi fyrir koltvísýring, eldsneytisnýtni og massa fullbúinna ökutækja í áföngum, en tryggja um leið að framleiðandi grunnökutækisins fái upplýsingar um massa fullbúins ökutækis í áföngum og sértæka losun þess á koltvísýringi tímanlega.

4) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 skal sértækri losun koltvísýrings frá fullbúnu ökutæki í áföngum úthlutað framleiðanda grunnökutækisins. Þegar settar eru verklagsreglur um vöktun, til að tryggja að gildi koltvísýringslosunarinnar, eldsneytisnýtni og massa fullbúinna ökutækja í áföngum séu dæmigerð, skal aðferðin fyrir ákvörðun massa og koltvísýringslosunar sett fram, ef við á, á grundvelli töflu yfir losunargildi koltvísýrings sem samsvara mismunandi, endanlegum tregðuþyngdarflokkum eða á grundvelli eins koltvísýringsgildis, sem leitt er af massa grunnökutækisins auk sjálfgefins, viðbætts massa samkvæmt flokki N_1.

5) Á grundvelli þeirra mismunandi aðferða sem vísað er til í 7. lið B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 510/2011 voru mismunandi valkostir teknir til skoðunar og metnir með tilliti til nákvæmni og hvort þeir væru dæmigerðir og hagkvæmir. Valkosturinn sem byggir á prófun grunnökutækisins með einu áætluðu massagildi, þar sem sá hluti sem samsvarar yfirbyggingunni er reiknaður út með margliðuformúlu sem er háð viðmiðunarmassa grunnökutækisins, veitir besta jafnvægið á milli nákvæmni að því er varðar ákvörðun á koltvísýringslosun fullbúins ökutækis í áföngum, kostnaðar og auðveldrar framkvæmdar.

6) Til að tryggja að hægt sé að vakta með fullnægjandi og skilvirkum hætti að framleiðendur ökutækja nái árangri í að draga úr losun koltvísýrings samkvæmt reglugerð (EB) nr. 510/2011 er nauðsynlegt að viðeigandi upplýsingar séu á samræmisvottorðinu.

7) Veita skal framleiðendum og landsyfirvöldum nægan tíma til að þau geti aðlagað verklagsreglur sínar að nýju reglunum.

8) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af beitingu málsmeðferðarinnar fyrir ákvörðun losunar koltvísýrings frá fullbúnum ökutækjum í áföngum og vöktun þessarar losunar þykir rétt að endurskoða verklagsreglurnar og meta hversu dæmigerð koltvísýringslosunin er sem og skilvirkni og nákvæmni vöktunarinnar á koltvísýringslosun, eigi síðar en fyrir lok 2016.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

9) Því ber að breyta tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta þörfina á að endurskoða aðferðina sem sett er fram í liðum 5.1 til 5.7 í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

Á grundvelli þess mats og eigi síðar en 31. desember 2016 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt viðeigandi tillögum, ef við á.

4. gr.

1. Samræmisvottorð grunnökutækja í flokki N_1 sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem gefin eru út í samræmi við tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 692/2008, fyrir breytingarnar sem innleiddar eru með þessari reglugerð gilda áfram á umbreytingartímabili sem stendur til 1. janúar 2014.

2. Samræmisvottorð fullbúinna ökutækja í áföngum í flokki N_1 sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem gefin eru út í samræmi við tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 692/2008, fyrir breytingarnar sem innleiddar eru með þessari reglugerð gilda áfram á umbreytingartímabili sem stendur til 1. janúar 2014.

3. Frá og með 1. janúar 2013 skulu landsyfirvöld líta svo á að samræmisvottorð ökutækja sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð séu í gildi.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2014, að undanskilinni 3. mgr. 4. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi liðir 2.17, 2.17.1 og 2.17.2 bætist við I. viðauka:

„2.17. Ökutæki lagt fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar (aðeins ef um er að ræða ófullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki N_1 sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007): já/nei ([1])

2.17.1. Massi grunnökutækis, tilbúins til aksturs: ..... kg.

2.17.2. Sjálfgefinn, viðbættur massi, reiknaður út í samræmi við 5. lið XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008: ..... kg.“

2) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) I. Hluta, fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum, er breytt sem hér segir:

i. í Fyrirmynd B – síða 1, fullbúin ökutæki í áföngum, EB-samræmisvottorð, bætist við eftirfarandi liður 0.2.2:

„0.2.2. Upplýsingar um gerðarviðurkenningu grunnökutækisins ([q]):

Gerð: .....

Afbrigði ([a]): .....

Útfærsla ([a]): .....

Gerðarviðurkenningarnúmer, ásamt númeri rýmkunar .....“

ii. í Fyrirmynd B – síða 1, fullbúin ökutæki í áföngum, EB-samræmisvottorð, bætist við eftirfarandi liður 0.5.1:

„0.5.1. Heiti og heimilisfang framleiðanda grunnökutækis ([q]) .....“

iii. á Síðu 2 - Ökutækjaflokkur N_1 (fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum) bætist við eftirfarandi 14. liður:

„14. Massi grunnökutækis, tilbúins til aksturs: ..... kg ([1])([q])“

b) í „Skýringar við IX. viðauka“ bætist við eftirfarandi skýring ([q]):

„([q]) Ef um er að ræða fullbúið ökutæki í áföngum í flokki N_1 sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi liðir 2.17, 2.17.1 og 2.17.2 bætist við 3. viðbæti I. viðauka:

„2.17. Ökutæki lagt fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar (aðeins ef um er að ræða ófullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki N_1 sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007): já/nei ([1])

2.17.1. Massi grunnökutækis, tilbúins til aksturs: ..... kg

2.17.2. Sjálfgefinn, viðbættur massi, reiknaður út í samræmi við 5. lið XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008: ..... kg“

2) eftirfarandi 5. liður bætist við XII. viðauka:

„5. ÁKVÖRÐUN LOSUNAR KOLTVÍSÝRINGS OG ELDSNEYTISNOTKUNAR ÖKUTÆKJA Í FLOKKI N_1 SEM LÖGÐ ERU FRAM TIL FJÖLÞREPA GERÐARVIÐURKENNINGAR

5.1. Til að ákvarða losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun ökutækis sem lagt er fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar, eins og skilgreint er í 7. mgr. 3. gr tilskipunar 2007/46/EB, skal prófa grunnökutækið, eins og skilgreint er í 18. mgr. 3. gr þeirrar tilskipunar, í samræmi við 2. og 3. lið þessa viðauka.

5.2. Viðmiðunarmassinn sem skal notaður við prófunina skal vera sá sem fenginn er með eftirfarandi formúlu:

$$RM = RM_{Base\_Vehicle} + DAM$$

Í þessari formúlu er:

RM = viðmiðunarmassi sem skal notaður við prófun í kg

$RM_{Base\_Vehicle}$ = viðmiðunarmassi grunnökutækisins, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, í kg

DAM = sjálfgefinn viðbættur massi, reiknaður út í samræmi við formúluna sem sett er fram í lið 5.3 og samsvarar áætlaðri þyngd yfirbyggingarinnar sem sett er á grunnökutækið, í kg.

5.3. Sjálfgefinn viðbættur massi skal reiknaður út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$DAM: a \times (TPMLM - RM_{Base\_Vehicle})$$

Í þessari formúlu er:

DAM = sjálfgefinn, viðbættur massi í kg

a = margföldunarstuðull, reiknaður út samkvæmt formúlunni sem sett er fram í lið 5.4

$TPMLM$ = tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu, sem framleiðandi grunnökutækisins gefur upp, í kg

$RM_{Base\_Vehicle}$ = viðmiðunarmassi grunnökutækisins, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, í kg.

5.4. Margföldunarstuðullinn skal reiknaður í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$a = 3{,}162 \cdot 10^{-7} RM_{Base\_vehicle}^{2} - 5{,}823396 \cdot 10^{-4} RM_{Base\_vehicle} + 0{,}4284491516$$

Í þessari formúlu er:

a = margföldunarstuðull

$RM_{Base\_Vehicle}$ = viðmiðunarmassi grunnökutækisins, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, í kg.

5.5. Framleiðandi grunnökutækisins er ábyrgur fyrir því að kröfunum, sem mælt er fyrir um í liðum 5.1 til 5.4, sé beitt á réttan hátt.

5.6. Framleiðandi fullbúins ökutækis í áföngum skal láta upplýsingar varðandi grunnökutækið fylgja með samræmisvottorðinu, í samræmi við IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

5.7. Ef um er að ræða ökutæki sem lögð eru fram til gerðarviðurkenningar einstakra ökutækja skal vottorðið fyrir einstaka viðurkenningu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) losun koltvísýrings, mæld með aðferðinni sem sett er fram í liðum 5.1 til 5.4,

b) massi fullbúins ökutækis, tilbúins til aksturs,

c) auðkenniskóði sem samsvarar gerð, afbrigði og útfærslu grunnökutækisins,

d) gerðarviðurkenningarnúmer grunnökutækisins, ásamt númeri rýmkunar,

e) heiti og heimilisfang framleiðanda grunnökutækis,

f) massi grunnökutækis, tilbúins til aksturs.

5.8. Málsmeðferðin sem sett er fram í liðum 5.1 til 5.7 gildir um grunnökutæki í flokki N_1, eins og skilgreint er í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007.“.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1235/2011 **2013/EES/56/62**

frá 29. nóvember 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 að því er varðar flokkun á veggripi hjólbarða á blautum vegi, mælingu á snúningsmótstöðu og sannprófunaraðferðina (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir ([1]), einkum a- og c-lið 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 er að koma á ramma um veitingu samræmdra upplýsinga um kennistærðir hjólbarða á merkimiðum, til að gera endanlegum notendum kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup á hjólbörðum.

2) Snúningsmótstaða hjólbarða ákvarðar þann flokk eldsneytisnýtni sem þeir tilheyra. Mælingar á snúningsmótstöðu verða að vera samanburðarnákvæmar; prófanir á sömu hjólbörðunum á mismunandi rannsóknarstofum verða að skila sömu niðurstöðum til að tryggja sanngjarnan samanburð á hjólbörðum frá mismunandi birgjum. Að auki kemur góð samanburðarnákvæmni prófunarniðurstaðna í veg fyrir að markaðseftirlitsyfirvöld fái aðrar niðurstöður en birgjar þegar sömu hjólbarðarnir eru prófaðir.

3) Málsmeðferð fyrir samræmingu prófunarstofa að því er varðar mælingu á snúningsmótstöðu myndi bæta samanburðarnákvæmni prófunarniðurstaðna.

4) Þar sem viðeigandi samræmdar prófunaraðferðir fyrir veggrip á blautum vegi hafa verið þróaðar á vettvangi Alþjóðlegu staðlasamtakanna ætti að innleiða nú, í samræmi við a-lið 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1222/2009, flokkun veggrips hjólbarða í flokki C2 og C3 á blautum vegi.

5) Bæta skal skýrleika sannprófunaraðferðarinnar sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1222/2009 með því að taka upp viðmiðunarmörk sem miða skal við, til að yfirlýstu gildin, sem notuð eru vegna krafna um merkingar, teljist vera í samræmi við þá reglugerð.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1222/2009 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1222/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1222/2009

Reglugerð (EB) nr. 1222/2009 er breytt sem hér segir:

1) A-hluti I. viðauka: Í „Flokkar eldsneytisnýtni“ komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar:

„Ákvarða skal flokk eldsneytisnýtni á grundvelli reiknistuðuls snúningsmótstöðu (*RRC*) samkvæmt kvarðanum „A“ til „G“ sem tilgreindur er hér á eftir og mældur í samræmi við 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni og samræmdur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka a.“,

2) í B-hluta I. viðauka: Í „Flokkar veggrips á blautum vegi“ komi eftirfarandi í stað textans og töflunnar:

„1. „Ákvarða skal flokk veggrips hjólbarða í flokki C1 á blautum vegi á grundvelli veggripsstuðuls á blautum vegi (*G*) samkvæmt kvarðanum „A“ til „G“ sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir, reiknaður skv. 3. lið og mældur í samræmi við V. viðauka.

2. „Ákvarða skal flokk veggrips hjólbarða í flokki C2 og C3 á blautum vegi á grundvelli veggripsstuðuls á blautum vegi (*G*) samkvæmt kvarðanum „A“ til „G“ sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir, reiknaður skv. 3. lið og mældur í samræmi við ISO-staðal 15222:2011, en þá skal nota eftirfarandi viðmiðunarhjólbarða (SRTT):

i. fyrir hjólbarða í flokki C2: SRTT 225/75 R 16 C, ASTM F 2872-11,

ii. fyrir hjólbarða í flokki C3 með nafnbreidd þversniðs minni en 285 mm: SRTT 245/70R19,5, ASTM F 2871-11,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 30.11.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46.

iii. fyrir hjólbarða í flokki C3 með nafnbreidd þversniðs meiri en eða jafnt og 285 mm: SRTT 315/70R22,5, ASTM F 2870-11.

3. Útreikningur veggripsstuðuls á blautum vegi *(G)*

$$G = G(T) - 0{,}03$$

þar sem: *G(T)* = veggripsstuðull umsagnarhjólbarðans á blautum vegi, mældur í einni prófunarlotu

Hjólbarðar í flokki C1		Hjólbarðar í flokki C2		Hjólbarðar í flokki C3	
G	Flokkur veggrips á blautum vegi	*G*	Flokkur veggrips á blautum vegi	*G*	Flokkur veggrips á blautum vegi
$1{,}55 \leq G$	A	$1{,}40 \leq G$	A	$1{,}25 \leq G$	A
$1{,}40 \leq G \leq 1{,}54$	B	$1{,}25 \leq G \leq 1{,}39$	B	$1{,}10 \leq G \leq 1{,}24$	B
$1{,}25 \leq G \leq 1{,}39$	C	$1{,}10 \leq G \leq 1{,}24$	C	$0{,}95 \leq G \leq 1{,}09$	C
Autt	D	Autt	D	$0{,}80 \leq G \leq 0{,}94$	D
$1{,}10 \leq G \leq 1{,}24$	E	$0{,}95 \leq G \leq 1{,}09$	E	$0{,}65 \leq G \leq 0{,}79$	E
$G \leq 1{,}09$	F	$G \leq 0{,}94$	F	$G \leq 0{,}64$	F
Autt	G	Autt	G	Autt	G“

3) IV. viðauki: Í stað sannprófunaraðferðarinnar komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð

Meta skal samræmi yfirlýstra flokka eldsneytisnýtni og veggrips á blautum vegi ásamt yfirlýstum flokki og yfirlýstu gildi ytri snúningshávaða fyrir hverja gerð hjólbarða eða hvern flokk hjólbarða eins og hann er ákvarðaður af birgi, samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

a) i. fyrst er stakur hjólbarði eða hjólbarðaumgangur prófaður. Ef mæligildið fullnægir yfirlýstum flokki eða yfirlýstu gildi ytri snúningshávaða innan vikmarkanna sem skilgreind eru í töflu 1 er prófinu náð og

ii. ef mæligildið fullnægir ekki yfirlýstum flokki eða yfirlýstu gildi ytri snúningshávaða innan vikmarkanna sem skilgreind eru í töflu 1 eru þrír hjólbarðar eða umgangar hjólbarða til viðbótar prófaðir. Meðalgildi mælinganna eftir prófanir á þremur hjólbörðum eða umgöngum hjólbarða er notað til að meta samræmi við þær upplýsingar sem gefnar hafa verið upp innan vikmarkanna sem skilgreind eru í töflu 1 eða

b) ef merktir flokkar eða gildi leiða af niðurstöðum úr gerðarviðurkenningarprófunum sem fengnar eru í samræmi við tilskipun 2001/43/EB, reglugerð (EB) nr. 661/2009 eða reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni, geta aðildarríki notað mæligögn úr prófunum á samræmi framleiðslu á hjólbörðum.

Mat á mæligögnum sem fengin eru úr prófunum á samræmi framleiðslu verður að taka tillit til frávikanna sem skilgreind eru í töflu 1.

Tafla 1

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
Reiknistuðull snúningsmótstöðu (eldsneytisnýting)	Samræmda mæligildið skal ekki vera hærra en efri mörk (hæsta *RRC*) yfirlýsta flokksins en sem nemur 0,3 kg/1000kg.
Ytri snúningshávaði	Mæligildið skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi *N* en sem nemur 1 dB(A).
Veggrip á blautum vegi	Mæligildið skal ekki vera lægra en lægri mörk yfirlýsta flokksins (lægsta gildi *G*).“

4) texti viðaukans við þessa reglugerð bætist við sem IV. viðauki a.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi gildir frá 30. maí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI a

Málsmeðferð fyrir samræmingu á mælingum rannsóknarstofa á snúningsmótstöðu

1. SKILGREININGAR

Að því er varðar málsmeðferð fyrir samræmingu rannsóknarstofa er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tilvísunarrannsóknarstofa“: rannsóknarstofa sem tilheyrir neti rannsóknarstofa, sem birt hefur verið tilvísun fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* vegna samræmingarmálsmeðferðarinnar, og sem getur náð þeirri nákvæmni í prófunarniðurstöðum sem tilgreind er í 3. lið,

2) „þátttökurannsóknarstofa“: rannsóknarstofa sem tekur þátt í samræmingarmálsmeðferðinni sem er ekki tilvísunarrannsóknarstofa,

3) „samræmingarhjólbarði“: hjólbarði sem er prófaður í þeim tilgangi að framkvæma samræmingarmálsmeðferðina,

4) „umgangur samræmingarhjólbarða“: umgangur með fimm eða fleiri samræmingarhjólbörðum,

5) „úthlutað gildi“: fræðilegt gildi samræmingarhjólbarða eins og það væri mælt í fræðilegri rannsóknarstofu sem er dæmigerð fyrir net tilvísunarrannsóknarstofa, sem eru notaðar fyrir samræmingarmálsmeðferðina.

2. ALMENN ÁKVÆÐI

2.1. **Meginregla**

Gildi reiknistuðuls snúningsmótstöðu (RRC_m) sem mælt er á tilvísunarrannsóknarstofu (*l*) skal samræmt úthlutuðu gildunum frá neti tilvísunarrannsóknarstofa.

Gildi RRC_m á þátttökurannsóknarstofu (*c*) skal samræmt af tilvísunarrannsóknarstofu í netinu sem það velur.

2.2. **Kröfur varðandi val á hjólbörðum**

Velja skal umgang með fimm eða fleiri samræmingarhjólbörðum fyrir samræmingarmálsmeðferðina í samræmi við viðmiðanirnar hér að neðan. Velja skal einn umgang fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 saman og einn umgang fyrir hjólbarða í flokki C3.

a) Velja skal umgang samræmingarhjólbarða þannig að þeir nái yfir allt svið mismunandi *RRC*-gilda fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 saman eða fyrir hjólbarða í flokki C3. Í öllum tilvikum skal mismunur hæsta gildis RRC_m fyrir hjólbarðaumganginn og lægsta gildis RRC_m fyrir umganginn vera a.m.k. jafnt og:

   i. 3 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 og

   ii. 2 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C3.

b) Gildi RRC_m hjá þátttöku- eða tilvísunarrannsóknarstofu (*c* eða *l*) sem byggjast á yfirlýstum RRC-gildum fyrir hvern samræmingarhjólbarða skulu vera jafndreifð samkvæmt eftirfarandi:

   i. 1,0 +/– 0,5 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 og

   ii. 1,0 +/– 0,5 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C3.

c) Breidd þversniðs valins samræmingarhjólbarða skal vera:

   i. $\leq$ 245 mm fyrir vélar sem mæla hjólbarða í flokki C1 og C2 og

   ii. $\leq$ 385 mm fyrir vélar sem mæla hjólbarða í flokki C3.

d) Ytra þvermál valins samræmingarhjólbarða skal vera:

   i. milli 510 – 800 mm fyrir vélar sem mæla hjólbarða í flokki C1 og C2 og

   ii. milli 771 – 1143 mm fyrir vélar sem mæla hjólbarða í flokki C3.

e) Hleðslutölugildi skulu með fullnægjandi hætti ná yfir svið þeirra hjólbarða sem á að prófa, til að tryggja að gildi snúningsmótstöðukrafts nái einnig yfir allt svið þeirra hjólbarða sem á að prófa.

Skoða skal hvern samræmingarhjólbarða fyrir notkun og skipta um ef:

a) ástand hans er þannig að hann er ónothæfur fyrir frekari prófanir og/eða

b) það eru frávik frá RRC_m sem eru yfir 1,5% miðað við fyrri mælingar eftir leiðréttingu fyrir hugsanlegt frávik vélar.

2.3. **Mæliaðferð**

Tilvísunarrannsóknarstofan skal mæla hvern samræmingarhjólbarða fjórum sinnum og geyma síðustu þrjár mælingarnar fyrir frekari greiningu í samræmi við 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar við hana og beita þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingum við hana.

Þátttökurannsóknarstofan skal mæla hvern samræmingarhjólbarða (n + 1) sinnum, en n er ákvarðað í 5. lið, og geyma síðustu n mælingarnar fyrir frekari greiningu í samræmi við 4. lið. 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar við hana og beita þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingum við hana.

Í hvert sinn sem samræmingarhjólbarði er mældur skal taka samsetningu hjóls og hjólbarða af vélinni og skal allt prófunarferlið, sem tilgreint er í 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingum við hana, endurtekið frá byrjun.

Þátttöku- eða tilvísunarrannsóknarstofan skal reikna:

a) mæligildi hvers samræmingarhjólbarða fyrir hverja mælingu, eins og tilgreint er í 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingum við hana (þ.e. leiðrétt fyrir hitastigið 25 °C og þvermál tromlu sem er 2 m),

b) meðalgildi þriggja (ef um er að ræða tilvísunarrannsóknarstofu) eða n (ef um er að ræða þátttöku-rannsóknarstofu) síðustu mæligilda fyrir hvern samræmingarhjólbarða og

c) staðalfrávik (σ_m) sem hér segir:

$$\sigma_m = \sqrt{\frac{1}{p} \cdot \sum_{i=1}^{p} \sigma_{m,i}^2}$$

$$\sigma_{m,i} = \sqrt{\frac{1}{n-2} \cdot \sum_{j=2}^{n} \left(Cr_{i,j} - \frac{1}{n-1} \cdot \sum_{j=2}^{n} Cr_{i,j} \right)^2}$$

þar sem:

i er teljari fyrir fjölda samræmingarhjólbarða, frá 1 og upp í p

j er teljari fyrir fjölda endurtekninga á hverri mælingu fyrir tiltekinn samræmingarhjólbarða, frá 2 og upp í n

n er fjöldi endurtekninga á mælingu hjólbarða ($n \geq 4$)

p er fjöldi samræmdra hjólbarða ($p \geq 5$)

2.4. **Gagnasnið sem skal nota fyrir útreikninga og niðurstöður**

– Mæld RRC-gildi sem leiðrétt eru miðað við þvermál tromlu og hitastig skulu námunduð í 2 aukastafi.

– Eftir það skulu allir útreikningar vera með öllum tölustöfum: ekki skal námunda frekar nema í endanlegu samræmingarjöfnunum.

– Öll gildi staðalfráviks skulu sýnd með 3 aukastöfum.

– Öll gildi RRC skulu sýnd með 2 aukastöfum.

– Allir samræmingarstuðlar ($A1_l$, $B1_l$, $A2_c$ og $B2_c$) skulu námundaðir og sýndir með 4 aukastöfum.

3. KRÖFUR SEM GILDA UM TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR OG ÁKVÖRÐUN ÚTHLUTAÐRA GILDA

Úthlutuð gildi hvers samræmingarhjólbarða skulu ákvörðuð af neti tilvísunarrannsóknarstofa. Að tveimur árum liðnum skal netið meta stöðugleika og gildi úthlutuðu gildanna.

Hver tilvísunarrannsóknarstofa sem tekur þátt í netinu skal uppfylla forskriftirnar í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni og vera með staðalfrávik (σ_m) sem hér segir:

i. ekki meira en 0,05 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 og

ii. ekki meira en 0,05 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C3.

Hver tilvísunarrannsóknarstofa í netinu skal mæla umganga samræmingarhjólbarða, sem samræmast forskriftinni í lið 2.2, í samræmi við lið 2.3.

Úthlutað gildi hvers samræmingarhjólbarða er meðaltal mæligildanna sem tilvísunarrannsóknarstofurnar í netinu hafa tilgreint fyrir þann samræmingarhjólbarða.

4. MÁLSMEÐFERÐ FYRIR SAMRÆMINGU TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFU VIÐ ÚTHLUTAÐA GILDIÐ

Hver tilvísunarrannsóknarstofa (*l*) skal samræma við úthlutuð gildi umgangs samræmingarhjólbarða með línulegri aðhvarfsgreiningu, $A1_l$ og $B1_l$, sem hér segir:

$$RRC = A1_l * RRC_{m,l} + B1_l$$

þar sem:

RRC er úthlutað gildi reiknistuðuls snúningsmótstöðu,

$RRC_{m,}$ er gildi reiknistuðuls snúningsmótstöðu mælt af tilvísunarrannsóknarstofu „*l*“ (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu).

5. KRÖFUR SEM GILDA UM ÞÁTTTÖKURANNSÓKNARSTOFUR

Þátttökurannsóknarstofur skulu endurtaka samræmingarmálsmeðferðina a.m.k. á tveggja ára fresti og alltaf eftir umtalsverðar breytingar á vélum eða frávik í vöktunargögnum samanburðarhjólbarða vélarinnar.

Ein þátttökurannsóknarstofa og ein tilvísunarrannsóknarstofa skulu mæla sameiginlegan umgang með fimm hjólbörðum, sem samræmast forskriftinni í lið 2.2, í samræmi við lið 2.3. Gera má prófun á fleiri en fimm samræmingarhjólbörðum ef þátttökurannsóknarstofan fer fram á það.

Þátttökurannsóknarstofan lætur valinni tilvísunarrannsóknarstofu í té umganginn með samræmingarhjólbörðunum.

Þátttökurannsóknarstofan (*c*) skal uppfylla forskriftirnar í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni og helst vera með staðalfrávik (σ_m) sem hér segir:

i. ekki meira en 0,075 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2 og

ii. ekki meira en 0,06 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C3.

Ef staðalfrávik (σ_m) þátttökurannsóknarstofunnar eru hærri en ofangreind gildi í þremur mælingum skal auka fjölda endurtekninga á mælingum sem hér segir:

$$n = (\sigma_m/\gamma)^2, \text{ námundað í næstu heilu tölu fyrir ofan}$$

þar sem:

γ = 0,043 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C1 og C2

γ = 0,035 kg/t fyrir hjólbarða í flokki C3

6. MÁLSMEÐFERÐ FYRIR SAMRÆMINGU ÞÁTTTÖKURANNSÓKNARSTOFU

Ein af tilvísunarrannsóknarstofunum (*l*) í netinu skal reikna línulegt aðhvarfsfall þátttökurannsóknarstofunnar (*c*), $A2_c$ og $B2_c$, sem hér segir:

$$RRC_{m,l} = A2_c \times RRC_{m,c} + B2_c$$

þar sem:

$RRC_{m,l}$ er gildi reiknistuðuls snúningsmótstöðu mælt af tilvísunarrannsóknarstofu (*l*) (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu)

$RRC_{m,c}$ er gildi reiknistuðuls snúningsmótstöðu mælt af þátttökurannsóknarstofu (*c*) (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu)

Samræmt *RRC*-gildi hjólbarða sem prófaðir eru í þátttökurannsóknarstofu er reiknað sem hér segir:

$$RRC = (A1_l \times A2_c) \times RRC_{m,c} + (A1_l \times B2_c + B1_l)“$$